Dómar Félagsdóms
1984-1992

Útgáfa 1.1 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af dómasafni Félagsdóms. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af prentaða dómasafni Félagsdóms án endurgjalds. Engin stjórnvöld standa að gerð skjals þessa umfram það að hafa útvegað höfundi skjalsins prenteintök af ritinu.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum https://urlausnir.is. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

Takmörkun ábyrgðar

Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

Höfundaréttur

Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta dómar ekki verndar höfundalaga.

Hvers kyns höfundarréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

Ábendingar

Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

Athugasemdir um þessa útgáfu

Alþýðusamband Íslands (ASÍ) útvegaði þetta prenteintak.
Skrifað inn á bls. 405, 554-557, og 559-561.
Gallar á bls. 179, 258, 263, 265, 283, 293, 297, 370, og 490.
Í útgáfu 1.1 var OCR endurunnið og textinn er beinni.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

DÓMAR FÉLAGSDÓMS

IX. BINDI
1984-1992

ÚTGEFANDI: FÉLAGSDÓMUR
REYKJAVÍK — 1994

DÓMAR FÉLAGSDÓMS

IX. BINDI
1984-1992

ÚTGEFANDI: FÉLAGSDÓMUR
REYKJAVÍK — 1994

FÉLAGSPRENTSMIÐJAN HF.

Mánudaginn 16. janúar 1984.

Nr. 3/1983. **Alþýðusamband Íslands f.h.**
Félags leiðsögumanna vegna
Friðriks Haraldssonar
(Arnmundur Backman hrl.)
gegn
Félagi íslenskra ferðaskrifstofa f.h.
Ferðaskrifstofu Guðmundar Jónassonar h/f
(Ingólfur Hjartarson hdl.).

Kjarasamningur. Ráðning ófélagsbundins leiðsögumanns. Sératkvæði.

Dómur Félagsdóms.

Mál þetta dæma Bjarni Kristinn Bjarnason, Björn Helgason, Gunnlaugur Briem, Árni Guðjónsson og Hafsteinn Baldvinsson.

Málið, sem tekið var til dóms 5. þ.m., er höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu birtri 20. september 1983.

Sóknaraðili málsins er Alþýðusamband Íslands f.h. Félags leiðsögumanna vegna Friðriks Haraldssonar, kennara og leiðsögumanns, Njálsgötu 11, Reykjavík.

Kröfur sóknaraðila eru nú þessar:

1. Að ráðning ófélagsbundins leiðsögumanns, Halldóru Jónsdóttur, Lyngheiði 2, Selfossi, til leiðsögustarfa í 12 daga tjaldferð hinn 23. ágúst 1982 til 3. september s.á. í stað Friðriks Haraldssonar, Álfhólsvegi 99, Kópavogi, sem er félagsbundinn í Félagi leiðsögumanna og telur sig hafa verið ráðinn í umrædda ferð, verði dæmd brot á forgangsréttarákvæði kjarasamnings sóknaraðila við varnaraðila, 3. gr.

2. Að varnaraðila verði gert að greiða Friðriki Haraldssyni kr. 13.911 eða aðra lægri fjárhæð með 42% ársvöxtum frá 4. september 1982 til dómsuppsögudags, en með dómvöxtum samkvæmt lögum nr. 56/1979 frá þeim degi til greiðsludags, í skaðabætur samkvæmt 65. gr. laga nr. 80/1938.

3. Að varnaraðila verði gert að greiða sekt samkvæmt 65. gr. laga nr. 80/1938.

4. Að varnaraðila verði gert að greiða málskostnað að skaðlausu að mati dómsins.

Varnaraðili er Félag íslenskra ferðaskrifstofa f.h. Ferðaskrifstofu Guðmundar Jónassonar h/f, Reykjavík.

Varnaraðili krefst sýknu af öllum kröfum sóknaraðila og að sóknaraðili verði dæmdur til að greiða honum málskostnað.

Í greinargerð var af hálfu stefnda krafist frávísunar, en frá þeirri kröfu var fallið undir rekstri málsins.

Sáttaumleitanir af hálfu dómsins hafa ekki borið árangur.

I.

Félag leiðsögumanna er hagsmunasamtök þeirra, sem stunda leiðsögu og fararstjórn ferðamanna innanlands eða utan. Friðrik Haraldsson hefur verið í stjórn félagsins frá því á árinu 1979.

Í 3. gr. kjarasamnings Félags leiðsögumanna og Félags íslenskra ferðaskrifstofa er svofellt ákvæði:

„Ferðaskrifstofurnar skuldabinda sig til að ráða einungis félaga í Félagi leiðsögumanna til starfa við leiðsögu, enda séu þeir tiltækir og fullnægi þeim kröfum, sem gerðar eru hverju sinni. Jafnframt lofar Félag leiðsögumanna að láta ferðaskrifstofurnar hafa forgangsrétt að vinnu félagsmanna."

Í 11. grein kjarasamnings segir svo:

„Ráðning leiðsögumanna skal staðfest skriflega eða með bréfi eða símskeyti, áður en ferð hefst, ef leiðsögumaður óskar þess."

Þrátt fyrir ofangreint ákvæði í 11. gr. virðist ráðning leiðsögumanna yfirleitt alltaf hafa verið gerð munnlega.

Friðrik Haraldsson hafði unnið sem leiðsögumaður hjá Ferðaskrifstofu Guðmundar Jónassonar h/f sumarlangt sumurin 1977-1981, og voru ráðningarsamningar hans allir munnlegir.

Óumdeilt er, að Friðrik var ráðinn leiðsögumaður í tvær 12 daga tjaldferðir hjá Ferðaskrifstofu Guðmundar Jónassonar h/f í júní og júlí 1982. Lagði hann upp í fyrri ferðina 18. júní og lauk þeirri ferð 29. sama mánaðar. Hin ferðin skyldi hefjast 2. júlí og standa til 13. sama mánaðar.

Á meðan Friðrik var í fyrri ferðinni, birtist í Morgunblaðinu 20.

júní auglýsing frá Flugleiðum með mynd af Friðriki Haraldssyni, þar sem auglýst var, að Friðrik yrði leiðsögumaður í rútuferð um Þýskaland dagana 7.-15. júlí. Fór Friðrik í Þýskalandsferðina. Eftir heimkomuna úr Þýskalandsferðinni var Friðrik á ferðalagi frá 20. júlí til 18. ágúst með frönskum kvikmyndahópi, sem var að gera hér kvikmynd víða um land. Áður en hann fór í þá ferð, kvaðst hann hafa farið á Ferðaskrifstofu Guðmundar Jónassonar h/f og rætt þar við Sæmund Gunnarsson, sem m.a. vann að ráðningu leiðsögumanna. Segir Friðrik, að þeir hafi bundið fastmælum, að hann færi í tjaldferð nr. 59 á vegum ferðaskrifstofunnar dagana 23. ágúst til 3. september. Hinn 20. ágúst mætti Friðrik svo á ferðaskrifstofuna til þess að fá nánari upplýsingar um ferðina. Var honum þar tjáð, að hann væri ekki ráðinn í þá ferð, heldur Halldóra Jónsdóttir, sem ekki var félagi í Félagi leiðsögumanna, en hún hafði verið leiðsögumaður í þrjár ferðir á vegum ferðaskrifstofunnar. Ferðir þessar stóðu yfir dagana 27. júní til 9. júlí, 11. til 23. júlí og 8. til 20. ágúst. Þess var þá óskað, að einhver annar félagsmaður í Félagi leiðsögumanna færi í ferðina 23. ágúst í stað Halldóru. Því var hafnað. Halldóra fór sem leiðsögumaður í ferðina. Þessu var andmælt af hálfu Félags leiðsögumanna, og var málið samkvæmt heimild í 20. gr. kjarasamnings aðila lagt fyrir fastanefnd heildarsamtakanna. Ekki reyndist unnt að ljúka málinu þar. Var mál þetta síðan höfðað fyrir Félagdómi.

II.

Af hálfu sóknaraðila er á það bent, að óumdeilt sé, að Halldóra Jónsdóttir hafi verið ráðin leiðsögumaður í ferð nr. 59, enda þótt Friðrik Haraldsson hafi áður verið ráðinn í ferðina. Þegar Friðriki hafði verið neitað um leiðsögustarf þetta, hafi annar félagsbundinn leiðsögumaður verið fram boðinn, en því boði verið hafnað. Brot Ferðaskrifstofu Guðmundar Jónassonar h/f á 3. gr. kjarasamningsins sé því augljóst, og beri því að taka 1. kröfulið sóknaraðila til greina.

Með framangreindu broti hafi ferðaskrifstofan valdið Friðriki Haraldssyni tjóni, sem hann sundurliði þannig:

1.	12 daga tjaldferð nr. 59: 9 dagar á 882,00	kr.	7.938,00
	3 dagar á 948,00	—	2.844,00
2.	Afþökkuð ferð Gullfoss-Geysir 22. ágúst 1982 á vegum Kynnisferða	—	736,00

3. Símakostnaður (reynt að ná símasambandi við Sæmund Gunnarsson erlendis)	—	1.500,00
	Kr.	13.018,00
4. 7,75% vegna sérsjóða Félags leiðsögumanna .	—	893,00
	Kr.	13.911.00

Aðalkrafa sóknaraðila samkvæmt 2. kröfulið er miðuð við ofangreinda fjárhæð, kr. 13.911,00, en varakrafan er, að dæmd verði lægri fjárhæð að mati dómsins.

Þriðji kröfuliður er rökstuddur með vísan til 2. tl. 1. mgr. 44. gr. laga nr. 80/1938 og 65. gr. sömu laga.

III.

Því er haldið fram af hálfu varnaraðila, að sú framkoma Friðriks Haraldssonar að rifta gerðu samkomulagi um, að hann yrði leiðsögumaður í ferðinni 2. til 13. júlí, hafi m.a. orðið þess valdandi að ráða hafi þurft Halldóru Jónsdóttur sem leiðsögumann, en Friðrik hafi hlaupist á brott úr starfi sínu á mesta annatíma ársins, en það sé einmitt júlímánuður. Við það bætist, að Friðrik hafi ráðið sig til Flugleiða h/f, sem ekki sé beinn aðili að Félagi íslenskra ferðaskrifstofa. Ferðaþjónusta Flugleiða sé að vísu aðili, en Friðrik hafi ekki farið á hennar vegum, heldur sjálfs fyrirtækisins Flugleiða h/f. Þá hafi Ráðningarstofa leiðsögumanna ekki getað útvegað leiðsögumenn í allar ferðir einmitt í byrjun júlímánaðar vegna mikilla anna. Þar við bætist, að þurft hafi að tryggja Halldóru frekari vinnu en þá fyrstu ferð, sem hún fór fyrir félagið þetta sumar. Þá sé enn á það að líta, að ferðaskrifstofan hafi á hverju einasta ári haft einn eða fleiri leiðsögumenn utan Félags leiðsögumanna, þegar félagar í Félagi leiðsögumanna hafi ekki verið tiltækir. Hafi ferðaskrifstofan greitt öll tilskilin gjöld af starfsmönnum þessum til Félags leiðsögumanna og aldrei fengið neinar kvartanir þar að lútandi frá félaginu. Þá sé viðurkennt af Ragnhildi Pálsdóttur, sem starfaði á Ráðningarstofu leiðsögumanna, að aðilar hafi ekki tekið strangt á 3. gr. kjarasamningsins. Sjálfur hafi Friðrik einnig brotið gegn 3. gr. kjarasamningsins með því að ráða sig til hins franska kvikmyndahóps í ferð um landið á tímabilinu 20. júlí til 18. ágúst, en Félag leiðsögumanna hafi skuldbundið sig til að láta ferðaskrifstofur innan Félags íslenskra ferðaskrifstofa hafa forgangsrétt að vinnu félagsmanna, en hinn franski kvikmynda-

hópur hafi að sjálfsögðu verið utan samtakanna. Samkvæmt öllum málavöxtum hafi því verið heimilt að ráða Halldóru í upphafi og synja Friðriki um starfið, þegar hann kom á ferðaskrifstofuna 20. ágúst. Beri því að sýkna varnaraðila af öllum kröfum sóknaraðila.

IV.

Friðrik Haraldsson, Ragnhildur Pálsdóttir, Signý Guðmundsdóttir og Sæmundur Gunnarsson hafa gefið skýrslur hér fyrir dómi.

Sumarið 1982 rak Félag leiðsögumanna ráðningarstofu.

Ragnhildur Pálsdóttir, sem vann þar frá 1. júlí, hefur m.a. skýrt svo frá, að í fyrstu eða annarri viku júlímánaðar hafi gengið mjög illa að ráða leiðsögumenn til starfa. Hafi það gengið svo langt, að ein ferðaskrifstofa hér í borg hafi þurft að auglýsa í útvarpi eftir leiðsögumanni, þegar ráðningarstofan hafði fullreynt að útvega leiðsögumenn samkvæmt félagaskrá. Að öðru leyti hafi gengið allvel að útvega félagsbundna leiðsögumenn. Aðspurð um, hve stór hópur leiðsögumanna ráði sig yfir sumartímann í vinnu hjá aðilum utan Félags íslenskra leiðsögumanna, kvað hún leiðsögumenn Félags leiðsögumanna telja sig hafa óformlegt leyfi til að ráða sig í ferðir félagasamtaka, t.d. samtaka starfsmannafélaga og í ferðir aldraðra á vegum Reykjavíkurborgar. Að öðru leyti sé henni ekki kunnugt um, að Félag leiðsögumanna vinni fyrir aðra en ferðaskrifstofur.

V.

Af gögnum málsins er ljóst, að Ferðaskrifstofa Guðmundar Jónassonar h/f átti völ á leiðsögumönnum innan Félags leiðsögumanna til að fara í ferð nr. 59. Verður eigi fallist á það með varnaraðila, að þær varnarástæður, sem hann ber fyrir sig varðandi þá ráðningu, komi honum að haldi. Ber því að fallast á með sóknaraðila, samanber 1. kröfulið, að það hafi verið brot á 3. gr. kjarasamnings aðila, þegar ferðaskrifstofan réð Halldóru Jónsdóttur leiðsögumann í margnefnda tjaldferð nr. 59 dagana 23. ágúst til 3. september 1982.

Svo sem málflutningi og sönnunarreglum er háttað, verður að líta svo á, að Flugleiðir h/f og hinn franski kvikmyndahópur, sem Friðrik Haraldsson vann fyrir á tímabilinu frá 7. júlí til 18. ágúst 1982, hafi ekki verið aðilar að Félagi íslenskra ferðaskrifstofa. Friðrik Haraldsson hefur ekki sannað gegn andmælum varnaraðila, að hann hafi gert nokkurn fyrirvara varðandi ráðningu sína í ferð-

ina, sem hann átti að fara í 2. júlí. Rauf Friðrik því ekki aðeins ráðningarsamning sinn við Ferðaskrifstofu Guðmundar Jónassonar h/f, heldur mátti honum sem stjórnarmanni í Félagi íslenskra leiðsögumanna vera ljóst, að hann var einnig að takast á hendur störf, sem brutu í bága við 3. gr. kjarasamnings aðila, og það einmitt á mesta annatíma ársins. Sóknaraðili hefur ekki heldur sannað gegn andmælum varnaraðila, að Friðrik hafi verið ráðinn í ferð nr. 59. Að svo vöxnu máli þykja ekki efni til að dæma Friðriki bætur, svo sem krafist hefur verið í 2. kröfulið.

Eins og atvikum er háttað, er ekki ástæða til að dæma varnaraðila til greiðslu sektar samkvæmt 65. gr. laga nr. 80/1938.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Ráðning Halldóru Jónsdóttur sem leiðsögumanns í tjaldferð nr. 59 dagana 23. ágúst til 3. september 1982 var brot af hálfu Ferðaskrifstofu Guðmundar Jónassonar h/f á 3. gr. kjarasamnings Félags leiðsögumanna og Félags íslenskra ferðaskrifstofa.

Kröfur sóknaraðila samkvæmt 2. og 3. kröfulið eru ekki teknar til greina.

Málskostnaður fellur niður.

Sératkvæði
Björns Helgasonar og Árna Guðjónssonar.

Við undirritaðir erum samþykkir dómi meiri hluta dómenda svo og dómsorði að öðru leyti en V. kafla, sem við teljum, að eigi að hljóða svo:

Af gögnum málsins er ljóst, að Ferðaskrifstofa Guðmundar Jónassonar h/f átti völ á leiðsögumönnum innan Félags leiðsögumanna til að fara í ferð nr. 59. Verður eigi fallist á það með varnaraðila, samanber 1. kröfulið, að það hafi verið brot á 3. gr. kjararáðningu, komi honum að haldi. Ber því að fallast á með sóknaraðila samanber 1. kröfulið, að það hafi verið brot á 3. gr. kjarasamnings aðila, þegar ferðaskrifstofan réð Halldóru Jónsdóttur sem leiðsögumann í margnefnda tjaldferð nr. 59 dagana 23. ágúst til 3. september 1982.

Sóknaraðili hefur ekki sannað gegn andmælum varnaraðila, að Friðrik hafi verið ráðinn í ferð nr. 59. Að svo vöxnu máli þykja ekki efni til að dæma Friðriki bætur, svo sem krafist hefur verið í 2. kröfulið.

Ekki er, eins og á stendur, efni til að dæma varnaraðila til greiðslu sektar samkvæmt 65. gr. laga nr. 80/1938.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Föstudaginn 6. apríl 1984.

Nr. 2/1984. **Fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs**
(Guðrún Margrét Árnadóttir hdl.)
gegn
Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja
f.h. Kennarasambands Íslands
(Gestur Jónsson hrl.).

Frávísunarkröfu hafnað.

Úrskurður Félagsdóms.

Mál þetta dæma Bjarni Kristinn Bjarnason, Björn Helgason, Gunnlaugur Briem, Ragnar Halldór Hall og Sigurfinnur Sigurðsson.

Málið er höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu birtri 29. febrúar 1984 af fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs gegn Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja f.h. Kennarasambands Íslands, og eru stefnukröfur þær, „að viðurkennt verði með dómi, að kennurum í grunnskólum sé skylt að sinna gæslustörfum í kaffihléum sínum skv. löglegum fyrirmælum yfirmanna sinna og í samræmi við ákvæði 31. gr. laga nr. 38/1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Þá er krafist málskostnaðar úr hendi stefnda að mati réttarins."

Í greinargerð, sem er dagsett 19. mars 1984, hefur stefndi gert eftirfarandi dómkröfur: *Aðallega,* að málinu verði vísað frá Félagsdómi. *Til vara,* að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda.

Krafist er málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati dómsins í báðum tilvikum.

Munnlegur málflutningur fór fram um hina framkomnu frávísunarkröfu 28. f.m., og var málið því næst tekið til dóms eða úrskurðar.

Í þessum þætti málsins gerir stefndi þær kröfur, að málinu verði vísað frá Félagsdómi og að stefnandi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað.

Stefnandi krefst þess í þessum þætti málsins *aðallega,* að hinni framkomnu frávísunarkröfu verði hrundið og að stefnanda verði úrskurðaður málskostnaður úr hendi stefnda, en *til vara,* að málskostnaður verði felldur niður.

I.

Tildrög málsins kveður stefnandi vera þau, að kennarar í Vesturbæjarskóla hafi sammælst á fundi 6. september 1983 um að sinna ekki gæslu nemenda í kaffihléum sínum. Hafi kennarar borið við samningsbundnum rétti til kaffitíma. Málið hafi verið sent fræðsluráði Reykjavíkur, sem hafi vísað því til menntamálaráðuneytisins 21. september 1983. Niðurstaða ráðuneytisins hafi hinn 7. október 1983 verið sú, að störf þessi væru hluti af vinnuskyldu kennara, sbr. 1. mgr. 31. gr. laga nr. 38/1954 um skyldu starfsmanna til að vinna yfirvinnu, sem yfirboðarar telja nauðsynlega. Enn fremur hafi ráðuneytið vísað til 8. gr. erindisbréfs fyrir kennara í grunnskóla og gr. 6.7. í sérkjarasamningi Kennarasambands Íslands og fjármálaráðherra 3. september 1982.

Kennarar Vesturbæjarskóla tilkynntu í bréfi dagsettu 21. október 1983, að þeir hefðu áður tekið skýrt fram, „að við munum ekki taka að okkur gæslu í kaffitímum okkar". Vísuðu kennarar til aðalkjarasamnings fjármálaráðherra og BSRB, sem gilt hefur frá 1. ágúst 1982, og töldu, að þeir gætu hafnað gæslu í kaffitímum með stoð í greinum 3.1.3. og 3.1.6. aðalkjarasamningsins, en þar segir, að heimilt sé að lengja, stytta eða fella niður kaffitíma „með samkomulagi fyrirsvarsmanna stofnunar og einfalds meirihluta þeirra starfsmanna, sem málið varðar".

Málið var tekið fyrir á fundi samstarfsnefndar Kennarasambands Íslands og fjármálaráðuneytisins hinn 21. október 1983, og hinn 24. sama mánaðar ritaði fjármálaráðuneytið Kennarasambandinu bréf, en þar stendur m.a. svo:

„Kjarasamningar, bæði aðalkjarasamningur B.S.R.B. og sérkjarasamningur Kennarasambands Íslands, gera ráð fyrir, að störf sem unnin eru í kaffitíma, séu greidd með yfirvinnukaupi. Ekki er að finna í þessum samningum nein þau ákvæði, er séu því til hindrunar, að unnið sé í kaffitíma. Þvert á móti eru samningsákvæðin allrúm, að því er varðar heimildir til breytinga eða niðurfellinga á kaffitímum svo og til greiðslu á yfirvinnu sé kaffitíminn unninn.

Ótvírætt er, að samningsákvæði fá ekki breytt lögum. Ótvíræð er skylda starfsmanna til að vinna yfirvinnu, sbr. 31. grein laganna um réttindi og skyldur, en þar segir svo: „Skylt er starfsmönnum að vinna yfirvinnu, sem yfirboðarar telja nauðsynlega.“ Enn fremur skal bent á 28. grein og 29. grein sömu laga, þar sem fjallað er um skyldur starfsmanns til að rækja starf sitt með alúð og samviskusemi í hvívetna og að hlýða löglegum fyrirskipunum yfirmanna um starf sitt.“

Í stefnunni kveður stefnandi lagarök fyrir kröfum sínum vera þau, að skv. 31. gr., sbr. 1. mgr. 29. grein laga nr. 38/1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, sé starfsmanni skylt að vinna yfirvinnu, sem yfirboðarar telja nauðsynlega, og hlýða löglegum fyrirskipunum yfirmanna um starf sitt.

Fyrir liggi, að kennarar í Vesturbæjarskóla hafi fengið fyrirmæli um að sinna gæslustörfum í kaffihléum. Engin ákvæði kjarasamninga leysi starfsmenn undan þeim skyldum, sem á þá séu lagðar í lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 38/1954.

Skv. 8. gr. erindisbréfs fyrir kennara í grunnskóla nr. 198/1976 beri kennara að hafa umsjón og eftirlit í frímínútum eftir þörfum skólans, enda sé stundaskrá þannig samin, að kennarar fái eðlileg stundahlé og kaffitíma.

Kjarasamningur milli Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og sérkjarasamningur Kennarasambands Íslands geri ráð fyrir, að störf unnin í kaffitíma starfsmanns greiðist með yfirvinnukaupi. Engin ákvæði þeirra samninga veiti starfsmönnum rétt til að neita að vinna í kaffitíma, enda ótvírætt, að samningsákvæði, jafnvel þótt til væru, fái ekki breytt lögum.

Ákvæði kjarasamninga um kaffitíma séu allrúm, að því er varðar heimildir til að lengja, stytta eða fella niður matar- og kaffitíma á vinnustöðum með samkomulagi fyrirsvarsmanna stofnunar og

einfalds meirihluta starfsmanna þeirra, er málið varðar. Þá ráðgeri kjarasamningar, að vinna unnin í matar- og kaffitímum greiðist sem yfirvinna.

Af öllu framangreindu telur stefnandi ljóst, að fjarstætt sé, að kjarasamningar eða lög veiti kennurum rétt til að neita að sinna gæslustörfum í kaffihléum sínum. Stefnandi telji því öll rök til, að dómurinn staðfesti skilning hans á lögum nr. 38/1954 og kjarasamningum við stefndu að þessu leyti og taki stefnukröfur hans til greina.

II.

Stefndi styður sýknukröfu sína þeim rökum, að Félagsdómur sé sérdómstóll. Af því leiði, að í lögum séu tæmandi talin þau álitaefni, sem lögð verði undir dómsvald hans. Beri að skýra þær heimildir þröngt skv. almennum reglum um lögskýringar.

Heimild sína til þess að leggja þetta mál fyrir Félagsdóm telji stefnandi sig sækja í 34. gr. laga nr. 29/1976 um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Greinin hljóði svo: „Félagsdómur dæmir í málum sem rísa á milli samningsaðila um gildi verkfalls, ágreining um skilning á kjarasamningi, félagsréttindi ríkisstarfsmanna, kjörskrárdeilur og hverjir falli undir ákvæði 29. gr. l. nr. 38/1954." Önnur ágreiningsatriði samningsaðila verði ljóslega ekki borin undir úrskurð Félagsdóms.

Í máli þessu telji stefnandi stefnda brjóta gegn 31. gr. laganna um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, sbr. 1. mgr. 29. gr. sömu laga.

Ágreiningur um skilning eða túlkun á þessum lögum eigi undir almennu dómstólana, en ekki Félagsdóm, nema hvað sérstaklega sé heimilað, að Félagsdómur ákvarði, hverjir komi undir 29. gr. laganna. Ljóst sé, að óþarfi væri að nefna í 34. gr. laga 29/1976 heimild Félagsdóms til þess að dæma um tiltekin atriði í 29. grein laga nr. 38/1954, ef ágreiningur um lögin í heild sinni ætti undir Félagsdóm.

34. gr. laga nr. 29/1976 sé mun þrengri en 44. gr. laga um stéttarfélög og vinnudeilur nr. 80/1938. Þar sé m.a. heimilað að leggja fyrir Félagsdóm ágreining, er varðar brot á vinnusamningi þeirra aðila, er lögin taka til. Samsvarandi heimild sé ekki að finna í lögum nr. 29/1976. Bent skuli á, að breyting hafi orðið á lögum um kjarasamninga BSRB að þessu leyti árið 1976. Komi fram í greinargerð-

inni með lögunum, að ekki verði önnur mál samningsaðila lögð fyrir Félagsdóm en talin eru í 34. gr. laganna. Í þessu sambandi sé rétt að benda á, að 25. gr. laga 55/1962 og laga 46/1973 hafi verið með öðru orðalagi en 34. gr. núgildandi laga. Til stuðnings framangreindum sjónarmiðum vísar stefndi til frávísunardóms Félagsdóms frá 15. maí 1979, en sá dómur hafi síðar hlotið staðfestingu Hæstaréttar.

Stefndi leggur áherslu á, að ekki sé ágreiningur um, hvað standi í kjarasamningnum. Ágreiningurinn sé fyrst og fremst um það, hvort yfirmenn hafi boðunarvald yfir kennurum, sem byggist á 31. gr. laga nr. 38/1954.

III.

Stefnandi vísar því algerlega á bug, að sakarefni málsins sé utan dómsvalds Félagsdóms.

Kjarni málsins sé ólíkur skilningur aðila á ákvæðum aðalkjarasamnings BSRB og fjármálaráðherra á dómskjali nr. 21, sérkjarasamningi Kennarasambands Íslands og fjármálaráðherra um grunnskóla á dómskjali nr. 22 og samkomulagi um vinnutíma og kennsluskyldu grunnskólakennara á dómskjali nr. 23.

Deilt sé um, hvort kennarar eigi rétt á kaffitímum samkvæmt kjarasamningum eða hvort þeim sé skylt að vinna þá sem yfirvinnu samkvæmt 31. gr. laga nr. 38/1954 innan þeirra marka, sem yfirvinnuskylda hvílir á starfsmönnum ríkisins.

Í 31. gr. sé ákvæði þess efnis, að öllum ríkisstarfsmönnum sé skylt að vinna yfirvinnu, sem nemi allt að þriðjungi af vikulegri vinnuskyldu. Í greininni sé ekkert afmarkað, hve margar klukkustundir á viku vinnuskylda sé né hvað teljist yfirvinna. Hvort tveggja hafi verið atriði, sem ákveðin séu í kjarasamningum, frá því að ríkisstarfsmenn fengu samningsrétt um kaup og kjör með lögum nr. 55/1962.

Í 3. grein aðalkjarasamnings sé fjallað um matar- og kaffitíma.

Í gr. 3.1.5. sé sérákvæði um kaffitíma kennara, sem skuli vera 20 mínútur árdegis alla daga vikunnar og 15 mínútur síðdegis í þeim skólum, sem starfa a.m.k. þrjár heilar kennslustundir eftir kl. 13.00.

Í gr. 3.1.6. segi, að kaffitíma megi lengja, stytta eða fella niður með sama hætti og matartíma „með samkomulagi fyrirsvarsmanna

stofnunar og einfalds meirihluta þeirra, sem málið varðar", sbr. gr. 3.1.2.

Um kennara sé beint ákvæði í sérkjarasamningi, gr. 6.7, en þar segi, að „í skólum þar sem nauðsyn er á gæslu nemenda í frímínútum eða kaffihléum skal greiða gæslutímann með yfirvinnukaupi. Þau kennsluhlé, sem framangreint nær til og fjöldi kennara, sem við störf þessi er hverju sinni, skulu háð samþykki fræðslustjóra".

Um ofangreint ákvæði kjarasamninga aðila sé deilt og skilning á því, hvernig þau tengist yfirvinnuskyldu samkvæmt 31. gr. starfsmannalaganna.

Enginn vafi sé á, að hér sé um að ræða ágreining um skilning á kjarasamningi, slíkum sem dómsvald Félagsdóms taki til samkvæmt 34. gr. laga nr. 29/1976, þó að nauðsynlegt sé að taka afstöðu til 31. gr. þeirra laga í því sambandi.

Stefnukrafan sé sett fram og mótuð með það í huga, að ágreiningsefnið sé ekki lengur einskorðað við að vera milli kennara Vesturbæjarskóla og stefnanda, heldur er upp kominn almennur ágreiningur milli Kennarasambandsins og fjármálaráðuneytisins um rétt grunnskólakennara til að neita að sinna gæslustörfum og taka kaffihlé með stoð í ákvæðum kjarasamnings.

Stefnandi vitnar máli sínu til stuðnings til dóms Félagsdóms 15. mars 1967 í máli fjármálaráðherra gegn BSRB f.h. Póstmannafélags Íslands. Þar sé ótvírætt fordæmi fyrir því, að Félagsdómur hafi vald til að dæma í þeim ágreiningsmálum, sem lúta að skilningi á kjarasamningum aðila og hversu ákvæði 31. gr. laga 38/1954 horfa við gagnvart ákvæðum þeirra.

Ef sú röksemd stefnda, að dómsvald Félagsdóms nái ekki til þeirra ágreiningsmála um skilning á kjarasamningum, þar sem nauðsynlegt væri að túlka ákvæði laga í samhengi við túlkun kjarasamnings, væri dómsvald Félagsdóms, að því er tekur til úrlausnar um skilning á efni kjarasamninga, þrengt langt umfram það, sem eðlilegt megi teljast og gilt hafi, sbr. áðurnefndan dóm Félagsdóms. Beri því að hrinda hinni framkomnu frávísunarkröfu.

IV.

Álit dómsins.

Svo sem að framan greinir, er dómkrafa stefnanda í máli þessu sú, að viðurkennt verði með dómi, að kennurum í grunnskólum sé

skylt að sinna gæslustörfum í kaffihléum sínum skv. löglegum fyrirmælum yfirmanna sinna og í samræmi við ákvæði 31. gr. laga nr. 38/1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Á gildandi kjarasamning er ekki minnst í kröfunni. Í greinargerð segir stefnandi hins vegar, að um það sé deilt í máli þessu, hvort kennarar í grunnskólum eigi rétt til á grundvelli ákvæða kjarasamninga að neita að sinna gæslustörfum, og hið sama kom fram í málflutningi hans. Vísaði hann til ákvæða aðalkjarasamnings fjármálaráðherra og BSRB, sérkjarasamnings Kennarasambands Íslands og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, samkomulags um kennsluskyldu grunnskólakennara og 31. gr. laga nr. 38/1954 í þessu sambandi.

Þrátt fyrir annmarka í kröfugerð stefnanda verður að líta svo á, að ætlun stefnanda hafi verið samkvæmt framansögðu, að Félagsdómur skæri úr um framangreint deiluefni á grundvelli kjarasamninga, enda var málið þannig reifað við hinn munnlega flutning um frávísunarkröfuna. Slíkt ágreiningsefni fellur undir úrskurðarvald Félagsdóms, sbr. 34. gr. laga nr. 29/1976.

Að svo vöxnu máli þykir ekki vera næg ástæða til að taka frávísunarkröfu stefnda til greina.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður í þessum þætti málsins.

Úrskurðarorð:

Hin framkomna frávísunarkrafa er ekki tekin til greina.
Málskostnaður fellur niður.

Dómur Hæstaréttar 10. maí 1984.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Guðmundur Jónsson, Halldór Þorbjörnsson og Sigurgeir Jónsson.

Sóknaraðili hefur samkvæmt heimild í 1. tl. 67. gr. laga nr. 80/1938 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru, er afhent var forseta Félagsdóms 13. apríl sl., en barst Hæstarétti 18. s.m. Krefst hann þess, að málinu verði vísað frá Félagsdómi og að sér verði dæmdur kærumálskostnaður og málskostnaður fyrir Félagsdómi.

Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur. Þá krefst hann kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðila.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Þriðjudaginn 24. apríl 1984.

Nr. 1/1984. **Alþýðusamband Íslands f.h.**
Félags framreiðslumanna og vegna
Arnar Ólafssonar
(Atli Gíslason hdl.)
gegn
Vinnuveitendasambandi Íslands f.h.
Sambands veitinga- og gistihúsa vegna
Veitingahússins Álfabakka 8 h/f
(Kristján Þorbergsson cand.jur.).

Kjarasamningur. Forgangsréttur. Sératkvæði.

Dómur Félagsdóms.

Mál þetta dæma Bjarni Kristinn Bjarnason, Björn Helgason, Gunnlaugur Briem, Árni Guðjónsson og Gunnar Guðmundsson.

Málið, sem var tekið til dóms 9. þ.m., er höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu birtri 26. janúar 1984 af Alþýðusambandi Íslands f.h. Félags framreiðslumanna og vegna Arnar Ólafssonar framreiðslumanns, Safamýri 36, Reykjavík, gegn Vinnuveitendasambandi Íslands f.h. Sambands veitinga- og gistihúsa vegna Veitingahússins Álfabakka 8 h/f, Reykjavík, nafnnúmer 9162-8783.

Dómkröfur stefnanda eru nú þessar:

„1. Að viðurkennt verði með dómi, að í grein 5.1. í gildandi kjarasamningi milli Félags framreiðslumanna og Vinnuveitendasambands Íslands v/Sambands veitinga- og gistihúsa felist, að skylt sé, að einn framleiðslumaður að minnsta kosti, fullgildur félagi í Félagi framreiðslumanna, starfi í sérhverjum bar í veitingahúsinu „Broadway", sem hið stefnda félag, Veitingahúsið Álfabakka 8 h/f, rekur.

2. Að dæmt verði, að hið stefnda veitingahús hafi með synjun sinni um að ráða Örn Ólafsson framreiðslumann til starfa í nóvember sl. brotið ákvæði greinar 5.1. í gildandi kjarasamningi milli Félags framreiðslumanna og Vinnuveitendasambands Íslands v/Sambands veitinga- og gistihúsa.

3. Að dæmt verði, að hið stefnda veitingahús hafi, með því að hafa ófaglært starfsfólk við framreiðslustörf án leyfis, brotið ákvæði 2. mgr. gr. 5.1. í kjarasamningi milli Félags framreiðslumanna og Vinnuveitendasambands Íslands v/Sambands veitinga- og gistihúsa.

4. Að stefndi verði dæmdur til að greiða málskostnað samkvæmt gjaldskrá L.M.F.Í."

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans að skaðlausu.

I.

Í stefnu er málavöxtum svo lýst, að Veitingahúsið Álfabakka 8 h/f hafi í árslok 1981 opnað veitingastaðinn „Broadway" að Álfabakka 8 í Reykjavík. Við opnun hafi verið ráðnir 7 framreiðslumenn til starfa á staðnum, auk þess sem aðaleigandi staðarins sé faglærður framreiðslumaður. Hafi þessir framreiðslumenn séð um framreiðslustörf í húsinu, þar á meðal starfrækslu á átta afgreiðslustöðvum (börum), sem eru í „Broadway". Frá því að veitingastaðurinn var opnaður, hafi faglærðum framreiðslumönnum staðarins smám saman fækkað og ófaglært starfsfólk ráðið í stað þeirra. Sé nú svo komið, að aðeins tveir faglærðir framreiðslumenn vinni á veitingastaðnum. Sjái þeir um tvær afgreiðslustöðvar, en við aðrar afgreiðslustöðvar sjái ófaglært fólk um alla framreiðslu án tilskilinna leyfa frá Félagi framreiðslumanna. Hafi eigendur veitingahússins neitað að ráða faglærða framreiðslumenn, m.a. Pétur Sturluson, Kristján Runólfsson og síðast Örn Ólafsson, sem allir hafi óskað

eftir framreiðslustörfum í húsinu. Örn Ólafsson hafi sótt um starf með símskeyti, dagsettu 3. nóvember 1983. Starfsumsókn hans hafi verið hafnað með símskeyti, dagsettu 29. nóvember 1983, en þar segi m.a., að þjónustulið hússins sé fullskipað og eigi þörf á starfsfólki til viðbótar. Þegar starfsumsókn Arnar var hafnað, hafi aðeins tveir faglærðir framreiðslumenn unnið í húsinu og öll framreiðslustörf í sex af átta afgreiðslustöðvum verið unnin af ófaglærðu starfsfólki. Síðari tilmælum um að ráða fullgilda félaga Félags framreiðslumanna til starfa hafi veitingahúsið svarað með því að auglýsa eftir framreiðslumönnum á aldrinum 20 til 30 ára og þannig útilokað Örn Ólafsson, sem er fæddur 1942, frá vinnu þessari. Þrátt fyrir auglýsinguna hafi nýir framreiðslumenn ekki verið ráðnir til starfa.

Í 5. kafla kjarasamnings Sambands veitinga- og gistihúsa og Félags framreiðslumanna er fjallað um forgangsrétt til vinnu. Þau ákvæði kaflans, sem einkum koma til álita í málinu eru þessi:

„5.1. Veitingamönnum er óheimilt að hafa aðra við framreiðslustörf en þá, sem eru fullgildir meðlimir í félagi framreiðslumanna. Sé ekki unnt að fá nægilegan fjölda iðnlærðra framreiðslumanna til starfa, skulu veitingamenn hafa sótt um og fengið leyfi Félags framreiðslumanna til þess að ráða ófaglært fólk til starfa.

Umsókn samkvæmt 2. mgr. skal stjórn Félags framreiðslumanna hafa afgreitt innan 3ja sólarhringa, frá því að hún barst, ella telst hún samþykkt.

Hins vegar skuldbinda framreiðslumenn sig til að vinna ekki að framreiðslustörfum í landi hjá öðrum en þeim, sem eru fullgildir meðlimir Sambands veitinga- og gistihúsa.

Fyrsta flokks veitingahús skulu hafa í þjónustu sinni yfirframreiðslumann í sal og skal hann hafa meistararéttindi í iðninni.

Tala framreiðslumanna á hverjum veitingastað skal ákveðin af veitingamanni í samráði við yfirframreiðslumann í sal.

5.2. Framreiðslumenn skulu fá samþykki veitingamanns fyrir fjölda aðstoðarfólks og vinnutíma þess. Komi fram ákveðnar óskir frá veitingamanni varðandi aðstoðarfólkið, skal framreiðslumaður taka tillit til þess.“

II.

Stefnandi byggir kröfur sínar í málinu í höfuðatriðum á því, að félagar í Félagi framreiðslumanna njóti samningsbundins forgangsréttar til framreiðslustarfa samkvæmt 5. kafla kjarasamnings Sambands veitinga- og gistihúsa og Félags framreiðslumanna. Veitingahúsið Álfabakka 8 h/f hafi brotið gegn þessum ákvæðum með því að láta ófaglært starfsfólk sinna framreiðslustörfum án leyfis Félags framreiðslumanna og með því að synja faglærðum atvinnulausum framreiðslumönnum um starf. Ennfremur sé stefnanda nauðsynlegt að fá úr því skorið, hvernig beri að skilja ákvæði 1. mgr. greinar 5.1. kjarasamningsins með hliðsjón af 5. mgr. sömu greinar.

Máli sínu til stuðnings vitnar stefnandi m.a. til dóma Félagsdóms 1940, 52, 1952, 193, 1965, 193 og 1975, 255.

Stefnandi leggur áherslu á, að „Broadway" sé veitingahús, sem hafi fjölbreyttar veitingar á boðstólum. Það sé einmitt verksvið framreiðslumanna að þjóna gestum til borðs. Til þess hafi þeir sérmenntað sig með þriggja ára iðnnámi, þar af námi í 4 mánuði á ári í Hótel- og veitingaskólanum. Það hafi alls ekki verið tilgangur 5. mgr. greinar 5.1. í kjarasamningnum að svipta menn faglegum starfsréttindum. Í námsskrá séu ekki skýr ákvæði um iðnnám framreiðslumanna, og reglugerð geri ekki heldur glögga grein fyrir því. Verði því að skoða framkomnar upplýsingar í málinu um þetta atriði. Þá verði við úrlausn málsins að gera sér grein fyrir, hvernig framkvæmd fari saman við ákvæði kjarasamningsins. Ljóst sé af 1. mgr. greinar 5.2., að framreiðslumenn skuli fá samþykki veitingamanns fyrir fjölda aðstoðarfólks og vinnutíma þess. Við opnun veitingahússins hafi stefndi ráðið sem næst einn faglærðan framreiðslumann í hverja vínstúku. Hver faglærður framreiðslumaður hafi haft sér til aðstoðar aðstoðarfólk. Ljóst sé, að hver framreiðslumaður hafi tekið í þóknun 15% af seldri þjónustu, bæði af þeim veitingum, sem hann afgreiddi, og einnig af þeim veitingum, sem aðstoðarfólkið bar fram. Framreiðslumenn hafi síðan greitt aðstoðarfólki sínu tímakaup, en fengið í sinn hlut mismuninn. Þetta fyrirkomulag sé að vísu þannig, að nærri liggi, að framreiðslumenn séu atvinnurekendur innan veitingahússins. Þetta sé þó einmitt þannig í framkvæmd víðast hvar og hafi lengi viðgengist, enda geri kjarasamningurinn beinlínis ráð fyrir þessu og framreiðslumenn beri ábyrgð á störfum aðstoðarfólksins. Aðaleigandi hússins hafi hins

vegar séð ofsjónum yfir þeim hagnaði, sem framreiðslumenn höfðu af því að fá bæði 15% af þeim veitingum, sem þeir afgreiddu, og einnig hluta af 15% þjónustugjaldinu, sem inn kom vegna aðstoðarfólksins. Við fækkun framreiðslumanna í veitingahúsinu hafi stefndi sjálfur tekið til sín æ meiri hluta af 15% þjónustugjaldi, sem inn kom vegna aðstoðarfólks, sem þá afgreiddi mestan hluta af veitingum í húsinu. Í reynd hafi stefndi viðurkennt, að um brot á kjarasamningi væri að ræða, því að hann hafi nú ráðið sérmenntaða framreiðslumenn í nær allar afgreiðslustöðvarnar í húsinu. Samkvæmt framansögðu beri að taka 1. kröfulið stefnanda til greina. Fallist dómurinn ekki á það, muni það leiða til þess, að iðngreinin leggist niður og veitingaskólinn einnig, en það hafi aldrei verið ætlunin.

Varðandi 2. kröfulið beri að hafa í huga, að Örn Ólafsson hafi verið vel fær til að sinna öllum framreiðslsustörfum í veitingahúsinu, enda sé hann reyndur fagmaður. Ósannað sé, að hann hafi verið beðinn um að útfylla sérstakt umsóknareyðublað. Hið rétta sé, að stefndi hafi af einhverjum ástæðum ekki viljað ráða Örn í starf, enda þótt stefnda væri skylt samkvæmt grein 5.1. í kjarasamningnum að láta félagsmenn Félags framreiðslumanna ganga fyrir um vinnu.

Með því að stefndi hafi ekki sannað, að hann hafi fengið leyfi fyrir ófaglært starfsfólk, beri að taka 3. kröfulið til greina.

III.

Kröfu sína um sýknu styður stefndi þeim rökum fyrst og fremst, að skyldumönnun á framreiðslumönnum í umræddu veitingahúsi felist ekki í kjarasamningi aðilanna. Þvert á móti sé afdráttarlaust ákvæði í 5. mgr. greinar 5.1., að ákvörðunarvald um fjölda faglærðra þjóna á hverjum veitingastað sé falið veitingamanni í samráði við yfirframreiðslumann í sal. Fram hjá þessu fortakslausa ákvæði verði ekki gengið. Ákvörðun um fjölda þjóna í veitingahúsinu hafi og ávallt verið tekin í fullu samráði og með samþykki yfirþjónsins, Harðar Sigurjónssonar. Auk veitingamanns, sem sé faglærður, og yfirþjóns starfi við húsið tveir iðnlærðir þjónar og tveir nemar séu þar á iðnnámssamningi í framreiðslugreininni. Þá beri að hafa í huga, að ákvæði 5. mgr. sé komið inn í kjarasamninga vegna kröfu Sambands veitinga- og gistihúsa, þar sem þjónar hafi viljað ráða þessu sjálfir. Hafi veitingamenn því sett hnefann

í borðið og krafist margnefnds ákvæðis, sem og hafi fengist í gegn.

Skilningur stefnda á 1. mgr. greinar 5.1., sem hljóðar: „Veitingamönnum er óheimilt að hafa aðra við framreiðslustörf en þá, sem eru fullgildir meðlimir í Félagi framreiðslumanna.“, sé sá, að með því hafi félögum Félags framreiðslumanna verið heitið forgangsrétti til þeirra starfa á veitingahúsum, er teldust handiðnaðarstörf, sbr. þá skiptingu, sem gerð sé samkvæmt iðnaðarlögum nr. 42/1978 á iðnaði, í verksmiðjuiðnað og handiðnað, sbr. þá skiptingu, sem eldri lög gerðu á milli iðju og iðnaðar, með öðrum orðum, að forgangsrétturinn takmarkist við þau störf ein, er tilheyri framreiðsluiðngreininni, sem sé löggilt iðngrein, sbr. 8. gr. laga nr. 42/1978 og 6. gr. reglugerðar um iðnfræðslu nr. 558/1981. Ekkert liggi fyrir um það, að starfsmenn, sem stefnandi vilji ryðja út af veitingastaðnum „Broadway“, séu að vinna handiðnaðarstörf, sem tilheyri framreiðsluiðngreininni. Afgreiðsla á einföldum vínblöndum frá vínstúku, s.s. íslensku brennivíni í vatni eða rússnesku vodka í coca cola, séu ekki handiðnaðarstörf, heldur einföld afgreiðslustörf, sem krefjist ekki framreiðsluiðnskólagöngu. Samkvæmt áratugavenju hafi ófaglært fólk unnið jöfnum höndum við afgreiðslu á vínföngum og mat á veitingahúsum á Íslandi. Félag ófaglærða fólksins hafi um áratugaskeið haft kjarasamning um framreiðslu- og afgreiðslustörf. Í Hótel- og veitingaskólanum sé engin verkleg kennsla í afgreiðslu og vínblöndun. Afgreiðslufólkinu og nemendum séu kennd þau vinnubrögð á veitingahúsunum, og hafi komið fram, að það séu einföld störf.

Lögreglustjórar á hverjum stað annist eftirlit með framkvæmd iðnaðarlaga. Jafnframt gefi þeir út almenn veitingaleyfi samkvæmt lögum nr. 58/1963 um veitingarekstur og gististaðahald. Aldrei hafi veitingaleyfi verið bundið því skilyrði, að iðnlærður þjónn gengi um beina eða sjái um afgreiðslu á vínföngum. Lögreglustjórar gefi einnig út vínveitingaleyfi við sérstök tækifæri. Um áratugaskeið hafi slíkt leyfi aldrei verið bundið því skilyrði, að iðnlærður þjónn gangi um beina eða sjái um afgreiðslu á vínföngum.

Dómsmálaráðuneytið gefi út vínveitingaleyfi til veitingahúsa. Ráðuneyti þetta, sem sé æðsti framkvæmdavaldshafi lögregluvalds, hafi í áratugi gefið út vínveitingaleyfi án nokkurrar kröfu um, að iðnlærður þjónn sæi um afgreiðslu á vínföngum.

Þá er því haldið fram, að umsókn Arnar Ólafssonar hafi verið gerð með óvenjulegum hætti, þar sem hún hafi borist í símskeyti. Hins vegar hafi Örn þverneitað að gefa forráðamönnum „Broadway" persónulegar upplýsingar um sig, þegar yfirþjónninn óskaði þess, að Örn útfyllti sérhannað umsóknareyðublað um starf, en það þurfi allir nýir starfsmenn að gera. Hafi þegar af þessari ástæðu verið heimilt að synja Erni um starfið. Auk þess hafi ekki verið um neins konar skyldumönnun að ræða í veitingahúsinu og vinnuveitandi eigi frjálst val um, hvaða starfsmenn úr tilteknum félagsskap hann ráði til starfa. Eftir auglýsingu, sem í stefnu greinir, hafi verið ráðinn framreiðsluiðnaðarmaður til starfa í húsinu.

IV.

Um kröfulið 1.

Því hefur verið lýst yfir af hálfu stefnda hér fyrir dómi, að ákvæði 5. mgr. greinar 5.1. í kjarasamningi milli Félags framreiðslumanna og Vinnuveitendasambands Íslands vegna Sambands veitinga- og gistihúsa hafi á sínum tíma verið tekið inn í samninga að kröfu veitingamanna, til þess að veitingamenn gætu tryggt það, að nægur fjöldi iðnlærðra framreiðslumanna væri að þeirra mati á hverjum veitingastað. Þegar þetta ákvæði var samþykkt, hafi ekki komið til álita sú staða, sem upp kom á veitingahúsinu „Broadway" og fjallað er um í máli þessu. Í ljósi þessa verður að skýra forgangsréttarákvæði 1. mgr. nefndrar greinar kjarasamningsins.

Með vísan til 5. mgr. greinar 5.1. verður stefndi hins vegar eigi með dómi í þessu máli skyldaður til þess að hafa einn eða fleiri framreiðslumenn, sem eru fullgildir félagar í Félagi framreiðslumanna, starfandi í sérhverjum bar í veitingahúsinu „Broadway".

Krafa stefnanda samkvæmt þessum kröfulið verður því ekki tekin til greina.

Um kröfulið 3.

Þegar stefndi hóf rekstur veitingahússins „Broadway" í nóvember 1981, réð hann sjö framreiðslumenn, sem voru fullgildir félagar í Félagi framreiðslumanna, til starfa í húsinu. Framreiðslumönnum fækkaði síðan smám saman í starfi hjá stefnda. Var svo komið, þegar mál þetta var höfðað, að aðeins tveir fullgildir félagar í Félagi framreiðslumanna störfuðu í veitingahúsinu auk veitingamannsins, Ólafs Laufdals og tveggja nema í iðngreininni. Hefur Ólafur Laufdal tilgreint ástæður fyrir fækkun framreiðslumannanna.

Sýnt þykir, að með þessari fækkun framreiðslumannanna án samráðs við Félag framreiðslumanna hafi verið um að ræða brot á forgangsrétti félaga í Félagi framreiðslumanna samkvæmt 1. mgr. greinar 5.1. kjarasamningsins, og standa ákvæði 5. mgr. nefndrar greinar eigi í vegi fyrir þeirri túlkun.

Krafa stefnanda samkvæmt þessum kröfulið verður því tekin til greina á þann veg, að fallist er á, að hið stefnda veitingahús hafi brotið ákvæði 1. mgr. gr. 5.1. í kjarasamningi aðilanna að því marki, sem ófaglært starfsfólk í veitingahúsinu gekk inn í forgangsstörf félagsmanna í Félagi framreiðslumanna, svo sem greint hefur verið frá hér að framan.

Eins og málið er lagt fyrir dóminn, sbr. 2. mgr. 44. gr. laga nr. 80/1938, verður hins vegar ekki um það dæmt, hvaða afgreiðslustörf í veitingahúsum falli undir iðn framreiðslumanna.

Um kröfulið 2.

Þrátt fyrir það, sem rakið hefur verið hér að framan varðandi kröfulið nr. 3, verður eigi talið, að stefndi hafi með synjun sinni að ráða Örn Ólafsson framreiðslumann til starfa brotið ákvæði greinar 5.1. í kjarasamningnum. Verður að líta svo á, að það hafi verið réttur veitingamanns að ákveða, hvaða mann hann kaus að velja til starfa úr hópi Félags framreiðslumanna, en upplýst er, að undir rekstri málsins hefur veitingamaðurinn ráðið fimm framreiðslumenn til viðbótar þeim tveimur, sem fyrir voru, þegar mál þetta var höfðað. Ber því að sýkna stefnda af þessum kröfulið.

Eftir atvikum þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda 5.000,00 krónur upp í málskostnað.

Dómsorð:

Stefndi, Vinnuveitendasamband Íslands f.h. Sambands veitinga- og gistihúsa vegna Veitingahússins Álfabakka 8 h/f, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Alþýðusambands Íslands f.h. Félags framreiðslumanna og vegna Arnar Ólafssonar, að því er varðar kröfuliði 1 og 2.

Krafa stefnanda samkvæmt 3. kröfulið er tekin til greina, svo sem lýst hefur verið hér að framan.

Stefndi greiði stefnanda 5.000,00 krónur í málskostnað innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði
Gunnars Guðmundssonar.

Ég er samþykkur niðurstöðu meiri hluta dómsins um kröfuliði nr. 1 og 2.

Um kröfulið nr. 3.

Telja verður með hliðsjón af orðalagi gr. 5.1. í samningi Félags framreiðslumanna og Vinnuveitendasambands Íslands vegna Sambands veitinga- og gistihúsaeigenda, að téður forgangsréttur nái aðeins til þeirrar vinnu, sem falli undir iðn framreiðslumanna. Túlka verður orðið „framreiðslustörf" í 1. mgr. 5.1. gr. með þetta í huga.

Þar af leiðir skv. sama samningsákvæði, að sé ekki unnt að fá nægilegan fjölda iðnlærðra framreiðslumanna til slíkra framreiðslustarfa, beri veitingamanni að hafa sótt um og fengið leyfi Félags framreiðslumanna til þess að ráða ófaglært fólk til áðurnefndra starfa.

Til þess að hægt sé að dæma um, hvort um brot á téðu ákvæði sé að ræða, verður að liggja fyrir í málinu, hvaða störf falli undir iðn framreiðslumanna.

Ágreiningur er milli aðila, hvaða störf sé hér um að ræða, og hefur Félag starfsfólks í veitingahúsum jafnframt samið við veitingamenn í kjarasamningum um forgangsrétt til afgreiðslustarfa í vínbuffeti og veitingasölum.

Ennfremur hefur komið fram í málinu, að engri námsskrá eða opinberri lýsingu sé til að dreifa um störf og menntun iðnlærðra framreiðslumanna.

Af þessum sökum og eins og kröfugerð stefnanda er háttað, þykir þessi kröfuliður hins vegar, sbr. 2. mgr. 44. gr. laga 80/1938, ekki lagður fyrir dóminn með þeim hætti, að um hann verði dæmt.

Krafa stefnanda í þessum kröfulið verður því ekki tekin til greina.

Eftir atvikum þykir rétt, að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu.

Dómsorð:

Stefndi, Vinnuveitendasamband Íslands f.h. Sambands veitinga- og gistihúsa vegna Veitingahússins Álfabakka 8 h/f, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Alþýðusambands Íslands f.h. Félags framreiðslumanna og vegna Arnar Ólafssonar, að því er varðar kröfuliði nr. 1 og 2.

Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 28. maí 1984.

Nr. 4/1984. **Alþýðusamband Íslands f.h.**
Sjómannasambands Íslands vegna
Vélstjórafélags Suðurnesja
(Viðar Már Matthíasson hdl.)
gegn
Hitaveitu Suðurnesja
(Benedikt Blöndal hrl.).

Kjarasamningur. „Orlofskostnaður".

Dómur Félagsdóms.

Mál þetta dæma Bjarni Kristinn Bjarnason, Björn Helgason, Gunnlaugur Briem, Árni Guðjónsson og Gunnar Guðmundsson.

Málið, sem tekið var til dóms 14. þ.m., er höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu birtri 10. apríl 1984.

Stefnandi málsins er Alþýðusamband Íslands f.h. Sjómannasambands Íslands vegna Vélstjórafélags Suðurnesja, nnr. 9175-5890, Hafnargötu 37 A, Keflavík.

Stefndi er Hitaveita Suðurnesja, nnr. 4151-2393, Vesturgötu 10 A, Keflavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að viðurkennt verði með dómi réttarins, að félagar í Vélstjórafélagi Suðurnesja, sem starfa hjá stefnda, eigi rétt til greiðslu samkvæmt 4. gr. í samningi Landsvirkjunar og Vélstjórafélags Íslands frá 15. júní 1982, sem gilti frá 1. júní 1982 til 30. apríl 1983. Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda samkvæmt mati dómsins.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hans hendi að mati dómsins.

I.

Hinn 24. maí 1982 ritaði Vélstjórafélag Suðurnesja stefnda bréf, þar sem bent var á, að gildandi kjarasamningur aðila rynni út 30. júní 1982. Jafnframt var óskað yfirlýsingar stefnda um það, hvort fallist yrði á, „að kaupliðir og gildistími samningsins verði þeir sömu og um kann að semjast í samningaumleitunum Landsvirkjunar og viðsemjenda þeirra vegna vélstjóra þar". Stefndi svaraði bréfi þessu 28. maí 1982. Þar segir m.a.: „Samþykkt að verða við þessu, hvað varðar kaupliði og gildistíma."

Vélstjórafélag Suðurnesja ritaði stefnda 26. október 1982 bréf, þar sem segir svo:

„Nýr kjarasamningur var undirritaður þann 6. okt. 1982 milli Landsvirkjunar annars vegar og Vélstjórafélags Íslands hins vegar, ..., með breytingu kaupliða sem hér segir:

a) Öll laun hækki um 4% frá 1. júlí 1982.
b) Byrjunarlaun hækki um 12% 1. okt. 1982 eftir fimm ára starf hjá H.S.
c) Öll laun hækki um 2,1% 1. jan. 1983.
d) Byrjunarlaun hækki um 14% 1. marz 1983 eftir sjö ára starf hjá H.S.

Óskar félagið því, að eftirfarandi kaupskrá taki gildi fyrir vélfræðinga/vélstjóra í þjónustu Hitaveitu Suðurnesja frá sama tíma og um ræðir í samningi Landsvirkjunar, samanber bréf yðar frá 28. maí 1982.

Verður kaupskráin því frá og með 1. okt. 1982 eftirfarandi:

Grunnlaun:

Byrjunarlaun	Kr.	11.884,76
Eftir eins árs starf	—	12.479,99
Eftir þriggja ára starf	—	12.954,39
Eftir fimm ára starf	—	13.310,93
Eftir sjö ára starf	—	13.548,63“

Í svarbréfi stefnda, dagsettu 1. nóvember 1982, segir, að stjórn Hitaveitunnar „samþykkir kröfu yðar, hvað varðar kaupliði og gildistíma“.

Vélstjórafélag Suðurnesja ritaði stefnda enn bréf, dagsett 10. nóvember 1982. Þar segir:

„Með bréfi f.h. Vélstjórafélags Suðurnesja, dags. 26. okt. 1982, vísaði ég til kjarasamnings Landsvirkjunar (LV) annars vegar og Vélstjórafélags Íslands (VSFÍ) hins vegar, sem fól í sér launahækkanir fyrir vélfræðinga/vélstjóra hjá LV, sem þér með bréfi, dags. 1. nóv. sl., samþykktuð, að kæmi til hækkunar á launum vélfræðinga/vélstjóra í þjónustu yðar.

Nú hefur komið í ljós við nánari eftirgrennslan, að þann 1. júní sl. hafði kjarasamningur við LV vegna áðurnefndra aðila tekið breytingum, sem fólu í sér hækkun á launum dagvinnuvélstjóra um 1,7% og vaktavinnuvélstjóra um 1,3%. Þessi hækkun kemur ekki til hækkunar á grunnlaunum. Þessi hækkun er umfram það, sem

kom fram í bréfi mínu, dags. 26. okt. sl., undir liðunum a - b - c og d.

Þá hafði einnig samist um milli LV og VSFÍ grein um aukagreiðslu vegna orlofskostnaðar, sem hljóðar svo:

„Við orlofstöku ár hvert skal hver vélfræðingur, sem þá er í starfi og unnið hefur síðasta orlofsár hjá LV (HS), fá greitt 44% af grunnlaunum mánaðarkaups til að standa straum af hluta orlofskostnaðar. Þeir, sem skemur hafa unnið, skulu fá hlutfallslega greiðslu."

Ég hef hugsað mér, að gildistími ofanritaðra atriða væri 1. nóv. 1982 til 31. ágúst 1983.

Þá vil ég minna á ákvæði í síðasta samningi milli Hitaveitu Suðurnesja og Vélstjórafélags Suðurnesja, sem fram kemur í b-lið 15. kafla þessa samnings.

Með bréfi mínu frá 26. okt. sl. tel ég ekki fullnægt því, sem fólst í bréfi félagsins frá 24. maí 1982, sem þér svöruðuð með bréfi dags. 28. maí s.m., þar sem á laun vantar þá hækkun, sem varð á launum starfsmanna LV 1. júní sl.

Með ósk um velvilja stjórnar Hitaveitu Suðurnesja í þessu máli."

Í svarbréfi stefnda dagsettu 29. nóvember 1982 er tekið fram:

„Stjórn H.S. hefur rætt bréf yðar frá 10. nóv. 1982.

a) Stjórnin ályktar, að krafa yðar um 1,7% hækkun á launum dagvinnuvélstjóra og 1,3% hækkun á launum vaktavinnuvélstjóra hafi verið samþykkt af stjórn 29. okt. 1982, sbr. bréf til yðar 1. nóv. 1982.

b) Kröfu yðar um greiðslu á hluta orlofskostnaðar er hafnað."

Aðilar málsins hafa ekki getað samið um hérgreint ágreiningsefni. Hefur stefnandi því höfðað mál þetta.

II.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að stefndi hafi fallist á með bréfum sínum frá 28. maí 1982 og 1. nóvember 1982, að tiltekinn kjarasamningur skyldi gilda um vinnuréttarsamband hans og starfandi vélfræðinga í þjónustu hans, að því er kaupliði varðar og gildistíma. Hinn tiltekni kjarasamningur milli Landsvirkjunar og Vélstjórafélags Íslands liggi frammi í málinu sem dómskjal nr. 15, dagsettur 15. júní 1982, og 4. gr. hans fjalli einmitt um hið umdeilda ákvæði, en orðrétt hljóði hún svo:

„Við orlofstöku ár hvert skal hver vélfræðingur, sem þá er í starfi og unnið hefur síðasta orlofsár hjá Landsvirkjun, fá greiddar kr.

4.235,00 miðað við laun 1. maí 1982 til að standa straum af hluta orlofskostnaðar. Upphæð þessi fylgir launabreytingum. Þeir, sem skemur hafa unnið, skulu fá hlutfallslega greiðslu. Í ár skal greiðslan þó nema 10/14 hlutum af þessari upphæð."

Stefnandi líti svo á, að í ofangreindu ákvæði sé fjallað um atriði, sem óhjákvæmilega teljist til „kaupliða". Stefndi hafi því fallist á með hinu almennt orðaða samþykki sínu, sem tók til „kaupliða", að greiða einnig fjárhæð til að standa straum af orlofskostnaði. Ef stefndi ætti að hafa rétt til að synja um greiðslu samkvæmt þessu umþrætta ákvæði, hefði honum borið að undanskilja ákvæðið sérstaklega. Það hafi hann ekki gert. Beri því að taka kröfurnar til greina.

Kröfum stefnanda sé beint að stefnda á grundvelli 1. mgr. 45. gr. in fine laga nr. 80/1938. Til stuðnings kröfunum sé vísað til m.a. 6. og 7. gr. laga nr. 80/1938 og 1. gr. laga nr. 55/1980 svo og til almennra reglna um samninga og túlkun þeirra.

Því er haldið fram, að það hafi verið á árinu 1976, sem hafist var handa um að reisa orkuver Hitaveitu Suðurnesja í Svartsengi. Á árinu 1978 hafi Vélstjórafélag Suðurnesja óskað eftir viðræðum um gerð kjarasamnings vegna vélstjóra, er störfuðu hjá Hitaveitu Suðurnesja, og hafi fyrsti kjarasamningur milli aðilja verið undirritaður þann 9. ágúst 1979. Við þá samningsgerð hafi þágildandi kjarasamningur milli Landsvirkjunar og Vélstjórafélags Íslands verið mjög hafður til hliðsjónar og hafi starfskjör vélstjóra hjá Landsvirkjun og hjá stefnda verið mjög hliðstæð, t.d. séu laun í dag þau sömu og kaupliðir einnig að öðru leyti en því, að stefndi synji um greiðslu á umræddum orlofskostnaði. Nú séu sex félagsmenn stefnanda í starfi hjá stefnda. Stefnandi fullyrði, að ætlun aðila með bréfaskiptum sínum hafi verið, að vélstjórar hjá stefnda fengju sömu kjarabætur og um kynni að semjast milli Landsvirkjunar og viðsemjenda þeirra vegna vélstjóra þar.

Af hálfu stefnanda er vitnað í b-lið 15. kafla kjarasamnings aðilanna frá 12. júní 1981, en þar stendur: „Launaliður á gildistíma samningsins skal taka sömu launabreytingum og kunna að verða á hliðstæðum samningum." Þetta ákvæði sýni, að það hafi alltaf verið ætlunin, að vélstjórar hjá stefnda hefðu sömu kjör og vélstjórar hjá Landsvirkjun.

Þá er á það bent, að í 6. kafla síðast greinds kjarasamnings, sem

fjalli um lágmarkslaun og fleira, sé í f-lið ákvæði um svofellda desemberuppbót, „launauppbót, sem nemur 44% af byrjunarlaunum ...“ Þar sé um að ræða sams konar kaupuppbót og deilt sé um í málinu.

III.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að mál þetta sé mjög einfalt. Vélstjórafélag Suðurnesja hafi lagt til ákveðna lausn á kjaradeilu, sem stefndi hafi fallist á og í hafi falist samningur um að hlíta niðurstöðu kjarasamnings vélstjóra hjá Landsvirkjun um kaupliði og gildistíma kjarasamnings. Þegar svo þessi samningur hafi legið fyrir, hafi Vélstjórafélagið lýst skilningi sínum á honum við stjórn stefnda. Stjórnin hafi fallist á skilning Vélstjórafélagsins. Þá hafi það ekki verið skilningur Vélstjórafélagsins, að þátttaka í orlofskostnaði félli innan þess, er um hafði verið samið, þ.e. kaupliða. Þess vegna hafi Vélstjórafélagið nokkru síðar borið fram ósk um, að um þetta atriði yrði samið sérstaklega, og hafi ætlað því annan gildistíma en samningnum að öðru leyti. Þessari málaleitun hafi stjórn stefnda hafnað og við það sitji.

Því sé mótmælt, að þátttaka í orlofskostnaði teljist launauppbót. Hér sé um að ræða greiðslu á kostnaði, eins og skilgreining greiðslunnar beri með sér. Slík greiðsla geti aldrei talist til launa fremur en þátttaka í rekstrarkostnaði bifreiðar, svo að dæmi sé tekið.

Samningur hafi komist á um þau atriði, sem fram koma í bréfaskiptum aðila, og hafi 4. gr. samnings Landsvirkjunar og Vélstjórafélags Íslands aldrei orðið hluti þess samnings.

Skýrt sé tekið fram í kjarasamningnum, að desemberuppbótin sé launauppbót. Hún sé því alls ekki sambærileg við samning um greiðslu á kostnaði við orlof.

IV.

Niðurstaða dómsins.

Í 7. gr. samnings Landsvirkjunar og Vélstjórafélags Íslands frá 15. júní 1982 segir svo:

„Að loknum almennum kjarasamningum ASÍ-félaganna skulu teknar upp viðræður milli aðila samnings þessa um endurskoðun kaupliða með tilliti til þeirra samninga.“

Á dómskjali nr. 22 er samningur Landsvirkjunar og Vélstjórafélags Íslands frá 6. október 1982. Er hann svohljóðandi:

„SAMKOMULAG
milli
Landsvirkjunar og Vélstjórafélags Íslands um breytingu á kaupliðum á grundvelli ákvæða 7. gr. samnings dags. 15. júní 1982 og gildistíma.

1. gr.

a. Frá og með 1. júlí 1982 hækki öll laun um 4%.
b. 1. október 1982 hækki laun um 12% á grunnlaun hjá þeim starfsmönnum, sem náð hafa 5 ára starfsaldri hjá Landsvirkjun.
c. 1. janúar 1983 hækki öll laun um 2,1%.
d. 1. mars 1983 hækki öll laun um 14% frá grunnlaunum hjá þeim starfsmönnum, sem náð hafa 7 ára starfsaldri hjá Landsvirkjun.

2. gr.

Gildistími samningsins framlengist til 31. ágúst 1983."

Þegar samningur Landsvirkjunar og Vélstjórafélags Íslands 15. júní 1982 er virtur svo og samkomulag sömu aðila frá 6. október 1982 og höfð eru í huga bréfaskipti Vélstjórafélags Suðurnesja við stefnda, sem rakin eru í kafla I hér að framan, og málavextir virtir að öðru leyti, þykir eigi sjálfgefið, þrátt fyrir orðalag b-liðar 15. gr. kjarasamnings málsaðila, að vélstjórar í þjónustu stefnda hafi rétt á greiðslu „til að standa straum af orlofskostnaði". Þá þykir stefnandi ekki hafa sannað á annan hátt, að stefndi hafi undirgengist að greiða félagsmönnum Vélstjórafélags Suðurnesja nefndan orlofskostnað samkvæmt nýmæli því, er fólst í 4. gr. samnings Landsvirkjunar og Vélstjórafélags Íslands, sem um er deilt í málinu. Ber því að sýkna stefnda af kröfum stefnanda, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Stefndi, Hitaveita Suðurnesja, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Alþýðusambands Íslands f.h. Sjómannasambands Íslands vegna Vélstjórafélags Suðurnesja, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 1. júní 1984.

Nr. 5/1984. **Vinnuveitendasamband Íslands**
(Benedikt Blöndal hrl.)
gegn
Alþýðusambandi Íslands f. h.
Verkamannasambands Íslands vegna
Verkamannafélagsins Hlífar
(Guðný Höskuldsdóttir hdl.).

Kjarasamningur.

Dómur Félagsdóms.

Mál þetta dæma Bjarni Kristinn Bjarnason, Björn Helgason, Gunnlaugur Briem, Árni Guðjónsson og Gunnar Guðmundsson.

Málið, sem tekið var til dóms 28. f.m., er höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu birtri 11. maí 1984.

Stefnandi málsins er Vinnuveitendasamband Íslands, Reykjavík.

Stefndi er Alþýðusamband Íslands f.h. Verkamannasambands Íslands vegna Verkamannafélagsins Hlífar í Hafnarfirði.

Dómkröfur stefnanda eru þessar:

Aðallega, að staðfest verði með dómi Félagsdóms, að fyrirvari Verkamannafélagsins Hlífar á félagsfundi 1. mars 1984 við samþykki kjarasamnings Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands frá 21. febrúar 1984 sé ógildur og samningur félagsins við Hval h/f vegna hvalvinnslu framlengdur með kjarasamningnum.

Til vara, að samþykki kjarasamningsins með nefndum fyrirvara sé dæmt ógilt.

Að stefndi greiði stefnanda málskostnað að mati dómsins.

Dómkröfur stefnda eru þessar:

Aðalkrafa: Að hið stefnda félag verði sýknað af kröfum stefnanda og að fyrirvari, sem gerður var við samþykkt aðalkjarasamnings Vinnuveitendasambands Íslands og Alþýðusambands Íslands, verði metinn gildur og að samningur Verkamannafélagsins Hlífar við Hval h/f hafi ekki verið endurnýjaður 1. mars 1984.

Til vara er þess krafist, að fyrirvari sá, sem gerður var um samþykki aðalkjarasamnings á félagsfundi Verkamannafélagsins Hlífar,

verði að skoðast sem nýtt tilboð og hafi því haft í för með sér, að aðalkjarasamningurinn hafi verið felldur.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi stefnanda í báðum tilvikum að mati dómsins.

I.

Af hálfu stefnanda er svo frá skýrt, að hinn 12. júní 1981 hafi Verkamannafélagið Hlíf og Verkakvennafélagið Framtíðin gert samkomulag við Hval h/f um vinnu við hvalvinnslu. Þetta samkomulag hafi gilt frá 11. júní til 1. nóvember 1981. Með kjarasamningi ASÍ og VSÍ 30. júní 1982 hafi allir síðast gildandi samningar aðildarfélaga þeirra verið framlegndir til 31. ágúst 1983, þar með talið framangreint samkomulag. Hinn 25. júlí 1983 hafi Verkamannafélagið Hlíf sagt samkomulaginu upp miðað við 31. ágúst 1983. Með samningi ASÍ og VSÍ 21. febrúar 1984 hafi svo allir síðast gildandi samningar aðila ASÍ og VSÍ verið framlengdir og hafi hvorki í umræðum né við undirskrift verið hafður uppi neinn fyrirvari um framangreint samkomulag. Verkakvennafélagið Framtíðin hafi samþykkt samninginn frá 21. febrúar fyrirvaralaust, en á fundi í Verkamannafélaginu Hlíf 1. mars 1984 hafi samningurinn verið samþykktur „með þeim fyrirvara að ekki sé verið að samþykkja samning við Hval h/f vegna hvalvinnslu". Stefnandi kveður málsástæður og rök sín vera þau, að við gerð kjarasamninga 30. júní 1982 hafi sú stefna verið mörkuð af hálfu beggja aðila, ASÍ og VSÍ, að rammasamningur þeirra tæki jafnt til aðal- og sérsamninga einstakra stéttarfélaga og vinnuveitenda og framlengdi þannig alla síðast gildandi samninga við eina samningsgerð. Þessi meginstefna sé óbreytt og hafi leitt til þess, að við síðustu samningsgerð hafi aftur allir síðast gildandi samningar verið framlegndir. Að vísu hafi einstök stéttarfélög neitað að fallast á samninginn í heild og það leitt til nýrrar samningsgerðar við þau, sem svo hafi aftur leitt til breytinga á samningi ASÍ og VSÍ frá 21. febrúar 1984. Við samningsgerðina 21. febrúar 1984 og í viðræðum í sambandi við hana hafi enginn fyrirvari verið hafður uppi vegna samkomulags Verkakvennafélagsins Framtíðarinnar og Verkamannafélagsins Hlífar við Hval h/f um vinnu við hvalvinnslu, og sé fyrirvari sá, er Verkamannafélagið Hlíf gerði á félagsfundi 1. mars 1984, því of seint fram kominn og ógildur, ella verði að skoða samþykki hans sem nýtt tilboð og samþykki samningsins að öðru leyti þess vegna

ógilt hvað Verkamannafélagið Hlíf snertir, enda ekki unnt að samþykkja samning að hluta. Enn beri til þess að líta, að samningsgerðin í febrúar 1984 í heild beri það með sér, að um allsherjarsamkomulag hafi verið að ræða og fráleitt að unnt sé að útiloka einn félaga VSÍ við gerð heildarsamnings á starfssvæði verkalýðsfélags innan ASÍ. Loks beri að benda á, að í apríl 1984 hafi Verkamannafélagið Hlíf gefið út kauptaxta í samræmi við viðbótarsamkomulag ASÍ og VSÍ, en samkomulagið hafi náð til félagsmanna þeirra stéttarfélaga einna, er samþykkt höfðu samning ASÍ og VSÍ frá 21. febrúar 1984.

Af hálfu stefnanda er enn fremur á það bent, að samningur frá 21. febrúar hafi verið tekinn fyrir og samþykktur í framkvæmdastjórn Vinnuveitendasambandsins sama dag. Samningurinn hafi því bundið alla félaga Vinnuveitendasambandsins á félagssvæði Verkamannafélagsins Hlífar í Hafnarfirði frá sama degi að telja. Samkvæmt lögum Vinnuveitendasambandsins, 55. gr., geti framkvæmdastjórn samþykkt slíka samninga endanlega án tilstuðlan einstakra aðildarfélaga.

Ekki liggi fyrir, hversu mörg af aðildarfyrirtækjum Vinnuveitendasambandsins í Hafnarfirði hafi félagsmenn Verkamannafélagsins Hlífar í þjónustu sinni. Þó sé ljóst, að þau skipti tugum og séu ýmist beinir aðilar að sambandinu eða félagar einhvers af 18 aðildarfélögum hafi þó ekki þýðingu gagnvart umdeildum kjarasamningi, sbr. það sem áður var sagt, enda sé Vinnuveitendasambandið sem slíkt formlegur samningsaðili vegna allra sinna félaga skv. samningi ASÍ og VSÍ frá 21. febrúar sl. Úrlausn málsins hafi þýðingu fyrir alla félaga Vinnuveitendasambandsins á félagssvæði Hlífar. Ekki verði séð, eins og málið liggur fyrir, að aðild af hálfu stefnanda geti verið með öðrum hætti.

II.

Af hálfu stefnda er á það lögð áhersla, að samningur Verkamannafélagsins Hlífar og Verkakvennafélagsins Framtíðarinnar við Hval h/f frá 12. júní 1981 hafi verið gerður með það í huga, að þar væri um tilraunasamning að ræða, sem einungis hafi verið ætlað að gilda í ákveðinn tíma án uppsagnar eða til 1. nóvember 1981. Hins vegar hafi komið upp sú staða, að talið hafi verið, að samningur þessi hafi verið framlengdur, þegar Verkamannafélagið Hlíf og Verkakvennafélagið Framtíðin samþykktu athugasemdalaust

rammasamning ASÍ og VSÍ frá 30. júní 1982. Til þess að slíkt hið sama endurtaki sig ekki, þegar samið yrði um kaup og kjör að nýju, hafi samkomulaginu við Hval h/f um vinnslu hvalafurða verið sagt lausu með bréfi 25. júlí 1983.

Þegar ASÍ og VSÍ höfðu undirritað kjarasamninginn þann 21. febrúar 1984, hafi orðið að leggja hann fram til samþykktar hjá aðildarfélögum ASÍ, þar á meðal Verkamannafélaginu Hlíf, sem hafi samþykkt hann með svofelldri bókun:

„Fundur haldinn í Verkamannafélaginu Hlíf fimmtudaginn 1. mars 1984 samþykkir kjarasamning, er undirritaður var 21. febrúar 1984 milli Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands, með þeim fyrirvara að ekki sé verið að samþykkja samning við Hval h/f vegna hvalvinnslu.

Enn fremur er samþykktin háð því skilyrði að ríkið standi við þær félagslegu úrbætur, sem getið er um á fylgiskjölum með samningnum."

Af hálfu stefnda er aðalkrafan studd þeim rökum, að skv. 5. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeildur séu stéttarfélög lögformlegur samningsaðili um kaup og kjör félaga sinna. Kjarasamningur VSÍ og ASÍ frá 21. febrúar 1984 geti því ekki talist samþykktur f.h. Verkamannafélagsins Hlífar, nema hann sé samþykktur af Verkamannafélaginu Hlíf sérstaklega á félagsfundi. Til að forðast óþarfar deilur og óvissu milli atvinnurekenda og félagsmanna Hlífar hafi rammasamningurinn verið samþykktur fyrir aðra hópa en þá, sem störfuðu hjá Hval h/f við hvalvinnslu, sbr. samkomulagið frá 12. júní 1981. Verkamannafélaginu Hlíf hafi verið fullkomlega heimilt að samþykkja samninginn í heild eða fyrir ákveðna hópa félaga sinna eða fella samninginn alveg. Til að valda ekki frekari óvissu á vinnumarkaðnum en brýna nauðsyn bæri til, hafi félagið undanskilið samning við Hval h/f vegna hvalvinnslu. Verkamannafélagið Hlíf hafi ekki átt fulltrúa í samninganefnd þeirri, er undirritaði rammasamning ASÍ og VSÍ, og hafi fyrirvarinn því fyrst komið fram 1. mars 1984 á félagsfundi, en þá fyrst hafi Verkamannafélagið Hlíf getað tekið afstöðu til rammasamningsins frá 21. febrúar 1984 og komið á framfæri sínum sjónarmiðum við samningsgerðina. Fyrirvarinn um starfsmenn hjá Hval h/f, sem samkomulagið frá 12. júní 1981 tók til, geti því á engan hátt verið of seint fram kominn, enda hafi Verkamannafélagið Hlíf tilkynnt

Hval h/f afstöðu sína strax þann 5. mars 1984. Þá sé enn fremur rétt að benda á það, að VSÍ hafi verið fullkomlega ljós afstaða Hlífar til þess að framlengja samkomulagið frá 12. júní 1981 af bréfaskriftum og deilum, sem risið hafi um samkomulagið sumarið 1982. Samkomulaginu við Hval h/f hafi sérstaklega verið sagt upp þann 25. júlí 1983 og fyrirvarinn við samþykkt rammasamnings ASÍ og VSÍ frá 21. febrúar 1984 verið gerður til að girða fyrir, að þetta samkomulag framlengdist sjálfkrafa, þótt rammasamningurinn yrði samþykktur f.h. annarra félaga Hlífar en þeirra, sem samkomulagið náði til. Tilgangur Hlífar með þessum fyrirvara hafi einungis verið sá að knýja á um breytingar á ákveðnum sérkjarasamningi, sem upphaflega hafi verið gerður sem tilraunasamningur af hálfu Hlífar og hafi átt að endurskoða ári síðar. Slík endurskoðun hafi hins vegar aldrei farið fram vegna afstöðu Hvals h/f og VSÍ um gildi samkomulagsins við samþykkt rammasamningsins frá 30. júní 1982.

Það sé fráleitur skilningur að halda því fram, að rammasamningurinn milli VSÍ og ASÍ gildi einn sér um kaup og kjör félaga, sem eru í ákveðnum verkalýðsfélögum. Sérkjarasamningar hafi lengi tíðkast og gildi þeir þá á milli ákveðins aðila innan VSÍ og viðkomandi stéttarfélags og séu gerðir oft og tíðum án milligöngu ASÍ og VSÍ. Samkvæmt 5. gr. laga nr. 80/1938 sé samningsrétturinn í höndum stéttarfélaganna. ASÍ hafi oft aðstoðað stéttarfélögin við gerð sérkjarasamninga, en ekki verið beinn aðili að þeim. Þá hafi sá háttur lengi tíðkast, að sérkjarasamningar séu gerðir, eftir að aðalkjarasamningur hefur verið samþykktur af viðkomandi stéttarfélagi, án þess að nokkur fyrirvari sé gerður þar um, þegar hann er samþykktur. Það sé því ekkert einsdæmi, að samið sé um sérkjarasamninga milli félaga stéttarfélags og ákveðins aðila innan VSÍ. Hlíf hafi hins vegar verið nauðsynlegt að samþykkja aðalkjarasamninginn með þessum fyrirvara, þar sem ljóst hafi verið eftir deilurnar 1982, að VSÍ f.h. Hvals h/f myndi ekki fallast á endurskoðun samkomulagsins frá 12. júní 1981. Verkamannafélaginu Hlíf hafi verið rétt að líta svo á, að það hefði samþykkt samningana fyrir aðra starfshópa innan félagsins en þá, sem unnu hjá Hval h/f við hvalvinnslu, sérstaklega þegar höfð sé í huga sú framkvæmd, sem tíðkast hefur, að gengið hefur verið frá sérkjarasamningum, eftir að viðkomandi stéttarfélag hafi samþykkt aðalkjarasamning athugasemdalaust.

Fyrirvarinn um samninga við Hval h/f hafi verið til að ítreka þá kröfu Hlífar, að sérkjarasamningur við Hval yrði endurskoðaður.

Þá er því haldið fram með vísan til 2. mgr. 6. gr. samningalaga nr. 7/1936, að stefnandi hafi samþykkt fyrirvarann, þar sem stefnandi hafi ekki tilkynnt stefnda án ástæðulausrar tafar, að hann hafnaði samþykkt félagsfundarins 1. mars 1984.

Varakrafa stefnda er studd þeim rökum, að verði ekki fallist á, að Verkamannafélaginu Hlíf hafi verið heimilt að samþykkja kjarasamning VSÍ og ASÍ fyrir hluta félagsmanna sinna, beri að skoða fyrirvarann frá 1. mars 1984 sem nýtt tilboð frá Verkamannafélaginu Hlíf, þ.e.a.s. að félagið hafi fellt kjarasamninginn frá 21. febrúar 1984 í heild, nema VSÍ féllist á endurskoðun samkomulagsins frá 12. júní 1981, og að Verkamannafélagið Hlíf sé því enn með lausa samninga. Samkvæmt almennum túlkunarreglum samningaréttar teljist tilboð ekki samþykkt, nema að því sé gegnið að öllu leyti óbreyttu, ella verði að skoða það sem nýtt tilboð. Í fyrirvara Hlífar 1. mars 1984 hafi falist áskorun um að semja sérstaklega vegna starfsmanna Hvals h/f við hvalvinnslu. Fallist VSÍ ekki á þann fyrirvara, verði að líta svo á, að Verkamannafélagið Hlíf hafi hafnað aðalkjarasamningi VSÍ og ASÍ, þar sem samþykki þess sé bundið þessu skilyrði.

III.

Í málinu liggur frammi yfirlýsing Alþýðusambands Íslands, dagsett 18. maí 1984, svohljóðandi:

„Hjálagt er samningur Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands, sem undirritaður var 21. febrúar sl.

Samningurinn var undirritaður með venjulegum fyrirvörum, sem eru af hálfu Alþýðusambandsins fyrirvarar um samþykki einstakra verkalýðsfélaga, þar sem samningsrétturinn liggur hjá stéttarfélögunum skv. 5. gr. 1. nr. 80/1938, en ekki hjá heildarsamtökunum."

Aðild stefnanda að máli þessu hefur ekki sætt andmælum.

Lögmenn aðila hafa lýst því yfir hér fyrir dómi, að varakröfur þeirra séu þær sömu að efni til þrátt fyrir mismunandi orðalag.

Líta verður svo á, að samþykkt Verkamannafélagsins Hlífar á fundi sínum 1. mars 1984 hafi verið nýtt tilboð gagnvart stefnanda. Þessu tilboði hafnaði stefnandi með bréfi 26. mars 1984. Af því leiðir, að rammasamningur Alþýðusambands Íslands og stefnanda frá 21. febrúar 1984 hefur ekki verið samþykktur, að því er Verka-

mannafélagið Hlíf varðar. Ber því að hafna aðalkröfum málsaðila. Varakröfur aðila málsins verða hins vegar teknar til greina.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Aðalkröfum málsaðila er hafnað.

Samningur milli Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands frá 21. febrúar 1984 hefur ekki komist á milli Vinnuveitendasambands Íslands og Verkamannafélagsins Hlífar.

Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 25. júní 1984.

Nr. 2/1984. **Fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs**
(Guðrún Margrét Árnadóttir hdl.)
gegn
Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja f.h. Kennarasambands Íslands
(Gestur Jónsson hrl.).

Gæslustörf. Kennarar.

Dómur Félagsdóms.

Mál þetta dæma Bjarni Kristinn Bjarnason, Björn Helgason, Gunnlaugur Briem, Ragnar Halldór Hall og Sigurfinnur Sigurðsson.

Málið, sem tekið var til dóm 19. þ.m., er höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu birtri 29. febrúar 1984 af fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs gegn Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja f.h. Kennarasambands Íslands, og eru stefnukröfur þær, „að viðurkennt verði með dómi, að kennurum í grunnskólum sé skylt að sinna gæslustörfum í kaffihléum sínum skv. löglegum fyrirmælum yfirmanna sinna og í samræmi við ákvæði 31. gr. laga nr. 38/1954 um réttindi og

skyldur starfsmanna ríkisins. Þá er krafist málskostnaðar úr hendi stefnda að mati réttarins.“

Stefndi gerði í upphafi þær dómkröfur aðallega, að máli þessu yrði vísað frá Félagsdómi. Munnlegur málflutningur fór fram um frávísunarkröfuna 28. mars sl. Félagsdómur hratt frávísunarkröfunni með úrskurði, sem kveðinn var upp 6. apríl sl. Stefndi skaut úrskurðinum til Hæstaréttar, sem staðfesti hann með dómi, upp kveðnum 10. maí sl.

Stefndi krefst nú sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati dómsins.

I.

Tildrög málsins kveður stefnandi vera þau, að kennarar í Vesturbæjarskóla í Reykjavík hafi sammælst á fundi 6. september 1983 um að sinna ekki gæslu nemenda í kaffihléum sínum. Hafi kennarar borið við samningsbundnum rétti til kaffitíma. Málið hafi verið sent fræðsluráði Reykjavíkur, sem hafi vísað því til menntamálaráðuneytisins 21. september 1983. Niðurstaða ráðuneytisins hafi hinn 7. október 1983 verið sú, að störf þessi væru hluti af vinnuskyldu kennara, sbr. 1. mgr. 31. gr. laga nr. 38/1954 um skyldu starfsmanna til að vinna yfirvinnu, sem yfirboðarar telja nauðsynlega. Ennfremur hafi ráðuneytið vísað til 8. gr. erindisbréfs fyrir kennara í grunnskóla og gr. 6.7. í sérkjarasamningi Kennarasambands Íslands og fjármálaráðherra frá 3. september 1982. Jafnframt hafi ráðuneytið lýst yfir, að það fyrir sitt leyti hefði ekkert við það að athuga, ef niðurstaða yrði sú, að fræðsluyfirvöld réðu aðra en kennara til gæslustarfa í kaffitímum í þessu tilviki. Á fundi fræðsluráðs Reykjavíkur hinn 10. október hafi fræðsluráð hafnað með samhljóða atkvæðum að leysa kennara undan hluta af skyldustörfum þeirra með því að ráða aðra starfskrafta til gæslustarfa. Á fundinum hafi Elín G. Ólafsdóttir, Lena M. Rist, Gerður Steinþórsdóttir, Jóhann Pétursson og Karl Kristjánsson lagt fram svofellda bókun:

„Skv. erindisbréfi kennara nr. 198/1976 og kjarasamningum er augljóst, að gert er ráð fyrir, að kennarar sem aðrir opinberir starfsmenn eigi rétt á kaffitíma. Þá túlkun menntamálaráðuneytisins í bréfi, dags. 7. október 1983, að kennurum sé skylt að vinna í kaffitíma skv. 31. gr. laga nr. 38/1954, samþykkjum við undirrituð ekki, enda er í þeirri grein átt við yfirvinnu, en kaffitímar þeir, sem til urmæðu eru, eru hluti af dagvinnu kennara.“

Með bréfi, dagsettu 10. október 1983, tilkynntu kennarar í Vesturbæjarskóla, að frá og með þeim degi myndu þeir taka sinn kaffitíma og sinna einungis gæslu í stundahléum nemenda.

Í bréfi menntamálaráðuneytisins, dagsettu 13. október 1983, til fræðslustjórans í Reykjavík ítrekaði ráðuneytið fyrri afstöðu sína í málinu. Jafnframt benti ráðuneytið á, að viðkomandi starfsmenn ættu kost á að leita úrskurðar Félagsdóms eða annars lögmælts úrskurðaraðila, ef þeir teldu skilning þennan og áralanga framkvæmd ekki rétta. Þá fól ráðuneytið fræðslustjóranum að gera skólastjóra og kennurum Vesturbæjarskóla grein fyrir afstöðu þess og fela þessum aðilum að sjá um, að gæslu nemenda í kaffihléum væri sinnt.

Fræðslustjóri kynnti afstöðu ráðuneytisins með bréfi, dagsettu 14. október 1983, og jafnframt, að kennari sá, er fenginn hefði verið um stundarsakir til að leysa umræddan vanda, yrði að hætta störfum 17. október.

Með bréfi skólastjóra Vesturbæjarskóla, dagsettu 19. október 1983, til fræðsluskrifstofu Reykjavíkur var tilkynnt, að gæslulaust væri í löngu frímínútunum og samþykkt kennara frá 6. september stæði óbreytt.

Í bréfi fræðslustjórans í Reykjavík, dagsettu 19. október 1983, til Vesturbæjarskóla kemur fram, að fræðslustjóri hefur kynnt menntamálaráðuneytinu bréf skólans, dagsett sama dag. Þá kemur fram, að sú afstaða ráðuneytisins er óbreytt, að skólastjóra og kennurum beri að sjá svo um, að nauðsynlegri gæslu nemenda í kaffihléum sé fullnægt.

Hinn 21. október 1983 sendu kennarar í Vesturbæjarskóla stjórn Kennarasambands Íslands svohljóðandi bréfi:

„Þann 19.10.'83 barst skólastjóra Vesturbæjarskóla meðfylgjandi bréf. Við kennarar og skólastjóri höfum fjallað um innihald bréfsins. Ljóst er, að misskilnings gætir milli fræðsluyfirvalda og okkar kennara, og gerum við okkur ekki grein fyrir, hvernig hann er til kominn. Í þeim bréfum, sem við höfum látið frá okkur fara, kemur skýrt fram, að *við munum ekki taka að okkur gæslu í kaffitímum okkar.*

Hvað varðar rétt okkar til að hafna gæslu í kaffitímum, vísum við áfram eins og hingað til í aðalkjarasamning opinberra starfsmanna, gr. 3.1. þar sem segir m.a.: „Heimilt er að lengja, stytta eða fella niður matartíma með samkomulagi fyrirsvarsmanna, sem

málið varðar.“ (gr. 3.1.3) „Kaffitíma má lengja, stytta eða fella niður með sama hætti og matartíma.“ (3.1.6)

Fræðsluyfirvöld hafa virt að vettugi forsendur okkar og þær upplýsingar, sem þeim voru veittar, m.a. á fundi hér í Vesturbæjarskóla þann 11. 10. sl.

Skólinn hefur nú verið gæslulaus þrjá daga, sem hlýtur að vera á ábyrgð fræðsluyfirvalda, þar sem skólastjóri hefur tilkynnt hvern dag, að hér sé engin gæsla í kaffitímum kennara. Við hörmum þá stöðu, sem komin er upp, því að við teljum það fullkomið ábyrgðarleysi fræðsluyfirvalda, að skólinn sé gæslulaus í margnefndum kaffitímum kennara.“

Málið var síðan tekið fyrir á fundi samstarfsnefndar Kennarasambands Íslands og fjármálaráðuneytisins 21. október 1983.

Hinn 24. október ritaði fjármálaráðuneytið Kennarasambandi Íslands svohljóðandi bréf:

„Á fundi í samstarfsnefnd Kennarasambands Íslands og fjármálaráðuneytisins 21. 10. 1983 var fjallað um deilu, sem uppi er vegna starfa við gæslu nemenda í kaffihléum í Vesturbæjarskóla í Reykjavík. Á fundinum lögðu fulltrúar fjármálaráðuneytisins tillögu að bókun, er verða mætti til að leysa þessa deilu. Var hún svohljóðandi:

Samstarfsnefnd Kennarasambands Íslands og fjármálaráðuneytisins beinir þeim tilmælum til kennara við Vesturbæjarskóla í Reykjavík, að þeir sinni gæslustörfum í kaffihléum í samræmi við fyrirmæli yfirmanna sinna. Engin ákvæði er að finna í kjarasamningum, sem leysa starfsmenn undan þeim skyldum, sem á þá eru lagðar með lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 38/1954 með síðari breytingum, sbr. sérstaklega 31. grein og 29. grein þeirra laga. Kjarasamningar gera ráð fyrir sérstökum greiðslum vegna vinnu í kaffitíma, en banna hana ekki, enda ekki á færi samningsaðila að breyta lagaákvæðum.

Ástæðan til þessara óskar er sú, að skv. upplýsingum frá menntamálaráðuneytinu hafa kennarar við Vesturbæjarskóla í Reykjavík bundist samtökum um það að neita að sinna gæslu nemenda í kaffihléum. Bera þeir við lögbundnum eða samningsbundnum rétti til kaffitíma.

Af hálfu menntamálaráðuneytisins hefur fræðsluyfirvöldum í Reykjavík, skólastjóra og kennurum Vesturbæjarskóla verið gerð

grein fyrir því, að það líti svo á, að starfsmönnum skólans beri full skylda til þess að sinna gæslustörfum í kaffihléum, og vísar ráðuneytið bæði til erindisbréfs kennara við grunnskóla og 31. gr. laganna um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Kjarasamningar, bæði aðalkjarasamningur BSRB og sérkjarasamningur Kennarasambands Íslands, gera ráð fyrir, að störf, sem unnin eru í kaffitíma, séu greidd með yfirvinnukaupi. Ekki er að finna í þessum samningum nein þau ákvæði, er séu því til hindrunar, að unnið sé í kaffitíma. Þvert á móti eru samningsákvæðin allrúm, að því er varðar heimildir til breytinga eða niðurfellingar á kaffitímum svo og til greiðslu á yfirvinnu, sé kaffitíminn unninn.

Ótvírætt er, að samningsákvæði fá ekki breytt lögum. Ótvíræð er skylda starfsmanns til að vinna yfirvinnu, sbr. 31. grein laganna um réttindi og skyldur, en þar segir svo: „Skylt er starfsmönnum að vinna yfirvinnu, sem yfirboðarar telja nauðsynlega." Enn fremur skal bent á 28. grein og 29. grein sömu laga, þar sem fjallað er um skyldur starfsmanns til að rækja starf sitt með alúð og samviskusemi í hvívetna og að hlýða löglegum fyrirskipunum yfirmanna um starf sitt.

Af hálfu fulltrúa Kennarasambands Íslands á samstarfsnefndarfundinum var því lýst yfir, að hann gæti ekki staðið að gerð bókunar þessarar, og vísaði hann til ályktunar stjórnar Kennarasambands Íslands, sem send var menntamálaráðuneytinu með bréfi, dagsettu 14. 10. 1983. Í ályktun þessari kemur fram, að stjórn Kennarasambands Íslands telur, að kennarar eigi rétt til þess að neita störfum í kaffihléum á grundvelli kjarasamninga.

Augljóst er, að í efni þessu ríkir ágreiningur milli Kennarasambandsins annars vegar og fjármálaráðuneytisins hins vegar. Fjármálaráðuneytið hefur ákveðið að leggja þennan ágreining um túlkun á ákvæðum kjarasamninga fyrir Félagsdóm til úrskurðar.

Fjármálaráðuneytið beinir þeim eindregnu tilmælum til Kennarasambands Íslands, að það beiti áhrifum sínum til þess, að kennarar við Vesturbæjarskóla sinni hinum umdeildu störfum, þar til niðurstaða Félagsdóms liggur fyrir, og leggi sitt að mörkum, til að ekki skapist vandræðaástand við skólann með ófyrirsjáanlegum afleiðingum fyrir nemendur hans og starfsmenn."

II.

Lagarök fyrir kröfum sínum kveður stefnandi vera þau, að skv. 31. gr., sbr. 1. mgr. 29. gr. laga nr. 38/1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins sé starfsmanni skylt að vinna yfirvinnu, sem yfirboðarar telja nauðsynlega, og hlýða löglegum fyrirskipunum yfirmanna um starf sitt.

Fyrir liggi, að kennarar í Vesturbæjarskóla hafi fengið fyrirmæli um að sinna gæslustörfum í kaffihléum. Engin ákvæði kjarasamninga leysi starfsmenn undan þeim skyldum, sem á þá eru lagðar í lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 38/1954.

Samkvæmt 8. gr. erindisbréfs fyrir kennara í grunnskóla nr. 198/1976 beri kennara að hafa umsjón og eftirlit í frímínútum eftir þörfum skólans, enda sé stundaskrá þannig samin, að kennarar fái eðlileg stundahlé og kaffitíma.

Í aðalkjarasamningi BSRB og fjármálaráðherra, dagsettum 3. september 1982, sé ákvæði þess efnis í grein 2.3.1, að vinna, sem unnin er í kaffitímum, sé greidd með yfirvinnukaupi og dagvinnutímabili ljúki þeim mun fyrr, ef kaffitími er felldur niður eða styttur skv. samkomulagi yfirmanns og starfsmanna.

Í sérkjarasamningi um störf í grunnskóla milli Kennarasambands Íslands og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs frá 3. september 1982 sé svohljóðandi ákvæði í grein 6.7:

„Í skólum, þar sem nauðsyn er á gæslu nemenda í frímínútum eða kaffihléum, skal greiða gæslutímann með yfirvinnukaupi. Þau kennsluhlé, sem framangreint nær til, og fjöldi kennara, sem við störf þessi eru hverju sinni, skulu háð samþykki fræðslustjóra."

Kjarasamningar milli aðila skilgreini skv. þessu gæslustörf í kaffitíma ótvírætt sem yfirvinnu og engin ákvæði þeirra eða settra laga mæli kennurum rétt til að neita að sinna þeim gæslustörfum, sem yfirboðarar þeirra hafa falið þeim og falla á kaffitíma þeirra. Þvert á móti geri sérkjarasamningur frá 3. september 1982 ráð fyrir nauðsyn þess, að unnið sé í kaffihléum, og í kjarasamningum sé heimild til að fella niður kaffitíma með einföldum meiri hluta atkvæða þeirra starfsmanna, er málið varðar, og yfirmanna.

Af öllu framangreindu sé ljóst, að fjarstætt sé, að kjarasamningar eða lög veiti kennurum rétt til að neita að sinna gæslustörfum í kaffihléum sínum. Beri því að taka kröfur stefnanda til greina.

Máli sínu til stuðnings hefur stefnandi sérstaklega vitnað til dóms

Félagsdóms frá 15. mars 1967 í málinu: Fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs gegn Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja f.h. Póstmannafélags Íslands, en í forsendum þess dóms segi svo:

„Starfsmenn ríkisins, sem falla undir ákvæði laga nr. 38/1954, þar á meðal póstmenn, eru samkvæmt 31. gr. þeirra háðir lögbundinni skyldu til þess að leysa af hendi yfirvinnu með þeim takmörkunum, sem þar greinir, og verða ákvæði laga nr. 55/1962 eigi skýrð á þá lund, að þau hafi í neinu breytt ákvæðum 31. gr. laga nr. 38/1954 um yfirvinnuskylduna. Var stefnandi því við þau bundin, og gat hann því eigi með samningum samkvæmt 4., 5. og 6. gr. laga nr. 55/1962 eða málflutningsyfirlýsingu fyrir Kjaradómi, samið sig undir frávik frá þeim. Skiptir áðurgreind yfirlýsing hans fyrir Kjaradómi 1963, er stefndi telur, að skilja beri á þá lund, að stefnandi viðurkenni sem gild ákvæði 2. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 137/1945 um yfirvinnuskyldu póstmanna, eigi máli. Sömu ástæður leiða til þess, að niðurlagsákvæði 9. gr. dóms Kjaradóms frá 3. júlí 1963 og 30. nóvember 1965:

„Yfirvinnuskylda póstmanna haldist þó óbreytt frá því, sem nú er", verður eigi skýrt á þá lund, að það takmarki almennt yfirvinnuskyldu póstmanna í Reykjavík við 5 klst á mann á mánuði.

Samkvæmt þessari niðurstöðu verða úrslit málsins þau, að telja verður, að um yfirvinnuskyldu póstmanna í Reykjavík fari almennt eftir ákvæðum 31. gr. laga nr. 38/1954, sbr. reglugerð nr. 143/1958 og 1. og 2. málslið 9. gr. dóms Kjaradóms frá 30. nóvember 1965. Var ákvörðun stjórnar Póstmannafélags Íslands um að stöðva yfirvinnu dagana 28. - 30. nóvember og 8. - 22. desember 1966 því ólögmæt."

III.

Af hálfu stefnda er á það bent, að í aðalkjarasamningi í kafla 3.1 sé fjallað um kaffitíma á dagvinnutímabili. Samkvæmt grein 3.1.5 skuli kaffitími kennara vera 20 mínútur árdegis alla daga vikunnar og fimmtán mínútur síðdegis í þeim skólum, sem starfa a.m.k. þrjár heilar kennslustundir eftir kl. 13.00. Í grein 3.1.6 sé ákvarðað, með hverjum hætti megi lengja, stytta eða fella niður kaffitíma, og vísist þar til greinar 3.1.2. Samkvæmt þeirri grein sé ákvarðað, að skilyrðið fyrir því, að heimilt sé að fella niður kaffitíma, sé það, að samkomulag náist um það milli forsvarsmanns viðkomandi stofnunar og einfalds meirihluta starfsmanna, sem málið

varðar. Engin önnur heimild sé í kjarasamningnum til þess að fella niður kaffitíma á dagvinnutímabili. Það sé ljóst og óumdeilt í máli þessu, að kennarar við Vesturbæjarskóla hafi ekki samþykkt að fella niður kaffitíma sína, heldur þvert á móti óskað þess að fá að njóta umsaminnar hvíldar í kaffitímanum. Því sé mótmælt, sem haldið er fram af stefnanda, að ofangreind samningsákvæði séu rúm, að því er varðar heimildir til breytinga eða niðurfellingar á kaffitímum. Þvert á móti sé það skilyrði sett í aðalkjarasamningnum, að samþykki meiri hluta starfsmanna þurfi að koma til, ef breyta eigi umsömdum kaffihléum.

Af framangreindu sé ljóst, að kennarar eigi umsaminn rétt til kaffitíma, og sá réttur verði ekki af þeim tekinn einhliða. Til styrktar þessari niðurstöðu megi vísa til 8. gr., sbr. 5. gr. erindisbréfsins fyrir kennara í grunnskóla, sem kveður svo á, að kennari skuli annast umsjón og eftirlit í frímínútum eftir þörfum skólans, enda sé stundaskrá þannig samin, að kennarar fái eðlileg stundahlé og kaffitíma. Gæsluskyldur takmarkist með öðrum orðum af rétti kennarans til kaffitímans. Þá sé beint ákvæði í 1. mgr. 5. gr. erindisbréfsins um, að vinnutími og kjör kennara fari eftir ákvæðum kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Þrátt fyrir framangreind ákvæði aðalkjarasamningsins og erindisbréfsins sé algengt, að kennarar samþykki að taka að sér frímínútnagæslu í kaffitíma sínum. Af þeim sökum hafi við gerð sérkjarasamnings árið 1982 verið tekið inn ákvæði, sem merkt er 6.7, sbr. dómskjal nr. 22. Þar sé ákveðið, að slík vinna skuli greidd með yfirvinnukaupi. Í því felist að sjálfsögðu ekki sú skoðun samningsaðila, að kennurum sé skylt að vinna þessi störf, heldur aðeins hitt, að þau skuli greidd með yfirvinnukaupi, séu þau unnin af kennara. Stefnandi virðist telja, að þrátt fyrir skýr ákvæði kjarasamnings um rétt kennara til kaffitíma sé heimilt á grundvelli 31. gr. laga nr. 38/1954 að skipa þeim að vinna þá sem yfirvinnu. Í fyrsta lagi sé því haldið fram af stefnda, að ákvæði 31. gr. laganna takmarkist af ákvæðum kjarasamningsins. Í öðru lagi sé í 31. gr. laganna fjallað um yfirvinnu. Það sé skoðun stefnda að með því sé átt við vinnu, sem falli utan reglulegs vinnutíma kennarans, sbr. m.a. grein 1.3 í samkomulagi um vinnutíma og kennsluskyldu grunnskólakennara á dómskjali nr. 23. Það sé skilningur stefnda, að yfirvinnuskyldan nái ekki til þessa tíma og eigi því ákvæði 31. gr. laga 38/1954 ekki við. Beri því að hafna kröfugerð stefnanda.

Á það skuli bent, að þess séu dæmi, að frímínútnagæsla sé unnin af sérstökum starfsmönnum skólanna, sem ekki eru kennarar. Megi m.a. nefna í því sambandi Hofsstaðaskóla í Garðabæ. Engin nauðsyn sé því til að fela kennurum þessi störf.

Sérstaklega skuli vakin athygli á því, að vinnuaðstæður í Vesturbæjarskóla séu mjög erfiðar, skólahúsnæðið og leiksvæði skólans þröngt. Af þessum sökum séu frímínútur tvískiptar bæði fyrir og eftir hádegi. Þannig fari þrjár bekkjardeildir saman í aðrar frímínúturnar fyrir hádegi. Væri kennurum þeirra skylt að annast frímínútnagæsluna, fengju viðkomandi aðilar engan kaffitíma þriðja hvern morgun. Vitað sé, að kennsla í grunnskóla sé krefjandi og lýjandi starf, og standi því engin rök til þess að svipta kennara rétti til kaffitíma.

Þá hefur stefndi haldið því fram, að 31. gr. laga nr. 38/1954, sé hreint undantekningarákvæði, sem skýra beri þröngt og í samræmi við kjarasamninga, enda sé það í samræmi við þróun vinnuréttar. Hefur hann og vitnað til greinargerðar með frumvarpinu að lögum nr. 38/1954, svo og þess, að með túlkun stefnanda á ákvæðum þessum sé verið að koma á fastri eða reglubundinni yfirvinnu. Þá hefði verið unnt að skipuleggja vinnutíma kennara í Vesturbæjarskóla þann veg, að óþarft hefði verið að skylda kennara til að vinna í kaffitíma sínum.

IV.

Álit dómsins:

Í aðalkjarasamningi fjármálaráðherra og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja (dómskjali nr. 21) í grein 2.3.1 segir svo um yfirvinnu:

„Yfirvinna telst sú vinna, sem fram fer utan tilskilins vinnutíma eða vinnuvöku starfsmanns, svo og vinna, sem innt er af hendi umfram vikulega vinnutímaskyldu, þótt á dagvinnutímabili sé."

Þegar kennari vinnur í kaffitíma við gæslu samkvæmt fyrirmælum skólastjórnar, verður að líta svo á samkvæmt ofangreindri skilgreiningu, að sú vinna sé yfirvinna á dagvinnutímabili.

Kennarar eru starfsmenn ríkisins og falla undir ákvæði laga nr. 38/1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Samkvæmt 31. gr. laganna eru þeir háðir lögbundinni skyldu til að leysa af hendi yfirvinnu með þeim takmörkunum, sem í lögunum greinir. Stefndi hefur ekki fært fram nein haldbær rök fyrir neitun kennara að sinna þessari skyldu sinni, sem fjölmargir kennarar í ýmsum grunnskólum

hafa innt af hendi um langt skeið. Í sérkjarasamningi um grunnskóla á milli Kennarasambands Íslands og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs frá 3. september 1982, sbr. dómskjal nr. 22, er og beinlínis gert ráð fyrir þessari yfirvinnuskyldu kennara í grein 6.7, en þar segir svo:

„Í skólum, þar sem nauðsyn er á gæslu nemenda í frímínútum eða kaffihléum, skal greiða gæslutímann með yfirvinnukaupi."

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, ber að taka kröfur stefnanda til greina.

Eftir þessum úrslitum ber stefnda að greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst kr. 10.000,00.

Dómsorð:

Kennurum í grunnskólum er skylt að sinna gæslustörfum í kaffihléum sínum samkvæmt löglegum fyrirmælum yfirmanna sinna og í samræmi við ákvæði 31. gr. laga nr. 38/1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Stefndi, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja f.h. Kennarasambands Íslands, greiði stefnanda, fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, kr. 10.000,00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 5. júlí 1984.

Nr. 6/1984. **Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra**
(Skarphéðinn Þórisson hrl.)
gegn
Stéttarfélagi sjúkraþjálfara
(Guðríður Þorsteinsdóttir hdl.).

Stéttarfélög. Sjúkraþjálfarar.

Dómur Félagsdóms.

Mál þetta dæma Bjarni Kristinn Bjarnason, Björn Helgason, Gunnlaugur Briem, Árni Guðjónsson og Hafsteinn Baldvinsson.

Málið, sem tekið var til dóms 3. þ.m., er höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu, birtri 25. júní 1984.

Stefnandi málsins er Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra, Háaleitisbraut 11-13, Reykjavík.

Stefndi er Stéttarfélag sjúkraþjálfara, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að dæmt verði, að Stéttarfélag sjúkraþjálfara sé ekki stéttarfélag í skilningi laga nr. 80/1938 og því ekki lögformlegur samningsaðili um kaup og kjör félagsmanna sinna. Jafnframt er krafist málskostnaðar úr hendi stefnda að mati dómsins.

Stefndi gerir þær dómkröfur, að kröfum stefnanda verði hafnað og viðurkennt verði, að Stéttarfélag sjúkraþjálfara sé stéttarfélag í skilningi laga nr. 80/1938 og því lögformlegur samningsaðili um kaup og kjör félagsmanna sinna. Jafnframt er þess krafist, að stefnandi verði dæmdur til að greiða stefnda málskostnað samkvæmt mati dómsins.

Samkomulag er með aðilum að leggja ágreiningsefni þetta fyrir Félagsdóm.

I.

Af hálfu stefnanda er svo frá skýrt, að stefnandi hafi um árabil rekið endurhæfingarstöð að Háaleitisbraut 11-13 í Reykjavík. Að jafnaði hafi verið þar starfandi 10 - 12 sjúkraþjálfarar, sem hafi verið starfsmenn stefnanda og á launaskrá hjá þeirri stofnun. Stefnandi sé sjálfseignarstofnun og sjálfstætt félag sem slíkt, heyri ekki undir ríkisvald og sé ekki tengt atvinnurekendasamböndum. Frá 1. mars 1984 hafi stefnandi og sjúkraþjálfarar í þjónustu stefnanda

átt í kjaradeilu. Fyrir þann tíma hafi um kaup og kjör þessara sjúkraþjálfara gilt aðalkjarasamningur Bandalags háskólamanna (BHM) og fjármálaráðherra með gildistíma frá 1. mars 1982 til 29. febrúar 1984, sérkjarasamningur Félags íslenskra sjúkraþjálfara (FÍSÞ) og fjármálaráðherra og sérkjarasamningur stefnanda og sjúkraþjálfara í þjónustu stefnanda, dagsettur 30. apríl 1982.

Sjúkraþjálfarar í þjónustu stefnanda muni allir vera félagar í Félagi íslenskra sjúkraþjálfara í Reykjavík. Það félag sé síðan aðili að Bandalagi háskólamanna, en launamálaráð þess semji við fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs. Þann 30. mars 1984 hafi launamálaráð ríkisstarfsmanna innan BHM þannig samið við fjármálaráðherra um nýjan aðalkjarasamning, m.a. fyrir sjúkraþjálfara í þjónustu ríkisins.

Þann 22. febrúar 1984 hafi sjúkraþjálfarar í þjónustu stefnanda ritað stefnanda bréf með kröfu um breyttan kjarasamning. Enn aðrar kröfur hafi þeir sett fram 5. apríl 1984, en einmitt þann sama dag hafi þeir stofnað Stéttarfélag sjúkraþjálfara, og hafi síðastgreindu kröfurnar verið settar fram í nafni hins nýja félags. Samkomulag hafi ekki náðst milli aðila, og hafi deiluefninu verið vísað til ríkissáttasemjara. Þar hafi ekki heldur komist á samkomulag. Hið nýja félag, Stéttarfélag sjúkraþjálfara, stefndi í málinu, hafi síðan boðað til verfalls, sem staðið hafi dagana 28. til 30. maí 1984. Aftur hafi félagið boðað til verkfalls frá og með 4. júní sl. en því hafi verið aflýst, áður en það kom til framkvæmda, og ákveðið að leita úrskurðar Félagsdóms um lögmæti hins nýja félags sem stéttarfélags í skilningi laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur.

Málsástæður af hálfu stefnanda eru fyrst og fremst þær, að hið stefnda félag sé ekki stéttarfélag í skilningi laga nr. 80/1938. Í 2. gr. nefndra laga sé kveðið svo á, að stéttarfélög skuli opin öllum í hlutaðeigandi starfsgrein á félagssvæðinu eftir nánar ákveðnum reglum í samþykktum félaganna. Félagar stefnda séu einungis sjúkraþjálfarar í þjónustu stefnanda, en sjúkraþjálfarar hjá öðrum sambærilegum stofnunum séu þar ekki félagar. Þeir fyrrnefndu séu allir félagar í Félagi íslenskra sjúkraþjálfara, sem teljast verði stéttarfélag sjúkraþjálfara í Reykjavík. Lögheimili þess félags sé samkvæmt samþykktum þess í Reykjavík, og samkvæmt 13. gr. samþykktanna fari félagið með kaupkröfumál félagsmanna sinna. Það sé álit fyrirsvarsmanna stefnanda, að stofnun hins nýja félags hafi

verið málamyndagerningur til að reyna að komast undan ákvæðum laga nr. 80/1938. Ágreiningsmál þetta snúist um túlkun hugtaksins stéttarfélag í skilningi nefndra laga. Því sé hins vegar ekki haldið fram, að hið nýja félag sé ólöglegt sem slíkt. Það geti aftur á móti ekki talist stéttarfélag og geti þar af leiðandi ekki að óbreyttu talist samningsaðili um kaup og kjör. Afstaða stefnda stríði ennfremur gegn anda laganna um stéttarfélög og vinnudeilur að því leyti, að lögin geri beinlínis ráð fyrir því, að starfsstéttir sameinist um kjaramál sín í félögum, sem í það minnsta séu bundin við eitt lögsagnarumdæmi. Með lögunum sé með öðrum orðum bannað að mynda stéttarfélög, sem takmarkist af einum vinnustað. Ljóst sé, að félagar í hinu stefnda félagi séu einungis stafsmenn hjá stefnanda. Til séu fleiri stofnanir í Reykjavík sambærilegar við stefnanda, þar sem sjúkraþjálfarar vinni, t.d. Sjálfsbjörg. Sjúkraþjálfarar í Reykjavík séu allir í Félagi íslenskra sjúkraþjálfara. Eðlilegt verði að teljast, að það félag samræmi og sjái um kjaramál félaga sinna. Óeðlilegt sé, að kjaramálum verði skipt upp eftir vinnustöðum, enda brjóti það í bága við lög nr. 80/1938.

Á það er bent, að sjúkraþjálfarar í þjónustu stefnanda séu ekki ríkisstarfsmenn. Engu að síður greiði þeir í lífeyrissjóð ríkisstarfsmanna, og stefnandi hafi t.d. greitt í orlofssjóð BHM fyrir þá. Enn fremur sé ljóst, að fram til 1. mars 1984 hafi aðalkjarasamningur BHM við fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs verið grundvöllur kjarasamnings sjúkraþjálfara hjá stefnanda og stefnanda sjálfs.

Af hálfu stefnanda er á það lögð áhersla, að Stéttarfélag sjúkraþjálfara sé í reynd vinnustaðarfélag og öðrum sjúkraþjálfurum hafi ekki verið gefinn kostur á að gerast stofnendur félagsins. Auk þess séu lög félagsins mjög ófullkomin.

II.

Af hálfu stefnda er skýrt svo frá, að fram til ársins 1982 hafi ekki verið um að ræða neinn skriflegan samning milli stefnanda og sjúkraþjálfara í þjónustu hans. Hinn 30. apríl 1982 hafi verið gerður sérkjarasamningur milli stefnanda og sjúkraþjálfara í þjónustu hans. Samningur sá hafi verið undirritaður af þremur sjúkraþjálfurum við æfingastöðina f.h. hópsins. Þessi samningur hafi gilt samkvæmt ákvæðum sínum til 28. febrúar 1984. Hinn 22. febrúar 1984 hafi sjúkraþjálfarar í þjónustu stefnanda sent stjórn stefnanda kröfur um nýjan samning. Nokkrir fundir hafi verið haldnir, en engin

svör fengist við kröfum hópsins fyrr en 4. apríl 1984, en þá hafi borist skriflegt svar frá stefnanda, þar sem öllum kröfum sjúkraþjálfaranna hafi verið hafnaði.

Sjúkraþjálfarar við æfingastöð stefnanda hafi þá séð fram á, að samningsstaða þeirra væri mjög veik, þar sem aðeins væri um að ræða hóp einstaklinga, en ekkert lögformlegt félag, sem samið gæti fyrir sjúkraþjálfara við æfingastöðina og aðra sjúkraþjálfara á almennum vinnumarkaði. Stofnfundur hafi síðan verið haldinn 5. apríl 1984. Samkvæmt lögum félagsins nái það til Reykjavíkursvæðisins og sé það opið öllum sjúkraþjálfurum, sem ekki starfa hjá ríki eða sveitarfélögum, enda fari um samninga þeirra eftir sérstökum lögum og samningsumboð félagsins geti því ekki tekið til þeirra.

Hinn 18. maí 1984 hafi stefnandi ritað BHM bréf, þar sem þess hafi verið óskað, að stefnandi fengi að gerast aðili að aðalkjarasamningi, er launamálaráð BHM hafði gert við fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs. Bréfi þessu hafi formaður BHM svarað 5. júní 1984 með tilvísun í umsögn launamálaráðs, en í ályktun þess stóð m.a.:

„Stjórn launamálaráðs telur sig ekki geta fallist á framangreint erindi þegar af þeirri ástæðu, að framangreindir starfsmenn eru ekki aðilar að launamálaráði ríkisstarfsmanna innan BHM og getur launamálaráð því ekki farið með samningsumboð fyrir þá."

Stefnandi hafi einnig hinn 18. maí 1984 ritað Félagi íslenskra sjúkraþjálfara bréf með ósk um, að stefnandi gerðist aðili að þeim sérkjarasamningi, er Félag íslenskra sjúkraþjálfara gerði hinn 2. apríl 1984 við fjármálaráðherra. Í svarbréfi stjórnar félagsins hafi m.a. verið tekið fram:

„Þann 5. apríl 1984 var stofnað Stéttarfélag sjúkraþjálfara. Starfssvæði þess er Reykjavíkurumdæmi. Þar sem sjúkraþjálfarar við Endurhæfingarstöð Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra eru félagar í því félagi mun það sjá um samningagerð fyrir hönd sjúkraþjálfara við stjórn Styrktarfélagsins."

Málsástæður af hálfu stefnda eru í fyrsta lagi þær, að samkvæmt 1. gr. laga nr. 80/1938 eigi menn rétt á að stofna stéttarfélög til að vinna að sameiginlegum hagsmunum launtaka, en um ríkisstarfsmenn og starfsmenn bæjar- og sveitarfélaga gildi þó sérstök lög. Aðilar séu sammála um, að félagar í Stéttarfélagi sjúkraþjálfara séu

ekki ríkisstarfsmenn. Réttur þeirra til þess að stofna stéttarfélag sé því ótvíræður. Félagið sé opið öllum sjúkraþjálfurum á félagssvæðinu öðrum en þeim, sem starfa hjá ríki eða sveitarfélögum, enda gildi sérstök lög um samninga þeirra, og samningsumboð félagsins geti því aldrei náð til þeirra, sbr. lög nr. 46/1973 um kjarasamninga opinberra starfsmanna, lög nr. 29/1976 um kjarasamninga Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og reglugerð nr. 236/1976. Stéttarfélag sjúkraþjálfara sé því lögformlegur samningsaðili skv. 5. grein laga nr. 80/1938, enda hafi félagið ákveðið að láta starfsemi sína taka til samninga um kaup og kjör félagsmanna sinna. Stéttarfélag sjúkraþjálfara uppfylli því öll skilyrði laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur, en ekki séu sett önnur skilyrði fyrir því, að félag geti talist stéttarfélag í skilningi laganna en þau, sem þar eru talin.

Af hálfu stefnanda sé réttilega á það bent, að allir félagar í Stéttarfélagi sjúkraþjálfara séu starfsmenn æfingastöðvar stefnanda. Þótt stofnendur félagsins séu sjúkraþjálfarar, sem starfa hjá stefnanda, sé félagið opið öllum sjúkraþjálfurum á félagssvæðinu og gert sé ráð fyrir því, að þeir muni ganga í félagið. Félagið sé því ekki vinnustaðarfélag. Í því sambandi megi benda á, að ekki hafi verið talið, að það svipti félag einkennum sínum sem stéttarfélags, þótt það hafi ekki afskipti af málefnum allra í viðkomandi starfsgrein á félagssvæðinu, sbr. dóm Félagsdóms 1939, bls. 14. Stefnandi bendi á, að félagar í Stéttarfélagi sjúkraþjálfara séu allir í Félagi íslenskra sjúkraþjálfara, sem hann virðist telja, að sé stéttarfélag í skilningi vinnulöggjafarinnar. Félag íslenskra sjúkraþjálfara sé eitt af aðildarfélögum Bandalags háskólamanna og eins og í öðrum félögum innan BHM byggist aðild að félaginu á tiltekinni menntun og eigi allir, sem uppfylla menntunarskilyrðin, rétt á aðild, hvort sem þeir eru atvinnurekendur eða launþegar og hvort sem þeir starfa hjá ríki eða á almennum vinnumarkaði. Samkvæmt upplýsingum formanns FÍSÞ skiptist félagsmenn í félaginu nú þannig: Ríkisstarfsmenn eru 18, starfsmenn sveitarfélaga 30, atvinnurekendur, sjálfstætt starfandi, 9 og starfsmenn á almennum vinnumarkaði 38. FÍSÞ sé að þessu leyti algerlega hliðstætt öðrum félögum í BHM, svo sem Verkfræðingafélagi Íslands og Lögfræðingafélagi Íslands. Ekki sé vitað til, að því hafi nokkurn tíma verið haldið fram, að þau félög væru stéttarfélög í skilningi laga nr. 80/1938 um stéttar-

félög og vinnudeilur. Verkfræðingar, sem starfa á almennum vinnumarkaði, hafi hins vegar stofnað Stéttarfélag verkfræðinga og sé það viðurkennt sem lögformlegur samningsaðili um kaup og kjör félagsmanna sinna samkvæmt lögum nr. 80/1938. Tæknifræðingar, arkitektar og lyfjafræðingar á almennum vinnumarkaði hafi sömuleiðis stofnað stéttarfélög, sem semji um kaup og kjör félagsmanna sinna. Félagsmenn allra þessara stéttarfélaga séu jafnframt félagar í sínum fagfélögum, sem öll eigi aðild að BHM. Félag íslenskra sjúkraþjálfara sé að vísu í 2. gr. laga félagsins kallað stéttarfélag. Ljóst sé þó, að hér sé orðið notað í víðari merkingu, þ.e. merkingunni félag, sem hafi innan sinna vébanda sérstaka stétt manna, og geti stéttarfélag í þessari víðu merkingu eins átt við félag atvinnurekenda, en ekki í hinni þröngu merkingu, sem orðið hefur í lögum nr. 80/1938. Sem dæmi um víðtækari merkingu orðsins megi t.d. nefna, að félag lögfræðinga, sem starfa hjá ríkinu, heiti Stéttarfélag lögfræðinga í ríkisþjónustu. Það starfi samkvæmt lögum nr. 46/1973 um kjarasamninga opinberra starfsmanna, en sé ekki stéttarfélag í skilningi laga nr. 80/1938 og njóti t.d. ekki verkfallsréttar. Þá megi einnig benda á, að Félag íslenskra sjúkraþjálfara hafi aldrei starfað samkvæmt lögum nr. 80/1938. Það hafi t.d. aldrei lagt fram kröfugerð f.h. félagsmanna sinna á almennum vinnumarkaði, enda aldrei litið svo á, að það væri lögformlegur samningsaðili á almennum vinnumarkaði eða hefði verkfallsrétt samkvæmt lögum nr. 80/1938. Eins og stefnandi bendi á, segi að vísu í 13. gr. laga FÍSÞ, að stjórn félagsins skuli semja um kauptaxta félagsmanna. Hér muni vera átt við gjaldskrá fyrir sjúkraþjálfara, sem reka eigin stofur, en félagið hafi samið við Tryggingastofnun ríkisins og Sjúkrasamlag Reykjavíkur um gjaldskrá sjúkraþjálfara. Þessi galdsskrá sé gerð fyrir atvinnurekendur í hópi sjúkraþjálfara og aðra, sem hafi sjúkraþjálfara í vinnu svo sem stefnandi. Stefnandi fái greiðslur frá ríkinu samkvæmt þessari gjaldskrá, og á þeim greiðslum byggi stefnandi rekstur sinn. Með þessum samningum sé FÍSÞ því m.a. að gæta hagsmuna stefnanda.

Þá er á það bent af hálfu stefnda, að í 1. grein laga nr. 80/1938 eða öðrum greinum laganna séu engar takmarkanir settar við því, að stofnuð séu fleiri en eitt stéttarfélag í sömu starfsgrein á sama félagssvæði, og hafi verið talið, að þessi rétttur sé svo almennur og fortakslaus, að það hefði þurft að koma skýrt fram í lögunum,

ef það hefði verið tilgangur löggjafans að takmarka tölu stéttarfélaga á hverjum stað (Fd.I,29). Einnig hafi verið talið, að ákvæði 2. gr. vinnulöggjafarinnar um, að stéttarfélög skuli vera opin öllum í hlutaðeigandi starfsgrein, gildi, hvort sem eitt eða fleiri stéttarfélög séu í sömu starfsgrein í sama sveitarfélagi (Fd.I,26). Samkvæmt framansögðu eigi menn rétt á að vera í fleiri en einu stéttarfélagi. Stéttarfélag sjúkraþjálfara sé því löglegt stéttarfélag í skilningi vinnulöggjafarinnar, jafnvel þótt talið yrði, að Félag íslenskra sjúkraþjálfara væri stéttarfélag sjúkraþjálfara í Reykjavík, og eins, þótt félagar í Stéttarfélagi sjúkraþjálfara séu félagar í því.

III.

Álit dómsins:

Í 2. gr. laga nr. 80/1938 segir, að stéttarfélög skuli opin öllum í hlutaðeigandi starfsgrein á félagssvæðinu, eftir nánar ákveðnum reglum í samþykktum félaganna.

Við hinn munnlega málflutning var því lýst yfir af hálfu stefnda, að stofnun félagsins hefði ekki verið auglýst opinberlega og sjúkraþjálfurum utan starfsstöðvar stefnanda, sem rétt áttu á félagsaðild, hefði ekki heldur verið gefinn kostur á með öðrum hætti að taka þátt í stofnun félagsins og mótun laga þess.

Þegar þetta er virt svo og það, að lög Stéttarfélags sjúkraþjálfara þykja ekki hafa að geyma nægjanlega fastmótaðar reglur um innra skipulag félagsins, verður að fallast á það með stefnanda, að Stéttarfélag sjúkraþjálfara hafi ekki, eins og að málum var staðið, verið löglega stofnað sem stéttarfélag í skilningi laga nr. 80/1938 og geti því ekki verið lögformlegur samningsaðili um kaup og kjör félagsmanna sinna.

Samkvæmt framanskráðu ber að hafna kröfum stefnda í málinu. Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Stéttarfélag sjúkraþjálfara er ekki stéttarfélag í skilningi laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur, og félagið er því ekki lögformlegur samningsaðili um kaup og kjör félagsmanna sinna.

Málskostnaður fellur niður.

Þriðjudaginn 2. október 1984.

Nr. 7/1984. **Bandalag starfsmanna ríkis og bæja f.h. Starfsmannafélags Selfosskaupstaðar**
(Gestur Jónsson, hrl.)
gegn
bæjarstjóranum á Selfossi f.h. Selfosskaupstaðar og Helga Bergmann Sigurðssyni
(Jón Ólafsson hrl.).

Verkfallsheimild. Sératkvæði.

Dómur Félagsdóms.

Mál þetta dæma Bjarni Kristinn Bjarnason, Björn Helgason, Gunnlaugur Briem, Ragnar Halldór Hall og Sigurfinnur Sigurðsson.

Málið, sem tekið var til dóms 1. þ.m., er höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu, útgefinni og birtri 27. september 1984.

Stefnandi málsins er Bandalag starfsmanna ríkis og bæja f.h. Starfsmannafélags Selfosskaupstaðar, Eyrarvegi 15, Selfossi.

Stefndu eru bæjarstjórinn á Selfossi f.h. Selfosskaupstaðar og Helgi Bergmann Sigurðsson, byggingarfulltrúi Selfosskaupstaðar, Vallholti 18, Selfossi.

Dómkröfur stefnanda eru þær, ,,að Félagsdómur ákveði með dómi, að byggingarfulltrúa Selfosskaupstaðar, stefnda Helga Bergmann Sigurðssyni, sé heimilt að taka þátt í verkfalli því, sem Starfsmannafélag Selfosskaupstaðar hefur boðað hjá stefnda Selfosskaupstað þann 4. október 1984.“ Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefndu að mati dómsins.

Stefndu gera þær dómkröfur, ,,að stefnda Helga Begmann Sigurðssyni sé óheimilt að taka þátt í verkfalli því, sem Starfsmannafélag Selfosskaupstaðar hefur boðað hjá Selfosskaupstað þann 4. október n.k.“ Auk þess krefjast stefndu málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati dómsins.

Sáttaumleitanir dómsins hafa ekki borið árangur.

I.

Tildrög málsins eru þau, að Starfsmannafélag Selfosskaupstaðar hefur boðað verkfall hjá Selfosskaupstað, og á verkfallið að hefjast 4. október 1984.

Í 27. gr. reglugerðar nr. 236/1976 um kjarasamninga starfsmanna sveitar- og sýslufélaga innan Bandalags starfsmanna ríkis og bæja eru svofelld ákvæði:

„Þrátt fyrir ákvæði reglugerðar þessarar er starfsmönnum þeim, sem um er rætt í 1. mgr. 1. gr. og skipa eftirtalin störf, óheimilt að gera verkfall:

1. Borgar- og bæjarlögmönnum, borgar- og bæjarriturum, borgar- og bæjarverkfræðingum, skrifstofustjórum borgarstjórnar og forstöðumönnum launadeilda.
2. Forstöðumönnum stærri atvinnu- og þjónustustofnana sveitarfélaga og staðgenglum þeirra.
3. Öðrum þeim, sem gegna störfum, sem öldungis verður jafnað til embætta þeirra manna, sem getið er í 1. - 2. tl.

Fyrir 15. janúar ár hvert skal borgar-, bæjar- eða sveitarstjóri eða oddviti sýslunefndar birta skrá um nöfn og störf þeirra manna, sem falla undir ákvæði 1. mgr. Rísi mál um, hvort maður falli undir ákvæði 1. mgr., skal það mál lagt fyrir Félagsdóm, sem sker úr því til fullnustu."

Með bréfi, dagsettu 10. september 1984, tilkynnti Stefán Ó. Jónsson, bæjarstjóri á Selfossi, f.h. Selfosskaupstaðar til Starfsmannafélags Selfosskaupstaðar „Skrá yfir starfsmenn Selfosskaupstaðar, sem falla undir 27. gr. reglugerðar nr. 236/1976 og er því óheimilt að taka þátt í verkfalli:

Helgi Helgason, bæjarritari,
Jón Guðbjörnsson, forstöðum. tæknideildar,
Jón Örn Arnarson, veitustjóri,
Ólöf D. Thorarensen, félagsmálastjóri,
Helgi B. Sigurðsson, byggingarfulltrúi."

Þeirri ákvörðun Selfosskaupstaðar, að Helgi Bergmann Sigurðsson skuli vera undanþeginn verkfalli, vill Starfsmannafélag Selfosskaupstaðar ekki una. Hefur félagið því höfðað mál þetta.

II.

Stefnandi leggur áherslu á, að meginreglan sé sú, að verkfallið nái til allra félaga stéttarfélagsins. Ákvæði 27. gr. reglugerðarinnar sé undantekning þar frá, og beri því að beita þröngri lögskýringu á því, hvert sé inntak greinarinnar.

Undir fyrsta tölulið séu talin tiltekin starfsheiti, og sé byggingarfulltrúi ekki meðal þeirra. Undir annan tölulið komi forstöðumenn

stærri atvinnu- og þjónustustofnana sveitarfélaga og staðgenglar þeirra. Orðið „stærri" undirstriki, að alls ekki sé ætlunin með ákvæðinu, að allir forstöðumenn séu án verkfallsréttar.

Á Selfossi hagi þannig til, að starfrækt sé sérstök tæknideild hjá kaupstaðnum. Yfirmaður tæknideildarinnar sé bæjartæknifræðingur. Undir hans stjórn og í tæknideildinni starfi þrír aðrir menn, þ.e. mælingamaður, tækniteiknari og byggingarfulltrúi. Þeir þrír síðastnefndu starfi hliðsett og án nokkurra undirmanna. Í sumarleyfum bæjartæknifræðings hafi verið fenginn starfsmaður frá Verkfræðistofu Suðurlands til þess að vera staðgengill hans í leyfinu. Af framangreindu sé ljóst, að útilokað sé að fella starf byggingarfulltrúa á Selfossi undir 2. tölulið 27. gr.

Undir þriðja tölulið geti einungis þeir komið, sem öldungis verði jafnað til embætta þeirra manna, sem tilgreindir séu í 1. - 2. tl. Orðalagið leggi mikla áherslu á, að um algjöra hliðstæðu verði að vera. Fráleitt væri að telja, að slíkt liggi fyrir í þessu tilviki.

Loks skuli það tekið fram, að jafnvel þótt svo ólíklega færi, að Félagsdómur teldi starf byggingarfulltrúa Selfosskaupstaðar falla undir einhvern töluliða 27. gr., beri að líta á það, að réttur bæjarstjóra til þess að undanskilja tiltekna menn verkfallsrétti, þ.e. aðila, sem ekki eru berum orðum nefndir í greininni, sé háður því, að hann birti skrá um nöfn og störf þeirra manna fyrir 15. janúar ár hvert. Frestur bæjarstjóra til þess sé því löngu útrunninn og tilkynning hans þar af leiðandi gildislaus.

III.

Af hálfu stefndu er á það lögð áhersla, að embætti byggingarfulltrúa á Selfossi heyri ekki undir tæknideild Selfosskaupstaðar og sé byggingarfulltrúinn ekki undirmaður forstöðumanns tæknideildar, heldur sé hann framkvæmdastjóri byggingarnefndar og heyri beint undir hana og sveitarstjórn, sbr. byggingarlög nr. 54/1978.

Byggingarnefnd sé með stærri þjónustustofnunum Selfosskaupstaðar, og sé hlutverk hennar rakið í III. kafla laga nr. 54/1978 og byggingarreglugerð nr. 292/1979. Jafnframt segi í 20. gr. sömu laga, að sveitarstjórn skuli ráða byggingarfulltrúa og að hann sé framkvæmdastjóri byggingarnefndar.

Nánar sé sagt um starfssvið byggingarfulltrúa í VI. kafla byggingarlaga.

Öllum sé ljóst, hve miklu hlutverki byggingarfulltrúinn sem

framkvæmdastjóri byggingarnefndar hafi að gegna, að því er varðar eftirlit með byggingarframkvæmdum í sveitarfélögum og nauðsyn þess fyrir almenningsheill, að starf hans stöðvist ekki, af öryggisástæðum.

Verði því að líta svo á, að Helga Bergmann Sigurðssyni sé óheimilt, sbr. 27. gr. reglugerðar nr. 236/1976, að taka þátt í boðuðu verkfalli 4. október nk., þar sem hann sé forstöðumaður byggingarnefndar, sem sé mjög stór þjónustustofnun, og eins með tilliti til 3. tl. 27. gr. nefndrar reglugerðar, þar sem störf hans jafnist á við störf þeirra manna, sem upp eru taldir í 1. tölulið, bæði að því er varðar menntun, ábyrgð og umsvif.

Samkvæmt ofanrituðu verði að telja, að starf byggingarfulltrúa falli undir 1. mgr. 27. gr. reglugerðar nr. 236/1976.

Að því er varðar 2. mgr. nefndrar 27. gr., verði að telja, að í skrá þeirri, sem þar er getið, eigi að geta nafna þeirra manna, sem óheimilt sé, að fari í verkfall skv. 1. mgr., en ekki einungis þeirra, sem ekki eru þar nefndir berum orðum. Rétt sé, að slík skrá gerð fyrir 15. janúar sé ekki til, enda ekki eftir henni gengið né heldur tilgreint, hvar skuli birta hana. Það sé því ekki síður skylda stefnanda að óska eftir slíkri skrá.

IV.

Ljóst er, að byggingarfulltrúi er ekki talinn upp meðal þeirra starfsmanna sveitar- og sýslufélaga, sem óheimilt er að gera verkfall samkv. 1. tölulið 1. mgr. 27. gr. reglugerðar nr. 236/1976. Kemur þá til skoðunar, hvort starfssvið byggingarfulltrúans á Selfossi sé slíkt, að hann verði talinn forstöðumaður stærri atvinnu- og þjónustustofnunar sveitarfélagsins eða gegni starfi, sem öldungis verði jafnað til starfa þeirra manna, sem taldir eru upp í 1. eða 2. tölulið 1. mgr. 27. gr. reglugerðarinnar, en þessi ákvæði eru undanteknингarreglur, sem skýra verður þröngt samkvæmt almennum lögskýringarreglum.

Byggingarlög nr. 54/1978 tóku gildi 1. janúar 1979, einu og hálfu ári eftir að reglugerð nr. 236/1976 var sett, en hún tók gildi 1. júlí 1977. Þegar reglugerðin var sett, voru ekki í gildi sett lög, sem mörkuðu verksvið byggingarfulltrúa sveitarfélaga á þann hátt, sem gert er í VI. kafla byggingarlaga. Hins vegar höfðu verið settar byggingarsamþykktir fyrir fjölmörg sveitarfélög í landinu samkvæmt heimild í lögum um byggingarsamþykktir nr. 19/1905 með

áorðnum breytingum og skipulagslögum nr. 19/1964. Félagsmálaráðherra birti fyrirmynd slíkra byggingarsamþykkta með auglýsingu nr. 23/1967, og hefur sú fyrirmynd verið staðfest sem byggingarsamþykkt fyrir fjölda sveitarfélaga. Þar er í grein 1.4. fjallað um verksvið byggingarfulltrúa og því lýst með svipuðum hætti og gert var í VI. kafla byggingarlaga nr. 54/1978.

Ekki verður ráðið af gögnu málsins eða reifun þess hér fyrir dómi af hálfu stefndu, að eftir gildistöku byggingarlaga nr. 54/1978 hafi umfang starfsemi byggingarfulltrúans á Selfossi aukist eða breyst svo frá því, sem verið hafði fyrir gildistöku þeirra laga, að hann verði nú talinn undanskilinn verkfallsheimild á grundvelli 2. eða 3. tölul iðar 27. gr. reglugerðar nr. 236/1976. Ekki verður heldur talið, að embætti byggingarfulltrúans sé ein af stærri atvinnu- og þjónustustofnunum sveitarfélagsins.

Rétt þykir að taka hér fram, að ekki verður úr því leyst fyrir Félagsdómi, hvort nauðsyn beri til af öryggisástæðum, að byggingarfulltrúinn á Selfossi starfi í fyrirhuguðu verkfalli, sbr. 26. gr. reglugerðar nr. 236/1976.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, verður að fallast á það með stefnanda, að stefnda Helga Bergmann Sigurðssyni sé heimilt að taka þátt í verkfalli því, sem Starfsmannafélag Selfosskaupstaðar hefur boðað hjá stefnda Selfosskaupstað þann 4. október 1984.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Stefnda Helga Bergmann Sigurðssyni er heimilt að taka þátt í verkfalli því, sem Starfsmannanfélag Selfosskaupstaðar hefur boðað hjá stefnda Selfosskaupstað þann 4. október 1984.

Málskostnaður fellur niður.

Sératkvæði
Bjarna Kristins Bjarnasonar og Gunnlaugs Briem.

Í 18. gr. laga nr. 29/1976 segir, að þrátt fyrir ákvæði laga nr. 33/1915 um verkfall opinberra starfsmanna sé Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja heimilt að gera verkfall. Er í reglugerð nr. 236/1976 kveðið nánar á um þetta og hverjum sé óheimilt að gera

verkfall, en reglugerð þessi er sett samkvæmt 41. gr. framangreindra laga nr. 29/1976.

Í 1. gr. reglugerðarinnar segir, að ákvæði hennar taki ekki til borgar-, bæjar- eða sveitarstjóra.

Þá eru í 1. mgr. 27. gr. reglugerðarinnar tilgreindir starfsmenn, sem óheimilt er að gera verkfall, og er Félagsdómi falið skv. 2. mgr. greinarinnar að skera úr því til fullnustu, hverjir það skuli vera, sbr. og 32. gr. reglugerðarinnar. Við ákvörðun um hverjir eigi að falla undir ákvæði greinarinnar, þykir mega fallast á það með stefnanda, að ákvæði þetta beri að skýra þröngt, enda er um undantekningarákvæði að ræða.

Þegar lög nr. 29/1976 öðluðust gildi, höfðu byggingarlög nr. 54/1978 og byggingarreglugerð nr. 292/1979, sem sett var samkvæmt þeim, eigi öðlast gildi. Í II. kafla reglugerðar þessarar eru ákvæði, þar sem verksvið byggingarfulltrúa er ákveðið. Verður af þeim eigi annað ráðið en störfum byggingarfulltrúa megi öldungis jafna til starfa manna þeirra, sem um getur í 1. og 2. tl. 1. mgr. 27. gr. reglugerðar nr. 236/1976.

Þótt bæjarstjóra Selfosskaupstaðar hafi láðst að birta skrá fyrir 15. janúar sl. um nöfn og störf þeirra starfsmanna kaupstaðarins, sem hann telur eiga að falla undir 1. mgr. 27. gr. reglugerðarinnar, svo sem kveðið er á um í 2. mgr. greinarinnar, getur það ekki ráðið úrslitum í máli þessu, þar sem skráin þykir eftir atvikum nægilega fljótt birt.

Ber samkvæmt framansögðu að taka þá kröfu stefndu Stefáns Ómars Jónssonar, bæjarstjóra Selfosskaupstaðar, f.h. Selfosskaupstaðar og Helga Begmann Sigurðssonar, byggingarfulltrúa Selfosskaupstaðar, til greina, að Helga Bergmann sé óheimilt að taka þátt í verkfalli því, sem stefnandi, Starfsmannafélag Selfosskaupstaðar, hefur boðað til hjá Selfosskaupstað 4. þ.m.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Stefnda Helga Begmann Sigurðssyni er óheimilt að taka þátt í verkfalli því, sem Starfsmannafélag Selfosskaupstaðar hefur boðað hjá Selfosskaupstað þann 4. október 1984.

Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 15. október 1984.

Nr. 10/1984. **Sveitarstjóri Borgarneshrepps f.h. hreppsins**
(Óskar Magnússon cand.jur.)
gegn
Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja vegna félagsmanna þess, er hjá hreppnum starfa
(Gestur Jónsson, hrl.).

Verkfall. Ólögmæt vinnustöðvun. Opinberir starfsmenn.

Dómur Félagsdóms.

Mál þetta dæma Bjarni Kristinn Bjarnason, Björn Helgason, Gunnlaugur Briem, Ragnar Halldór Hall og Sigurfinnur Sigurðsson

Málið, sem tekið var til dóms í dag, er höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu, útgefinni og birtri 11. október 1984.

Stefnandi málsins er sveitarstjóri Borgarneshrepps í Mýrasýslu f.h. hreppsins.

Stefndi er Bandalag starfsmanna ríkis og bæja vegna félagsmanna þess, er hjá hreppnum starfa, en þeir eru:

1. Bragi Óskarsson, Böðvarsgötu 10, nnr. 1409-5543,
2. Elsa Arnbergsdóttir, Þórunnargötu 5, — 2082-9680,
3. Gróa E. Rögnvaldsd., Tröð, Norðurárdal, — 2775-0052,
4. Guðrún Georgsdóttir, Böðvarsgötu 7, — 3242-4899,
5. Helga B. Þorsteinsd., Gunnlaugsgötu 21, — 3948-0573,
6. Herdís Jónsdóttir, Kveldúlfsgötu 24, — 4029-7545,
7. Pétur Sverrisson, Mávakletti 2, — 7115-0437,
8. Ragnar Ásmundsson, Gunnlaugsgötu 13, — 7156-1038,
9. Sigríður J. Tyrfingsd., Borgarvík 15, — 7672-4601,
10. Sigurgeir Erlendsson, Höfðaholti 3, — 7927-2744,
11. G. Sólveig Harðard., Þorsteinsgötu 10, — 3019-9960,
12. Stefán Bragason, Böðvarsgötu 10, — 8336-7091,
13. Sveinn Árnason, Þórðargötu 14, — 8732-0782,
14. Vignir H. Sigurþórsson, Borgarvík 20, — 9241-4256,

Dómkröfur stefnanda eru þær, að verkfall ofangreindra starfsmanna, sem hófst 4. október 1984, verði dæmt ógilt og að stefnda verði gert að greiða stefnanda málskostnað að mati dómsins.

Stefndi gerir þær dómkröfur, að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda. Þá krefst stefndi málskostnaðar úr hendi stefnanda eftir mati dómsins.

I.

Af hálfu stefnanda er svo frá skýrt, að hinn 5. júní 1984 hafi verið gerður aðalkjarasamningur milli Borgarneshrepps og Bandalags starfamanna ríkis og bæja. Samningur þessi hafi gilt til 31. mars 1985, en samningsaðilum hafi verið heimilt að segja upp launaliðum hans með mánaðarfyrirvara, þannig, að þeir yrðu lausir 1. september 1984 og 1. janúar 1985. Þessarar heimildar hafi stefndi neytt og tilkynnt stefnanda með bréfi, dagsettu 24. júlí 1984, slíka uppsögn miðað við 1. september sl. Nýr samningur hafi ekki komist á milli aðila, og boðun um verkfall hafi hvorki borist stefnanda né ríkissáttasemjara. Þrátt fyrir það hafi félagsmenn stefnda byrjað verkfall hjá stefnanda hinn 4. október sl. Þetta sé skýlaust brot á ákvæðum 19. gr. reglugerðar nr. 236/1976 um kjarasamninga starfsmanna sveitar- og sýslufélaga innan BSRB, sem kveði á um, að ákvörðun um vinnustöðvun beri að tilkynna ríkissáttasemjara og þeim, sem hún beinist að, skemmst 15 sólarhringum áður en hún skal hefjast. Sé vinnustöðvun félagsmanna stefnda því bersýnilega ólögmæt, og sé mál þetta höfðað í þeim tilgangi að fá hana dæmda ógilda.

Starfsmenn sveitarfélaga geti gert kjarasamning með tvennum hætti, sbr. 4. gr. reglugerðar nr. 236/1976. Starfsmannafélag, sem sveitarfélag viðurkennir, geti samið við sveitarfélagið, og auk þess geti starfsmenn sveitarfélags átt beina aðild að BSRB Sé þá einnig tvennt til, að samið sé formlega, eins og gert hafi verið af aðilum þessa máls, eða að farið sé eftir samningum BSRB og ríkisins án nokkurra formlegra samskipta milli aðila.

Stefnandi og stefndi hafi gert með sér formlegan kjarasamning samkvæmt reglugerð nr. 236/1976. Verkfall án verkfallsboðunar sé svo ótvírætt brot á 19. gr. reglugerðarinnar, að ekki þurfi að fara um það mörgum orðum. Sú málsástæða ein, sem stefndi gæti hugsanlega borið fram, að verkfallsboðun BSRB gagnvart aðilum hafi sjálfkrafa gilt gagnvart stefnanda, eigi sér enga stoð. Stefnandi sé sjálfstæður samningsaðili við BSRB og eigi sama rétt á formlegum samskiptum og aðrir viðsemjendur þess. Þetta hafi stefndi viðurkennt með því að senda stefnanda formlegt uppsagnarbréf, og

væri það furðulegur skilningur, að ekki bæri að tilkynna svo viðurhlutamikla ákvörðun sem vinnustöðvun með sama hætti. Í því sambandi megi vísa til dómskjala nr. 7 og 8, þar sem Starfsmannafélag ríkisstofnana tilkynnti öllum viðsemjendum sínum, smáum sem stórum, ásamt ríkissáttasemjara, ákvörðun sína um verkfall formlega, þótt sú tilkynning sé raunar ólögmæt vegna of skamms fyrirvara.

II.

Af hálfu stefnda er tekið fram, að hjá stefnanda starfi 22 einstaklingar, sem séu með svokallaða einstaklingsaðild að BSRB. Þessi hópur myndi ekki starfsmannafélag, en samkvæmt 4. gr. laga BSRB þurfi a.m.k. 35 einstaklinga til þess að mynda sérstakt starfsmannafélag. Af því leiði, að einungis í stærri sveitarfélögum sé grundvöllur til stofnunar sérstaks starfsmannafélags, sem njóti þá sjálfstæðrar aðildar að BSRB.

Aðeins einu sinni áður en yfirstandandi verkfall skall á, hafi komið til vinnustöðvunar af hálfu BSRB, en það hafi verið 11. október 1977. Ákvörðun um verkfallið og boðun þess hafi þá farið fram með þeim hætti, að á fundi stjórnar og samninganefndar þann 5. september 1977 hafi verið samþykkt tillaga um verkfallsboðun. Boðun verkfallsins hafi farið þannig fram, að starfsmannafélög sveitarfélaga innan BSRB hafi boðað verkfallið hvert fyrir sig skriflega til viðkomandi sveitarstjórnar. BSRB hafi hins vegar tilkynnt aðalviðsemjanda sínum, fjármálaráðherra, um verkfallið. Ekki hafi verið send út sérstök skrifleg boðun til þeirra sveitarfélaga, þar sem engin starfsmannafélög innan BSRB voru til. Verkföll hjá þessum sveitarfélögum hafi þó gengið árekstralaust og engar athugasemdir verið gerðar af hálfu sveitarstjórnanna vegna boðunar verkfallsins.

Boðun verkfalls, sem hófst 4. október sl., hafi farið fram með sama hætti. Þó hafi verið send út sérstök tilkynning um uppsögn launaliða kjarasamnings þann 24. júlí 1984, enda hafi það gerst eftir 1977, að tekið var að gera sérstaka kjarasamninga milli BSRB og sveitarfélaganna á þeim stöðum, sem félagar BSRB, sem hafa einstaklingsaðild, starfa. Fyrir 1977 muni aðalkjarasamningur fjármálaráðherra og BSRB hafa verið notaður sem kjarasamningur milli aðila.

Þann 23. september 1984 hafi sveitarstjórinn í Borgarnesi, Hún-

bogi Þorsteinsson, sent tilkynningu sína samkvæmt 27. gr. reglugerðar nr. 236/1976 um það, hverjum starfsmanna sveitarfélagsins skyldi óheimilt að gera verkfall. Tilkynningin hafi verið stíluð á Kjaradeilunefnd, en afrit hafi verið sent til BSRB. Samkvæmt tilkynningu sveitarstjórans undanskilji hann átta nánar tilgreinda starfsmenn sveitarfélagsins verkfallsheimild. Komi fram í bréfinu, að sveitarstjóranum sé kunnugt um „yfirvofandi verkfall opinberra starfsmanna".

Af hálfu stefnda er sýknukrafan studd þeim rökum, að enginn munur sé á verkfallsboðun BSRB nú og árið 1977 gagnvart þeim sveitarfélögum, sem hafa í þjónustu sinni starfsmenn með einstaklingsaðild að BSRB. Ljóst sé, að hvergi hafi orðið ágreiningur um réttmæti boðunarinnar þá, og líti stefndi svo á, að með því hafi viðkomandi sveitarfélög samþykkt þá aðferð, sem þá var notuð, sem nægjanlega. Styðjist þessi skoðun einnig við meginregluna um verkfallsboðun samkvæmt 16. gr. laga nr. 80/1938 um, að verkfallsboðun skuli tilkynnt þeim, sem hún aðallega beinist gegn, sbr. dóm Félagsdóms 1952, bls. 213.

Ákvæði 19. gr. reglugerðar nr. 236/1976 sé samhljóða 19. gr. laga nr. 29/1976 um kjarasamninga BSRB. Í greinargerð með frumvarpinu að lögunum segi svo um 19. gr.:

„Hér er ekki gerð krafa um ákveðið form eða atkvæðagreiðslu við verkfallsboðun, sbr. það, sem sagt er um 11. gr."

Það, sem sagt sé í athugasemdum um 11. gr., hljóði svo:

„Hér er ekki gerð krafa um ákveðið form eða atkvæðagreiðslu um uppsögn samninga eða boðun verkfalls, þar sem verkfall verður ekki hafið fyrr en að undangenginni almennri atkvæðagreiðslu skv. 21. gr."

Af tilvitnuðum orðum greinargerðarinnar megi ráða, að ekki séu gerðar ríkar formkröfur um það, hvernig verkfall skuli boðað. Nægjanlegt sé, að það sé boðað með einhverjum sannanlegum hætti. Sé þetta m.a. byggt á því, að til þess að til verkfalls geti komið, þurfi áður að hafa farið fram atkvæðagreiðsla um miðlunartillögu sáttasemjara. Í þeirri atkvæðagreiðslu eigi kosningarrétt samkvæmt 21. gr. laga nr. 29/1976 og 21. gr. reglugerðar nr. 236/1976 þeir félagsmenn BSRB, sem eiga í kjaradeilu. Lítil hætta sé því á, að fyrirhugað verkfall fari fram hjá þeim aðilum, sem það beinist gegn.

Í þeirri kjaradeilu, sem nú stendur, hafi sáttanefnd lagt fram sáttatillögu samkvæmt 21. gr. reglugerðar nr. 236/1976 og jafnframt frestað boðuðum verkföllum um 15 daga samkvæmt heimild í 22. gr. reglugerðarinnar. Í atkvæðagreiðslunni um sáttatillöguna hafi þeir starfsmenn stefnanda, sem eru félagar í BSRB, verið á kjörskrá. Hafi þeir greitt atkvæði um sáttatillöguna án athugasemda af hálfu stefnanda og með fullri vitneskju hans, og hafi þeir því þar með haft áhrif á það, hvort boðað verkfall kæmi til framkvæmda. Fjármálaráðherra hafi greitt mótatkvæði um sáttatillöguna gagnvart einstaklingsaðilum BSRB og ríkisstarfsmönnum. Einungis sveitarstjórar sveitarfélaga, þar sem starfsmannafélög eru, hafi greitt atkvæði á móti starfsmönnum sínum.

Með framangreindu sé sannað, að stefnanda hafi verið fullkunnugt um boðað verkfall þessara starfsmanna sinna, og hafi því verið fullnægt skilyrðum 19. gr. margnefndrar reglugerðar um boðun verkfallsins.

Þessu til frekari staðfestingar liggi frammi í málinu yfirlýsing stefnanda á dómskjali nr. 17, sem beri með sér, að honum hafi verið kunnugt um verkfallsboðunina. Það sé því hrein hártogun hjá stefnanda, þegar hann haldi því fram, að sér hafi ekki verið boðað verkfallið með lögmætum hætti. Beri því að hafna kröfum stefnanda.

III.

Álit dómsins.

Í 16. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeildur eru almenn ákvæði um það, hvernig og hverjum beri að tilkynna um fyrirhugað verkfall.

Í 19. gr. reglugerðar nr. 236/1976, sem sett er með stoð í 41. gr. laga nr. 29/1976, eru hins vegar sérákvæði um, að ákvörðun um vinnustöðvun beri að tilkynna ríkissáttasemjara og þeim, sem hún beinist gegn, skemmst 15 sólarhringum, áður en hún skal hefjast. Verkfallsboðun skal vera skrifleg og send í ábyrgðarbréfi eða kynnt viðtakanda á annan sannanlegan hátt.

Fyrir liggur í málinu, að Bandalag starfsmanna ríkis og bæja og Borgarneshreppur gerðu þann 5. júní 1984 skriflegan kjarasamning fyrir tímabilið 1. mars 1984 til 31. mars 1985. Í 4. gr. samningsins er tekið fram, að samningsaðilum sé heimilt að segja upp launaliðum samningsins með mánaðarfyrirvara, þannig, að þeir verði lausir 1. september 1984 og 1. janúar 1985.

Óumdeilt er, að launaliðum kjarasamningsins var sagt upp af hálfu BSRB og uppsögnin tilkynnt stefnanda með bréfi, dagsettu 24. júlí 1984.

Með bréfi, dagsettu 4. september 1984, tilkynnti BSRB fjármálaráðherra og ríkissáttasemjara eftirfarandi:

„Á sameiginlegum fundi stjórnar og samninganefndar Bandalags starfsmanna ríkis og bæja 3. þ.m. var samþykkt að boða til verkfalla ríkisstarfsmanna, sem eru félagar í BSRB, frá og með 19. september 1984.

Verkfallsboðun þessi er gerð í samræmi við ákvæði laga nr. 29/1976 um kjarasamninga opinberra starfsmanna innan BSRB.

Samkvæmt framanrituðu er hér með boðað til verkfalls ríkisstarfsmanna, sem eru félagar í BSRB, frá 19. þ.m.“

Ágreiningslaust er, að BSRB sendi stefnanda enga verkfallsboðun, svo sem skylt var samkvæmt 19. gr. reglugerðar nr. 236/1976.

Það skiptir ekki heldur máli, þótt fyrirsvarsmenn stefnanda hafi haft fregnir af fyrirhuguðu almennu verkfalli BSRB.

Þá getur það engu máli skipt um úrslit málsins, að starfsmenn stefnanda tóku þátt í atkvæðagreiðslu um miðlunartillögu sáttanefndar eða að sveitarstjóri stefnanda ritaði Kjaradeilunefnd bréf 23. september 1984, þar sem hann tilgreindi þá starfsmenn, sem hann taldi óheimilt að gera verkfall samkvæmt 27. gr. reglugerðar nr. 236/1976.

Ekki verður heldur á það fallist með stefnda, að framkvæmd verkfallsboðunar í verkfallinu 1977 hafi fordæmisgildi í máli því, sem hér er til úrlausnar.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið lýst, hefur stefndi ekki sýnt fram á, að hann hafi boðað verkfallið, sem hófst 4. október 1984 hjá stefnanda, með lögmætum hætti. Ber því að taka kröfu stefnanda til greina.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að stefndi greiði stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 10.000,00.

Dómsorð:

Verkfall framangreindra félagsmanna Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, sem starfa hjá stefnanda, er hófst 4. október 1984, er ólögmætt.

Stefndi, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja vegna áðurgreindra félagsmanna sinna, greiði stefnanda, sveitarstjóra Borgarneshrepps f.h. hreppsins, kr. 10.000,00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 22. október 1984.

Nr. 8/1984. **Bandalag starfsmanna ríkis og bæja f.h. Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar** (Gestur Jónsson hrl.) gegn **borgarstjóranum í Reykjavík f.h. Reykjavíkurborgar** (Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.).

Frávísunarkröfu hafnað. Sératkvæði.

Úrskurður Félagsdóms.

Mál þetta dæma Bjarni Kristinn Bjarnason, Björn Helgason, Gunnlaugur Briem, Ragnar Halldór Hall og Sigurfinnur Sigurðsson.

Málið, sem tekið var til dóms eða úrskurðar 12. þ.m. um framkomna frávísunarkröfu, er höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu, birtri 5. október 1984, og var málið þingfest sama dag.

Stefnandi málsins er Bandalag starfsmanna ríkis og bæja f.h. Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar.

Stefndi er borgarstjórinn í Reykjavík f.h. Reykjavíkurborgar.

Í stefnu hefur stefnandi gert þær dómkröfur, „að Félagsdómur dæmi, að sú ákvörðun stefnda að greiða þann 1. október 1984 einungis laun fyrir tímabilið 1.- 3. október 1984 til þeirra starfsmanna sinna, sem starfað hafa a.m.k. eitt ár samfellt hjá stefnda og hafa

skriflega á þar til gerð eyðublöð óskað eftir fyrirframgreiðslu fastra launa, enda sé viðkomandi starfsmaður í a.m.k. 50% starfi, sé ólögmæt og brjóti í bága við sérkjarasamning aðila frá 3. maí 1984 og reglugerð um réttindi og skyldur starfsmanna Reykjavíkurborgar."

Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda að mati Félagsdóms.

Stefndi hefur í greinargerð, sem er dagsett 10. þ.m., gert þær dómkröfur *aðallega,* að málinu verði vísað frá Félagsdómi, en *til vara,* að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda. Í báðum tilvikum krefst stefndi málskostnaðar úr hendi stefnanda eftir mati dómsins.

Munnlegur málflutningur fór fram 12. þ.m. um frávísunarkröfu stefnda.

Í þessum þætti málsins er þess krafist af hálfu stefnda, að málinu verði vísað frá Félagsdómi og að stefnandi verði dæmdur til að greiða stefnda málskostnað.

Af hálfu stefnanda er þess krafist í þessum þætti málsins, að frávísunarkröfunni verði hrundið og að stefnda verði gert að greiða stefnanda málskostnað.

I.

Málavextir eru þeir, að þann 4. september 1984 boðaði stefnandi verkfall hjá stefnda frá og með 19. september 1984. Með ákvörðun sáttanefndar var verkfallinu frestað til 4. október 1984. Verkfallið hófst síðastgreindan dag.

Eftir að verkfallsboðunin hafði borist stefnda, urðu umræður í borgarstjórn um það, hvort borgarsjóði væri skylt að greiða laun fyrirfram þann 1. október fyrir allan októbermánuð. Af því tilefni ritaði Starfsmannafélagið borgarráði bréf, dagsett 24. september 1984, þar sem það skýrði sjónarmið sín og hvatti til þess, að borgarráð tæki af öll tvímæli um, að borgarstarfsmenn fengju laun sín greidd fyrirfram á heföbundinn hátt.

Borgarráð tók síðan þá ákvörðun f.h. Reykjavíkurborgar, að einungis skyldu greidd út laun fyrir þrjá fyrstu daga októbermánaðar til þeirra starfsmanna borgarinnar, sem nytu fyrirframgreiðslu launa. Þó voru undanskildir þessari ákvörðun þeir starfsmenn, sem borgaryfirvöld töldu fyrirsjáanlegt, að yrðu úrskurðaðir til vinnu af kjaradeilunefnd samkvæmt ákvæðum 26. gr. reglugerðar nr. 236/1976, ef til verkfalls kæmi.

Við útborgun launa þann 1. október var ofangreind ákvörðun borgarráðs lögð til grundvallar launagreiðslum.

Stefnandi hefur ekki viljað una þessu og hefur því höfðað mál þetta.

II.

Í september 1977 boðaði Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar til verkfalls hjá borginni, og kom það til framkvæmda 11. október s.á. Þrátt fyrir verkfallsboðunina greiddi borgin föstum starfsmönnum sínum laun fyrirfram fyrir allan októbermánuð. Þau laun, sem greidd voru fyrir þá daga, sem verkfallið stóð, voru síðan dregin af launum viðkomandi starfsmanns við næstu útborgun, eftir að verkfallinu lauk. Ýmsum borgarstjórnarmönnum mun hafa þótt þetta fyrirkomulag óeðlilegt, og borgarráð samþykkti þann 25. apríl 1978 breytingu á reglum um réttindi og skyldur starfsmanna Reykjavíkurborgar. Hin nýja samþykkt hafði m.a. að geyma eftirfarandi ákvæði:

„1. Að hætta fastráðningum.

. . . . . .

3. Að greiða ekki laun fyrirfram til annarra en þeirra, sem nú fá laun þannig greidd."

Áður höfðu fastráðnir starfsmenn Reykjavíkurborgar fengið föst laun sín greidd fyrirfram fyrsta dag hvers mánaðar, en fastráðningu hlutu starfsmenn samkvæmt umsókn eftir tiltekinn starfstíma hjá borginni.

Þann 28. mars 1984 var lögð fram af hálfu Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar skrifleg kröfugerð til stefnda vegna nýs sérkjarasamnings. Fyrsti töluliður í kröfugerðinni var: „Fyrirframgreiðsla launa."

Sérkjarasamningur Reykjavíkurborgar og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar fyrir tímabilið 1. mars 1984 til 31. mars 1985 var undirritaður 3. maí 1984. Af hálfu Reykjavíkurborgar var samningurinn undirritaður með fyrirvara um samþykki borgarráðs. Jafnframt voru gefnar út tvær yfirlýsingar. Önnur þeirra hljóðar svo:

„Borgarráð mun í framhaldi af endanlegri staðfestingu samnings þessa gera þær breytingar á reglugerð um réttindi og skyldur starfsmanna Reykavíkurborgar, að 3. liður samþykktar borgarráðs frá 25. apríl 1978 falli niður og þess í stað bætist við nýr liður, sem hljóði svo:

Starfsmaður, sem starfað hefur í a.m.k. eitt ár samfellt hjá Reykjavíkurborg, á rétt á að fá föst mánaðarlaun greidd fyrirfram fyrsta virkan dag hvers mánaðar, enda óski hann skriflega á þar til gerðu eyðublaði eftir þeirri tilhögun launagreiðslna og sé ráðinn í a.m.k. 50% af fullu starfi. Ósk starfsmanns um fyrirframgreiðslu í stað greiðslu eftir á skal hafa borist a.m.k. einum mánuði áður en hún kemur til framkvæmda. Breyting þessi kemur fyrst til framkvæmda 1. september 1984."

Ofangreind yfirlýsing er dagsett 3. maí 1984 og undirrituð af forseta borgarstjórnar og formanni Starfsmannafélagsins.

Þann 9. maí 1984 ritaði borgarstjóri Starfsmannafélaginu svofellt bréf:

„Á fundi borgarráðs í gær var lagður fram sérkjarasamningur Reykjavíkurborgar ásamt yfirlýsingu, dags. 3. þ.m.

Borgarráð samþykkti samninginn.

Jafnframt var lagt fram bréf starfsmannastjóra frá 6. þ.m. varðandi breytingu á reglum um réttindi og skyldur starfsmanna Reykjavíkurborgar, sbr. 3. lið samþykktar borgarráðs frá 25. apríl 1978 varðandi fyrirframgreiðslu launa, sem fylgir í ljósriti. Borgarráð samþykkti framangreinda breytingu."

III.

Frávísunarkrafan er af hálfu stefnda studd eftirgreindum rökum:

1. Eigi verði á það fallist með stefnanda, að ágreiningsefni máls þessa eigi undir úrskurðarvald Félagsdóms samkvæmt ákvæðum VII. kafla reglugerðar nr. 236/1976 um kjarasamninga starfsmanna sveitar- og sýslufélaga innan Bandalags starfsmanna ríkis og bæja. Þar sé ekki að finna viðhlítandi grundvöll fyrir málsmeðferðinni fyrir dóminum. Í 42. gr. reglugerðarinnar sé sagt, að hún sé sett samkvæmt 41. gr. laga nr. 29/1976 um kjarasamninga Bandalags starfsmanna ríkis og bæja. Í 41. gr. nefndra laga sé hins vegar aðeins sagt, að starfsmenn borgar-, bæjar- og sveitarstjórna svo og sýslufélaga hafi samningsrétt samkvæmt ákvæðum laganna. Fráleitt sé að telja, að ákvörðun 34. gr. reglugerðarinnar um sérstaka dómsmeðferð í málum falli undir hugtakið samningsréttur. Af þessu sé ljóst, að ákvæði VII. kafla reglugerðarinnar skorti lagastoð. Hitt sé einnig ljóst, að sérstök heimild þurfi að vera í settum lögum, ef víkja eigi dómsmálum til hinnar sérstöku meðferðar fyrir Félagsdómi. Og þar sem slík heimild sé hvergi í lögum, beri að vísa málinu

frá Félagsdómi. Í þessu sambandi sé rétt að taka fram, að heimildar til þessarar meðferðar málsins verði ekki leitað í 44. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur, enda verði þau lög ekki talin eiga við um afstöðu sveitarstjórna til starfsmanna sinna.

2. Dómkrafa stefnanda hljóði um, að veittur verði viðurkenningardómur um, að tiltekin ákvörðun, sem stefndi tók fyrir nokkru, sé ólögmæt. Með þessu sé sjálfsagt átt við, að framkvæmd ákvörðunarinnar 1. október 1984 hafi verið ólögmæt. Dómur um þetta nú hafi aðeins sögulega þýðingu. Þannig sé ljóst, að jafnvel þótt fallist yrði á kröfuna, segi það ekkert um skyldu stefnda á dómsuppsögudeginum. Ef t.d. dómur yrði kveðinn upp 15. október og verkfall stæði þá enn, væri auðvitað engin afstaða tekin til þess með dómsorði, hvort greiða ætti októberlaunin þá. Virðist einsýnt, að slíkt væri óskylt, þar sem félagsmenn starfsmannafélagsins væru enn í verkfalli og ekki sé ágreiningur um, að í verkfalli eigi þeir ekki rétt á launum. Og alla vega væri óskylt að greiða fyrir tímabilið 4. - 15. október. Af þessu sé ljóst, að dómsorðið hefði einungis sögulega þýðingu, en enga í lögskiptum aðila. Dómurinn væri með því að gefa álit um lögfræðilegt efni, þannig að í bága færi við 67. gr. laga nr. 85/1936. Að vísu sé hugsanlegt vegna ákvæðis 34. gr. laga nr. 29/1976, sbr. 32. gr. reglugerðar nr. 236/1976, að Félagsdómur hafi að einhverju leyti rýmri hendur í þessu efni, heldur en almennir dómstólar. Hins vegar sé ljóst, að krafa verði að vera um, að dómsorð leysi berlega úr ágreiningi um skilning á kjarasamningi, þannig að gildi hafi í lögskiptum aðila. Í 69. gr. laga nr. 80/1938 sé vísað til laga um meðferð einkamála í héraði. Verði engan veginn talið, að gert hafi verið með ákvæði 34. gr. laga nr. 29/1976 svo veigamikið frávik frá reglu 67. greinar laga nr. 85/1936, að dugi til að veita dóm um kröfu stefnanda. Af þessum sökum beri að vísa málinu frá Félagsdómi.

3. Þá er frávísunarkrafan studd þeim rökum, að stefnandi geti ekki borið undir Félagsdóm dómkröfur um, hvernig skilja beri ákvæði í samþykktum eða reglugerðum, sem kjörin borgarstjórn Reykjavíkur hefur sett um starfsemi sína. Hér sé um það að ræða, að borgarráð gerði sérstaka samþykkt 25. apríl 1978, sem m.a. hafi falið í sér, að ekki skyldu greidd laun fyrirfram til annarra en þeirra, sem þá fengu laun þannig greidd. Fyrir þennan tíma hafi fastráðnir starfsmenn borgarinnar fengið mánaðarlaun sín greidd fyrirfram,

án þess að nokkur staðar væru bein ákvæði um það efni í reglugerðinni um réttindi og skyldur starfsmanna Reykjavíkurborgar né kjarasamningi. Samþykkt borgarráðs 25. apríl 1978 hafi auðvitað verið einhliða ákvörðun yfirvalda borgarinnar um þetta efni. Hafi samþykktin hlotið staðfestingu borgarstjórnar með sama hætti og aðrar ákvarðanir borgarráðs. Hafi samþykktin verið prentuð sem viðauki við 6. gr. í reglum um réttindi og skyldur starfsmanna Reykjavíkurborgar frá 7. desember 1967. Í borgarráði 8. maí 1984 hafi síðan verið gerð breyting á þeim hluta samþykktarinnnar frá 1978, sem varðaði fyrirframgreiðslu launa. Aðdragandi þessarar breytingar hafi verið sá, að samningamenn Reykjavíkurborgar við gerð sérkjarasamnings 3. maí 1984 höfðu gefið yfirlýsingu um, að borgarráð myndi í framhaldi af endanlegri staðfestingu samningsins gera þessar breytingar á reglugerð um réttindi og skyldur starfsmanna Reykjavíkurborgar.

Stefnandi sé hér að bera undir Félagsdóm, hver sé réttur skilningur á þessari samþykkt borgarráðs. Þetta geti hann ekki gert. Samþykktin feli í sér einhliða fyrirmæli um, hvernig borgin hagi ákveðnum háttum í starfsemi sinni, og styðjist við 1. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 58/1961. Þessi stjórnvaldsfyrirmæli eigi enginn formlegan þátt í að setja nema stjórnvaldið sjálft, sem fyrirmælin setur. Gildi þá einu, þótt aðdragandinn að gerð samþykktarinnar hafi verið yfirlýsing af hálfu Reykjavíkurborgar í tengslum við gerð kjarasamnings. Nafnritun Haralds Hannessonar, formanns Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar, undir yfirlýsinguna hafi verið óþörf og ekki átt við og stafað af mistökum. Sé augljóst af efni yfirlýsingarinnar, að hún hafi verið gefin einhliða af fulltrúum Reykjavíkurborgar, enda hafi fulltrúar Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar enga aðild getað átt að breytingunni á samþykktinni. Ef t.d. ætti að breyta þessari samþykkt eða öðrum ákvæðum reglugerðarinnar á nýjan leik, myndi það ekki gerast með samningum við stefnanda, heldur formlegri meðferð í borgarráði og borgarstjórn. Hér sé því ekki um að ræða „ágreining um skilning á kjarasamningi", eins og segi í 34. gr. laga nr. 29/1976 og 32. gr. reglugerðar nr. 236/1976.

Til að skýra þessi sjónarmið enn frekar skuli bent á, að BSRB hafi sjálft réttilega tekið þá afstöðu, að ekki tjái að bera undir Félagsdóm ágreining við fjármálaráðherrra um skýringu á 20. gr.

laga nr. 38/1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, vegna þess að þar sé ekki um að ræða „ágreining um skilning á kjarasamningi". Þessi afstaða BSRB væri vitaskuld jafnrétt, þó að aðdragandinn að setningu ákvæðis 20. gr. hefði verið sá, að fjármálaráðherra með meirihluta Alþingis á bak við sig hefði lýst yfir því við kjarasmningsgerð, að hann myndi beita sér fyrir setningu lagaákvæðisins. Slíkur aðdragandi hefði ekki gert ákvæðið að hluta kjarasamnings, sem Félagsdómur ætti að skýra. Hér sé málið formlega eins vaxið. Með yfirlýsingu sinni hafi samningamenn Reykjavíkurborgar með meirihluta borgarstjórnar Reykjavíkur á bak við sig ekki gert annað en að lýsa yfir því, að þeir myndu beita sér fyrir breytingu á reglugerðinni í borgarstjórninni. Og Félagsdómur sé á sama hátt vanhæfur til að dæma um efni einhliða settra reglugerða og fyrirmæla Reykjavíkurborgar, þótt þessi hafi verið aðdragandi þeirra. Beri að vísa málinu frá Félagsdómi einnig af þessari ástæðu.

IV.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að reglugerð nr. 236/1976 hafi fulla lagastoð í 41. gr. laga nr. 29/1976. Lagagreinina beri að skýra þannig, að lög nr. 29/1976 skuli ná til starfsmanna borgar-, bæjar- og sveitarstjórna svo og sýslufélaga á sama hátt og lögin nái til starfsmanna í þjónustu ríkisins með þeirri heimild til breytinga, er um geti í greininni. Samkvæmt því hafi VII. kafli reglugerðarinnar einnig stoð í 41. gr. laga nr. 29/1976.

Að því er varðar 67. gr. einkamálalaga nr. 85/1936 er því haldið fram af hálfu stefnanda, að um sé að ræða raunverulegan réttarágreining, sem hafi verulega þýðingu í lögskiptum aðilanna. Stefnandi hafi lögmæta hagsmuni af því að fá efnisdóm um dómkröfur sínar, meðal annars vegna hugsanlegra fjárkrafna, sem einstakir félagsmenn kunni að gera á hendur stefnda síðar. Einnig hafi efnisdómur þýðingu í verkföllum, sem síðar kunni að verða boðað til að óbreyttum lögum.

Af hálfu stefnanda er lögð á það áhersla, að með bréfi Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar til borgarráðs Reykjavíkur hinn 28. mars 1984 hafi m.a. verið gerð krafa um fyrirframgreiðslu launa í tilefni af fyrirhugaðri gerð sérkjarasamnings félagsins við Reykjavíkurborg. Þessi krafa hafi verið tekin til greina af hálfu samninganefndar Reykjavíkurborgar. Því til staðfestu hafi verið gefin út og

undirrituð af fulltrúum beggja aðila margnefnd yfirlýsing. Yfirlýsingin sé hluti af sérkjarasamningnum á dómskjali nr. 4, bls. 16, og ekki skipti máli, þótt borgarráð Reykjavíkur hafi síðar breytt reglum sínum um réttindi og skyldur starfsmanna sinna til samræmis við hinn nýja kjarasamning. Þá beri upphaf yfirlýsingarinnar það með sér, að hún sé hluti samningsins. Kjarasamningar þurfi ekki að vera formbundnir. Skipti því ekki máli, þótt hluti samningsins komi undir fyrirsögninni yfirlýsing.

Samkvæmt framansögðu beri að hafna kröfu stefnda um frávísun málsins.

V.

Álit dómsins.

Skýra verður 41. gr. laga nr. 19/1976 svo, að um kjarasamninga starfsmanna sveitarfélaga og sýslunefnda skuli gilda hliðstæðar reglur og um kjarasamninga starfsmanna ríkisins að öðru leyti en því, að viðurkennd félög starfsmanna sveitarfélaga og sýslunefnda fara með samningsréttinn gagnvart viðsemjendum sínum. Í þessari lagagrein er ennfremur mælt fyrir um, að félagsmálaráðherra skuli að höfðu samráði við stjórn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja setja um þessi efni nánari ákvæði með reglugerð, og megi þar auk þeirra atriða, sem lög nr. 29/1976 taka til, kveða á um samsvarandi efni og um getur í 29. gr. laga nr. 38/1954. Hefur félagsmálaráðherra samkvæmt þessari lagaheimild sett reglugerð nr. 236/1976 um kjarasamninga starfsmanna sveitar- og sýslufélaga innan Bandalags starfsmanna ríkis og bæja. Verður ekki fallist á það með stefnda, að þau ákvæði þeirrar reglugerðar, sem hér skipta máli, hafi ekki lagastoð. Verður frávísunarkrafa hans því ekki tekin til greina á þeim grundvelli.

Samkvæmt 32. gr. reglugerðar nr. 236/1976 ber Félagsdómi að dæma um ágreining málsaðila um skilning á kjarasamningi þeirra. Dómkrafa stefnanda lýtur að því að fá úr því skorið, hvort launagreiðslur stefnda til félagsmanna stefnanda hinn 1. október 1984 hafi verið í samræmi við sérkjarasamning aðilanna. Það leiðir af hinu sérstaka hlutverki Félagsdóms, að honum ber, ef því er að skipta, að kveða upp viðurkenningardóm um skilning á efni kjarasamnings, sbr. ummæli í dómi Hæstaréttar í LIII. bindi, bls. 1160. Hér er um að ræða ágreining, sem stefnandi á lögvarða hagsmuni af að fá dómsúrlausn um, enda getur sú úrlausn orðið grundvöllur

frekari kröfugerðar félagsmanna stefnanda á hendur stefnda, ef krafa stefnanda í málinu verður tekin til greina. Verður því ekki á það fallist með stefnda, að kröfugerð stefnanda feli einungis í sér beiðni um lögfræðilega álitsgerð, sem hann eigi ekki rétt á að bera undir dóminn vegna ákvæða 67. gr. laga nr. 85/1936.

Svo sem áður var rakið, var krafa um fyrirframgreiðslu launa ein þeirra krafna, sem Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar setti fram við borgarráð Reykjavíkur fyrir gerð sérkjarasamnings aðilanna. Um þessa kröfu náðist samkomulag, sem tekið er orðrétt upp í kafla II. hér að framan. Er hér um að ræða kjaraatriði, sem aðilarnir höfðu fullt samningsforræði yfir og voru ekki háðir vilja þriðja aðila um, að fram gæti náð að ganga. Verður þessari yfirlýsingu því að þessu leyti ekki jafnað til þess, er bókanir fylgja kjarasamningum þess efnis, að aðilar muni beita sér fyrir t.d., að tilteknum lagaákvæðum verði breytt. Með því að laun eru almennt ekki greidd fyrirfram, nema til komi sérstök ákvæði þar að lútandi í lögum eða kjarasamningi, var og eðlilegt, að samkomulag þess efnis væri tekið upp í sérkjarasamninginn. Þegar þessi atriði eru virt, þykir ljóst, að skýra verður umrædda yfirlýsingu svo, að hún sé hluti þess sérkjarasamnings, sem hún fylgir og lagður er fram í málinu á dskj. 4. Styðst þessi niðurstaða einnig við orðalagið „...endanlegri staðfestingu samnings þessa..." í upphafi yfirlýsingarinnar. Getur það engu breytt í þessu sambandi, að til samræmis við þennan lið samningsins hafi verið talið nauðsynlegt að breyta reglum um réttindi og skyldur starfsmanna Reykjavíkurborgar, enda eru þær reglur settar einhliða af borgarstjórn Reykjavíkur og teljast ekki til sjálfstæðra réttarheimilda.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, þykir ágreiningur í máli þessu varða skilning á kjarasamningi málsaðilanna, sem stefnandi hefur lögvarða hagsmuni af að fá úr skorið, og telst málsefnið falla innan dómsvalds Félagsdóms. Verður frávísunarkrafa stefnda því ekki tekin til greina.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í þessum þætti málsins falli niður.

Úrskurðarorð:

Frávísunarkröfu stefnda í máli þessu er hafnað.

Málskostnaður fellur niður.

Sératkvæði

Bjarna Kristins Bjarnasonar og Gunnlaugs Briem.

Svo sem að framan er rakið, samþykkti borgarráð Reykjavíkur hinn 25. apríl 1978 að greiða ekki laun fyrirfram til annarra en þeirra, sem þá fengu laun þannig greidd. Var samþykktin prentuð í 3. tl. viðauka við 6. gr. reglugerðar um réttindi og skyldur starfsmanna Reykjavíkurborgar frá 7. desember 1967 ásamt áorðnum breytingum.

Hinn 3. maí sl. var undirritaður sérkjarasamningur Reykjavíkurborgar og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar fyrir tímabilið 1. mars 1984 til 31. mars 1985. Samningurinn var gerður af samningamönnum Reykjavíkurborgar með fyrirvara um samþykki borgarráðs. Borgarráð samþykkti síðan samninginn hinn 8. sama mánaðar.

Jafnframt þessu undirritaði Markús Örn Antonsson, forseti borgarstjórnar, yfirlýsingu, þar sem segir, að borgarráð muni í framhaldi af endanlegri staðfestingu samnings þessa gera þær breytingar á reglugerð um réttindi og skyldur starfsmanna Reykjavíkurborgar, að 3. liður samþykktar borgarráðs frá 25. apríl 1978 falli niður og þess í stað bætist nýr liður, þar sem segi, að starfsmaður, sem starfað hefur a.m.k. eitt ár samfellt hjá Reykjavíkurborg, eigi rétt á að fá föst mánaðarlaun greidd fyrirfram fyrsta virkan dag hvers mánaðar að uppfylltum þeim skilyrðum, sem þar nánar greinir. Þessi breyting á reglugerðinni skuli fyrst koma til framkvæmda 1. september 1984. Borgarráð samþykkti breytinguna hinn 8. maí sl., sama dag og sérkjarasamninginn.

Svo sem yfirlýsingin um breytingu á reglugerðinni ber með sér, var hún gerð einhliða af hálfu Reykjavíkurborgar, og skiptir ekki máli í þessu sambandi, þótt Haraldur Hannesson, formaður Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar, hafi ritað nafn sitt undir hana. Yfirlýsingin var gerð í tengslum við sérkjarasamninginn og samþykkt í borgarráði í framhaldi af honum. Var efni hannar ekki sett inn í samninginn, svo sem nærtækt hefði verið, ef ætlunin var, að hún yrði hluti hans.

Framangreind breyting á reglugerðinni var ákvörðun borgarstjórnar og er því stjórnvaldsákvörðun. Er eigi unnt að líta svo á, að hún sé jafnframt kjarasamningur í merkingu 6. gr. laga nr. 80/1938. Eigi verður heldur talið, að yfirlýsing Markúsar Arnar

Antonssonar sé kjarasamningur í merkingu nefndrar lagagreinar. Félagsdómur á því ekki úrskurðarvald um ágreining um gildi yfirlýsingarinnar í samskiptum málsaðila samkvæmt 32. gr. reglugerðar nr. 236/1976, sem hefur lagastoð í 41. og 34. gr. laga nr. 29/1976, en Félagsdómur er sérdómstóll og ber að skýra ákvæði 32. gr. reglugerðarinnar þröngt.

Með hliðsjón af framansögðu ber að vísa máli þessu frá Félagsdómi, en eigi er, eins og hér stendur á, ástæða til að fjalla frekar um málsástæður fyrir frávísunarkröfum stefnda.

Rétt þykir þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 180 gr. laga nr. 85/1936, að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Málskostnaður fellur niður.

Dómur Hæstaréttar 20. nóvember 1984.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Guðmundur Jónsson, Guðmundur Skaftason, Halldór Þorbjörnsson og Sigurgeir Jónsson.

Með kæru 26. október 1984, sem barst Hæstarétti 30. s.m., hefur sóknaraðili með heimild í 1. tl. 67. gr. laga nr. 80/1938, sbr. VII. kafla laga nr. 29/1976, kært til Hæstaréttar úrskurð Félagsdóms 22. október sl., þar sem hafnað er frávísunarkröfu í máli varnaraðilja gegn sóknaraðilja.

Sóknaraðili krefst frávísunar máls þessa frá Félagsdómi og kærumálskostnaðar frá varnaraðilja.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Með tilvísun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Mánudaginn 17. desember 1984.

Nr. 8/1984. **Bandalag starfsmanna ríkis og bæja f.h. Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar**
(Gestur Jónsson hrl.)
gegn
borgarstjóranum í Reykjavík f.h. Reykjavíkurborgar
(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.).

Verkfall. Fyrirframgreiðsla launa. Opinberir starfsmenn. Sératkvæði.

Dómur Félagsdóms.

Mál þetta dæma Bjarni Kristinn Bjarnason, Björn Helgason, Gunnlaugur Briem, Ragnar Halldór Hall og Sigurfinnur Sigurðsson.

Málið, sem tekið var til dóms 7. þ.m., er höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu birtri 5. október 1984, og var málið þingfest sama dag.

Stefnandi málsins er Bandalag starfsmanna ríkis og bæja f.h. Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar.

Stefndi er borgarstjórinn í Reykjavík f.h. Reykjavíkurborgar.

Dómkröfur stefnanda eru þær, „að Félagsdómur dæmi, að sú ákvörðun stefnda að greiða þann 1. október 1984 einungis laun fyrir tímabilið 1. - 3. október 1984 til þeirra starfsmanna sinna, sem starfað hafa a.m.k. eitt ár samfellt hjá stefnda og hafa skriflega á þar til gerð eyðublöð óskað eftir fyrirframgreiðslu fastra launa, enda sé viðkomandi starfsmaður í a.m.k. 50% starfi, sé ólögmæt og brjóti í bága við sérkjarasamning aðila frá 3. maí 1984 og reglugerð um réttindi og skyldur starfsmanna Reykjavíkurborgar."

Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda að mati Félagsdóms.

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Í greinargerð stefnda kom fram krafa um frávísun málsins. Með úrskurði Félagsdóms, upp kveðnum 22. október sl., var frávísunarkröfunni hrundið. Stefndi kærði úrskurðinn til Hæstaréttar, sem staðfesti úrskurðinn með dómi 20. nóvember sl.

I.

Málavextir eru þeir, að þann 4. september 1984 boðaði stefnandi verkfall hjá stefnda frá og með 19. september 1984. Með ákvörðun sáttanefndar var verkfallinu frestað til 4. október 1984. Verkfallið hófst þann dag.

Eftir að verkfallsboðunin hafði borist stefnda, urðu umræður í borgarstjórn um það, hvort borgarsjóði væri skylt að greiða laun fyrirfram þann 1. október fyrir allan októbermánuð. Af því tilefni ritaði Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar borgarráði bréf, dagsett 24. september 1984, þar sem það skýrði sjónarmið sín og hvatti til þess, að borgarráð tæki af öll tvímæli um, að borgarstarfsmenn fengju laun sín greidd fyrirfram á hefðbundinn hátt.

Borgarráð tók síðan þá ákvörðun f.h. Reykjavíkurborgar, að einungis skyldu greidd út laun fyrir þrjá fyrstu daga októbermánaðar til þeirra starfsmanna borgarinnar, sem nytu fyrirframgreiðslu launa. Þó voru undanskildir þessari ákvörðun þeir starfsmenn, sem borgaryfirvöld töldu fyrirsjáanlega að yrðu úrskurðaðir til vinnu af kjaradeilunefnd samkvæmt ákvæðum 46. gr. reglugerðar nr. 236/1976, ef til verkfalls kæmi.

Við útborgun launa þann 1. október var ofangreind ákvörðun borgarráðs lögð til grundvallar launagreiðslum.

Stefnandi hefur ekki viljað una þessu og hefur því höfðað mál þetta.

II.

Í september 1977 boðaði Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar til verkfalls hjá borginni, og kom það til framkvæmda 11. október s.á. Þrátt fyrir verkfallsboðunina greiddi borgin föstum starfsmönnum sínum laun fyrirfram fyrir allan októbermánuð. Þau laun, sem greidd voru fyrir þá daga, sem verkfallið stóð, voru síðan dregin af launum viðkomandi starfsmanna við næstu útborgun, eftir að verkfallinu lauk. Ýmsum borgarstjórnarmönnum mun hafa þótt þetta fyrirkomulag óeðlilegt, og borgarráð samþykkti þann 25. apríl 1978 breytingu á reglum um réttindi og skyldur starfsmanna Reykjavíkurborgar. Hin nýja samþykkt hafði m.a. að geyma eftirfarandi ákvæði:

„1. Að hætta fastráðningum.

. . . . . .

3. Að greiða ekki laun fyrirfram til annarra en þeirra, sem nú fá laun þannig greidd."

Áður höfðu fastráðnir starfsmenn Reykjavíkurborgar fengið föst laun sín greidd fyrirfram fyrsta dag hvers mánaðar, en fastráðningu hlutu starfsmenn samkvæmt umsókn eftir tiltekinn starfstíma hjá borginni.

Þann 28. mars 1984 var lögð fram af hálfu Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar skrifleg kröfugerð til stefnda vegna nýs sérkjarasamnings. Fyrsti töluliður í kröfugerðinni var: „Fyrirframgreiðsla launa."

Sérkjarasamningur Reykjavíkurborgar og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar fyrir tímabilið 1. mars 1984 til 31. mars 1985 var undirritaður 3. maí 1984. Af hálfu Reykjavíkurborgar var samningurinn undirritaður með fyrirvara um samþykki borgarráðs. Jafnframt voru gefnar út tvær yfirlýsingar. Önnur hljóðar svo:

„Borgarráð mun í framhaldi af endanlegri staðfestingu samnings þessa gera þær breytingar á reglugerð um réttindi og skyldur starfsmanna Reykjavíkurborgar, að 3. liður samþykktar borgarráðs frá 25. apríl 1978 falli niður og þess í stað bætist við nýr liður, sem hljóði svo:

Starfsmaður sem starfað hefur í a.m.k. eitt ár samfellt hjá Reykjavíkurborg, á rétt á að fá föst mánaðarlaun greidd fyrirfram fyrsta virkan dag hvers mánaðar, enda óski hann skriflega á þar til gerðu eyðublaði eftir þeirri tilhögun launagreiðslna og sé ráðinn í a.m.k. 50% af fullu starfi. Ósk starfsmanns um fyrirframgreiðslu í stað greiðslu eftir á skal hafa borist a.m.k. einum mánuði áður en hún kemur til framkvæmda. Breyting þessi kemur fyrst til framkvæmda 1. september 1984."

Ofangreind yfirlýsing er dagsett 3. maí 1984 og undirrituð af forseta borgarstjórnar og formanni Starfsmannafélagsins.

Þann 9. maí 1984 ritaði borgarstjóri Starfsmannafélaginu svofellt bréf:

„Á fundi borgarráðs í gær var lagður fram sérkjarasamningur Reykjavíkurborgar ásamt yfirlýsingu, dags. 3. þ.m.

Borgarráð samþykkti samninginn.

Jafnframt var lagt fram bréf starfsmannastjóra frá 6. þ.m. varðandi breytingu á reglum um réttindi og skyldur starfsmanna Reykjavíkurborgar, sbr. 3. lið samþykktar borgarráðs frá 25. apríl 1978 varðandi fyrirframgreiðslu launa, sem fylgir í ljósriti.

Borgarráð samþykkti framangreinda breytingu."

III.

Stefnandi heldur því fram, að stefnda hafi borið skylda til samkvæmt samkomulaginu, sem gert var 3. maí 1984, að greiða þar tilgreindum starfsmönnum sínum föst laun fyrir allan októbermánuð á gjalddaganum 1. október 1984. Þessi skylda stefnda byggist auk þess á reglugerðinni um réttindi og skyldur starfsmanna Reykjavíkurborgar, eins og henni var breytt með samþykkt borgarráðs hinn 8. maí 1984.

Stefnandi bendir á, að vinnusamningur launþega og vinnuveitanda sé gagnkvæmur. Af því leiði m.a. það, að skylda annars aðilans til þess að efna sinn hluta samningsins sé háð því, að gagnaðilinn efni sinn hlut skyldunnar. Af því leiði, og um það sé enginn ágreiningur milli aðila, að launþegi, sem er í verkfalli, eigi ekki rétt til launa fyrir þann tíma, sem verkfallið stendur. Spurningin í þessu máli snúist um það, hvort greiðsluskylda borgarinnar á fyrirframgreiddum launum til starfsmanna sinna samkvæmt framangreindu ákvæði í sérkjarasamningi aðila hafi verið til að dreifa þann 1. október sl., þar sem þá hafi legið fyrir verkfallsboðun miðað við 4. október 1984.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að til þess að svara þessari spurningu þurfi fyrst að hafa það í huga, að boðun verkfalls sé fullkomlega lögmæt aðgerð stéttarfélags launþega til þess að freista þess að ná fram samningi um bætt kjör. Verkfall feli ekki í sér slit á ráðningarsamningi aðila. Báðir aðilar séu eftir verkfallið jafnbundnir af ráðningarsamningnum og áður en það hófst, t.d. að því er varðar uppsagnarfrest, ráðningartíma og fleiri atriði. Verkfallið felli hins vegar úr gildi þann hluta kjarasamningsins, sem sagt er upp, þann tíma, sem það stendur, og ráðningarsamningurinn skýrist af nýjum kjarasamningi aðila að verkfalli loknu.

Af þessu sé ljóst, að þann 1. október sl. hafi ráðningarsamningar starfsmanna borgarinnar við vinnuveitanda sinn verið í fullu gildi. Þennan dag hafi engin vissa legið fyrir um, að til verkfalls kæmi eða hversu lengi það kæmi til með að standa. Kjaradeilan hafi verið hjá ríkissáttasemjara til meðferðar og mögulegt hafi verið, að samningar kynnu að takast fyrir boðaðan verkfallsdag. Þá hafi verið hugsanlegt, að verkfallinu yrði frestað eða því yrði aflýst. Loks hafi möguleiki verið á því, að kjaradeilan yrði leyst með lagasetningu.

Stefnandi telur, að staðan þann 1. otkóber hafi því verið sú, að aðilar kynnu að hafa á því skoðun, hvort líkur á verkfalli væru miklar eða litlar, en á einskis manns færi hafi verið að segja, að vissa væri fyrir því, að til verkfalls kæmi. Við þessar aðstæður þurfi að skera úr því, hvor aðilanna, launþeginn eða launagreiðandinn, eigi að bera áhættuna af því, að verkfall komi til framkvæmda og hve lengi það þá standi.

Það er álit stefnanda, að meginregla vinnuréttarins sé sú, að launþeginn þurfi fyrst að inna af hendi vinnu sína, áður en hann öðlast rétt á endurgjaldinu, þ.e. laununum. Framangreint samningsákvæði aðila um fyrirframgreiðslu fastra launa snúi þessari meginreglu við, þ.e. launagreiðandinn taki á sig áhættuna af því, að á því tímabili, sem launagreiðslan nær til, geti komið upp tilvik, sem valdi því, að réttur launþegans til launagreiðslunnar falli niður. Öðlast þá launagreiðandinn eftir atvikum endurkröfurétt á hendur launþeganum á þeim hluta launagreiðslunnar, sem vinnuframlag kom ekki á móti.

Það sé t.d. ljóst, að launþegi, sem án gildrar ástæðu kemur ekki til vinnu hluta mánaðar, þurfi að sæta því, að af launagreiðslu næsta mánaðar sé dregið af honum sem svarar fráverunni. Á sama hátt sé ljóst, að launagreiðandinn eignist endurkröfu á hendur launþega, sem hleypst á brott úr vinnu sinni.

Af hálfu stefnanda er á það bent, að því kunni að verða haldið fram, að ósanngjarnt sé að leggja þessa áhættu á launagreiðandann, þar sem endurkrafa kunni að reynast erfið til innheimtu. Það sé hins vegar ekki rétt. Ráðningarsamningur aðila sé enn í gildi að verkfalli loknu, og þeir launþegar Reykjavíkurborgar, sem eigi rétt á fyrirframgreiðslu launa sinna, hafi það langan uppsagnarfrest, að ekki séu vandkvæði á að beita frádrætti við næstu útborgun.

Þá beri að líta til þess, að á útborgunardegi launa falli öll föst mánaðarlaun í gjalddaga. Ómögulegt hafi verið að fullyrða þann 1. október sl., að verkfall yrði þann 4. október, og jafnómögulegt að fullyrða, hve lengi það kæmi til með að standa, skylli það á. Af því leiði, að jafnvel þótt vinnuveitandinn vildi beita frádrætti vegna „fyrirsjáanlegs" verkfalls, gæti hann á engan hátt ákvarðað, hversu mikill frádrátturinn ætti að vera. Ljóst sé, að laun fyrir þann hluta októbermánaðar, sem kann að vera unninn eftir boðað verkfall, hafi fallið í gjalddaga þann 1. október sl.

Auk framangreinds byggir stefnandi á því, að þegar til verkfalls

starfsmanna Reykjavíkurborgar kom þann 11. október 1977, hafi föst laun fyrir október verið að fullu greidd út þann 1. október það ár. Á útborgunardegi launanna hafi legið fyrir, að verkfall hafi verið boðað þann 11. sama mánaðar. Við næstu útborgun hafi launþegarnir orðið að sætta sig við frádrátt af launum, sem nam fráverunni vegna verkfallsins. Enginn raunverulegur munur hafi verið á stöðunni 1. október sl. og 1. október 1977. Að vísu megi segja, að mat manna á líkum á því, hvort til verkfalls kæmi, kunni að hafa verið annað, en varla sé það tæk réttarregla, að skoðun vinnuveitandans á líkum á því, að til vinnustöðvunar kunni að koma í þeim mánuði, sem launagreiðslan nær til, ráði því, hvort honum beri að greiða út launin.

Þá hafi bankastarfsmenn boðað til verkfalls frá og með 8. desember 1980. Þrátt fyrir það hafi þeim verið greidd laun hinn 1. desember 1980 fyrir þann mánuð. Verkfallið hafi staðið í fjóra daga, 8. til 11. desember. Við útborgun launa fyrsta virka daginn í janúar 1981 hafi verið dregnar frá fjögurra daga launagreiðslur vegna verkfallsdaganna.

Framangreind tvö dæmi um framkvæmd á fyrirframgreiðslu launa styðji eindregið málstað stefnanda.

Þá byggir stefnandi kröfur sínar á því, að samþykkt borgarráðs frá 25.4.1978 um að hætta fastráðningum og að greiða ekki laun fyrirfram til annarra en þeirra, er þá nutu fyrirframgreiðslu, hafi m.a. verið gerð til þess að koma í veg fyrir þá óeðlilegu stöðu að mati þeirra, sem ákvörðunina tóku, að starfsmaður borgarinnar fengi laun greidd fyrirfram fyrir þann tíma, sem hann kynni að vera í verkfalli. Þessari ákvörðun hafi borgaryfirvöld breytt með samningnum frá 3. maí 1984 og þar með vitandi vits tekið á sig áhættuna af því, að starfsmenn kynnu að fá fyrirfram laun fyrir tíma, sem þeir yrðu í verfalli. Ef það var ætlan stefnda að greiða ekki laun fyrirfram í tilvikum, sem hér um ræðir, hefði hann þurft að gera sérstakan fyrirvara um það, þegar hinn nýi kjarasamningur var gerður.

Stefnandi telur, að einnig beri að hafa í huga, að launagreiðslan sé fyrir heilan mánuð samkvæmt samningsákvæðinu. Þá sé í 14. gr. reglugerðar nr. 236/1976 um kjarasamninga starfsmanna sveitar- og sýslufélaga innan Bandalags starfsmanna ríkis og bæja svofellt ákvæði:

„Nú rennur kjarasamningur út vegna uppsagnar, og skal þó eftir honum farið, uns nýr kjarasamningur hefur verið gerður eða vinnustöðvun hefst."

Af framangreindu telur stefnandi ljóst, að þar sem vinnustöðvun hafi ekki verið hafin 1. október 1984, hafi stefnda borið þann dag að inna af hendi mánaðarlaun starfsmanna fyrirfram fyrir októbermánuð.

IV.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að málið snúist um það, hvernig skýra beri það ákvæði kjarasamningsins, að tilteknir starfsmenn eigi „rétt á að fá föst mánaðarlaun greidd fyrirfram fyrsta virkan dag hvers mánaðar," þegar svo standi á sem 1. október 1984, að Starfsmannafélagið hafi boðað verkfall, sem átti að hefjast 4. október 1984.

Stefndi telur, að við skýringu á þessu verði fyrst og fremst að hafa í huga, að laun séu endurgjald vinnuveitanda fyrir vinnuframlag starfsmanna. Til grundvallar skyldunni til launagreiðslu liggi ráðningarsamningur, þar sem báðir aðilar hafi skyldum að gegna. Starfsmanninum sé skylt að vinna og vinnuveitandanum að greiða laun. Skyldurnar séu gagnkvæmar. Í því felist, að því aðeins beri öðrum aðilanum að efna sína skyldu, að hinn efni einnig sína. Með kjarasamningnum sé Reykjavíkurborg vitaskuld ekkert að víkja frá þessu. Honum sé einungis ætlað að kveða á um gjalddaga fastra mánaðarlauna til tiltekinna starfsmanna borgarinnar á þann veg, að launin skuli greiða mánaðarlega fyrirfram. Sé þá að sjálfsögðu gert ráð fyrir því, án þess að taka þurfi það fram, að vinnuframlag komi á móti.

Ef fyrir liggi á gjalddaga launanna, að starfsmaður muni ekki ætla að efna sínar skyldur samkvæmt ráðningarsamningnum t.d. hluta þess tíma, sem launin eru greiðsla fyrir, sé augljóst, að ekki sé skylt að greiða starfsmanninum launin að því marki.

Þegar um boðað verkfall er að ræða, telur stefndi, að aðstaðan sé sú, að starfsmaðurinn hafi lýst yfir því (þ.e. starfsmannafélagið fyrir hans hönd), að hann muni ekki vinna, nema nýr kjarasamningur verði gerður fyrir þann dag, þegar verkfall skal hefjast. Hann hafi m.ö.o. gefið yfirlýsingar um, að hann muni ekki vinna eftir ákveðinn dag, nema uppfyllt séu skilyrði, sem varða aðra hluti en þá, sem hinn gagnkvæmi ráðningarsamningur fjallar um og

vinnuveitandanum sé óskylt að lögum að uppfylla. Ennfremur sé ljóst, að komi til verkfallsins, falli niður réttur starfsmannsins til launanna. Vafalaust sé, að vinnuveitandanum sé óskylt að greiða starfsmanninum laun nema fyrir það tímabil, sem starfsmaðurinn hefur lýst yfir, að hann muni vinna. Hagsmunum vinnuveitandans af því að fá gagngjaldið samkvæmt samningnum, vinnuframlagið, hafi verið stofnað í svo mikla hættu, að grundvöll skorti fyrir skyldu hans til launagreiðslunnar. Það sé grundvallarregla í gagnkvæmum samningum, þar sem báðir aðilar eigi að inna greiðslurnar af höndum, að annar aðilinn megi gæta hagsmuna sinna með því að stöðva sína greiðslu, ef hann hefur nægilega ástæðu til að ætla, að hann muni ekki fá gagngreiðsluna. Fráleitt sé, að ákvæði sérkjarasamningsins um gjalddaga fastra launa feli í sér aðra skipan. Með þessu samningsákvæði hafi engu verið breytt efnislega um þau úrræði, sem vinnuveitandinn á vegna gagnkvæmninnar í greiðslum aðilanna. Hið eina, sem breytist vegna greiðslu launanna fyrirfram, sé það, að vinnuveitandanum sé í sumum tilfellum gert erfiðara fyrir að neyta þessara úrræða, þegar hann veit ekki við útborgun launanna um þær hömlur, sem verða á greiðslu gagngjaldsins. Um þær aðstæður sé auðvitað ekki að ræða hér.

Stefndi bendir á, að af hálfu stefnanda sé talið, að áhættan „af því, að á því tímabili, sem launagreiðslan nær til, geti komið upp tilvik, sem valda því, að réttur launþegans til launagreiðslunnar fellur niður", hafi flust til launagreiðandans við að ákveða gjalddagann fyrirfram. Þetta sé vitaskuld rétt, að því er varðar utanaðkomandi óvænt atvik, sem valda því, að vinna fellur niður, þ.e. atvik, sem ekki var unnt að sjá fyrir á gjalddaganum.

Þá er því haldið fram af stefnda, að ótvíræðar meginreglur í kröfurétti mæli fyrir um í gagnkvæmum samningum, að aðili þurfi ekki að inna sína greiðslu af hendi, þegar hann hefur á gjalddaganum rökstudda ástæðu til að ætla, að hann muni ekki fá gagngjaldið, og gildi þá einu, hvort gagnaðila verði gefið að sök að svona er ástatt. Þegar svo standi á vegna einhliða yfirlýsinga gagnaðilans, að vafi sé á, að gagngjaldið verði afhent, sé auðvitað ljóst, að skyldan til greiðslunnar falli niður. Breyti engu í þessu sambandi, þótt launagreiðandi kunni að eiga önnur úrræði síðar til að innheimta það, sem hann hefur ofgreitt.

Stefndi bendir á, að í greinargerð sinni telji stefnandi, að ákvörð-

un um fyrirframgreiðslu launa sé undantekning frá þeirri meginreglu vinnuréttarins að greiða laun eftir á. Þetta sé rétt. Af þessu verði sú ályktun dregin, að óheimilt sé að leggja víðtækari merkingu í undantekninguna heldur en hún beinlínis felur í sér, þ.e. að launin greiðist fyrirfram, þegar allt er með felldu í vinnusambandinu. Fráleitt megi túlka undantekninguna frá meginreglunni svo, að í henni felist einhver tilflutningur á áhættu milli aðila á þann hátt, að launagreiðanda beri að greiða, jafnvel þótt á gjalddaganum liggi fyrir einhliða yfirlýsing starfsmanns um, að hann muni ekki efna af sinni hálfu, nema eitthvað sérstakt komi til, m.ö.o. sæti undantekningu frá meginreglunni um þrönga skýringu.

Þá tekur stefndi fram, að stefnandi leggi á það áherslu í greinargerð sinni, að verkfall sé lögmæt aðgerð, sem ekki feli í sér slit á ráðningarsamningi. Þetta sé út af fyrir sig rétt, þótt ekki megi draga af þessu þær ályktanir, sem stefnandi vilji gera. Það, sem máli skipti, sé, að starfsmaðurinn missi rétt sinn til launanna, þegar hann fer í verkfall. Réttur launagreiðandans til að fella niður sína greiðslu á móti sé ekki háður því, hvort niðurfelling á vinnu sé í sjálfu sér lögmæt eða ólögmæt gagnvart honum. Það, sem máli skipti, sé, að skyldan til launagreiðslu falli niður og það séu þessir hagsmunir, sem verið sé að vernda með því að greiða ekki launin. Hitt skipti svo auðvitað líka máli, að verkfallsboðun sé þvingunaraðgerð launþegans til þess ætluð að knýja vinnuveitandann til samninga um hærri launagreiðslur. Við túlkun á réttarstöðu aðilanna megi ekki velja þann kost, að stefnda sé skylt að greiða laun fyrirfram og auðvelda starfsmönnum þannig þvingunaraðgerðir gegn sér.

Enn tekur stefndi fram, að stefnandi telji í greinargerð sinni, að framkvæmd launagreiðslna hjá stefnda í október 1977 sé málstað sínum til framdráttar. Þessu sé með öllu mótmælt. Í fyrsta lagi skuli á það bent, að ástæður hafi þá verið aðrar, þar sem ekki hafi legið fyrir 1. október 1977 úrslit í atkvæðagreiðslu félagsmanna í BSRB um tillögu sáttanefndar, svo sem var 1. október sl., sbr. 21.-24. gr. laga nr. 29/1976. Hitt skipti svo meginmáli, að greiðslan 1. október 1977 hafi ekki byggst á því, að skylt væri að greiða. Ákvörðun hafi þá verið tekin um að greiða vegna þess, að stefndi hafi talið það skynsamlega ráðstöfun við þær aðstæður, sem þá voru uppi. Af þessari framkvæmd verði því engar ályktanir dregnar um skyldu aðila.

Loks tekur stefndi fram, að í greinargerð sinni byggi stefnandi á því, að samþykkt borgarráðs 1978 hafi verið gerð til að koma í veg fyrir þá óeðlilegu stöðu, að starfsmaður borgarinnar fengi greidd fyrirfram laun fyrir þann tíma, sem hann kynni að vera í verkfalli. Með því að breyta samþykktinni 1984 hafi borgaryfirvöld tekið á sig áhættuna af þessu. Í þessu sambandi telur stefndi ljóst, að fyrirframgreiðsla launa sé óeðlilegri til starfsmanna með verkfallsrétt heldur en starfsmanna, sem ekki hafa þann rétt. Þetta stafi af því, að hætta sé á tilvikum, þar sem starfsmaður verði ranglega búinn að fá laun fyrir tímabil, sem verkfall stendur. Megi í því efni benda á, að lengsti mögulegi frestur frá verkfallsboðun í verkfall skv. III. kafla laga nr. 29/1976 sé 30 dagar, ef sáttanefnd nýti til fulls heimild til frestunar samkvæmt 22. gr. Stysti frestur sé 15 dagar, sbr. 19. gr. Og með því að breyta samþykkt sinni frá 1978 hafi borgarstjórn tekið á sig nokkra aukna áhættu að þessu leyti, þ.e.a.s. á tilvikum, þegar verkfall, sem hefst innan mánaðarins, hefur ekki verið boðað í byrjun hans. Það sé hins vegar alveg óheimilt að telja, að í þessu hafi falist áhætta af því tagi, sem stefnandi vill vera láta.

V.

Það er meginregla í vinnurétti, að vinnusamningar aðila, þ.e. vinnuveitanda og launþega, eru gagnkvæmir á þann hátt, að skylda annars aðilans til þess að inna af hendi sitt framlag er almennt háð því, að mótaðilinn efni sinn hlut skyldunnar. Af því leiðir, að ekki er vafi á því, að launþegi, sem er í verkfalli, á ekki rétt til launa fyrir þá daga, sem hann er í verkfallinu.

Þá er það einnig meginregla á sviði vinnuréttarins, að launþeginn þurfi fyrst að láta vinnu sína af hendi, áður en hann öðlast rétt á gagngjaldinu þ.e. launum sínum.

Frá síðastgreindri meginreglu var brugðið í lögskiptum aðilanna, þegar stefndi samþykkti hinn 3. maí 1984, að tilteknir starfsmenn hans fengju föst laun sín greidd mánaðarlega fyrirfram fyrsta virkan dag hvers mánaðar.

Þegar kjarasamningur var undirritaður framangreindan dag, virðast engar umræður hafa farið fram um það, hvernig við skyldi bregðast með fyrirframgreiðslu launanna, ef til verkfalls starfsmanna Reykjavíkurborgar kæmi, og enginn fyrirvari er skráður um þetta í sjálfum samningnum. Verður eigi á það fallist með stefn-

anda, að úrslit málsins eigi að ráðast af því, að stefndi samþykkti kjarasamninginn án sérstaks fyrirvara um þetta samningsákvæði.

Á það þykir mega fallast með stefnda, að samningsákvæðið um fyrirframgreiðslu launa eigi ekki að skýra svo bókstaflega, að það hafi átt að tryggja félagsmönnum stefnanda launagreiðslur fyrir tímabil, sem þeir fyrirsjáanlega yrðu í verkfalli. Breytir engu í því sambandi, þótt stefndi ætti þess kost að draga kaupið fyrir verkfallsdagana frá launum, sem starfsmenn ynnu fyrir síðar.

Á gjalddaga launanna 1. október 1984 hafði sáttatillaga sáttanefndar verið felld, og boðað verkfall 4. sama mánaðar hafði ekki verið afturkallað. Að svo vöxnu máli var stefnda rétt að greiða einungis laun fyrir þá þrjá daga mánaðarins, sem fyrirsjáanlegt var, að unnið yrði. Verður eigi á það fallist með stefnanda, að slík óvissa hafi verið hinn 1. október um, hvort til verkfalls kæmi, að stefnda væri skylt að greiða föst laun fyrir októbermánuð fyrirfram. Þá þykir 14. gr. reglugerðar nr. 236/1976 eigi standa í vegi fyrir þessari túlkun á kjarasamningnum.

Þá verður eigi heldur talið, að áðurgreind framkvæmd á launagreiðslum 1. otkóber 1984 sé út af fyrir sig brot á reglugerð um réttindi og skyldur starfsmanna Reykjavíkurborgar, svo sem henni var breytt með samþykkt borgarráðs 8. maí 1984.

Samkvæmt framansögðu ber að hafna kröfu stefnanda. Verður sýknukrafa stefnda því tekin til greina, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Stefndi, borgarstjórinn í Reykjavík f.h. Reykjavíkurborgar, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Bandalags starfsmanna ríkis og bæja vegna Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Sératkvæði
Sigurfinns Sigurðssonar.

Eftir að borgarstjórn Reykjavíkurborgar hafði með samþykkt í borgarráði hinn 25. apríl 1978 ákveðið að afnema fyrirframgreiðslu launa til nýrra starfsmanna Reykjavíkurborgar, var í samræmi við

sérkjarasamninga Reykjavíkurborgar og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar frá 3. maí 1984 ákveðið með reglugerð, að starfsmenn, sem uppfylltu tiltekin skilyrði, fengju föst mánaðarlaun greidd fyrirfram 1. virkan dag hvers mánaðar.

Þrátt fyrir reynslu af fyrirframgreiðslu launa í verkfalli starfsmanna Reykjavíkurborgar árið 1977 sá borgarstjórn ekki ástæðu til þess að setja í reglugerðina fyrirframgreiðslu launa að boðuðu verkfalli í greiðslumánuði.

Verður því ekki annað séð en að samningsaðilar hafi verið ásáttir um, að tekið skyldi upp að nýju það fyrirkomulag, sem gilt hafði um fyrirframgreiðslu launa, áður en fyrrgreind samþykkt borgarráðs 1978 kom til framkvæmda.

Svo sem fram kemur í greinargerðum málsaðila, er ágreiningslaust, að laun skuli ekki greiða fyrir þann tíma, sem starfsmenn eru í verkfalli.

Þá eru aðilar sammála um, að í því tilviki, sem hér um ræðir, sé vinna endurgjald launa í stað hins venjulegasta, að laun séu endurgjald vinnu. Skyldan til þess að inna endurgjaldið af hendi sé vafalaus.

Í því sambandi ber að líta til þess, að sá aðili, sem fyrr greiðir sinn hluta, tekur jafnan á sig nokkra áhættu af því að fá endurgjaldið ekki á umsömdum tíma.

Með tilliti til langs uppsagnarfrests þeirra starfsmanna Reykjavíkurborgar, er mál þetta varðar, svo og þess, að unnin yfirvinna er jafnan greidd eftir á, verður eigi fallist á það, að fjárhagsleg áhætta af fyrirframgreiðslu fastra launa að boðuðu verkfalli sé slík, að hún réttlæti riftun samkomulags um það greiðslufyrirkomulag.

Endurgjaldið, þ.e. vinnuframlagið, kann hins vegar að geta dregist vegna þó fullkomlega löglegra aðgerða, sem verkfall telst vera.

Framkvæmd boðaðrar vinnustöðvunar er jafnan háð fyrirvara um, að samkomulag náist, þannig að aldrei verður fullyrt fyrirfram um það, hvort hún kemur til framkvæmda eða henni verður aflýst eða frestað.

Ekki eru í kjarasamningum málsaðila nein ákvæði, er veita öðrum aðilanum heimild til þess að víkja frá gerðum kjarasamningum vegna einhliða mats síns á líkum þess, að boðað verkfall komi til framkvæmda.

Með hliðsjón af framansögðu og með tilvísun til 14. gr. reglugerðar nr. 236/1976 um kjarasamninga starfsmanna sveitar- og sýslufélaga innan Bandalags starfsmanna ríkis og bæja ber að taka dómkröfur stefnanda til greina.

Vegna eðlis máls þessa þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda málskostnað, sem telst hæfilegur kr. 10.000,00.

Dómsorð:

Krafa stefnanda, Bandalags starfsmanna ríkis og bæja f.h. Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar, á hendur stefnda, borgarstjóranum í Reykjavík f.h. Reykjavíkurborgar, þess efnis, að dæmt verði, að sú ákvörðun stefnda að greiða þann 1. október 1984 einungis laun fyrir tímabilið 1. - 3. október 1984 til þeirra starfsmanna sinna, sem starfað hafi a.m.k. eitt ár samfellt hjá stefnda og hafa skriflega á þar til gerð eyðublöð óskað eftir fyrirframgreiðslu fastra launa, enda sé viðkomandi starfsmaður í a.m.k. 50% starfi, sé ólögmæt og brjóti í bága við sérkjarasamning aðila frá 3. maí 1984 og reglugerð um réttindi og skyldur starfsmanna Reykjavíkurvorgar, er tekin tilgreina.

Stefndi greiði stefnanda 10.000,00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 21. desember 1984.

Nr. 11/1984. **Blaðamannafélag Íslands**
(Svala Thorlacius hrl.)
gegn
Vinnuveitendasambandi Íslands
f.h. Félags íslenska prentiðnaðarins
vegna Árvakurs h/f
(Þórarinn V. Þórarinsson cand.jur.),

Verkfall. Kjarasamningur. Fyrirframgreiðsla launa. Sératkvæði.

Dómur Félagsdóms.

Mál þetta dæma Bjarni Kristinn Bjarnason, Björn Helgason, Gunnlaugur Briem, Árni Guðjónsson og Gunnar Guðmundsson.

Málið, sem tekið var til dóms 19. þ.m., er höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu, birtri 16. október 1984.

Stefnandi málsins er Blaðamannafélag Íslands, Síðumúla 25, Reykjavík.

Stefndi er Vinnuveitendasamband Íslands f.h. Félags íslenska prentiðnaðarins vegna Árvakurs h/f, Aðalstræti 6, Reykjavík.

Stefnandi gerir eftirfarandi dómkröfur:

„1. Að sú framkvæmd stjórnar Árvakurs h/f að greiða þann 1. október sl. þeim félagsmönnum stefnanda, sem samkvæmt gr. 1.3. í kjarasamningi aðila teljast fastráðnir, einungis föst laun fyrir tímabilið 1. til og með 3. október 1984, teljist brot á síðast gildandi kjarasamningi aðila frá 20. mars 1984, nánar tiltekið gr. „1.3., útborgun launa".
2. Að stefndi verði látinn greiða hæfilega sekt að mati dómsins til ríkissjóðs.
3. Krafist er greiðslu málskostnaðar að mati Félagsdóms úr hendi stefnda."

Stefndi krefst nú sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hans hendi að mati dómsins.

Stefndi hafði í fyrstu uppi frávísunarkröfu í málinu, en féll frá henni í þinghaldi 26. nóvember 1984.

I.

Hinn 20. mars 1984 var undirritaður kjarasamningur milli Blaðamannafélags Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands vegna

Félags íslenska prentiðnaðarins. Samkvæmt 17. gr. samningsins er gildistími hans frá 1. mars 1984 til 15. apríl 1985, en heimilt er samningsaðilum að segja upp launaliðum samningsins með mánaðarfyrirvara, þannig, að þeir séu lausir 1. september 1984 og 1. janúar 1985. Skyldu laun hækka um 3% 1. september 1984 og 2,9% 1. janúar 1985. Hinn 26. júlí 1984 sagði stefnandi upp launaliðum kjarasamningsins miðað við 1. september 1984, og kom umrædd áfangahækkun ekki til framkvæmda.

Árvakur h/f, sem gefur út Morgunblaðið, er aðili að Félagi íslenska prentiðnaðarins, en síðastgreint félag er eitt af aðildarfélögum Vinnuveitendasambands Íslands. Í þjónustu Árvakurs h/f starfa einkum félagsmenn þriggja stéttarfélaga, þ.e. Blaðamannafélags Íslands, Félags bókagerðarmanna og Verslunarmannafélags Reykjavíkur. Bæði fyrrtöldu félögin sögðu upp launaliðum kjarasamningsins, en hið síðastnefnda gerði það ekki. Blaðamannafélag Íslands og Félag bókagerðarmanna lögðu hvort um sig fram kröfur um breytingar á launaliðum samninga til hækkunar. Félag íslenska prentiðnaðarins hafnaði þessum kröfum, og fór svo, að Félag bókagerðarmanna boðaði verkfall í öllum prentiðnaðarfyrirtækjum frá og með 10. september 1984. Verkfall þetta lamaði útgáfustarfsemi Árvakurs h/f og annarra dagblaða. Af þeim sökum lagðist vinna við útgáfu Morgunblaðsins af, og urðu starfsmenn Árvakurs h/f, sem ekki voru í verkfalli, verkefnalitlir eða verkefnalausir fljótlega eftir 10. september.

Hinn 26. september 1984 boðaði Vinnuveitendasamband Íslands verkbann gagnvart félagsmönnum Félags bókagerðarmanna og Blaðamannafélags Íslands frá og með 4. október 1984, og kom verkbannið til framkvæmda þann dag.

Í grein 1.3. í kjarasamningnum frá 20. mars 1984 er svofellt ákvæði:

„Útborgun launa.

Laun þessi greiðast fyrirfram 1. virkan dag hvers mánaðar. Flytjist blaðamenn og handritalesarar milli blaða, skulu þeir halda launagreiðslum sínum í samræmi við starfsaldur sinn.

Er maður hefur störf við blaðamennsku, skulu þrír fyrstu mánuðirnir teljast reynslutími. Telst hann þá fastráðinn, sé ekki um annað samið, og hefjast þá fyrirframgreiðslur launa. Verði blaðamaður ráðinn áfram, telst reynslutími til starfstíma.“

Fyrsti virkur dagur í október var mánudagurinn 1. október. Árvakur h/f greiddi fastráðnum blaðamönnum sínum þann dag aðeins laun fyrir fyrstu þrjá daga mánaðarins, það er að segja til og með 3. október 1984, en daginn eftir skyldi verkbann hefjast samkvæmt áðurgreindri boðun. Þessu hefur stefnandi ekki viljað una, og hefur hann því höfðað mál þetta.

Verkbannið stóð til 22. október 1984, er Vinnuveitendasambandið aflétti því í kjölfar samnings við Félag bókargerðarmanna til að greiða fyrir samningum útgefenda og Blaðamannafélags Íslands. Degi síðar voru laun fyrir tímabilið frá 22. til 31. október greidd til blaðamanna án athugasemda eða fyrirvara af þeirra hálfu.

II.

Rökstuðningur stefnanda fyrir kröfum sínum er þessi:

Sú framkvæmd af hálfu Árvakurs h/f að greiða blaðamönnum aðeins laun fyrir þrjá fyrstu daga októbermánaðar er skýlaust brot á grein 1.3. í kjarasamningi aðila. Þar kemur fram, að greiða skuli laun fastra starfsmanna fyrirfram fyrsta virkan dag hvers mánaðar.

Það hefur verið talin meginregla innan vinnuréttarins, að launþeginn eigi ekki rétt á greiðslu, fyrr en hann hefur innt af hendi vinnuframlagið. Nú hin síðari ár hefur tíðkast, að laun séu greidd fyrirfram. Á það einkum við fasta starfsmenn, er unnið hafa a.m.k. þrjá mánuði hjá viðkomandi vinnuveitanda. Dæmi um slíka undantekningu er einmitt að finna í kjarasamningi aðila frá 20. mars 1984. Þar kemur skýrt fram, að laun fastra starfsmanna skuli greiða fyrsta virkan dag hvers mánaðar. Ekki eru sett nein frekari skilyrði fyrir því, að laun séu greidd fyrirfram, aðeins það, að starfsmenn skuli vera fastráðnir. Ekki er það gert að skilyrði, að fyrirsjáanlegt sé, að unnið verði út mánuðinn. Ákvæði þetta er nánast skilyrðislaust. Réttur til fyrirframgreiðslu launa byggist eingöngu á þessu ákvæði. Ekki eru fyrir hendi lög eða aðrar heimildir, er bjóða, að stefndi skuli greiða laun fyrirfram. Þetta ber að hafa í huga, þegar ákvæðið er skoðað. Ef ákvæði þetta er skýrt samkvæmt orðanna hljóðan, er ljóst, að greiða á laun fyrirfram fyrsta hvers mánaðar, ef samningur er í gildi.

Hinn 1. október 1984 var í gildi kjarasamningur milli aðila. Launaliðum þess samnings hafði að vísu verið sagt upp. Það skiptir þó ekki máli, því að nefnt ákvæði tilheyrir ekki launaliðum, og þótt svo væri, þá er það almenn regla, að unnið er eftir síðastgildandi

kjarasamningi, þar til nýr kjarasamningur er gerður. Sá gamli samningur er þá sá grundvöllur, er aðilar byggja ráðningarsamband sitt og réttindi og skyldur á. Þessi almenna regla og venja er m.a. lögfest í 14. gr. laga nr. 29/1976. Þar segir, að renni kjarasamningur út fyrir uppsögn, skuli eftir honum farið, uns nýr kjarasamningur hefur verið gerður eða vinnustöðvun hefst. Hér er komið að kjarna málsins. Verkbann það, er boðað var hinn 26. september af stefnda, var ekki komið til framkvæmda 1. október. Þá lá einungis fyrir einföld verkbannsboðun. Réttaráhrif slíkrar boðunar á gildi kjarasamningsins eru nánast engin. Boðunin sem slík hefur ekki þau áhrif, að samningurinn falli niður. Það er ekki fyrr en til verkbanns (eða verkfalls) kemur, sem réttarsamband aðilanna fellur niður.

Ákvæðið um fyrirframgreiðslu launa er skilyrðislaust, enda vandséð, hvernig hægt væri að setja ákveðin skilyrði fyrir fyrirframgreiðslu fram í tímann. Hver ætti þá að meta, hvort slík skilyrði rættust. Það er því álit stefnanda, að ekki sé hægt að réttlæta niðurfellingu á greiðslu launa á þeirri forsendu, að boðað verkbann kæmi væntanlega eða hugsanlega til framkvæmda 4. október, því að ekki lá fyrir, hvort verkbannið kæmi til framkvæmda, þegar ákvörðun um launagreiðslur var tekin. Vel var hugsanlegt, að til lagasetningar gæti komið, aðilar semdu eða verkbannið reyndist ólögmætt. Stefnandi bendir jafnframt á, að sú ákvörðun stefnda að greiða ekki laun fyrirfram út mánuðinn sé nýmæli í samskiptum aðila vinnumarkaðarins. Ekki er vitað til þess, að vinnuveitendur hafi áður neitað að greiða laun til fastra starfsmanna, þótt fyrirhuguð væri vinnustöðvun af þeirra hálfu. Í verkfalli því, er kom til framkvæmda 11. október 1977 hjá opinberum starfsmönnum, hafi það verið boðað löngu fyrir útborgunardag. Engu að síður voru laun þá greidd fyrirfram. Sama er að segja um framkvæmd þessara mála í kjaradeilu bankanna og Sambands íslenskra bankamanna í desember 1980.

Stefnandi andmælir því, að 3. gr. laga nr. 19/1979 eigi við lögskipti aðilanna í máli þessu. Sé sýknukrafa stefnda byggð á þeirri lagagrein því haldlaus. Í því sambandi vitnar stefnandi til athugasemda við frumvarp til laga nr. 16/1958 og umræðna á Alþingi um það frumvarp, en lög nr. 19/1979 hafi leyst af hólmi lög nr. 16/1958. Einnig vísar stefnandi í þessu sambandi til dóms Félagsdóms 7. ágúst 1980 í máli Vinnuveitendasambands Íslands vegna Flugleiða h/f gegn Félagi íslenskra atvinnuflugmanna.

III.

Stefndi styður kröfu sína um sýknu m.a. eftirgreindum rökum: Á grundvelli 3. greinar laga nr. 19/1979 var Árvakri h/f eigi skylt að greiða blaðamönnum, er starfa í hans þjónustu, laun af nokkru tagi þann tíma, sem atvinnurekstur lá niðri vegna verkfalls Félags bókagerðarmanna eða frá 10. september til og með 22. október. Í tilvitnaðri lagagrein segir efnislega, að atvinnurekanda sé eigi skylt að greiða bætur til launþega sinna, þótt vinna þeirra nemi eigi 130 klst. á mánuði, þegar vinna fellur niður af nánar tilgreindum ástæðum. Í lagagreininni sjálfri eru þau dæmi talin, ef hráefni er ekki fyrir hendi hjá fiskiðjuveri, upp- og útskipunarvinna ekki fyrir hendi hjá skipaafgreiðslu eða fyrirtæki verði fyrir ófyrirsjáanlegu áfalli, s.s. vegna bruna eða skipstapa. Umrætt lagaákvæði er að stofni til úr lögum nr. 16/1958, en lög nr. 19/1979 tóku við af þeim lögum. Í greinargerð með þeim lögum segir um efni 3. greinar laga 1979 (2. gr. laga nr. 16/1958): „Í greininni eru nokkur dæmi nefnd þess, að vinna falli niður af eðlilegum ástæðum. Þessi dæmi eru ekki tæmandi, en aðeins leiðbeinandi. Önnur tilvik en þau, sem nefnd eru, koma því til greina. Mætti t.d. nefna, ef vinna fellur niður vegna veðurs, verkfalla eða verkbanna." Ákvæði þetta er fortakslaust, og verður eigi séð, að félagsmenn Blaðamannafélags Íslands séu með nokkrum hætti undanþegnir þessu tiltekna ákvæði laga nr. 19/1979, þó að heiti laganna sé „Lög um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og rétt til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla". Launagreiðslu Árvakurs h/f til handa félagsmönnum Blaðamannafélags Íslands, er starfa í hans þjónustu, virðast því vera umfram skyldu hvað varðar tímabilið frá 10. september til 22. október 1984, en á þeim tíma lá atvinnurekstur hans óumdeilanlega niðri. Ætti málsástæða þessi ein sér að leiða til sýknu af öllum kröfum stefnanda í máli þessu.

Verði ekki fallist á fyrrgreinda málsástæðu, telur stefndi, að reyni á skilning á því ákvæði kjarasamnings aðila frá 20. mars 1984, þar sem segir: „Laun þessi greiðast fyrirfram 1. virkan dag hvers mánaðar."

Við skýringu þessa ákvæðis telur stefndi, að hafa verði tvennt í huga. Hið fyrra er, að laun eru endurgjald vinnuveitanda fyrir vinnuframlag starfsmanns, í öðru lagi, að fyrirframgreiðsla endurgjalds þessa er undantekning frá þeim meginreglum, sem almennt

gilda á vinnumarkaði. Af þessu leiðir, að ákvæði samningsins um fyrirframgreiðslu verður að túlka þröngt á þann veg, að fyrirframgreiðslu verði einungis krafist til þess tíma, er með sæmilegri vissu verður talinn starfstími launþega. Liggi t.d. fyrir, að launþegi muni hætta störfum 15. dag mánaðar, er óumdeilt, að hann á ekki kröfu á fyrirframgreiðslu launa út allan mánuðinn. Sama gildir eðlilega, ef fyrir liggur á gjalddaga launa, að launþegi muni ekki vinna frá tilteknum degi vegna löglegra þvingunaraðgerða í vinnudeilu, hvort heldur um er að tefla verkfall eða verkbann. Við þessar aðstæður verður ekki talið, að launþegi eigi kröfu til fyrirframgreiðslu launa fyrir tíma, sem yfirgnæfandi líkur eru á, að hann muni ekki vinna. Í þessu sambandi er og til þess að líta, að megináhrif verkfalla og verkbanna eru þau, að skylda til greiðslu og endurgjalds fellur niður frá og með þeim tíma, er verkfall eða verkbann kemur til framkvæmda.

Stefndi bendir á, að samkvæmt þeim lagaákvæðum, sem gilda um verkföll og verkbönn í II. kafla laganna um stéttarfélög og vinnudeilur nr. 80/1938, sé það meginsjónarmið, að fullkomin gagnkvæmni skuli ríkja í réttindum og skyldum launþega og atvinnurekanda. Sú niðurstaða, að atvinnurekanda teldist skylt, að greiða starfsmönnum sínum laun í verkfalli eða verkbanni á grundvelli ákvæða kjarasamnings um fyrirframgreiðslu launa, væri í hróplegu ósamræmi við þessa meginreglu íslensks vinnuréttar.

Stefndi telur, að af hálfu stefnanda sé réttilega lögð á það áhersla, að fyrirframgreiðsla launa sé undantekning frá meginreglu á almennum vinnumarkaði. Þessa undantekningu verði því að túlka þröngt og hafa þar til hliðsjónar ætlaðan vilja aðila, er undir þetta greiðsluform gengust. Megi ljóst vera, að með samningsákvæði þessu hafi af hálfu vinnuveitenda ekki verið ætlast til að tryggja blaðamönnum laun í vinnudeilum, og sé ekkert í málinu, sem fært geti rök að því. Þá er því sérstaklega mótmælt, að ákvörðun fjármálaráðuneytisins í verkfalli opinberra starfsmanna 1977 um útborgun fyrirframgreiddra launa hafi þýðingu í þessu máli

IV.

Fallast ber á það með stefnda, að 3. gr. laga nr. 19/1979 um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla eigi ekki við um lögskipti aðilanna, sbr. dóm Félagsdóms 7. ágúst 1980 í málinu nr. 2/1980: Vinnuveitenda-

samband Íslands vegna Flugleiða h/f gegn Félagi íslenskra atvinnuflugmanna.

Það er meginregla í vinnurétti, að vinnusamningar aðila, þ.e. vinnuveitanda og launþega, eru gagnkvæmir. Á því launþegi, sem er í verkfalli, ekki rétt til launa fyrir þá daga, sem verkfallið stendur.

Sama regla gildir um verkbann, sem atvinnurekandi leggur á starfsmenn sína, sbr. 14. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur.

Á það þykir mega fallast með stefnda, að samningsákvæðið um fyrirframgreiðslu launa eigi ekki að skýra svo bókstaflega, að það hafi átt að tryggja félagsmönnum stefnanda launagreiðslur fyrir tímabil, sem þeir fyrirsjáanlega yrðu í verkbanni.

Gjalddagi launanna var 1. október 1984, og boðað verkbann 4. sama mánaðar hafði ekki verið afturkallað. Að svo vöxnu máli var stefnda rétt að greiða einungis laun fyrir þá þrjá daga mánaðarins, sem fyrirsjáanlegt var, að unnið yrði. Verður eigi á það fallist með stefnanda, að slík óvissa hafi verið hinn 1. október um, hvort til verkbanns kæmi, að stefnda væri skylt að greiða fyrirfram föst laun fyrir októbermánuð.

Samkvæmt framansögðu ber að hafna kröfum stefnanda. Verður sýknukrafa stefnda því tekin til greina, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Stefndi, Vinnuveitendasamband Íslands f.h. Félags íslenska prentiðnaðarins vegna Árvakurs h/f, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Blaðamannafélags Íslands, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Sératkvæði
Árna Guðjónssonar.

Ég er sammála meirihluta dómenda um það, að 3. gr. laga nr. 19/1979 eigi ekki við í lögskiptum málsaðilanna.

Á gjalddaga launanna 1. október 1984 var gr. 1.3., sem mælir fyrir um fyrirframgreiðslu launa fastra starfsmanna, í fullu gildi, og er það óumdeilt í málinu.

Telja verður, að stefndi hafi ekki nægilega sýnt fram á, að honum hafi einhliða verið heimilt að víkja frá þessu fortakslausa samningsákvæði, og ber því að leggja þetta ákvæði til grundvallar í samskiptum aðilanna.

Er þá einnig við það miðað, að fara ber eftir ákvæðum síðastgildandi kjarasamnings, þar til verkbann (verkfall) hefst í reynd.

Samkvæmt framansögðu tel ég, að taka beri til greina kröfur stefnanda að öðru leyti en því, að eigi þykir rétt, eins og atvikum er háttað, að gera stefnda fésekt til ríkissjóðs.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að stefndi greiði stefnanda málskostnað, sem telst hæfilega ákveðinn kr. 17.000,00.

Föstudaginn 21. desember 1984.

Nr. 12/1984. **Blaðamannafélag Íslands**
(Svala Thorlacius hrl.)
gegn
Nútímanum h/f
(Eiríkur Tómasson hrl.).

Verkfall. Kjarasamningur. Fyrirframgreiðsla launa. Sératkvæði.

Dómur Félagsdóms.

Mál þetta dæma Bjarni Kristinn Bjarnason, Björn Helgason, Gunnlaugur Briem, Árni Guðjónsson og Gunnar Guðmundsson.

Málið, sem tekið var til dóms 19. þ.m., er höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu birtri 16. október 1984.

Stefnandi málsins er Blaðamannafélag Íslands, Síðumúla 25, Reykjavík.

Stefndi er Nútíminn h/f, Síðumúla 15, Reykjavík.

Stefnandi gerir eftirfarandi dómkröfur:

„1. Að sú framkvæmd stjórnar Nútímans h/f að greiða þann 1. október sl. þeim félagsmönnum stefnanda, sem samkvæmt gr. 1.3. í kjarasamningi aðila teljast fastráðnir, einungis föst laun

fyrir tímabilið 1. til og með 3. október 1984, teljist brot á síðastgildandi kjarasamningi aðila frá 20. mars 1984, nánar tiltekið gr. „1.3., útborgun launa".

2. Að stefndi verði látinn greiða hæfilega sekt að mati dómsins til ríkissjóðs.
3. Krafist er málskostnaðar að mati Félagsdóms."

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hans hendi að mati dómsins.

Í stefnu gerði stefnandi jafnframt þá kröfu:

„Til vara: Að það verði dæmt sem brot á kjarasamningi, að laun voru ekki greidd fastráðnum starfsmönnm Nútímans h/f, sem eru félagsmenn í Blaðamannafélagi Íslands, frá 4. október til 11. október 1984."

Við munnlegan flutning málsins féll stefnandi frá þessari varakröfu, en krafðist þó þess, að tekið yrði tillit til þess við ákvörðun málskostnaðar, að stefndi hefði eftir höfðun máls þessa greitt blaðamönnum sínum laun fyrir tímabilið 4. til 11. október 1984.

Í greinargerð gerði stefndi aðallega þá kröfu, að málinu yrði vísað frá dómi, en féll frá þeirri kröfu í þinghaldi 26. nóvember 1984.

I.

Hinn 20. mars 1984 var undirritaður kjarasamningur milli Blaðamannafélags Íslands og Dagblaðsins Tímans, sem þá var eign Framsóknarflokksins. Um áramótin 1983/1984 var ákveðið að leggja Tímann niður í því formi, sem hann var, og tók við nýtt útgáfufélag, Nútíminn h/f. Formlega var gengið frá yfirtöku Nútímans h/f um mánaðamótin mars/apríl 1984. Yfirtaka Nútímans h/f miðaðist við það, að félagið tæki við öllum réttindum og skyldum fyrri eiganda. Er aðild Nútímans h/f, stefnda í málinu, ekki vefengd.

Samkvæmt 17. gr. kjarasamningsins er gildistími hans frá 1. mars 1984 til 15. apríl 1985, en heimilt er samningsaðilum að segja upp launaliðum samningsins með mánaðarfyrirvara, þannig, að þeir séu lausir 1. september 1984 og 1. janúar 1985. Skyldu laun hækka um 3% 1. september 1984 og 2,9% 1. janúar 1985. Hinn 26. júlí 1984 sagði stefnandi upp launaliðum kjarasamningsins miðað við 1. september 1984, og kom umrædd áfangahækkun ekki til framkvæmda.

Stefndi gefur út dagblaðið NT. Í þjónustu stefnda starfa einkum

félagsmenn Blaðamannafélags Íslands og Félags bókagerðarmanna. Bæði félögin sögðu upp launaliðum kjarasamninga sinna. Gerðu þau kröfur um verulega hækkun launaliða félagsmönnum sínum til handa. Þeim kröfum var hafnað. Félag bókagerðarmanna boðaði þá verkfall í öllum prentiðnaðarfyrirtækjum frá og með 10. september 1984. Verkfall þetta lamaði útgáfustarfsemi Nútímans h/f og annarra dagblaða. Af þeim sökum lagðist vinna við útgáfu dagblaðsins NT niður.

Hinn 26. september boðaði stefndi verkbann gagnvart félagsmönnum stefnanda frá og með 4. október 1984.

Í bréfi stefnda um verkbannsboðunina segir m.a. svo:

„Með vísan til II. kafla laga um stéttarfélög og vinnudeilur nr. 80/1938 tilkynnist yður hér með, að stjórn Nútímans h/f, útgefandi dagblaðsins NT, hefur ákveðið að leggja verkbann á starfsmenn, sem eru félagsmenn í BÍ, frá og með miðnætti aðfaranótt 4. október.

Ástæða verkbannsins er sú, að vegna verkfalls Félags bókagerðarmanna hefur NT ekki komið út í nær þrjár vikur og þar af leiðandi orðið fyrir miklu tekjutapi.

Stjórnin harmar að hafa þurft að grípa til þessara ráðstafana til þess að tryggja stöðu blaðsins og framtíðarútgáfu þess."

Ofangreindu bréfi svaraði stefnandi með bréfi, dagsettu 2. október 1984. Í því bréfi segir svo:

„Samkvæmt ofangreindu bréfi er ástæða verkbannsins mikið tekjutap og það boðað til að tryggja rekstrarstöðu og framtíðarútgáfu blaðs yðar.

Það er álit stjórnar Blaðamannafélags Íslands, að verkbannsboðun þessi sé ólögmæt og ótvírætt brot á 14. gr. laga nr. 80/1938, þar sem henni er ekki ætlað að vinna að framgangi krafna yðar í kjaradeilu við BÍ, heldur styrkja rekstrarstöðu blaðs yðar. Stjórn BÍ áskilur sér allan rétt til að höfða mál á hendur Nútímanum h/f fyrir Félagsdómi, verði verkbannsboðun þessi ekki dregin til baka fyrir 4. október nk."

Stefndi ritaði stefnanda bréf, dagsett 3. október 1984, þar sem hann afturkallaði boðað verkbann og boðaði nýtt. Í bréfinu segir m.a. svo:

„Stjórnin hefur hins vegar, til þess að taka af allan vafa, ákveðið að boða til verkbanns að nýju frá og með 11. október 1984, sbr.

meðfylgjandi bréf til ríkissáttasemjara. Verkbann þetta er að sjálfsögðu lagt á til þess að knýja á um kröfur félagsins í yfirstandandi kjaradeilu, sbr. 14. gr. laga nr. 80/1938. Stjórnin vill jafnframt árétta það sjónarmið, sem fram hefur komið áður, að Nútíminn h/f hefur ekki fjárhagslegt bolmagn til þess að ganga að kaupkröfum BÍ, allra síst í ljósi yfirstandandi prentaraverkfalls."

Í grein 1.3. í kjarasamningnum frá 20. mars 1984 er svofellt ákvæði:

„Útborgun launa.

Laun þessi greiðist fyrirfram 1. virkan dag hvers mánaðar. Flytjist blaðamenn og handritalesarar milli blaða, skulu þeir halda launagreiðslum sínum í samræmi við starfsaldur sinn.

Er maður hefur störf við blaðamennsku, skulu þrír fyrstu mánuðirnir teljast reynslutími. Telst hann þá fastráðinn, sé ekki um annað samið, og hefjast þá fyrirframgreiðslur launa. Verði blaðamaður ráðinn áfram, telst reynslutími til starfstíma."

Fyrsti virkur dagur í október var mánudagurinn 1. október. Stefndi greiddi fastráðnum blaðamönnum sínum þann dag aðeins laun fyrir fyrstu þrjá daga mánaðarins, það er að segja til og með 3. október 1984, en daginn eftir skyldi verkbann hefjast samkvæmt áðurgreindri boðun. Þessu hefur stefnandi ekki viljað una, og hefur hann því höfðað mál þetta.

II.

Rökstuðningur stefnanda fyrir kröfum sínum er þessi:

Stefnandi lítur svo á, að sú framkvæmd að greiða aðeins laun fyrir þrjá fyrstu daga mánaðarins sé brot á gr. 1.3. í gildandi kjarasamningi aðila. Samkvæmt 1. mgr. nefndrar greinar skal greiða laun til fastra starfsmanna fyrsta virkan dag hvers mánaðar. Krafa þessi er undantekning frá þeirri meginreglu, að launþeginn eigi aðeins rétt á launum, eftir að hann hefur innt af hendi vinnuframlag sitt. Í nefndri grein í kjarasamningi aðila kemur skýrt fram, hvenær greiða eigi laun og að þau skuli greidd fyrirfram. Ekki eru sett nein frekari skilyrði fyrir fyrirframgreiðslu en þau, að starfsmaður teljist fastur starfsmaður, þ.e. hafi unnið a.m.k. 3 mánuði. Ekki er það gert að skilyrði, að fyrirsjáanlegt sé, að unnið sé út mánuðinn. Ákvæði þetta er nánast skilyrðislaust. Rétturinn til fyrirframgreiðslu byggist eingöngu á þessu ákvæði, og hafa ber það í huga, þegar það er skýrt og skoðað. Það er álit stefnanda, að útskýra

eigi þetta ákvæði eftir orðanna hljóðan, þar sem aðrar heimildir koma ekki til greina.

Hinn 4. október 1984 var í gildi milli aðila kjarasamningur. Launaliðum hafði verið sagt upp. Stefnandi heldur því fram, að þrátt fyrir uppsögn þeirra gildi gr. 1.3. áfram, þar sem hún sé ekki hluti af launaliðum. Þótt svo færi ekki, er það almenn venja, að unnið er eftir síðast gildandi kjarasamningi, þar til nýr er gerður eða verkbann eða vinnustöðvun hefst, með hliðsjón af 14. gr. laga nr. 29/1976.

Verkbann það, er boðað var 4. október, var ekki komið til framkvæmda 1. október, á gjalddaga launagreiðslna. Það lá einungis fyrir verkbannsboðun, er hefur samkvæmt eðli sínu engin áhrif á réttindi og skyldur aðila kjarasamnings. Það er ekki fyrr en til verkbanns (verkfalls) kemur, sem réttaráhrif kjarasamnings falla niður. Það er því ljóst, að 1. október var ofangreint ákvæði í grein 1.3. í gildi. Það er álit stefnanda, að það sé brot á kjarasamningi að skerða launagreiðslur til starfsmanna á forsendum, sem hugsanlega verða til staðar á ákveðnum tíma, í þessu tilviki verkbannið, er koma átti til framkvæmda 4. október. Það kom ekki til framkvæmda, og því brást sú forsenda, er stjórn Nútímans h/f gaf sér, er hún greiddi laun 1. október 1984. Verkbann kom fyrst til framkvæmda 11. sama mánaðar.

III.

Stefndi styður kröfu sína um sýknu m.a. eftirgreindum rökum:

Samningsákvæðið um fyrirframgreiðslu launa er á því byggt, að vinnuveitandinn og launþeginn inni báðir af hendi skyldur sínar samkvæmt samningnum. Við skýringu á ákvæðinu verður að hafa það í huga, að laun eru endurgjald vinnuveitandans fyrir vinnuframlag launþegans. Skyldur þeirra beggja eru að þessu leyti gagnkvæmar, þ.e. efni annar aðilinn skyldu sína, er hinum skylt að gera slíkt hið sama. Ef fyrir liggur hins vegar, að annar aðilinn efni ekki skyldur sínar samkvæmt samningnum, hlýtur hinum aðilanum að vera heimilt að gjalda í sömu mynt. Fái launþegi ekki greidd laun fyrir vinnu sína, hlýtur honum að vera heimilt að leggja niður vinnu, og með sama hætti hlýtur vinnuveitandi að geta haldið eftir launum, ef launþegi kemur ekki til vinnu, nema lögmæt forföll hamli.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 80/1938 hafði stefndi ótvíræða lagaheimild til þess að leggja verkbann á félaga í Blaðamannafélagi

Íslands frá 4. október sl. Sú ákvörðun stefnda að afturkalla fyrri verkbannsboðun og boða verkbann að nýju frá og með 11. október sl. skiptir engu máli í þessu sambandi vegna þess í fyrsta lagi, að stefndi taldi upphaflegu verkbannsboðunina fyllilega lögmæta, og í öðru lagi hefur hann greitt laun þeirra blaðamanna, sem hlut eiga að máli, fyrir dagana 4.-11. október. Hinn 1. október sl. lá þess vegna fyrir, að félagar í Blaðamannafélagi Íslands, sem starfa hjá stefnda, myndu ekki koma til vinnu frá og með 4. október, nema viðunandi samningur um launaliði gildandi kjarasamninga hefði tekist fyrir þann tíma, en stefnandi hafði sagt liðum þessum upp. Við þessar aðstæður hlýtur stefnda sem vinnuveitanda að vera óskylt að greiða umræddum blaðamönnum laun nema fyrir það tímabil, sem ljóst er, að þeir muni vinna. Styðst þetta við þá meginreglu kröfuréttar, að í gagnkvæmum samningum þurfi aðili ekki að inna greiðslu sína af hendi, þegar hann hefur á gjalddaga lögmæta ástæðu til að ætla, að gagnaðili muni ekki láta í té endurgjald samkvæmt samningi aðila.

Þá heldur stefndi því fram, að blaðamenn, sem hjá honum unnu, hafi fengið greidd laun fyrir vinnu sína hjá öðrum aðila en stefnda þann tíma, sem verkbannið stóð. Geti þeir þegar af þeirri ástæðu ekki gert kröfu til þess nú, að stefndi hefði átt að greiða þeim laun fyrirfram fyrir októbermánuð, sbr. til hliðsjónar ákvæði 2. mgr. 3. gr. laga nr. 19/1979.

Í greinargerð lögmanns stefnda, sem dagsett er 29. október, er því lýst yfir, að öllum félögum stefnanda, sem starfa hjá stefnda, hafi þá verið greidd laun fyrir októbermánuð að undanskildum þeim dögum, sem verkbann stóð, þ.e. frá 11. til 19. október. Hafi blaðamennirnir tekið við launum þessum án nokkurs fyrirvara.

IV.

Það er meginregla í vinnurétti, að vinnusamningar aðila, þ.e. vinnuveitanda og launþega, eru gagnkvæmir. Á því launþegi, sem er í verkfalli, ekki rétt til launa fyrir þá daga, sem verkfallið stendur.

Sama regla gildir um verkbann, sem atvinnurekandi leggur á starfsmenn sína, sbr. 14. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur.

Á það þykir mega fallast með stefnda, að samningsákvæðið um fyrirframgreiðslu launa eigi ekki að skýra svo bókstaflega, að það

hafi átt að tryggja félagsmönnum stefnanda launagreiðslur fyrir tímabil, sem þeir fyrirsjáanlega yrðu í verkbanni.

Gjalddagi launanna var 1. október 1984, og boðað verkbann 4. sama mánaðar hafði ekki verið afturkallað. Að svo vöxnu máli var stefnda rétt að greiða einungis laun fyrir þá þrjá daga mánaðarins, sem fyrirsjáanlegt var, að unnið yrði. Verður eigi á það fallist með stefnanda, að slík óvissa hafi verið hinn 1. október um það, hvort til verkbanns kæmi, að stefnda væri skylt að greiða fyrirfram föst laun fyrir októbermánuð.

Samkvæmt framansögðu ber að hafna kröfum stefnanda þegar af þessum ástæðum.

Verður sýknukrafa stefnda því tekin til greina.

Eftir atvikum öllum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Stefndi, Nútíminn h/f, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Blaðamannafélags Íslands, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Sératkvæði
Árna Guðjónssonar.

Á gjalddaga launanna 1. október 1984 var gr. 1.3., sem mælir fyrir um fyrirframgreiðslu launa fastra starfsmanna, í fullu gildi, og er það óumdeilt í málinu.

Telja verður, að stefndi hafi ekki nægilega sýnt fram á, að honum hafi einhliða verið heimilt að víkja frá þessu fortakslausa samningsákvæði, og ber því að leggja þetta ákvæði til grundvallar í samskiptum aðilanna.

Er þá einnig við það miðað, að fara ber eftir ákvæðum síðast gildandi kjarasamninga, þar til verkbann (verkfall) hefst í reynd.

Samkvæmt framansögðu tel ég, að taka beri til greina kröfur stefnanda að öðru leyti en því, að eigi þykir rétt, eins og atvikum er háttað, að gera stefnda fésekt til ríkissjóðs.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að stefndi greiði stefnanda málskostnað, sem telst hæfilega ákveðinn kr. 22.000,00.

Fimmtudaginn 19. september 1985.

Nr. 6/1985. **Vinnuveitendasamband Íslands vegna Íslenska álfélagsins h/f**
(Kristján Þorbergsson cand.jur.)
gegn
Alþýðusambandi Íslands f.h. Félags matreiðslumanna
(Gunnar Sæmundsson hdl.).

Verkfall. Ólögmæt vinnustöðvun. Matreiðslumenn.

Dómur Félagsdóms.

Mál þetta dæma Bjarni Kristinn Bjarnason, Björn Helgason, Gunnlaugur Briem, Gunnar Guðmundsson og Jón Þorsteinsson.

Málið, sem var tekið til dóms 17. þ.m., er höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu birtri 13. september 1985.

Stefnandi málsins er Vinnuveitendasamband Íslands, Reykjavík, vegna Íslenska álfélagsins h/f, Straumsvík.

Stefndi er Alþýðusamband Íslands, Reykjavík, f.h. Félags matreiðslumanna, Óðinsgötu 7, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru nú þessar:

1. Að boðað verkfall Félags matreiðslumanna verði dæmt ólögmætt.
2. Að stefnanda verði tildæmdur málskostnaður að skaðlausu úr hendi stefnda.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati dómsins.

I.

Stefnandi kveður málavexti vera þá, að í kjarasamningi hlutaðeigandi verkalýðsfélaga hjá ÍSAL, þ.e. Verkamannafélagsins Hlífar, Félags bifvélavirkja, Félags blikksmiða, Félags járniðnaðarmanna, Rafiðnaðarsambands Íslands, Verslunarmannafélags Hafnarfjarðar, Félags byggingariðnaðarmanna í Hafnarfirði, Félags matreiðslumanna og Verkakvennafélagsins Framtíðarinnar annars vegar, og Vinnuveitendasambands Íslands vegna Íslenska álfélagsins h/f hins vegar, sem undirritaður hafi verið þann 28. nóvember 1984, sé í 8. grein svohljóðandi niðurlags- og gildistímaákvæði:

„Samningur þessi gildir frá 6. nóvember 1984 til 31. desember

1985 og er uppsegjanlegur miðað við þann dag af hálfu beggja aðila með eins mánaðar fyrirvara. Sé honum ekki sagt upp, framlengist hann um þrjá mánuði í senn með sama uppsagnarfresti.

Um svipað leyti vorið 1985 og fulltrúar Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands hefja viðræður um mögulega framlengingu samninga, skulu aðilar þessa samnings jafnframt hefja viðræður á sama grundvelli.

Nái ASÍ og VSÍ ekki samkomulagi samkvæmt framanskráðu fyrir 25. júní 1985, verða launaliðir samnings þessa lausir frá og með 1. september 1985 án sérstakrar uppsagnar.

Nái heildarsamtökin hins vegar samkomulagi, skulu samningsaðilar ræða um hliðstæðar breytingar á samningi þessum."

Ákvæði þetta hafi tengst niðurlags- og gildistökuákvæði samnings ASÍ og VSÍ frá 6. nóvember 1984, en það sé svohljóðandi, sbr. 6. gr. þessa samnings:

„Samningur þessi gildir frá undirskriftardegi, enda hafi samningsaðilum borist tilkynning um samþykki fyrir 26. nóvember nk. Heimilt er Vinnuveitendasambandinu að beina tilkynningu hér um til Alþýðusambandsins og einstökum verkalýðsfélögum til VSÍ. Hafi tilkynning ekki borist innan umrædds frests, öðlast samningurinn fyrst gildi frá og með samþykktardegi viðkomandi verkalýðsfélags. Þetta gildir einnig um þau verkalýðsfélög, sem ekki hafa sagt launaliðum samninga lausum.

Samningur þessi gildir til 31. desember 1985 og er uppsegjanlegur miðað við þann dag af hálfu beggja aðila með eins mánaðar fyrirvara. Sé honum ekki sagt upp, framlengist hann um 3 mánuði í senn með sama uppsagnarfresti.

Fyrir aprílok 1985 skulu fulltrúar Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands hefja viðræður um mögulega framlengingu þessa samnings. Nái Alþýðusamband Íslands og Vinnuveitendasamband Íslands ekki samkomulagi samkvæmt framanskráðu fyrir 25. júní 1985, verður launaliður samningsins laus frá og með 1. september 1985 án sérstakrar uppsagnar."

Stefnandi tekur fram, að viðræður hafi síðan hafist með vorinu og endað með samingi ASÍ og VSÍ 15. júní 1985 eða nokkuð innan þess tíma, sem 8. grein ÍSAL-samningsins frá 28. nóvember og ASÍ/VSÍ-samningsins 6. nóvember 1984 gerðu ráð fyrir. Þar með sé ákvæði ÍSAL-samningsins, sem geri ráð fyrir, að launaliðir verði

lausir 1. september 1985, óvirkt orðið. Samningur ASÍ og VSÍ 15. júní 1985 sé sá samningur, sem greint ákvæði bindi skilyrði, að ekki náist fyrir lausn launaliða 1. september.

Eftir að samningur ASÍ og VSÍ frá 15. júní 1985 lá fyrir, hafi samningsaðilum ÍSAL-samningsins borið að ræða um hliðstæðar breytingar og í ASÍ/VSÍ-samningi greindi samkvæmt fyrirmælum niðurlagsákvæðis ÍSAL-samningsins frá 28. nóvember 1984.

Þeim viðræðum hafi síðan lokið með undirritun breytts ÍSAL-samnings 21. júní 1985. Skýrt hafi komið fram við þá samningsgerð, að með gerð þess samnings væru aðilar að uppfylla skyldur þær, sem á þeim hvíldu samkvæmt gildistímaákvæði 8. greinar samningsins frá 28. nóvember 1984.

Fyrsti fundur aðila um breytingar á ÍSAL-samningi hafi verið haldinn þriðjudaginn 18. júní í húsakynnum Vinnuveitendasambands Íslands að Garðastræti 41. Fundur þessi hafi verið ákveðinn og boðaður með þeim hætti, að í símtali síðdegis laugardaginn 15. júní hafi Örn Friðriksson, aðaltrúnaðarmaður hlutaðeigandi verkalýðsfélaga hjá ÍSAL, og Jakob R. Möller, starfsmannastjóri ÍSAL, ákveðið, að þar sem samningur ASÍ og VSÍ lægi fyrir, væri tímabært orðið, að samningsaðilar kæmu saman til uppfyllingar þeirra samningsskuldbindinga sinna að ræða um hliðstæðar breytingar.

Fundur þessi hafi hafist með því, að Jakob R. Möller hafi lýst þeirri skoðun af hálfu ÍSAL, að samningur ASÍ og VSÍ frá 15. júní væri sá samningur, sem greindi í niðurlagsákvæði ÍSAL-samningsins frá 28. nóvember, og bindi því aðilum þær skyldur, sem fyrr greinir, þ.e. að ræða um hliðstæðar breytingar. Næstur hafi tekið til máls Örn Friðriksson aðaltrúnaðarmaður og lýst því f.h. verkalýðsfélaganna, að þau væru sama sinnis. Margir hinna fulltrúa stéttarfélaganna hafi samsinnt aðaltrúnaðarmanni, en enginn andmælt.

Nýr ÍSAL-samningur hafi síðan verið undirritaður á næsta fundi aðila aðfaranótt 21. júní 1985. Upphafsákvæði þess samnings staðfesti sjónarmið stefnanda um þau meginatvik, sem deila þessi snúist um, með því að í 1. grein sé sérstök tilvísun til niðurlagsákvæðis samningsins frá 28. nóvember 1984.

Þá telur stefnandi, að jafnframt sé ljóst, að samningurinn frá 21. júní feli í sér breytingar á gildandi samningi, svo sem fram komi í 1. grein hans. Það breyti hins vegar engu um, að í fullu gildi sé

samningur eftir sem áður, þótt Félag matreiðslumanna hafi skömmu eftir undirritun hafnað þeim breytingum, sem í þessum samningi fólust, og fellt þær.

Í byrjun júlí hafi verið boðað til fundar vegna þeirrar stöðu, sem þá var upp komin.

Á fundinum, sem m.a. var sóttur af fulltrúa frá Félagi matreiðslumanna, hafi verið bornar fram óskir af hálfu verkakvenna og matreiðslumanna um breytingar á samningnum, en þeim breytingum hafnað af hálfu ÍSAL. Ítrekað hafi verið það sjónarmið, að samningur aðila væri bundinn til áramóta og að launaliðir væru ekki lausir 1. september, vegna þess að samningur ASÍ og VSÍ frá 15. júní 1985 hefði náðst. Jafnframt hafi verið áréttað, að ÍSAL-samningur sé heildarsamningur 10 verkalýðsfélaga við ÍSAL og því gæti ÍSAL ekki fallist á breytingu á samningnum gagnvart einum eða tveimur félögum, án þess að öll félögin ættu beina aðild að þeim breytingum.

Af hálfu ÍSAL hafi síðan verið boðað til annars fundar sömu aðila daginn eftir, þar sem tilkynnt hafi verið sú ákvörðun forsvarsmanna fyrirtækisins, að félagsmönnum þeirra stéttarfélaga, sem hafnað hefðu undirrituðum breytingum á gildandi samningi, yrði engu að síður greitt kaup samkvæmt samningnum, eins og hann lægi fyrir undirritaður. Hafi aðilar skilið við svo búið.

Næst hafi síðan gerst í málinu, að Félag matreiðslumanna hafi sent ÍSAL bréf, dagsett 11. júlí 1985, þar sem fram var tekið, að félagið teldi enn ósamið við matreiðslumenn og greiðsla launa til þeirra umfram skyldu skapaði ÍSAL engan rétt. Félagið hafi lýst þeirri von sinni, að samningaviðræðum yrði hraðað, til þess að það þyrfti ekki að grípa til aðgerða.

ÍSAL hafi svarað með bréfi, dagsettu 15. júlí 1985. Þar sé lýst þeirri skoðun, að samningur aðila sé í gildi til 31. desember 1985, þrátt fyrir það að matreiðslumenn hafi hafnað breytingum á samningnum. Hafi síðan eindregið verið varað við tilraunum til að knýja með aðgerðum fram breytingar á gildandi samningi. Frekari bréfaskriftir hafi síðan farið fram milli aðila, og loks hafi Félag matreiðslumanna með bréfi, dagsettu 11. september 1985, sem ÍSAL barst sama dag, boðað verkfall matreiðslumanna, er starfi í mötuneyti ÍSAL, frá og með kl. 24.00 aðfaranótt laugardagsins 21. september 1985.

Stefnandi kveður málefni þau, sem deila þessi snýst um, hafa borið á góma við samningsgerð ASÍ og VSÍ aðfaranótt 15. júní 1985. Á samningafundinum hafi viðstaddir lýst þeirri skoðun sinni, að samningur sá, sem þeir voru þá að ljúka við, væri einmitt hinn tilgreindi samningur ASÍ og VSÍ, sem um er getið í 8. gr. ÍSAL-samningsins frá 28. nóvember 1984.

Málsástæður og lagarök stefnanda:

Mál þetta er höfðað á grundvelli 1. tl., sbr. 2. tl. 1. mgr. 44. gr. laga nr. 80/1938. Stefnandi telur boðaða vinnustöðvun Félags matreiðslumanna ólögmæta og brot á ákvæðum II. kafla laga um stéttarfélög og vinnudeilur. Í gildi er bundinn kjarasamningur frá 28. nóvember 1984 til næstkomandi áramóta, og aðilar eru samkvæmt því bundnir friðarskyldu til sama tíma. Stefndi virðist hins vegar telja sig lausan undan friðarskyldunni, sbr. verkfallsboðun hans. Á það sjónarmið fellst stefnandi ekki og telur kjarasamninginn í fullu gildi. Vegna verkfallsboðunar stefnda er stefnanda því nauðsynlegt að fá úr því skorið, hvort launaliðir kjarasamnings aðila eru lausir frá 1. september eður eigi.

Lausn launaliða ÍSAL-samningsins frá 28. nóvember 1984 var bundin því frestsskilyrði, að heildarsamtökin á vinnumarkaðnum, ASÍ og VSÍ, næðu ekki samkomulagi fyrir 25. júní 1985. Þar sem heildarsamtökin hins vegar náðu samkomulagi þann 15. júní 1985, kom skilyrðið ekki fram. Af því leiðir, að ekki er um neina lausn launaliða 1. september að ræða. Samkvæmt þessu gildir samningur aðila til 31. desember 1985, en er uppsegjanlegur miðað við þann dag, sbr. 8. gr. samningsins á dskj. nr. 4.

Hefðu samningar um hliðstæðar breytingar, sem í samningi ASÍ og VSÍ frá 15. júní 1985 greindi, ekki náðst á milli ÍSAL og hlutaðeigandi verkalýðsfélaga, væri samningurinn frá 28. nóvember 1984 í gildi óbreyttur.

Fyrirvarar samningsaðila við undirskrift 21. júní sl. um samþykki félagsfunda lúta einungis að breytingum þeim, sem þá voru gerðar, en breyttu í engu ákvæðum 8. gr. ÍSAL-samningsins frá 28. nóvember 1984. Með því var félagsfundum stéttarfélaga gefið færi á að tjá sig um breytingarnar, sem m.a. var eðlilegt í ljósi þess, að í samningnum fólust ný innbyrðis launahlutföll. Það að fella samninginn þýddi því, að viðræður um „hliðstæðar breytingar" hefðu ekki leitt til niðurstöðu að svo stöddu, en lausn launaliðar var

bundin sérstöku skilyrði öðru. ÍSAL hefur jafnan verið reiðubúið til viðræðna, en af hálfu Félags matreiðslumanna hefur ekki verið farið fram á fund. Þaðan af síður hafði ASÍ/VSÍ-samningurinn frá 15. júní áhrif til breytinga á 8. gr. ÍSAL-samningsins, enda yfirlýst af hálfu þeirra, sem að gerð ASÍ/VSÍ-samningsins stóðu, að hann tæki ekki til ÍSAL-samningsins.

Samkvæmt 8. gr. ÍSAL-samningsins hefur sú staðreynd, að ASÍ/VSÍ-samningurinn var gerður, þær afleiðingar, að launaliðir geta ekki orðið lausir fyrr en við lok samningstímans. Sú staðreynd, að ASÍ/VSÍ-samningurinn náðist þann 15. júní innan tímamarka 8. gr. ÍSAL-samningsins, batt aðilum hans þá skyldu að ræða um hliðstæðar breytingar ÍSAL-samningsins, sbr. orðin „hliðstæðar breytingar", en með þeim er að sjálfsögðu átt við efnisatriði ASÍ/VSÍ-samnings, þ.e. breytingu kaupgjaldsákvæða. Tómlæti Félags matreiðslumanna, sem m.a. lýsti sér í því að sækja ekki boðaða fundi getur ekki stofnað rétt.

II.

Af hálfu stefnda er á það bent, að enginn fulltrúi Félags matreiðslumanna hafi undirritað ÍSAL-samninginn frá 21. júní 1985. Yfirtrúnaðarmaður á staðnum, Örn Friðriksson, hafi komið samningnum á framfæri við trúnaðarmann Félags matreiðslumanna, eftir að samningurinn hafði verið undirritaður. Samningurinn hafi verið ræddur og síðan felldur einróma í atkvæðagreiðslu, sem allir félagsmenn Félags matreiðslumanna, sem starfa í mötuneyti Íslenska álfélagsins h/f í Straumsvík, muni hafa tekið þátt í og einungis þeir.

Sýknukröfur stefnda eru á því byggðar, að launaliðir kjarasamnings aðila máls þessa frá 28. nóvember 1984, sbr. samning X frá 24. febrúar 1984, hafi verið lausir frá 1. september 1985, og hafi Félagi matreiðslumanna því verið heimilt að boða vinnustöðvun þá hjá stefnanda, sem deilt er um í máli þessu, samkvæmt 14. gr. laga nr. 80/1938.

Stefndi heldur því fram, að af 1. gr. og fyrirvara með undirskriftum á samningnum frá 21. júní 1985 sé ljóst, að þar sé verið að gera kjarasamning, sem kveði á um breytingu kaupliða samnings aðila frá 28. nóvember 1984. Sá samningur hafi síðan verið borinn undir atkvæði í þeim stéttarfélögum, sem aðild áttu að samningnum frá 28. nóvember 1984, hverju fyrir sig, enda hafi ekki verið um

að ræða samkomulag um sameiginlega atkvæðagreiðslu. Sú skoðun, sem fram virðist koma hjá stefnanda, að launaliðir samningsins frá 28. nóvember 1984 séu bundnir til 31. desember 1985, að því er varðar þau félög, sem höfnuðu samningnum frá 21. júní, sé í algjöru ósamræmi við þessa framkvæmd.

Stefndi telur það vera ágreiningslaust í málinu, að það sé rétt skýring á samningi Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands frá 6. nóvember 1984, að hvert einstakt félag, sem felldi samkomulag það, sem þar var gert ráð fyrir í 6. gr., byggi við lausa samninga frá 1. september 1985. Vegna tengsla samnings aðila máls þessa frá 28. nóvember 1984 við þann samning beri vafalaust að skýra ákvæði 8. gr. samningsins með hliðsjón af 6. gr. samnings ASÍ og VSÍ, enda sé slík skýring eðli máls samkvæm.

Þá telur stefndi, að við skýringu á 8. gr. samningsins frá 28. nóvember beri að hafa hliðsjón af jafnræðisreglu 14. gr. laga um stéttarfélög og vinnudeildur, en á jafnræði myndi mjög skorta, ef annar samningsaðilinn ætti þess ekki kost að beita vinnustöðvun til að vinna að framgangi krafna sinna í vinnudeilu þeirra.

Samkvæmt þessu lítur stefndi svo á, að skýra beri kjarasamning málsaðila frá 18. nóvember 1984 svo, að launaliðir hans verði lausir frá 1. september 1985 án uppsagnar, ef samningur milli Félags matreiðslumanna og Íslenska álfélagsins h/f um framlengingu hafi eigi tekist fyrir 25. júní 1985. Slíkur samningur hafi ekki náðst. Launaliðir samningsins hafi því orðið lausir frá 1. september, enda hafi Félag matreiðslumanna hvorki í orði né verki afsalað rétti þeim, sem það átti samkvæmt margnefndum samningi, til að fá launaliðum hans breytt.

Þá hefur stefndi haldið því fram, að boðun til fundarins 18. júní 1985 hafi af hálfu Íslenska álfélagsins h/f verið ófullnægjandi. Einnig verði að gera kröfu til þess, að gildistímaákvæði í kjarasamningum séu svo ótvíræð, að hverjum manni sé ljóst, hvað við sé átt, en svo hafi ekki verið í samningi aðila frá 28. nóvember 1985.

III.

Álit dómsins.

Í 1. gr. og 1. mgr. 8. gr. kjarasamnings frá 28. nóvember 1984 milli Íslenska álfélagsins h/f og hlutaðeigandi verkalýðsfélaga, sem Félag matreiðslumanna er aðili að, kemur skilmerkilega fram, að samningurinn á að gilda til 31. desember 1985. Í 4. gr. samningsins

er kveðið á um undirbúning að nýju launaflokkakerfi án þess að raska gildistíma samningsins. Þá er í 3. mgr. 8. gr. samningsins mælt svo fyrir, að launaliðir samningsins verði lausir frá og með 1. september 1985, ef ASÍ og VSÍ nái ekki samkomulagi um framlengingu samninga fyrir 25. júní 1985. Þar sem samkomulag tókst innan þessara tímamarka milli ASÍ og VSÍ, kom eigi til þess, að launaliðir samningsins frá 28. nóvember 1984 yrðu lausir.

Kemur þá til álita, hvort í 4. mgr. 8. gr. samningsins frá 28. nóvember 1984 felist heimild til þess að losa um launaliði samningsins miðað við 1. september 1985, eins og stefndi heldur fram. Þessi málsgrein hljóðar þannig:

„Nái heildarsamtökin hins vegar samkomulagi, skulu samningsaðilar ræða um hliðstæðar breytingar á samningi þessum."

Á grundvelli þessa ákvæðis hófust viðræður milli Íslenska álfélagsins h/f og verkalýðsfélaganna, sem lyktaði með samningi, gerðum 21. júní 1985, en þann samning felldi Félag matreiðslumanna, þrátt fyrir það að í honum fælust hliðstæðar kjarabætur og ASÍ og VSÍ höfðu samið um.

Í framangreindu ákvæði 4. mgr. 8. gr. segir ekkert um það, hvernig með skuli fara, ef sú viðræðuskylda um jafnræði, sem þar er stofnað til, leiðir ekki til samkomulags. Nauðsynlegt var að kveða skýrt á um það, ef sú var ætlun samningsaðila, að það hefði í för með sér, að launaliðir samningsins frá 28. nóvember 1984 yrðu lausir.

Samkvæmt framangreindu verður að telja Félag matreiðslumanna bundið kjarasamningi við Íslenska álfélagið h/f til 31. desember 1985. Verkfall það, sem félagið boðaði með bréfi, dagsettu 11. september 1985, og hefjast á frá og með kl. 24.00 aðfaranótt laugardagsins 21. september 1985, er því ólögmætt.

Eftir atvikum þykir rétt, að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu.

Dómsorð:

Verkfall það, sem Félag matreiðslumanna hefur boðað frá kl. 24.00 aðfaranótt laugardagsins 21. september 1985, er ólögmætt.

Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 13. janúar 1986.

Nr. 10/1985. **Vinnuveitendasamband Íslands**
f.h. H/f Eimskipafélags Íslands
(Kristján Þorbergsson cand.jur.)
gegn
Alþýðusambandi Íslands
f.h. Verkamannafélagsins Dagsbrúnar
(Atli Gíslason hdl.).

Frávísunarkröfu hafnað.

Úrskurður Félagsdóms.

Mál þetta dæma Ólafur Stefán Sigurðsson, Björn Helgason, Gunnlaugur Briem, Árni Guðjónsson og Gunnar Guðmundsson.

Málið, sem tekið var til dóms eða úrskurðar 8. þ.m. um fram komna frávísunarkröfu, er höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu, útgefinni og birtri 12. desember sl., og var málið þingfest 16. sama mánaðar.

Stefnandi málsins er Vinnuveitendasamband Íslands f.h. H/f Eimskipafélags Íslands.

Stefndi er Alþýðusamband Íslands f.h. Verkamannafélagsins Dagsbrúnar.

Í stefnu hefur stefnandi gert þessar dómkröfur:

„1. Að bann Verkamannafélagsins Dagsbrúnar við innflutningi og afgreiðslu á suður-afrískum vörum í Reykjavíkurhöfn og bann þess við afgreiðslu á íslenskum útflutningsvörum til Suður-Afríku, sem tók gildi 14. nóvember 1985, verði dæmt brot á kjarasamningi Verkamannafélagsins Dagsbrúnar og Vinnuveitendasambands Íslands f.h. H/f Eimskipafélags Íslands og Hafskips h/f um hafnarvinnu og því ólögmætt.

2. Að stefnanda verði tildæmdur málskostnaður að skaðlausu úr hendi stefnda."

Í greinargerð stefnda, lagðri fram í þinghaldi 18. desember 1985, er gerð krafa um sýknu af stefnukröfum og um málskostnað úr hendi stefnanda að mati réttarins. Þá var og lýst áskilnaði um að hafa uppi frávísunarkröfu þ. á m. við aðalflutning, sem ákveðið var með samkomulagi aðila, að fram færi 8. þ.m. Í þinghaldi þann dag að loknum vitnayfirheyrslum var því lýst yfir af hálfu stefnda,

að á þessu stigi væri gerð sú breyting á dómkröfum, að krafist væri aðallega frávísunar málsins.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 108. gr. laga nr. 85/1936 fór fram þá þegar munnlegur málflutningur um frávísunarkröfuna, en sáttatilraunir höfðu reynst árangurslausar.

Í þessum þætti málsins er þess krafist af hálfu stefnda, að málinu verði vísað frá Félagsdómi og stefnda tildæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda.

Kröfur stefnanda í þessum þætti málsins eru þær, að frávísunarkröfu stefnda verði synjað og stefnanda tildæmdur málskostnaður að skaðlausu.

Í stefnu er tildrögum málsins og helstu málavöxtum lýst á þá leið, að hinn 25. október sl. hafi Vinnuveitendasambandi Íslands borist tilkynning Verkamannafélagsins Dagsbrúnar um innflutnings- og afgreiðslubann á suður-afrískar vörur í Reykjavíkurhöfn svo og bann við afgreiðslu á íslenskum útflutningsvörum til Suður-Afríku. Hafi bann þetta tekið gildi 14. nóvember sl.

Með bréfi, dags. 1. nóvember 1985, hafi Vinnuveitendasamband Íslands mótmælt ólögmæti þessarar aðgerðar og bent á, að það væri ekki á færi stéttarfélaga að ákveða frá degi til dags við hvað félagsmenn stéttarfélagsins megi starfa og hvað ekki. Væri bannið talið brot á gildandi kjarasamningum Dagsbrúnar og Vinnuveitendasambands Íslands.

Nefndu bréfi hafi svo lokið með ósk um fund samningsaðila um málið, sem hafi verið haldinn þann 6. nóvember sl. á skrifstofu Vinnuveitendasambands Íslands að Garðastræti 41. Fundinn hafi setið af hálfu Dagsbrúnar Guðmundur J. Guðmundsson formaður, Halldór Björnsson varaformaður og Þröstur Ólafsson framkvæmdastjóri, en af hálfu Vinnuveitendasambandsins Þórarinn V. Þórarinsson aðstoðarframkvæmdastjóri.

Í upphafi fundar hafi Þórarinn V. Þórarinsson skýrt afstöðu Vinnuveitendasambandsins til umræddsbanns Dagsbrúnar og vísað í því efni til bréfsins frá 1. nóvember. Hann hafi áréttað þann skilning forsvarsmanna Vinnuveitendasambandsins, að Verkamannafélagið Dagsbrún sem og félagsmenn þess, sem störfuðu í hafnarvinnu, væru bundnir af samningum félagsins og samkvæmt því skylt að vinna alla þá vinnu, sem tilheyrði hafnarvinnunni. Engir fyrirvarar væru í samningum aðila þess efnis, að þeir veittu Verka-

mannafélaginu Dagsbrún heimild til að mæla fyrir um það, að tiltekin vinna skyldi ekki unnin, eða almennt hafa afskipti af því frá degi til dags, hvaða reglubundin störf félagsmenn Dagsbrúnar, sem starfi í þjónustu aðildarfélaga Vinnuveitendasambands Íslands, vinni á hverjum tíma. Því teldi Vinnuveitendasambandið bann félagsins í fullkominni andstöðu við samninga aðila og því samningsbrot.

Guðmundur J. Guðmundsson hafi vísað til þess, að Dagsbrún teldi sér fullkomlega heimilt að grípa til aðgerða til stuðnings stéttarbræðrum í Suður-Afríku og að aðgerðinni væri beint gegn suður-afrískum stjórnvöldum, en ekki Vinnuveitendasambandinu eða félagsmönnum þess. Hér væri um fjölþjóðlegt samstarf verkalýðshreyfingarinnar að ræða, sem miðaði að því að bæta kjör svartra íbúa í Suður-Afríku, og að mati Dagsbrúnar stæðu hvorki samningar né lög því í vegi.

Niðurstaða fundarins hafi þá orðið sú, að ekki gæti orðið um samkomulag Dagsbrúnar og Vinnuveitendasambandsins að ræða í þessu efni. Af hálfu Vinnuveitendasambandsins hafi sameiginlegt málskot til Félagsdóms verið reifað, en forsvarsmenn Dagsbrúnar ekki talið ástæðu til sérstakrar samvinnu, sem miðaði að því að fá dómsúrlausn. Það hlyti að verða ákvörðun Vinnuveitendasambandsins. Við svo búið hafi fundinum lokið.

Vinnuveitendasamband Íslands höfðaði síðan mál með stefnu, útgefinni 20. nóvember sl., en það var hafið með samkomulagi aðila 12. f.m.

Frávísunarkrafa stefnda er studd þeim rökum, að umstefnt bann sé ekki vinnudeila í skilningi vinnulöggjafarinnar, sbr. 14. gr. laga nr. 80/1938, og því sé það ekki á sviði Félagsdóms að skera úr um það, sbr. og 44. gr. sömu laga. Við þetta bætist sú staðreynd, að kjarasamningar aðila hafi fallið niður um sl. áramót.

Stefndi telur ennfremur, að málshöfðun stefnanda hafi þann eina tilgang að leita lögfræðilegs álits, og því beri af þeim sökum að vísa málinu frá, sbr. 67. gr. laga nr. 85/1936. Í framhaldi af þessu bendi stefndi á þá breytingu, sem hann telur mega merkja á afstöðu stefnanda til stéttarfélaga og Félagsdóms, en svo virðist sem stefnandi ætli dómstólum annað og meira hlutverk í samskiptum aðila vinnumarkaðarins en honum hafi verið ætlað að gegna með setningu laga nr. 80/1938.

Loks telur stefndi, að á kröfugerð og málatilbúnaði stefnanda séu að öðru leyti þeir gallar, sem frávísun hljóti að varða. Eigi sé getið í kröfugerð, hvaða greinar eða ákvæði í kjarasamningi teljist vera brotin með umræddu banni, lagarök vanti í stefnu og hún uppfylli ekki þau skilyrði, sem nefnd séu í 50. gr. laga nr. 80/1938, þ.e., með hvaða hætti stefnandi hyggist sanna staðhæfingar sínar og kröfur.

Stefnandi mótmælir frávísunarkröfunni sem of seint fram kominni.

Það sé rétt, að deila sú, sem málið sé risið af, sé ekki eiginleg vinnudeila eða ólögmætt verkfall, heldur snúist málið um samningsrof, brot á vinnusamningi. Þannig sé það lagt fyrir dóminn og vísað til 2. tl. 1. mgr. 44. gr. laga nr. 80/1938, sbr. 8. gr. sömu laga. Stefnandi eigi lögvarða hagsmuni af því að fá viðurkenningardóm um lögmæti eða ólögmæti umstefnds banns.

Þótt kjarasamningar aðila hafi runnið út nú um áramótin, breyti það engu um grundvöll málsóknar sinnar, sem enda hafi byrjað í gildistíð þeirra.

Stefnandi vísar því á bug, að tilgangur málshöfðunarinnar sé sá að leita lögfræðilegs álits. Það sé ekki nema í þeim mæli, sem nauðsyn krefji til úrlausnar stefnukröfunni. Hvorki kröfugerð né málatilbúnaður yfirleitt brjóti nokkuð í bága við fyrirmæli í 50. gr. laga nr. 80/1938 og ekki heldur við önnur réttarfarsákvæði, sem hér eigi við. Í stefnu séu þau ákvæði kjarasamnings aðila tilgreind, sem umrætt bann sé talið brjóta gegn. Af þessum ástæðum beri að hrinda frávísunarkröfu stefnda.

Álit dómsins og niðurstaða.

Eigi verður fallist á það með stefnanda, að vísa beri frávísunarkröfunni á bug sem of seint fram kominni.

Telja verður, að úrlausnarefni máls þessa, eins og það er lagt fyrir, heyri undir Félagsdóm, sbr. 2. tölulið 1. mgr. 44. gr. laga nr. 80/1938. Breytir hér engu um, þótt kjarasamningar aðila hafi runnið út nú um áramótin.

Eigi verður talið, að málsókn stefnanda, kröfugerð hans og málatilbúnaður varði við ákvæði 1. málsliðar 67. gr. laga nr. 85/1936, brjóti gegn ákvæðum 50. gr. laga nr. 80/1938 eða öðrum reglum réttarfars, svo að frávísun varði. Að svo vöxnu máli verður frávísunarkrafa stefnda eigi tekin til greina.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Úrskurðarorð:

Krafa stefnda um frávísun málsins er eigi tekin til greina. Málskostnaður fellur niður.

Dómur Hæstaréttar 23. janúar 1986.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Sigurgeir Jónsson, Guðmundur Jónsson, Guðmundur Skaftason, Halldór Þorbjörnsson og Magnús Thoroddsen.

Sóknaraðili hefur samkvæmt heimild í 1. tölulið 67. gr. laga nr. 80/1938 skotið málinu til Hæstaréttar með kæru 13. janúar 1986, sem barst Hæstarétti 17. sama mánaðar. Hann krefst þess, að úrskurður Félagsdóms, upp kveðinn 13. janúar 1986, verði úr gildi felldur og málinu vísað frá Félagsdómi. Þá krefst hann kærumálskostnaðar sér til handa úr hendi varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Mánudaginn 17. febrúar 1986.

Nr. 10/1985. **Vinnuveitendasamband Íslands**
f.h. H/f Eimskipafélags Íslands
(Kristján Þorbergsson cand.jur.)
gegn
Alþýðusambandi Íslands
f.h. Verkamannafélagsins Dagsbrúnar
(Atli Gíslason hdl.).

Kjarasamningur. Bann við innflutningi, útflutningi og afgreiðslu á vörum.

Dómur Félagsdóms.

Mál þetta, sem dómtekið var 3. þ.m. að undangengnum munnlegum málflutningi, er höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu, útgefinni 12. desember 1985.

Stefnandi er Vinnuveitendasamband Íslands f.h. H/f Eimskipafélags Íslands.

Stefndi er Alþýðusamband Íslands f.h. Verkamannafélagsins Dagsbrúnar.

Stefnandi gerir þessar dómkröfur:

Að bann Verkamannafélagsins Dagsbrúnar við innflutningi og afgreiðslu á suður-afrískum vörum í Reykjavíkurhöfn og bann þess við afgreiðslu á íslenskum útflutningsvörum til Suður-Afríku, sem tók gildi 14. nóvember 1985, verði dæmt brot á kjarasamningi Verkamannafélagsins Dagsbrúnar og Vinnuveitendasambands Íslands f.h. H/f Eimskipafélags Íslands og Hafskips h/f um hafnarvinnu og því ólögmætt.

Stefndi krefst sýknu.

Í upphafi gerðu aðilar málskostnaðarkröfu á hendur hvor öðrum, en féllu frá þeim við munnlegan málflutning.

Í stefnu er tildrögum málsins og helstu málavöxtum lýst á þá leið, að hinn 25. október sl. hafi Vinnuveitendasambandi Íslands borist tilkynning Verkamannafélagsins Dagsbrúnar um innflutnings- og afgreiðslubann á suður-afrískar vörur í Reykjavíkurhöfn svo og bann við afgreiðslu á íslenskum útflutningsvörum til Suður-Afríku. Hafi bann þetta tekið gildi 14. nóvember sl.

Með bréfi, dags. 1. nóvember 1985, hafi Vinnuveitendasamband

Íslands mótmælt lögmæti þessarar aðgerðar og bent á, að það væri ekki á færi stéttarfélags að ákveða frá degi til dags, við hvað félagsmenn stéttarfélagsins megi starfa og hvað ekki. Væri bannið talið brot á gildandi kjarasamningum Dagsbrúnar og Vinnuveitendasambands Íslands.

Nefndu bréfi hafi svo lokið með ósk um fund samningsaðila um málið, sem hafi verið haldinn þann 6. nóvember sl. á skrifstofu Vinnuveitendasambands Íslands að Garðastræti 41. Fundinn hafi setið af hálfu Dagsbrúnar Guðmundur J. Guðmundsson formaður, Halldór Björnsson varaformaður og Þröstur Ólafsson framkvæmdastjóri, en af hálfu Vinnuveitendasambandsins Þórarinn V. Þórarinsson aðstoðarframkvæmdastjóri.

Í upphafi fundar hafi Þórarinn V. Þórarinsson skýrt afstöðu Vinnuveitendasambandsins til umræddsbanns Dagsbrúnar og vísað í því efni til bréfsins frá 1. nóvember. Hann hafi áréttað þann skilning forsvarsmanna Vinnuveitendasambandsins, að Verkamannafélagið Dagsbrún sem og félagsmenn þess, sem störfuðu í hafnarvinnu, væru bundnir af samningum félagsins og samkvæmt því skylt að vinna alla þá vinnu, sem tilheyrði hafnarvinnunni. Engir fyrirvarar væru á samningum aðila þess eðlis, að þeir gæfu Verkamannafélaginu Dagsbrún heimild til að mæla fyrir um það, að tiltekin vinna skyldi ekki unnin, eða almennt hafa afskipti af því frá degi til dags, hvaða reglubundin störf félagsmenn þess, sem starfi í þjónustu aðildarfyrirtækja Vinnuveitendasambands Íslands, vinni á hverjum tíma. Því teldi Vinnuveitendasambandið bann félagsins í fullkominni andstöðu við samninga aðila og því samningsbrot.

Guðmundur J. Guðmundsson hafi vísað til þess, að Dagsbrún teldi sér fullkomlega heimilt að grípa til aðgerða til stuðnings stéttarbræðum í Suður-Afríku og að aðgerðinni væri beint gegn suður-afrískum stjórnvöldum, en ekki Vinnuveitendasambandinu eða félagsmönnum þess. Hér væri um fjölþjóðlegt samstarf verkalýðshreyfingarinnar að ræða, sem miðaði að því að bæta kjör svartra íbúa í Suður-Afríku, og að mati Dagsbrúnar stæðu hvorki samningar né lög því í vegi.

Niðurstaða fundarins hafi þá orðið sú, að ekki gæti orðið um samkomulag Dagsbrúnar og Vinnuveitendasambandsins að ræða í þessu efni. Af hálfu Vinnuveitendasambandsins hafi sameiginlegt

málskot til Félagsdóms verið reifað, en forsvarsmenn Dagsbrúnar ekki talið ástæðu til sérstakrar samvinnu, sem miðaði að því að fá dómsúrlausn. Það hlyti að verða ákvörðun Vinnuveitendasambandsins. Við svo búið hafi fundinum lokið.

Vinnuveitendasamband Íslands höfðaði síðan mál með stefnu, út gefinni 20. nóvember sl., en það var hafið með samkomulagi aðila 12. f.m. Sama dag var stefna út gefin í þessu máli og var það þingfest 16. s.m. Greinargerð stefnanda var lögð fram tveimur dögum seinna og þá var ákveðinn aðalflutningur 8. f.m. Í þinghaldi þann dag að loknum vitnayfirheyrslum var því lýst yfir af hálfu stefnda, að kröfugerð hans væri breytt á þann veg, að gerð væri aðallega krafa um frávísun. Fór fram þá þegar munnlegur málflutningur um frávísunarkröfuna. Hafnaði dómurinn henni með úrskurði 13. f.m., sem stefndi skaut til Hæstaréttar, en þar var úrskurðurinn staðfestur með dómi 23. f.m.

Eins og að ofan greinir, var hin umstefnda aðgerð Verkamannafélagsins Dagsbrúnar gerð með samþykkt á fundi trúnaðarmannaráðs félagsins 25. október 1985, og hljóðar hún svo:

„Trúnaðarmannaráð Verkamannafélagsins Dagsbrúnar samþykkir að boða innflutnings- og afgreiðslubann á suður-afrískar vörur í Reykjavíkurhöfn. Það sama gildir um íslenskar útflutningsvörur til Suður-Afríku. Bann þetta tekur gildi frá og með 14. nóv. nk."

Stefnandi byggir dómkröfur sínar á því, að umrætt innflutnings- og afgreiðslubann sé brot á 1. kafla sérkjarasamnings stefnda og stefnanda f.h. H/f Eimskipafélags Íslands og Hafskips h/f, um hafnarvinnu á félagssvæði Dagsbrúnar frá 3. júlí 1984, en þar segi á þessa leið:

„1.0. *Gildissvið*

1.1. Samningur þessi er sérkjarasamningur um vinnu félagsmanna Verkamannafélagsins Dagsbrúnar í þágu vöruafgreiðslna ofangreindra skipafélaga á samningssvæði félagsins.
Með hafnarvinnu er átt við fermingu og affermingu skipa, vöruafgreiðslu svo og alla meðferð á vörum í landi.

1.2. Hafnarverkamenn, sem ráðnir eru skv. samningi þessum, verða ekki sendir út fyrir starfssvæði viðkomandi skipafélags til að pakka vörum eða húsbúnaði, nema samþykki þeirra komi til.

1.3. Dagsbrúnarmenn hafa forgangsrétt til allrar hafnarvinnu í samræmi við ákvæði V. kafla aðalsamnings Dagsbrúnar og Vinnuveitendasambandsins."

Eigi skipti máli, þótt sérkjarasamningur svo og aðalkjarasamningur hafi runnið út um sl. áramót, þar sem öll aðalatriði þeirra haldi gildi sínu áfram, svo sem um kaup og kjör, ráðningarkjör o.s.frv. Þá sé á það að líta, að málið hafi verið höfðað, meðan samningar voru ekki útrunnir.

Samkvæmt reglum vinnumarkaðsréttar sé það meginskylda starfsmanna að inna af hendi þau störf, sem þeir séu ráðnir til, og skila starfi sínu með tilhlýðilegum hætti. Þá sé hlýðni starfsmanna við lögleg fyrirmæli vinnuveitanda ein af meginskyldum þeirra.

Framangreindu fái ekki samrýmst það hátterni forystu Dagsbrúnar að banna félagsmönnum sínum að inna af hendi hluta þeirra starfa, sem gildandi kjarasamningur skuldbindi þá til að vinna.

Fyrirskipun forystu Dagsbrúnar til félagsmanna um að bregðast hlýðniskyldu sinni við vinnuveitanda í formi innflutnings-, útflutnings- og afgreiðslubanns á suður-afrískar vörur feli því í sér brot á kjarasamningi aðila. Á samningsrofum þessum beri Dagsbrún ábyrgð skv. 8. gr. l. nr. 80/1938.

Gildandi kjarasamningur bindi ekki aðeins Vinnuveitendasambandinu og aðildarfyrirtækjum þess skyldur, heldur einnig Verkamannafélaginu Dagsbrún og félagsmönnum þess. Friðarskylda hvíli á aðilum með bundna kjarasamninga og vinnustöðvanir, þ.m.t. takmarkaðar eins og greint bann Dagsbrúnar, því óheimilar og löglausar. Í því efni skipti engu máli, þótt Dagsbrún tjái, að aðgerðinni sé ekki beint gegn Vinnuveitendasambandinu, því að engu að síður bitni aðgerðin á aðildarfyrirtækjum þess, einkum H/f Eimskipafélagi Íslands. Á Dagsbrún hvíli sú skylda að halda gerðan kjarasamning og efna ekki til samningsrofa. Breyti hér engu um, þótt samningar séu nú útrunnir, sbr. það, sem greinir að ofan.

Þá hafi umrætt afgreiðslu-, innflutnings- og útflutningsbann að áliti stefnanda enga stoð í heimildum til samúðarvinnustöðvana. Ekkert verkfall liggi fyrir, enda aðgerðin ekki boðuð sem samúðarvinnustöðvun til stuðnings tiltekinni kröfugerð ákveðins aðila, sem hafið hafi lögmætt verkfall. Þá fái yfirlýstur tilgangur aðgerðarinnar ekki samrýmst reglum um samúðarvinnustöðvanir, því að ekki sé verið að knýja á um lausn hagsmunaágreinings á vinnu-

markaði, heldur sé hér um að ræða pólitíska mótmælaaðgerð til stuðnings baráttu blökkumanna í Suður-Afríku almennt fyrir bættum réttindum og lífsskilyrðum.

Stefndi rökstyður sýknukröfu sína í fyrsta lagi með því, að inn- og útflutningsbann Dagsbrúnar sé ekki verkfall í skilningi vinnulöggjafarinnar og sé því heimilt. Friðarskylda gildi ekki um hina umstefndu aðgerð stefnda, auk þess sem ósannað sé, að hún hafi verið brotin. Þá sé á það að líta í þessu sambandi, að kjarasamningar séu nú lausir, og því sé hann óbundinn af friðarskyldunni. Ekki geti verið um að ræða brot á samningi, sem ekki sé lengur í gildi. Því sé haldið fram, að hvers konar aðgerðir verkafólks séu heimilar með þeim skilyrðum og takmörkunum einum, sem sett séu í lögum. Ekki verði séð, að lög banni, svo að ótvírætt sé, stuðningsaðgerð Dagsbrúnar með stéttarsystkinum í Suður-Afríku. Stefndi ítreki, að tilgangur bannsins sé ekki að vinna að framgangi krafna sinna, sbr. 14. gr. laga nr. 80/1938, og slíku banni séu engar skorður settar skv. vinnulöggjöfinni. Verði og að túlka ákvæði vinnulöggjafarinnar, sem takmarki aðgerðafrelsi stéttarfélaga, þröngt.

Í annan stað bendir stefndi á, að stefnandi vísi ekki til ákveðinna lagaákvæða til stuðnings kröfum sínum, hvorki til ákvæða 17. gr. laga nr. 80/1938 né annarra ákvæða II. kafla laganna. Þá hafi stefnandi ekki sýnt fram á það með viðhlítandi hætti, hvaða ákvæði kjarasamninga teljist hafa verið brotin.

Þá vísar stefndi til heimildar skv. 3. tl. 17. gr. laga nr. 80/1938. Viðurkennt sé, að greinin heimili samúðaraðgerðir. Fyrir liggi, að lögmætar aðgerðir verkalýðsfélaga séu í gangi á Norðurlöndum, Írlandi, í Bandaríkjunum og víðar. Þá sé ljóst, að verkalýðsfélög svarta meirihlutans í Suður-Afríku eigi í deilu um kaup og kjör, en þó fyrst og fremst um þau mannréttindi að vera lögformlegur samningsaðili, mega stofna félög og semja sameiginlega, sbr. einnig samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 98. Að íslenskum lögum ættu þessi verkalýðsfélög rétt til að stofna til verkfalla og annarra úrræða til að knýja atvinnurekendur til samninga. Samúðarverkföll hljóti því að vera heimil íslenskum stéttarfélögum. Verði að túlka nefnt lagaákvæði rúmt í þessu tilviki. Kjarabarátta blökkumanna í Suður-Afríku sé lögmæt vinnustöðvun í skilningi ákvæðisins.

Síðast, en ekki síst, sé sýknukrafan studd skráðum sem óskráðum reglum um almenn mannréttindi. Meðal hornsteina íslenskrar stjórnskipunar séu ákvæði stjórnarskrár Íslands um tjáningar-, funda- og félagafrelsi. Enn ýtarlegri ákvæði sé að finna í Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna, sem Íslendingar hafi samþykkt, þ. á m. um, að engan greinarmun skuli gera milli manna vegna kynþáttar, litarháttar, kynferðis, stjórnmálaskoðana o.s.frv. Enn fremur séu Íslendingar bundnir alþjóðasáttmála um verndun mannréttinda og mannfrelsis. Þessum grunnreglum, yfirlýsingum og samþykktum Sameinuðu þjóðanna og annarra alþjóðastofnana um aðgerðir gegn Suður-Afríku verði Íslendingar að fylgja eftir. Telur stefndi, að ákvæði vinnulöggjafarinnar verði að víkja fyrir þessum grunnreglum. Vinnulöggjöfin megi aldrei verða til þess, að íslensk verkalýðsfélög geti ekki lagst gegn kynþáttaaðskilnaðarstefnu, sem Sameinuðu þjóðirnar hafi lýst sem glæp gegn mannkyninu. Verkamenn sem aðrir hafi fullan rétt á að neita að styðja slíka glæpi beint sem óbeint. Þá telur stefndi, að tilgangur vinnulöggjafarinnar hafi aldrei verið sá að koma í veg fyrir aðgerðir, sem hér sé deilt um. Vísar stefndi einnig til neyðarréttarsjónarmiða í þessu samhengi.

Forsendur og niðurstaða.

Telja verður, að sú venjuhelgaða regla gildi um kjarasamninga, sem sagt hefur verið upp og eru útrunnir, að um réttindi og skyldur samningsaðila fari í öllum meginatriðum eftir gamla samningnum, meðan enn er ósamið og verkfall ekki skollið á. Hefur það því eigi sérstaka þýðingu um úrlausn ágreiningsins í málinu, þótt kjarasamningar aðila rynnu út um síðastliðin áramót, eigi heldur, þótt hingað til hafi ekki reynt á hið umstefnda bann, þar sem engar suður-afrískar vörur hafi komið með skipum til hafnar í Reykjavík frá 14. nóvember 1985, svo að vitað sé.

Af ofangreindum sérkjarasamningi aðila og almennum reglum leiðir, að félagsmenn Dagsbrúnar, sem ráða sig til hafnarvinnu, takast þær skyldur á herðar að ganga til allra almennra hafnarvinnustarfa að boði verkstjórnarmanna, nema um annað sé sérstaklega samið eða sérstök atvik leiði til frávika. Verður að telja þetta vera eina af meginskyldum starfsmanna gagnvart atvinnurekanda og mjög ríka, en ekki öldungis fortakslausa.

Það er álit dómsins, að umrætt ótímabundið innflutnings- og

afgreiðslubann Verkamannafélagsins Dagsbrúnar sé aðgerð einvörðungu í því skyni að styðja almenna mannréttindabaráttu blökkumanna í Suður-Afríku. Verður ekki talið, að bannið eigi sér heimild í 3. tölulið 17. gr. laga nr. 80/1938, þar sem eigi hefur verið sýnt fram á, að það sé til stuðnings ákveðnu verkfalli, enda ekki vísað til þess, er það var boðað.

Að svo vöxnu máli verður eigi séð, að næga heimild til þessara aðgerða megi leiða af kjarasamningum aðila, ákvæðum laga, eðli máls eða sérstökum ástæðum. Verður því að telja hana brot á ofangreindum sérkjarasamningi aðila og því ólögmæta. Ber því að taka kröfur stefnanda til greina.

Dómur þessi er kveðinn upp af Ólafi Stefáni Sigurðssyni, Birni Helgasyni, Gunnlaugi Briem, Árna Guðjónssyni og Gunnari Guðmundssyni.

Dómsorð:

Bann Verkamannafélagsins Dagsbrúnar við innflutningi og afgreiðslu á suður-afrískum vörum í Reykjavíkurhöfn og bann þess við afgreiðslu á íslenskum útflutningsvörum til Suður-Afríku, samþykkt á fundi trúnaðarmannaráðs félagsins 23. október 1985 og tók gildi 14. nóvember 1985, telst vera brot á sérkjarasamningi Verkamannafélagsins Dagsbrúnar og Vinnuveitendasambands Íslands f.h. H/f Eimskipafélags Íslands og Hafskips h/f um hafnarvinnu, dags. 3. júlí 1984, og því ólögmætt.

Fimmtudaginn 13. mars 1986.

Nr. 1/1986. **Fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs**
(Gunnlaugur Claessen hrl.)
gegn
Alþýðusambandi Íslands f.h.
Sveinafélags rafeindavirkja
(Arnmundur Backman hrl.).

Verkfall. Ólögmæt vinnustöðvun. Sératkvæði.

Dómur Félagsdóms.

Mál þetta, sem dómtekið var 26. f.m. að loknum munnlegum málflutningi, er höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu útgefinni 9. janúar 1986 og þingfestri 13. s.m.

Stefnandi er Þorsteinn Pálsson fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs.

Stefndi er Alþýðusamband Íslands f.h. Sveinafélags rafeindavirkja.

Dómkröfur stefnanda eru þessar:

1. Að viðurkennt verði með dómi, að ólögmætt sé boðað verkfall Sveinafélags rafeindavirkja hjá þeim félagsmönnum sínum, er starfa hjá Póst- og símamálastofnun og Ríkisútvarpinu, er hefjast skyldi hinn 2. janúar sl., en frestað hefur verið um sinn, en ekki afturkallað.

2. Að málskostnaður verði felldur niður.

Af hálfu stefnda eru gerðar þær dómkröfur, að viðurkennt verði með dómi, að lögmætt sé boðað verkfall Sveinafélags rafeindvirkja hjá þeim félagsmönnum sínum, er starfa hjá Póst- og símamálastofnun og Ríkisútvarpinu, er hefjast skyldi hinn 2. janúar sl., en frestað var um sinn og ekki afturkallað.

Stefndi krefst málskostnaðar að mati dómsins.

Samkvæmt frásögn í stefnu eru helstu málavextir svo sem hér fer á eftir:

Í árslok 1984 sagði fjöldi rafeindavirkja í þjónustu Póst- og símamálastofnunar sig úr Félagi íslenskra símamanna miðað við 1. janúar 1985. Nokkrar úrsagnir bættust við á árinu 1985. Það félag er eitt aðildarfélaga Bandalags starfsmanna ríkis og bæja. Hið sama gerðu rafeindavirkjar hjá Ríkisútvarpinu á árinu 1985, en þeir sögðu sig úr Starfsmannafélagi ríkisútvarpsins, sem einnig er eitt aðildar-

félaga BSRB. Samhliða úrsögn óskuðu þessir starfsmenn eftir aðild að Sveinafélagi rafeindavirkja, en það félag er innan vébanda Alþýðusambands Íslands. Mun þeim fljótlega hafa verið veitt félagsaðild þar.

Rafeindavirkjun er löggilt iðngrein, sbr. reglugerð nr. 558/1981. Með henni var steypt saman í eina iðngrein tveimur eldri iðngreinum, útvarpsvirkjun og skriftvélavirkjun. Auk þess var símvirkjun felld undir hina nýju iðngrein. Sú reglugerð sýnist hafa tekið gildi 1. febrúar 1982.

Hinn 25. júní 1984 rituðu fulltrúar rafeindavirkja í þjónustu ríkisins fjármálaráðherra bréf. Samhljóða bréf voru send ráðherrum menntamála, iðnaðar- og samgöngumála. Óskuðu þeir eftir viðræðum milli sín og ráðuneytanna um sameiningu allra rafeindavirkja í þjónustu ríkisins í Sveinafélag rafeindavirkja. Af þessu tilefni og að höfðu samráði ráðuneytanna ritaði samgönguráðherra Félagi íslenskra símamanna bréf hinn 2. janúar 1985. Þar kemur fram, að hafnað er samningsaðild Sveinafélags rafeindavirkja fyrir áðurnefnda starfsmenn ríkisins. Jafnframt er tekið fram, að þeir skuli taka laun samkvæmt aðalkjarasamningi BSRB og sérkjarasamningi Félags íslenskra símamanna, á meðan þeir starfa hjá stofnuninni, og að það félag sé eini samningsaðili fyrir þá, er starfa að síma- og fjarskiptamálum. Rafeindavirkjar hjá Ríkisútvarpi fengu frá fjármálaráðuneytinu efnislega sömu svör.

Með bréfi, dags. 21. febrúar 1985, til fjármálaráðherra óskaði Sveinafélag rafeindavirkja eftir fundi til að ræða undirbúning að nýjum kjarasamningi og hvernig að honum skyldi staðið. Fram kemur í bréfinu, að sveinafélagið telur sig vera lögformlegan samningsaðila fyrir félagsmenn sína, sem starfi hjá ríkinu skv. 5. gr. l. nr. 80/1938, sbr. 1. gr. l. nr. 46/1973 um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Þessu bréfi var svarað munnlega með því að vísa til fyrri afstöðu. Samningsaðild sveinafélagsins var því hafnað. Sveinafélagið sendi enn nokkur bréf á fyrri hluta árs 1985 til fjármálaráðherra, samgönguráðherra, póst- og símamálastjóra og útvarpsstjóra, þar sem sjónarmið félagsins um samningsaðild þess eru áréttuð.

Hinn 30. september 1985 skrifa rafeindavirkjar hjá Póst- og símamálastofnun og Ríkisútvarpi viðkomandi stofnunum bréf. Þessi bréf eru stöðluð með þeim hætti, sem hér greinir á eftir:

Í fyrsta lagi senda rafeindavirkjar hjá Ríkisútvarpi, hljóðvarpi, bréf, sem öll eru eins og eru alls fimmtán talsins. Með þessum bréfum er ráðningarkjörum viðkomandi starfsmanna sagt upp frá og með 1. janúar 1986.

Í öðru lagi rita 16 rafeindavirkjar hjá Ríkisútvarpi, sjónvarpi, undir eitt og sama bréfið til útvarpsstjóra. Bréfið er efnislega samhljóða bréfum rafeindavirkja hjá Ríkisútvarpi, hljóðvarpi.

Í þriðja lagi skrifa 79 rafeindavirkjar hjá Póst- og símamálastofnun bréf, þar sem ráðningarkjörum er sagt upp og tekið fram, að viðkomandi sé ekki heimilt að starfa hjá stofnuninni á öðrum kjörum en þeim, sem Sveinafélag rafeindavirkja semur um eða samþykkir. Það eigi við frá og með 1. janúar 1986. Fallist stofnunin ekki á breytt ráðningarkjör, beri að líta á þetta bréf sem uppsögn starfs frá sama tíma.

Í fjórða lagi bárust sams konar bréf frá 12 rafeindavirkjum hjá Póst- og símamálastofnun, nema hvað sleppt er því niðurlagi, að líta beri á bréfið sem uppsögn starfs, ef stofnunin fellst ekki á breytt ráðningarkjör.

Útvarpsstjóri og póst- og símamálstjóri vísuðu þessum málum til viðkomandi ráðuneyta og fjármálaráðuneytisins annars vegar og rafeindavirkja hjá Ríkisútvarpi og Póst- og símamálastofnun hins vegar í nóvember- og desembermánuði sl. Aðilar skýrðu þar viðhorf sín til málsins.

Viðhorf ríkisvaldsins voru áréttuð með bréfi samgönguráðherra til póst- og símamálastjóra, dags. 13. desember 1985, sbr. og bréf hins síðarnefnda 17. desember til rafeindavirkja hjá stofnuninni. Kom í því bréfi m.a. fram, að meðan viðkomandi starfsmenn gegndu starfi skv. þeirri ráðningu, sem þeir nú hefðu, yrðu laun þeirra skv. kjarasamningum, gerðum á grundvelli l. nr. 29/1976 um kjarasamninga BSRB, eða þau yrðu ákveðin skv. 2. mgr. 4. gr. l. nr. 62/1985 um kjarasamninga opinberra starfsmanna, séu þeir utan heildarsamtaka ríkisstarfsmanna. Yrði svo, þar til þeim hefði verið veitt lausn úr starfi, kæmi fram ósk um slíkt með óskilyrtri og fortakslausri uppsögn. Þá tækju lög nr. 33/1915, sem banna verkföll opinberra starfsmanna, til annarra ríkisstarfsmanna en þeirra, sem falla undir kjarasamninga BSRB.

Hinn 23. desember barst fjármálaráðuneytinu bréf Sveinafélags rafeindavirkja, dags. þann dag. Með bréfinu boðar félagið verkfall

félagsmanna sinna, er starfa hjá Póst- og símamálastofnun og Ríkisútvarpi frá og með 2. janúar 1986. Fjármálaráðuneytið svaraði með bréfi samdægurs. Þar er verkfallið lýst ólögmætt og skorað á félagið að draga boðunina til baka. Þessu hafnaði Sveinafélag rafeindavirkja, sbr. bréf þess, dags. 30. desember sl.

Sama dag fór fjármálaráðuneytið þess á leit við Sveinafélag rafeindavirkja, að ágreiningur aðila yrði borinn undir Félagsdóm og meðan beðið væri eftir dómi, frestaði félagið framgangi hins boðaðað verkfalls.

Á fundi, sem haldinn var hinn 1. janúar í fjármálaráðuneytinu, skýrðu fulltrúar Sveinafélags rafeindavirkja frá því, að þeir hefðu ákveðið að verða við tilmælum ráðuneytisins. Var undirritað bráðabirgðasamkomulag þess efnis. Því var fylgt eftir með ýtarlegra samkomulagi, dags. 3. janúar sl. Þetta samkomulag felur í sér tilmæli beggja málsaðila til Félagsdóms um, að hann taki ágreining aðila til efnislegrar úrlausnar á grundvelli heimildar í 3. tl. 1. mgr. 44. gr. l. nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur.

Eins og í upphafi greinir, var mál þetta þingfest 13. janúar sl. Í þinghaldi 10. f.m. var því lýst yfir af hálfu dómsins að gefnu tilefni, að dómendur væru á einu máli um, að taka bæri ágreining aðila til dómsmeðferðar með tilvísun til eðlis hans og með hliðsjón af 1. tölulið 1. mgr. 44. gr. laga nr. 80/1938.

Uppsagnarbréf rafeindavirkjanna, sem mál þetta varðar, eru hér að ofan greind í fjóra flokka. Eru þau öll efnislega nær samhljóða, en bréf 79 rafeindavirkja til póst- og símamálastjóra er einni málsgrein lengra en hin, og er hún svohljóðandi:

„Fallist stofnunin ekki á breytt ráðningarkjör, ber að líta á þetta bréf sem uppsögn starfs míns frá sama tíma. Krefst ég afdráttarlausra svara um það efni fyrir 1. desember 1985, en bregðist það, lýsi ég mig með öllu óbundinn stofnuninni eftir 31. desember 1985."

Stefnandi reisir dómkröfur sínar fyrst og fremst á því, að allir rafeindavirkjar hjá Ríkisútvarpi, hljóðvarpi og sjónvarpi, og Póst- og símamálastofnun séu ríkisstarfsmenn. Markist réttarstaða þeirra einkum af lögum nr. 38/1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins og lögum nr. 62/1985 um kjarasamninga opinberra starfsmanna svo og ýmsum stjórnvaldsfyrirmælum, settum á grundvelli nefndra laga. Eftir útgöngu þeirra úr BSRB sé ljóst, að lög nr.

33/1915 um verkfall opinberra starfsmanna nái til þeirra eins og annarra ríkisstarfsmanna, sem ekki séu innan vébanda BSRB.

Í 2. mgr. 4. gr. l. nr. 62/1985 um kjarasamninga opinberra stafsmanna séu lagafyrirmæli þess efnis, að launakjör ríkisstarfsmanna, sem ekki eru innan vébanda heildarsamtaka opinberra starfsmanna, sem viðurkenningu hafa hlotið skv. 3. mgr. 3. gr. laganna, skuli ákveðin af fjármálaráðherra án samninga.

Samkvæmt skýrum lagafyrirmælum beri því að ákveða launakjör rafeindavirkja hjá ofannefndum ríkisstofnunum með þessum hætti.

Sveinafélag rafeindavirkja beri fyrir sig 5. gr. l. nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeildur sem réttarheimild fyrir samningsumboði sínu fyrir rafeindavirkja í ríkisþjónustu. Það sjónarmið fái ekki staðist. Sérlög gildi um ríkisstarfsmenn. Stéttarfélög samkvæmt l. nr. 80/1938, sbr. einkum 5. gr., séu ekki lögformlegur aðili fyrir þá ríkisstarfsmenn, sem lög nr. 38/1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins og lög um kjarasamninga opinberra starfsmanna nr. 62/1985 eða lög nr. 29/1976 um kjarasamninga BSRB taki til.

Þeir rafeindavirkjar, sem stefndi telji sig hafa samningsumboð fyrir, séu ráðnir eða skipaðir í þjónustu áðurnefndra ríkisstofnana á grundvelli þessara réttarheimilda. Þeim stöðum gegni þeir allir enn. Þar hafi engin breyting orðið á. Flestir hafi alls ekki sagt upp stöðum sínum, en aðrir hafi sagt upp með ólögmætum fyrirvörum, sem geri það að verkum, að því hafi verið hafnað að taka lausnarbeiðnir til greina.

Með hliðsjón af framansögðu telur stefnandi ljóst, að stefndi geti ekki að lögum farið með umboð til að gera kjarasamninga fyrir hönd þessara starfsmanna ríkisins. Þegar af þeirri ástæðu sé boðað verkfall ólögmætt.

Í annan stað telur stefnandi, að hvað svo sem öðru líði, hljóti boðað verkfall að vera ólögmætt vegna fyrirmæla í lögum nr. 33/1915 um verkfall opinberra starfsmanna. Að áliti stefnanda falli allir þeir rafeindavirkjar, sem starfi hjá þessum tveim stofnunum og ekki eru í BSRB, undir ákvæði laganna.

Stefnandi leggur áherslu á, að allir þeir rafeindavirkjar, sem hér um ræði, falli undir ákvæði laga nr. 62/1985 um kjarasamninga opinberra starfsmanna eftir úrsögn þeirra úr aðildarfélögum BSRB.

Á það verði ekki fallist með stefnda, að ákvæði 4. tl. 2. mgr.

1. gr. laga nr. 62/1985 geti breytt hér neinu um. Í því sambandi vilji stefnandi minna á, að rafeindarvirkjar hjá Ríkisútvarpinu hafi lengi gegnt stöðum, sem krefjast, að viðkomandi hafi próf í löggiltri iðngrein. Að því leyti breyti setning reglugerðar nr. 558/1981 engu. Útvarpsvirkjun hafi fyrir þann tíma verið löggilt iðngrein. Útvarpsvirkjun hjá Ríkisútvarpinu, hljóðvarpi og sjónvarpi, hafi gert sína kjarasamninga á grundvelli laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna, þ.e. laga 55/1962 og l. 46/1973 og síðar l. 29/1976 um kjarasamninga BSRB. Um þetta hafi aldrei verið ágreiningur milli aðila. Eigi þetta jafnvel við um fleiri ríkisstofnanir. Tilvísun í greininni til þeirra starfshópa, sem taka skuli laun í samræmi við ákvæði laga nr. 80/1938, verði ekki skilin með öðrum hætti en þeim, að hún nái til þeirra, sem samkvæmt venjum og hefðum hafi fylgt ákvæðum þeirra laga við ákvörðun sinna kjaramála og ráðnir hafi verið á þeim grundvelli.

Stefndi vísar því á bug, að lög nr. 62/1985 gildi um þá rafeindavirkja, sem hér eigi hlut að máli, eftir úrsögn úr BSRB.

Í 4. tl. 2. mgr. 1. gr. laganna segi, að ákvæði laganna taki ekki til iðnaðarmanna, sjómanna, verkafólks né starfsfólks í iðjuverum, en um kaup þeirra og kjör fari eftir kjarasamningum stéttarfélaga þeirra og vinnuveitenda, sbr. l. nr. 80/1938.

Samkvæmt framansögðu sé það óumdeilanlegur lagalegur réttur og reyndar gert ráð fyrir því í l. nr. 62/1985, að iðnaðarmenn standi utan laganna um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Sé beinlínis gert ráð fyrir því, að um kaup þeirra og kjör fari eftir kjarasamningum almennra stéttarfélaga með tilvísun til laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur. Rafeindavirkjum, sem áður voru opinberir starfsmenn og tilheyrðu samtökum opinberra starfsmanna, sé því rétt og heimilt með tilliti til 1. og 2. gr. laga nr. 80/1938 að ganga í stéttarfélag sitt í starfsgreininni á félagssvæði, og fari þá um kaup og kjör þeirra eftir kjarasamningi þess stéttarfélags.

Hvergi sé að finna í lögum skilgreiningu á hugtakinu „opinber starfsmaður". Í l. nr. 38/1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins segi aðeins, að lögin taki til hvers þess manns, sem skipaður sé, settur eða ráðinn í þjónustu ríkisins með föstum launum, meðan hann gegni starfanum, enda verði starf hans talið aðalstarf. Í lögunum sé hvergi vikið að stéttarfélögum opinberra starfsmanna né heldur að það sé gert skilyrði fyrir réttindum samkvæmt lög-

unum, að starfsmenn ríkisins séu í heildarsamtökum opinberra starfsmanna. Því verði þess vegna ekki haldið fram með skynsamlegum rökum í þessu máli, hvorki á grundvelli l. nr. 38/1954, l. nr. 29/1976 um kjarasamninga Bandalags starfsmanna ríkis og bæja né l. nr. 62/1985 um kjarasamninga opinberra starfsmanna, að sú skylda hvíli á rafeindavirkjum að vera opinberir starfsmenn til að gegna störfum sínum.

Stefndi vísar til þess, að hann hafi lagt fram gögn, sem sýni tilvist a.m.k. 36 samninga, sem Vinnumálanefnd ríkisins hafi gert við fjölmörg stéttarfélög á almennum vinnumarkaði. Sýni þetta ásamt öðru, hver þróun hafi verið í samningsréttarmálum fjölmargra starfsmanna ríkisins á undanförnum árum.

Annað verði ekki séð af framangreindum kjarasamningum en að Vinnumálanefnd ríkisins geri samninga við hvert það stéttarfélag, sem hafi samningsumboð fyrir þann fjölda starfsmanna ríkisins, sem tilheyra almennum stéttarfélögum. Í flestum, ef ekki öllum tilfellum, sé samið um forgangsrétt stéttarfélaganna, og í fjölmörgum tilfellum sé um að ræða kjarasamninga við starfsfólk ríkisstofnana, sem séu fullkomlega hliðstæðar Póst- og símamálastofnun, Ríkisútvarpi og sjónvarpi. Gagnvart öllum þessum stéttum hafi Vinnumálanefnd ríkisins og fjármálaráðuneytið verið trútt þeirri meginreglu, sem fram komi í áðurnefndum 4. tl. 2. mgr. 1. gr. l. nr. 62/1985 um kjarasamninga opinberra starfsmanna, að iðnaðarmenn, sjómenn og verkafólk skuli vera undanþegin lögunum og um kjör þeirra fari eftir kjarasamningum stéttarfélaga þeirra við vinnuveitendur, sbr. l. nr. 80/1938.

Stefndi telur, að eina röksemd stefnanda, sem eitthvað megi á byggja, sé sú, að rafeindavirkjarnir, sem hér um ræði, hafi ekki sagt stöðum sínum lausum með lögmætum hætti. Stefnandi haldi því fram, að uppsagnirnar séu skilyrtar og því ólögmætar. Mennirnir gegni því áfram störfum sínum sem opinberir starfsmenn, hvað sem öðru líði.

Þessu sé harðlega mótmælt. Eins og fram komi í skjölum málsins, sé það með þriggja mánaða fyrirvara miðað við sl. áramót, að allir þessir starfsmenn tilkynni viðkomandi atvinnurekanda, að þeim sé óheimilt að starfa hjá stofnuninni á öðrum kjörum en þeim, sem Sveinafélag rafeindavirkja samþykki frá og með 1. janúar 1986. Langflestir þessara aðila bæti því við í lok bréfsins, að fallist

stofnunin ekki á breytt ráðningarkjör, þá beri að líta á bréfið sem uppsögn starfsins frá sama tíma.

Um þessar uppsagnir sé það að segja, að þær feli í öllum tilfellum í sér uppsagnir á ráðningarkjörum, þ.e.a.s. einhliða tilkynningu um það, að hinn 1. janúar 1986 muni þeir ekki vinna undir sömu starfskjörum og áður. Í uppsagnarbréfunum felist tilboð um nýjan starfssamning, og komi það þess vegna tvímælalaust í hlut stefnanda og viðkomandi stofnana að svara þessum tilboðum með höfnun eða tilboði um ný starfskjör og viðræður. Eins og fram komi í svarbréfi Póst- og símamálastofnunar til starfsmanna þar, sé enginn vafi á, að stofnunin hafi litið á bréfin sem uppsögn og að hún hafi út af fyrir sig ekki neitt haft við það að athuga, þótt umræddir starfsmenn yrðu aðilar að Sveinafélagi rafeindavirkja.

Í lögum séu fáar formreglur um uppsagnir. Það eitt sé lögbundið, að þær skuli vera formlegar og gerðar með löglegum fyrirvara, uppsagnarfresti. Af almennum vinnumarkaði hafi fallið nokkrir dómar um uppsagnir á störfum og starfskjörum. Lögmæti slíkra uppsagna sé háð mati á atburðum og aðstæðum. Í fæstum tilfellum séu slíkar uppsagnir formlegar, en metnar gildar engu að síður. Nokkrir dómar séu um uppsagnir á hluta starfskjara. Á grundvelli þeirra sé nú almennt litið svo á, að t.d. yfirborgunum og öðrum starfskjörum að hluta eða í heild megi og þurfi að segja upp með þeim sama uppsagnarfresti og viðkomandi starfsmaður nýtur samkvæmt lögum eða kjarasamningum. Uppsögn á starfskjörum, sem gerð sé með nægum fyrirvara, sé því lögleg samkvæmt grundvallarreglum um samninga. Ef í slíkri uppsögn eða tilkynningu felist skilyrði fyrir áframhaldandi starfi og tilboð um ný starfskjör, beri gagnaðila að svara slíku tilboði, ella teljist hann hafa hafnað því, sbr. meginreglu samningaréttar um tilboð og gagntilboð.

Af framangreindum ástæðum og með hliðsjón af öllum málsástæðum stefnda sé því algerlega vísað á bug, að lög nr. 33/1915 geti átt við í þessu tilfelli.

Mat á því, hvort verkfall Sveinafélags rafeindavirkja sé löglegt eða ekki, hljóti að byggjast á ákvæðum vinnulöggjafarinnar og hvort þeim leikreglum, sem þar sé lýst, hafi verið fylgt. Rafeindavirkjar þeir, sem hér um ræði, hafi falið Sveinafélaginu umboð sitt fyrir löngu og gengið tryggilega frá úrsögn úr samtökum opinberra starfsmanna. Þeir hafi sagt upp starfskjörum sínum með nægum

fyrirvara og það sé því fullkomlega í samræmi við ákvæði 73. gr. stjórnarskrárinnar um félagafrelsi, að þeim sé heimilt að velja sér eða stofna stéttarfélag eftir þörfum. Réttur til að stofna stéttarfélag sé að auki tryggður sérstaklega í 1. gr. vinnulöggjafarinnar nr. 80/1938. Almennt hafi verið litið svo á, að sú lagagrein heimili sérhverjum starfshópi eða starfsgrein innan eins stéttarfélags að stofna stéttarfélag til að gæta hagsmuna sinna og í raun engar takmarkanir settar við því, að ekki megi fleiri en eitt séttarfélag vera í hverri starfsgrein á hverju félagssvæði. Réttur til að stofna stéttarfélög og réttur einstaklinga til að velja sér stéttarfélag innan starfsgreinarinnar sé því almennur og fortakslaus. Hann sé grundvallarréttur samkvæmt íslenskri réttarskipan og verði ekki takmarkaður nema með sérstökum lögum eða með þeim hætti, sem tíðkast hafi til lengri tíma, að stéttarfélög og félög atvinnurekenda semji um forgangsrétt í kjarasamningum. Undir slíkan forgangsrétt hafi Vinnumálanefnd ríkisins skrifað gagnvart fjölda stéttarfélaga í mörgum starfsgreinum, og krafa Sveinafélags rafeindavirkja og tilefni hins boðaða verkfalls sé sú, að viðurkenndur verði samnings- og forgangsréttur þess, þegar um er að ræða rafeindavirkjun í þjónustu ríkisins. Margir dómar Félagsdóms hafi skorið úr um það, að slík krafa um samnings- og forgangsrétt og viðurkenningu sé lögmæt og henni megi fylgja eftir með verkfalli, ef nauðsyn krefji.

Álit dómsins og niðurstaða.

Rafeindavirkjar þeir, sem mál þetta varðar, eru 122 talsins samkvæmt því, sem málsgögn greina. Þeir eru allir ráðnir eða skipaðir í stöður hjá ofannefndum ríkisstofnunum og verða þar með í upphafi opinberir starfsmenn með þeim réttindum og skyldum, sem því eru samfara, sbr. einkum lög nr. 38/1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Um rétt þeirra til samninga um kaup og kjör hefur hingað til farið eftir þessari stöðu. Aðila greinir á um það, hvort þessi réttarstaða þeirra gagnvart atvinnuveitanda sínum, ríkinu, hafi breyst og orðið allt önnur fyrir sérstakar aðgerðir þeirra sjálfra og stéttarfélags þeirra og vegna fyrirmæla í settum lögum.

Allir hafa rafeindavirkjarnir, sem hér um ræðir, sagt upp ráðningarkjörum sínum skriflega til yfirmanna viðkomandi stofnana með tilvísun til þess m.a., að í gildandi lögum væri að finna afdráttarlaus lagaboð um, að iðnaðarmenn í þjónustu ríkisins skuli

ráðnir á þeim kjörum, sem stéttarfélög þeirra semji um. Er hér bersýnilega vitnað til 4. tl. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 62/1985 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Eigi verður talið, að einhliða yfirlýsing um uppsögn ráðningarkjara hafi þau réttaráhrif, að staða umræddra rafeindavirkja sem opinberra starfsmanna breytist að eðli til, né heldur, að slíkt megi með öðru leiða af nefndu ákvæði 4. tl. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 62/1985, eins og öllum atvikum er hér háttað.

Svo sem að framan er rakið, var í niðurlagi bréfs 79 rafeindavirkjanna lýst yfir uppsögn úr starfi, fallist Póst- og símamálastofnun ekki á breytt ráðningarkjör, og krafist skýrra svara um það fyrir 1. desember 1985.

Þegar það er virt, að uppsagnarákvæði þetta er háð því, að sá, sem því er beint til, taki afstöðu til ákveðinnar kröfu uppsegjanda og honum gefinn ákveðinn umþóttunartími, þar til það verði virkt, verður eigi talið, að það sé fullnægjandi og lögmæt uppsögn úr opinberri stöðu miðað við 1. janúar 1985.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið sagt, verður eigi talið, að stefnda hafi tekist að sanna, að ofannefndir félagsmenn í Sveinafélagi rafeindavirkja, sem mál þetta varðar, hafi með aðgerðum sínum, sem að framan er frá skýrt, fengið breytt stöðu sinni sem opinberra starfsmanna þannig, að lög nr. 38/1954 taki ekki lengur til þeirra né heldur lög nr. 62/1985. Verður þegar af þessari ástæðu að telja boðað verkfall félagsins, sem koma átti til framkvæmda 2. janúar sl., en var frestað, ólögmætt. Eru því úrslit málsins þau, að dómkröfur stefnanda verða teknar til greina.

Dómur þessi er upp kveðinn af Ólafi Stefáni Sigurðssyni, Gunnlaugi Briem og Þorsteini Geirssyni.

Dómsorð:

Boðað verkfall Sveinafélags rafeindavirkja vegna 122 félagsmanna sinna, er starfa hjá Póst- og símamálastofnun og Ríkisútvarpinu og hefjast skyldi 2. janúar 1986, en var frestað, dæmist vera ólögmætt.

Málskostnaður falli niður.

Sératkvæði
Björns Helgasonar og Jóns Þorsteinsonar.

Rafeindavirkjar hafa árum saman starfað hjá ríkisstofnunum sem opinberir starfsmenn. Þeir hafa verið félagsmenn í viðkomandi aðildarfélögum Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og notið launakjara aðalkjarasamnings og sérkjarasamninga samkvæmt lögum nr. 29/1976. Allir rafeindavirkjar, og þar með taldir símvirkjar, eru nú iðnaðarmenn, en símvirkjun var gerð að löggiltri iðngrein á árinu 1982. Iðnaðarmenn í hópi opinberra starfsmanna eiga rétt á því samkvæmt 4. tl. 2. mgr. 1. gr. laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna nr. 62/1985 að leita eftir ráðningu á grundvelli kjarasamnings stéttarfélags, er starfar eftir lögum um stéttarfélög og vinnudeilur nr. 80/1938, og reyna að knýja þá lausn fram með verkfalli að því tilskildu, að aðdragandi og undirbúningur verkfallsins sé með löglegum hætti og þar á meðal að réttarsamband þeirra við ríkisvaldið sem opinberra starfsmanna sé rofið.

Framvinda þessa máls varð á þann veg, að rafeindavirkjar sögðu sig úr viðkomandi aðildarfélögum innan BSRB og gengu í Sveinafélag rafeindavirkja, sem er stéttarfélag innan Alþýðusambands Íslands. Sveinafélagið leitaði eftir kjarasamningi við ríkisvaldið, en án árangurs. Rafeindavirkjar sögðu þá upp ýmist störfum eða starfskjörum miðað við 1. janúar 1986, en þá voru síðastgildandi kjarasamningar þeirra á vegum BSRB og aðildarfélaga lausir. Af rafeindavirkjunum 122, sem hér eiga hlut að máli, sögðu 79 þeirra upp störfum, sbr. dskj. nr. 18. Þessi uppsögn er lögmæt. En á það ber að líta, að rafeindavirkjar þessir vildu í reynd þrátt fyrir öll málsatvik, að rafeindavirkjar áréttuðu þetta sjónarmið í uppsagnarbréfinu, og gerðu þar lokatilraun til þess að fá ný ráðningarkjör samþykkt.

Samkvæmt því, sem hér er rakið, er það niðurstaða okkar, að verkfall Sveinafélags rafeindavirkja, sem hefjast átti 2. janúar 1986 í því skyni að knýja fram viðurkenningu á samningsrétti og gerð kjarasamnings, sé lögmætt, að því er tekur til framangreindra 79 rafeindavirkja, en ólögmætt, að því er varðar þá rafeindavirkja, er aðeins sögðu upp starfskjörum sínum.

Eftir atvikum teljum við rétt, að málskostnaður falli niður.

Fimmtudaginn 10. apríl 1986.

Nr. 2/1986. **Farmanna- og fiskimannasamband Íslands f.h. Skipstjórafélags Íslands**
(Guðni Á. Haraldsson hdl.)
gegn
dómsmálaráðherra f.h. Landhelgisgæslu Íslands og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs
(Guðrún Margrét Árnadóttir hdl.).

Kjarasamningur. Risna. Opinberir starfsmenn. Skipherrar. Sératkvæði.

Dómur Félagsdóms.

Mál þetta, sem dómtekið var 24. f.m. að undangengnum munnlegum málflutningi, er höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu útgefinni 14. janúar 1986.

Stefnandi er Farmanna- og fiskimannasamband Íslands vegna Skipstjórafélags Íslands.

Stefndu eru dómsmálaráðherra f.h. Landhelgisgæslu Íslands og fjármálaráðherra vegna ríkissjóðs Íslands.

Dómkröfur stefnanda eru þessar:

Að viðurkennt verði með dómi Félagsdóms, að stefndu sé skylt að greiða þeim skipherrum, sem starfa hjá stefndu við fluggæslu og í stjórnstöð, þá sömu risnu og greidd er skipherrum, er starfa um borð í varðskipum stefndu, í samræmi við grein 18.1.1. í kjarasamningi aðila frá 16. apríl 1984 ásamt breytingum.

Að viðurkennt verði með dómi Félagsdóms, að þeim skipherrum, er starfa hjá stefndu, hvort sem þeir starfa á landi eða um borð í skipum, sé óskylt að framvísa reikningum við móttöku risnu.

Til vara, að stefndu verði dæmdir að greiða risnu til þeirra skipherra, er starfa í landi, í samræmi við þá framkvæmd, er gilti, áður en kjarasamningar frá 16.4. 1984 voru gerðir.

Þá krefst stefnandi málskostnaðar að mati dómsins.

Af hálfu stefndu er krafist sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hans hendi að mati dómsins. Til vara er þess krafist, að málskostnaður verði felldur niður.

Samkvæmt því, er í stefnu og fyrirliggjandi skjölum greinir, eru

tildrög og helstu málavextir á þá leið, að allt frá árinu 1970 hafi verið í kjarasamningi aðila ákvæði um risnu til skipherra Landhelgisgæslunnar. Samningur sá, sem hér er til vitnað, er kjarasamningur um kjör yfirmanna á farskipum. Eigi stefnandi aðild að honum aðallega vegna yfirmanna á farskipum og yfirmanna á skipum Landhelgisgæslu Íslands. Stefndu hafi veitt Vinnumálanefnd ríkisins umboð til að undirrita samninga fyrir sína hönd.

Umrætt ákvæði um risnu í kjarasamningum aðila hafi verið óbreytt frá upphafi. Í núgildandi kjarasamningi aðila frá 16. apríl 1984 sé risnuákvæðið grein 18.1.1. og hljóði svo:

„Skipstjóri fær risnu og ferðakostnað eftir samkomulagi við framkvæmdastjóra félagsins."

Ekki sé gerð nánari grein fyrir samkomulagi aðila í þessu efni í kjarasamningi. Greiðslu á risnufé hafi verið hagað þannig fyrir gerð kjarasamningsins frá 16. apríl 1984, að ákveðin upphæð, kr. 9,80, hafi verið greidd fyrir hvern unninn dag. Þessar greiðslur hafi runnið til allra skipherra Landhelgisgæslu Íslands, hvort sem þeir voru við skipstjórn úti á sjó, við fluggæslu eða unnu í stjórnstöð gæslunnar. Risnugreiðslur hafi komið fram á launauppgjöri um hver mánaðamót eins og aðrir launaliðir. Slíkar greiðslur hafi einnig gengið til yfirstýrimanna og yfirvélstjóra gæslunnar samkvæmt samningum þeirra.

Allir hafi nefndir starfsmenn fengið þessar greiðslur án þess að þurfa að sýna fram á útlagðan kostnað með nótum og kvittunum, enda hafi þeir litið á risnugreiðslurnar sem hvern annan launalið. Við gerð kjarasamninga í apríl 1984 hafi verið krafa af hálfu Skipstjórafélags Íslands um breytingu á risnuákvæðinu í átt til þess, er þá hafi gilt hjá Skipadeild Sambands íslenskra samvinnufélaga, en þar hafi þessar greiðslur numið kr. 1500 á mánuði til skipstjóra. Þessari kröfu hafi verið hafnað, en jafnframt lýst yfir af hálfu Landhelgisgæslu Íslands með bréfi, dags. 13. apríl 1984, að borgað yrði sama risnufé og hjá Skipaútgerð ríkisins, sem þá var kr. 1250 á mánuði. Þessi yfirlýsing varð ekki hluti kjarasamningsins, sem undirritaður var 16. apríl 1984, en verið í fylgiskjali með honum ásamt bókunum og öðrum yfirlýsingum.

Í bréfi Hrafns Sigurhanssonar, fjármálastjóra Landhelgisgæslunnar, dags. 6. september 1984, til skipherra gæslunnar er vísað til ofannefndrar yfirlýsingar og tekið fram, að risnufé, kr. 1250 á

mánuði, sé greitt hjá Skipaútgerð ríkisins gegn framvísun reiknings. Verði sami háttur hafður á gagnvart starfandi skipherrum á varðskipum ríkisins frá og með 1. september 1984. Þá segir svo í næstsíðustu málsgrein:

„Eigi verður greitt sérstakt risnufé til skipherra starfandi í landi. Um þá munu gilda sömu reglur og venjur og um aðra starfsmenn er í landi starfa, hvað risnu varðar."

Þessu bréfi fjármálastjórans var svarað með bréfi Skipstjórafélags Íslands 10. október 1984 til forstjóra Landhelgisgæslunnar, en meginmál þess er svohljóðandi:

„Það er skoðun SKFÍ, að þar sem yfirlýsing yðar frá 13.04. '84 um risnufé skipherra undanskilur enga skipherra Landhelgisgæslunnar, beri að greiða þeim öllum risnufé skv. áðurnefndri yfirlýsingu óháð því, hvar viðkomandi skipherra er að störfum. Félagið hafnar því, sem segir í bréfi Hrafns um, að „eigi verður greitt sérstakt risnufé til skipherra starfandi í landi."

Félagið treystir því, að farið sé eftir gerðum samningum, og væntir þess, að þér sjáið til þess, að ofangreint atriði verði leiðrétt fljótt og greiðlega."

Forstjóri gæslunnar svaraði með bréfi 21. nóvember 1984, þar sem áréttaðar voru yfirlýsingar þær, er fram komu í bréfi fjármálastjórans, og sjónarmiðum skipstjórafélagsins vísað á bug.

Stefnandi kveður mál út af þessum ágreiningi hafa áður verið höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur, en hafið áður en til dóms kæmi.

Af hálfu stefndu hefur það komið fram, að umrætt ákvæði um risnu hafi verið í samningum aðila allt frá 1955 og slíkar greiðslur gengið til allra skipherra Landhelgisgæslunnar, eins þótt þeir störfuðu í landi, árabilið frá 1971 fram í apríl 1984, og hefðu þeir ekki þurft að framvísa neinum reikningum, enda risnugreiðslur fremur lágar. Við munnlegan málflutning kom fram, að aðilar eru á einu máli um það, að skipherrar gæslunnar starfi yfirleitt í stuttan tíma í senn í landi, í stjórnstöð eða í fluggæslu.

Aðilar eru og sammála um það, að risnugreiðslur tíðkist enn til yfirstýrimanna og yfirvélstjóra starfandi í landi í samræmi við það, sem áður gilti.

Stefnandi byggir kröfur sínar á því, að í kjarasamningi aðila sé mælt fyrir um greiðslu risnu til skipstjóra. Hann heldur því fram,

að með samkomulagi, er gert var við undirritun kjarasamninga aðila, hafi verið samið um risnu, kr. 1250 á mánuði, fyrir hvern skipherra, er starfaði hjá Landhelgisgæslunni og að engir skipherrar hafi verið undanskildir, jafnframt, að ekki hafi verið samið um það, að risnu ætti aðeins að greiða gegn framvísun greiðslukvittana. Stefnandi bendir á, að föst venja hafi verið um þessar greiðslur a.m.k. frá árinu 1971. Yfirlýsing forstjóra gæslunnar frá 13. apríl 1984 hafi verið skilin samkvæmt orðanna hljóðan, en eins og hún sé síðar túlkuð af stefndu, þýði hún í raun skerðingu á þeim rétti, er gilti fyrir samninga aðila frá 16. apríl 1984. Því er haldið fram, að það hafi ekki verið ætlunin að undanskilja nokkurn skipherra. Við gerð kjarasamninga aðila í byrjun árs 1984 hafi skipstjórar lagt fram þá kröfu, að um risnu færi líkt og hjá Skipadeild sambandsins, en risna var þar þá kr. 1.500 á mánuði. Krafa stefnanda hafi eingöngu miðast við ákveðna upphæð, sem endanlega varð 1.250. Ef athuguð sé sú bókun, er lögð hafi verið fram af hálfu Landhelgisgæslu Íslands 13.4. 1984, sjáist, að engir skipherrar séu undanskildir. Aðeins sé sagt, að stefndi muni „borga skipherrum sínum sama risnufé.....“ Skipherrar hjá Landhelgisgæslunni séu bæði starfandi í landi, að fluggæslu, í stjórnstöð og á sjó um borð í skipum. Orðalag þessa ákvæðis beri að túlka skv. orðanna hljóðan, sérstaklega þegar haft sé í huga, að fyrir tilvist þessarar einhliða yfirlýsingar hafi allir skipherrar fengið greidda risnu. Sá, er haldi því fram, að slíkt ákvæði hafi átt að skerða, þrátt fyrir það að ákvæðið beri það ekki með sér, hljóti að hafa sönnunarbyrðina fyrir slíku.

Eins og áður segi, komi fram í lok yfirlýsingarinnar, að Landhelgisgæslan muni greiða skipherrum sama risnufé og Skipaútgerð ríkisins. Þetta hafi fyrirsvarsmenn Skipstjórafélags Íslands skilið svo, að þarna væri verið að lofa sömu upphæð, enda ekki rætt um neina sérstaka framkvæmd, er gilt hafi hjá Ríkisskipum. Af hálfu stefndu sé því haldið fram, að þetta eigi að skilja svo, að um framkvæmd færi líkt og gilti hjá Skipaútgerð ríkisins. En orðalag yfirlýsingarinnar beri það alls ekki með sér. Auk þess beri að geta þess, að hjá Ríkisskipum séu engar fastar skipherrastöður í landi líkt og hjá Landhelgisgæslu. Í bréfi gæslunnar, dags. 21. nóvember 1984, komi fram, að ætlast sé til þess, að risna sú, sem útgerðin greiði skipherrum, sé veitt um borð í skipum útgerðarinnar. Þessi einhliða

yfirlýsing stangist á við þá framkvæmd, er verið hafi fram að kjarasamningum 1984. Fram að þeim tíma hafi allir skipherrar fengið ákveðna greiðslu fyrir hvern unninn dag án tillits til þess, hvort risna væri veitt eða ekki. Risnugreiðslur hafi verið hluti af launakjörum starfsmanna stefnda líkt og svo fjölmargar aukagreiðslur, svo sem fæðispeningar, landgöngufé o.fl. Því sé sú einhliða túlkun stefnda brot á kjarasamningi aðila, þar sem hún feli í sér verulega kjararýrnun fyrir hluta af starfsmönnum hennar. Hún stríði gegn framkvæmd á greiðslu risnu, er tíðkast hafi um alllangt skeið, og samrýmist ekki orðalagi og efnisinnihaldi þeirra samningsákvæða, er um hana fjalla. Beri hér allt að sama brunni. Öll rök leiði til þeirrar niðurstöðu, að allir skipherrar Landhelgisgæslunnar eigi rétt til sömu risnugreiðslu, hvort sem þeir starfi um borð í varðskipum úti á sjó, í stjórnstöð eða við fluggæslu.

Stefnandi vísar til áralangrar venju um fyrirkomulag risnugreiðslna sem rökstuðnings fyrir þeim hluta aðalkröfu, er hljóðar um, að skipherrum sé óskylt að framvísa reikningum við móttöku risnu. Skilyrði um þetta sé brot á kjarasamningi.

Í rökstuðningi fyrir varakröfu bendir stefnandi á, að það sé staðreynd, að skipherrar við störf í landi hafi fyrir útgáfu yfirlýsingar forstjóra Landhelgisgæslu Íslands notið risnu í formi ákveðinnar krónutölu fyrir unninn dag. Af hálfu stefndu sé samkomulag og yfirlýsing þessi túlkuð á þann hátt, að þar sem skipstjórar hjá Ríkisskip, er séu í landi, fái ekki risnu, þá eigi skipherrar Landhelgisgæslu Íslands ekki heldur, að fá slíkt. Af hálfu stefnanda sé bent á, að engir skipstjórar séu starfandi sérstaklega í landi á vegum Skipaútgerðar ríkisins og þeir fáu skipstjórar Ríkisskipa, sem séu í landi, séu í fríum. Á það er og margsinnis bent af hálfu stefnanda, að í dag fái yfirstýrimenn og yfirvélstjórar Landhelgisgæslu Íslands, er starfi í landi, greitt risnufé í formi krónutölu fyrir hvern unninn dag. Verði ekki fallist á aðalkröfu stefnanda um kr. 1.250 risnufé á mánuði, hljóti skipherrar að halda þeim risnugreiðslum, er þeir höfðu, áður en einhliða túlkun stefnda í bréfi, dags. 6. september 1985, kom til.

Af hálfu stefndu er því vísað á bug, að risnuákvæðið í grein 18.1.1. í kjarasamningi aðila skjóti stoðum undir dómkröfur stefnanda og ekki sé heldur til að dreifa neinum venjum, sem séu orðnar hluti kjarasamnings, eða að yfirlýsing Landhelgisgæslunnar í apríl

1984 feli í sér samning, er geti leitt til þess, að dómkröfur stefnanda verði teknar til greina.

Með þessu samningsákvæði væri eingöngu verið að viðurkenna, að skipstjórar væru vegna stöðu sinnar á skipinu og samkvæmt siglingalögum fulltrúar útgerðarinnar út á við gagnvart viðskiptamönnum og öðrum, sem samskipti þurfi að hafa við til að tryggja greiða för skipsins. Af þessari stöðu geti leitt útgjöld í þágu útgerðarinnar, sem útgerðinni beri eðlilega að standa undir sjálfri, beint eða með því að endurgreiða starfsmanni útlagðan kostnað.

Það sé þessi staða, sem ákvæði greinar 18.1.1. kjarasamningsins fjalli um og annað ekki, alls ekki, að skipstjórar eigi skilyrðislausan rétt til risnu án tillits til þess, hvort þeir eru við skipstjórn og veiti risnu eða ekki. Í kjarasamningnum séu ekki heldur nein frekari ákvæði um risnu. Ákvörðun um slíkt sé vísað beint til framkvæmdastjóra útgerðar og viðkomandi skipstjóra, enda risna útgjöld, sem notuð sé í þágu útgerðarinnar og hennar að meta og ákveða þá eyðslu. Heimildir skipstjóra til að stofna til slíkra útgjalda á kostnað útgerðar og takmörk hennar byggist því á persónulegum samningi við útgerðina, en ekki kjarasamningi. Kjarasamningurinn ráðgeri ekki aðild Skipstjórafélags Íslands að slíkum ákvörðunum um innri málefni fyrirtækjanna.

Samkvæmt lögum um Landhelgisgæslu Íslands taki skipherrar laun og kjör eftir kjarasamningum skipstjóra, þegar þeir eru við skipstjórn, svo og laun skv. þeim samningum, er þeir starfa í landi, en um önnur kjör fari eftir þeim starfa, sem þeir gegni hverju sinni. Gildissvið kjarasamnings sé takmarkað við að fjalla um kaup og kjör skipstjóra vegna starfa um borð í skipum. Á því hafi engin breyting orðið 1975, er Skiparekstur ríkisins vegna Landhelgisgæslunnar varð aðili að kjarasamningnum.

Tilhögun sú, sem Skipaútgerð ríkisins og Landhelgisgæslan höfðu á risnu fram að 1. apríl 1984 með greiðslu á risnufé, hafi engu breytt um eðli risnugreiðslunnar. Hún komi til af því, að um borð í skipunum séu ekki neinar birgðir af áfengi eða tóbaki, þannig, að úttekt á birgðum skipsins til risnuviðurgernings, eins og tíðkist hjá öðrum skipafélögum, hafi ekki verið hægt að koma við. Þess vegna hafi skipstjórum og skipherrum verið greitt mánaðarlega risnufé til að standa undir risnuútgjöldum um borð í skipunum. Risnufé ákvarðaðist út frá risnu, sem yfirvélstjórar og stýrimenn fengu skv. kjara-

samningum sínum. Risnufé hafi aldrei verið greitt í fríum eða veikindum. Þar sem risnufé var fremur lág fjárhæð á þessum tíma, hafi ekki verið talin ástæða til hjá Landhelgisgæslunni að viðhafa sérstakt eftirlitskerfi með því að krefjast reikninga hverju sinni né eftir að landhelgisdeilan kom upp, að draga frá unna daga í landi. Í þeirri tilhögun hafi ekki falist nein skuldbinding um, að slíkt yrði aldrei gert, né heldur, að sú tilhögun ætti að standa um aldur og ævi. Engum samningum í þá veru hafi verið til að dreifa.

Til þess hafi að sjálfsögðu verið ætlast, að skipherrar veittu risnufé, sem þeir fengu greitt þ. á m. því risnufé, sem reiknaðist á unna daga í landi. Skipherrum hafi sjálfum borið að gera skattyfirvöldum grein fyrir notkun á risnu. Risnufé hafi verið gefið upp til skatts sem risnugreiðsla, en ekki sem laun. Sú staðhæfing stefnanda, að af hálfu stefndu hafi verið litið á risnu sem laun, sé því fráleit og röng.

Yfirlýsing forstjóra Landhelgisgæslunnar í apríl 1984 um risnu skipherra sé þannig til komin, að þá hafi legið fyrir, að Skipaútgerð ríkisins myndi breyta risnu hjá skipstjórum fyrirtækisins og hækka hana. Hins vegar hefði þá ekkert verið ákveðið, í hvaða formi risnan yrði veitt, við hvað yrði miðað eða annað sem að þessu laut, nema það eitt, að fjárhæð slíkrar greiðslu yrði takmörkuð við lögskráningardaga skipstjóra um borð í skipunum. Þetta hafi verið kynnt formanni skipstjórafélagsins og legið fyrir samninganefndum aðila, er kjarasamningurinn hafi verið undirritaður. Í yfirlýsingunni segði, að skipherrum yrði greitt sama risnufé og Skipaútgerðin myndi greiða sínum skipstjórum og auðvitað eftir sömu reglum. Ella fengju þessir aðilar ekki sama risnufé.

Staðhæfingum stefnanda um, að breyting á greiðslu risnu hafi haft kjararýrnun í för með sér fyrir skipherra, vísa stefndu algerlega á bug. Risna sé ekki og hafi aldrei verið laun, heldur endurgreiddur útlagður kostnaður vegna veitts viðurgernings við viðskiptamenn í þágu útgerðar. Af því, sem nú hafi verið rakið, megi vera ljóst, að skipherrar hjá Landhelgisgæslunni eigi engan rétt skv. venjum eða kjarasamningi til að fá greidda risnu nema því aðeins, að þeir séu að störfum um borð í skipunum og komi þannig fram sem fulltrúar stofnunarinnar út á við og haldi í reynd uppi risnu á vegum hennar.

Varðandi rök fyrir sýknu af varakröfu stefnanda vísa stefndu til

þess, sem að ofan greinir. Risna sé útlagður kostnaður, en ekki laun. Skipherrar starfandi í landi hafi ekki átt og eigi ekki á grundvelli kjarasamnings rétt til risnugreiðslu vegna starfa sinna þar.

Forsendur og niðurstaða.

Mál þetta er höfðað á grundvelli 2. töluliðar 1. mgr. 44. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur. Er ágreiningsefnið ólíkur skilningur og túlkun aðila á grein 18.1.1. í kjarasamningi þeirra, sem undirritaður var 16. apríl 1984 um gildistöku 1. apríl s.á. og gilt hefur síðan. Samningsákvæði þetta um risnugreiðslur til skipstjóra hefur verið óbreytt í kjarasamningum allt frá árinu 1955. Ágreiningslaust er, að risnugreiðslum til skipherra Landhelgisgæslunnar var hagað á þann veg frá árinu 1971 og fram í apríl 1984, að þeir fengu ákveðna upphæð fyrir hvern unninn dag, hvort sem þeir voru við skipstjórn, unnu í stjórnstöð í landi eða voru í fluggæslu, en engar risnugreiðslur í orlofi eða í veikindum. Ekki var krafist framvísunar reikninga.

Við gerð kjarasamninga í apríl 1984 stóðu svo sakir, að fram hafði komið krafa um hækkun risnugreiðslna til skipherra Landhelgisgæslunnar. Var þessari kröfu hafnað, en í framhaldi af því kom yfirlýsing af hálfu forstjóra Landhelgisgæslunnar í skeyti 13. apríl 1984, sem staðfest var samdægurs í bréfi til formanns Skipstjórafélags Íslands, svohljóðandi:

„Að gefnu tilefni skal yður tjáð, að Landhelgisgæslan mun borga skipherrum sínum sama risnufé og Skipaútgerð ríkisins greiðir sínum skipstjórum."

Er kjarasamningur milli aðila var undirritaður, lá þessi yfirlýsing fyrir ásamt öðrum yfirlýsingum og bókunum. Þykir því verða að líta svo á og við það að miða, að komið hafi verið á sérstakt samkomulag milli Landhelgisgæslu Íslands og Skipstjórafélags Íslands vegna skipherra gæslunnar um risnugreiðslur til þeirra, byggt á ákvæði greinar 18.1.1. í kjarasamningnum.

Af hálfu stefndu er því haldið fram, að yfirlýsingu forstjóra Landhelgisgæslunnar beri að skilja svo, að þar sé átt við, að um risnugreiðslur til skipherra skuli fara með sama hætti og tíðkist hjá Skipaútgerð ríkisins til skipstjóra hennar, enda hafi þetta komið fram í viðræðum. Þessu hefur stefnandi vísað á bug sem röngu.

Eins og atvikum er hér háttað, ber að leggja sönnunarbyrði á

stefndu um það, að í viðræðum við samningsgerðina hafi það komið fram skýrt og ótvírætt, að um risnugreiðslur til skipherra færi eins og hjá Skipaútgerð ríkisins, þ.e., að greitt yrði aðeins miðað við lögskráningardaga. Gegn eindreginni neitun af hálfu stefnanda hefur stefndu eigi tekist slík sönnun.

Þegar orðalag nefndrar yfirlýsingar forstjóra Landhelgisgæslunnar er virt og hvernig farið var um greiðslu risnu til skipherra gæslunnar allt frá árinu 1971 og litið til sérstöðu skipherra varðandi vinnuskyldu í landi og á flugvélum, þykir verða að leggja þann skilning í samkomulag aðila, að greiða eigi skipherrum risnufé, hvort sem þeir séu við skipstjórn úti á sjó, starfi í stjórnstöð í landi eða séu í fluggæslu.

Fallast ber á skoðun stefndu varðandi risnufé, að um sé að ræða endurgreiðslu á útlögðum kostnaði skipherra í þágu Landhelgisgæslunnar, en ekki laun. Eðlilegt verður að teljast, að útgerðaraðili vilji fylgjast með, hvort þessum greiðslum sé raunverulega varið í hans þágu, svo sem ætlun standi til. Samkomulag aðila við kjarasamningagerðina fjallaði um rétt skipherra almennt til risnugreiðslna og upphæð þeirra. Þegar haft er í huga eðli þessara greiðslna, verður eigi talið þrátt fyrir fyrirkomulag þeirra frá 1971, að skipherrar hafi mátt treysta því, að Landhelgisgæslan léti hjá líða um alla framtíð að krefjast gagna um, að þessum greiðslum væri varið til að halda uppi risnu á hennar vegum.

Þegar það er virt, sem nú er sagt, og enn fremur, að þessar greiðslur hækkuðu mjög verulega við samningsgerðina í apríl 1984, verður eigi talið, að skilyrði um framvísun reikninga stríði gegn margnefndu samkomulagi aðila.

Samkvæmt framansögðu verða lyktir málsins þær, að krafa stefnanda samkvæmt fyrri lið aðalkröfu hans er tekin til greina, en síðari lið hennar hafnað. Varakrafa stefnanda kemur ekki til álita.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Ólafur Stefán Sigurðsson.

Dómsorð:

Stefndu, dómsmálaráðherra f.h. Landhelgisgæslu Íslands og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, er skylt að greiða skipherrum í starfi hjá Landhelgisgæslu Íslands sama risnufé, hvort sem

þeir starfa um borð í varskipum, við fluggæslu eða í stjórnstöð, samkvæmt ofannefndu samkomulagi, byggðu á grein 18.1.1. í kjarasamningi aðila frá 16. apríl 1984.

Stefndu skulu vera sýknir af þeirri kröfu stefnanda, Farmanna- og fiskimannasambands Íslands vegna Skipstjórafélags Íslands, að skipherrum Landhelgisgæslu Íslands, hvort sem þeir starfa um borð í varðskipum eða í landi, sé óskylt að framvísa reikningum við móttöku risnufjár.

Málskostnaður fellur niður.

Sératkvæði
Björns Helgasonar og Árna Guðjónssonar.

Við erum samþykkir forsendum og niðurstöðu í atkvæði dómsforseta hér að framan um, að taka beri fyrri lið aðalkröfu stefnanda til greina.

Lögmenn málsaðila eru sammála um, að risna skv. kjarasamningi hafi verið greidd skipherrum Landhelgisgæslunnar a.m.k. frá árinu 1971, jafnt hvort þeir störfuðu á varðskipum, flugvélum eða í stjórnstöð, og með þeim hætti, að ekki var þess krafist, að skipherrar framvísuðu reikningum við móttöku risnu.

Um breytingu á þessari venju var ekki samið í kjarasamningum málsaðila, sem undirritaðir voru 16. apríl 1984, en giltu frá 1. þess mánaðar, og eigi var á valdi stefndu að breyta þeirri venju með einhliða yfirlýsingu.

Ber því einnig að taka til greina síðari lið aðalkröfu stefnanda, að skipherrum sé óskylt að framvísa reikningum við móttöku risnu.

Við teljum, að málskostnaður eigi að falla niður.

Sératkvæði
Gunnlaugs Briem og Gunnars Guðmundssonar.

Samkvæmt lið 18.1.1. í kjarasamningi málsaðila frá 16. apríl 1984 fær skipstjóri risnu og ferðakostnað eftir samkomulagi við framkvæmdastjóra.

Í yfirlýsingu Gunnars Bergsteinssonar, forstjóra Landhelgisgæslunnar, frá 13. sama mánaðar segir, að Landhelgisgæslan muni

borga skipherrum sínum sama risnufé og Skipaútgerðin greiðir sínum skipstjórum. Yfirlýsing þessi er ekki hluti kjarasamnings aðila, enda eingöngu fjallað þar um málefni Landhelgisgæslunnar. Rétturinn til risnugreiðslu byggist því á kjarasamningi, en fjárhæð og fyrirkomulag byggist á samkomulagi framkvæmdastjóra Landhelgisgæslunnar og viðkomandi skipstjóra og er þá hluti ráðningarsamnings, en ekki kjarasamnings.

Þegar af þessari ástæðu verða kröfur stefnanda í málinu ekki teknar til greina.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Miðvikudaginn 7. maí 1986.

Nr. 4/1986. **Alþýðusamband Íslands**
f.h. Sjómannasambands Íslands
vegna Vélstjórafélags Íslands
(Guðný Höskuldsdóttir hdl.)
gegn
Hitaveitu Suðurnesja
(Benedikt Blöndal hrl.).

Gagnaöflun.

Úrskurður Félagsdóms.

Eftir dómtöku máls þessa hinn 30. f.m. að loknum munnlegum málflutningi þykir rétt, áður en dómur er lagður á málið, samkvæmt 120. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 56. gr. laga nr. 80/1938 og 69. gr. sömu laga, að veita aðilum kost á því að afla ýtarlegri gagna um eftirtalin atriði:

1. Þeir upplýsi nánar forsögu og tilurð b-liðar í 16. kafla kjarasamnings aðila frá 24. 6. 1984 með því að leiða fyrir dóminn til skýrslugjafar samninganefndarmennina Jón Ólafsson og Ingólf Aðalsteinsson svo og Martein Sigurðsson, enn fremur Albert K. Sanders og Þórð Andrésson.

2. Þeir upplýsi nánar um launakjör vélstjóra í hliðstæðum störfum við félagsmenn Vélstjórafélags Suðurnesja, starfandi hjá Hitaveitu Suðurnesja, með framlagningu fleiri kjarasamninga, sambærilegra við samninginn að ofan.
3. Leggi fram önnur þau gögn, sem ofangreind gagnaöflun gefur tilefni til.

Úrskurður þessi er kveðinn upp af Ólafi Stefáni Sigurðssyni, Birni Helgasyni, Gunnlaugi Briem, Árna Guðjónssyni og Gunnari Guðmundssyni.

Úrskurðarorð:

Aðilum gefst kostur á að afla ofangreindra gagna.

Fimmmtudaginn 22. maí 1986.

Nr. 6/1986. **Vinnuveitendasamband Íslands f.h.**
H/f Eimskipafélags Íslands, Jökla h/f,
Ness h/f, Nesskips h/f, Sjóleiða h/f,
Skipafélagsins Víkur h/f og
Skipaútgerðar ríkisins
(Jón H. Magnússon hdl.)
gegn
Alþýðusambandi Íslands f.h.
Sjómannasambands Íslands vegna
Sjómannafélags Reykjavíkur
(Þorsteinn Eggertsson hdl.).

Yfirvinnubann. Ólögmæt vinnustöðvun. Sjómenn. Gerðardómur.

Dómur Félagsdóms.

Mál þetta, sem dómtekið var í gær að undangengnum munnlegum málflutningi, er höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu útgefinni 15. þ. m.

Stefnandi er Vinnuveitendasamband Íslands fyrir hönd H/f Eimskipafélags Íslands, Jökla h/f, Ness h/f, Nesskips H/f, Sjóleiða h/f, Skipafélagsins Víkur h/f og Skipaútgerðar ríkisins.

Stefndi er Alþýðusamband Íslands vegna Sjómannasambands Íslands fyrir hönd Sjómannafélags Reykjavíkur.

Stefnandi gerir þessar dómkröfur:

1. Að yfirvinnubann það, sem tilkynnt var kaupskipaútgerðum og Vinnuveitendasambandi Íslands af Sjómannafélagi Reykjavíkur þann 12. maí 1986, verði dæmt brot á lögum nr. 80/1938, bráðabirgðalögum nr. 28/1986 og kjarasamningi Sjómannafélags Reykjavíkur við ofangreindar kaupskipaútgerðir og sé í raun ólögmætt verkfall.
2. Að stefnda verði dæmt að greiða stefnanda málskostnað að skaðlausu að mati dómsins.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og að honum verði tildæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati dómsins.

Samkvæmt því, er í stefnu greinir, eru helstu málavextir þeir, að í kjölfar verkfalls undirmanna á farskipum, sem staðið hafi frá 30. apríl til 9. maí sl. og stöðvað var með bráðabirgðalögum nr. 28/1986, hafi Sjómannafélag Reykjavíkur boðað yfirvinnubann í heimahöfnum (Reykjavík, Hafnarfirði, Gufunesi, Skerjafirði, Straumsvík, Keflavík og Njarðvík) frá kl. 17.00 til kl. 08.00 á virkum dögum og allan sólarhringinn á laugar-, sunnu-, hátíðis- og tyllidögum, að undanteknum svokölluðum stoppitörnum á laugardögum og á tímabilinu kl. 17.00 - 20.00 á virkum dögum.

Yfirvinnubann þetta var samþykkt á félagsfundi farmanna í Sjómannafélagi Reykjavíkur föstudaginn 9. maí, sama dag og bráðabirgðalög nr. 28/1986 tóku gildi, og tilkynnt kaupskipaútgerð og Vinnuveitendasambandi Íslands skriflega þann 12. maí 1986.

Með yfirvinnubanni er m. a. ætlað að koma í veg fyrir, að skip fari úr heimahöfn á öðrum tíma en á tímabilinu kl. 08.00 - 17.00 á virkum dögum.

Nái þetta fram að ganga, gæti það valdið verulegri röskun á ferðum skipa, sem koma á heimahafnarsvæðið (Reykjavík og nágrenni), og þá einkum þeirra skipa, sem eru í áætlunarsiglingum, þar sem röskun á áætlun getur valdið verulegu tjóni.

Brottför gæti tafist í allt að tvo og hálfan sólarhring, ef skip væri

ekki ferðbúið fyrir kl. 17.00 á föstudegi. Brottför skipa úr heimahöfn er iðulega á tímabilinu frá kl. 17.00 - 20.00.

Með bréfi til Sjómannafélags Reykjavíkur, dags. 13. maí 1986, mótmælti Vinnuveitendasambandið boðuðu yfirvinnubanni fyrir hönd félagsmanna sinna og áskildi þeim allan rétt í því sambandi, þar á meðal til skaðabóta, ef yfirvinnubanninu yrði ekki aflýst þá þegar.

Samkvæmt ofangreindu bréfi Sjómannafélags Reykjavíkur 12. maí sl. tók yfirvinnubannið gildi kl. 17.00 hinn 19. þ. m. Um framkvæmdina segir svo:

„Með þeim undantekningum, sem um getur í 2. kafla um vinnutilhögun, grein 2.2. um vinnutíma í heimahöfn, a-lið gildandi kjarasamnings farmanna, er yður hér með boðuð stöðvun á yfirvinnu í heimahöfn frá kl. 17.00 - 08.00 á virkum dögum svo og alla laugar-, sunnu-, hátíðis- og tyllidaga."

Í 1. mgr. 1. gr. bráðabirgðalaga nr. 28/1986 segir á þá leið, að Hæstiréttur tilnefni þrjá menn í gerðardóm, sem ákveði fyrir 1. september 1986 kaup og kjör félagsmanna í Skipstjórafélagi Íslands og Sjómannafélagi Reykjavíkur, sem vinna á farskipum.

Ákvæði 2., 3., 4., 7. og 8. gr. laganna hljóða svo:

„2. gr.

Gerðardómurinn skal við ákvörðun kaups og kjara skv. bráðabirgðalögum þessum hafa til viðmiðunar við úrskurð sinn síðastgildandi kjarasamning aðila og almennar kaup- og kjarabreytingar, sem samið hefur verið um, frá því að þeir tóku gildi og þar til dómur gengur.

3. gr.

Ákvarðanir gerðardóms samkv. 1. gr. skulu vera bindandi fyrir aðila frá gildistöku laga þessara.

4. gr.

Vinnustöðvanir þær, sem lög þessi taka til, svo og verkbönn, verkföll og aðrar aðgerðir, sem ætlað er að knýja fram aðra skipan kjaramála en lög þessi ákveða, eru óheimilar.

7. gr.

Með brot gegn lögum þessum skal fara að hætti opinberra mála og varða brot sektum, ef ekki liggja við þyngri refsingar samkvæmt öðrum lögum.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til 31. desember 1986. Úrskurður gerðardóms samkvæmt 1. gr. gildir til sama tíma, nema nýir samningar hafi áður verið gerðir milli aðila.

Eftir 15. desember 1986 er úrskurður gerðardóms uppsegjanlegur af aðilum hverjum um sig með 15 daga fyrirvara miðað við mánaðamót.

Eftir 31. desember 1986 gildir úrskurður gerðardóms, á meðan honum er ekki sagt upp."

Stefnandi byggir kröfugerð sína á því, að yfirvinnubann Sjómannafélags Reykjavíkur sé brot á bráðabirgðalögum nr. 28/1986 og því einnig brot á II. kafla laga nr. 80/1938 og fari í bága við ákvæði kjarasamnings og sjómannalaga nr. 35/1985 og sé andstætt eðlilegum starfsháttum á þessu kjaramálasviði og því ólögmætt.

Með bráðabirgðalögum nr. 28, 9. maí 1986, hafi verkfall félagsmanna í Sjómannafélagi Reykjavíkur, sem hófst 30. apríl, verið stöðvað. Þar segi í forsendum m.a., að verkfall þetta hafi valdið röskun á flutningum til og frá landinu og skapað erfiðleika í helstu útflutningsgreinum landsmanna, þannig, að hætta sé á, að varanlega verði spillt árangri í markaðs- og sölustarfsemi íslenskra fyrirtækja vestan hafs og austan. Því telji ríkisstjórnin, að brýna nauðsyn beri til að koma í veg fyrir frekari stöðvun á rekstri farskipa og binda enda á deilur þessar.

Af 2. gr. bráðabirgðalaga nr. 28/1986 verði ekki annað ráðið en síðast gildandi kjarasamningur, sem hafði verið laus frá áramótum, hafi öðlast efnislega gildi að nýju, að öðru leyti en varðar kaup og kjör, sem gerðardómur skuli úrskurða um. Það, sem styðji þessa fullyrðingu, sé, að á sáttastigi deilunnar gerði Sjómannafélag Reykjavíkur einungis kröfur um hækkun grunnlauna og yfirvinnuálags, en engar kröfur voru gerðar um breytingu á vinnufyrirkomulagi eða öðrum efnisatriðum samningsins.

Við boðun yfirvinnubannsins hafi verið farið eftir reglum 16. gr. laga 80/1938, þ.e. gætt var 7 sólarhringa frests, tilkynning send þeim, sem það beindist aðallega gegn, og tilkynning send sáttasemjara. Af þessu megi ráða viðurkenningu Sjómannafélags á því, að um verkfallsboðun sé að ræða, en ekki hafi verið gætt ákvæða 15. gr. sömu laga um ákvarðanatöku. Þegar af þessari ástæðu sé yfirvinnubannið ólögmætt.

Með bráðabirgðalögum nr. 28/1986 hafi verið bundinn endi á deilu aðila, og hvíli því friðarskylda á aðilum, á meðan lögin séu í gildi, auk þess sem 4. gr. laganna banni vinnustöðvanir og aðrar aðgerðir, sem ætlað sé að knýja fram aðra skipan kjaramála en lögin ákveða, og sé yfirvinnubannið ótvírætt brot á þeirri grein og því ólögmætt.

Stefnandi heldur því fram, að áratugahefð sé fyrir yfirvinnu undirmanna á kaupskipum jafnt í heimahöfnum sem erlendis eða úti á sjó. Yfirvinnuskylda hvíli á félagsmönnum stefnda á farskipum, og sé hún aðeins takmörkuð við skýr ákvæði í kjarasamningum eða í sjómannalögum nr. 35/1985. Því sé ljóst, að yfirvinnubannið sé brot á gildandi kjarasamningi og því brot á II. kafla laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur. Aðgerðirnar brjóti gegn ákvæðum 4. gr. bráðabirgðalaganna nr. 28/1986, þar sem þeim sé augljóslega beint að því markmiði að knýja fram aðra skipan kjaramála en lögin segi fyrir um. Einu gildi, þótt synjað sé fyrir þennan tilgang af hálfu stefnda og því haldið fram, að þeim sé ætlað að koma í veg fyrir óhóflega yfirvinnu. Það sé mála sannast, að lítill hluti yfirvinnu undirmanna falli til í heimahöfnum. Beri því að telja yfirvinnubannið ólögmæta vinnustöðvun.

Í þessu sambandi megi benda á dóm Félagsdóms í hliðstæðu máli, sem upp hafi verið kveðinn 8. ágúst 1979.

Samkvæmt 59. gr. sjómannalaga nr. 35/1985 sé skipverji skyldur að koma á ákveðnum tíma í skiprúmið, og eftir það megi hann ekki fara frá skipi leyfislaust.

Samkvæmt grein 2.10. í kjarasamningi skuli tilkynna brottför úr heimahöfn til erlendrar hafnar með 4 klst. fyrirvara.

Samkvæmt grein 2.9. g. sé heimilt að kalla háseta og starfsmenn í vél til að sjóbúa skip eða til annars undirbúnings brottfarar með tveggja klst. fyrirvara fyrir áætlaða brottför úr heimahöfn og í undantekningartilfellum megi lengja þennan fyrirvara.

Af þessu komi berlega fram, að hindrun þess, að kaupskip geti farið úr heimahöfn utan dagvinnutímabils, sé í andstöðu við kjarasamning svo og sjómannalög nr. 35/1985.

Stefndi styður sýknukröfu sína þeim rökum, að samkvæmt kjarasamningi frá 9. febrúar 1985 milli aðila máls þessa, sem sé í gildi, komi m.a. fram í upphafi þess kjarasamnings, að kaup félaga Sjómannafélags Reykjavíkur miðist við 40 stunda vinnuviku, sbr. staf-

lið 1.1. kjarasamningsins. Þar sé og tekið fram, að greiðsla fyrir vinnu umfram 40 stunda vinnuviku fari eftir öðrum ákvæðum. Í kjarasamningi, II. kafla, staflið 2.1., sé nánar fjallað um daglegan vinnutíma í höfn og á sjó. Skv. dskj. 5, boðun yfirvinnubanns, taki það eingöngu til yfirvinnu í heimahöfn, en eðli málsins samkvæmt sé ekki boðað yfirvinnubann við vinnu á sjó. Í þriðja lagi sé og ákvæði að finna í títtnefndnum kjarasamningi í III. kafla undir staflið 3.7., þar sem skýrt sé kveðið á um það, að hásetum sé ekki skylt að vinna undir tilteknum kringumstæðum eftir kl. 17.00: „..... nema ef á þarf að halda vegna öryggis skips eða færslu í höfn". Hins vegar sé hvergi að finna nein fyrirmæli í fyrrgreindum kjarasamningi um skyldu undirmanna á farskipum til að vinna umfram þær 40 stundir á viku, sem um geti í staflið 1.1. í kjarasamningnum, sbr. áður sagt. Stefndi telur því, að hvorki í sjómannalögum nr. 35/1985 né í núgildandi kjarasamningum sé að finna bein ákvæði um yfirvinnuskyldu undirmanna á farskipum, með þeirri undantekningu þó, er varði öryggi skips, farms eða manna.

Stefndi tekur fram, að yfirvinnubann það, er til framkvæmda kom kl. 17.00 þann 19. maí sl., sé ekki brot á lögum nr. 80/1938, og sé yfirvinnubannið ekki verkfall í skilningi II. kafla laganna, sbr. og 44. gr., 1. tl., sömu laga. Svo sem áður segi, hvíli ekki yfirvinnuskylda á undirmönnum á farskipum. Stefndi telur, að yfirvinnubann þetta sé ekki „verkfall" í skilningi laga nr. 80/1938. Hér sé ekki verið að knýja eða þvinga fram lausn á kjaradeilu milli aðila máls þessa, heldur til að hindra óhóflegt vinnuálag á félagsmönnum. Eigi því ekki við hér 14. eða 15. gr. laga nr. 80/1938. Hvað varði þá málsástæðu stefnanda, að boðun yfirvinnubannsins var að hætti 16. gr. laga nr. 80/1938, skuli það eitt tekið fram, að fyrir hafi legið á fundi félagsins 9. maí sl. tillaga um, að títtnefnt yfirvinnubann kæmi til framkvæmda þá þegar sama dag. Sú tillaga hafi verið dregin til baka og talið rétt, að nokkur undanfari væri á boðun þess og atvinnurekendum væri gefinn umþóttunartími. Hins vegar hafi alls engin viðurkenning falist í því, að um væri að ræða verkfallsboðun.

Telur stefndi því, að yfirvinnubannið brjóti ekki í bága við lög nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur. Hann telur og, að yfirvinnubannið brjóti ekki í bága við ákvæði bráðabirgðalaganna nr. 28/1986. Í 4. gr. þeirra sé að finna eftirfarandi ákvæði: „Vinnu-

stöðvanir þær, sem lög þessi taka til, svo og verkbönn, verkföll og aðrar aðgerðir, sem ætlað er að knýja fram aðra skipan kjaramála en lög þessi ákveða, eru óheimilar." Komi hér til álita, hvort orðin „.... aðrar aðgerðir ...." geti átt við umrætt yfirvinnubann. Enga skýringu sé að finna í tilvitnuðum orðum, en sé greinin skoðuð í heild sinni, komi skýrt fram, að „aðrar aðgerðir" verði að vera ætlaðar til þess „.... að knýja fram aðra skipan kjaramála en lög þessi ákveða, eru óheimilar". Svo sem að framan sé rakið, sé hér ekki verið að knýja fram breytta skipan kjaramála. Þvert á móti sé hér einungis um að ræða stöðvun yfirvinnu undirmanna á farskipum. Öll vinnuskylda skv. gildandi kjarasamningum verði framkvæmd með þeim takmörkunum, sem kjarasamningurinn taki til. Túlka beri ákvæði 4. gr. bráðabirgðalaganna þröngt. Óeðlilegt sé að ætla, að tilgangur bráðabirgðalaganna hafi verið sá að auka vinnuskyldu undirmanna á farskipum umfram gildandi kjarasamning. Slíkt myndi gera kjarasamninga að engu. Þegar allt framangreint sé virt, telur stefndi, að sýkna beri hann af kröfum stefnanda.

Stefndi mótmælir staðhæfingum stefnanda um, að yfirvinnubannið sé ólögmæt vinnustöðvun í skilningi 1. og 2. tl. 1. mgr. 44. gr. laga nr. 80/1938, sem og, að um sé að ræða samningsrof, sbr. 8. gr. sömu laga. Hann kveðst ekki mótmæla þeim rétti, sem skipstjóri hafi yfir undirmönnum sínum skv. sjómannalögum nr. 35/1985. Hins vegar telur hann hvorki skipstjóra né útgerðarmann hafa það vald að auka vinnuskyldu sinna undirmanna umfram gildandi kjarasamninga nema í þeim undantekningartilvikum, ef öryggi skips er í húfi.

Hann telur allan samanburð við dóm Félagsdóms hinn 8. ágúst 1979 í hæsta máta vafasaman, þar sem aðstæður í því máli hafi í verulegum atriðum verið mjög frábrugðnar því, sem í þessu máli sé.

Álit dómsins og niðurstaða.

Aðilar eru á einu máli um það, að bráðabirgðalögin nr. 28/1986 hafi vakið til gildis á ný kjarasamning þeirra í millum frá 9. febrúar 1985. Í 2. kafla samningsins eru ákvæði um sérstaka yfirvinnuskyldu sjómanna, eins og vikið er að í boðun yfirvinnubannsins. Ekki er þar að finna fyrirmæli um almenna skyldu til yfirvinnu. Þótt þessu sé svo farið, að ekki séu í samningnum bein ákvæði í þessu efni, verður talið, að í honum felist óbein yfirvinnuskylda

sjómanna jafnt í heimahöfnum sem annars staðar vegna eðlis kaupskipaútgerðar og áratugavenju um vinnutilhögun á þessu sviði.

Þegar þetta er virt, sem nú er sagt, verður að telja, að greint yfirvinnubann Sjómannafélags Reykjavíkur, sem hófst 19. þ.m., stríði gegn gildandi kjarasamningi aðila, eins og framkvæmd þess er háttað. Jafnfram verður að líta svo á, að ákvörðun um boðun yfirvinnubannsins hafi verið tekin sem þáttur í kjaradeilu og ekki hafi verið sýnt fram á, að vinnuverndarsjónarmið hafi þar legið til grundvallar. Svo almennt bann við yfirvinnu, eins og hér er ástatt, verður ekki lagt á með ofangreindum hætti, nema um sé að ræða vinnustöðvun á grundvelli 14. gr. laga nr. 80/1938.

Það er álit dómsins, að yfirvinnubannið sé brot á 4. gr. bráðabirgðalaga nr. 28/1986 og því ólögmæt vinnstöðvun í andstöðu við II. kafla laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur.

Samkvæmt því, sem nú er sagt, verður 1. liður kröfu stefnanda tekinn til greina að öllu leyti.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 30.000,00.

Dómur þessi er upp kveðinn af Ólafi Stefáni Sigurðssyni, Birni Helgasyni, Gunnlaugi Briem, Gunnari Eydal og Gunnari Guðmundssyni.

Dómsorð:

Yfirvinnubann Sjómannafélags Reykjavíkur, sem tilkynnt var kaupskipaútgerðum og Vinnuveitendasambandi Íslands hinn 12. maí 1986 og hófst 19. maí 1986, er ólögmæt vinnustöðvun, brýtur í bága við kjarasamning aðila, bráðbirgðalög nr. 28/1986 og II. kafla laga nr. 80/1938.

Stefndi, Alþýðusamband Íslands f.h. Sjómannasambands Íslands vegna Sjómannafélags Reykjavíkur, greiði stefnanda, Vinnuveitendasambandi Íslands f.h. ofangreindra aðildarfélaga þess, kr. 30.000,00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 3. febrúar 1987.

Nr. 7/1986. **Farmanna- og fiskimannasamband Íslands vegna Skipstjórafélaga Íslands**
(Guðni Á. Haraldsson hdl.)
gegn
dómsmálaráðherra f.h. Landhelgisgæslu Íslands og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs
(Guðný Höskuldsdóttir hdl.).

Fæðispeningar. Frídagar. Gerðardómur. Skipherrar.

Dómur Félagsdóms.

Mál þetta dæma Garðar Gíslason, Björn Helgason, Jónas Gústavsson, Gunnar Guðmundsson og Jón Þorsteinsson.

Málið, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum málflutningi, er höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu birtri 17. september 1986.

Stefnandi er Farmanna- og fiskimannasamband Íslands vegna Skipstjórafélags Íslands.

Stefndu eru dómsmálaráðherra f.h. Landhelgisgæslu Íslands og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs.

Dómkröfur stefnanda eru þessar:

a) Að viðurkennt verði með dómi Félagsdóms, að stefndu sé skylt að greiða þeim skipherrum, sem starfa hjá stefndu í stjórnstöð Landhelgisgæslu Íslands, fæðispeninga skv. gr. 9.1.1. í kjarasamningi aðila.

b) Að viðurkennt verði með dómi Félagsdóms, að stefndu sé skylt að greiða þeim skipherrum, sem starfa hjá stefndu í stjórnstöð, 0,045 frídaga fyrir hvern unninn virkan dag og greiddan frídag.

Stefnandi krefst og málskostnaðar.

Stefndu krefjast sýknu af kröfu stefnanda og málskostnaðar að skaðlausu.

I.

Málavexti varðandi a-lið kröfu kveður stefnandi vera, að í kjarasamningi Skipstjórafélags Íslands og vinnuveitenda hafi um alllangt skeið verið ákvæði um fæðispeninga. Í ákvæðinu sé gert ráð fyrir, að skipstjórar skuli fá frítt fæði um borð frá vinnuveitanda. Hins vegar geri greinin, er um þetta fjalli, 9.1.1., ráð fyrir, að ef skip-

stjóri geti ekki matast um borð, þá eigi útgerðin að greiða honum ákveðinn fæðiskostnað á dag, sé hann staddur innan lands. Einnig sé gert ráð fyrir, að skipstjórar fái greidda fæðispeninga í leyfum.

Stefnandi tekur fram, að Vinnumálanefnd ríkisins sé aðili að kjarasamningi þessum, m.a. vegna Landhelgisgæslu Íslands. Auk þess sé í gildi sérsamningur um störf skipstjóra hjá flugdeild Landhelgisgæslu Íslands.

Í kjarasamningi aðila, er gerður hafi verið í apríl 1984, hafi aðilar orðið sáttir um sameiginlega bókun hjá ríkissáttasemjara, sem sé hluti af kjarasamningi aðila. Fjallaði hún um skilning aðila á grein 9.1.1. Í bókun þessari sé fyrst ítrekuð sú meginregla, er fram komi í upphafi gr. 9.1.1., að skipstjórar skuli hafa frítt fæði um borð í skipi sínu, en síðan séu talin upp þau tilvik, þegar greiða skuli fæðispeninga.

Eftir kjarasamninga þá, er gerðir voru 16. apríl 1984, hafi engin breyting orðið á greiðslu fæðispeninga til þeirra skipherra, er starfa um borð í flugvélum og í stjórnstöð Landhelgisgæslu Íslands. Forstjóra Landhelgisgæslunnar hafi því verið skrifað bréf, þar sem farið var fram á, að það yrði gert. Með bréfi Gunnars Bergsteinssonar forstj., dags. 31. júlí 1984, hafi Landhelgisgæslan hafnað greiðslu til eins af skipherrum gæslunnar, er starfað hafði í landi.

Allir skipherrar Landhelgisgæslunnar séu fyrst og fremst ráðnir sem skipstjórar á varðskip. Það hafi hins vegar tíðkast um alllangt skeið, að einn skipherra sé um borð í flugvél Landhelgisgæslu Íslands, enda til um það vinnufyrirkomulag sérstakt samkomulag. Á sama hátt sé ætíð einn skipherra í stjórnstöð Landhelgisgæslunnar. Með bráðabirgðalögum 28/1986 hafi deila SKFÍ og atvinnurekanda verið stöðvuð og sett í gerðardóm. Í samningaviðræðum hafi SKFÍ farið m. a. fram á, að tekið yrði af skarið um það, að skipherrum Landhelgisgæslu Íslands skyldu greiddir fæðispeningar líkt og öðrum skipherrum gæslunnar. Þessu hafi þráfaldlega verið neitað, og er deilan hafi verið sett í gerðardóm, hafi félagið og gert sömu kröfur fyrir dóminum. Niðurstaða dómsins hafi orðið sú, að kröfur félagsins voru teknar til greina. Allir kjarasamningar aðila hafi verið framlengdir til 31. desember 1986. Ákvæðið um skipherrana sé svohljóðandi:

„Þeim skipherrum Landhelgisgæslu Íslands, sem starfa um borð í flugvélum eða í landi á hennar vegum, skulu greiddir neyslufrí-

dagar og fæðispeningar samkv. gr. 8.7.2. og 9.1.1. kjarasamnings frá 1. apríl 1984, sem framlengdur hefur verið til 31. desember 1986 með dómi þessum."

Þrátt fyrir svo skýrt orðalag og kröfur félagsins, er síðar voru samþykktar af dóminum, hafni Vinnumálanefnd og Landhelgisgæsla Íslands að greiða fæðispeninga í stjórnstöð, þrátt fyrir það að yfirmaður Landhelgisgæslu Íslands lýsi því yfir í bréfi, að skipherra fái ekki frítt fæði í stjórnstöð.

Málsástæður og lagarök varðandi a-lið kveður stefnandi vera eftirfarandi: Því er haldið fram af stefnanda, að þeir starfsmenn stefndu, er vinna í stjórnstöð, eigi ætíð rétt á fæðispeningum nema þegar um veikindi sé að ræða.

Kröfur sínar byggir stefnandi í fyrsta lagi á því, að meginreglan í gr. 9.1.1. sé skýr. Skipherrar LHG eigi skv. henni að fá frítt fæði, meðan þeir séu í starfi hjá stefndu. Ef af einhverjum ástæðum þeir ekki fá slíkt fæði, eigi þeir rétt á greiðslu fæðispeninga. Skipstjórar í stjórnstöð fái ekki frítt fæði, en sé engu að síður neitað um fæðispeninga. Þessi afstaða sé viðhöfð af stefndu, þrátt fyrir það að í bréfi forstjóra Landhelgisgæslu Íslands dags. 2. apríl 1986, sé viðurkennt, að skipherrar, er vinni í stjórnstöð, fái þar ekki frítt fæði.

Því er haldið fram af stefnanda, að skipherrar Landhelgisgæslu Íslands, sem starfi í landi, eigi sama rétt og skipherrar um borð í skipum. Um kjör þessara manna gildi sami kjarasamningur og um skipherra á skipum gæslunnar, sbr. Félagsdómsmálið nr. 2/1986. Lögin um Landhelgisgæslu Íslands séu og skýr hvað þetta varðar. Í 10. gr. þeirra segi, að laun þeirra starfsmanna, sem að staðaldri vinna á sjó eða í lofti, skuli vera í samræmi við kjarasamninga viðkomandi séttarfélaga, eftir því sem við á eða eftir sérstökum samningum. Eins og ákvæði þetta er sett saman, sé engin ástæða til að ætla, að kjör þeirra, er starfa í stjórnstöð, eigi að vera lakari en kjör annarra skipherra hjá Landhelgisgæslunni. Það skipti ekki máli, hvar þessir starfsmenn vinni, heldur hitt, að þeir eiga að fá fæðispeninga, ef þeim er ekki boðið frítt fæði.

Í þeirri sameiginlegu bókun, sem gerð var í kjarasamningum aðila 1984, sé upptalning. Fyrsti liður bókunarinnar felur það í sér, að skipherrar eigi að fá greidda fæðispeninga í heimahöfn, þegar fæði er ekki framreitt um borð. Heimahöfn er þarna ekki nánar skil-

greind, en um það vísast til greinar 8.7.5. Þar sé talað um, að heimahöfn sé hafnarsvæði Reykjavíkur og Hafnarfjarðar. Heimahöfn flugvélar sé hins vegar Reykjavíkurflugvöllur og heimahöfn stjórnstövar er þar, sem stjórnstöð hefur aðsetur. Í þessu sambandi vísast til 3. gr. sérsamnings um fluggæslu. Þar segir: „*Utan heimahafnar* telst vinnutími frá því er starfsmaður leggur af stað frá hóteli." Af þessu sé ljóst, að Reykjavíkurflugvöllur sé heimahöfn.

Á sama hátt hljóti stjórnstöð að vera heimahöfn. Eðli málsins samkvæmt falli stjórnstöð undir 1. tölulið bókunarinnar.

Málavexti varðandi b-lið kröfu kveður stefnandi einkum vera, að í VIII. kafla kjarasamnings Skipstjórafélags Íslands og stefndu séu ákvæði um neyslufrídaga. Samkvæmt grein 8.7.2. skuli veita skipstjórum 0,045 frídaga fyrir hvern unninn virkan dag og greiddan frídag vegna neyslutíma, sem falli á vinnutíma skipstjóra og veittir eru óreglulega eða ekki er unnt að veita. Slíkir neyslufrídagar séu nú greiddir til þeirra skipherra, er starfa um borð í varðskipum Landhelgisgæslu Íslands svo og flugvélum. Í kjarasamningi aðila 1. apríl 1984 hafi verið lögð fram sameiginleg bókun um neyslufrídaga. Þar sé skýrt tekið fram, að neyslufrídaga eigi að greiða í flugi jafnframt því, að þá eigi að greiða stjórnstöð, „eins og ástatt er í dag, þegar ekki er unnt að veita kaffitíma eða þeir eru veittir óreglulega, eins og nánar segir í grein 8.7.2."

Af hálfu Landhelgisgæslu Íslands hafi nú algerlega verið neitað, að skipherrar í stjórnstöð gæslunnar ættu rétt á neyslufrídögum líkt og skipstjórar og skipherrar til sjós.

Með lögum 18/1986 hafi kjaradeila SKFÍ, Útgerðar- og Vinnumálanefndar verið stöðvuð og hún sett í gerðardóm. Fyrir dóminum hafi SKFÍ gert kröfu um, að tekið verði af skarið um það, að skipherrar í stjórnstöð ættu sama rétt og þeir til sjós. Vísast í því sambandi til greinargerðar lögmanns stefnanda fyrir dóminum. Niðurstaða dómsins hafi orðið sú, að hann tók kröfu félagsins til greina, eins og áður hefur verið greint frá. Þrátt fyrir það hafa stefndu með öllu neitað að greiða neyslufrídaga.

Helstu lagarök og málsástæður stefnanda varðandi b-lið eru þau, að ákvæði 8.7.2. og 8.7.3. í kjarasamningi aðila eigi við um störf skipherra í stjórnstöð. Er í því sambandi bent á orðalag ákvæðanna. Einnig er bent á breytingu þá, er varð með úrskurði gerðardóms skv. 1. 28/1986.

Sérstök áhersla er lögð á það, að fyrir gerðardóminum var málefni þeirra ýtarlega reifað, svo að ekki fór milli mála, hver krafa SKFÍ var. Gerðardómur tók kröfu SKFÍ til greina. Því bar að greiða neyslufrídaga til skipherra í stjórnstöð, enda segir í dóminum, að þeir skuli njóta sömu kjara og aðrir skipherrar Landhelgisgæslu Íslands. Athygli er vakin á því, að stefndu hafa viðurkennt skyldu til greiðslu neyslufrídaga til annarra skipherra Landhelgisgæslu Íslands, hvort sem þeir starfa um borð í flugvélum eða skipum.

Því er haldið fram, að greiðsla neyslufrídaga eigi sér almennt stað, þrátt fyrir það að hægt sé að veita reglulega kaffitíma. Enda beri forsaga ákvæðisins það með sér, að um kjaraatriði hafi verið að ræða, er ná átti til allra skipstjóra. Á þeim skipum í eigu útgerða, þar sem reglulegir kaffitímar eru veittir, er skipstjórum engu að síður greiddir neyslufrídagar. Starf skipstjóra og skipherra sé þess eðlis, að reglulegir kaffitímar séu ekki alltaf framkvæmanlegir.

Stefnandi leggur áherslu á kröfu um málskostnað. Vakin er athygli á því, að þrátt fyrir nýgenginn dóm gerðardóms, þar sem afstaða var tekin til þessa atriðis, hafa stefndu neitað greiðslu á neyslufrídögum. Dómur Félagsdóms í málinu nr. 2/1986 hafi og borið með sér, að sömu kjör eigi að gilda fyrir skipherra í stjórnstöð og í landi.

II

Málsástæður og lagarök stefndu.

a) *Um fæðispeninga.*

Samkvæmt gr. 9.1.1. í kjarasamningi Skipstjórafélags Íslands og kaupskipaútgerða fær skipstjóri frítt fæði, meðan hann er starfsmaður félagsins. Í leyfum og þegar hann af öðrum gildum ástæðum getur ekki matast um borð, greiði útgerðin honum fæðiskostnað, tiltekna fjárhæð á dag. Enda þótt ofannefnt ákvæði virðist ótvírætt, hefur aldrei tíðkast að greiða skipherrum LHG í landi fæðispeninga nema í orlofi. Skýring þessa er að langmestu leyti sögulegs eðlis, og í því efni hafa menn viljað einskorða gildissvið farmannasamninga við störf um borð í skipi miðað við lögskráningu. Þetta hefur leitt til þess, að ýmis störf utan borðs eru greidd sérstaklega, jafnvel þótt þau séu unnin í vinnutíma viðkomandi manns. Á móti kemur, að ef maður er afskráður og fer til starfa í landi hjá útgerð, tekur hann almennt laun samkvæmt gildandi stéttarfélagssamningum viðkomandi starfsmanna. Sem dæmi má nefna vélstjóra.

Hann myndi taka laun skv. vélstjórasamningum. Hásetar, sem fara að vinna við höfnina, taka laun samkvæmt gildandi kjarasamningum við Dagsbrún um hafnarvinnu. Þessi greinarmunur hefur verið mun ákveðnari hvað aðrar útgerðir áhrærir, enda hafa þær ekki þurft að glíma við sams konar vandamál. Í byrjun var einnig dregin af skipherrum strandferðaþóknun, landgöngufé og risna, þ.e. þær launategundir, sem einskorðaðar hafa verið við störf um borð í skipi, færu skipherrrar til starfa í landi á vegum útgerðar, en það breyttist, á meðan á útfærslu landhelginnar stóð, og er nú svo komið, að skipherrar njóta í flestu tilliti þeirra kjara, sem samningar þeirra kveða á um, nema þegar um er að ræða beina viðmiðun við aðrar starfsstéttir. Þessu sjónarmiði til styrktar má benda á ákvæði 11. gr. laga nr. 25/1967 um Landhelgisgæslu Íslands, þar sem segir orðrétt:

„Ef starfsmenn vinna ýmist í landi, á sjó eða í lofti, skulu laun þeirra ákvarðast eftir aðalstarfi þeirra, *en önnur kjör samkvæmt því starfi, sem þeir sinna hverju sinni.*"

Þetta hefur verið túlkað þannig af LHG, að skipherrar eigi rétt á kaupi skv. kjarasamningi Skipstjórafélags Íslands, en um önnur kjaraatriði fari eftir því starfi, sem þeir sinna hverju sinni. Varðandi fluggæsluna þýðir þetta t.d., að skipherrar njóta sömu ákvæða um hámarksflugstundafjölda og hvíld og flugmenn, þegar flogið er. Þá fá þeir greidda flugdagpeninga í flugi, sem eru eins konar fæðispeningar, og njóta jafnframt ókeypis fæðis, þegar flogið er. Á sama hátt er varðandi störf skipherra í stjórnstöð tekið mið af opinberum starfsmönnum, sem vinna við hlið skipherranna, sbr. að sínu leyti ákvæði 9. gr. laga nr. 25/1967, en þar segir, að laun og kjör þeirra starfsmanna LHG, sem vinna að staðaldri í landi, skuli vera samkvæmt lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Þessu hefur Skipstjórafélag Íslands ávallt mótmælt og haldið fram, að samningar Skipstjórafélagsins giltu óhindrað í landi.

Við gerð nýs kjarasamnings milli kaupskipaútgerða og Skipstjórafélags Íslands í apríl 1984 krafðist Skipstjórafélagið þess, að grein 9.1.1. yrði að fullu virt og afturvirk greiðsla kæmi frá úrskurði kjaradóms frá árinu 1979. Þetta varð til þess, að aðilar sættust á bókun hjá ríkissáttasemjara um sameiginlegan skilning aðila á grein 9.1.1.

Bókunin er svohljóðandi:

„Sameiginlegur skilningur aðila varðandi grein 9.1.1. í kjarasamningi:

Skipstjóri fær greidda fæðispeninga:

1. Í heimahöfn, þegar fæði er ekki framreitt um borð.
2. Í sumarleyfi.
3. Í veikindum, að undanteknum þeim dögum, sem skipstjóri er á sjúkrahúsi.
4. Á greidda biðdaga.
5. Á greidda frídaga."

Í þessari bókun til viðbótar því, sem menn höfðu áður verið sammála um, fólst *samkomulag um* að greiða fæðispeninga vegna úttekinna frídaga, sem féllu á lögskráningu. Af hálfu Vinnumálanefndar ríkisins var litið svo á, að hér væri um tæmandi upptalningu að tefla, sem breytti í sjálfu sér ekki þeirri áratugaframkvæmd, sem viðhöfð hafði verið með vísan til 11. gr. laga nr. 25/1976, enda var Skipstjórafélagi Íslands í lófa lagið að fá bætt við ofannefnda bókun ákvæðum um skyldu LHG til að greiða skipherrum í stjórnstöð fæðispeninga.

Í því skyni að fá endanlega skorið úr ágreiningi aðila hafði Skipstjórafélag Íslands m.a. uppi þá kröfu fyrir gerðardómi samkvæmt bráðabirgðalögum nr. 28/1986, að skipherrar, sem starfa um borð í flugvélum og í stjórnstöð, fái greidda fæðispeninga, fái þeir ekki frítt fæði, sbr. gr. 9.1.1., og varð niðurstaða dómsins sú, að ekki væru efni til annars en þess, að skipherrar LHG nytu sömu kjara, hvort heldur þeir starfi í landi á vegum LHG eða um borð í skipum og flugvélum hennar, og því bæri að greiða þeim, er starfa í landi, samkvæmt gr. 9.1.1. kjarasamningsins frá 16. apríl 1986. Tekur dómurinn síðan fram, að hann telji þessa niðurstöðu sína í fullu samræmi við 10. gr. laga nr. 25/1976, en hún fjallar um kaup og kjör þeirra starfsmanna LHG, sem vinna að staðaldri á sjó eða í lofti. Í dóminum kom fram, að ekki væri ágreiningur um, að skipherrar nytu ókeypis fæðis um borð í skipi og flugvél. Þegar þetta er virt saman, niðurstaða dómsins og tilvísun hans til 10. gr. laga nr. 25/1967, er niðurstaða dómsins sú, að skipherrum, sem vinna að staðaldri við störf á sjó eða í lofti, en fara til vinnu í landi um stundarsakir, beri að greiða fæðispeninga samkvæmt gr. 9.1.1. í samræmi við sameiginlegan skilning aðila á umræddri grein, sbr. áðurnefnda bókun. Skipherrar, sem vinna ýmist í landi, á sjó eða

í lofti, fá greitt kaup skv. skipstjórasamningi, en njóta annarra kjara, m.a. fæðisgreiðslna, samkvæmt því starfi, sem þeir gegna hverju sinni, sbr. 11. gr. laga nr. 25/1967. Þriðji hópurinn eru skipherrar, sem vinna að staðaldri í landi, en það er sá hópur, sem mál þetta fjallar um. Þeir ættu að taka laun samkvæmt kjarasamningum starfsmanna ríkisins, sbr. 9. gr. laga nr. 25/1967, enda hefur við ákvörðun fæðisgreiðslna til þeirra verið horft til þess, hvernig þeim málum er skipað hjá opinberum starfsmönnum.

Stefndi leggur áherslu á, að í máli þessu eru það ekki fjárhæðirnar, sem skipta höfuðmáli, heldur sú órofna venja, sem fylgt hefur verið um afgreiðslu fæðisgreiðslna sem þessara, sem hefur miðast við að tryggja sem mest samræmi milli manna á sama vinnustað.

b) *Um neyslutíma.*

Með neyslutíma er átt við kaffihlé, sem falla á vinnutíma viðkomandi manna um borð og veitt eru óreglulega eða ekki er unnt að veita. Í samningum farmanna er ekki að finna ákvæði um kaffihlé til sjós, meðan sjóvökur eru staðnar, heldur fer það eftir eðli starfans, hvort unnt er að fara í kaffi, t.d. myndi það ekki hvarfla að stýrimanni og vélstjóra á vakt að yfirgefa varðstöðuna til að fara í kaffi niður í matsal, nema hann yrði leystur af. Það var þetta sjónarmið fyrst og fremst, sem olli því, að ákveðið var að fallast á neyslutíma. Með samþykki kröfunnar, sem gerð var 25. mars 1982, var fallist á það sjónarmið FFSÍ, að virkur vinnutími yfirmanna til sjós, þ.e. 8 st. pr. dag, væri lengri en verkamanna í landi, er eiga rétt á tveimur kaffitímum á dag, 15 mín. og 20 mín., og þurfa því ekki að skila nema 7 st. og 25 mín. í virkum vinnutíma.

Skipstjórafélag Íslands átti ekki aðild að þeim samningaviðræðum milli FFSÍ og útgerða, þegar umrætt ákvæði um neyslutíma var mótað. Að loknum þeim samningum var Skipstjórafélagi Íslands boðið upp á sams konar samning, sem þeir féllust á eftir nokkurt þóf.

Strax að loknum samningunum var Skipstjórafélagi Íslands tjáð, að neyslutími yrði ekki greiddur í stjórnstöð eða í flugi. Þetta varð til þess, að í aprílsamningunum 1984 krafðist Skipstjórafélagið þess, að úr ákvæðinu yrðu felld orðin *um borð*. Þá krafðist Skipstjórafélagið þess af Vinnumálanefnd ríkisins, að skilyrðislaust yrði fallist á kröfu þess um að greiða neyslutíma í flugi og í stjórnstöð. Þeirri

kröfu var í fyrstu hafnað, en eftir að samningar höfðu tekist, tjáði formaður Skipstjórafélagsins fulltrúa Vinnumálanefndar ríkisins, að verkfalli félagsins yrði ekki aflétt nema krafa þess yrði samþykkt. Til að afstýra frekara tjóni gaf Vinnumálanefnd ríkisins því svohljóðandi yfirlýsingu hjá sáttasemjara:

„Neyslufrídagar verði greiddir í flugi. Jafnframt verði neyslufrídagar greiddir í stjórnstöð, eins og ástatt er nú, þegar ekki er unnt að veita kaffitíma eða þeir eru veittir óreglulega, eins og nánar segir í gr. 8.7.2."

Yfirlýsing þessi þýddi, að skilyrðislaust bar að greiða neyslutíma í flugi, enda aðstæður þar hliðstæðar og til sjós. Á hinn bóginn fer það eftir atvikum, hvort unnt er að veita kaffitíma í stjórnstöð. Ef ekki er unnt að veita kaffitíma eða þeir eru teknir óreglulega vegna sérstakra ástæðna, ber að greiða neyslutíma. Matið, hvað þetta varðar, er hið sama og gagnvart öðrum, sem vinna í landi. Í þessu sambandi er rétt að geta þess, að forstjóri LHG telur engum vandkvæðum bundið, að skipherrar fái tilskilda kaffitíma, og hefur því mati hans ekki verið mótmælt.

Í gerðardómsmálinu samkvæmt bráðabirðgalögunum nr. 2/1986 um stöðvun verkfalls félagsmanna í Skipstjórafélagi Íslands o.fl. gerði Skipstjórafélag Íslands m.a. þá kröfu, að tekið yrði af skarið um það, að skipherrar LHG fengju greidda neyslufrídaga, þegar þeir væru við störf í landi og um borð í flugvélum, á sama hátt og skipstjórar á farskipum og skipherrar á varðskipum, sbr. gr. 8.7.2. í aðalkjarasamningi. Niðurstaða dómsins varð sú hvað þessa kröfu áhrærir, að ekki væru efni til annars en þess, að skipherrar LHG nytu sömu kjara, hvort heldur þeir starfa í landi á vegum LHG eða um borð í skipum og flugvélum hennar, og því bæri að greiða þeim skipherrum, er starfa í landi, samkvæmt 8.7.2. kjarasamnsingsins frá 16. apríl 1984. Grein 8.7.2. er svohljóðandi:

„Vegna neyslutíma, sem falla á vinnutíma skipstjóra og veittir eru óreglulega eða ekki er unnt að veita, fær hver skipstjóri 0,045 frídaga fyrir hvern unninn virkan dag svo og greidda frídaga."

Gerðardómurinn breytir í engu efni ákvæðisins. Hann segir ekki, að neyslutími sé óhjákvæmilegur þáttur fastra launa með svipuðum hætti og sjóálag, heldur vísar hann til ákvæðisins. Það hlýtur því að fara eins og áður eftir aðstæðum, hvort unnt er að veita kaffitíma, og í því efni hefur matið ekkert breyst.

III.

Álit dómsins.

Með bráðabirgðalögum nr. 28, 9. maí 1986, um stöðvun varkfalls félagsmanna í Skipstjórafélagi Íslands og Sjómannafélagi Reykjavíkur, sem vinna á farskipum, var skipaður gerðardómur, sem skyldi ákveða fyrir 1. september 1986 kaup og kjör félagsmanna. Gerðardómurinn kvað upp dóm sinn 9. ágúst 1986, og gilti úrskurðurinn til 31. desember 1986 skv. 8. gr. laganna og eftir þann tíma, á meðan honum var ekki sagt upp.

Úrskurður gerðardómsins framlengdi kjarasamning þeirra aðila, sem bundnir voru af honum, þar á meðal aðila máls þessa. Gerðardómurinn hafði m.a. það hlutverk að skera úr því sérstaka deilumáli, sem hér er lagt fyrir Félagsdóm og er ágreiningslaust með aðilum, að deilumálið hafi verið flutt fyrir gerðardóminum og ýtarlega reifað þar. Í niðurstöðu gerðardómsins segir:

„Niðurstaða dómsins er sú, að ekki séu efni til annars en þess, að skipherrar Landhelgisgæslu Íslands njóti sömu kjara, hvort heldur þeir starfa í landi á vegum Landhelgisgæslunnar eða um borð í skipum og flugvélum hennar, og því beri að greiða þeim skipherrum, er starfa í landi, samkvæmt gr. 8.7.2. og 9.1.1. kjarasamningsins frá 1. apríl 1984.

Dómurinn telur þessa niðurstöðu sína í fullu samræmi við 10. gr. laga nr. 25/1967 um Landhelgisgæslu Íslands."

Í dómsorði gerðardómsins segir enn fremur:

„Þeim skipherrum Landhelgisgæslu Íslands, sem starfa um borð í flugvélum eða í landi á hennar vegum, skulu greiddir neyslufrídagar og fæðispeningar samkvæmt gr. 8.7.2. og 9.1.1. kjarasamnings frá 1. apríl 1984, sem framlengdur hefur verið til 31. desember 1986 með dómi þessum."

Þegar niðurstaða og dómsorð gerðardómsins eru virt, verður að fallast á með stefnanda, að gerðardómurinn hafi tekið af skarið um, að þeim skipherrum, sem starfa hjá Landhelgisgæslu Íslands í stjórnstöð, skulu greiddir fæðispeningar og neyslufrídagar eins og greiddir eru þeim skipherrum Landhelgisgæslunnar, sem starfa um borð í skipum eða flugvélum hennar. Sérstaklega var tekið fram í niðurstöðu gerðardómsins, að ekki væri efni til annars en þess, að skipherrar Landhelgisgæslunnar nytu sömu kjara, hvort heldur þeir starfa í landi, lofti eða legi.

Ber því að fallast á kröfur stefnanda að öllu leyti, enda eigi rök til þess, að skipherrar Landhelgisgæslu njóti eigi sömu kjara hvar sem þeir starfa, um lengri eða skemmri tíma.

Eins og mál þetta er vaxið, þykir rétt að fallast á kröfu stefnanda um málskostnað úr hendi stefnda, sem ákveðst kr. 30.000,00.

Dómsorð:

Stefndu, dómsmálaráðherra f.h. Landhelgisgæslu Íslands og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, er skylt að greiða þeim skipherrum, sem starfa hjá stefndu í stjórnstöð Landhelgisgæslu Íslands, fæðispeninga skv. gr. 9.1.1. í kjarasamningi aðila og neyslufrídaga skv. gr. 8.7.2. í kjarasamningi aðila.

Stefndu greiði stefnanda kr. 30.000,00 í málskostnað.

Aðfararfrestur er 15 dagar.

Fimmtudaginn 19. mars 1987.

Nr. 10/1986. **Félag bókagerðarmanna**
vegna Hilmars Bernburg
(Arnmundur Backman hrl.)
gegn
Vinnuveitendasambandi Íslands
f.h. Félags íslenska prentiðnaðarins
vegna Ísafoldarprentsmiðju h/f
(Kristján Þorbergsson cand.jur.).

Veikindalaun. Bókagerðarmenn. Sératkvæði.

Dómur Félagsdóms.

Mál þetta dæma Garðar Gíslason, Björn Helgason, Ingibjörg Benediktsdóttir, Jón Þorsteinsson og Gunnar Guðmundsson.

Málið, sem tekið var til dóms 3. þ.m., er höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu birtri 28. nóvember 1986 og þingfestri 16. desember s. á.

Stefnandi er Félag bókagerðarmanna vegna Hilmars Bernburg, félagsmanns í félaginu, Melgerði 23, Reykjavík.

Stefndi er Vinnuveitendasamband Íslands f.h. Félags íslenska prentiðnaðarins vegna Ísafoldarprentsmiðju h/f, Þingholtsstræti 5, Reykjavík.

Stefnandi gerir eftirfarandi dómkröfur:

1. Að dæmt verði, að skilja beri grein 6.2.5. í kjarasamningi aðila svo, að með 10 vikna viðmiðun, hvað varðar aukavinnukaup í veikindum, sé átt við 10 virkar vinnuvikur, þegar starfsemi er í gangi, en ekki þann tíma, þegar um verkfall er að ræða.
2. Að stefndi verði dæmur til að greiða í skaðabætur kr. 3.918,20 með 19% ársvöxtum frá 1.12. 1984 til 1.1. 1985, með 32% ársvöxtum frá þeim degi til 1.2. 1985, með 3,75% mánaðarvöxtum frá þeim degi til 1.3. 1985, með 4% mánaðarvöxtum frá þeim degi til 1.6. 1985, með 3,5% mánaðarvöxtum frá þeim degi til 1.9. 1985, með 3,75% mánaðarvöxtum frá þeim degi til 1.3. 1986, með 2,25% dráttarvöxtum frá þeim degi til þingfestingardags, en með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Til grundvallar skaðabótakröfu liggur tjón Hilmars Bernburg vegna túlkunar stefnda á umræddu ákvæði kjarasamnings.

Stefnandi krefst og málskostnaðar eftir mati dómsins.

Stefndi gerir þær dómkröfur, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og tildæmdur málskostnaður að skaðlausu.

I.

Stefnandi kveður tilefni þessarar málshöfðunar vera, að í grein 6.2.5. í kjarasamningi aðila frá 22. október 1984 segi eftirfarandi:

„Starfsmaður, sem rétt á til greiðslna skv. þessari grein, sbr. gr. 6.2.1. - 6.2.4., skal fá greidda aukavinnu sem hér segir:

Aukavinnukaup reiknast allt að 2 klst. á dagvinnudag, að hámarki 10 klst. á viku, ef aukavinna hans sl. 10 vikur, áður en veikindi eða slys bar að höndum, nær því meðaltali. Sé meðaltal aukavinnunnar undir þessu hámarki, ræður meðaltal eins og það er í reynd. Nái starfstími ekki 10 vikum, sbr. gr. 6.2.1., skal meðaltal reiknað frá upphafi starfstíma."

Ákvæði þetta er óbreytt frá eldra samningi.

Stefnandi kveður málavexti þá, að Hilmar Bernburg, sem hafi verið starfsmaður Ísafoldarprentsmiðju h/f, hafi verið veikur og óvinnufær skv. læknisvottorði frá og með 21. október 1984 til og

með 21. nóvember s.á. Hann hafði þá verið fastráðinn hjá fyrirtækinu hátt í 9 ár og naut því fulls veikindaréttar skv. 6. kafla kjarasamnings aðila frá 22. október 1984.

Verkfall Félags bókagerðarmanna haustið 1984 stóð frá og með 10. september til og með 22. otkóber, svo að fyrsti vinnudagur eftir verkfallið var 23. október. Verkfall þetta stóð því 6 undanfarandi vikur, áður en Hilmar forfallaðist vegna veikinda.

Um veikindarétt Hilmars segir í gr. 6.2.4. í 6. kafla kjarasamnings, að fastur starfsmaður, sem ráðinn hefur verið hjá sama atvinnurekanda í 5 ár samfellt, skuli, ef hann forfallast frá vinnu vegna sjúkdóma eða slysa, njóta dagvinnulauna í allt að 3 mánuði og auk þess greiðslna vegna aukavinnu í allt að 7 vikur skv. fyrirmælum í gr. 6.2.5., en um túlkun á þeirri grein sé ágreiningur. Samkvæmt gr. 6.2.5. skyldi Hilmar njóta tveggja klst. á hvern dagvinnudag, að hámarki 10 klst. á viku, að auki í forfallalaun, en greininni sé ætlað að bæta mönnum þá aukavinnu, sem þeir kunna að missa í forföllum, þ.e.a.s. staðgengilsregla sé byggð á meðaltali 10 síðustu vikna, áður en veikindi bar að höndum.

Ágreiningurinn í máli þessu sé um það, hvaða 10 vikur skuli leggja til grundvallar túlkun á 2. mgr. í gr. 6.2.5. kjarasamningsins. Stefnandi heldur því fram, að hér sé átt við virkar vinnuvikur, enda verði hinu raunverulega meðaltali yfirvinnu ekki náð, nema miðað sé við virkan vinnutíma. Stefndi sé hins vegar þeirrar skoðunar, að miða beri við 10 síðustu vikur fyrir veikindi, eins og vikurnar kæmi fyrir á dagatalinu, án tillits til þess hvort unnið var í prentsmiðjunni þann tíma eða ekki. Í þessu tilfelli vilji stefndi leggja til grundvallar þær 6 vikur, sem engin starfsemi hafi farið fram í Ísafoldarprentsmiðju h/f vegna verkfalla, en þá lækki meðaltalsyfirvinna og þar með veikindalaun Hilmars Bernburg verulega, eða sem nemi skaðabótakröfunni.

Rök stefnanda fyrir kröfunni séu einkum þau, að í fyrsta lagi hafi umrædd regla komið í samninga aðila í stað staðgengilsreglunnar, en menn megi ekki vera lakar settir en ef hún hefði verið notuð. Meginregla íslensks réttar sé, að launþegar skuli njóta óskertra launa fyrstu vikur veikindaforfalla og einskis í missa í launum sínum. Þess vegna verði að miða við, að starfsemi sé í prentsmiðjunni, en ekki verkfall þann viðmiðunartíma, sem um sé að ræða; í öðru lagi, að verkfall sé ekki metið sem vinnutími, þegar

reiknað sé út orlof og þegar um atvinnuleysisbætur sé að ræða. Á verkfallstíma liggi starfsemi niðri og ráðningarsamningur sé „frystur" og liggi niðri, og hann sé óvirkur þann tíma. Í þriðja lagi bendi stefnandi á, að túlkun stefnda væri mjög óeðlileg og sé í raun ekki bókstafstúlkun, þar sem texti greinarinnar beri þess augljós merki, að átt sé við eðlilega óhindraða starfsemi í prentsmiðjunni. Túlkun stefnda myndi leiða til þess, að starfsmaður, sem kemur til starfa að loknu löngu verkfalli og veikist, sé með lægri laun í veikindum sínum en þeir, sem starfandi eru á sama tíma.

II.

Stefndi styður sýknukröfu sína með því að benda á, að framkvæmd hans á útreikningi veikindalaunanna, sem um sé deilt í málinu, sé í samræmi við afdráttarlaus og skýr fyrirmæli gr. 6.2.5. í kjarasamningnum. Þar sé lagt fyrir, að til grundvallar skuli leggja aukavinnu hlutaðeigandi síðastliðnar 10 vikur, áður en veikindi bar að höndum. Skýrt sé þannig kveðið á um það, að telja skuli 10 vikur aftur í tímann frá upphafsdegi veikindanna. Stefnandi krefjist þess hins vegar, að greinin verði túlkuð gegn afdráttarlausri orðan sinni. Hann krefjist viðurkenningardóms á túlkun, sem ekki samræmist ákvarðandi skýringu ákvæðisins eða skýringu skv. orðanna hljóðan. Meginregla sé bæði við skýringu laga og samninga, að hlíta beri orðalagi, ef það er ótvírætt, nema veigamikil lagasjónarmið leiði til annars. Stefnandi hafi ekki borið neitt fram, sem réttlæti túlkun hans. Orðið „vika" sé algengt í mæltu máli og sé mikið notað og hafi verið skilgreint í dómum Hæstaréttar, og það merki 7 daga tímabil. Hið eina, sem stefnandi hafi reynt að réttlæta skilning sinn með, sé, að um verkfall hafi verið að ræða í 6 vikur af þessu 10 vikna tímabili. En verkfall Félags bókagerðarmanna geti ekki réttlætt, að vikið sé frá auðskiljanlegu og afdráttarlausu orðalagi ákvæðisins. Félagið, stefnandi máls þessa, hafi sett menn í þetta verkfall og ráðið því, og þetta verkfall sé ekki neins konar lagasjónarmið, sem réttlæti frávik frá skýru orðalagi.

Stefndi bendir og á, að yfirvinnugreiðsluákvæðið í gr. 6.2.5. hafi komið í stað svonefndrar staðgengilsreglu í lögum nr. 19/1979. Samningsaðilar hafi samið sig frá henni og tekið upp þessa skýru og afdráttarlausu reglu í gr. 6.2.5., þar sem einföld reikniformúla sé sett fyrir því, hvernig greiða skuli aukavinnu í veikindum. Það sé tímabilið, sem launþegar í prentiðnaði njóti yfirvinnugreiðslna

skv. þessu ákvæði öllu lengur en lög nr. 19/1979 mæli fyrir um greiðslu staðgengilslauna, þ.e. sjö vikur á móti einum mánuði.

Stefndi telur það meginreglu að telja verkfallstíma til starfstíma, þ.e. ráðningartíma, og bendir á 1. gr. laga nr. 19/1979, sem telur fjarvistir frá vinnu, m.a. vegna verkfalla, til starfstíma hvað varðar innvinnslu veikindaréttinda. Í kjarasamningum hafi verið tekið mið af þeirri reglu varðandi innvinnslu starfsaldursréttinda. Frávik frá þessari almennu reglu sé, að menn innvinni sér ekki orlofsrétt í verkfalli, eins og stefnandi bendi á.

Stefndi mótmælir sérstaklega skaðabótakröfu stefnanda og bendir á, að hún sé í raun vinnulaunakrafa, sem Félagsdómur eigi ekki dómsvald um, enda sé henni tölulega andmælt.

III.

Ágreiningslaust er með aðilum, að kjarasamningsákvæðið nr. 6.2.5. um aukavinnukaup í veikindum hafi komið í stað svonefndrar staðgengilsreglu í lögum nr. 19/1979. Í ákvæði þessu felist meðaltalsregla, sem miðast við aukavinnu starfsmannsins „s.l. 10 vikur, áður en veikindi eða slys bar að höndum".

Eigi kemur það afdráttarlaust fram í ákvæðinu, hvort heldur er átt við almanaksvikur eða vinnuvikur.

Tilgangur meðaltalsreglunnar hlýtur meðal annars að vera sá að finna sanngjarnan mælikvarða á tilfallandi aukavinnu, sem hindri þær sveiflur, er staðgengilsreglan samkvæmt lögum nr. 19/1979 getur haft í för með sér. Nýafstaðin verkföll hafa ekki áhrif á aukavinnulaunagreiðslur í forföllum samkvæmt staðgengilsreglunni, en samningsákvæði 6.5.2. var einmitt ætlað að koma í stað þessarar reglu.

Af framangreindum ástæðum er ekki unnt að fella undir tíu vikna tímabilið og nota við meðaltalsreikning þær vikur, sem verkfallið stóð yfir, en þá var engin vinna innt af hendi og starfsmennirnir launalausir. Þá var heldur enginn kjarasamningur í gildi milli málsaðila og þar með talið samningsákvæðið um aukavinnugreiðslur í veikindaforföllum, og er það ágreiningslaust með aðilum.

Samkvæmt þessu ber að fallast á með stefnanda, að reikna skuli aukavinnugreiðslur til Hilmars Bernburg eftir meðaltali næstu tíu vikna fyrir upphaf verkfallsins, sem hófst 10. september 1984, en það er tímabilið frá og með 23. júlí 1984 til og með 9. september s.á.

Annar kröfuliður stefnanda varðar í raun vinnulaunakröfu Hilmars Bernburg, sem stefndi hefur andmælt tölulega. Þessi krafa

er ekki þess eðlis, að hún falli undir úrlausn Félagsdóms samkvæmt 1. og 2. lið 44. gr. laga nr. 80/1938, og dómurinn telur ekki ástæðu til að beita heimild þeirri, er felst í 3. lið sömu gr., og vísar því þessari fjárkröfu frá dómi.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Skilja ber ákvæði 6.2.5. í kjarasamningi aðila svo, að reikna skuli aukavinnugreiðslur til Hilmars Bernburg í veikindum hans eftir meðaltali næstu tíu vikna frá upphafi verkfallsins, sem hófst 10. september 1984.

Framangreindri fjárkröfu er vísað frá dómi.

Málskostnaður fellur niður.

Sératkvæði
Gunnars Guðmundssonar.

Ágreiningslaust er með aðilum, að fyrirkomulag á greiðslu yfirvinnu í veikindum skv. grein 6.2.5. í kjarasamningi aðila kemur í stað svonefndrar staðgengilsreglu samkvæmt lögum nr. 19/1979.

Þá er og á það að líta og ómótmælt af hálfu stefnanda, að heildarréttur bókagerðarmanna til greiðslu í veikindum er nokkuð rýmri en lög nr. 19/1979 kveða á um, og er þá átt við greiðslu launa í veikindum í lengri tíma, en á móti kemur hugsanlega minni réttur til greiðslu á yfirvinnu í veikindum.

Þegar þetta er virt og að við gerð ofangreinds ákvæðis í grein 6.2.5. mátti bókagerðarmönnum vera ljóst, að verkfallstími auk ýmissa annarra tilvika gæti fallið undir áðurnefnt 10 vikna tímabil, sem tiltekið er í ákvæðinu, þykir af framangreindum ástæðum mega fallast á kröfur stefnda um sýknu með hliðsjón af því, hve orðalag ákvæðisins er afdráttarlaust.

Dómsorð:

Stefndi, Vinnuveitendasamband Íslands f.h. Félags íslenska prentiðnaðarins vegna Ísafoldarprentsmiðju h/f, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Félags bókagerðarmanna f.h. Hilmars Bernburg.

Málskostnaður fellur niður.

Þriðjudaginn 19. maí 1987.

Nr. 2/1987. **Félag íslenskra atvinnuflugmanna**
(Sigurður G. Guðjónsson hdl.)
gegn
Arnarflugi h/f
(Baldur Guðlaugsson hrl.).

Kjarasamningur. Flugtímar. Flugmenn.

Dómur Félagsdóms.

Mál þetta dæma Garðar Gíslason, Björn Helgason, Jónas Gústavsson, Jón Þorsteinsson og Gunnar Guðmundsson.

Málið, sem tekið var til dóms 5. þ.m., er höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu birtri 24. febrúar 1987.

Stefnandi er Félag íslenskra atvinnuflugmanna, Háleitisbraut 69, Reykjavík.

Stefndi er Arnarflug h/f, Lágmúla 7, Reykjavík.

Stefnandi gerir eftirfarandi dómkröfur:

1. Að viðurkennt verði með dómi, að túlka beri lokamálsgrein greinar 04-1 um flugtíma í kjarasamningi milli Félags íslenskra atvinnuflugmanna annars vegar og Arnarflugs h/f hins vegar frá 30. júní 1986, þar sem segir: „Flugtímar yfir 400 klst. á sex mánaða tímabili skulu greiðast með 1,5% af meðalmánaðarlaunum síðust 6 mánaða, hver flugstund," þannig, að til flugtíma í þessu sambandi teljist jafnt raunverulegar flugstundir og metnar flugstundir samkv. 2. mgr. greinar 04-1.
2. Að Arnarflug h/f greiði Félagi íslenskra atvinnuflugmanna málskostnað að mati dómsins.

Stefndi gerir eftirfarandi dómkröfur:

1. Að dómkröfum stefnanda verði hafnað og viðurkennt með dómi, að túlka beri lokamálsgrein greinar 04-1 um flugtíma í kjarasamningi milli Félags íslenskra atvinnuflugmanna annars vegar og Arnarflugs h/f hins vegar frá 30. júlí 1986, þar sem segir: „Flugtímar yfir 400 klst. á sex mánaða tímabili skulu greiðast með 1,5% af meðalmánaðarlaunum síðustu 6 mánaða, hver flugstund", þannig, að til flugtíma í þessu sambandi teljist einungis raunverulegar flugstundir samkv. 1. mgr. greinar 04-1 nefnds kjarasamnings.

2. Að stefnandi verði dæmdur til að greiða stefnda málskostnað að mati dómsins.

I.

Stefnandi kveður málsatvik vera þau, að í samningi milli aðila um kaup og kjör frá 30. júní 1986 sé í grein 04-0, sem nefnist „Vinnutími", fjallað um flugtíma í grein 04-1, og þar segi m.a., að flugtímar yfir 400 klst. á sex mánaða tímabili skuli greiðast með 1,5% af meðalmánaðarlaunum síðustu 6 mánaða, hver flugstund. Á síðastliðnu hausti, er flugmenn, sem stefndi hafi sagt upp störfum, hafi fengið uppgjör sín, hafi orðið ágreiningur milli aðila um túlkun nefnds ákvæðis. Stefnandi hafi talið, að margfalda ætti raunverulega flogna flugtíma með vægi þeirra samkvæmt kjarasamningnum og ef flugtímar væru þá fleiri en 400 á síðustu sex mánuðum, bæri að greiða sérstaklega fyrir þá flugtíma, sem væru umfram 400. Þessari túlkun hafi stefndi hafnað. Einn flugmanna stefnda, Þórarinn Hjálmarsson, Laxakvísl 6, Reykjavík, hafi framvísað m.a. reikningi, að fjárhæð kr. 72.687,00, vegna 67,8 metinna flugstunda umfram 400 flugstundir á tímabilinu 1. apríl til 30. september 1986. Forsvarsmenn stefnda hafi neitað að greiða nefnda fjárhæð við uppgjörið til Þórarins Hjálmarssonar, og hafi hann því leitað til stéttarfélags síns, sem ekki hafi fengið neinu breytt.

Stefnandi kveður hið umdeilda ákvæði hafa verið í samningum aðila um nokkra hríð og tekur fram, að ekki sé annað vitað en stefndi hafi þar til á síðastliðnu hausti litið svo á, að með 400 flugtímum væri átt við jafnt raunverulegar sem metnar flugstundir. Stefnandi vísar í sjálft ákvæðið til túlkunar þess og bendir á, að ákvæðið um metnar flugstundir, þ.e. 2. mgr. greinarinnar, sé ekki takmarkað við neina eina málsgrein innan greinarinnar og því beri að líta svo á, að matið á flugstundum taki til allra málsgreinanna.

II.

Stefndi styður kröfu sína með því að benda á, að búið hafi verið til „mat" á flugstundum til þess að skipuleggja áhafnauppsetningu og vinnutíma, enda séu áhafnaskrár gerðar langt fram í tímann. Þessar „metnu flugstundir" hafi því alls ekki átt að vera grundvöllur fyrir launagreiðslum, eins og stefnandi vilji halda fram í máli þessu.

Stefndi lýsir aðdragandanum þannig, að hið stefnda félag hafi verið stofnað árið 1976. Fyrstu árin hafi starfsemi þess einskorðast

við leiguflug erlendis og til og frá Íslandi. Ekki hafi á þessum tíma verið gerðir sérstakir kjarasamningar milli aðila þessa máls. Á árinu 1978 hafi félagið og flugmenn hjá því gert með sér samkomulag. Þar hafi verið ákvæði um, að hámarksflugtímaþak flugmanna skyldi vera 110 tímar á mánuði eða 280 tímar á 90 dögum en 840 á ári. Einnig hafi verið sagt í samkomulagi þessu: „Flugtímar umfram 840 á ári skulu greiðast sem yfirvinna og skal greiða hvern umframtíma með 1,5% af meðalmánaðarlaunum síðustu sex mánaða fyrir uppgjör." Í þessu samkomulagi fyrirfannst ekki fyrirbærið „metin flugstund", og hafi því verið ótvírætt, að til grundvallar yfirvinnugreiðslum hafi borið að leggja raunverulega flugtíma.

Fyrsti kjarasamningur milli aðila um kaup og kjör atvinnuflugmanna hjá stefnda hafi verið gerður árið 1982. Þá var sú breyting á orðin, að stefndi hafði byrjað áætlunarflug innan lands og til og frá Íslandi. Fyrrgreint samkomulag frá 1978 hafi geymt rýmri flugtímamörk en viðgengust í kjarasamningum stefnanda við önnur innlend flugfélög, að því er varðaði flugtíma í áætlunarflugi innan lands og á milli landa. Til þess að samræma þetta ákvæðum í samningum stefnanda við Flugleiðir h/f féllst stefndi á kröfu stefnanda um, að í kjarasamninginn kæmu ákvæði um sérstakt mat á flugstundum. Óbreytt hélst hins vegar sú meginregla, að flugtímar umfram ákveðinn klukkustundafjölda á tilteknu viðmiðunartímabili skyldu greiðast með 1,5% af meðalmánaðarlaunum síðustu 6 mánaða hver flugstund. Eina breytingin frá upphaflegu samkomulagi frá árinu 1978 var sú að miða eftirleiðis við flugtíma umfram 400 klst. á 6 mánaða tímabili í stað flugtíma umfram 840 klst. á ári. Þessi ákvæði standi enn óbreytt, sbr. gr. 4 í kjarasamningi frá 30. júní 1986.

Stefndi bendir á, að tildrög hins umdeilda samningsákvæðis, sem rakin hafi verið hér að framan, bendi ótvírætt til þess, að skilningur hans sé réttur. Í því sambandi bendir hann á, að hans skilningur hafi verið lagður til grundvallar við framkvæmd kjarasamningsins án ágreinings, allt þar til á síðast liðnu hausti, er deilur risu við uppgjör til flugmanna, er voru að láta af störfum hjá félaginu. Stefndi bendir og á, að sjálft orðalagið í hinu umdeilda ákvæði styðji skilning hans. Hugtakið „flugtími" sé skilgreint í upphafi greinarinnar. Í hinni umdeildu málsgrein sé talað um flugtíma, en

ekki „metnar flugstundir". Telja verði, að skilgreiningin í upphafi greinarinnar eigi að endast út greinina, þannig, að orðið flugtími merki ekki eitthvað allt annað í lok greinarinnar heldur en í upphafi hennar. Megi og benda á, að væri skilningur stefnanda réttur, væri innbyggð þversögn í gr. 04-1 í kjarasamningnum frá 30. júní 1986, þar sem þar segi, að metnar flugstundir skuli vera 800 klst. á 365 dögum, en ef greiða ætti yfirvinnu fyrir metnar flugstundir, sem umfram eru 400 klst. á hverju 6 mánaða tímabili, jafngilti það því, að metnar flugstundir mættu aldrei vera fleiri en 2 × 400, þ.e. 800, en ekki 900 á hverjum 365 dögum, án þess að réttur til yfirvinnugreiðslna stofnaðist.

III.

Hin umdeilda grein 04-1 í kjarasamningi aðila hljóðar svo:

„FLUGTÍMI.

Flugtími reiknast frá því, að flugvélin hreyfist af eigin afli, uns hreyflar hennar hafa verið stöðvaðir eftir lendingu.

Hámarksflugstundir skulu vera sem hér segir:

	Á sólarhr.	*30 d.*	*90 d.*	*365 d.*
Twin Otter	9 klst.	100 klst.	285 klst.	900 klst.
Cessna 402	8 klst.	100 klst.	285 klst.	900 klst.
B - 737	10 klst.	*95 klst.	Sjá metnar flugstundir.	

Flugstundir skulu metnar eftir tegund flugs, sem hér segir:

	Vægi flugstunda:	Raunverul. flugstundir:	Metnar flugstundir:
1. Leiguflug utanlands	1.00 x	110	110
2. A. Leiguflug til og frá Íslandi	1.15 x	95	110
B. Leiguflug erlendis þar sem um fasta búsetu er að ræða til lengri tíma	1.15 x	95	110
3. Áætlunarflug til og frá Íslandi	1.30 x	85	110
4. Innanlandsflug	1.10 x	100	110

Flugstundir í utanlandsflugi skulu að hámarki vera 12 klst. á sólarhring.

Metnar flugstundir skulu vera sem hér segir:

30 d.	*90. d.*	*365 d.*
110 klst.	280 klst.	900 klst.

Flugtímar yfir 400 klst. á sex mánaða tímabili skulu greiðast með 1,5% meðalmánaðarlaunum síðustu 6 mánaða, hver flugstund."

Hvorki í þessari grein né öðrum ákvæðum samningsins kemur það skilmerkilega fram, hvers vegna raunverulegar flugstundir eru umreiknaðar í metnar flugstundir.

Í upphafi greinarinnar segir, að flugtími reiknist frá því, að flugvélin hreyfist af eigin afli, uns hreyflar hennar hafa verið stöðvaðir eftir lendingu. Með þetta í huga er eðlilegast að líta svo á, að orðið „flugtímar" í niðurlagi greinarinnar merki samanlagða flugtíma viðkomandi flugmanns mælda í klukkustundum, þar sem hver flugtími fyrir sig er afmarkaður með framangreindum hætti. Verður því að líta þannig á málið, að hér sé átt við raunverulegar flugstundir, en ekki metnar flugstundir. Það styrkir þessa niðurstöðu að tímamörkin „400 klst. á sex mánaða tímabili" falla ekki inn í þann ramma, sem metnum flugstundum er settur í greininni. Þessi niðurstaða er einnig í samræmi við staðhæfingu stefnda um langvarandi framkvæmd á kjarasamningi milli málsaðila, en þeirri staðhæfingu hefur stefnandi ekki hnekkt.

Samkvæmt framangreindu ber að hafna dómkröfu stefnanda, en taka til greina dómkröfu stefnda, Arnarflugs h/f, um, að túlka beri lokamálsgrein gr. 04-1 um flugtíma í kjarasamningi málsaðila frá 30. júní 1986 á þann veg, að til flugtíma teljist einungis raunverulegar flugstundir.

Í ljósi þessara úrslita er rétt, að stefnandi, Félag íslenskra atvinnuflugmanna, greiði stefnda, Arnarflugi h/f, kr. 35.000,00 í málskostnað.

Dómsorð:

Túlka ber lokamálsgrein greinar 04-1 um flugtíma í kjarasamningi málsaðila frá 30. júní 1986 þannig, að til flugtíma í þessu sambandi teljist einungis raunverulegar flugstundir.

Stefnandi, Félag íslenskra atvinnuflugmanna, greiði stefnda, Arnarflugi h/f, kr. 35.000,00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 22. maí 1987.

Nr. 3/1987. **Fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs**
(Guðrún Margrét Árnadóttir hrl.)
gegn
Félagi íslenskra flugumferðarstjóra
(Sigurður Helgi Guðjónsson hrl.).

Verkfall. Ólögmæt vinnustöðvun. Flugumferðarstjórar.

Dómur Félagsdóms.

Mál þetta dæma Garðar Gíslason, Björn Helgason, Jónas Gústavsson, Ragnar H. Hall og Jón Steinar Gunnlaugsson.

Málið, sem tekið var til dóms 21. þ.m., er höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu birtri og þingfestri 19. þ.m.

Stefnandi er fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs.

Stefndi er Félag íslenskra flugumferðarstjóra.

Stefnandi gerir eftirfarandi dómkröfur:

1. Að viðurkennt verði með dómi, að ólögmætt sé boðað verkfall Félags íslenskra flugumferðarstjóra hjá þeim félagsmönnum, sem starfa sem flugumferðarstjórar, og boðað var með bréfi, dagsettu 7. maí 1987, og hefjast skal hinn 25. maí 1987.
2. Að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað eftir mati Félagsdóms.

Stefndi gerir eftirfarandi dómkröfur:

1. Að stefndi verði alsýknaður af öllum kröfum stefnanda og að viðurkennt verði með dómi, að lögmætt sé verkfall stefnda, sem boðað var með bréfi, dags. 7. maí sl. og hefst 25. maí 1987, kl. 8.00 árdegis.
2. Að stefnandi verði dæmdur til að greiða stefnda málskostnað allan fyrir Félagsdómi að mati dómsins.

I.

Málavexti kveður stefnandi vera eftirfarandi:

„Með lögum nr. 94/1986 var gerð veruleg breyting á samnings- og verkfallsréttarmálum opinberra starfsmanna. Þessi lög leystu af hólmi eldri lög á þessu sviði. Þau lög, sem þar var um að ræða, voru lög nr. 62/1985 um kjarasamninga opinberra starfsmanna og lög nr. 29/1976 um kjarasamninga Bandalags starfsmanna ríkis og bæja. Eftir sem áður gilda lög nr. 33/1915 um verkfall opinberra

starfsmanna og ná til þeirra, sem ekki er heimilt að gera verkfall samkvæmt hinum nýju lögum.

Eitt megineinkenni hinna nýju laga er það, að samnings- og verkfallsréttur er nú alveg færður í hendur einstakra félaga opinberra starfsmanna, en áður hafði verkfallsréttur verið í höndum heildarsamtakanna, sem slíkan rétt höfðu á annað borð, þ.e.a.s. BSRB. Eftir sem áður gilda verulegar takmarkanir á verkfallsrétti opinberra starfsmanna, sbr. einkum 19. gr. laganna.

Skv. 3. tl. 19. gr. er þeim starfsmönnum, sem starfa við nauðsynlegustu öryggisgæslu og heilbrigðisþjónustu, óheimilt að gera verkfall. Með frumvarpi til laganna á þskj. nr. 226, sem lagt var fram á 109. löggjafarþingi í desember 1986, fylgdi skrá yfir starfsheiti þeirra, sem falla undir 3. tl. 19. gr. og taldir eru vinna nauðsynlegustu öryggisgæslu- og heilbrigðisstörf. Meðal þeirra starfsheita, sem þar greinir, eru flugumferðarstjórar.

Hin nýju lög öðluðust gildi hinn 31. desember 1986. Skv. ákvæði til bráðabirgða skulu gildandi kjarasamningar gilda fyrir viðkomandi félög og einstaklinga, þar til gerðir hafa verið samningar skv. lögunum.

Með bréfi, dagsettu 26. febrúar 1987, til fjármálaráðherra andmælti FÍF, að því er flugumferðarstjóra varðar, skrá eða lista skv. 2. mgr. 19. gr. l. nr. 94/1986, er fylgdi áðurgreindu frumvarpi á þskj. nr. 226.

Hinn 7. apríl hófust samningaviðræður milli samninganefndar ríkisins og Félags íslenskra flugumferðarstjóra um kjarasamning þessara aðila.

Með bréfi, dagsettu 7. maí 1987, til fjármálaráðuneytisins tilkynnti FÍF, að hinn 2. maí hefði í leynilegri allsherjaratkvæðagreiðslu í félaginu verið samþykkt að heimila stjórn félagsins að boða til verkfalls í því skyni að stuðla að framgangi krafna sinna í kjaradeildu við fjármálaráðuneytið. Stjórn félagsins hafi nú ákveðið með vísan til þessa að boða til allsherjarvinnustöðvunar, og muni hún hefjast þriðjudaginn 25. maí nk. kl. 8.00.

Með bréfi, dagsettu 11. maí 1987, ritaði fjármálaráðuneytið FÍF og andmælti boðaðri vinnustöðvun sem ólögmætri, með því að flugumferðarstjórum væri óheimilt að gera verkfall, sbr. 3. tl. 19. gr. l. 94/1986. Enn fremur væri boðun verkfallsins ekki með þeim hætti, sem lög áskilja.

Hinn 12. maí 1987 sendi FÍF skeyti, þar sem verkfallsboðun er leiðrétt, þar sem verkfall skuli hefjast mánudaginn 25. maí, en ekki þriðjudaginn 25. maí.

Loks barst fjármálaráðherra bréf, dagsett 15. maí, frá FÍF, þar sem sjónarmiðum fjármálaráðherra í bréfi 11. maí var andmælt og rökstutt, að verkfallsréttur félagsins væri fyrir hendi."

Málsástæður og lagarök stefnanda:

„Því er haldið fram í fyrsta lagi, að með verkfallsboðun Félags íslenskra flugumferðarstjóra frá 7. maí 1987 sé lýst verkfalli opinberra starfsmanna, sem ekki er heimilt að lögum að gera verkfall.

Eins og fyrir liggur í málinu, sbr. t.d. bréf FÍF, dagsett 15. maí, hafa menn ólík viðhorf til þess, hvað fellur undir nauðsynlegustu öryggisgæslu- og heilbrigðisþjónustu. Þar kemur fram viðleitni til að túlka það afar þröngt, hvaða störf falli þar undir. Á sjónarmið FÍF verður ekki fallist, og því er haldið fram, að lögin beri að skýra svo, að flugumferðarstjórum sé með öllu óheimilt að gera verkfall. Líta verði svo á, að lögákveðin flugumferðarstjórn á flugsamgöngum innan lands og til og frá landinu hljóti að falla undir nauðsynlegustu öryggisgæslu í skilningi laganna.

Eins og að framan greinir, fylgdi frumvarpi því, er varð að lögum nr. 94/1986, listi yfir þau starfsheiti, sem falla undir 3. tl. 19. gr. laganna. Á þeim lista eru starfsheiti flugumferðarstjóra. Skv. því er engum flugumferðarstjóra heimilt að gera verkfall. Skipti þá engu máli, hvernig félagsaðild þeirra er fyrir komið.

Skv. 2. mgr. 19. gr. skal birta starfsheitaskrá fyrir 15. janúar ár hvert. Sú skrá, sem fylgdi frumvarpinu og varðaði 3. tl. 19. gr., er sú skrá, sem gildir 1. árið eftir gildistöku laganna. Að þeim tíma liðnum getur hún sætt endurskoðun eftir þeim reglum, sem 2. mgr. 19. gr. kveður á um.

Því er haldið fram í bréfi FÍF, að skráin, sem fylgdi frumvarpinu, sé marklaus, með því að hún hafi ekki hlotið birtingu í B-deild stjórnartíðinda. Á það verður ekki fallist, að skrána hafi sérstaklega þurft að birta í B-deild stjórnartíðinda. Það, sem hér skiptir máli, er, að skráin komst örugglega til vitundar þeirra, sem við hana eiga að búa. Hér fari það ekkert á milli mála, þar sem skráin birtist í Alþingistíðindum, sbr. einnig bréf FÍF, dags. 26. febrúar 1987.

Í þessu efni er einnig byggt á venju, sem fylgt var varðandi hliðstæðar skrár, er gera skyldi skv. eldri lögum yfir aðila, sem ekki

var heimilt að gera verkfall, sbr. dóm Félgsdóms 2. október 1984 í málinu nr. 7/1984.

Stefnandi reisir kröfur sínar í öðru lagi á því, að ekki hafi verið löglega staðið að boðun verkfallsins, þar sem skv. 15. gr. laga nr. 94/1986 er ákilið, að ákvörðun um boðun verkfalls skuli tekin í almennri leynilegri atkvæðagreiðslu í stéttarfélaginu. Óheimilt er að lögum að framselja það ákvörðunarvald til stjórnar félagsins, eins og gert var í þessu tilviki og fram kemur í verkfallsboðun félagsins í bréfi 7. maí og rakið er í málavaxtalýsingu hér að framan. Önnur félög opinberra starfsmanna, sem þessi lög taka til, hafi í reynd fallist á þennan skilning."

II.

Stefndi kveður fyrrgreinda málavexti óumdeilda, en tekur fram, að atkvæðagreiðslan um verkfallsboðunina hafi verið leynileg allsherjaratkvæðagreiðsla, sem hafist hafi hinn 29. apríl 1987 á félagsfundi stefnda. Henni hafi lokið hinn 2. maí sl., og hafi atkvæðaseðillinn verið þannig:

„Atkvæðagreiðsla um heimild til handa stjórn FÍF um boðun verkfalls:

Apríl 1987 Meðmæltur heimild _____

Andvígur heimild _____"

Á kjörskrá hafi verið 87 og 75 hafi greitt atkvæði, með verkfallsheimild 69, á móti 4, en 2 seðlar hafi verið auðir.

Kröfur sínar byggir stefndi á eftirfarandi málsástæðum, lagarökum og sjónarmiðum.

„Það er óumdeilt, að lög nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna gilda um flugumferðarstjóra og að Félag íslenskra flugumferðarstjóra er stéttarfélag, sem hefur rétt til að vera samningsaðili samkvæmt lögunum, sbr. 5. gr. þeirra.

Lögin hafa í 14. gr. að geyma þá *meginreglu,* að stéttarfélagi, sem er samningsaðili skv. lögunum, sé heimilt að gera verkfall í þeim tilgangi að stuðla að framgangi krafna sinna. Í lokamálslið téðrar greinar er áréttað, að lög nr. 33/1915 um verkfall opinberra starfsmanna ná ekki til þeirra, sem undir lögin falla.

Í 19. gr. laganna eru þeir starfsmenn tilteknir, sem hafa ekki heimild til verkfalls. Það ákvæði felur í sér *undantekningu* frá meginreglu laganna um heimild til verkfalls. Það leiðir af viðurkenndum lögskýringarreglum og lögskýringarsjónarmiðum, að túlka ber 19. gr.

laganna þröngt því að undantekningar frá meginreglum laga eru ávallt túlkaðar þröngt. Það verður því að koma fram glöggt og ótvírætt, ef svipta á einhverja menn verkfallsrétti þeirra, og túlka verður þau ákvæði, sem takmarka verkfallsrétt, þröngt.

Samkvæmt 3. tl. 1. mgr. 19. gr. nær heimild til verkfalls ekki til þeirra, sem starfa við *nauðsynlegustu öryggisgæslu* og heilbrigðisþjónustu. Jafnvel þótt þetta ákvæði sé túlkað eftir orðanna hljóðan, þá er augljóst, að undantekningarreglu þessari er ætlað þröngt gildissvið. Í því er talað um nauðsynlegustu öryggisgæslu, en ekki t.d. nauðsynlega, eðlilega eða fullnægjandi öryggisgæslu.

2. mgr. 19. gr. laganna hefur að geyma reglur um framkvæmd og útfærslu á 3. - 6. tl. 1. mgr. ákvæðisins, og er hún svohljóðandi:

„Fyrir 1. febrúar ár hvert skulu fjármálaráðherra og sveitarfélög, að undangengnu samráði við viðkomandi stéttarfélög, birta skrár um störf þau, sem falla undir ákvæði 3. - 6. tölul. fyrri mgr. þessarar greinar. Ný skrá tekur gildi 15. febrúar næst eftir birtingu. Sé ný skrá ekki birt samkvæmt framangreindu, framlengist síðast gildandi skrá um eitt ár. Andmæli gegn breytingum á skrám skulu borin fram fyrir 1. mars sama ár, og skal ágreiningur um breytingar lagður fyrir Félagsdóm, sem sker úr honum til fullnustu."

Skrá sú, sem hér um ræðir, hefur *ekki* verið birt í B-deild stjórnartíðinda, svo sem ráð er fyrir gert. Þá hefur *ekki* verið haft samráð við stefnda eða eftir því leitað varðandi skrá þessa. Hins vegar fylgdi með frumvarpi „því, sem varð að ofangreindum lögum, listi yfir þau störf, sem" aðilar voru sagðir sammála um, að eiga að skipa slíka skrá. Við gerð þessa lista var ekkert samráð haft við stefnda, enda þótt allir félagsmenn stefnda hafi verið settir á listann. Í greinargerð með frumvarpinu er sagt, að ráð sé fyrir því gert, að listi þessi eigi að vera stefnumarkandi um þá, sem undanþegnir eiga að vera verkfalli skv. 19. gr., og fyrirmynd að hliðstæðum listum í framtíðinni.

Til fyllsta öryggis sendi stefndi hinn 24. febrúar sl. fjármálaráðherra andmæli við lista þessum, og óskaði FÍF eftir viðræðum við fjármálaráðuneytið varðandi mál þetta og áskildi sér jafnframt allan rétt til að leggja ágreining fyrir Félagsdóm. Bréfi þessu hefur ekki verið svarað, og engin viðbrögð hafa komið fram við því af hálfu ráðuneytisins. Hefði þó bréf þetta átt að gefa fjámálaráðherra sérstakt tilefni til að huga að málinu og til að fara að lögum í þessu efni.

Stefndi heldur því fram og byggir á því, að listi sá, sem fylgdi frumvarpinu, hafi ekki gildi sem skrá skv. 2. mgr. 19. gr. Ef listinn hefði átt að hafa slíkt gildi, hefði það orðið að koma skýrt fram í lögunum sjálfum, að hann ætti að gilda sem skrá skv. lögunum til bráðabirgða. Í lagatextanum kemur ekkert slíkt fram og raunar ekki heldur í athugasemdum í greinargerð, sem fylgdi frumvarpinu. Það kemur ekkert fram, sem rennir stoðum undir þá skoðun stefnanda, hvorki í lagatextanum né í lögskýringargögnum, að umræddur listi eigi að gilda sem skrá fyrsta árið eftir gildistöku laganna, þ.e. til 15. febrúar 1988. Ákvæðið sjálft er alveg skýrt í þessu efni, og ekki verður séð, að umræddur listi hafi yfirleitt lagalega þýðingu nema e.t.v. sem viljayfirlýsing þeirra, sem að honum stóðu, en stefndi átti, sem áður segir, engan hlut að máli, og ekkert samráð var við félagið haft í því efni.

Af framangreindum ástæðum og að öllu virtu er listinn á engan hátt bindindi sem skrá eða sem viðmiðun fyrir stefnda. Enginn af þeim aðilum, sem sagðir voru sammála um, að umræddur listi ætti að vera stefnumarkandi, hafði umboð til þess án nokkurs samráðs að setja alla félaga í stefnda á slíkan lista, þannig, að það geti talist bindandi fyrir félagið að nokkru leyti.

Í sjálfu sér er óþarft að fjalla frekar um lista þennan efnislega en það er þó að áliti stefnda augljóst, ef hann er lagður til grundvallar, að hann er allt of víðtækur, hvað varðar félagsmenn í stefnda. Eins og áður segir, verður að túlka þröngt ákvæði 19. gr., sem fela í sér undantekningu frá meginreglunni um verkfallsréttinn. Það er ekki hægt að fallast á, að öll störf allra flugumferðarstjóra falli undir „nauðsynlegustu öryggisgæslu".

Stefndi telur skv. framansögðu ótvírætt, að félagið hafi verkfallsrétt og hafi því haft fulla heimild til að boða til verkfallsaðgerða eftir þeim reglum, sem lög nr. 94/1986 hafa að geyma. Jafnframt telur stefndi ótvírætt, að engin gildandi skrá skv. 2. mgr. 19. gr. sé fyrir hendi og að umræddur listi, sem fylgdi frumvarpinu, geti á engan hátt komið í stað slíkrar skrár og hafi því ekki þýðingu og sé ekki bindandi fyrir stefnda.

Hins vegar telur stefndi sér vitaskuld skylt að virða ákvæði 3. tl. 1. mgr. 19. gr. laganna og halda uppi *nauðsynlegustu öryggisgæslu* varðandi flugumferðarstjórn. Var því í verkfallsboðun félagsins lýst yfir, að félagsmenn myndu þrátt fyrir verkfallið sinna

sjúkra- og neyðarflugi, flugi, sem nauðsynlegt er vegna varna landsins, og flugi tengdu löggæslu, þ.m.t. landhelgisgæslu.

Þetta eru þau störf eða sá hluti starfa flugumferðarstjóra, sem stefndi telur, að falli undir téð ákvæði. Því er hins vegar allsendis hafnað, að önnur störf flugumferðarstjóra falli þar undir.

Með bréfi til fjármálaráðuneytisins, dags. 15. maí 1987, var því lýst yfir, að stefndi væri reiðubúinn til viðræðna við ráðuneytið og aðra hlutaðeigendur um nánari útfærslu á nauðsynlegustu öryggisgæslu, meðan verkfall stæði yfir. Þessu boði hefur ekki verið sinnt af hálfu stefnanda eða flugumferðarstjórnar, og er það í sjálfu sér ábyrgðarhluti. Af þeirri ástæðu m.a. hefur stefndi talið rétt að gera nánari grein fyrir því, hvað hann telji felast í nauðsynlegustu öryggisgæslu í þessu sambandi og hvaða starfsemi muni verða haldið uppi komi til verkfalls.

Nánari útlistun á því lagði stefndi fram í málinu á dskj. nr. 14 og hljóðar þannig:

„*Minnisatriði stjórnar FÍF, ef til verkfalls kemur 25/5 '87.*

Til að sinna nauðsynlegustu öryggisgæslu telur stjórn FÍF rétt að manna sem hér segir:

Flugturn Akureyri - einn flugumferðarstjóri.
Flugturn Vestmannaeyjum - einn flugumferðarstjóri.
Flugturn Reykjavík - einn flugumferðarstjóri.
Flugturn Keflavík - einn flugumferðarstjóri.
Aðflugsstjórn Keflavík - einn flugumferðarstjóri.
Aðflugsstjórn Reykjavík - einn flugumferðarstjóri
(þar af einn varðstjóri).

Flugstjórnarmiðstöð:

Einn vaktstjóri ásamt:
Innanlandsdeild - tveir flugumferðarstjórar
(ACC-H 1, ACC-L 1).
Úthafsdeild - einn flugumferðarstjóri.

FÍF er reiðubúið að veita eftirtöldu flugi flugumferðarþjónustu:

Sjúkraflugi, þ.e. flugi með sjúkling til læknishjálpar (og til baka, ef við á).

Neyðarflugi, þ.e. flugi vegna leitar og björgunar, þar með töldu æfingaflugi björgunardeildar varnarliðsins og Landhelgisgæslu, svo og hvers konar flugi, sem stofnað er til vegna yfirvofandi eða raunverulegs hættuástands.

Flugi, sem nauðsynlegt er vegna varna landsins, þ.e. öllu „varnarflugi" (active air defense) orustuþotna varnarliðsins, öllu flugi AWACS-véla og tilheyrandi flugi eldsneytisvéla, einnig öllu kafbátaleitarflugi skv. starfsreglum um „ODIN-agreement".

Flugi, sem nauðsynlegt er vegna löggæslu, þ.e. öllu flugi landhelgisgæslu.

Í stjórn F.Í.F. 20. maí 1987."

Stefndi kveðst reiðubúinn til að tilnefna mann í nefnd samkvæmt 21. gr. laganna, sem ákveði, hverjir félagsmenn skuli kvaddir til starfa samkvæmt 20. gr. tímabundið til að afstýra neyðarástandi.

Enn fremur segir stefndi svo um kröfugerð sína:

„Í öðru lagi byggir stefndi kröfur sínar á því, að ákvörðun félagsins um verkfallsboðun hafi verið tekin í fullu samræmi við 15. gr. laga nr. 94/1986 og eðlilegan skilning á því ákvæði.

Meginatriðið í þessu sambandi er það, að yfirgnæfandi meiri hluti félagsmanna samþykkti í leynilegri atkvæðagreiðslu að beita verkfallsaðgerðum. Stjórn félagsins tók enga sjálfstæða ákvörðun í því efni. Henni var hins vegar falið að annast sjálfa boðun verkfallsins og ákveða nánar tímasetningu á upphafi þess. Var vitaskuld fyrst og fremst við það miðað, að boðun yrði í lögmæltu formi og með lögmæltum fyrirvara. Í beinu framhaldi af téðri atkvæðagreiðslu var síðan boðað til verkfallsins. Þessi framgangsmáti er að mati stefnda í fullu samræmi við 15. gr. laga nr. 94/1986.

Hér var ekki um neitt framsal ákvörðunarvalds til stjórnarinnar að tefla. Hér var farin sú leið, sem að yfirveguðu máli þótti einföldust og heppilegust, m.a. með tilliti til þess, ef til þess kæmi, að fresta þyrfti verkfallsaðgerðum á síðustu stundu með hliðsjón af stöðu samningsmála þá. Það er augljóst, að ef lagt hefði verið fyrir stjórnina að boða til verkfalls á nákvæmlega tilteknum degi, þá hefði þurft sérstaka atkvæðagreiðslu um frestun. Það tæki drjúgan tíma, og slíkur dráttur á viðkvæmu stigi gæti verið afdrifaríkur og varla hugsanlegur þeim, sem verkfallið beinist gegn.

Skýtur skökku við hin stranga lagatúlkun stefnanda á 15. gr. laganna miðað við hina frjálslegu túlkun hans á 19. gr."

Stefndi mótmælir sem ósannaðri þeirri fullyrðingu stefnanda, að önnur félög opinberra starfsmanna hafi í reynd fallist á skilning stefnanda á 15. gr. laganna.

III.

Ágreiningslaust er með aðilum, að eftir gildistöku laga nr. 94 frá 31. desember 1986 hafi ekki verið samin sérstök skrá í samráði við viðkomandi stéttarfélög né hafi slík skrá verið birt. Gerð og birting slíkrar skrár er þó boðin í 2. mgr. 19. gr. laganna. Fallast ber á með stefnda, að skrána beri að birta í B-deild Stjórnartíðinda, sbr. 2. gr. laga nr. 64/1943 og athugasemd um 19. gr. lagafrumvarpsins, sem varð að lögum nr. 94/1986. Skrá sú, sem fylgdi lagafrumvarpinu og prentuð var í Alþingistíðindum, kemur ekki í stað skrár þeirrar, sem boðin er í 2. mgr. 19. gr. laganna, þar sem hún uppfyllir hvorki skilyrði lagaákvæðisins um samráð né birtingu.

Hins vegar verður ekki talið, að gerð slíkrar skrár og birting sé fortakslaust skilyrði þess, að tilteknum starfsmönnum sé óheimilt að gera verkfall skv. 3. - 6. tl. 1. mgr. 19. gr. laganna.

Enda þótt ekki hafi verið fylgt lagafyrirmælum um gerð skrárinnar og birtingu, telur dómurinn sér skylt allt að einu að taka efnislega afstöðu til þess, hvort ákvæði 3. - 6. tl. eigi við um tiltekna starfsmenn, ef ágreiningur um það er undir hann borinn. Hefur og komið fram af hálfu stefnda í máli þessu, að félagsmenn hans telji sér skylt að virða ákvæði 3. tl. 1. mgr. 19. gr. þrátt fyrir annmarka þá, sem þeir telja vera á gerð og birtingu listans, og að þeir telji, að þeirri skyldu verði fullnægt með tiltekinni lágmarksþjónustu félagsmanna, eins og fram kemur í ofangreindu bréfi stefnda á dskj. nr. 14.

Dómurinn lítur svo á, að störf flugumferðarstjóra séu þess eðlis, að þau falli fullkomlega undir 3. tl. 1. mgr. 19. gr. laganna, og að félagsmönnum stefnda sé því óheimilt að gera verkfall. Ber því að fallast á með stefnanda, að hið boðaða verkfall stefnda sé ólögmætt.

Dómurinn telur eftir atvikum rétt að taka fram, að stefndi stóð ekki löglega að ákvörðun um boðun verkfallsins. Í 15. gr. laganna er boðið berum orðum, að ákvörðun um boðun verkfalls skuli tekin í almennri leynilegri atkvæðagreiðslu í hverju stéttarfélagi, og er framsal á slíku ákvörðunarvaldi ekki heimilað.

Eftir öllum atvikum er rétt, að hvor aðili beri sinn málskostnað.

Dómsorð:

Boðað verkfall Félags íslenskra flugumferðarstjóra hjá þeim félagsmönnum, sem starfa sem flugumferðarstjórar, sem boðað var með bréfi, dagsettu 7. maí 1987, og hefjast skyldi hinn 25. maí 1987, er ólögmætt.

Málskostnaður fellur niður.

Þriðjudaginn 30. júní 1987.

Nr. 4/1987. **Félag ráðgjafarverkfræðinga vegna Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen h/f (VST h/f)** (Skúli J. Pálmason hrl.) gegn **Stéttarfélagi verkfræðinga** (Ragnar Aðalsteinsson hrl.).

Verkfall. Verkfræðingar. Sératkvæði.

Dómur Félagsdóms.

Mál þetta dæma Garðar Gíslason, Björn Helgason, Jónas Gústavsson, Jón Þorsteinsson og Gunnar Guðmundsson.

Málið, sem tekið var til dóms 25. þ.m., er höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu birtri 12. þ.m.

Stefnandi er Félag ráðgjafarverkfræðinga vegna Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen h/f (VST h/f), Ármúla 4, Reykjavík.

Stefndi er Stéttarfélag verkfræðinga, Engjateigi 9, Reykjavík.

Stefnandi gerir eftirfarandi dómkröfur:

1. Að stefndu stéttarfélagi verði dæmt skylt að þola, að eigendur (hluthafar) Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen h/f, sem ekki séu félagar í stefnda, vinni verkfræðistörf í verkfalli félagsmanna stefnda, enda fullnægi þeir almennum hæfnisskilyrðum þar til.

2. Að dæmdar verði ólögmætar þær aðgerðir hins stefnda stéttarfélags, sem miða að því að meina eigendum Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen h/f aðgang að vinnustað þeirra.
3. Að stefndu stéttarfélagi verði gert að greiða sektir skv. 65. gr. laga nr. 80 frá 1938.
4. Að stefnt stéttarfélag verði dæmt til að greiða stefnanda málskostnað að mati dómsins.

Stefndi gerir eftirfarandi dómkröfur:

Aðalkrafa, að stefndi verði sýknaður af öllum dómkröfum stefnanda, þó þannig, að viðurkenndur verði réttur Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen h/f til að láta framkvæmdastjóra vinna verkfræðistörf í verkfalli félagsmanna Stéttarfélags verkfræðinga.

1. varakrafa, að hann verði sýknaður af öllum dómkröfum stefnanda, þó með þeirri takmörkun, að viðurkenndur verði réttur Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen h/f til að láta framkvæmdastjóra, aðstoðarframkvæmdastjóra og stjórnarmenn hlutafélagsins vinna verkfræðistörf í verkfalli félagsmanna Stéttarfélags verkfræðinga.

2. varakrafa, að hann verði sýknaður af öllum dómkröfum stefnanda, þó með þeirri takmörkun, að viðurkenndur verði réttur Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen h/f til að láta framkvæmdastjóra, aðstoðarframkvæmdastjóra, stjórnarmenn og þá hluthafa, sem eru félagsmenn í félagi ráðgjafarverkfræðinga, vinna verkfræðistörf í verkfalli Stéttarfélags verkfræðinga. Stefndi krefst og málskostnaðar í öllum tilvikum.

I.

Málavexti kveður stefnandi vera sem hér segir í aðalatriðum:

Með bréfi, dags. 21. maí sl., boðaði stefnt stéttarfélag verkfall hjá félagsmönnum þess, sem vinna hjá aðildarfélögum Félags ráðgjafarverkfræðinga, og kom verkfallið til framkvæmda föstudaginn 5. júní sl.

Nokkrir verkfræðingar í starfi hjá VST h/f, sem ekki eru eigendur í félaginu, hófu verkfall í samræmi við ákvörðun stéttarfélags síns hinn 5. júní sl.

Þegar eigendur VST h/f komu til vinnu sinnar að morgni þriðjudagsins 9. júní sl., var þeim meinaður aðgangur að vinnustað sínum. Félagar í stefndu stéttarfélagi með formann félagsins, Högna

Jónsson, í broddi fylkingar stóðu við útidyr Ármúla 4 í Reykjavík og vörnuðu öllum verkfræðingum inngöngu í húsið að undanskildum Lofti Þorsteinssyni forstjóra, framkvæmdastjórunum Þorkeli Erlingssyni, Pálma R. Pálmasyni og Viðari Ólafssyni. Nokkrir eigendur höfðu komið til vinnu, áður en aðgerðirnar hófust, þar á meðal Ólafur Bjarnason, stjórnarformaður VST h/f, og komust á vinnustað af þeim sökum.

Þegar þetta ástand hafði haldist nokkra hríð, ákváðu þeir eigendur, sem utan gátta voru vegna aðgerða félagsmanna stefnds stéttarfélags, að freista inngöngu. Sú ráðagerð tókst án líkamsmeiðinga.

Miðvikudaginn 10. júní sl. fylktu liðsmenn stefnds stéttarfélags liði við útidyr Ármúla 4, Reykjavík.

Nú var engum verkfræðingi hleypt inn í húsið öðrum en fyrrgreindum Lofti Þorsteinssyni.

Af ofangreindum ástæðum lá öll verkfræðivinna niðri hjá Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen h/f mestan hluta miðvikudagsins 10. júní.

Tjón af þeim sökum nemur verulegum fjárhæðum að mati stefnanda.

Stefnandi áskilur Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen hf. rétt til heimtu skaðabóta hjá stefndu stéttarfélagi fyrir því tjóni, sem félagið hefur orðið fyrir af völdum aðgerða stjórnar Stéttarfélags verkfræðinga.

Stefnandi kveðst styðja málsókn sína eftirfarandi rökum:

Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsen h/f er hlutafélag eins og firmanafn félagsins ber með sér, en var upphaflega einkafirma Sigurðar heitins Thoroddsen. Á árinu 1962 var stofnað sameignarfélag um rekstur verkfræðistofunnar, og var það félagsform við lýði til ársins 1976, er hlutafélag var sett á stofn, sem yfirtók rekstur þess.

Ástæðan fyrir þessari breytingu á félagsformi lá fyrst og fremst í því, að blómleg starfsemi félagsins óx sameignarfélagsforminu yfir höfuð. Verkefnin urðu sífellt viðameiri, og ábyrgðin, sem því fylgdi, leiddi til þess, að óhjákvæmilegt var að takmarka ábyrgð félagsmanna með stofnun hlutafélags.

Eftir sem áður var félagið byggt á vinnuframlagi eigenda (hluthafa), og hefur svo verið síðan.

Eigendur (hluthafar) eru verkfræðingar og tæknifræðingar, sem starfa hjá félaginu. Eignaraðild hvers um sig að félaginu er jöfn.

Láti eigandi af starfi, er honum skylt að selja sameigendum sínum hlut sinn á fyrir fram ákveðnu verði. Starfsmönnum er gefinn kostur á að gerast eigendur að félaginu eftir ákveðnum reglum, þegar þeir hafa unnið tiltekinn tíma hjá félaginu.

Verða þeir þá þegar fullgildir eignaraðilar til jafns við aðra hluthafa.

Þegar nýr eigandi er tekinn inn í félagið, hefur sá hinn sami jafnframt sagt upp aðild sinni að Stéttarfélagi verkfræðinga og hætt greiðslu félagsgjalda frá næstu áramótum.

Þessi framkvæmd mála hefur verið í fullu samráði við Stéttarfélag verkfræðinga.

Af þessu leiðir að dómi stefnanda, að þeir eigendur, sem jafnframt eru verkfræðingar, eru ekki félagar í Stéttarfélagi verkfræðinga og falla því ekki undir agavald félagsins, hvorki að því er varðar þátttöku í verkfallsaðgerðum né öðrum ákvörðunum, sem venjulegir félagar verða að hlíta.

Stefnandi bendir á 5. grein laga nr. 80 frá 1938 í þessu sambandi og telur lagaákvæði þetta taka af öll tvímæli um samningssvið stéttarfélaga.

Skv. 5. gr. laga nr. 80 frá 1938 nær réttur stéttarfélags einungis til samninga um kaup og kjör fyrir félaga þess. Af þessu leiðir, að stéttarfélagið semur ekki fyrir eigendur VST h/f og því nær agavald félagsins ekki til þeirra. Þeim er því bæði rétt og skylt að vinna í þágu félagsins, enda þótt félagar í Stéttarfélagi verkfræðinga séu í verkfalli.

Annað væri reyndar hjákátlegt, ef eigendum væri skylt að taka þátt í verkfalli gegn sjálfum sér.

Við munnlegan málflutning lýsti lögmaður stefnanda yfir því, að stefnandi gæti til vara fallist á það, sem fram komi í 2. varakröfu stefnda, þ.e. að agavald stefnda næði ekki yfir þá hluthafa, sem eru í félagi ráðgjafarverkfræðinga, auk framkvæmdastjóra og stjórnarmanna.

II.

Málsástæður og lagarök stefnda eru þessi:

Stefndi er stéttarfélag í skilningi laga nr. 80/1938 og kemur fram sem samningsaðili um kaup og kjör félagsmanna sinna. Félagið er eina stéttarfélag verkfærðinga skv. lögum nr. 80/1938. Meðal þeirra aðila, sem stefndi gerir kjarasamninga við, er fulltrúaráð Félags ráð-

gjafarverkfræðinga. Núgildandi samningur aðila er frá 1. júní 1986.

Í upphafi verkfallsins kom í ljós, að fjölmargir launþegar hjá verkfræðifyrirtækjum, sem rekin eru í formi hlutafélaga, töldu sig ekki vera launþega, heldur atvinnurekendur. Hefur það tíðkast undanfarin ár, að ungum verkfræðingar, sem hafa unnið nokkur ár hjá verkfræðifyrirtækjum í hlutafélagaformi, er gefinn kostur á að gerast hluthafar í viðkomandi hlutafélagi. Reglur um þetta eru mismunandi eftir fyrirtækjum, en aðaleinkennin eru þau, að hinn nýi hluthafi leggur hlutafélaginu til nýtt fjármagn með hlutafjárframlagi sínu og fær þetta hlutafjárframlag endurgreitt, þegar hann annaðhvort lætur af störfum eða síðar, þegar viðkomandi verkfræðifyrirtæki kaupir hlut verkfræðingsins af honum að nýju.

Skv. dómskj. nr. 10 eru hluthafar 39, þar af 31 verkfræðingur. Á sama skjali eru verkfræðingar í starfi hjá félaginu, sem ekki eru jafnframt hluthafar, taldir vera 9. Af hluthöfum eru a.m.k. 3 félagsmenn í Stéttarfélagi verkfræðinga.

FRV er félag verkfræðinga, sem hafa tiltekna starfsreynslu að baki - 8 ár - í ráðgjöf og starfa við ráðgjöf. Engin fyrirtæki eða félög eiga aðild að FRV. Aðeins sumir verkfræðinganna hjá VST eiga aðila að FRV. Í tenglsum við FRV starfar fulltrúaráð FRV, sem er starfsvettvangur þeirra verkfræðifyrirtækja, sem félagar í FRV eiga aðild að. Við þann aðila hefur stefndi gert kjarasamning, en ekki FRV. Af hálfu stefnda eru þó engar athugasemdir gerðar við þessa málsaðild, enda er það ósk stefnda, að efnisdómur gangi í málinu.

Ágreiningur aðila snýst um það, hvort þeim starfsmönnum hjá VST, sem einnig eru hluthafar, sé heimilt að vinna í verkfalli Stéttarfélags verkfræðinga.

Þess er fyrst að geta, að allir verkfræðingar í starfi hjá VST eru launþegar og handhöfn þeirra á hlutafé í félaginu getur á engan hátt breytt réttarstöðu þeirra á þann veg, að þeir verði taldir til eigenda með réttarstöðu sambærilega við eigendur í sameignarfélagi. VST gerir ráðningarsamninga við hvern og einn verkfræðing, og eru ráðningarsamningar þessir algerlega byggðir á kjarasamningi stefnda og FFRV, ef til vill með þeirri breytingu, sem einnig getur átt við um þá, sem ekki eru hluthafar, að um einhverja yfirborgun, t.d. 7%, sé að ræða. Afleiðingar þessa eru þær, að geri stefndi

kjarasamning við FFRV um 5% launahækkun, þá hækka laun hluthafanna í VST um 5%, en geri stefndi samning um 50% hækkun launa, þá hækka laun hluthafanna hjá VST um 50%. VST er óheimilt að semja við hluthafana um kjör, sem eru lakari en kjör þau, sem kjarasamningur ákveður, sbr. lög um starfskjör launþega. Auk launaliðanna í kjarasamningi gilda öll önnur ákvæði kjarasamningsins um réttarsamband þeirra verkfræðinga, sem eru hluthafar annars vegar, og VST hins vegar. Í starfi hafa hluthafarnir því réttarstöðu launþega í hvívetna. Þeir eru háðir hlýðniskyldu við yfirmenn sína, sem eru framkvæmdastjóri og aðstoðarframkvæmdastjóri. Handhöfn þeirra á hlutafé í félaginu heimilar þeim að sjálfsögðu að sækja aðalfund og greiða þar atkvæði, þar á meðal við stjórnarkjör. Stjórn félagsins fer með mál félagsins á milli aðalfunda og ræður félaginu framkvæmdastjóra og aðstoðarframkvæmdastjóra. Þessi eignarréttur að hlutafé í félaginu hefur hins vegar engin áhrif á réttarstöðu hluthafanna sem starfsmanna.

Af hálfu stefnda er á því byggt, að það sé viðurkennd regla íslensks réttar, að þegar stofnað er til lögmæts verkfalls á tilteknu sviði, þá séu allir starfsmenn á því sviði bundnir af verkfallsákvörðuninni og verði að láta sér lynda að leggja niður störf án tillits til þess, hvort þeir eru félagsbundnir í því félagi, sem til verkfallsins boðar, eða ekki. Þessi regla verður meðal annars leidd af 18. gr. laga nr. 80/1938, þar sem segir, að þeim, sem vinnustöðvun beinist gegn, sé óheimilt að stuðla að því að afstýra henni með aðstoð einstakra félagsmanna félaga eða sambanda, sem að vinnustöðvuninni standi. Þessi regla er sett í því skyni að styrkja vernd verkfallsréttarins, og ber að skilja ákvæðið þannig, að enn síður sé þeim, sem vinnustöðvun beinist að, heimilt að afstýra henni með aðstoð manna utan félaga eða sambanda, sem að vinnustöðvun standa.

Meginreglan um sömu réttarstöðu allra launþega án tillits til félagsaðildar birtist hvað skýrast í lögunum um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda nr. 55/1980, 1. gr., þar sem segir, að laun og önnur starfskjör, sem aðildarsamtök vinnumarkaðarins semji um, skuli vera lágmarkskjör fyrir alla launamenn í viðkomandi starfsgrein á samningssvæðinu og að samningar einstakra launamanna og atvinnurekenda um lakari kjör skuli ógildir. Með lögfestingu þessa ákvæðis upphaflega í lögunum nr. 9/1974 um starfskjör launþega o.fl. viðurkenndi og færði löggjaf-

inn í letur þessa sérstöku reglu íslensks réttar um jafna réttarstöðu allra launþega gagnvart atvinnurekendum.

Afleiðing af framangreindri almennri réttarreglu er m.a. sú, að löglegt verkfall, sem boðað er af stéttarfélagi, bindur alla launþega í viðkomandi starfsgrein, einnig þá, sem eru utan stéttarfélagsins. Þetta á a.m.k. við um alla launþega, sem ekki eru í neinu stéttarfélagi, og ugglaust einnig við þá, sem eru í öðrum stéttarfélögum. Það, sem sker úr, er starfssviðið.

Auk framangreindrar meginreglu mæla sanngirnisrök og grundvallarsjónarmið í lögunum nr. 80/1938 með framangreindri niðurstöðu. Starfskjör hluthafanna hjá VST ráðast eingöngu af þeim kjarasamningi, sem stefndi gerir við FFRV. Ætla má, að næstum því jafnmargir verkfræðingar á ráðgjafarverkfræðiskrifstofum í Reykjavík séu hluthafar í þeim eins og þeir, sem ekki eru hluthafar. Þeir, sem eru félagar í Stéttarfélagi verkfræðinga, verða að kosta til fjármunum og vinnu við að ákvarða starfskjör þau, sem eiga að gilda í samskiptum þeirra við fyrirtæki í FFRV. Ósanngjarnt er, að jafnmargir verkfræðingar, sem eru hluthafar, njóti afraksturs þessa starfs og þessara fjármuna án nokkurs framlags eða fórnar af sinni hálfu. Segja má, að sá lögverndaði réttur, sem Stéttarfélag verkfræðinga hefur til að knýja fram kröfur sínar með verkfalli, sé að engu gerður, ef dómstólar komast að þeirri niðurstöðu, að með því einu að rétta starfsmanni lítil hlutabréf í viðkomandi atvinnufyrirtæki, þá teljist sá starfsmaður atvinnurekandi, sem heimilt sé að vinna í verkfalli. Augljóst er, að það eru stórfelldir hagsmunir atvinnurekenda að komast hjá vinnustöðvun í verkfalli, og er það lítilvæg fórn af þeirra hálfu að framselja hlutabréf til starfsmanna sinna í því skyni að bæta samkeppnisstöðu sína.

Þá er og á því byggt, að í kjarasamningnum er það viðurkennt, að vinnuveitandi skv. samningnum sé sá einn, sem er fyrirtæki og á aðild að FFRV. Af þessu ákvæði í gr. 1.1.2 leiðir, að engir aðrir teljast vinnuveitendur en fyrirtækin. Af þessu leiðir, að enginn verkfræðingur getur komið fram sem atvinnurekandi og starfað í verkfalli á þeim grundvelli.

Í gr. 1.1.3 í kjarasamningnum er hugtakið launþegi í samningnum rækilega skilgreint og segir, að það séu annars vegar þeir verkfræðingar, sem eru aðalfélagar í Stéttarfélagi verkfræðinga og starfa hjá verkfræðifyrirtæki með aðild að FFRV, og hins vegar allir aðrir

verkfræðingar í þjónustu sama vinnuveitanda, enda uppfylli þeir verkfræðingar inntökuskilyrði stéttarfélagsins, þ.e. Stéttarfélags verkfræðinga.

Þar sem verkfræðingar þeir há VST, sem eru hluthafar, eru launþegar, þá eiga þeir rétt og sennilega skyldu til aðildar að Stéttarfélagi verkfræðinga. Þeir eru því launþegar í skilningi kjarasamningsins, og löglega boðað verkfall bindur þá til að leggja niður störf. Engu breytir hér um, að í gr. 7.1.1 segir, að stéttarfélagið viðurkenni rétt vinnuveitenda til að standa utan stéttarfélaga. Ákvæði þetta kom inn í uppkasti frá 1981 að kjarasamningi skv. ósk FFRV, en þá var hugmyndin sú að semja við þrjú stéttarfélög í einu. Þess vegna er talað um stéttarfélög í fleirtölu. Hugtakið vinnuveitanda verður að skilja í samræmi við gr. 1.1.2 í samningnum og getur því ekki átt við hluthafa eða verkfræðinga, sem eru félagsmenn í FRV.

Stefndi vitnar til réttarreglu, sem fram kemur í D.F.VII., bls. 112, sem fjallar um réttarstöðu starfsmanns, sem er jafnframt hluthafi í hlutafélagi því, sem hann starfar hjá. Hann heldur því fram, að sú regla hafi orðið til fyrir venju í framkvæmd, að verkfall nái til allra starfsmanna á því sviði, sem viðkomandi stéttarfélag starfar hjá, enda sé það eina stéttarfélagið á því sviði á starfssvæðinu, en starfssvæði Stéttarfélags verkfræðinga sé allt Ísland.

III.

Ágreiningslaust er með aðilum, að hið stefnda félag sé stéttarfélag í skilningi laga nr. 80/1938 og að það komi fram sem samningsaðili um kaup og kjör félagsmanna sinna og að það sé eina stéttarfélag verkfræðinga skv. lögunum. Meðal þeirra aðila, sem stéttarfélagið gerir kjarasamninga við, er fulltrúaráð Félags ráðgjafarverkfræðinga, en fulltrúaráðið er starfsvettvangur þeirra verkfræðifyrirtækja, sem félagar í Félagi ráðgjafarverkfræðinga eiga aðild að.

Ekki er ágreiningur um aðild í máli þessu.

Hluthafar í hlutafélaginu Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen eru 39, þar af 31 verkfræðingur. Hjá hlutafélaginu starfa auk þess 9 verkfræðingar, sem ekki eru hluthafar. Þeir eru félagar í Stéttarfélagi verkfræðinga auk þriggja hluthafa, sem einnig eru félagar. Af þeim 28 verkfræðingum, sem eru hluthafar og ekki eru félagar í Stéttarfélagi verkfræðinga, eru 20 í Félagi ráðgjafarverkfræðinga.

Verkfall hins stefnda stéttarfélags beindist að viðsemjanda þess,

fulltrúaráði Félags ráðgjafarverkfræðinga. Eins og aðild félagsmanna í Félagi ráðgjafarverkfræðinga að fulltrúaráði félagsins er háttað, verður að telja óeðlilegt að gera þeim skylt að taka þátt í verkfalli Stéttarfélags verkfræðinga. Hins vegar verður ekki fallist á með stefnanda, að allir hluthafar í Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen h/f vinni verkfræðistörf í löglega boðuðu verkfalli stefnda, þar sem hlutafjáreign ein og sér verður ekki talin veita hluthafanum stöðu vinnuveitanda.

Samkvæmt framansögðu telur dómurinn rétt að hafna dómkröfum stefnanda, en fallast á 2. varakröfu stefnda.

Ekki eru efni til að dæma stefnda til greiðslu sektar skv. 65. gr. laga nr. 80 frá 1938.

Rétt þykir að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Viðurkenndur er réttur Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen h/f til að láta framkvæmdastjóra, aðstoðarframkvæmdastjóra, stjórnarmenn og þá hluthafa, sem eru félagsmenn í Félagi ráðgjafarverkfræðinga, vinna verkfræðistörf í verkfalli Stéttarfélags verkfræðinga.

Málskostnaður fellur niður.

Sératkvæði
Jóns Þorsteinssonar.

Ágreiningur milli aðila að máli þessu er einvörðungu um það, hvort verkfræðingum, sem starfa hjá Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen h/f og jafnframt eru hluthafar í félaginu, sé heimilt að vinna í verkfalli Stéttarfélags verkfræðinga. Verkfræðingar þessir starfa hjá verkfræðistofunni sem launþegar á grundvelli samningskjara Stéttarfélags verkfræðinga. Samningsaðili af hálfu vinnuveitenda er fulltrúaráð Félags ráðgjafarverkfræðinga, en það er mjög sjálfstæð stofnun. Almennir félagsmenn í Félagi ráðgjafarverkfræðinga hafa sáralítil áhrif á gerðir fulltrúaráðsins. Fulltrúaráðinu er fyrst og fremst stjórnað af fulltrúum, er sérhvert verkfræðifyrirtæki innan ráðsins skipar sérstaklega. Af þessum sökum er ekki unnt að líta á félagsmenn í Félagi ráðgjafarverkfræðinga úr framangreindum hópi starfsmanna verkfræðistofunnar sem for-

svarsmenn vinnuveitenda, og því ber að hafna viðurkenningu á rétti þeirra til að vinna í verkfalli. Á hinn bóginn ber verkfræðingi, sem sæti á í fulltrúaráði Félags ráðgjafarverkfræðinga af hálfu Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen h/f, réttur til að vinna þrátt fyrir verkfall.

Að öðru leyti er ég samþykkur forsendum og niðurstöðu meiri hluta dómenda.

Föstudaginn 18. september 1987.

Nr. 6/1987. **Vinnuveitendasamband Íslands**
f.h. Mjólkurbús Flóamanna
(Kristján Þorbergsson cand.jur.)
gegn
Alþýðusambandi Íslands
f.h. Bifreiðastjórafélagsins Ökuþórs
(Gunnar Sæmundsson hrl.).

Kjarasamningur. Uppsögn. Sératkvæði.

Dómur Félagsdóms.

Mál þetta dæma Garðar Gíslason, Björn Helgason, Jónas Gústavsson, Gunnar Guðmundsson og Jón Þorsteinsson.

Málið, sem tekið var til dóms 15. þ.m., er höfðað með stefnu birtri 7. september 1987.

Stefnandi er Vinnuveitendasamband Íslands, Reykjavík, vegna Mólkurbús Flóamanna, Austurvegi 65, Selfossi.

Stefndi er Alþýðusamband Íslands, Reykjavík, f.h. Bifreiðastjórafélagsins Ökuþórs, Selfossi.

Dómkröfur stefnanda eru þessar:

1. Að uppsögn Bifreiðastjórafélagsins Ökuþórs á kjarasamningi félagsins, dags. 28. ágúst 1987, verði dæmd ólögmæt og gildislaus.
2. Að viðurkennt verði með dómi, að kjarasamningur Bifreiðastjórafélagsins Ökuþórs og Vinnuveitendasambands Íslands sé

bundinn gildistíma til 31. desember 1987, en falli þá úr gildi án sérstakrar uppsagnar.

Stefnandi krefst og málskostnaðar að skaðlausu úr hendi stefnda.

Dómkröfur stefnda eru þær, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda í málinu og að stefnanda verði dæmt að greiða honum málskostnað að mati dómsins.

I.

Stefnandi kveður málavexti vera þá, að í gildandi kjarasamningi ASÍ og VSÍ frá 6. desember 1986 sé í 4. gr. svohljóðandi ákvæði um gerð fastlaunasamninga á samningstímabilinu:

„Á samningstímabilinu skulu samningsaðilar gera nýja fastlaunasamninga með þeim hætti og í þeim starfsgreinum, sem að neðan greinir:

Fastlaunasamningar þessir skulu taka gildi eftir því, sem um semst, á tímabilinu frá 1. mars 1987 til 1. september 1987. Hafi fastlaunasamningur ekki verið gerður fyrir 1. sept. 1987 í samræmi við samningsákvæði þar um, er aðilum heimilt að segja samningi upp með tveggja vikna fyrirvara, þannig, að hann verði laus 15. sept., að því er tekur til starfsmanna í þeirri starfsgrein, sem gera skyldi fastlaunasamning um.

Við gerð umræddra fastlaunasamninga skal miða við eftirfarandi forsendur:

1. Að fastlaunakerfi nýs samnings verði í sem bestu samræmi við launakerfi fyrirtækja í hlutaðeigandi starfsgrein og að gerð fastlaunasamninga þessara miðist við skráningu kauptaxta, sem best samræmist greiddu kaupi í starfsgreininni, en leiði ekki sjálfkrafa til hækkunar á greiddu kaupi.
2. Að leitast verði við að auka hagræðingu og framleiðni svo að vinnan nýtist sem best og skili sem mestum verðmætum til hagsbóta fyrir alla samningsaðila.
3. Að launamunur m.t.t. starfsreynslu, menntunar og hæfni taki mið af raunverulegum aðstæðum í hverju tilviki.
4. Að samningsbundin launakerfi miðist sem mest við, að laun séu greidd fyrir raunverulega unninn tíma, án þess að gengið sé á hefðbundinn hvíldartíma.

Á grundvelli ofangreindra forsendna og annarra, sem um kann að semjast, skulu gerðir eftirtaldir fastlaunasamningar við þá samn-

ingsaðila, sem tilgreindir eru vegna félagsmanna aðildarfélaga þeirra í tilgreindum starfsgreinum:

1. *Verkamannasamband Íslands.*
   Sérþjálfaðir byggingaverkamenn.
   Bifreiðastjórar og stjórnendur þungavinnuvéla.
   Matráðskonur og starfsfólk í mötuneytum.
2. *Málm- og skipasmiðasamband Íslands.*
   VSÍ, SMS og MSÍ munu á samningstímanum greiða götu þess, að fyrirtækjasamningar geti tekist í einstökum fyrirtækjum í skipasmíðagreininni.
   MSÍ og SMS munu í sameiningu stuðla að bættum kjararannsóknum í málmiðnaði og í því skyni skipa einn mann hvort til samstarfs við Kjararannsóknarnefnd um bætt skil á launaupplýsingum til nefndarinnar. Þessir trúnaðarmenn samtakanna eru bundnir þagnarheiti gagnvart upplýsingum um einstaklinga og fyrirtæki, sem þeir fara höndum um í starfi sínu í þágu nefndarinnar. Nefndarmennirnir skulu enn fremur fylgjast með stærð úrtaksins og vinna að því með Kjararannsóknarnefnd, að úrtakið gefi sem gleggstar upplýsingar um laun og launadreifingu í mismunandi störfum og starfsgreinum.
3. *Landssamband íslenskra verslunarmanna.*
   Sérstakt samkomulag um útfærslu á 4. grein aðalkjarasamninga. Aðilar eru sammála um að útfæra fastlaunasamninga sem sérsamninga og að eftirtalin svið hafi forgang:
   1. Afgreiðslustörf.
   2. Störf í lyfjavöruverslunum.
   3. Almenn skrifstofustörf.
   4. Störf í ferðaþjónustu.

   Aðilar eru sammála um að setja á laggirnar nefnd, skipaða xx fulltrúum hvors aðila, sem vinni sameiginlega úr launaupplýsingum Kjararannóknarnefndar. Nefndin skal hefja störf þegar í ársbyrjun 1987.
   Aðilar skulu síðan með hliðsjón af niðurstöðum nefndarinnar semja um lágmarkslaun fyrir hvern ofangreindra starfshópa, og þau skulu taka umsömdum launabreytingum samkvæmt aðalkjarasamningi á hverju samningstímabili. Lágmarkslaun merkja ekki í þessu sambandi lægstu laun í hverjum hópi, heldur þau, sem um er samið.

Lágmarkslaun ofangreindra hópa skal síðan endurskoða við lok hvers samningstímabils eða oftar, ef um semst, og skal sú endurskoðun taka mið af raunverulegri launaþróun.

4. *Landssamband iðnverkafólks.*
   1. Matvæla- og hreinlætisvöruiðnaður.
   2. Umbúðaiðnaður.
   3. Kemískur iðnaður.
   4. Vefjariðnaður.“

Stefnandi tjáir, að deilur hafi nú risið með Bifreiðastjórafélaginu Ökuþór og Vinnuveitendasambandi Íslands um skilning á ákvæði þessu, en bifreiðastjórafélagið, sem sé beinn aðili að Alþýðusambandi Íslands, þ.e. ekki í neinu af landssamböndum þess, hafi fyrir sitt leyti samþykkt samninginn frá 6. desember 1986 á félagsfundi þann 17. sama mánaðar.

Með bréfi, dags. 28. ágúst 1987, hafi Vinnuveitendasambandi Íslands borist tilkynning félagsins og tveggja annarra félaga á Suðurlandi um uppsögn gildandi kjarasamnings frá og með 15. september nk., og hafi í uppsagnarbréfinu verið vísað í 4. gr. samningsins frá 6. desember 1986 henni til stuðnings. Jafnframt muni félögin hafa vísað málum sínum til meðferðar ríkissáttasemjaraembættisins.

Með símskeytum þann 31. ágúst sl. hafi Vinnuveitendasamband Íslands mótmælt gildi uppsagnanna og áréttað það sjónarmið, að það teldi kjarasamninga félaganna bundna til 31. desember 1987, þar eð uppsagnarheimildir skorti. Jafnframt hafi ríkissáttasemjara, Alþýðusambandi Íslands og Verkamannasambandinu verið tjáð þessi afstaða. Ríkissáttasemjara hafi einnig verið tjáð, að stefnandi myndi bera gildi uppsagnarinnar af hálfu Bifreiðastjórafélagsins Ökuþórs undir úrlausn Félagsdóms, og myndi ætlun hans vera að funda ekki í deilunni, fyrr en niðurstaða réttarins liggi fyrir.

Stefnandi tjáir, að nokkuð hafi verið unnið að gerð fastlaunasamnings við Verkamannasamband Íslands um störf bifreiðastjóra og stjórnenda vinnuvéla sl. vikur, en ekki hafi tekist að ljúka gerð þeirra fyrir það tímamark, er í 4. gr. samningsins frá 6. desember 1986 greini. Engin uppsögn á kjarasamningum hafi hins vegar borist frá Verkamannasambandinu. Það hafi m.ö.o. ekki nýtt sér heimildir til lausnar kjarasamningum þann 15. september 1987.

Málsástæður og lagarök stefnanda:

Í máli þessu, sem stefnandi tjáir höfðað á grundvelli 2. tl. 1. mgr. 44. gr. laga nr. 80/1938, byggir hann kröfurgerð sína á því, að í kjarasamningi aðila sé ekki að finna uppsagnarheimild til handa Bifreiðastjórafélaginu Ökuþór og það sé því eigi á þess færi að segja upp kjarasamningi, þannig, að hann verði laus þann 15. september 1987.

Ákvæði 4. gr. samnings ASÍ og VSÍ frá 6. desember 1986 kveði á um gerð fastlaunasamninga við fjögur tiltekin landssambönd innan ASÍ, þ.e. Verkamannasamband Íslands, Málm- og skipasmiðasamband Íslands, Landssamband íslenskra verslunarmanna og Landssamband iðnverkafólks. Aðrir aðilar en greind landssambönd geti því eigi byggt rétt á ákvæðum 4. gr. Allar þær heimildir, aðildir og réttindi, sem í 4. gr. felist, séu því í höndum þessara landssambanda. Þetta komi skýrt fram í 4. mgr. greinarinnar, þar sem segi:

„Á grundvelli ofangreindra forsendna og annarra, sem um kann að semjast, skulu gerðir eftirtaldir fastlaunasamningar við þá samningsaðila, sem tilgreindir eru vegna félagsmanna aðildarfélaga þeirra í tilgreindum starfsgreinum."

Stefnandi telur, að með samþykki samningsins á sínum tíma hafi því af hálfu hlutaðeigandi stéttarfélags falist umboðsgjöf til þess landssambands, sem það eigi aðild að, til gerðar fastlaunasamnings á þeim samningssviðum, sem upp eru talin, og jafnframt til nýtingar annarra heimilda skv. ákvæðum 4. gr. Þær séu þar með í höndum landssambandanna einna, eins og fram komi í 4. mgr.

Stefnandi kveður ekkert þeirra hafa nýtt sér uppsagnarheimildina til að segja samningum lausum frá 15. september 1987. Þar með sé gildistími samninga bundinn til 31. desember 1987, en þá falli þeir úr gildi án sérstakrar uppsagnar, sbr. 1. gr. samningsins.

Þar sem allar þær aðildir að réttindum, sem í 4. gr. felist, séu bundnar þessum fjórum landssamböndum, telur stefnandi það ekki fá staðist, þegar aðili, sem jafnvel á ekki aðild að neinu þessara fjögurra landssambanda, vill byggja rétt á ákvæðum 4. gr. samningsins frá 6. desember 1986. Enn fremur telur hann augljóst, að ákvæði greinarinnar taki ekki til neins af þeim félögum, sem séu með beina aðild að Alþýðusambandi Íslands.

Stefnandi bendir á, að meginstefna kjarasamningsins frá 6. desember 1986 hafi verið að framlengja samninga út árið 1997 og

að sérstakar undantekningar frá þessari meginstefndu hafi verið gerðar í samningnum. Þess vegna sé tæmandi talning á aðild í 4. gr. samningsins, þ.e. á þeim, sem geta byggt rétt á henni. Af þeim sökum hafi þurft sérstakt samkomulag milli Vinnuveitendasambands Íslands og Sambands veitinga- og gistihúsa annars vegar og Félags starfsfólks í veitingahúsum, ASV, AN, ASA, ASS vegna starfsfólks í veitinga- og gistihúsum hins vegar, strax sama dag, þ.e. 6. desember 1986, til þess að þeir síðarnefndu gætu öðlast sama rétt og 4. gr. kjarasamningsins veitir, einfaldlega vegna þess að þeir hafi ekki verið taldir upp í 4. gr. sérstaklega og það hafi uppgötvast of seint.

Stefnandi vísar í dóm Félagsdóms 19. september 1985 í máli VSÍ f.h. Íslenska álfélagsins h/f gegn ASÍ f.h. Félags matreiðslumanna. Þar sé um sambærilegt tilvik að ræða, og í niðurstöðu dómsins komi fram sams konar rök og hann haldi fram í máli þessu.

II.

Stefndi styður sýknukröfu sína með því að benda á, að í títtnefndri 4. gr. kjarasamningsins sé að finna ákvæði um skyldu samningsaðila til að gera nýja fastlaunasamninga fyrir tilteknar starfsgreinar, þar á meðal bifreiðastjóra, en félagsmenn stefnda tilheyri einmitt þeirri starfsstétt. Einmitt vegna þessa hafi þurft sérstakt samkomlag við starfsfólk í veitingahúsum, þar sem sú starfsgrein hafi ekki verið með í samningnum.

Eins og fram komi í stefnu, hafi nokkuð verið unnið að gerð fastlaunasamnings um störf bifreiðastjóra og stjórnenda vinnuvéla í ágústmánuði sl. Fulltrúar frá stefnda hafi tekið þátt í viðræðum, sem fram fóru af því tilefni ásamt fulltrúa Verkamannasambands Íslands og fulltrúum frá aðildarfélögum þess, enda hafi stefndi ekki falið Verkamannasambandinu umboð til slíkrar samningsgerðar. Ekki tókst að ljúka samningsgerð fyrir 1. september sl. Er ljóst þótti, að svo mundi fara, sagði stefndi upp gildandi kjarasamningi aðila frá og með 15. þ.m. skv. heimildinni í 2. mgr. 4. gr. samningsins.

Málsástæður stefnda eru þær, að hann sé stéttarfélag í skilningi laga nr. 80/1938, og sem slíkur sé hann lögformlegur samningsaðili um kaup og kjör félaga sinna. Hann segi því upp samningum, þegar þess er þörf og það heimilt, enda hafi hann ekki afsalað sér þeim rétti til annars aðila. Uppsögnin sé byggð á heimild í 2. mgr. 4.

gr. kjarasamningsins. Þar sé aðilum samningsins heimilað að segja honum upp, hafi fastlaunasamningur ekki verið gerður fyrir 1. september í samræmi við samningsákvæði þar um. Uppsögnin fullnægi formskilyrðum laga og hafi borist stefnanda nægilega tímanlega. Stefndi ítrekar, að það sé hann, sem lögum samkvæmt sé samningsaðili um kaup og kjör félaga sinna, jafnt við gerð fastlaunasamninga skv. 1. mgr. 4. gr. samningsins sem aðra kjarasamningagerð, og jafnframt réttur aðili til að nota uppsagnarheimild 2. mgr. sömu greinar fyrir þeirra hönd. Þar breyti engu gagnvart honum, þótt síðar í greininni sé talað um, að fastlaunasamningur skuli gerður við Verkamannasamband Íslands vegna bifreiðastjóra, sem séu félagsmenn í aðildarfélögum þess. Þar sé verið að ræða um annan hóp manna en félagsmenn stefnda.

Stefndi tekur fram, að vegna meginreglu 5. gr. laga nr. 80/1938 hefði þurft að taka fram berum orðum í 1. mgr. 4. gr., ef undanskilja hafi átt einhverja af samningsaðilum.

III.

Í 1. gr. hins umdeilda kjarasamnings frá 6. desember 1986, sem Bifreiðastjórafélagið Ökuþór er aðili að, kemur skilmerkilega fram, að allir kjarasamningar samningsaðila framlengist til 31. desember 1987 með þeim breytingum, sem í samningi þessum felast, og falli þá úr gildi án sérstakrar uppsagnar.

Í 4. gr. samningsins er kveðið á um gerð nýrra fastlaunasamninga samningsaðila „með þeim hætti og í þeim starfsgreinum, sem að neðan greinir". Síðar í 4. gr. er kveðið á um, að á grundvelli tiltekinna forsendna skuli gerðir „eftirtaldir fastlaunasamningar við þá samningsaðila, sem tilgreindir eru, vegna félagsmanna aðildarfélaga þeirra í tilgreindum starfsgreinum". Því næst eru tilgreind fjögur landssambönd innan ASÍ, þ.e. Verkamannasamband Íslands, Málm- og skipasmiðasamband Íslands, Landssamband íslenskra verslunarmanna og Landssamband iðnverkafólks.

Þegar kjarasamningur þessi er lesinn í heild, kemur í ljós, að í 4. gr. felst undantekning frá þeirri meginreglu hans, að hann skuli gilda án uppsagnar til 31. desember 1987, og verður að líta svo á, að í 4. gr. séu tæmandi taldir þeir samningsaðilar, sem geta beitt uppsagnarheimild þeirri, sem í 2. mgr. 4. gr. felst. Þegar af þeirri ástæðu ber að líta svo á, að uppsögn Bifreiðastjórafélagsins Ökuþórs, dags. 28. ágúst 1987, sé ólögmæt og gildislaus og að kjara-

samningur félagsins og Vinnuveitendasambands Íslands sé bundinn gildistíma til 31. desember 1987, en falli þá úr gildi án sérstakrar uppsagnar.

Rétt þykir, að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu.

Dómsorð:

Uppsögn Bifreiðastjórafélagsins Ökuþórs á kjarasamningi félagsins, dagsettum 28. ágúst 1987, er ólögmæt og gildislaus.

Kjarasamningur Bifreiðastjórafélagsins Ökuþórs og Vinnuveitendasambands Íslands er bundinn gildistíma til 31. desember 1987, en fellur þá úr gildi án sérstakrar uppsagnar.

Málskostnaður fellur niður.

Sératkvæði
Jóns Þorsteinssonar.

Kjarasamningur frá 6. desember 1986 er, sbr. 10. gr. hans, samningur milli samtaka vinnuveitenda annars vegar og hins vegar þeirra verkalýðsfélaga innan Alþýðusambands Íslands, sem hafa samþykkt hann, og skiptir þá ekki máli, hvort verkalýðsfélög þessi eru innan eða utan svonefndra landssambanda. Meðal þeirra verkalýðsfélaga, er samþykktu kjarasamninginn, var hið stefnda Bifreiðastjórafélag Ökuþór, en það stendur utan Verkamannasambands Íslands.

Ljóst er, að ákvæði kjarasamningsins um réttinn til að leita eftir fastlaunasamningum fyrir tilteknar starfsstéttir að viðlagðri uppsögn eru mjög mikilvæg fyrir alla þá, sem þar eiga hlut að máli.

Um gerð fastlaunasamninga er fjallað í 4. gr. kjarasamningsins. Efnislega má skipta ákvæðum fjórðu greinar í eftirfarandi þætti:

a. Almenn fyrirmæli um, að samningsaðilar geri fastlaunasamninga í tilteknum starfsgreinum.
b. Ákvæði um uppsagnarheimild fyrir væntanlegar fastlaunastéttir, ef fastlaunasamningar hafa ekki tekist fyrir 1. september 1987.
c. Forsendur fastlaunasamninga.
d. Fyrirmæli um, að landssamböndin geri fastlaunasamninga fyrir aðildarfélög þeirra.
e. Tilgreiningu á fjórum landssamböndum ásamt upptalningu á

þeim starfsstéttum, er undir þessi sambönd heyra og njóta eiga fastlaunasamninga.

Í 4. gr. kjarasamningsins segir hins vegar ekkert um það, hverjir skuli gera fastlaunasamning fyrir þau verkalýðsfélög, sem eru utan landssambanda, en hafa viðkomandi starfsstéttir innan sinna vébanda. Það liggur í augum uppi, að þetta eiga félögin sjálf að gera. Þar er ekki öðrum aðila til að dreifa.

Stefnandi þessa máls, Vinnuveitendasamband Íslands, heldur því fram, að samningsaðili utan landssambandanna fjögurra, svo sem Bifreiðastjórafélagið Ökuþór, eigi ekki rétt til faslaunasamnings samkvæmt 4. gr. Á þetta sjónarmið er ekki unnt að fallast. Upphafsákvæði 4. gr. verða ekki skilin öðruvísi en svo, að þar sé átt við alla þá aðila kjarasamningsins, er semja fyrir viðkomandi starfsgreinar. Reglur greinarinnar um forsendur fastlaunasamninga eiga jafnt við um verkalýðsfélög utan landssambanda sem innan, og fyrirmælin um, að landssamböndin semji vegna aðildarfélaga sinna, geta ekki með hliðsjón af framangreindu skoðast sem útilokun annarra samningsaðila frá gerð fastlaunasamnings.

Sú spurning hlýtur að vakna, hvaða málefnaleg rök hnígi að því, að bifreiðastjórar innan Verkamannasambandsins eigi rétt á fastlaunasamningi, en ekki stéttarbræður þeirra innan Ökuþórs. Við þessari spurningu gefur stefnandi þessa máls ekki neitt viðhlítandi svar. Kjarasamningurinn frá 6. desember 1986 skoðaður í heild heimilar ekki heldur slíkan mismun.

Það, sem hér er að framan rakið, leiðir til þeirrar niðurstöðu minnar, að uppsögn Bifreiðastjórafélagsins Ökuþórs frá 28. ágúst 1987 á kjarasamningnum við Vinnuveitendasamband Íslands sé gild og að sýkna beri félagið af öllum dómkröfum á hendur því.

Föstudaginn 30. október 1987.

Nr. 7/1987. **Hið íslenska kennarafélag**
(Viðar Már Matthíasson hdl.)
gegn
fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs
(Haraldur Jóhannessen hdl.).

Kjarasamningur. Kennarar.

Dómur Félagsdóms.

Mál þetta dæma Garðar Gíslason, Auður Þorbergsdóttir, Jónas Gústavsson, Allan V. Magnússon og Ragnar H. Hall.

Málið, sem tekið var til dóms 28. þ.m., er höfðað með stefnu birtri 13. október 1987.

Stefnandi er Hið íslenska kennarafélag, Lágmúla 7, Reykjavík.

Stefndi er fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, Arnarhvoli, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þessar:

Í fyrsta lagi, að viðurkennt verði með dómi Félagsdóms, að skilja beri kjarasamning málsaðila frá 30. mars 1987 þannig, að stefnda sé skylt að greiða í tímakaup í dagvinnu 0,615% af mánaðarkaupi í hverjum launaflokki miðað við 5. launaþrep þess launaflokks.

Í öðru lagi, að viðurkennt verði með dómi Félagsdóms, að greiða beri álagsgreiðslur samkvæmt sama kjarasamningi sem hlutfall af tímakaupi í dagvinnu, eins og það tímakaup er ákvarðað í tl. 1.2.1. í samningnum.

Í þriðja lagi er þess krafist, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað að mati dómsins og að við málskostnaðarákvörðun verði tekið tillit til þess, að greiða ber söluskatt á lögfræðiþjónustu.

Dómkröfur stefnda eru þessar:

Að öllum kröfum stefnanda verði hafnað og viðurkennt verði með dómi Félagsdóms, að í kjarasamningi málsaðila frá 30. mars 1987 skuli tímakaup í dagvinnu í hverjum launaflokki vera 0,615% af mánaðarkaupi miðað við launaþrep 6 ára prófaldurs, þ.e. núverandi 4. launaþrep, og að launagreiðslur, sem samningur aðila ákveður sem hlutfall dagvinnutímakaups, skuli miðast við dagvinnutímakaupið þannig dæmt.

Stefndi krefst og málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati dómsins.

I.

Stefnandi kveður aðild stefnanda byggjast á beinum fyrirmælum 4. mgr. 27. gr. laga nr. 94/1986 og að ágreiningsefni málsins snúist um skilning á kjarasamningi aðila, sem gerður hafi verið 30. mars 1987 með gildistíma frá 1. febrúar 1987 til 31. desember 1988. Fyrir gildistöku kjarasamnings aðila hafi gilt aðalkjarasamningur BHMR og stefnda og sérkjarasamningur stefnanda, báðir með gildistíma frá 1. mars 1987.

Stefnandi kveður gr. 1.2.1. í aðalkjarasamningnum hafa kveðið á um það, að tímakaup í dagvinnu í hverjum launaflokki skyldi vera 0,615% af mánaðarkaupi miðað við 5. launaþrep hvers launaflokks. Í sama samningi hafi í gr. 1.5.1. verið svohljóðandi ákvæði:

„Vaktaálag fyrir hverja klukkustund skal vera 33,33% af dagvinnukaupi, sbr. 1.2.1., á tímabilinu kl. 17-24, 45% á tímabilinu frá kl. 00-08, svo og á laugardögum, sunnudögum og sérstökum frídögum öðrum en stórhátíðum, en 90% af þeim dögum, sbr. 2.1.4.3. Brot úr klukkustund greiðist hlutfallslega."

Var framkvæmd á greiðslu launa af hálfu stefnda í samræmi við framanlýst samningsákvæði, sem stefnandi telur ótvíræð, og segir stefnandi, að ekki hafi verið ágreiningur með samningsaðiljum um þá framkvæmd.

Við gerð kjarasamnings aðila máls þessa kveður stefnandi, að ekki hafi verið samið um neinar breytingar á tímakaupsviðmiðun í dagvinnu, sbr. gr. 1.2.1. í aðalkjarasamningnum né afleiddum ákvæðum, t.d. gr. 1.5.1. Stefnandi kveður kjarasamning málsaðila frá 30. mars 1987 fela í sér þær breytingar, sem aðilar vildu að gerðar yrðu, en að öðru leyti skyldu önnur ákvæði gilda óbreytt. Stefnandi kveður afstöðu þessa koma fram í 1. gr. síðastgreinds kjarasamnings, þar sem segir:

„Öll ákvæði áðurgildandi aðal- og sérkjarasamninga milli ofangreindra aðila framlengist til 31. desember 1988 með þeim breytingum, sem í samningi þessum felast og falla þá úr gildi án sérstakrar uppsagnar."

Stefnandi kveður engar kröfur hafa komið fram um það af hálfu stefnda, áður en gengið var í gerð kjarasamningsins frá 30. mars 1987, að breytt yrði þeirri viðmiðun tímakaups og álagsgreiðslna,

sem skýrlega hafi verið tilgreind í aðalkjarasamningnum, enda kveðst stefnandi ekki myndu hafa ljáð máls á slíkri breytingu. Stefnandi kveður ekkert í kröfugerð HÍK gefa neitt tilefni til að ályktа, að þar sé stoð fyrir breytingu þeirri, sem stefndi heldur fram. Með kjarasamningi málsaðila hafi launatöflu verið breytt nokkuð. Þær breytingar hafi varðað fækkun þrepa um eitt. Breytingarnar hafi haft þann tilgang að minnka bilið milli hæstu og lægstu launa með þeim hætti, að lægri þrep fengju meiri hækkun, og fellt var niður eitt þrep, þ.e. 3. þrep. Jafnframt hafi verið um breytingar á prósentubili milli þrepa að ræða. Aldrei hafi hins vegar verið samið um, að tímakaup í dagvinnu skyldi miðast við annað þrep en 5. þrep, eins og gilti samkvæmt aðalkjarasamningnum. Stefnandi vill upplýsa að gefnu tilefni frá stefnda, að Prestafélag Íslands hafi gert kjarasamning þann 5. mars 1987. Samkvæmt honum fái prestar tilteknar álagsgreiðslur greiddar miðað við 4. þrep. Stefnandi telur, að fráleitt sé, að stefndi geti dregið af þessu ályktanir sér í vil, enda hafi sérstaklega verið um þessa viðmiðun samið og það sé skýrlega tilgreint í kjarasamningi Prestafélags Íslands, bókun nr. 4.

Þá bendir stefnandi á sem dæmi, að samkvæmt kjarasamningum stefnda við tvö aðildarfélög BSRB frá því í apríl 1987, þ.e. við Starfsmannafélag ríkisstofnana og Félag íslenskra símamanna, sé greitt tímakaup í dagvinnu miðað við 0,615% af mánaðarlaunum í 4. þrepi. Einnig í þessum tilvikum hafi sérstaklega og með ótvíræðum hætti verið um þetta samið, og komi það fram í 10. gr. umræddra sérkjarasamninga.

Stefnandi kveður engin slík rök eða sjónarmið eiga við í því tilviki, sem hér er til meðferðar.

Stefnandi kveður afstöðu sína hafa verið þá eftir gerð kjarasamningsins frá 30. mars 1987, að viðmiðun við tímakaup í dagvinnu yrði óbreytt frá því, sem áður var. Hið sama hafði gilt um viðmiðun álagsgreiðslna. Stefnandi segir stefnda geta út launatöflur, er lagðar séu til grundvallar við útreikning launa. Efni þeirra hafi þó ekki sjálfstætt gildi, enda séu þær teknar saman og unnar einhliða af stefnda. Hafi launatafla nr. 109 verið sú fyrsta, sem út var gefin eftir gerð margnefnds kjarasamnings aðila, og sé útgáfudagur þeirrar launatöflu 21. maí 1987. Launatafla nr. 110 kom út þann 29. maí 1987.

Í launatöflum þessum sé tilgreint tímakaup í dagvinnu, og sést við útreikning, að það er miðað við 4. launaþrep. Stefnandi kveður stefnda ekki hafa tilkynnt sér þessa breyttu viðmiðun sérstaklega. Þegar tekið var að greiða laun eftir þessari tímakaupsviðmiðun í dagvinnu, þ.e. 4. þrepi, svo og álagsgreiðslur, hafi einstakir félagsmenn þegar beint athugasemdum til stefnda. Stefnandi kveðst hafa haft samband við skrifstofustjóra launadeildar stefnda og formann samninganefndar stefnda og mótmælt þeirri nýju viðmiðun, sem stefndi tók upp að þessu leyti. Af hálfu stefnanda er upplýst, að haldinn hafi verið fundur með fjármálaráðherra vegna þessa og ritað bréf þann 13. ágúst 1987. Hafi fundir þessir og bréf ekki borið árangur. Afskipti lögmanns stefnanda hafi ekki heldur leitt til þess, að stefndi félli frá hinni nýju viðmiðun sinni, og sé stefnandi því knúinn til þess að leita dómstólaverndar á rétti sínum. Sé mál þetta höfðað til þess.

Stefnandi bendir á, að flest aðildarfélög BHMR eigi í sambærilegri deilu við stefnda og að samkomulag sé um að láta úrslit þessa máls vera ráðandi um niðurstöðu í deilu annarra aðildarfélaga BHMR og stefnda.

Málsástæður stefnanda eru þær, að það beri að skilja samninginn í samræmi við skýr ákvæði hans, enda hafi aldrei verið um annað samið. Ákvæði greinar 1.2.1. í aðalkjarasamningi hafi átt að vera óbreytt, og engar kröfur hafi komið fram um breytingu á því. Stefndi hafi farið fram á breytingu á launaþrepum og hafi viljað fækka þeim úr 8 í 7, og eftir baráttu hafi stefndi fengið því framgengt. Sérstaklega hafi verið samið um, að „stílapeningar" skyldu miðast við tímakaup í dagvinnu, og þess vegna hafi verið hagsmunamál fyrir stefnanda í samningunum, við hvað tímakaupið skyldi miðað. Niðurstaða í samningum aðila hafi verið sú, sem orðalag samnings þeirra segi til um, og um annað hafi þeir ekki samið. Stefnandi taki sérstaklega fram, að aldrei hafi verið talað um að miða tímakaup við starfsaldur. Viðmiðun samningsins fyrir tímakaup sé tiltekið launaþrep, en ekki starfsaldur. Hafi stefndi haft í huga við samningsgerðina að miða tímakaup við ákveðinn starfsaldur, en ekki launaþrep, þá hafi hann haldið því fyrir sig og ekki talað um það og því síður gert kröfu um slíkt. Sú tímakaupsviðmiðun og sú viðmiðun álagsgreiðslna, sem áður gilti, hafi átt að gilda áfram, og stefndi hafi því enga heimild haft

né rök fyrir því að framkvæma samning aðila á anna hátt á sitt eindæmi.

Stefnandi kveður rök sín ekki eingöngu þessi almennu rök um samningsgerð aðila, heldur einnig sérstök lögfræðileg rök um túlkun samninga. Aðalreglan sé, að leggja beri hinn skráða texta til grundvallar og að stefndi beri sönnunarbyrði um, að samið hafi verið öðruvísi en textinn segi til um. Sú sönnun hafi ekki tekist. Þegar um túlkun kjarasamninga sé að ræða, séu fræðimenn sammála um, að reglan sé þessi: Að leggja beri til grundvallar það, sem aðilar eru sammála um, að hafi verið um samið, þótt það fari í bága við hinn skrifaða texta, en séu þeir ekki sammála, þá beri að leggja hinn skráða texta til grundvallar.

II.

Stefndi kveður ágreiningsefnið vera einfalt, þ.e. hvort samið hafi verið um, að viðmiðun dagvinnutímakaups skyldi breytast innan launakerfisins eða ekki. Ágreiningslaust sé með aðilum, að þetta hafi ekki borist í tal þeirra í milli í samingunum.

Málsástæður stefnda séu þær, að skilja beri kjarasamning aðila eftir efni sínu, eðli máls og tilgangi aðila. Ekki hafi verið ætlun aðila að breyta því, að viðmiðun dagvinnutímakaups skyldi vera 6 ára starfsaldursþrepið í launatöflunni, þegar breyting varð á uppbyggingu töflunnar frá fyrri samningi. Stefndi taki undir það sjónarmið stefnanda, að nauðsynlegt hefði verið að semja um breytingar, sem gera hafi átt á kjarasamningi málsaðila, en bendir á, að ágreiningurinn í máli þessu snúist um það, hverju hafi verið breytt og hvað hafi átt að vera óbreytt. Sjónarmið stefnda sé, að breytt nafngift á starfsaldursþrepi sé ekki breyting á efni samnings. Á bak við þrepin sé ákveðinn aldur, og þrepin miðist við það. Sex ára prófaldur hafi tekið við af sex ára starfsaldri, en sé í raun það sama. Verið sé að meta starfsreynslu manna og miða laun við hana, og hafi þrep eitt sér enga þýðingu, heldur komi þýðing þess af því, sem á bak við stendur.

Stefndi telur, að það að miða tímataxta dagvinnu við 4. þrep núverandi launatöflu sé óbreyttur samningur í þeim skilningi, að kjaraleg og samningsleg áhrif þess ákvæðis séu sem næst óbreytt frá því, sem áður var. Til þess að breyta þessu hefði þurft nýtt samningsákvæði. Það hafi ekki verið gert, enda staðreynd, að í samningaviðræðum við þann á fjórða tug félaga ríkisstarfsmanna,

sem samið var við, hafi aldrei verið krafist breytinga eða slíkt orðað af hálfu nokkurs félaga.

Stefndi bendir á, að ef miða ætti dagvinnutímakaup við 5. launaþrep launatöflu samningsins frá 30. mars 1987, þýddi slíkt, að starfsaldursviðmiðunin væri 10 ár. Slíkt hefði í för með sér 4% hækkun á tímakaupi. Um slíkt hafi ekki verið rætt í síðustu samningum, enda ekki staðið til að breyta viðmiðun dagvinnutímakaups og afleiddum greiðslum.

Gerð jafnviðamikilla samninga sem aðalkjarasamninga og sérkjarasamninga opinberra starfsmanna í tímaþröng feli í sér hættu á mistökum og yfirsjónum í frágangi texta. Auðvitað hefði verið rétt að breyta tilvísunum í grein 1.2.1. þannig, að vísað væri til 4. þreps, en ekki 5. þreps, eftir að launatöflu hafði verið breytt, en engum muni hafa komið það í hug, þar sem ekki var til umræðu að breyta viðmiðun dagvinnutímakaupsins. Að hér hafi verið um vangá að ræða, sjáist berlega á því, að í grein þessari er vísað til 8. launaþreps um dagvinnutímakaup eftirlaunaþega, þótt 8. launaþrep sé ekki lengur til í launatöflunni.

Jafnframt byggir stefndi á því, að allt frá árinu 1974, þegar fyrstu kjarasamningarnir voru gerðir á milli fjármálaráðherra og BHMR, hafi viðmiðun fyrir tímakaup í dagvinnu verið sambærileg í samningum við bæði bandalögin, BHMR og BSRB, þ.e. ætíð hafi, því sem næst varð komist, sami starfsaldur eða jafngildi hans ráðið tímakaupsviðmiðuninni, þótt uppbygging launataflna hafi ekki verið hin sama.

Árið 1985 hafi verið teknar upp 8 þrepa launatöflur í aðalkjarasamningum beggja bandalaganna. Með úrskurði Kjaradóms 16.2. 1985 um aðalkjarasamning BHMR var viðmiðun dagvinnutímakaups ákveðin skv. 1. launaþrepi, þ.e. miðaðist áfram við 25-31 árs ævialdur eða 1 árs starfsaldur. Í aðalkjarasamningi BSRB 20.6. 1985 var hins vegar gerður samningur um þriggja ára starfsaldur sem dagvinnutímakaupsviðmiðun eða 4. þrep skv. þágildandi launatöflu. Þessi samningur við BSRB hafði þau áhrif, að 12.7. 1985 dæmdi Kjaradómur breytingu á aðalkjarasamningi BHMR, sem m.a. fól í sér, að dagvinnutímakaupsviðmiðun færðist út 1 árs til þriggja ára starfssaldurs til samræmis við BSRB. Þessi niðurstaða dómsins var í samræmi við kröfugerð beggja málsaðila, þ.e. ríkisins og BHMR.

Í samningum 1986 var síðan samið við bæði bandalögin, BHMR og BSRB, um, að dagvinnutímakaupsviðmiðun skyldi vera 6 ára starfsaldur, sem þá var 5. launþrep í 8 þrepa töflum. Um þetta vísist til greinar 1.2.1. í aðalkjarasamningi fjármálaráðherra og BHMR frá 21. mars 1986 og BSRB frá 28.2. 1986.

Aðildarfélög BSRB taka til helmings allra ríkisstarfsmanna. Ágreiningslaust hafi verið, að í samningum þeirra félaga sé dagvinnutímakaupsviðmiðunin 6 ára starfsaldursþrepið, hvort sem það er sérstaklega tilgreint í samningum eða ekki. Ljóst sé, að í samningum við BHMR-félög geti ekki allt í einu gilt önnur regla, án þess að um það sé sérstaklega samið.

Stefnandi bendi m.a. á sérstakt ákvæði í samningi við Prestafélag Íslands um ákveðnar aukagreiðslur.

Í bókun 4 með samningi presta sé staðfestur sá sameiginlegi skilningur samningsaðila, að 5. þrep fyrri samnings svari til 4. þreps hins nýja samnings og 6. þrep eldri samnings til 5. þreps hins nýja. Sé það í samræmi við afstöðu stefnda í máli þessu.

Stefndi bendi einnig á, að Prestafélag Íslands hafi verið fyrsta félagið í BHMR, sem samið var við. Þessi bókun og þar með þessi skilningur samningsaðila hafi legið fyrir, þegar þau félög, sem á eftir komu, gerðu sína samninga. Engar athugasemdir eða kröfur um annað hafi komið fram frá þeim.

Í upphafi samningaviðræðna við aðildarfélög BHMR hafi samninganefnd ríkisins lagt það til við fulltrúa BHMR, að launatöflu félaganna yrði breytt í þeim tilgangi að hækka byrjunarlaun umfram önnur laun og að draga úr áhrifum starfsaldurs. Samninganefnd ríkisins lagði til, að tilgangi þessum yrði náð með því að fella niður hækkun eftir tveggja ára starfsaldur, en hækka í stað þess byrjunarlaun og laun eftir eins árs starfsaldur verulega umfram önnur laun. Ennfremur fólst í tillögunni að jafna bil milli þrepa og fækka þeim frekar þannig, að alls yrðu þrepin 6.

Þessi tillaga að launatöflu var síðan lögð til grundvallar í viðræðum við aðildarfélög BHMR, og um hana var samið við sex félög, áður en gerðir voru samningar við stefnanda. Þeir samningar voru við:

Prestafélag Íslands	5. mars
Stéttarélag lögfræðinga	14. mars
Félag viðskipta- og hagfræðinga	18. mars

Félag ísl. fræða	21. mars
Útgarð - félag háskólamanna	21. mars
Kjarafélag tæknifræðinga	23. mars

Tilgangur breytinga á launatöflu hafi verið að hækka byrjunarlaun. Umræður samningsaðila snerust um það, en viðmiðun fyrir tímakaup í dagvinnu kom ekki til tals, enda höfðu frá hvorugum aðila komið fram áform um að breyta þeim á annan hátt en launum var almennt breytt. Því marki sé náð með því, að tímakaup fyrir dagvinnu miðist við laun fyrir 6 ára starfsaldur, eins og áður var, þ.e. 4. launaþrep nú.

Í samningi við HÍK hafi verið notuð sama launatafla og að framan greinir, að því breyttu, að bætt var við einu launaþrepi, þ.e. eftir 18 ára starfsaldur.

Í viðræðunum við HÍK hafi viðmiðun fyrir tímakaup í dagvinnu ekki komið til umræðu frekar en í öðrum samningum. Við lokagerð samningsins hafi verið ákveðið að taka í hann ákvæði um að miða stílapeninga við sama launaþrep og tímakaup fyrir dagvinnu. Efnislega hafi þó ekki verið um breytingu að ræða í þessu atriði.

Í Kjaradómi sem sérkjarasamning, sem gilti frá 1. mars 1985, var ákveðið, að greiðslur þessar skyldi miðast við 2. þrep hins nýja launakerfis, sem ákveðið hafði verið í Kjaradómi um aðalkjarasamning nokkru áður, en þar var jafnframt ákveðið að miða tímakaup í dagvinnu við 2. þrep, eins og áður segir.

Með þessum dómi var tiltölulegri upphæð stílapeninga breytt og vægi þeirra minnkað. Með tilliti til þess, að samningsaðilar höfðu hvorki í samningaviðræðum né í málflutningi fyrir dómi haft í frammi kröfur um breytingar í þessu efni, ákvað fjármálaráðuneytið að miða þessar greiðslur við 4. þrep í stað 2. þreps skv. dóminum. Í Kjaradómi 1986 var enn ákveðið, að viðmiðun stílapeninga yrði 2. þrep. Þá ákvað stefndi aftur, að greiðslur skyldu miðast við 5. þrep eða 6 ára starfsaldur eins og dagvinnan.

Auk þess sem framangreint skýri ástæður þær, sem liggja að baki 12. grein samningsins við HÍK frá 30.3. 1987, sé það einnig dæmi þess, og ekki það eina, að skrifuðum samningstexta eða dómi er vikið til hliðar, þegar ljóst er, að hann er ekki efnislega í samræmi við það, sem fram fór milli aðila í undanfara samningsgerðar eða dóms.

Öll umfjöllun um stílapeninga í samningaviðræðum við HÍK var

og reyndar þess efnis, að ekki voru uppi hugmyndir um að hækka þá, heldur hið gagnstæða, þ.e. að fella þá niður eða lækka þá í tengslum við breytingu í vinnumatskerfi kennara. SNR lagði fram tillögur, þar sem gert var ráð fyrir að fella stílapeninga niður í áföngum á samningstímanum. Samninganefnd HÍK svaraði því fyrst með gagntillögu um að láta þá haldast að hluta til út samningstímann, og síðar óskaði hún eftir, að þeir yrðu óbreyttir, þar til nýtt vinnumatskerfi yrði tekið upp. Ekki var af hennar hálfu minnst á tiltölulega hækkun þessara greiðslna.

III.

Ágreiningur málsaðila snýst um það, við hvaða launaþrep tímakaup í dagvinnu skuli miðast hjá öðrum en eftirlaunaþegum.

Aðilar máls þessa gerðu með sér kjarasamning hinn 30. mars 1987. Í 1. gr. hans segir:

„Öll ákvæði áður gildandi aðal- og sérkjarasamninga milli ofangreindra aðila framlengjast til 31. desember 1988 með þeim breytingum, sem í samningi þessum felast, og falla þá úr gildi án sérstakrar uppsagnar."

Ákvæði um tímavinnukaup í áður gildandi kjarasamningi, sem þetta ákvæði vísar til, er í grein 1.2.1. og er svohljóðandi:

„Tímakaup í dagvinnu í hverjum launaflokki er 0,615% af mánaðarkaupi miðað við 5. launaþrep. Tímakaup eftirlaunaþega, sbr. grein 1.2.2., skal þó miða við 8. launaþrep."

Í hinum nýja kjarasamningi var engin breyting gerð á þessu ákvæði, sem af þeirri ástæðu er hluti af núgildandi kjarasamningi. Óumdeilt er, að við gerð núgildandi kjarasamnings áttu sér ekki stað neinar viðræður um breytingar á þessu ákvæði. Samkvæmt fortakslausu orðalagi ákvæðisins skal miða tímakaup í dagvinnu við 5. launaþrep, enda hefur stefndi engin haldbær rök fært fyrir þeirri skoðun sinni, að þetta tímakaup skuli miðast við launaþrep 6 ára prófaldurs, þ.e. núverandi 4. launaþrep. Ber því að taka kröfur stefnanda til greina.

Samkvæmt þessu og með vísan til 1. mgr. 177. gr. laga nr. 85/1936 verður stefnda gert að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 50.000,00.

Dómsorð:

Samkvæmt kjarasamningi milli fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og Hins íslenska kennarafélags, dagsettum 30. mars 1987,

skal greiða í tímakaup í dagvinnu 0,615% af mánaðarkaupi í hverjum launaflokki miðað við 5. launaþrep þess launaflokks.

Greiða ber álagsgreiðslur samkvæmt sama kjarasamningi sem hlutfall af tímakaupi í dagvinnu, eins og það tímakaup er ákvarðað í grein 1.2.1. í samningnum.

Stefndi, fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, greiði stefnanda, Hinu íslenska kennarafélagi, kr. 50.000,00 í málskostnað.

Þriðjudaginn 9. febrúar 1988.

Nr. 5/1986. **Farmanna- og fiskimannasamband Íslands vegna Stýrimannafélags Íslands**
(Skúli Pálsson hrl.)
gegn
Vinnumálasambandi samvinnufélaganna f.h. skipadeildar Sambands íslenskra samvinnufélaga
(Sveinn H. Valdimarsson hrl.).

Kjarasamningur. Frídagar. Stýrimenn.

Dómur Félagsdóms.

Mál þetta dæma Garðar Gíslason, Auður Þorbergsdóttir, Jónas Gústavsson, Gunnar Guðmundsson og Jón Þorsteinsson.

Málið, sem tekið var til dóms 2. þ.m., er höfðað með stefnu, birtri 2. maí 1986.

Stefnandi er Farmanna- og fiskimannasamband Íslands, Borgartúni 16, Reykjavík, nnr. 2303-9389, vegna Stýrimannafélags Íslands, s.st., nnr. 8529-1169.

Stefndi er Vinnumálasamband samvinnufélaganna f.h. skipadeildar Sambands íslenskra samvinnufélaga, Sölvhólsgötu 4, Reykjavík, nnr. 7472-7581.

Dómkröfur stefnanda eru nú þessar:

Að viðurkennt verði með dómi Félagsdóms, að stýrimönnum á skipum stefnda hafi borið réttur til vinnu á hafnarvöktum frá kl. 8.00-12.00 og frá kl. 13.00-17.00 í samræmi við ákvæði kafla 11.1.1. í kjarasamningi Stýrimannafélags Íslands við stefnda o.fl. frá 12. apríl 1982 með seinni breytingum og viðaukum, þar til nýr kjarasamningur tók gildi 17. febrúar 1987.

Stefnandi krefst og málskostnaðar.

Dómkröfur stefnda eru um sýknu af kröfum stefnanda og málskostnað úr hendi stefnanda að mati dómsins.

I.

Stefnandi kveður málavexti þá, að í ársbyrjun 1985 hafi komið upp ágreiningur á skipi stefnda, m/s Hvassafelli, um túlkun á ákvæði kjarasamningsins, grein 11.1.1. Hafi ágreiningurinn orðið til, þegar skipstjórinn, Barði Guðmundur Jónsson, hafi öllum á óvart gefið fyrirskipanir um, að einungis einn stýrimaður skyldi ganga til vinnu á hafnarvakt, þegar skipið kom í höfn í Lysekil 24. febrúar 1985 kl. 10.00. Skipstjórinn hafi sagt, að hann hefði ekkert með tvo stýrimenn að gera í vinnu samtímis í höfn, og skyldi annar þeirra vinna fyrir hádegi, en hinn eftir hádegi og taka út frídag til að fylla upp í vinnuskyldu, sem er 8 klst. I. og II. stýrimaður hafi báðir mótmælt þessum fyrirmælum skipstjórans, en hlýtt þeim. Fyrirmælin hafi verið kúvending í þessum efnum og í mótsögn við venju. Stýrimenn hafi talið, að þeim bæri ekki aðeins vinnuskylda samkvæmt ákvæði 11.1.1., heldur einnig vinnuréttur, og þeir þyrftu ekki að hlíta því að vera gert að taka út frídag í höfn, þar sem þeir koma þeim að engu gagni. Ágreiningur þessi hafi einungis verið á þessu eina skipi í öllum verslunarflota Íslendinga og einungis, þegar tiltekinn skipstjóri sé við stjórn skipsins.

Stefnandi kveður málsástæður sínar vera þær, að ótvíræð túlkun þeirra ákvæða kjarasamningsins, sem hér um ræði, um árabil leiði til þess, að stýrimenn eigi rétt til að vinna samkvæmt ákvæðinu, en þurfi ekki að hlíta því að taka út frídaga í samræmi við tiltekjunarkenndar hugdettur skipstjóra. Frídagarnir séu áunnir samkvæmt ákvæði 11.4.1., sem segir:

„Þegar stýrimenn á hafnarvakt eru kvaddir til að gegna stoppitörn á tímabilinu kl. 17.00-08.00, skulu þeir gera það til skiptis og fá einn frídag fyrir."

Þegar stýrimenn hafi unnið sér inn frídaga með því að gegna stoppitörn, vilji þeir ekki endilega taka þá út í erlendri höfn, hvar sem skipstjóri vilji fyrirskipa. Vinnutími stýrimanna sé tilgreindur í grein 11.1.1. og hann sé 8 klst., frá kl. 08.00 til 12.00 og frá kl. 13.00 til 17.00, og þar sé ekki aðeins um vinnuskyldu að ræða, heldur og vinnurétt.

Guðlaugur Gíslason, starfsmaður stefnanda, hafi borið fyrir dóminum, að ákvæði 10.3.1. og 11.1.1. eigi hér bæði við. Þegar sjóvökum er slitið, skal vinnutíminn vera 8 klst. á tímabilinu 08.00 til 12.00 og 13.00 til 17.00. Í ákvæði 11.2.1. segi síðan, að stýrimenn megi skipta á hádegi og skila 4 tímum, ef skipstjóri telur það fært, en aðalreglan sé sú, að vinnutíminn sé 8 tímar frá 8 til 12 og 13 til 17. „Stoppitörn" taki yfir tímann frá kl. 17.00 að degi til kl. 08.00 að morgni, og hún sé í raun eftirvinnugreiðsla, og fái stýrimenn einn frídag fyrir að gegna stoppitörn. Að áliti stýrimanna hafi skipstjóri ekki heimild til að skikka menn til að taka frídag fyrir stoppitarnir, ef þeir ekki vilja. Réttur stýrimanna sé að skila sinni 8 stunda vinnu á hinu tilgreinda tímabili frá kl. 8 til 12 og 13 til 17, og þann rétt geti skipstjóri ekki tekið af þeim með einhliða ákvörðun um að láta þá taka út frídag. Túlkun kjarasamninga heyri ekki undir skipstjóra, og skipstjóri fari út fyrir vald sitt, ef hann einhliða fyrirskipi stýrimanni að taka út frídag í erlendri höfn, þar sem hann kæri sig ekki um. Það sé hluti af kjörum stýrimanna að þurfa ekki að taka út þessa frídaga, þar sem þeir nýtist þeim ekki, heldur safna þeim saman eða fá þá greidda eftir vild.

II.

Stefndi styður sýknukröfu sína þeim rökum, að samkvæmt tilvitnuðum ákvæðum kjarasamnings stýrimanna hafi skipstjóri ákvörðunarvald til þess að veita stýrimanni frídag fyrir unna „stoppitörn", þ.e. að láta stýrimann taka út slíkan frídag, þótt stýrimaðurinn óski þess ekki eða sé því beinlínis mótfallinn. Deila aðila í máli þessu snúist raunverulega um það, hvort skipstjóri hafi þetta vald eða ekki.

Í grein 11.8.1. segi ótvírætt: „Frídaga fyrir stoppitarnir má veita

í öllum höfnum, en að öðru leyti gilda um þá ákvæði .....". Þetta heimildarvald hljóti að vera hjá skipstjóra hvers skips.

Í grein 10.2.1. segi, að þegar skip sé bundið við bryggju, skuli slíta sjóvökum og setja hafnarvaktir. Þegar sjóvökum hefur verið slitið og hafnarvaktir staðnar, skuli vinnutími stýrimanna vera frá kl. 8-12 og 13-17, en þetta breytist að sjálfsögðu á komu- og brottfarardegi skips, sbr. grein 10.4.

Nú sé algengur siður og áður allsráðandi, að stýrimenn skipti með sér hafnarvöktum á þá leið, að þeir standi frá hádegi til hádegis næsta dags og skili þar með vinnuskyldu í 8 tíma og standi auk þess eina stoppitörn frá kl. 17 til 8 næsta dag, sbr. grein 10.3.1. Næsta sólarhring eigi svo stýrimaður sá frídag fyrir stoppitörnina. Stoppitarnarbúta megi leggja saman skv. grein 11.9.1., og frídag megi veita í hvaða höfn sem er skv. grein 11.8.1., sbr. kafla 8 um frídaga.

Skýringin á orðalagi greinar 11.2.1., sem stefnandi byggi kröfur sínar á, sé því einfaldlega sú, að ef stýrimenn óska og skipstjóri samþykkir, þá sé vinnudegi stýrimanna skipt kl. 12 á hádegi í stað kl. 24 á miðnætti, og hafi stýrimenn óskað eftir þeirri skiptingu í hálfa öld, þar sem frídagur nýtist betur á þann hátt.

Hins vegar hafi nú á dögum, þegar aðeins tveir stýrimenn séu á mörgum skipum, orðið algengara, að báðir stýrimennirnir vinni að degi til. Í mörgum tilvikum sé nauðsynlegt, að báðir stýrimennirnir séu saman á vakt, t.d. þegar lestað er með tveimur „gengjum" í höfn og tíminn naumur og vanda þarf til sjóbúnaðar á farmi. Í öðrum tilvikum sé ekki þörf á því, að tveir stýrimenn séu á vakt, t.d. þegar verið er að lesta einskynja farm, svo sem laust korn, timbur o.þ.h., og þá ákveði skipstjóri, að ekki sé þörf fyrir tvo stýrimenn samtímis. Þetta sé á valdi skipstjóra hverju sinni og hluti af vinnuskyldum hans. Sumir hafi stýrimennina á vakt að mestu leyti og létti þar með störfum af þeim sjálfum. Aðrir hafi tekið þann kost að láta aðstæður ráða hverju sinni.

Í grein 10.4.1. segi, að vinna samtals á sjóvöku og hafnarvakt megi ekki fara fram úr 8 klukkustundum á sama sólarhring, ella greiðist yfirvinna. Stoppitörn sé viðveruskylda, en ekki vinnuskylda. Hún sé eins og bakvakt, og komi einhver vinna á stoppitarnartímanum, þá greiðist hún sem yfirvinna. Það sé skipstjórans að ákveða, hvort greiða á yfirvinnu eða veita frídag eða hvorugt,

ef 8 klst. dagvinnu hefur verið skilað. Veiti skipstjóri stýrimanni frídag fyrir stoppitörn skv. grein 11.8.1., þegar hann telur, að ekki sé þörf á vinnu stýrimanns á vakt auk annars stýrimanns, þá sé skipstjórinn ekki að taka kaup af stýrimanninum. Vilji stýrimaður vinna á vakt, þegar skipstjóri telur ekki þörf á vinnu, sé stýrimaðurinn að fara fram á yfirvinnu, sem engin þörf sé á að mati skipstjórans. Krafa stefnanda sé í raun sú, að stýrimenn megi sjálfir ákveða sína yfirvinnu, þótt skipstjóri telji ekki þörf á, að yfirvinna sé unnin.

III.

Almenn ákvæði um frídaga í kjarasamningi stýrimanna, sem gilti til 17. febrúar 1987, var að finna í 8. kafla. Grein 8.2.1. hljóðaði svo:

„Frídagar þessir skulu veittir á virkum dögum í heimahöfn. Heimilt er að veita allt að 10 af þessum frídögum erlendis eða annars staðar á hverju ári, óski viðkomandi stýrimaður þess og aðstæður leyfi."

Um frídaga fyrir stoppitarnir gilti ákvæði greinar 11.8.1., sem var svohljóðandi:

„Frídaga fyrir stoppitarnir má veita í öllum höfnum, en að öðru leyti gilda um þá ákvæði 8.2.2., 8.2.3., 8.2.5., 8.3.2. og 8.5.1."

Með samanburði á ákvæðum þessum telur dómurinn, að undir valdsvið skipstjóra hafi fallið að veita frídaga samkvæmt grein 11.8.1., ef hann taldi ekki þörf á að nýta vinnukraft stýrimanna. Þegar af þeirri ástæðu er ekki unnt að taka kröfur stefnanda til greina. Ber að sýkna stefnda af kröfum stefnanda, og verður stefnanda gert að greiða stefnda málskostnað, sem ákveðst kr. 40.000,00.

Dómsorð:

Stefndi, Vinnumálasamband samvinnufélaganna f.h. skipadeildar Sambands íslenskra samvinnufélaga, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Farmanna- og fiskimannasambands Íslands vegna Stýrimannafélags Íslands, í máli þessu.

Stefnandi greiði stefnda kr. 40.000,00 í málskostnað.

Þriðjudaginn 8. mars 1988.

Nr. 1/1988. **Alþýðusamband Íslands**
v/Sjómannasambands Íslands
f.h. Sjómanna- og vélstjórafélags Grindavíkur
(Guðný Höskuldsdóttir hdl.)
gegn
Landssambandi ísl. útvegsmanna
f.h. Útvegsmannafélags Suðurnesja
v/Hópsness h/f, Grindavík
(Jónas Haraldsson hdl.).

Kjarasamningur. Helgarfrí. Sjómenn.

Dómur Félagsdóms.

Mál þetta dæma Garðar Gíslason, Björn Helgason, Jónas Gústavsson, Gunnar Guðmundsson og Jón Þorsteinsson.

Málið, sem tekið var til dóms fyrr í dag, er höfðað með stefnu birtri 17. janúar 1988.

Stefnandi er Alþýðusamband Íslands, Grensásvegi 16, Reykjavík, vegna Sjómannasambands Íslands, Borgartúni 20, Reykjavík, f.h. Sjómanna- og vélstjórafélags Grindavíkur, Hafnargötu 9, Grindavík.

Stefndi er Landssamband ísl. útvegsmanna, Hafnarhvoli við Tryggvagötu, Reykjavík, f.h. Útvegsmannafélags Suðurnesja vegna Hópsness h/f, Verbraut 3, Grindavík.

Dómkröfur stefnanda eru þessar:

1. Að viðurkennt verði með dómi, að stefndi, útgerð Hópsness, GK-77, Hópsnes h/f, hafi brotið grein 3.08 í kjarasamningi aðila frá 15. janúar 1987 með því að virða ekki ákvæði samningsins um helgarfrí áhafnar.
2. Að stefndi verði dæmdur til sektargreiðslu skv. grein 1.31, allt að fjárhæð kr. 150.000,00, með 2,5% dráttarvöxtum á mánuði frá 15.3. 1987 til 1.4. 1987, en með 30% ársvöxtum frá þeim degi til 1.6. 1987, en hæstu lögleyfðu dráttarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, sbr. lög nr. 25/1987, er renni til stefnanda, Sjómanna- og vélstjórafélags Grindavíkur.
3. Að stefndi verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar að mati réttarins.

Dómkröfur stefnda eru þessar:

1. Aðallega, að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda.
2. Til vara, að sektarfjárhæð, sem krafist, er verði lækkuð verulega.
3. Í báðum tilvikum er krafist málskostnaðar samkvæmt mati dómsins.

I.

Stefnandi kveður málavexti þá, að stefndi, Hópsnes h/f hafi látið skip sitt, Hópsnes, GK-77, halda til veiða laugardaginn 14. mars 1987 kl. 9.45. Skipið hafi síðan komið aftur til hafnar kl. 11.00 sama dag. Daginn eftir, sunnudaginn 15. mars 1987, kl. 11.45, hafi skip stefnda síðan aftur látið úr höfn í róður. Skipið hafi því róið bæði laugardaginn 14. mars og sunnudaginn 15. mars 1987 og brotið með því ákvæði 3.08 í kjarasamningi stefnda og stefnanda frá 15. janúar 1987, þar sem segi m.a.:

„Á tímabilinu 1. janúar til 31. mars skulu sjómenn á netabátum hafa helgarfrí um hverja helgi, og skulu eftirfarandi sunnudagar vera frídagar: 2. og 4. sunnudagur janúar, 3. sunnudagur febrúar og 2. og 4. sunnudagur mars. Aðrar helgar skal frídagur vera laugardagur eða sunnudagur skv. ákvörðun skipstjóra eigi síðar en á föstudagskvöldi. Helgarfrí skal aldrei teljast minna en einn sólarhringur, eftir að allri vinnu við bátinn er lokið."

Með því að stefndi hafi látið skip sitt róa báða dagana, 14. og 15. mars 1987, telji stefnandi augljóst, að um brot á ákvæði 3.08 í kjarasamningnum sé að ræða og að stefndi, útgerð Hópsness, GK-77, beri ábyrgð á því broti. Skipstjórinn hafi tekið ákvörðun fyrir hönd útgerðarinnar og bindi útgerðina með ákvörðun sinni, og vísar stefnandi í því sambandi til 49. gr. sjómannalaga nr. 35/1985 og 13. gr. siglingalaga nr. 34/1985. Stefnandi mótmælir því, að nokkur venja hafi myndast á Suðurnesjum um aðra framkvæmd á þessu samningsákvæði, og mótmælir skýrslu framkvæmdastjóra Útvegsmannafélags Suðurnesja, Halldórs Ibsens, í máli þessu sem rangri. Stefnandi vísar í ákvæði 1.31 í kjarasamningi aðila um sektargreiðslu vegna brota á samningnum.

II.

Stefndi styður sýknukröfu sína í fyrsta lagi á aðildarskorti. Stefndi, útgerð skipsins, sé ekki réttur aðili málsins, heldur skipstjóri skipsins, sem tekið hafi allar ákvarðanir um útivist skipsins og helgarfrí einn og sér án nokkurs samráðs við útgerðina. Forsenda

sekta í kjarasamningi sé sú, að samningsákvæðið sé brotið og að hinn brotlegi greiði sekt vegna brotsins. Hinn brotlegi, ef um brot sé að ræða, sé skipstjórinn, en ekki útgerðin. Útgerðin hafi þegar í apríl 1987 vísað þessu frá sér, vegna þess að fyrirtækið skipti sér ekkert af því, hvenær bátarnir rói. Skipstjórinn, Jens Óskarsson, hafi í skýrslu sinni hér fyrir dómi skýrt frá því, að hann hafi tekið allar ákvarðanir sjálfur, þar um hafi hvorki verið haft samráð við áhöfn né útgerð. Í máli þessu sé því sannað, að útgerðarmanninum hafi verið með öllu ókunnugt um ákvörðun skipstjórans varðandi helgarfrí, og með vísan til dóms Félagsdóms 31. janúar 1957 í dómasafni IV-160, þar sem dæmt sé með vísan til þess, að útgerðarmaðurinn vissi um áform formannsins að fara í róður, beri útgerðarmaðurinn í máli þessu ekki ábyrgð. Stefndi vísar og til laga-ákvæða, þar sem skipstjórar og útgerð bera sameiginlega ábyrgð, t.d. í 4. gr. vökulaga nr. 53/1921 og 54/1956 og í 6. gr. laga nr. 20/1987.

Stefndi bendir í öðru lagi á það, að ekkert brot á ákvæði 3.08 hafi verið framið. Skipstjórinn hafi fullnægt ákvæði 3.08 með því að gefa skipverjum helgarfrí frá kl. 11.15 á laugardegi til kl. 12.00 á sunnudegi helgina 14.-15. mars 1987. Í 2. mgr. 3.08 segi, að helgarfrí skuli aldrei vera minna en einn sólarhringur, þ.e. 24 klst. Halldór Ibsen framkvæmdastjóri Útvegsmannafélags Suðurnesja hafi í skýrslu sinni lýst framkvæmd þessa ákvæðis. Algeng framkvæmd sé að miða við 24 tíma frí. Þetta fari síðan eftir mörgum þáttum og aðstæðum og mati á því, hvað eigi við hverju sinni. Sú venja hafi því skapast á Suðurnesjum, að skipshöfnin fái sitt 24 klukkustunda helgarfrí. Þetta hafi verið gert í því tilfelli, sem hér um ræði, þar sem helgarfrí hafi verið veitt frá kl. 11.15 á laugardegi 14. mars til kl. 12.00 á sunnudeginum 15. mars 1987.

III.

Í 1. mgr. ákvæðis 3.08 í kjarasamningi Sjómannasambands Íslands og Landssambands ísl. útvegsmanna segir, að á tímabilinu 1. janúar til 31. mars skuli sjómenn á netabátum hafa helgarfrí um hverja helgi. Síðan segir, að eftirfarandi sunnudagar skuli vera frídagar: 2. og 4. sunnudagur janúar, 3. sunnudagur febrúar og 2. og 4. sunnudagur mars. Aðrar helgar skal frídagur vera laugardagur eða sunnudagur samkvæmt ákvörðun skipstjóra eigi síðar en á föstudagskvöldi.

Í 2. mgr. greinar 3.08 segir, að helgarfrí skuli aldrei teljast minna en einn sólarhringur, eftir að allri vinnu við bátinn er lokið.

Með samanburði á 1. og 2. mgr. ákvæðis 3.08 er ljóst, að helgarfrí skal vera heill dagur, sunnudagur eða laugardagur eftir atvikum, og ekki minna en einn sólarhringur. Skip stefnda, Hópsnes, GK-77, reri samkvæmt ákvörðun skipstjóra bæði laugardaginn 14. og sunnudaginn 15. mars 1987. Ber því að fallast á með stefnanda, að ákvæði 3.08 í kjarasamningi aðila hafi verið brotið, og telst útgerð skipsins bera ábyrgð á broti þessu. Verður stefnda, útgerð Hópsness, GK-77, gert að greiða í sekt kr. 30.000,00 til stefnanda og kr. 20.000,00 í málskostnað, en vaxtakröfu stefnanda er hafnað.

Dómsorð:

1. Stefndi, útgerð Hópsness, GK-77, Hópsnes h/f, telst hafa brotið grein 3.08 í kjarasamningi aðila frá 15. janúar 1987 með því að virða ekki ákvæði samningsins um helgarfrí áhafnar.
2. Stefndi greiði kr. 30.000,00 í sekt, er renni í félagssjóð stefnanda, Sjómanna- og vélstjórafélags Grindavíkur.
3. Stefndi greiði stefnanda kr. 20.000,00 í málskostnað.

Dómi þessum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 5. apríl 1988.

Nr. 4/1988. **Kennarasamband Íslands**
(Anna Theódóra Gunnarsdóttir hdl.)
gegn
fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs
(Gunnlaugur Claessen hrl.).

Verkfall. Ólögmæt vinnustöðvun. Kennarar. Sératkvæði.

Dómur Félagsdóms.

Mál þetta dæma Garðar Gíslason, Björn Helgason, Jónas Gústavsson, Ragnar H. Hall og Guðríður Þorsteinsdóttir.

Málið, sem tekið var til dóms 30. mars sl., er höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu birtri og þingfestri 29. mars sl.

Stefnandi er Kennarasamband Íslands, Grettisgötu 89, Reykjavík.

Stefndi er fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, Arnarhvoli, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þessar:

1. Að viðurkennt verði með dómi, að lögmætt sé boðað verkfall félagsmanna Kennarasambands Íslands, sem boðað var með bréfi, dags. 25. mars 1988, og hefst hinn 11. apríl 1988.
2. Að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað að mati Félagsdóms.

Dómkröfur stefnda eru þessar:

1. Að viðurkennt verði með dómi, að ólögmætt sé boðað verkfall félagsmanna Kennarasambands Íslands í þjónustu ríkisins, sem boðað var með bréfi til fjármálaráðherra, dagsettu 25. mars 1988, og hefjast skal hinn 11. apríl 1988.
2. Að stefnandi verði dæmdur til að greiða stefnda málskostnað að mati Félagsdóms.

I.

Málavexti kveður stefnandi vera þá, að dagana 16. og 17. mars 1988 hafi farið fram leynileg allsherjaratkvæðagreiðsla meðal félagsmanna Kennarasambands Íslands um verkfallsboðun. Atkvæðagreiðslan hafi farið fram í öllum þeim skólum, þar sem félagsmenn KÍ starfa, og trúnaðarmönnum á hverjum stað hafi verið sendir kjörseðlar, sem þeir hafi séð um að dreifa til félagsmanna.

Atkvæðagreiðslan hafi verið auglýst í fjölmiðlum svo og í Félags-

blaði BK (3. tbl., mars 1988), sem berst öllum félagsmönnum KÍ.

Atkvæðaseðillinn hafi verið svohljóðandi:

„Afstaða mín til verkfallsboðunar KÍ:

Já, ég veiti KÍ heimild til verkfallsboðunar.

Nei, ég veiti KÍ ekki heimild til verkfallsboðunar."

Talning atkvæða hafi síðan farið fram á fundi kjörstjórnar að viðstöddum fulltrúa yfirborgarfógeta þann 22. mars 1988. Í fundargerð þessa fundar komi fram, að á kjörskrá var 3361 og að 3040 hafi greitt atkvæði. Með verkfallsboðun voru 1849 og á móti 1022. Auðir seðlar hafi verið 130 og ógildir 39.

Þegar þessi niðurstaða hafi legið fyrir, hafi Jóni Baldvini Hannibalssyni fjármálaráðherra verið tilkynnt með bréfi frá KÍ, dags. 25. mars 1988, að félagsmenn Kennarasambands Íslands hæfu verkfall hinn 11. apríl nk.

Fulltrúi fjármálaráðuneytisins hafi veitt nefndu bréfi viðtöku með eftirfarandi athugasemnd: „Með vísan til viðræðna við fulltrúa KÍ ítrekast hér með, að þar sem boðun verkfalls fór ekki fram lögum samkvæmt, verður það ólögmætt, ef til framkvæmda kemur.

Indriði H. Þorláksson."

Í kjölfar þessarar yfirlýsingar hafi stjórn KÍ tekið ákvörðun um það að fá staðfest fyrir Félagsdómi lögmæti verkfallsboðunar.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna sé stefnanda sem stéttarfélagi, sem er samningsaðili skv. lögunum, heimilt að gera verkfall í þeim tilgangi að stuðla að framgangi krafna sinna.

Stefnandi byggir kröfur sínar á því, að til verkfalls hafi verið boðað í fullu samræmi við 15. gr. laga nr. 94/1986. Eins og fram komi í málavaxtalýsingu, hafi um 90% atkvæðisbærra félagsmanna KÍ tekið þátt í leynilegri allsherjaratkvæðagreiðslu um verkfallsboðun og meiri hluti þeirra samþykkt að boða til verkfalls. Ljóst sé, að tveimur af meginskilyrðum lagaákvæðisins sé fullnægt. Þá áskilji 15. gr. laga nr. 94/1986 jafnframt, að sérhver félagsmaður samþykki verkfallsboðun. Kjörseðillinn beri yfirskriftina „Afstaða mín til verkfallsboðunar KÍ", svo að enginn vafi sé á því, að hver og einn félagsmaður sé að taka beina afstöðu til verkfallsboðunarinnar. Orðalagið, „...ég veiti KÍ heimild/ekki heimild til verkfallsboðunar", verði engan veginn skilið þannig, að þar með sé

kjósandinn að framselja ákvörðunarvald um boðun verkfalls til stjórnar eða trúnaðarmannaráðs. Hér sé aðeins KÍ veitt heimild, en hvorki stjórn þess, trúnaðarmannaráði né öðrum forsvarsaðilum samtakanna til að boða verkfall. KÍ standi einungis fyrir samtök félagsmanna og vísi því fyrst og fremst til félagsmannanna sjálfra, en ekki einstakra valdastofnana innan Kennarasambandsins.

Stefnandi telji því, að orðasambandið: „...ég veiti KÍ heimild/ekki heimild til verkfallsboðunar", feli í sér nákvæmlega sömu skýringu og: „...ég samþykki/samþykki ekki verkfallsboðun". Sá framgangsmáti, sem hér hafi verið viðhafður við verkfallsboðunina, sé því í fullu samræmi við 15. gr. laga nr. 94/1986.

Þó að fulltrúaráð KÍ hafi ákveðið, að leitað yrði heimildar til verkfallsboðunar, hafi því aðeins verið falin sú framkvæmd, að tryggt yrði, að verkfallsboðunin yrði í lögmæltu formi og með lögmæltum fyrirvara. Þessi háttur, sem hafður hafi verið á framkvæmd verkfallsboðunar, hafi þó engan veginn falið í sér framsal til fulltrúaráðs um ákvörðum verkfalls og því í fullu samræmi við 15. gr. laga nr. 94/1986.

Eigi sé tekið fram á atkvæðaseðli, hvenær verkfall skuli hefjast, enda sé enginn áskilnaður gerður um það í nefndu lagaákvæði. Ekki verður heldur séð af orðum greinargerðar með 15. gr. laga nr. 94/1986, að nákvæma tímasetningu eigi að tilgreina á atkvæðaseðli, enda þótt sumir hafi viljað leggja annan skilning í þetta efni.

Í því tilviki, sem hér um ræði, sé þó rétt, að fram komi, að félagsmönnum KÍ svo og öðrum hafi verið ljóst, hvenær til stæði, að verkfall hæfist. Víðar en á einum stað sé tekið fram, að hafi ekki samningar tekist fyrir 25. mars, verði verkfall boðað með löglegum 15 daga fyrirvara að því tilskildu, að samþykki til verkfallsboðunar liggi fyrir. Það hafi því aldrei verið neitt launungarmál, hvenær til stóð að hefja verkfallsaðgerðir.

Um þá málsástæðu stefnda, að atkvæðagreiðslan hafi ekki verið leynileg, segir stefnandi, að hún sé órökstudd með öllu, enda sé ekki tilgreint hjá stefnda, að hvaða leyti atkvæðagreiðslan hafi ekki verið leynileg. Sambærileg atkvæðagreiðsla hafi heldur aldrei verið vefengd af þessum ástæðum. Framlögð gögn í máli þessu sýni, hvernig framkvæmd hennar hafi verið, og engin athugasemd hafi komið fram um þessa framkvæmd. Illframkvæmanlegt sé að beita

hinum ströngu lögum um alþingiskosningar um atkvæðagreiðslu sem þessa, þar sem félagsmenn séu á fjórða þúsund, dreifðir um allt land, og hafi þarna verið farin leið, sem þekkt sé og viðurkennd í ýmsum félögum.

II.

Stefndi kveður málavexti óumdeilda og vísar til málavaxtalýsingar stefnanda og framlagðra dómskjala.

Stefndi kveður málsástæður sínar og lagarök vera þau, að tvenns konar annmarkar hafi verið á framkvæmd almennrar atkvæðagreiðslu um verkfallsboðun meðal félagsmanna stefnanda, sem leiði til þess, að verkfallsboðunin sé ólögmæt.

1) Fyrir félagsmenn stefnanda hafi verið lögð sú spurning, hvort þeir veiti heimild til verkfallsboðunar, en það sé andstætt 15. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

2) Samkvæmt 15. gr. laganna skuli atkvæðagreiðsla vera leynileg, en í ljós er leitt í máli þessu, að sú kosning, sem fram fór um heimildina til verkfallsboðunar, hafi ekki verið leynileg.

Um 1) Samkvæmt 15. gr. laga nr. 94/1986 sé hinum almennu félagsmönnum í stéttarfélögum opinberra starfsmanna hverjum og einum ætlað sjálfum að taka ákvörðun um boðun vinnustöðvunar og bera þannig ábyrgð á henni. Það ákvörðunarvald verði ekki í atkvæðagreiðslu framselt öðrum, s.s. stjórn, trúnaðarmannaráði eða öðrum valdastofnunum einstakra félaga.

Af sóknargögnum megi ráða, að um þetta sé í raun ekki ágreiningur milli aðila málsins. Sóknaraðili haldi því hins vegar fram, að ekkert slíkt framsal hafi átt sér stað í umræddri atkvæðagreiðslu. Þar greini aðila á. Hér sé á því byggt, að slíkt framsal valds til ákvörðunar um vinnustöðvun hafi átt sér stað í margnefndri atkvæðagreiðslu og að slíkt fái ekki staðist.

Í stefnu sé atkvæðagreiðslan skýrð svo, að með henni hafi almennir félagsmenn sjálfir tekið ákvörðun um verkfallsboðun. Þessi síðbúna skýring sé í andstöðu við fyrri orð og yfirlýsingar fyrirsvarsmanna KÍ, sbr. önnur gögn málsins.

Ákvörðun um boðun verkfalls, sbr. orðalag lagagreinarinnar, feli í sér ákvörðun um tvennt, hvort vinna skuli lögð niður og hvenær. Það að samþykkja heimild til vinnustöðvunar sé ekki hið sama og að taka ákvörðun um vinnustöðvun. Á tímasetningu sé ekki minnst í þeirri spurningu, sem borin var undir félagsmenn KÍ í

nefndri atkvæðagreiðslu. Þannig uppfylli sú atkvæðagreiðsla, sem fram fór, hvorugt þessara skilyrða.

Samkvæmt framansögðu sé óheimilt að lögum að framselja ákvörðunarvald um verkfallsboðun til stjórnar og/eða trúnaðarmannaráðs, svo sem gert hafi verið í þessu tilviki. Önnur félög opinberra starfsmanna, sem lög 94/1986 taka til, hafi í reynd fallist á þennan skilning.

Um 2) 15. gr. laga 94/1986 mæli fyrir um leynilega kosningu. Í stefnu sé lýst, hverja meðhöndlun atkvæðaseðlar hlutu, frá því að þeir voru sendir út, þar til þeim var skilað í kjörkassa aftur. Sú framkvæmd sé ekki með þeim hætti, að kosning teljist uppfylla þau lagafyrirmæli að vera leynileg, og fari því í raun víðsfjarri. Um framkvæmd kosninga að þessu leyti vísist til laga nr. 52/1959 með síðari breytingum.

Einnig að þessu leyti séu annmarkar á framkvæmd margnefndrar atkvæðagreiðslu, sem valdi því, að verkfallsboðun KÍ teljist ólögmæt, þótt ekki kæmi annað til.

III.

Mál þetta sætir úrlausn Félagsdóms samkvæmt 2. tl. 1. mgr. 26. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Samkvæmt 15. gr. sömu laga er það skilyrði lögmætrar verkfallsboðunar, að leynileg atkvæðagreiðsla hafi farið fram í viðkomandi stéttarfélagi um sjálfa verkfallsboðunina. Félagsmönnum stéttarfélags, sem lög þessi taka til, er því óheimilt að framselja vald til verkfallsboðunar.

Orðalag atkvæðaseðilsins ber með sér, að sú atkvæðagreiðsla, sem fram fór meðal félagsmanna stefnanda 16. og 17. mars 1988 og um er deilt í máli þessu, var ekki atkvæðagreiðsla um boðun verkfalls, sem hefjast skyldi á tilteknum tíma. Þess í stað fjallaði atkvæðagreiðslan um veitingu heimildar til að boða verkfall. Þegar af þessari ástæðu er verkfall kennara í þjónustu ríkisins, sem stefnandi hefur boðað á grundvelli fyrrgreindrar atkvæðagreiðslu og á að hefjast 11. apríl 1988, ólögmætt.

Eftir þessum úrslitum og þar sem Félagsdómur hefur í dómi, upp kveðnum 22. maí 1987, tekið sömu afstöðu til hliðstæðrar verkfallsboðunar, þykir rétt, að stefnandi greiði stefnda málskostnað, sem ákveðst kr. 50.000,00.

Dómsorð:

Verkfall félagsmanna Kennarasambands Íslands í þjónustu ríkisins, sem boðað var með bréfi til fjármálaráðherra, dagsettu 25. mars 1988, og hefjast skyldi hinn 11. apríl 1988, er ólögmætt.

Stefnandi, Kennarasamband Íslands, greiði stefnda, fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, kr. 50.000,00 í málskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði
Guðríðar Þorsteinsdóttur.

Ég er samþykk atkvæði meiri hluta dómenda að öðru leyti en því, að ég tel rétt eftir atvikum, að málskostnaður falli niður.

Mánudaginn 11. apríl 1988.

Nr. 5/1988. **Hið íslenska kennarafélag**
(Viðar Már Matthíasson hrl.)
gegn
fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs
(Haraldur Jóhannessen hdl.).

Verkfall. Ólögmæt vinnstöðvun. Kennarar.

Dómur Félagsdóms.

Mál þetta dæma Garðar Gíslason, Björn Helgason, Jónas Gústavsson, Ragnar H. Hall og Tryggvi Gunnarsson.

Málið, sem tekið var til dóms 8. þ.m., er höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu birtri 5. þ.m.

Stefnandi er Hið íslenska kennarafélag, Lágmúla 7, Reykjavík.

Stefndi er fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, Arnarhvoli, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þessar:

1. Að viðurkennt verði með dómi Félagsdóms, að niðurstaða leynilegrar allsherjaratkvæðagreiðslu félaga í Hinu íslenska kennarafélagi, sem starfa hjá ríkinu, er fram fór dagana 18. og 21. mars 1988, sé lögmætur grundvöllur verkfallsboðunar félagsins þann 28. sama mánaðar.
2. Að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað samkvæmt ákvörðun dómsins, og að við málskostnaðarákvörðun verði tekið tillit til skyldu til greiðslu söluskatts á lögfræðiþjónustu.

Dómkröfur stefnda eru þessar:

1. Að viðurkennt verði með dómi, að ólögmætt sé boðað verkfall félagsmanna Hins íslenska kennarafélags í þjónustu ríkisins, sem boðað var með bréfum til fjármálaráðherra, dags. 28. mars 1988 og 29. mars 1988, og hefjast skal hinn 13. apríl 1988.
2. Að sóknarðili verði dæmdur til að greiða stefnda málskostnað að mati Félagsdóms.

I.

Stefnandi kveður málavexti vera þá, að eftir langvarandi tilraunir hans til að ná kjarasamningum við stefnda hafi reynst árangurslausar, hafi þann 4. mars 1988 verið ákveðið á fundi fulltrúaráðs

stefnanda með 14 atkvæðum gegn 4 að efna til allsherjaratkvæðagreiðslu meðal félagsmanna hans um boðun verkfalls. Skylda til slíks sé í 15. gr. laga nr. 94/1986 og einnig í 27. gr. félagslaga stefnanda, og skuli atkvæðagreiðslan vera leynileg. Kjörgögn hafi verið send trúnaðarmönnum með bréfi, dags. 10. mars 1988, og skyldi atkvæðagreiðslan fara fram dagana 18. og 21. mars 1988.

Sú spurning, sem svara hafi átt, hafi verið orðuð svo á atkvæðaseðlunum:

„Ert þú samþykk(ur) því, að HÍK boði til verkfalls, er hefjist 13. apríl 1988, til að fylgja eftir fyrirliggjandi kröfum félagsins?

Já

Nei."

Talningu í atkvæðagreiðslu HÍK um boðun verkfalls 13. apríl 1988 lauk 28. mars 1988.

Niðurstöður voru eftirfarandi:

Á kjörskrá voru	1157
Atkvæði, sem bárust, voru	986 (85,22%)
Já sögðu	464 (47,06%)
Nei sögðu	462 (46,86%)
Auðir seðlar voru	60 (6,08%)

Kjörstjórn HÍK.
Reykjavík, 28. mars 1988.
Guðríður Þorsteinsd. (sign)
Einar Magnússon (sign)
Elías Ólafsson (sign)."

Þegar þessi niðurstaða hafi legið fyrir, hafi verið haldinn fundur samdægurs í fulltrúaráði félagsins ásamt samninganefnd þess, og hafi niðurstaða þess fundar verið sú, að stjórn félagsins hafi verið falið að tilkynna viðeigandi aðilum um boðun verkfalls.

Með boðsendum bréfum, dagsettum þann dag og mótteknum af fulltrúa fjármálaráðherra kl. 21.40 og embætti ríkissáttasemjara kl. 22.00, hafi verkfall verið boðað í samræmi við 16. gr. l. 94/1986. Við móttöku bréfs þess, er sent var fjármálaráðherra, hafi fulltrúi hans ritað eftirfarandi á bréfið:

„Móttekið kl. 21.40 28.3.1988.

Ég vek athygli á, að meiri hluti þeirra, sem þátt tóku í atkvæðagreiðslunni, samþykkir ekki verkfallsboðun, og áskil fjármálaráðu-

neytinu rétt til að taka síðar afstöðu til þess, hvort verkfall sé löglega boðað.

Indriði H. Þorláksson."

Stefnandi kveður ágreiningsefni málsaðila vera tvíþætt, þ.e. hvort meiri hluti hafi samþykkt verkfallsboðunina og hvort atkvæðagreiðslan hafi verið leynileg eða ekki.

Stefnandi telur, að ákvörðun um verkfall hafi verið tekin með lögmætum hætti og af þeim fjölda, sem áskilinn er. Stefnandi telur, að þegar meta skal þátttöku í atkvæðagreiðslu, beri að telja alla, sem skila atkvæðaseðli, en þegar metið sé, hvort meiri hluti sé samþykkur, beri einungis að telja svonefnd virk atkvæði, þ.e. atkvæði, sem fela í sér afstöðu, enda myndi gagnstæð túlkun fela í sér, að auðir og ógildir atkvæðaseðlar hefðu sömu áhrif og þau atkvæði, sem greidd eru gegn boðun verkfalls. Slíka niðurstöðu telur stefnandi ótæka, enda sé þá enginn munur á auðum og ógildum seðlum annars vegar og „nei"-atkvæðum hins vegar, þar sem þó er beinlínis tekin afstaða.

Stefnandi styður kröfur sínar við þau lagarök, að ákvörðun um verkfall félagsins sé tekin í samræmi við 15. gr. l. 94/1986 og verkfallið boðað í samræmi við 16. gr. sömu laga. Sé því verkfallið lögmætt, en þar sem stefndi hafi ekki viljað falla frá fyrirvara sínum, hafi málshöfðun verið óhjákvæmileg.

Stefnandi bendir á, að þegar orðalag 15. gr. laganna sé skoðað, sé ljóst og óumdeilt, að þeir, sem skili auðu, „taki þátt" í atkvæðagreiðslunni. En þegar finna skuli, hvað sé „meiri hluti", þá beri ekki að telja þessa auðu seðla. Rökin séu þau, að meginreglan sé sú, að félögin hafi verkfallsheimild, og þessa heimild megi ekki takmarka á annan hátt en með skýrum og afdráttarlausum orðum, og slíkar takmarkanir á meginreglu lúti þröngri lögskýringu. Þegar litið sé til þeirra hagsmuna, sem 15. gr. laganna sé ætlað að vernda, sé ljóst, að það séu ekki hagsmunir ríkisins, heldur almannahagsmunir. Þegar slík atkvæðagreiðsla fari fram, sé mikið um, að menn skili auðu, og sé það t.d. algengt meðal þeirra félagsmanna, sem falli undir 19. gr. laganna.

Stefnandi bendir einnig á forvera 15. gr. laganna, en það sé 24. gr. laga nr. 29/1976. Auðir seðlar í atkvæðagreiðslu samkvæmt þeim lögum hafi hvorki verið taldir með né á móti sáttatillögunni. Skýra verði 15. gr. í samræmi við forsögu hennar, tilgang hennar

og markmið, og þegar þessi lögskýringarsjónarmið séu höfð í huga, þá verði niðurstaðan sú, að eðlileg regla sé, þegar meta skal þátttöku í atkvæðagreiðslu, að allir atkvæðaseðlar skuli taldir, og þar með auðir seðlar, en þegar meta skal niðurstöðu atkvæðagreiðslunnar, þá skuli auðir seðlar ekki taldir með.

Um síðari málsástæðu stefnda, að atkvæðagreiðslan hafi ekki verið leynileg, segir stefnandi, að hún sé vanreifuð og henni sé eindregið mótmælt sem ósannaðri. Atkvæðagreiðslan hafi verið leynileg, eins og skjöl málsins sýni, og henni megi í öllum verulegum atriðum líkja við utankjörfundaratkvæðagreiðslu.

II.

Stefndi kveður málavexti óumdeilda og vísar til málavaxtalýsingar stefnanda og framlagðra málskjala.

Stefndi kveður málsástæður sínar og lagarök vera þessi:

1. Verkfallsboðun HÍK var ekki samþykkt með þeim hætti, sem lög áskilja. Samkvæmt 15. gr. laga nr. 94/1986 er það skilyrði fyrir lögmæti verkfallsboðunar, að meiri hluti þeirra, sem þátt taka í atkvæðagreiðslu, samþykki verkfallsboðun. Það skilyrði er hér ekki uppfyllt.
2. Annmarki var á framkvæmd almennrar atkvæðagreiðslu um verkfallsboðun, sem fram fór meðal félagsmanna HÍK dagana 18. og 21. mars. Hann fólst í því, að atkvæðagreiðslan var ekki leynileg þrátt fyrir skýr fyrirmæli í þá veru í 15. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamning opinberra starfsmanna.

Í 2. ml. 15. gr. laga 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna felist tvö skilyrði fyrir lögmæti verkfalls, og lúti þau bæði að því að tryggja, að atbeina ákveðins fjölda félagsmanna þurfi til, svo að verkfalli viðkomandi stéttarfélags verði hrundið í framkvæmd.

Hér komi til skoðunar skýrsla kjörstjórnar HÍK um talningu í atkvæðagreiðslu um verkfallsboðunina. Samkvæmt henni sé ljóst, að fyrra skilyrðinu sé fullnægt. Samtals hafi 1157 verið á kjörskrá. Í atkvæðagreiðslunni hafi tekið þátt 986 félagsmenn HÍK eða 85,22%.

Um síðara skilyrði lagaákvæðisins gildi hið gagnstæða. Í skýrslunni komi fram, að 464 hafi sagt já eða 47,06% þátttakenda í atkvæðagreiðslunni. Nei sögðu 462 eða 46,86%. Auðir seðlar voru 60 eða 6,08%.

Lagaákvæðið beri að skýra eftir ótvíræðum orðum sínum. Boðun

verkfalls sé því aðeins lögmæt, að „meiri hluti þeirra, sem hafa tekið þátt í atkvæðagreiðslunni samþykki hana". Samkvæmt ofangreindum kosningaúrslitum sé ljóst, að meiri hluta skorti fyrir samþykki verkfallsboðunar. Hún hafi því verið felld.

Stefnandi haldi því fram, að líta beri fram hjá hinum auðu atkvæðum. Með því að gera það sé skilyrðinu fullnægt, þ.e., að meiri hluti hafi samþykkt verkfallsboðun.

Á þetta verði með engu móti fallist. Í þessum sjónarmiðum stefnanda felist í raun, að túlka beri lagaákvæðið andstætt skýru orðalagi þess.

Vafalaust sé, að sá, sem skilar inn atkvæðaseðli, taki þátt í atkvæðagreiðslu. Gildi þá einu, hvernig hann hefur nýtt atkvæði sitt. Almenn orðanotkun og málhefð sé sú, að þátttaka í skriflegri atkvæðagreiðslu teljist það að skila atkvæði, óháð því, hvort það er með eða móti, autt eða ógilt.

Stefnandi telji að þegar meta skuli þátttöku í atkvæðagreiðslu, beri að telja alla, sem skila atkvæðaseðli. Þessi skoðun sé í samræmi við skilning stefnda. Fjöldi greiddra atkvæða falli saman við fjölda þeirra, sem þátt taka í atkvæðagreiðslu.

Þegar virt sé, hverjir „taki þátt í atkvæðagreiðslu", beri að sjálfsögðu að túlka það með sama hætti, annars vegar varðandi heildarþátttöku í atkvæðagreiðslunni og hins vegar, þegar virt sé, hverjir samþykkja verkfallsboðun. Eitt og sama lagahugtakið verði ekki túlkað sitt með hvoru móti, eins og stefnandi haldi fram.

Í því sambandi sé ástæða til að vekja sérstaka athygli á skýrslu kjörstjórnar. Þar segi, að 986 atkvæði hafi borist kjörstjórn. Kjörstjórnin flokki þessi 986 atkvæði, sem greidd voru, í þá, sem sögðu já, þá, sem sögðu nei, og þá, sem skiluðu auðu. Hún dragi þá réttu niðurstöðu, að 47,06% hafi sagt já og þar með samþykkt verkfall. Ekki fari á milli mála, að þessi hundraðshluti sé reiknaður af tölunni 986, þ.e. fjölda þeirra, sem tóku þátt í atkvæðagreiðslunni. Niðurstaða kjörstjórnar sé augljós og auðskilin. 464 af þeim 986, sem tóku þátt í atkvæðagreiðslu, hafi samþykkt verkfallsboðun. Til þess að gera verkfallsboðun lögmæta hefðu minnst 494 af 986 þurft að samþykkja hana. Ekki hefði nægt, að 493, þ.e. helmingur, hefði sagt já.

Framsetning kjörstjórnar sé í samræmi við almennar venjur í þessu efni. Niðurstaðan sé skýr og sé í samræmi við þann skilning, sem stefndi hafi á umræddu lagaákvæði.

Stefndi bendir á, að tilgangur 15. gr. laganna sé, að ákvörðun um verkfallsboðun verði ekki tekin af litlum hluta félagsmanna stéttarfélagsins. Eins og ótvírætt orðalag lagaákvæðisins bendi til, hafi ætlun löggjafans verið, að ákvörðun þessi væri aldrei tekin af minna en fjórðungi félagsmanna. Ákvörðunin sé talin það alvarleg og þýðingarmikil, að slíkur meiri hluti sé nauðsynlegur, til þess að vilji félagsmanna komi afdráttarlaust í ljós. Þeir, sem skili auðu, séu ekki að samþykkja verkfallsboðunina, en þeir hafi tekið þátt í atkvæðagreiðslunni, og þess vegna beri að telja atkvæði þeirra með.

Stefndi kveður 15. gr. laga nr. 94/1986 mæla fyrir um leynilega kosningu. Í sóknargögnum sé stuttlega lýst, hverja meðhöndlun atkvæðaseðlar hlutu, frá því að þeir voru sendir út, þar til þeim var skilað aftur. Framkvæmd atkvæðagreiðslunnar hafi ekki verið með þeim hætti, að kosning teljist uppfylla þau lagafyrirmæli að vera leynileg. Um framkvæmd kosninga að þessu leyti vísi stefndi til laga nr. 52/1959 með síðari breytingum.

Slíkur annmarki sé á framkvæmd margnefndrar atkvæðagreiðslu, að það valdi því, að verkfallsboðun stefnanda teljist ólögmæt.

Stefndi leggur áherslu á það, að því sé ekki haldið fram, að í atkvæðagreiðslunni hafi kjörseðlar í raun verið sýnilegir öllum eða að þrýstingi hafi verið beitt, heldur hinu, að þetta fyrirkomulag hafi boðið upp á slíkt. Í leynilegri kosningu sé þess gætt, að kjósendur geti ekki sýnt öðrum, hvernig þeir greiði atkvæði, og allur þrýstingur sé útilokaður. Þess vegna séu settar upp kjördeildir, og þá verði atkvæðagreiðslan leynileg.

III.

Mál þetta sætir úrlausn Félagsdóms samkvæmt 2. tl. 1. mgr. 26. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Úrslit málsins ráðast af skýringu á 15. gr. nefndra laga, en hún er svohljóðandi:

„Boðun verkfalls er því aðeins lögmæt, að ákvörðun um hana hafi verið tekin í almennri leynilegri allsherjaratkvæðagreiðslu í hverju stéttarfélagi, sem er samningsaðili. Til að samþykkja verkfallsboðun þarf a.m.k. helmingur þeirra félagsmanna, sem starfa hjá þeim, sem verkfallið beinist gegn, að hafa tekið þátt í atkvæðagreiðslunni og meiri hluti þeirra samþykkt hana."

Hvorki er um það deilt í málinu, að þátttaka í atkvæðagreiðslu

félagsmanna stefnanda um verkfallsboðun, sem fram fór dagana 18. og 21. mars 1988, fullnægi skilyrðum greinarinnar um lágmarksþátttöku né hvernig atkvæði féllu í þeirri atkvæðagreiðslu. Ágreiningsefnin varða hins vegar framkvæmd atkvæðagreiðslunnar sjálfrar og þýðingu þeirra úrslita, sem þar fengust, þ.e. hvort auðir seðlar skuli taldir með, þegar niðurstaða atkvæðagreiðslunnar er metin.

Með ákvæði 15. gr. laga nr. 94/1986 hefur löggjafinn sett ströng skilyrði fyrir verkfallsboðun þeirra stéttarfélaga, sem lögin taka til. Í ljósi þessara ströngu skilyrða og orðalags lagaákvæðisins er óhjákvæmilegt að skýra greinina á þá leið, að til boðunar verkfalls verði meiri hluti þeirra, sem greitt hafa atkvæði í slíkri atkvæðagreiðslu, að hafa á ótvíræðan hátt lýst vilja sínum til að fara í verkfall. Hefði ætlun löggjafans verið sú, að afl atkvæða réði úrslitum í slíkri atkvæðagreiðslu, að skilyrði um kosningaþátttöku uppfylltu, hefði legið beint við að orða lagatextann með þeim hætti. Ákvæði greinarinnar um samþykki meiri hluta þátttakenda til verkfallsboðunar áskilur því samþykki hreins meiri hluta allra, sem skila atkvæðaseðli í slíkri atkvæðagreiðslu.

Í þeirri atkvæðagreiðslu, sem um er deilt í málinu, lýstu 464 þátttakendur af 986 sig samþykka verkfallsboðun eða 47,06 af hundraði þátttakenda. Skilyrði 15. gr. laga nr. 94/1986 um samþykki meiri hluta til verkfallsboðunar var því ekki fullnægt. Þegar af þessari ástæðu er verkfallsboðun stefnanda, sem málið snýst um, ólögmæt.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Verkfall félagsmanna Hins íslenska kennarafélags í þjónustu ríkisins, sem boðað var með bréfum til fjármálaráðherra og hefjast skyldi hinn 13. apríl 1988, er ólögmætt.

Málskostnaður fellur niður.

Þriðjudaginn 17. maí 1988.

Nr. 2/1988. **Alþýðusamband Íslands**
f.h. Rafiðnaðarsambands Íslands
f.h. Félags rafeindavirkja
vegna Ágústs Victorssonar
(Guðni Á. Haraldsson hdl.)
gegn
fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs
og samgönguráðherra vegna
Póst- og símamálastofnunar
(Gunnlaugur Claessen hrl.).

Kjarasamningur. Námskeið. Framhaldsmenntun.

Dómur Félagsdóms.

Mál þetta dæma Garðar Gíslason, Björn Helgason, Jónas Gústavsson, Gunnar Guðmundsson og Viðar Már Matthíasson.

Málið, sem tekið var til dóms 10. þ.m., er höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu birtri 7. mars sl.

Stefnandi er Alþýðusamband Íslands f.h. Rafiðnaðarsambands Íslands, Háaleitisbraut 68, Reykjavík f. h. Félags rafeindavirkja, til heimilis að sama stað, vegna Ágústs Victorssonar, nnr. 0147-5347, Álfheimum 38, Reykjavík.

Stefndu eru fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og samgönguráðherra fyrir hönd Póst- og símamálastofnunar.

Dómkröfur stefnanda eru þessar:

1. Að viðurkennt verði með dómi Félagsdóms, að Ágúst Victorsson eigi rétt á eins launaflokks hækkun skv. gr. 2.2. í kjarasamningi aðila frá 30. maí 1987 og bókun nr. 5 með sama samningi vegna þátttöku hans í eftirtöldum námskeiðum:

a) Telenorma TR:40	40 tímar
b) EB Fox símakerfi	40 tímar
c) EB Fox símstöðvar	40 tímar
d) Alcatel símstövar	45 tímar
e) Rafiðnaðarskólinn, örtölva	40 tímar

2. Að viðurkennt verði með dómi Félagsdóms, að hækkun skv. 1. kröfulið eigi að miðast við 1. maí 1987.

3. Að stefndu verði dæmdir til þess að greiða stefnanda málskostnað að mati réttarins.

Dómkröfur stefndu eru þessar:

1. Að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum sóknaraðila.
2. Að sóknaraðili verði dæmdur til að greiða varnaraðilum málskostnað eftir mati réttarins.
3. Varakrafa stefndu er, að málskostnaður verði felldur niður.

I.

Málavexti kveður stefnandi vera þá, að hinn 30. maí hafi verið undirritaður kjarasamningur milli annars vegar Rafiðnaðarsambands Íslands vegna aðildarfélaga rafvirkja og rafeindavirkja og hins vegar fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs. Samkvæmt grein 11.2. skyldi samningurinn gilda frá 1. mars 1987 til 31. desember sama ár. Samningur þessi taki til rafiðnaðarmanna, sem séu fullgildir félagsmenn í Rafiðnaðarsambandi Íslands (RSÍ) og starfi hjá stofnunum ríkisins. Í II. kafla samningsins gr. 2.2. sé eftirfarandi ákvæði:

„*2.2. Röðun í launaflokka.*

2.2.1. 1. flokkur: Almennir rafiðnaðarmenn.
2. flokkur: Almennir rafiðnaðarmenn með þriggja ára sveinsbréf.
3. flokkur: Rafiðnaðarfræðingar og rafiðnaðarmenn með viðbótarmenntun og rafiðnaðarmenn, sem eru faglega ábyrgir gagnvart rafveitu og Rafmagnseftirliti ríkisins."

Um hafi verið að ræða nýja launaflokkaröðun. Skv. eldri samningi aðila röðuðust rafiðnaðarmenn í 32., 34. og 35. launaflokk. Með samningi aðila var gerð bókun, sem auðkennd var númer 5:

„Sem viðbótarmenntun rafiðnaðarmanna í 3. launaflokki skal telja námskeið, sem ætluð eru til framhaldsmenntunar í iðngreininni. Námskeiðin skulu vera a.m.k. 160 kennslustundir samtals og hvert og eitt eigi skemmra en 40 klukkustundir. Námskeiðum, sem metin eru, skal hafa lokið með prófi eða öðrum fullnægjandi hætti."

Bókun þessi hafi átt að fela í sér skilgreiningu á hugtakinu „viðbótarmenntun" skv. skilgreiningu 3. launaflokks. Samkomulag hafi verið um, að bókun þessi næði til námskeiða, er rafiðnaðarmenn hefðu tekið þátt í fyrir gerð samningsins. Launaflokkahækkun skv.

þessu hafi átt að taka gildi frá 1. mars 1987, sbr. gr. 11.2. í samningi aðila.

Stefnandi kveður framkvæmd framangreindra ákvæða hafa dregist af hálfu stefndu. Hinn 20. okt. 1987 sendi lögmaður stefnanda Póst- og símamálstofnun bréf, þar sem krafist var leiðréttingar vegna þriggja félaga í Félagi rafeindavirkja. Í framhaldi af því hafi farið fram viðræður milli RSÍ og fulltrúa Vinnumálanefndar ríkisins (VMNR). Fram hafi verið lögð tillaga VMNR að samkomulagi um túlkun á framangreindri bókun. Þar hafi verið sett fram eftirfarandi skilgreining á hugtakinu viðbótarnám:

„Allt nám í rafvirkjun/rafeindavirkjun að loknu viðurkenndu iðnnámi gefi *rétt til* flokkahækkunar að því tilskildu, að því ljúki með prófi eða öðrum viðurkenndum hætti, svo sem verklegri æfingu. Þetta tekur þó ekki til faggreina, sem rafvirki/rafeindavirki leggur stund á til undirbúnings meistaraprófi í faggrein sinni.

Ef um er að ræða nám, sem í dag er búið að fella inn í iðnnám rafvirkja/rafeindavirkja, skal meta það að hálfu, ef 3 ár eru liðin, síðan viðkomandi rafeindavirki/rafvirki lauk því námi.

Undanskilið viðbótarnámi í ofangreindum skilningi er starfsþjálfun, sem starfsmaður sækir á vegum stofnunar og ætlað er að auka hæfni hans í starfi."

Í framhaldi af viðræðum aðila hafi VMNR síðan sent Póst- og símamálastofnun bréf, dagsett 7. des. 1987, þar sem fram voru settar einhliða reglur VMNR varðandi mat á viðbótarmenntun skv. bókun 5 í kjarasamningi aðila.

Þar hafi m.a. komið fram, að námskeið á vegum Pósts og síma gætu veitt rétt til launaflokkahækkunar, en að það væri lagt undir mat stofnunarinnar hverju sinni. Þar hafi og verið skýrt tekið fram, að námskeið á vegum Póst- og símamálastofnunar, er veittu námsréttindi í rafeindavirkjun, teldust ekki viðbótarmenntun í skilningi bókunar nr. 5. Sama ætti og að gilda um önnur námskeið, er miðuðust við efni, sem nú væri orðið hluti af því námsefni eða kröfum, er gerðar væru til veitingar starfsréttinda.

Í bréfi þessu hafi og komið fram þrátt fyrir orðalag greinar 11.2., að hækkun vegna viðbótarmenntunar skyldi gilda frá 1. júní 1987, væru fullgild námskeiðsgögn afhent stofnuninni fyrir árslok 1987, en ekki frá þeim tíma, er fullnægjandi námskeiðsgögn væru afhent.

Hinn 29. desember 1987 hafi RSÍ ritað póst- og símamálastjóra bréf vegna 24 félagsmanna Félags rafeindavirkja, sem ekki höfðu fengið hækkun, er að mati RSÍ uppfylltu öll skilyrði til hækkunar. Í svarbréfi Póst- og símamálastofnunar, dags. 5. jan. 1988, hafi komið fram, að 7 af þeim 24, sem tilteknir voru í bréfi RSÍ, höfðu þegar fengið þær hækkanir, er um ræðir. Tekið hafi verið fram, að skv. mati stofnunarinnar með hliðsjón af reglum VMNR hafi aðrir félagsmenn FR ekki fullnægt skilyrðum til hækkunar. Með bréfi lögmanns RSÍ, dags. 28. janúar, hafi svo verið krafist leiðréttingar vegna þeirra 17 manna, þar á meðal Ágústs Victorssonar, er ekki höfðu fengið hækkun, þrátt fyrir það að þeir hafi á þeim tíma skilað inn öllum nauðsynlegum gögnum. Í svarbréfi Pósts- og síma hafi enn verið ítrekuð fyrri afstaða og neitað um launaflokkshækkun, m.a. vegna Ágústs Victorssonar.

Rétt þykir að gera grein fyrir þeim samningum, er í gildi eru milli aðila. Fyrsti samningur aðila er gerður 19.06. 1986. Áður höfðu rafeindavirkjar hjá Pósti og síma verið í Félagi ísl. símamanna. Í samningnum frá 19. júní var tekið fram, að hann gilti ásamt fyrri samningum RSÍ og VSÍ frá 12. mars 1984 með síðari breytingum. Í þeim samningum voru ákvæði um röðun rafiðnfræðinga og starfsmanna með hliðstæða menntun í efsta launaflokk.

Samkvæmt þeim var rafiðnaðarmönnum raðað í hið alm. launaflokkakerfi ASÍ og vinnuveitenda, nánar tiltekið í 32., 34. og 36. lfl.

Með samningi aðila, er gerður er 30. maí 1987, verði breyting á launaflokkaskipan. Launaflokkar verða þrír, sbr. gr. 2.2., og sá samningur er sérstaklega útbúinn sem samningur rafiðnaðarmanna, sem þá voru fullgildir félagar í RSÍ og starfa hjá stofnun ríkisins, sbr. gr. 1.1.

Ágúst Victorsson taki laun skv. samningnum frá 30. maí 1987 skv. 2. lfl. Hann hafi 15 ára starfsaldur hjá stofnuninni í ágúst nk. Hann hafi öðlast sveinsbréf 1. maí 1984 og meistararéttindi tveimur árum síðar. Ágúst starfi sem rafeindavirki við uppsetningu símstöðva hjá stærri fyrirtækjum og stofnunum. Hann hafi aflað sér viðbótarmenntunar með þátttöku í námskeiðum, sem öll nýtist honum í hans vinnu. Um námskeið þessi kveðst stefnandi vísa nánar til dómskjala í málinu.

Málsástæður og lagarök.

Því er haldið fram, að með þátttöku sinni í þeim námskeiðum,

er um ræðir, hafi stefnandi Ágúst Victorsson fullnægt þeim skilyrðum, er fram koma í gr. 2.2. í samningi aðila um viðbótarmenntun, sbr. bókun nr. 5 með sama samningi, og því eigi hann rétt á að fá eins launaflokks hækkun, þ.e. að taka laun skv. 3. lfl. samnings aðila frá 30. maí 1987. Þessu til stuðnings bendir stefnandi á eftirfarandi:

a) Þau námskeið, er um ræðir, tilheyri öll starfi því, er um ræðir, nýtist til fulls við þá vinnu, er stefnandi Ágúst vinni hjá stefndu.
b) Um sé að ræða framhaldsmenntun í iðngreininni. Sé í því sambandi vitnað til námskrár í rafeindavirkjun við Póst og símaskólann og skv. reglugerð um iðnnám nr. 558/1981.
c) Stefnandi Ágúst Victorsson sé með sveinsbréf í rafeindavirkjun frá 1. maí 1984 og uppfylli því skilyrði um hækkun í 3. lfl.
d) Þau námskeið, er hann hafi farið á og hann byggir kröfu sína á, séu öll a.m.k. 40 kennslustundir og samanlagt meira en 160 kennslustundir.
e) Námskeiðum þessum hafi verið lokið með fullnægjandi hætti með mætingu á þau, með viðurkenningarskjölum og lokaæfingum.
f) Stefnandi hafi sótt öll námskeið, að undanskildu námskeiði í örtölvutækni, á vegum Pósts og síma.
g) Þeir starfsmenn stefndu, er fengið hafa hækkun skv. bókun 5, hafi flestir fengið þau út á námskeið, er þeir fóru á vegum Pósts og síma.

Túlka beri orðalag gr. 2.2. og bókunar nr. 5 í samningi aðila skv. orðanna hljóðan, og eigi það að leiða til þess, að kröfur stefnanda séu teknar til greina. Ekki sé hægt að fallast á þann skilning, er fram kemur í tillögu VMNR, dags. 10. nóv. 1987, að þátttöku verði að ljúka með verklegri æfingu. Á sama hátt sé ekki hægt að fallast á, að nám til undirbúnings meistarprófi sé undanþegið. Einnig er ekki hægt að fallast á, að þjálfunarnámskeið, sem starfsmenn fara í á vegum stofnunarinnar, sé undanskilið, því að slíkt nám hefur verið viðurkennt af henni áður, sbr. og bréf VMNR, dags. 7. des. 1987, 3. mgr.

Stefnandi leggur áherslu á það, að við gerð kjarasamningsins hafi aldrei legið fyrir sjónarmið þau, sem stefndu haldi fram í máli þessu. Hér fyrir dóminn hafi komið menn, sem verið hafi í samninganefndinni, og hafi þeir borið, að aldrei hafi verið minnst á

framhaldsmenntun og símenntun, aldrei hafi verið orðað, að námskeið á vegum Pósts og síma ættu ekki að teljast með, og ekki hafi verið annað í huga manna en samningsákvæðið ætti að vera sambærilegt við kjarasamningsákvæði Félags íslenskra símamanna og hafi verið orðað með það í huga. Forsaga kjarasamningsins skipti hér verulegu máli varðandi túlkun á þessu umdeilda ákvæði og bókuninni.

II.

Stefndu kveða málavexti óumdeilda og vísa til málavaxtalýsingar stefnanda og framlagðra málskjala.

Málsástæður og lagarök sefndu eru þessi:

Af hálfu stefndu sé því haldið fram, að sóknaraðilinn Ágúst Victorsson uppfylli ekki skilyrði skv. grein 2.2. í kjarasamningi Rafiðnaðarsambands Íslands og fjármálaráðherra til að taka laun skv. 3. lfl. Umrædd grein kjarasamningsins beri yfirskriftina: Röðun í launaflokka. Launaflokkar skv. greininni séu þrír. Í hæsta flokkinum, 3. fl., séu m.a. *rafiðnaðarmenn með viðbótarmenntun.* Viðbótarmenntun í merkingu kjarasamningsins hafi Ágúst ekki og eigi því ekki rétt á hæsta launaflokki.

Bókun nr. 5 í sama kjarasamningi sé ætluð til fyllingar og skýringar á nefndu ákvæði. Í henni sé *„Viðbótarmenntun"* m.ö.o. skýrð sem *„framhaldsmenntun".* Þeirrar menntunar sé aflað á námskeiðum, sem standi yfir tiltekinn lágmarksstundafjölda hvert. Þeim skuli ljúka með prófi eða öðrum fullnægjandi hætti.

Alveg sé ljóst, að það séu ekki hvers kyns námskeið, sem undir þetta falla. Ef það hefði verið ætlunin, hefði verið einfalt að orða samningsákvæðið og bókunina þannig. Það sé þannig ljóst, að einungis sum námskeið, en ekki önnur, geti veitt rétt til hæsta launaflokks. Að því hafi beinlínis verið stefnt.

Ekki verði hjá því komist, að rafeindavirkjar sæki almennt námskeið í sínu fagi. Tæknibreytingar séu mjög örar, og þeim sé nauðsynlegt að fylgjast með nýjungum, sem fram koma. Kennsla í þessum efnum gerist með margvíslegum hætti, en þó einkum á vegum Endurmenntunarskóla Rafiðnaðarsambandsins eða á vegum Póst- og símamálastofnunar, með eða án aðildar erlendra framleiðenda. Námskeiðin eru margvísleg, að því er varðar lengd og námsefni.

Hinu umdeilda samningsákvæði hafi verið ætlað að greina á milli annars vegar *framhaldsmenntunar* og hins vegar *símenntunar.* Hið

síðarnefnda miði að því að halda við þekkingu með hliðsjón af nýrri tækni. Það sé í eðli sínu þannig, að það sé eðlilegur þáttur í námi þeirra, sem á hverjum tíma vinni að því að öðlast réttindi rafeindavirkja. Hið fyrrnefnda aftur á móti miði að öflun þekkingar þar fram yfir.

Mörkin þarna á milli séu ekki ætíð glögg í einstökum tilvikum, eins og síðar hafi komið í ljós. Af þeirri ástæðu hefði hinn æskilegasti frágangur kjarasamningsins verið sá að leggja mat að þessu leyti á öll þekkt námskeið, sem rafeindavirkjar hjá Póst- og símamálastofnun hafi gengist undir.

Á því sé vakin athygli, að í kjarasamningnum hafi mati á námskeiðum ekki verið skotið til sameiginlegrar umfjöllunar aðila síðar. Ekki verði séð, að á þeim tíma hafi verið neinn vafi uppi um innihald samningsákvæðisins.

Í framhaldi af því hafi Póst- og símamálastofnun og fjármálaráðuneytið lagt sitt mat á námskeiðin, þ.e. hver þeirra geti talist veita *framhaldsmenntun* í merkingu kjarasamningsins og hver ekki. Það beri þeim að gera skv. samningnum. Ekki liggi fyrir, að röng eða á nokkurn hátt ómálefnaleg sjónarmið hafi ráðið þar niðurstöðu. Ítrekaðar tilraunir hafi engu að síður verið gerðar til að ná samkomulagi við RSÍ um þetta mat.

Reglur um viðurkenningu námskeiða komi fram í bréfi formanns samninganefndar ríkisins til Pósts og síma, dags. 7.12. 1987, sem samið sé í framhaldi af samningafundi með RSÍ um málið. Tvenns konar viðmiðun sé þar lögð til grundvallar eftir því, hvort námskeið sé á vegum Endurmenntunarskóla RSÍ eða Póst- og símamálastofnunar.

a. Námskeið á vegum Endurmenntunarskóla RSÍ er viðurkennt, ef það nýtist rafeindavirkjum í starfi, enda hafi því lokið með prófi eða öðrum fullnægjandi hætti, s.s. verklegri æfingu.

b. Sé námskeið á vegum Póst- og símamálastofnunar, ræðst það af mati stofnunarinnar sjálfrar, hvort námskeið sé þess eðlis, að það teljist veita framhaldsmenntun. Við það mat er ekki viðurkennt námsefni, sem nú er orðið hluti af því námsefni eða kröfum, sem gerðar eru til veitingar starfsréttinda. Þess er ekki krafist, að þessum námskeiðum ljúki með prófi eða á annan sambærilegan hátt, andstætt þeim námskeiðum, er greinir undir a-lið að framan.

Í kjarasamningnum segi beinlínis, að námskeiðum skuli hafa

lokið með prófi eða öðrum fullnægjandi hætti. Póst- og símamálastofnun hafi í raun fallið frá því skilyrði, að því er varðar námskeið, er hún heldur sjálf eða eru á hennar vegum, sbr. b-lið að framan. Þessi framkvæmd sé rafeindavirkjum að sjálfsögðu til hags. Með þessu sé þeim veittur betri réttur en þeir eiga skv. kjarasamningunum. Þannig hafi allmargir rafeindavirkjar komist í 3. launaflokk, þótt skilyrði bókunar nr. 5, um, að námskeið hafi lokið með prófi o.s.frv., sé í raun ekki fullnægt.

Á dskj. nr. 10 komi fram enn eitt atriði, sem rétt sé að vekja athygli á. Þar segi, að námskeið á vegum Póst- og símamálastjórnar, er veittu meistararéttindi í rafeindavirkjun, teljist ekki viðbótarmenntun í skilningi bókunar nr. 5.

Með þessu sé til þess vísað, að almennt geti rafeindavirkjar hlotið meistararéttindi við þriggja ára starfstíma sem iðnsveinar. Til að öðlast meistararéttindi þurfi almennt ekki lengur próf. Eldra fyrirkomulag var að þessu leyti gjörólíkt. Rafeindavirkjun varð löggild iðngrein árið 1981. Þá var steypt í eina grein, þ.e. rafeindavirkjun, þrem eldri faggreinum, sem voru símvirkjun, útvarpsvirkjun og skriftvélavirkjun. Til að verða símvirkjameistarar gátu menn sótt námskeið. Gamla símvirkjanáminu var haldið við með heimild Iðnfræðsluráðs allt til ársins 1986. Menn gátu þá stundað nám sem símvirkjar hjá Póst- og símamálastofnun, en útskrifast sem rafeindavirkjar.

Það, sem hér hefur verið sagt, tengist því, að áður var sóknaraðili Ágúst Victorsson og aðrir rafeindavirkjar hjá Pósti- og síma félagsmenn í Félagi íslenskra símamanna. Breyting þar á varð á árunum 1985 til 1986, er ýmsir þeirra gengu yfir í RSÍ. Samkvæmt kjarasamningum FÍS hækkuðu menn í launaflokki við símvirkjameistararéttindi. Námskeið, sem að baki þeim réttindum stóðu, nýttust þannig skv. kjarasamningi FÍS til launaflokkshækkunar. Þetta átti við um Ágúst Victorsson. Það gera námskeiðin hins vegar ekki skv. kjarasamningi RSÍ. Rafeindavirkjar hjá Póst- og símamálastofnun eru ýmist í RSÍ eða FÍS. Kjarasamningarnir eru því hvorir með sínu móti að þessu leyti.

Nákvæmari orðun á dskj. nr. 19 hefði verið sú, að ef námskeið er þáttur í meistaraprófi, falli það ekki undir viðbótarmenntun í skilningi bókunar nr. 5. Þetta á fyrst og fremst við um námskeiðin, sem stóðu á bak við gömlu símsvirkjameistararéttindin.

Vikið skal aftur að þeim greinarmun, sem Póst- og símamálastofnun hefur gert á annars vegar námskeiðum Endurmenntunarskóla RSÍ og hins vegar námskeiðum stofnunarinnar sjálfrar. Hin efnislegu rök byggjast á því, að þarna er almennt nokkur munur á. Almennt má halda því fram með rökum, að endurmenntunarnámskeið RSÍ sé meira sett upp sem teoríunámskeið eða fagnámskeið. Andstætt því séu námskeið Póst- og símamálastofnunar almennt mun nær því að vera tækjaþjálfunarnámskeið.

Í samræmi við þetta hefur í raun verið fallist á, að öll námskeið frá Endurmenntunarskólanum veiti *framhaldsmenntun* í merkingu kjarasamningsins. Þau verða þó að hafa náð 40 tíma lágmarkinu hvert og vera utan við meistararéttindastigið í einstökum tilvikum. Engu námskeiði á vegum Endurmenntunarskólans hefur verið vísað frá vegna þess,að það hafi ekki „nýst í starfi", sbr. orðalag á dskj. nr. 10. Öllum námskeiðum þaðan lýkur í raun með prófi eða verklegri æfingu. Niðurstaðan er því sú, að öll námskeið, sem rafeindavirkjar hafa framvísað frá Endurmenntunarskólanum, hafa verið viðurkennd með þeim fyrirvörum, sem að ofan greinir.

Námskeið Ágústs Victorssonar hafa verið metin skv. öllum þeim sjónarmiðum, sem hér hefur verið gerð grein fyrir. Að því verður nú vikið.

Þess skal getið, að Ágúst hlaut sveinsréttindi í rafeindavirkjun 1. maí 1984. Hann hafði þannig þriggja ára sveinsréttindi 1. maí 1987.

Á dskj. nr. 33 hefur Póst- og símamálastofnun tínt til öll námskeið, sem Ágúst hefur sótt. Þar eru tvö námskeið, sem ekki eru tilgreind í stefnu og engar kröfur gerðar fyrir. Hann telur þannig ekki upp öll námskeið, sem hann hefur tekið. Þau koma því ekki til sérstakrar umfjöllunar. Í þessu, verður þó að ætla, að felist óbein viðurkenning á því, að einungis sum námskeið, en ekki öll, eigi að koma til við mat á viðbótarmenntun skv. kjarasamningnum.

Námskeið, sem Ágúst Victorsson hefur sótt, eru sjö talsins.

1. Fyrsta námskeiðið er Telenorma TR:40 Það sótti Ágúst árið 1983, þ.e. áður en hann fékk sveinsréttindi. Varla getur þetta námskeið talist framhaldsmenntun í hans tilviki.
   Um þetta námskeið gildir að öðru leyti það, að það er ekki

viðurkennt sem framhaldsmenntun. Þetta er námskeið í meiri háttar tækjabúnaði. Því fylgja engin ný fræði, einungis þau, sem menn læra í sínu námi.

2. Næsta námskeið er EB FOX-símakerfi.
   Um það gildir allt hið sama og námskeið undir a-lið hér að framan. Það er ekki heldur metið sem framhaldsnám.
3. Þriðja námskeiðið á dskj. nr. 33 er Alcatel-námskeið. Það námskeið er ekki tilgreint í stefnu og engar kröfur gerðar fyrir það. Þegar af þeirri ástæðu þarfnast það ekki frekari umfjöllunar.
4. Fjórða námskeiðið er EB FOX-símstöðvar. Það námskeið er metið að hálfu sem framhaldsmenntun.
   Efni þessa námskeiðs er með þeim hætti, að það er u.þ.b. að helmingi teoría, en hinn hlutinn tækjaþjálfun eða upprifjun á gömlu námsefni til að öðlast sveinsréttindi. Á þessu blaði er námskeiðið metið til 25 tíma. Til að gæta ýtrustu nákvæmni hefði átt að meta það á 22½ tíma. Þarna hefur Ágúst verið látinn njóta vafans um það, hvort nákvæmlega helmingur námskeiðsins sé teoría eða örlítið meira.
5. Fimmta námskeiðið er „Landi og Gyr. kortasjálfsalar".
   Þetta námskeið er ekki tilgreint í stefnu og engar kröfur fyrir það gerðar. Umfjöllun um það er því óþörf. Að öðru leyti eiga við um það sömu athugasemdir og um námskeið undir a-lið.

6.-7. Síðustu námskeiðin eru Alcatel-símstöðvanámskeið og tölvunámskeið úr Rafiðnaðarskólanum (Endurmenntunarskóli RSÍ).
   Eins og kemur fram á dskj. nr. 33 hafa þessi tvö námskeið í tilviki Ágústs verið metin sem liður til símvirkjameistaraprófs. Af þeirri ástæðu hafa þau ekki verið viðurkennd í skilningi bókunar nr. 5 sem framhaldsnám til launaflokkahækkunar.

Samkvæmt öllu ofansögðu sé ljóst, að því fari víðsfjarri, að Ágúst Victorsson hafi sótt námskeið, sem fullnægi skilyrðum bókunar nr. 5 í margnefndum kjarasamningi og séu að lágmarki 160 tímar. Af þeim námskeiðum, sem tilgreind eru í stefnu og krafa er gerð fyrir, sé einungis unnt að viðurkenna námskeiðið undir c-lið, þar sem kennslustundafjöldi sé 25. Hann uppfylli engan veginn skilyrði til að njóta 3. launaflokks kjarasamnings aðila.

Stefndu vísa og í framburði hér fyrir dómi.

Þorvarður B. Jónsson, framkvæmdastjóri hjá Pósti og síma, hafi lýst námskeiðum þeim, sem Ágúst Victorsson hafi sótt, og leggi til grundvallar stefnukröfu sinni. Námskeiðin í liðum a og b í stefnu séu tækjanámskeið, þ.e. eingöngu ætluð til þess að læra á þessi tilteknu tæki, og feli því ekki í sér framhaldsmenntun. Auk þess sé gerðin í a-lið orðin hálfúrelt og hafi ekki verið keypt nú í nokkur ár. Hann hafi einnig talið námskeiðið í lið c vera tækjanámskeið, en af hálfu stefndu hafi það þó að hálfu verið metið sem framhaldsnám.

Guðmundur Gunnarsson, formaður Félags rafvirkja og skólastjóri Endurmenntunarskóla RSÍ, hafi lýst námskeiðum á vegum skólans. Þau séu ekki tækjaþjálfunarnámskeið, en að hálfu leyti fyrirlestrar og að hálfu verklegar æfingar í framhaldi af fyrirlestrunum. Þeim ljúki með lokaverkefnum, en ekki með prófi.

Stefndu benda og á orðalag gr. 2.2. og að í 3. flokk komi „rafiðnfræðingar" o.s.frv. Menntun rafiðnfræðinga sé sveinspróf í rafeindavirkjun og auk þess tveggja ára nám í tækniskóla, og þetta hljóti að eiga að bera saman við aðra þá, sem nefndir séu í þessari grein. Þarna sé komið að kjarna málsins, að til viðbótar við sveinsprófið í iðngreininni þurfi að koma til *framhaldsnám* og að ekki hafi verið ætlunin að launaflokkahækkun þessi skyldi ná yfir alla línuna, heldur einungis til þeirra, sem hefðu framhaldsnám til viðbótar grunnnáminu. Samningsákvæði þetta hafi átt að vera hvetjandi, til þess að menn öfluðu sér frekari menntunar í iðn sinni, og sérstök námskeið séu til þess fallin, en önnur ekki. Starfsmenn Pósts og síma séu iðulega sendir á námskeið í vinnutíma, kostaðir af vinnuveitandanum, til þess að læra á ný tæki, og slíkt sé ólíkt framhaldsmenntun, sem menn afli sér af faglegum metnaði.

III.

Dómurinn lítur svo á, að námskeið, sem sótt eru, áður en sveinsprófi í iðngrein er lokið, geti ekki talist framhaldsmenntun í skilningi bókunar 5 í kjarsamningi aðila frá 30. maí 1987.

Ágreiningslaust er með aðilum, að námskeið þau, sem greinir í kröfulið 1 í stefnu í liðum a og b, séu tækjanámskeið fyrir þessi sérstöku tæki. Ber að fallast á með stefndu, að námskeið þessi falli ekki undir bókun 5 í kjarasamningi aðila, þar sem ekki er unnt að

telja slíka tækjaþjálfun til framhaldsmenntunar. Ber því að undanskilja þau frá þessu ákvæði samningsins.

Aðilar eru sammála um, að námskeið í liðum c, d og e feli í sér framhaldsmenntun. Verður ekki talið, að orðalag bókunar 5 feli í sér heimild til annars aðilans að ákveða einhliða, að námskeið þessi skuli ekki metin að fullu. Ekki verður heldur fallist á með stefndu, að undanskilja beri þau námskeið Ágústs Victorssonar, sem hann fékk metin sem meistarapróf.

Samkvæmt þessu verður að telja, að Ágúst Victorsson uppfylli ekki að fullu skilyrði greinar 2.2. og bókunar 5 í kjarasamningi aðila til að njóta þriðja launaflokks, og ber því að sýkna stefndu af kröfum stefnanda.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Stefndu, fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og samgönguráðherra vegna Póst- og símamálastofnunar, skulu vera sýknir af kröfum stefnanda, Alþýðusambands Íslands f.h. Rafiðnaðarsambands Íslands vegna Ágústs Victorssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Sératkvæði

Björns Helgasonar og Viðars Más Matthíassonar.

Ágreiningur málsaðila snýst um það, hvort námskeið þau, er Ágúst Victorsson hefur sótt og tilgreind eru í kröfugerð stefnanda, teljist framhaldsmenntun í skilningi bókunar nr. 5, sem fylgdi kjarasamningnum frá 30. maí 1987.

Við erum sammála meiri hluta dómenda um, að námskeið, sem Ágúst Victorsson sótti, áður en hann lauk sveinsprófi, geti ekki talist framhaldsmenntun í skilningi ofangreindrar bókunar. Ágúst lauk sveinsprófi í maí 1984. Námskeið það, sem tilgreint er í staflið a í kröfugerð stefnanda og óumdeilt er, að lokið var á árinu 1983, telst því ekki framhaldsmenntun.

Af hálfu stefndu er því ekki andmælt, að Ágúst Victorsson hafi lokið námskeiðum þeim, sem tilgreind eru í stafliðum b og e í kröfugerð stefnanda, og að tímafjöldi sé þar réttilega tilgreindur.

Þá er því ekki heldur andmælt, að námskeið þessi nýtist Ágústi í starfi í iðngreininni.

Hvorki orðalag bókunar nr. 5 né aðdragandi að tilvist hennar gefa tilefni til þeirrar túlkunar, að greint sé milli fræðilegrar framhaldsmenntunar annars vegar og verklegrar framhaldsmenntunar hins vegar eða viðhöfð sé önnur slík greining á námskeiðum þeim, sem kröfugerð stefnanda byggist á.

Við teljum því, að engin slík rök séu til að telja, að eitthvert þeirra fjögurra námskeiða, sem tilgreind eru í stafliðum b til e í kröfugerð stefnanda, falli utan bókunar nr. 5.

Við teljum því, að fallast beri á þá kröfu stefnanda, að Ágúst Victorsson eigi rétt til eins launaflokks hækkunar og taki því frá og með 1. maí 1987 laun samkvæmt launaflokki 3 í tl. 2.2. í ofangreindum kjarasamningi.

Við erum sammála málskostnaðarákvörðun meiri hluta dómenda.

Í samræmi við framanritað verður því dómsorð okkar þannig:

Dómsorð:

Ágúst Victorsson á rétt til eins launaflokks hækkunar frá og með 1. maí 1987 og tekur því frá og með þeim degi laun samkvæmt 3. flokki í tl. 2.2. í kjarasamningi milli Rafiðnaðarsambands Íslands vegna aðildarfélags rafvirkja og rafeindavirkja annars vegar og Vinnumálanefndar ríkisins hins vegar.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 28. júlí 1988.

Nr. 6/1958. **Hjúkrunarfélag Íslands**
(Gestur Jónsson hrl.)
gegn
Reykjavíkurborg
(Magnús Óskarsson hrl.).

Kjarasamningur. Hjúkrunarfræðingar. Sératkvæði.

Dómur Félagsdóms.

Mál þetta dæma Garðar Gíslason, Björn Helgason, Jónas Gústavsson, Sigurveig Sigurðardóttir og Magnús E. Guðjónsson.

Málið, sem tekið var til dóms 11. þ.m., er höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu birtri 27. júní sl.

Stefnandi er Hjúkrunarfélag Íslands, nnr. 4185-9849, Suðurlandsbraut 22, Reykjavík.

Stefndi er borgarstjórinn í Reykjavík, Austurstræti 16, Reykjavík, f.h. Reykjavíkurborgar, nnr. 7307-1127.

Dómkröfur stefnanda eru þessar:

1. Að viðurkennt verði með dómi, að hjúkrunarfræðingar, sem eru félagsmenn stefnanda og starfa á barnadeild heilsuverndarstöðvarinnar við Barónsstíg í Reykjavík, taki laun einum launaflokki ofar en ella vegna ákvæðis 2. mgr. 3. gr. kjarasamnings aðila frá 30. apríl 1987.
2. Að stefnanda verði tildæmdur málskostnaður skv. mati dómsins.

Dómkröfur stefnda eru þessar:

Að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda og tildæmdur hæfilegur málskostnaður úr hendi hans að mati réttarins.

I.

Stefnandi lýsir málavöxtum þannig:

Hinn 24.3.1987 gerðu fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, launamálanefnd Reykjavíkurborgar f.h. borgarsjóðs og yfirstjórn f.h. sjálfseignarstofnunarinnar St. Jósefsspítala annars vegar og Hjúkrunarfélags Íslands hins vegar kjarasamning með venjulegum fyrirvara. Samningurinn var felldur í almennri atkvæðagreiðslu félaga HFÍ hjá Reykjavíkurborg. Þann 30.4. 1987 náðist nýr kjarasamningur milli aðila, og var hann samþykktur í atkvæðagreiðslu félagsmanna í HFÍ og staðfestur af borgarráði. Gildistími kjarasamnings-

ins er til 31.12. 1988. Samningurinn er endurskoðaður 20.5. 1988, en sú endurskoðun hefur ekki þýðingu í þessu máli.

Í 1. mgr. 3. gr. samningsins er starfsheitum hjúkrunarfræðinga raðað í launaflokka. Í 2. mgr. sömu greinar segir síðan:

„Hjúkrunarfræðingar, aðstoðardeildarstjórar og deildarstjórar við störf á öldrunardeild, gjörgæsludeild, geðdeild, barnadeild, krabbameinsdeild og blóðskilun taki laun einum launaflokki ofar en ella. Sama gildir um heimahjúkrun á vegum Reykjavíkurborgar."

Stefndi rekur heilsuverndarstöð Reykjavíkur við Barónsstíg. Á heilsuverndarstöðinni er sérstök barnadeild. Á þeirri deild starfar deildarstjóri, sem er BS-menntaður hjúkrunarfræðingur og félagi í Félagi háskólamenntaðra hjúkrunarfræðinga. Þá starfa á barnadeildinni 7 hjúkrunarfræðingar, sem eru félagar í HFÍ, þar af 6 með svokallað sérleyfi.

Að gerðum kjarasamningi aðila í apríl 1987 fengu allir ofangreindir hjúkrunarfræðingar hækkun um einn launaflokk vegna starfa á barnadeild, þ.m.t. deildarstjórinn, sem er félagi í FHH. Reyndar voru laun þeirra hjúkrunarfræðinga í HFÍ, sem hafa sérleyfi, lækkuð um einn launaflokk á sama tíma, þar sem hætt var að meta sérleyfið til eins launaflokks.

Það var því í reynd einungis hjá BS-hjúkrunarfræðingum og hjúkrunarfræðingum án sérleyfis, sem hækkunin kom fram.

Í lok desember voru hjúkrunarfræðingar án sérleyfis á barnadeildinni hækkaðir um einn launaflokk. Kom sá launaflokkur til útborgunar í fyrsta sinn í janúar 1988. Deilan í máli þessu snýst um þá ákvörðun stefnda að lækka alla hjúkrunarfræðinga, sem starfa á barnadeild heilsuverndarstöðvarinnar, um einn launaflokk þann 1.02. 1988. Lækkunin náði þó ekki til launa Maríu Guðmundsdóttur BS-hjúkrunarfræðings. Ákvörðunin um þessa lækkun var tekin einhliða af stefnda og án fyrirvara. Ekki hafa verið gefnar skriflegar skýringar á þessari ákvörðun, en hjúkrunarfræðingunum hefur verið sagt, að stefndi telji það mistök, að orðið „barnadeild" hafi slæðst inn í texta 2. mgr. 3. gr. kjarasamningsins og það hafi a.m.k. ekki verið ætlunin, að álag vegna starfa á barnadeild næði til starfa á barnadeild heilsuverndarstöðvarinnar. Þessari afstöðu stefnda hefur verið mótmælt, m.a. í bréfi, dags. 10.6. 1988, en stefndi hefur ekki fengist til þess að breyta afstöðu sinni.

Stefnandi lýsir málsástæðum sínum og lagarökum með þessum hætti:

A. Ekki getur talist vafi á því, að barnadeild heilsuverndarstöðvarinnar við Barónsstíg er barnadeild í skilningi 2. mgr. 3. gr. kjarasamningsins. Sést það m.a. af eftirgreindum staðreyndum:
   1. Almennt er talað um barnadeild heilsuverndarstöðvarinnar. Þessi orðanotkun kemur skýrt fram í bréfum, sem skrifuð eru af embættismönnum stefnda.
   2. Þessi orðanotkun tíðkast hjá stofnuninni sjálfri, sbr. t.d. leiðbeiningarrit frá deildinni og ýmis eyðublöð.
   3. Ársskýrsla heilbrigðisráðs Reykjavíkurborgar fjallar m.a. um starfsemi Heilsuverndarstöðvar Reykjavíkur. Á bls. 17-60 er fjallað um skýrslur deilda. Skýrsla barnadeildar er á bls. 23-42.
   4. Í ráðningarsamningum stefnda og félaga í HFÍ kemur fram, að hjúkrunarfræðingurinn er ráðinn til starfa á „Heilsuverndarstöð Reykjavíkur Barnadeild".
   5. Á launaseðlum kemur fram, að laun eru greidd vegna „Heilbrigðismál Barnad. Heilsuverndarst." Greiðslustaður er tilgreindur „Heilsvst. Barnadeild".
   6. Starfandi er sérstakur hjúkrunardeildarstjóri yfir barnadeildinni.

   Öll framangreind atriði, hvert fyrir sig eða öll saman, leiða til þess, að óhjákvæmilegt er að komast að þeirri niðurstöðu, að um starf á barnadeild sé að ræða. Sé orði í kjarasamningi ætlað að hafa aðra merkingu en þá, sem almenn er, yrði að taka slíkt fram.

B. Telja verður, að Reykjavíkurborg sé skylt að túlka ákvæði í kjarasamningi við félaga í HFÍ með sama hætti og hún túlkar það gagnvart FHH. María Guðmundsdóttir, deildarstjóri barnadeildar, fær greiddan einn launaflokk fyrir störf á barnadeild, en félagar HFÍ fá það ekki.

C. Á því er byggt, að stefnda sé óheimilt að breyta einhliða túlkun kjarasamningsins á miðju samningstímabilinu. Sannað er með framlagningu, að launaseðill greiddur var einn launaflokkur aukalega fyrir starf á barnadeild tímabilið 1.4. 1987 til 1.2. 1988, en þann dag felldi stefndi greiðsluna einhliða niður.

D. Byggt er á þeirri skýru meginreglu um túlkun kjarasamninga,

að þá skuli túlka skv. hinum skráða texta, nema samningsaðilar séu sammála um annað. Þessi regla á örugga stoð í dómi Félagsdóms frá 30.10. 1987 í máli Hins íslenska kennarafélags gegn ríkissjóði.

Hér verður sérstaklega að hafa í huga, að kjarasamningurinn er gerður með þeim hætti, að efni hans er borið undir atkvæði félagsmanna í HFÍ, sem fæstir koma nokkuð nærri sjálfri samningsgerðinni. Afstaða manna í slíkri atkvæðagreiðslu mótast af texta samningsins, eins og hann verður lesinn og skilinn eðlilegum skilningi. Af þessu leiðir, að sá skýringarkostur að leita að vilja þeirra, sem tóku þátt í samningsgerðinni sjálfri, er síður nothæfur við túlkun kollektívra samninga. Hér skal bent á, að félagar HFÍ, sem starfa hjá stefnda, felldu samninginn frá 24.3. í atkvæðagreiðslu, en samþykktu samninginn frá 30.4. Hið umdeilda atriði er hluti af breytingunni milli samninganna.

II.

Stefndi bendir á, að mál þetta snúist um skilning á kjarasamningi, sem verði ekki skýrður, nema upplýst séu atvik öll við gerð hans, þ. á m. aðdragandi og tilgangur. Hann telur atvikalýsingu stefnanda ófullkomna og bætir þessu við:

Hér skipta *fjórir* kjarasamningar við hjúkrunarfræðinga máli:

1. Samningur 24. mars 1987.

Aðilar þessa samnings eru fjórir, ríkið, Reykjavíkurborg, Landakotsspítali og Hjúkrunarfélag Íslands (HFÍ).

Við atkvæðagreiðslu í HFÍ fór svo, að hjá ríkinu samþykktu hjúkrunarfræðingar þennan samning, en felldu hann hjá Reykjavíkurborg og Landakoti.

2. Samningur 14. apríl 1987.

Meðan ósamið var hjá Reykjavíkurborg og Landakoti, gerðist það, að ríkið gerði kjarasamning við Félag háskólamenntaða hjúkrunarfræðinga. Það félag kemur hvorki við Reykjavíkurborg né Landakot, og komu fulltrúar þessara aðila hvergi nærri þessari samningsgerð.

3. Samningur 30. apríl 1987.

Ofangreindan dag komu saman til samningaviðræðna í húsnæði fjármálaráðuneytisins að Borgartúni 6 fulltrúar HFÍ, Reykjavíkurborgar, Landakots og ríkisins. Viðræður þessar leiddu til samkomulags um nýjan kjarasamning, sem undirritaður var af fulltrúum HFÍ, Reykjavíkurborgar og Landakots.

Hér er ástæða til að nefna tvennt, sem einkennir samning þennan:

a. Í hann eru tekin upp orðrétt ákvæði úr samningi ríkisins við Fél. háskólam. hjúkrunarfræðinga frá 14. apríl.
b. Í samningnum eru ýmis atriði, sem eingöngu eiga við hjá ríkinu, en varða hvorki Reykjavíkurborg né Landakot.

4. Samningur ríkisins og HFÍ 18. maí 1987.

Loks gerðist það, að ríkið og HFÍ undirrituðu nýjan samning 18. maí. Er hann í aðalatriðum samhljóða samningi HFÍ við Reykjavíkurborg og Landakot frá 30. apríl.

Ágreiningsefni þessa máls er það, hvort orðið „barnadeild" í 2. mgr. 3. gr. samnings aðila frá 30. apríl 1987 feli það í sér, að samið hafi verið um sérstaka launaflokkshækkun þeirra hjúkrunarfræðinga, sem vinni við ungbarnaeftirlit á Heilsuverndarstöð Reykjavíkur. Að dómi stefnda er útilokað, að um þetta hafi verið samið, eins og hér mun rakið.

Þess er fyrst að geta, að orðið barnadeild eitt sér hefur nákvæmlega enga merkingu hjá Reykjavíkurborg. Samkvæmt 19. gr. l. nr. 59/1983 um heilsugæslu er ungbarna- og smábarnavernd ein grein heilsuverndar, sem heilsugæslustöðvar eiga að annast. Hvergi í lögum, kjarasamningum eða daglegu máli er að finna lýsingu eða skilgreiningu á þessu verkefni, og gengur þessi þáttur heilsuverndar undir mörgum nöfnum í opinberum gögnum, eins og mörg framlögð dæmi sýna.

Á þeim sést, að það nær engri átt að grípa orðið barnadeild samhengis- og skýringarlaust í kjarasamningi og ákveða, að í því felist svo undarlegt nýmæli sem það, að örfáir starfsmenn á einum vinnustað eigi að fá kauphækkun, en engir aðrir, sem sömu störf vinna samkvæmt sama samningi og raunar tveimur öðrum samhljóða samningum. Til þess að komast að þeirri niðurstöðu yrði efni og orðalag samningsins að vera skýrt og ótvírætt og framkvæmanlegt af viti í slíkum skilningi. Hér er því ekki að heilsa. Stefnandi byggir á orðinu barnadeild *og engu öðru.* Það er af og frá, að þetta orðalag sé fortakslaust og ekki heil brú í því að skýra það svo, að það eigi við hjúkrunarfræðinga á einni heilsugæslustöð, en ekki öðrum. Gildir einu, hvort þær heilsugæslustöðvar eru reknar af Reykjavíkurborg, ríkinu eða öðrum, því að þetta orð, barnadeild, er að finna með sama hætti í öllum samningum hjúkrunarfræðinga. Ríkið greiðir 29 hjúkrunarfræðingum laun á heilsugæslustöðvum í

Reykjavík og á Seltjarnarnesi, og ríkir undarleg þögn um, að þar eigi að greiða sömu laun fyrir sömu vinnu og hjá einni barnadeild hjá borginni.

Útilokað er, að gerður hefði verið kjarasamningur þess efnis, sem stefnandi heldur fram, án þess að samningsaðilar hefður rætt það sérstaklega og ýtarlega sín á milli og væntanlega á grundvelli kröfugerðar í þá átt. Raunveruleikinn er hins vegar sá, að engin slík kröfugerð kom fram og að á barnadeild Heilsuverndarstöðvarinnar í Reykjavík var aldrei minnst í samningaviðræðum aðila hinn 10. apríl 1987.

En það er ekki einungis svo, að skýring stefnanda á orðinu barnadeild í kjarasamningnum sé úr tengslum við raunveruleikann. Við blasir önnur skýring, eðlileg og sjálfsögð og í fullu samræmi við gang allra samningaviðræðna við hjúkrunarfræðinga og efni samninganna.

Í samningnum frá 24. mars 1987 er ótvírætt verið að fjalla um störf á sjúkrahúsum, þegar talin eru upp störf á sérdeildum, sem njóta eiga flokkshækkunar. Með skýru og óyggjandi orðalagi er svo bætt við „heimahjúkrun á vegum Reykjavíkurborgar", og fer þar ekki á milli mála, hvað við er átt.

Það, sem gerist næst, er samningur ríkisins við háskólamenntaða hjúkrunarfræðinga. Þar er þetta samningsákvæði umorðað og við upptalingu deilda bætt störfum við þrjár sérdeildir sjúkrahúsa, *barnadeild, krabbameinsdeild og blóðskilun.*

Það er nákvæmlega þetta samningsákvæði, sem óbreytt og umræðulaust er tekið upp í samninginn frá 30. apríl. Og ekkert er auðveldara en að sjá, hvers vegna það er gert.

Sömu samningsaðilar og sömdu 24. mars sitja við samningaborð. Búið er að semja við háskólamenntaða hjúkrunarfræðinga hjá ríkinu um þessar sérdeildir, og öllum er ljóst, að semja þarf við hjúkrunarfræðinga í HFÍ hjá ríkinu í kjölfar samninga Reykjavíkurborgar og Landakots. Allur samningurinn frá 30. apríl ber merki þessa samhengis. Bersýnilega er verið að gera heildarsamning ríkisins, Reykjavíkurborgar og Landakots við HFÍ, og kemur það fram í því, að ýmis samningsákvæði varða hvorugan þann vinnuveitanda, sem undirritar samninginn.

Rökrétt framhald af öllu þessu er svo samningur ríkisins og HFÍ 18. maí, þar sem samið er með sama orðalagi um allt þetta efni,

þ. á m. barnadeild og raunar flest annað, sem um var samið 30. apríl.

Enginn vafi er á því, hvað átt er við með barnadeild í öllum þessum samningum. Það merkir sérdeild (legudeild) á sjúkrahúsi (þ. á m. Landakoti) og millilending orðsins í samningi, sem Reykjavíkurborg gerði með þeim hætti, sem hér hefur verið lýst, hefur enga aðra merkingu, allra síst svo óskýra og langsótta sem stefnandi heldur fram.

Tilefni þessa dómsmáls er alls ekki kjarasamningur aðila, heldur mistök óreynds starfsmanns launadeildar Reykjavíkurborgar við úrvinnslu hans. Mistökin voru afleit og eiga ekki að koma fyrir, en þau fela ekki í sér nýjan kjarasamning. Samningur um kaup og kjör eru vandmeðfarnir og auðvelt að misskilja þá í dagsins önn, einkum þegar miklar breytingar eiga sér stað eins og í þetta skipti. Fleiri en umræddur starfsmaður launadeildar virðast hafa átt erfitt með að skilja þessa samninga rétt. Má þar nefna heilbrigðisráðuneytið, sbr. bréf, dags. 6. júlí 1987, og lögmann stefnanda, sem í stefnu talar um „lækkun um launaflokk", þegar allir fengu hækkun.

Sérstök ástæða er til að vekja athygli á viðbrögðum aðila, einkum fulltrúa HFÍ, eftir að mistökin hjá borginni komu í ljós. Vísast um það til fundargerðar samstarfsnefndar ríkisins og HFÍ frá 14. okt. 1987. Í 10. lið er þar fjallað um bréf frá Heilsugæslustöðinni á Akureyri, þar sem farið er fram á launaflokkshækkun „vegna starfa á sérdeildum skv. upptalningu í 2. mgr. 3. gr. kjarasamnings aðila frá 18.5. 1987". Þetta er sama ákvæðið og hjá Reykjavíkurborg, og bréfið frá Akureyri varð til þess, að mistökin hjá borginni komu í ljós. En hvað sögðu samningsaðilar ríkisins og HFÍ um skilning á þessu ákvæði? Um það stendur í fundargerðinni:

„Með 2. mgr. 3. greinar hefur hingað til ætíð verið átt við störf á sjúkrahúsum."

Í fundargerð starfskjaranefndar Reykjavíkurborgar frá 10. mars 1988, 4. mál, eru bókaðar umræður um þetta ákvæði, en engin efnisleg afstaða fulltrúa HFÍ kemur þar fram.

Loks er þetta mál rætt á ný í samstarfsnefnd ríkisins og HFÍ 2. maí 1988 að viðstöddum fulltrúum Reykjavíkurborgar. Fundargerð nefndarinnar er á dskj. nr. 29, og er þetta 6. liður hennar. Þar segir m.a.:

„Það er sameiginleg túlkun ríkisins og Reykjavíkurborgar, að frá upphafi hafi eingöngu verið átt við deildir á sjúkrahúsum, og er því ekki mótmælt af HFÍ."

Rétt er að hafa í huga varðandi samninga hjúkrunarfræðinga almennt, að ríkið er ekki einungis langstærsti viðsemjandi þeirra og forystuaðili um alla samningsgerð, heldur greiðir það einnig mestan hluta kostnaðar við sjúkrahús og heilsugæslu annarra aðila. Samningar annarra eru því oftast einföld umorðun á samningum ríkisins. Í þessu ljósi verður að skoða samninginn frá 30. apríl 1987. Við bætist, að samkvæmt þágildandi lögum átti ríkið að taka við heilsugæslunni í Heilsuverndarstöð Reykjavíkur í árslok. Liggur í augum uppi, hve óeðlilegt það hefði verið við þessar aðstæður, ef samningamenn ríkisins hefðu tekið þátt í að skapa það einkennilega samningsafbrigði á Heilsuverndarstöð Reykjavíkur, sem stefnandi telur, að gert hafi verið.

Við túlkun kjarasamninga sem og annarra samninga skiptir máli að finna, hver var vilji aðila við samningsgerðina. Sá vilji ræður alveg, þótt hann sé ekki í samræmi við orðalag. Ekki skiptir síður máli að finna út, hvað samningsaðilar höfðu í huga, ef merking orða orkar tvímælis. Þá gildir að skoða samningsgerðina í heild, efni hennar og tilgang. Vafaatriði verður að skýra í samræmi við önnur ákvæði, svo að niðurstaðan verði skynsamleg og framkvæmanleg, oft um langa framtíð. Hið umdeilda samningsákvæði í þessu máli er undantekningarregla um röðun hjúkrunarfræðinga í launaflokka, sem skylt er að skýra þröngt samkvæmt almennum skýringarreglum kjarasamninga. Samningsákvæði geti eftir orðanna hljóðan og almennum skilningi leitt til niðurstöðu, sem sé langt frá því, sem samningsaðilar hafi haft í huga. Skýringarreglur kveði þá á um, að slíka niðurstöðu beri að forðast, enda hafi samningsaðilar hvorki orðað slíkt né haft í huga. Fræðimenn séu sammála um, að þessar skýringarreglur beri að virða við túlkun kjarasamninga, og í þessu máli sé ljóst, að hvorki hafi verið nefnt né haft í huga, að barnadeild Heilsuverndarstöðvarinnar í Reykjavík félli undir upptalninguna í 2. mgr. 3. gr. kjarasamningsins.

III.

Ágreiningur málsaðila snýst um það, hvort barnadeild Heilsuverndarstöðvarinnar við Barónsstíg í Reykjavík sé barnadeild í skilningi 2. mgr. 3. gr. kjarasamnings aðila frá 3. apríl 1987.

Í 1. mgr. nefndrar 3. gr. kjarasamnings aðila er starfsheitum hjúkrunarfræðinga raðað í launaflokka.

2. mgr. 3. gr. hljóðar svo:

„Hjúkrunarfræðingar, aðstoðardeildarstjórar og deildarstjórar við störf á öldrunardeild, gjörgæsludeild, geðdeild, barnadeild, krabbameinsdeild og við blóðskilun taki laun einum launaflokki ofar en ella. Sama gildir um heimahjúkrun á vegum Reykjavíkurborgar."

Óumdeilt er, að barnadeild Heilsuverndarstöðvar Reykjavíkur er eina barnadeildin á vegum stefnda, Reykjavíkurborgar. Telja verður því, að orðið „barnadeild" í kjarasamningi aðila vísi til þeirrar deildar, enda er ekkert, sem bendir afdráttarlaust til þeirrar skoðunar stefnda, að upptalninguna í 2. mgr. 3. gr. samningsins hafi átt að einskorða við legudeildir á sjúkrahúsum. Ber því að taka kröfur stefnanda til greina.

Rétt þykir, að hvor aðili beri sinn málskostnað.

Dómsorð:

Hjúkrunarfræðingar, sem eru félagsmenn stefnanda, Hjúkrunarfélags Íslands, og starfa á barnadeild Heilsuverndarstöðvarinnar við Barónsstíg í Reykjavík, taki laun einum launaflokki ofar en ella vegna ákvæðis 2. mgr. 3. gr. kjarasamnings aðila frá 30. apríl 1987.

Málskostnaður fellur niður.

Sératkvæði
Magnúsar E. Guðjónssonar og Björns Helgasonar.

Þegar litið er til aðdraganda að gerð kjarasamnings stefnanda og stefnda, dags. 30. apríl 1987, eins og honum er lýst í skjölum málsins, og haft er í huga það misræmi, sem túlkun meiri hluta dómenda myndi valda í kjörum félagsmanna stefnanda, þykir eðlilegt að túlka orðið „barnadeild" í 2. mgr. 3. gr. téðs samnings þannig, að með því sé eingöngu átt við barnadeildir sjúkrahúsa, enda er sams konar ákvæði í kjarasamningi fjármálaráðherra og stefnanda ómótmælt túlkað á þann veg. Barnadeild Heilsuverndarstöðvarinnar við Barónsstíg í Reykjavík telst ekki vera deild á sjúkrahúsi. Ber því að sýkna stefnda af kröfum stefnanda í máli þessu. Málskostnaður falli niður.

Þriðjudaginn 20. desember 1988.

Nr. 7/1988. **Vinnuveitendasamband Íslands**
f.h. Flugleiða h/f
(Hrafnhildur Stefánsdóttir cand.jur.)
gegn
Alþýðusambandi Íslands
f.h. Flugfreyjufélags Íslands
(Arnmundur Backman hrl.).

Kjarasamningur. Friðarskylda. Flugfreyjur. Sératkvæði.

Dómur Félagsdóms.

Mál þetta dæma Garðar Gíslason, Björn Helgason, Jónas Gústavsson, Jón Þorsteinsson og Gunnar Guðmundsson.

Málið, sem tekið var til dóms 6. þ.m., er höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu birtri 11. nóvember sl.

Stefnandi er Vinnuveitendasamband Íslands, Garðastræti 41, Reykjavík, f.h. Flugleiða h/f, Reykjavíkurflugvelli, Reykjavík.

Stefndi er Alþýðusamband Íslands, Grensásvegi 16, Reykjavík, f.h. Flugfreyjufélags Íslands, Borgartúni 22, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þessar:

1. Að ákvörðun Flugfreyjufélags Íslands að fella niður sölu tollfrjáls varnings um borð í flugvélum Flugleiða, sem tók gildi 13. október sl., verði dæmd brot á kjarasamningi Flugfreyjufélags Íslands og Flugleiða h/f og því ólögmæt.
2. Að stefnanda verði tildæmdur málskostnaður að skaðlausu úr hendi stefnda.

Dómkröfur stefnda eru þessar:

Að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og tildæmdur málskostnaður að skaðlausu úr hendi hans.

I.

Stefnandi kveður málavexti vera þá, að milli Flugfreyjufélags Íslands og Flugleiða h/f sé í gildi kjarasamningur um kaup og kjör flugfreyju/flugþjóna frá 30. júní 1987, en sá samningur hafi verið framlengdur með bráðabirgðalögum 14/1988 og gildi til 15. febrúar 1989, sbr. 15. gr. bráðabirgðalaga 83/1988.

Í 1. grein fyrrgreinds kjarasamnings sé kveðið á um störf og skyldur, og hljóði grein 01-1 þannig:

„Verkefni flugfreyju eru að inna af hendi þau störf, sem nauðsynleg eru, til þess að sem best megi fara um farþega félagsins, og gera þeim ferðina sem ánægjulegasta, gæta öryggis þeirra, annast alla framreiðslu í flugvélum og sölu varnings."

Þá segir í grein 01-9:

„Fyrsta flugfreyja hefur umsjón með sölu varnings um borð og ber að skila uppgjöri fyrir seldan varning til félagsins."

Ákvæðið um skyldu til sölu varnings hafi verið í samningum flugfreyja frá því fyrir 1960 og sé ásamt ákvæðinu um umsjón og ábyrgð fyrstu freyju óbreytt frá samningi þeirra 1966. Greiðslum til flugfreyja vegna sölunnar hafi þá verið hagað þannig, að fyrstu og annarri freyju hafi verið greidd árleg upphæð vegna kostnaðar við uppgjör.

Flugfreyjur hafi selt varning um borð í flugvélum flugfélaganna þar til 1970, að flugfélögin ákváðu að hætta sölu, því að komið var upp fríhöfn fyrir farþega, sem koma til landsins. Engar takmarkanir á þessar starfsskyldur hafi komið inn í kjarasamning, enda hafi hér verið um einhliða ákvörðun flugfélaganna að tefla.

Við breyttar aðstæður hafi komið fram áhugi á að taka þessa þjónustu upp á ný, og hafi þá verið samið við flugfreyjur um endurgjald/sölulaun og um samráð um framkvæmd, áður en sala yrði hafin á nýjan leik. Þetta hafi verið gert með eftirfarandi yfirlýsingu með kjarasamningi 11. júní 1986:

„Flugfreyjur lýsa sig reiðubúnar til þess að annast sölu varnings um borð í flugvélum félagsins, enda verði vandað til undirbúnings, vinnuaðstöðu komið í viðunandi horf og framkvæmd sölunnar gerð möguleg.

Flugfreyjur eru nú þegar tilbúnar til að annast sölu varnings um borð í leiguferðum og í flugi á Fokker-flugvélum félagsins til Færeyja, Skotlands og Grænlands.

Þóknun skal vera 10% af sölu og skiptist jafnt á milli flugfreyja/flugþjóna, er annast sölu á viðkomandi flugi.

Við undirbúning og framkvæmd fyrirhugaðrar sölu um borð verður haft fullt samráð við fulltrúa FFÍ og ofannefnd samþykkt háð því, að hann telji úrbætur viðunandi og fyrirkomulag framkvæmanlegt".

Fyrrgreind yfirlýsing hafi þannig miðast við samráð um fyrirkomulag við upptöku sölustarfseminnar. Það hafi verið gert, og séu

niðurstöður þessa samráðs staðfestar með bréfum forstjóra Flugleiða frá 25. apríl og 6. júlí sl. Í fyrra bréfinu hafi verið lýst vilja til að endurskoða afstöðuna til fjölda flugfreyja um borð í ljósi reynslunnar. Með síðara bréfinu hafi í framhaldi af þeirri reynslu, sem komin var á, frá því að salan hófst þann 1. maí, verið staðfest, að félagið viðurkenni, að þau atvik geti skapast, að ekki sé unnt í einstökum ferðum að framkvæma sölu samhliða annarri þjónustu og 1. freyjum treyst til að meta það. Fyrirkomulagi söluþóknunar hafi einnig verið breytt nokkuð og staðfest, að félagið myndi endurskoða allt fyrirkomulag sölunnar og annarrar þjónustu um borð með tilliti til sölunnar u.þ.b. 6 vikum eftir, að salan hæfist, og að samráð yrði haft við FFÍ.

Við þessi fyrirheit hafi verið staðið og salan verið rædd á fundum með Flugfreyjufélaginu þann 13. júlí og 23. ágúst, þar sem fram hafi komið ábendingar og tillögur, sem reynt hafi verið að fara eftir, en engin bein óánægja né kröfur um meiri háttar breytingar eða gagngera endurskoðun.

Þann 19. september hafi FFÍ síðan skrifað félaginu bréf um kjaramál. Í bréfinu sé vísað til fundar með félaginu þann 6. sept., þar sem kröfum FFÍ um launahækkanir hafi verið vísað frá. Framkoma forsvarsmanna Flugleiða gagnvart FFÍ í kjaramálum er síðan harðlega átalin og því lýst yfir, að FFÍ muni ekki sætta sig við þær málalyktir, að flugfreyjur og flugþjónar hjá Flugleiðum hafi ekki notið sömu kjarabóta og aðrir flugliðar í landinu.

Næst hafi það gerst, að FFÍ hafi með bréfi, dags. 3. október sl., þar sem vísað sé til vanefnda á 3. gr. í yfirlýsingu forstjóra, sent félaginu samþykkt félagsfundar Flugfreyjufélagsins frá 29. september um, að flugfreyjur og flugþjónar Flugleiða muni láta af sölu tollfrjáls varnings um borð í flugvélum félagsins frá og með 10. október nk. sökum aukins álags vegna vinnu, sem sé sölunni samfara.

Af því tilefni var haldinn fundur með fulltrúum FFÍ þann 7. október. Af hálfu FFÍ hafði því verið haldið fram, að samráð hefði ekki verið nægilegt, og lesnar upp þrjár almennar kröfur þess efnis, að hraðað yrði lagfæringu á aðstöðu um borð í vélunum, að fjölgað yrði flugfreyjum um borð og að gengið yrði að kröfum þeirra um launahækkanir. Launaatriðunum hafi verið hafnað með vísan til bráðabirgðalaga og tekið fram, að fjöldi flugfreyja um borð væri

ekki samningsatriði, heldur fylgdi því þjónustustigi, sem félagið ákvæði að hafa um borð í flugvélum sínum. Hins vegar hafi félagið lýst sig reiðubúið til þess að ræða allar kröfur varðandi aðstöðu um borð. FFÍ hafi hins vegar haldið fast við, að ræða yrði allar kröfur sínar, jafnt launakröfur sem aðrar.

Annar fundur með FFÍ hafi síðan verið haldinn þann 10. október, þar sem fjallað hafi verið um sölumál.

Hótun FFÍ hafi Flugleiðir svarað þann 12. október og vísað til þess samráðs, sem átt hafi sér stað við FFÍ, jafnframt því sem lýst hafi verið yfir vilja til samstarfs og samráðs um það, sem betur mætti fara, í trausti þess, að sölu yrði haldið áfram, svo sem samkomulag væri um.

Þá hafi stjórn FFÍ hafnað tilmælum félagsins með bréfi daginn eftir, þann 13. október, og ítrekað fyrri yfirlýsingu um, að sölu yrði hætt. Tekið hafi verið fram, að kjarasamningar hafi verið lausir, þegar salan hófst, en stjórn FFÍ hafi beitt sér fyrir því, að hún hæfist, í trausti þess, að það greiddi fyrir í komandi kjarasamningum, en allar viðræður um sölu- og kjaramál hafi síðan reynst árangurslitlar.

Flugfreyjur hafi síðan í samræmi við ákvörðun FFÍ hætt sölu varnings þann 13. október.

Flugleiðir hafi í bréfi þann 20. október tekið fram, að kostað hafi verið kapps um að halda góðu sambandi við flugfreyjur og félagið hafi því, þrátt fyrir skýr ákvæði 1. greinar í kjarasamningi aðila um, að sala varnings um borð sé þáttur í starfsskyldum flugfreyja, teygt sig til sérstaks samkomulags, áður en sala hafi hafist sl. vor. Jafnframt hafi því verið mótmælt, að félagið hafi hafnað kröfum FFÍ um viðræður um hagsmunamál félagsmanna þess og að félagið hafi vanefnt loforð forstjóra um endurskoðun samkomulagsins. Búnaður flugvéla félagsins hafi síst versnað frá því, sem var á síðastliðnu vori, og geti það því ekki verið forsenda þess, að starfsmenn sinni ekki tilteknum störfum sínum. Eftir standi því kjarakrafan ein, og hún geti með engu móti, eins og ástatt sé, réttlætt stöðvun á sölu tollfrjáls varnings um borð í vélum félagsins. Það er síðan ítrekað, að félagið líti svo á, að FFÍ eigi enga lagaheimild til að hlutast til um stöðvunina. Þessi þjónusta sé þáttur í þeim starfsskyldum, sem flugfreyjur/flugþjónar hafa ráðið sig til.

Í svari FFÍ frá 24. október hafi því nú verið haldið fram, að bæði

félögin hafi túlkað 1. grein kjarasamnings aðila á þann hátt, að sala varnings um borð væri ekki að óbreyttu þáttur í starfsskyldum flugfreyja, og þyrftu sérstakir samningar því að koma til, og er í því sambandi vísað til yfirlýsingarinnar með kjarasamningum frá júní 1986 og bréfs forstjóra frá 6. júlí sl. Um sé að ræða spurningu um vinnuálag, en ekki kröfu um upptöku kjarasamninga.

Með bréfi, dags. 3. nóvember, hafi Flugleiðir síðan skorað á FFÍ og stjórn þess að endurskoða afstöðu sína til málsins og afturkalla fyrir kl. 17.00 föstudaginn 4. nóvember bann sitt við því, að félagsmenn þess sinni umræddum starfsskyldum, að öðrum kosti verði farið með málið fyrir dómstóla. Við þessari áskorun hafi FFÍ ekki orðið.

Í framhaldi af því tilkynnti FFÍ með bréfi, dags. 8. nóvember, að ekkert nýtt hefði komið fram í málinu, er breytti afstöðu félagsins.

Málsástæður og lagarök.

Í máli þessu, sem stefnandi tjáir höfðað á grundvelli 2. tl. 1. mgr. 44. gr. l. nr. 80/1938, sbr. 8. gr. sömu laga, byggir hann kröfugerð sína á því, að bann Flugfreyjufélags Íslands við sölu tollfrjáls varnings um borð í flugvélum Flugleiða feli í sér samningsrof á gildandi kjarasamningi og sé þar með ólögmætt.

Í 1. gr. kjarasamnings aðila sé sala varnings beinlínis talin meðal starfsskyldna flugfreyja. Þá sé umsjón sölunnar og skil á uppgjöri talin ein af starfsskyldum fyrstu freyju. Með þessum ákvæðum kjarasamningsins sé ótvírætt lögð vinnuskylda á herðar flugfreyja, að því er varðar sölu tollfrjáls varnings um borð í flugvélum, sé ekki um annað samið eða sérstök tilvik leiði til frávika.

Niðurfelling sölu varnings um borð hafi á sínum tíma ekki átt sér aðdraganda í samskiptum við flugfreyjur og ekki falið í sér neina breytingu á vinnuskyldum þeirra, enda hafi fyrrgreind ákvæði kjarasamningsins staðið áfram óbreytt. Engar kröfur hafi heldur verið bornar fram af hálfu Flugfreyjufélagsins í þá veru.

Yfirlýsingin með kjarasamningnum frá 11. júní 1986 hafi að öllu leyti miðast við samráð um fyrirkomulag við upptöku sölustarfseminnar, þannig að vinnuaðstöðu yrði komið í viðunandi horf og framkvæmd gerð möguleg, jafnframt því, sem samið hafi verið um greiðslur vegna sölunnar. Með yfirlýsingunni hafi beinlínis verið áréttað, að um starfsskyldu væri að ræða, svo fremi sem aðstaða

yrði sköpuð um borð í vélunum. Vinnuskylda samkvæmt kjarasamningi hljóti ávallt að lúta þeim almennu takmörkunum, að vinnan sé framkvæmanleg. Í yfirlýsingunni geti því ómögulega falist viðurkenning á því af hálfu félagsins, að flugfreyjur hafi ekki þegar verið skuldbundnar samkvæmt 1. grein kjarasamningsins til þess að inna þessi störf af hendi. Yfirlýsingunni hafi verið ætlað að undirstrika vilja til góðs samstarfs við Flugfreyjufélagið um undirbúning þess, að sölunni verði komið á. Sá fyrirvari, sem gerður sé í yfirlýsingunni, að samþykktin sé háð því, að fulltrúi FFÍ telji úrbætur viðunandi og fyrirkomulag framkvæmanlegt, lúti þannig alveg og einvörðungu að upptöku þessarar starfsemi, en veiti Flugfreyjufélaginu fráleitt heimild til að stöðva sölu um borð í þeim flugvélategundum og á þeim leiðum, þar sem hún sé þegar hafin.

Þá felist fráleitt í 3. gr. yfirlýsingar forstjóra frá 6. júlí sl. heimild til handa FFÍ eða einstökum félagsmönnum til að leggja niður störf eða hluta starfa, þótt endurmat Flugleiða á fyrirkomulagi og framkvæmd leiði ekki til breytinga, sem þessir aðilar kynnu að hafa kosið.

Samkvæmt almennum reglum fellur það undir stjórnunarrétt vinnuveitanda að stýra vinnunni, ákveða fjölda starfsmanna og verkaskiptingu milli þeirra og þá um leið gagn og gæði þeirrar þjónustu, sem látin sé í té. Í yfirlýsingunni um, að Flugleiðir séu reiðubúnar til að endurmeta afstöðu sína til fjölda flugfreyja í ljósi reynslunnar, felist því fyrirheit um, að þessi mál verði skoðuð, en ekki loforð um fjölgun flugfreyja. Slíkt sé háð mati Flugleiða á því, hvaða starfsemi og þjónustu félagið ákveður að halda uppi. Að fenginni reynslu hafi Flugleiðir ákveðið að fjölga ekki flugfreyjum um sinn og horfast í augu við það, að í einstökum ferðum kynni vinnuálag að verða slíkt, að ekki reyndist unnt að veita umrædda þjónustu. Þetta sé áréttað í 1. tl. margnefndrar yfirlýsingar forstjóra.

Þá sé ljóst af bréfaskriftum FFÍ, að bannið við sölunni sé í reynd liður í kjarabaráttu félagsins, ætlað til að knýja á um launakröfur flugfreyja, enda hafi ekki komið fram á samráðsfundum um endurskoðun sölunnar nein meiri háttar óánægja með fyrirkomulag eða kröfur um gagngerðar breytingar.

Samkvæmt reglum vinnuréttar sé það ein af meginskyldum starfsmanna gagnvart vinnuveitanda og mjög rík að inna af hendi þau störf, sem þeir séu ráðnir til, sbr. dóm Félagsdóms frá 17. febrúar

1986. Jafnframt sé hlýðni starfsmanna við lögleg fyrirmæli vinnuveitanda ein af meginskyldum þeirra. Undantekningar frá vinnuskyldunni verði því að túlkast þröngt. Fyrirvarinn í yfirlýsingunni frá 1986 um, að samþykktin sé háð mati fulltrúa FFÍ á úrbótum og fyrirkomulagi, geti því á engan hátt heimilað FFÍ að ákveða einhliða með fundarsamþykkt, að allir félagsmenn leggi niður vinnu að þessu leyti. Sölustarfsemin hafi þegar verið hafin og aðstæður, sem þegar hafi verið metnar fullnægjandi, ekki breyst.

Samþykkt FFÍ um, að flugfreyjur láti af sölu varnings, feli í sér bann við framkvæmd hluta þeirra starfa, sem gildandi kjarasamningur skuldbindi þær til að vinna, og fái ekki samrýmst fyrrgreindum reglum. Með henni og eftirfarandi framkvæmd stjórnar FFÍ hafi félagsmönnum verið fyrirskipað að bregðast hlýðnisskyldu sinni við vinnuveitandann með því að vinna ekki öll þau störf, sem þeir voru ráðnir til og bar að inna af hendi samkvæmt gildandi kjarasamningi aðila, sem Flugfreyjufélagið beri ábyrgð á skv. 8. gr. 1. 80/1938.

Gildandi kjarasamningur bindi báðum aðilum friðarskyldu, og séu vinnustöðvanir, þ.m.t. takmarkaðar vinnustöðvanir eins og greint bann FFÍ, því óheimilar og löglausar.

Stefnandi bendir á, að undir rekstri málsins hafi stefndi að beiðni dómsins lagt fram ljósrit af fundargerð stefnda frá félagsfundi 29. september 1988. Í fundargerð þessari komi skýrt fram, að fjallað hafi verið um gang samningamála og að Arnarflug hafi samið við sitt fólk og að stjórn stefnda hafi sent stefnanda bréf af því tilefni. Síðan segi í fundargerðinni:

„Þá hófust umræður um, hvað til bragðs skyldi tekið til að knýja á um samninga. M.P. stakk upp á því, að hætt yrði að þjóna stjórnklefa og láta aðgerðir bitna á þeim, sem hafa eyðilagt okkar samningsmöguleika. Þessi leið þótti ekki nógu vænleg til árangurs og gæti jafnvel reynst hættuleg. Þá var rætt um að hætta sölu varnings um borð á þeim forsendum, að salan hefði aukið vinnuálagið um of og við hvorki fengið aukinn mannafla né laun fyrir vikið. Tillaga var borin upp af EF svohljóðandi:

Félagsfundur í Flugfreyjufélagi Íslands, haldinn þ. 29. sep. '88, samþykkir, að flugfreyjur og flugþjónar Flugleiða láti af sölu tollfrjáls varnings um borð í flugvélum félagsins frá og með 10. okt. nk., sökum aukins álags vegna vinnu, sem henni er samfara.

Þetta var samþykkt einróma og ákveðið að fela stjórn að semja

bréf með nánari skýringum á þessu, sem senda skyldi með þessu til Flugleiða."

Ekki þurfi því frekar vitnana við, að samþykkt stefnda hafi verið liður í að knýja fram kjarabætur og því brot á gildandi kjarasamningi.

II.

Stefndi lýsir málavöxtum á eftirfarandi hátt:

Í kjarasamningi frá árinu 1966, 1. gr. 1. kafla, kemur fram, að verkefni flugfreyju sé að annast alla framreiðslu í flugvélum og sölu varnings. Á þessum tíma fólst sala varnings annars vegar í sölu á áfengi, tóbaki og spilum, en hins vegar á ýmsum tollfrjálsum vörum, svo sem ilmvötnum, hálsbindum, klútum og fleira. Í 4. gr. 6. kafla þessa kjarasamnings fengu flugfreyjur ákveðið gjald fyrir þessa vinnu vegna kostnaðar við uppgjör.

Í bréfi Flugleiða, dags. 3.11. 1988, bls. 1, greinir frá því, að ákvæði 1. gr. kjarasamnings aðila um sölu varnings hafi verið í kjarasamningi til margra áratuga. Flugfreyjur hafi selt varning í flugvélum Flugfélags Íslands og Loftleiða allt fram til ársins 1970, en þá hafi það orðið að samkomulagi milli flugfélaganna og stjórnvalda, að þessari sölu yrði hætt samtímis, því að komið var upp fríhöfn fyrir farþega, sem kæmu til landsins. Engar takmarkanir á þessum starfsskyldum hafi komið inn í kjarasamning, heldur hafi hér verið um að ræða einhliða ákvörðun flugfélaganna. Það mun vera rétt, að hér var um samkomulag að ræða milli flugfélaganna og stjórnvalda, en eins og fram kemur í bréfi FFÍ 8.11. 1988, þá hafði þessi ákvörðun á árinu 1970 þær afleiðingar, að flugfreyjum um borð í Boeing 727 var fækkað úr 5 í 4. Á CL-44 vélum Loftleiða voru 6 flugfreyjur með 189 farþega, þegar salan fór fram um borð fyrir 1970, en með tilkomu DC 8, flugvélanna var sölunni hætt og flugfreyjufjölda haldið óbreyttum, en farþegafjöldi hækkaði úr 189 í 249 farþega. Það er því rangt, að breytingin 1970 hafi ekki haft nein áhrif. Staðreyndin er sú, að störf þessi voru lögð niður á þessu ári með tilheyrandi sparnaði í fjölda flugfreyja um borð. Allar aðstæður eru óbreyttar síðan. Nú er miklu fullkomnari fríhöfn en áður og flugfreyjufjöldi óbreyttur frá árinu 1970 í öllum aðalatriðum. Hvað sem um ákvæðið í 1. gr. 1. kafla í kjarasamningi aðila má segja að öðru leyti, er augljóst, að forsenda er brostin fyrir þessari svokölluðu vinnuskyldu vegna breyttra aðstæðna. Hér

breytir engu, þótt samsvarandi ákvæði sé í 1. gr. kjarasamnings frá árinu 1986. Sala varnings um borð, þ.e.a.s. annars varnings en áfengis, tóbaks og spila, var ekki ein af starfsskyldum flugfreyja hjá stefnanda á tímbilinu 1970 til 1986. Engin af þeim, sem ráðin hefur verið til þessara starfa hjá stefnda eftir 1970, hefur þurft að sinna þessari starfsskyldu og ekki verið ráðin til hennar, enda hefur kjarasamningurinn frá 1986 engin ákvæði um greiðslur fyrir verkið, hvorki gjald vegna kostnaðar við uppgjör né þóknun fyrir sölu. Reyndar var farið að hreyfa við þessum málum þegar á árinu 1984, sbr. bréf FFÍ 29.2. 1984. Þá mótmæla flugfreyjur aukinni vinnu um borð, nema til komi fjölgun flugfreyja. Mótmæli þeirra voru virt að vettugi hvað varðar svokallaðan „business class" eða „Saga class". Í kjölfar deilunnar um „Saga class" var nýju ákvæði bætt inn í gr. 1.7. í kjarasamningi aðila hinn 15.6.1984, setningunni: „við breytingu á 6. kafla c/a manual (flight passenger service) skal hafa samráð við FFÍ". Ákvæði þetta var tekið inn að gefnu tilefni í því skyni, að breytingar á starfssviði yrðu ekki einhliða teknar upp af hálfu stefnanda. Í flughandbók er nákvæm starfslýsing flugfreyja um borð í flugvélum stefnanda. Í kafla 6.3.3. er fjallað um sölu um borð. Þar er aðeins gert ráð fyrir slíkri sölu í Færeyjaflugi og Grænlandsflugi. Í kafla 6.5.1. á bls. 1, 2 og 3 í sömu bók er vinnulýsing í Boeing- og DC 8-þotum. Þar er hvergi minnst á, að selja skuli varning um borð. Á bls. 4 í kafla 6.5.1. er greint frá Færeyjaflugi og þar gert ráð fyrir sölu um borð. Það skal áréttað, að umræddur manual eða flughandbók er talin geyma starfslýsingu flugfreyja. Bréf FFÍ (ódags.) greinir einnig frá einhliða breytingu stefnanda á umræddum manual, áður en umrætt ákvæði var tekið upp í gr. 1.7. í kjarasamningi. Í bréfi, dags. 18.9.1984, kvarta stefndu enn undan aðbúnaði og gera kröfur til fjölgunar flugfreyja um borð.

Í þessum málum gerist síðan ekkert fyrr en í ársbyrjun 1985, sbr. bréf FFÍ, dags. 7.1. 1985. Þar er frá því greint, að í desember áður hafi tveir fulltrúar stefndu farið til Stokkhólms á vegum stefnanda til að kynna sér sölumál hjá SAS með þeim árangri, að stefndu treystu sér ekki til að annast sölu um borð, nema til kæmu stórkostlegar umbætur á starfsaðstöðunni um borð. Umræðum málsaðila um sölur þessar lauk á því ári með bréfi FFÍ, dags. 22.4. 1985, þar sem því er eindregið hafnað að taka sölu þessa upp á þeim áætlunar-

leiðum, sem um er deilt í þessu máli. Ekkert gerist í sölumálum fyrr en í kjarasamningum hinn 11. júní 1986. Þá er gerð yfirlýsing af hálfu stefndu, sbr. bls. 24, um sölu varnings um borð í flugvélum stefnanda. Þar lýsa stefndu sig reiðubúna til að annast þessa sölu með vissum skilyrðum. Þó er samþykkt að hefja þegar sölu í flugi Fokker-véla til Færeyja, Skotlands og Grænlands. Um sölu á áætlunarleiðum segir hins vegar í niðurlagi yfirlýsingarinnar, að við undirbúning og framkvæmd fyrirhugaðrar sölu um borð verði haft fullt samráð við fulltrúa stefndu og ofannefnd samþykkt háð því, að hann telji úrbætur viðunandi og fyrirkomulagið framkvæmanlegt. Það skal áréttað, að í kjaraviðræðum 1986 og í kjölfar kjarasamninganna var ekkert aðhafst af hálfu stefnanda til að koma á umræddri sölu í áætlunarflugi. Málið lá óhreyft og engir tilburðir af hálfu stefnanda til að bæta aðbúnað um borð í samræmi við yfirlýsinguna.

Um haustið 1986 hóf stefnandi að hreyfa sölumálum á ný. Óskað var eftir því við stefnda, að gerð væri tilraun með sölu í áætlunarflugi. Einn fulltrúi stefnda tók þátt í slíkri tilraun. Farnar voru tvær ferðir og tilgangur þeirra að reyna, hvort hægt væri að framkvæma sölu við óbreyttar aðstæður og hvað þyrfti að gera til lagfæringa. 12. janúar 1987 var að beiðni stefnanda haldinn félagsfundur stefnda um sölumál og til að ræða um reynsluna af tilraununum. Fulltrúi stefnanda sótti þennan fund. Bæði sjónarmið voru kynnt, sbr. fundargerð félagsfundar stefnda frá þessum degi. Eins og fram kemur í bréfi 3.1. 1987, hafnaði félagsfundur stefnda beiðni stefnanda um að hefja sölu varnings til reynslu, þar sem ekki hafði verið farið að kröfum stefnda um aukinn fjölda flugfreyja. Eftir þetta bréf var ekkert minnst á sölumál í áætlunarflugi allt það ár. Í bréfi 15.11. 1987 lýsa stefndu hins vegar yfir óánægju sinni með aðbúnað á ný.

Sérstakt ráðgjafarfyrirtæki frá Boston mun hafa unnið að rekstrarathugun hjá stefnanda á árinu 1987 og m.a. gert þá tillögu í árslok þess árs, að hafin væri sala um borð í áætlunarflugi. Stefnandi mun hafa skipað nefnd í málið milli jóla og nýárs til að hrinda þessum sölumálum í framkvæmd. Ekkert samráð var haft við stefndu vegna þessa, sbr. bréf 11.1. 1988, þar sem því er mótmælt, að söluundirbúningur virðist vera vel á veg kominn í janúar 1988 án nokkurs samráðs, og minnt á yfirlýsingu í kjarasamningnum.

Samráð var þá tekið upp milli aðila. Á tímabilinu 11. janúar 1988 til 15. apríl voru haldnir nokkrir fundir með fulltrúum málsaðila. Á þeim fundum gerðu stefndu stöðugt það skilyrði fyrir sölu um borð, að flugfreyjum yrði fjölgað og vinnuaðstaða bætt. Árangur varð enginn, sbr. bréf 15.4. 1988, sem greinir frá ályktun félagsfundar stefnda frá 14. apríl. Þar er sú krafa áréttuð, að nauðsynlegt sé að fjölga flugfreyjum um borð vegna aukins álags við sölu. Bréfinu er svarað með bréfi stefnanda 25.4. 1988. Þar lýsir stefnandi því yfir að vera reiðubúinn til að endurskoða afstöðu sína til fjölda flugfreyja um borð í ljósi reynslunnar. Eins og kemur fram í bréfi FFÍ 28.4. 1988, náðist hins vegar engin niðurstaða í þessi mál. Á fundi málsaðila hinn 27. apríl neitaði stefnandi endanlega málaleitun stefnda um að bæta við flugfreyjum, en hafði jafnframt ákveðið að taka upp sölu á þessum varningi hinn 1. maí nk. Stefndi lýsir því hins vegar í bréfinu, að félagsmenn muni ekki að óbreyttu hefja þessa sölu. Stefndu töldu sig réttilega í fullum rétti til að neita þessu starfi, enda ljóst af margnefndri yfirlýsingu, að framkvæmd fyrirhugaðrar sölu er háð því, að fulltrúi stefnda telji úrbætur viðunandi og fyrirkomulag framkvæmanlegt.

Hinn 29.4. sl., tveimur dögum áður en stefnandi ætlaði einhliða að þröngva stefndu til að taka upp sölu um borð í umræddu áætlunarflugi, óskuðu forsvarsmenn stefndu eftir fundi með forstjóra stefnanda í því skyni að reyna til þrautar samkomulag. Deilan snerist enn sem áður um fjölgun flugfreyja. Niðurstaða fundarins varð yfirlýsing af hálfu stefnanda, dags. 29.4. 1988, bæði um, að fyrsta flugfreyja hafi á valdi sínu að ákveða, hvenær sala verði framkvæmd með tilliti til tíma, aðbúnaðar eða fjölda, sbr. lið 1. Ákveðin var söluþóknun, sbr. lið nr. 2, og endurskoðunarákvæði, þ.e.a.s. á næstu 6 vikum skyldi allt málið endurskoðað með tilliti til fyrirkomulags sölunnar. Á fundinum 29. apríl höfðu fulltrúar stefnda krafist samráðs um væntanlega endurskoðun á 6 vikum. Það ákvæði hafði gleymst í yfirlýsingunni frá 29.4. Hinn 30.5. kom næsta yfirlýsing, þar sem samráðinu er bætt inn í 3. lið, en þá skyndilega kominn nýr 4. liður um, að Flugleiðir áskilji sér allan rétt til breytinga á ofangreindu. Þetta sættu stefndu sig ekki við og linntu ekki látum, fyrr en yfirlýsingin kom rétt úr höndum stefnanda, dags. 6.7. 1988. 3. liður þessarar yfirlýsingar verður að skoðast í samræmi við yfirlýsinguna frá 11.6. 1986. Fram að þessum

tíma hafði ekki náðst nokkur árangur um fjölda flugfreyja og aðbúnaðarmál. Til þess að leggja sitt af mörkum og vegna þess að á þessum tíma voru lausir samningar og ætlun stefndu að taka þessi mál þar upp, var fallist á 6 vikna reynslutíma, með því að stefnandi lofaði að endurskoða allt fyrirkomulagið á þeim tíma. Bréf FFÍ 13.6. 1988 lýsir aðdraganda yfirlýsingarinnar, dags. 6.7. 1988. Yfirlýsingin frá 6.7. kom reyndar í kjölfar bréfsins frá FFÍ 27.6. 1988. Í bréfi sínu 4.7. er stefnandi enn að reyna að koma inn ákvæði í yfirlýsinguna um áskilnað stefnanda til breytinga. Yfirlýsingin frá 6.7. ber hins vegar með sér, að áskilnaður þessi féll út, eins og áður segir.

Því er skemmst frá að segja, að endurskoðun þessi fór aldrei fram og var algerlega svikin af hálfu stefnanda. Í bréfi FFÍ, sem á að vera með dagsetningunni 3. október 1988, tilkynnir stefndi, að umræddri sölu verði hætt hinn 10. október nk. Aðgerðum var hins vegar frestað til 13. október sl. að beiðni stefnanda. Það skal áréttað, að með samkomulaginu 29. apríl sl. samþykkti stefndi aðeins að taka upp sölu í Boeing-vélum stefnanda á Evrópuflugi, en eins og áður segir, til reynslu í 6 vikur í trausti þess, að lagfæringar yrðu gerðar.

Málsástæður stefnda eru samkvæmt framansögðu eftirfarandi:

— Að ákvæði 1. gr. 1. kafla kjarasamnings frá 1966 um sölu varnings um borð nái venju samkvæmt ekki til annars en áfengis, tóbaks og spila frá árinu 1970, enda sé þessa skyldu ekki að finna í starfslýsingu flugfreyja í flughandbók.
— Að forsendur hafi breyst árið 1970, er salan var lögð niður og flugfreyjum fækkað.
— Að fyrst með yfirlýsingu í kjarasamningi hinn 11. júní 1986 hafi verið samið um þessi mál á ný með ákveðnum hætti og skilyrðum, enda viðurkenndi stefnandi í málatilbúnaði sínum í stefnu á bls. 2, að við breyttar aðstæður hefði verið samið við stefndu um endurgjald og um samráð um framkvæmd sölu á ný hinn 11. júní 1986.
— Að stefndu hafi að öllu leyti staðið við yfirlýsinguna frá 11. júní 1986, þ.m.t. hvað varðar sölu um borð í leiguflugi, Færeyja-, Skotlands- og Grænlandsflugi.
— Að yfirlýsingin leggi það í vald fulltrúa stefndu að meta,hvort úrbætur séu viðunandi og fyrirkomulag framkvæmanlegt.

— Að sala varnings í áætlunarflugi því, sem hér er um deilt, hafi alla tíð verið háð því skilyrði af hálfu stefndu, að flugfreyjum yrði fjölgað.
— Að sala um borð í Boeing 727, sbr. minnisblað stefnanda, dags. 11. nóv. 1988, hinn 1. maí hafi byggst á samkomulagi til 6 vikna og háð loforði stefnanda um að endurskoða allt sölufyrirkomulag eftir 6 vikur og lagt í vald fyrstu flugfreyju að meta, hvort salan um borð sé framkvæmanleg hverju sinni.
— Að stefnandi hafi brotið ákvæði 3. tl. yfirlýsingarinnar í kjarasamningi frá 25.5. 1966, sala um borð hafi haft í för með sér verulega aukna vinnu flugfreyja, úrbætur engar gerðar af hálfu stefnanda og ljóst, að ekki stóð til að fjölga flugfreyjum, og þess vegna hafi það verið á valdi stefndu að fella söluna niður með heimild í niðurlagi samningsins og yfirlýsingarinnar frá 11.6. 1986.
— Að stefndu mótmæltu öllum málatilbúnaði og málsrökum stefnanda og þar með öllum tilraunum hans til að tengja sölumál þessi kjarasamningnum og gildandi lögum um kjarasamninga.

Stefndi leggur áherslu á það, að undir rekstri málsins hafi í ljós komið, að sú sala á tollfrjálsum varningi, sem stefnandi segi, að sé hluti af starfsskyldum flugfreyja, sé það ekki í raun. Þessi starfsskylda sé ekki nefnd í kjarsamningi, og því geti dómurinn vísað málinu frá af sjálfsdáðum, sbr. fordæmi í dómi Félagsdóms 24. maí 1951.

III.

Stefnandi máls þessa, Vinnveitendasamband Íslands f.h. Flugleiða h/f, gerir þá dómkröfu, að ákvörðun stefnda, Alþýðusambands Íslands f.h. Flugfreyjufélags Íslands, um að fella niður sölu á tollfrjálsum varningi um borð í flugvélum, er tók gildi 13. otkóber sl., verði dæmd brot á kjarasamningi og því ólögmæt. Á hinn bóginn gerir stefnandi hvorki kröfu um, að niðurfelling sölustarfa verði dæmd sem ólögmæt vinnustöðvun né að þessi gerningur verði dæmdur brot á bráðbirgðalögum nr. 14/1988, sem lögbinda kjarasamninga og leggja bann við vinnstöðvunum.

Stefndi, Alþýðusamband Íslands f.h. Flugfreyjufélags Íslands, gerir kröfu um sýknu, en gerir ekki gagnkröfu um, að stefnandi verði dæmdur fyrir brot á kjarasamningi aðila.

Úrslits málsins hljóta að markast af þessari kröfugerð.

Í niðurlagi yfirlýsingarinnar frá 11. júní 1986, sem er hluti af kjarasamningi aðila, segir:

„Við undirbúning og framkvæmd fyrirhugaðrar sölu um borð verður haft fullt samráð við fulltrúa FFÍ og ofannefnd samþykkt háð því, að hann telji úrbætur viðunandi og fyrirkomulag framkvæmanlegt".

Salan um borð hófst 1. maí 1988, án þess að fulltrúi flugfreyjufélagsins féllist á úrbætur og fyrirkomulag. Þetta var gert sökum þess, að næstu daga á undan urðu aðilar ásáttir um breytingar á framangreindri yfirlýsingu. Breytingarnar komu endanlega fram í skriflegu formi í bréfi forstjóra Flugleiða h/f til flugfreyja og flugþjóna, dags. 6. júlí 1988. Efnislega voru breytingarnar á þá lund, að fyrstu flugfreyju er heimilað að hafna sölu um borð, þegar svo ber undir, að sölulaun hækki um 2% fyrir hverja flugfreyju umfram fimm og að um það bil 6 vikum eftir að sala hefst um borð í áætlunarflugi Flugleiða h/f, muni félagið endurskoða allt fyrirkomulag sölunnar og annarrar vinnu um borð með tilliti til sölunnar í samráði við Flugfreyjufélag Íslands. Þetta síðastgreinda atriði kom í stað niðurlags áðurgreindrar yfirlýsingar frá 11. júní 1986.

Af málavöxtum verður ráðið, að Flugleiðir h/f vanefndu loforðið um að endurskoða allt fyrirkomulag sölunnar í samráði við Flugfreyjufélag Íslands. Fundir með flugfreyjum 13. júlí og 23. ágúst breyta litlu í því efni. Í stað þess að leita réttar síns fyrir Félagsdómi út af vanefndunum tók Flugfreyjufélag Íslands það til bragðs að fyrirskipa félagsmönnum sínum að hætta sölu á tollfrjálsum varningi um borð í flugvélum gagnaðila frá og með 13. október 1988. Ljóst er, að þessi ákvörðun grundvallaðist ekki einvörðungu á auknu vinnuálagi við sölu varnings, heldur var henni jafnframt ætlað að knýja á um samninga, en þá var kjarasamningur aðila lögbundinn og óheimilt að þvinga fram breytingar á honum. Með þessari ákvörðun og framkvæmd hennar rauf Flugfreyjufélag Íslands þá friðarskyldu, sem er forsenda gildandi kjarasamnings milli aðila. Því var ákvörðunin ólögmæt.

Eftir atvikum þykir rétt, að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu.

Dómsorð:

Framangreind ákvörðun Flugfreyjufélags Íslands, sem hrundið var í framkvæmd 13. október 1988, er brot á friðar-

skyldu, sem er forsenda gildandi kjarasamnings milli aðila, og því ólögmæt.

Málskostnaður fellur niður.

Sératkvæði
Jónasar Gústavssonar.

Stefnandi máls þessa, Vinnuveitendasamband Íslands fyrir hönd Flugleiða h/f, gerir þá dómkröfu, að ákvörðun Flugfreyjufélags Íslands að fella niður sölu tollfrjáls varnings um borð í flugvélum Flugleiða, sem tók gildi 13. október sl., verði dæmd brot á kjarasamningi Flugfreyjufélags Íslands og Flugleiða h/f og því ólögmæt.

Stefndi, Alþýðusamband Íslands fyrir hönd Flugfreyjufélags Íslands, krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda.

Hvor aðili um sig krefst málskostnaðar úr hendi hins.

Við gerð kjarasamnings milli aðila hinn 11. júní 1986 var svohljóðandi yfirlýsing gerð og undirrituð af fulltrúum beggja félaganna:

„Flugfreyjur lýsa sig reiðubúnar til þess að annast sölu varnings um borð í flugvélum félagsins, enda verði vandað til undirbúnings, vinnuaðstöðu komið í viðunandi horf og framkvæmd sölunnar gerð möguleg.

Flugfreyjur eru nú þegar tilbúnar til að annast sölu varnings um borð í leiguvélum og í flugi á Fokker-flugvélum félagsins til Færeyja, Skotlands og Grænlands.

Þóknun skal vera 10% af sölu og skiptist jafnt á milli flugfreyja/flugþjóna, er annast sölu í viðkomandi flugi.

Við undirbúning og framkvæmd fyrirhugaðrar sölu um borð verður haft fullt samráð við fulltrúa FFÍ og ofannefnd samþykkt háð því, að hann telji úrbætur viðunandi og fyrirkomulag framkvæmanlegt."

Telja verður, að ofangreind yfirlýsing sé hluti af gildandi kjarasamningi aðila.

Með yfirlýsingunni tókst samkomulag með félögunum um að taka upp sölu varnings um borð að því tilskildu, að um söluna tækist fullt samkomulag, enda eru aðilar sammála um, að í orðalagi niðurlags yfirlýsingarinnar felist neitunarvald til handa fulltrúa FFÍ gegn sölunni, telji hann úrbætur ekki viðunandi og fyrirkomulag framkvæmanlegt.

Undirbúningur að sölu tollfrjáls varnings í samræmi við samkomulagið virðist ekki hafa hafist af neinni alvöru fyrr en um áramótin 1987-1988. Eftir viðræður, fundahöld og bréfaskipti milli aðila á tímabilinu frá janúar til aprílloka sl., var sala hafin um borð í flugvélum félagsins á nokkrum flugleiðum hinn 1. maí sl. Þeirri sölu var hætt hinn 13. október sl. samkvæmt ákvörðun félagsfundar í FFÍ.

Ekki verður annað ráðið af gögnum máls þessa en að félagsmenn í FFÍ hafi hafið sölustarfsemi í trausti þess, að um tilraun væri að ræða, sem endurskoðuð yrði að loknum reynslutíma. Verður ekki fallist á þá skoðun stefnanda, að með því að hefja söluna hinn 1. maí hafi félagsmenn FFÍ orðið skilyrðislaust skuldbundnir til að annast hana til loka gildandi kjarasamnings.

Öll samskipti aðila bera þess vott, að endanlegir samningar um þessa sölu hafa enn ekki tekist.

Í ljósi framanritaðs verður að telja, að hin umdeilda sala tollfrjáls varnings um borð í flugvélum Flugleiða h/f sé ekki svo ótvíræð starfsskylda félagsmanna í FFÍ samkvæmt gildandi kjarasamningi aðila, að stöðvun hennar hinn 13. október sl. teljist brot á þeim samningi.

Ber því að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda, en rétt þykir eftir atvikum, að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu.

Dómsorð:

Stefndi, Alþýðusamband Íslands f.h. Flugfreyjufélags Íslands, skal vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, Vinnuveitendasambands Íslands f.h. Flugleiða h/f.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 9. mars 1989.

Nr. 2/1989. **Vinnuveitendasamband Íslands**
f.h. Vinnuveitendafélags Vestmannaeyja
vegna ÍSNO h/f
(Jón R. Pálsson hdl.)
gegn
Alþýðusambandi Íslands
f.h. Verkamannasambands Íslands
vegna Verkalýðsfélags Vestmannaeyja
(Arnmundur Backman hrl.).

Verkfall. Sektargreiðsla. Sératkvæði.

Dómur Félagsdóms.

Mál þetta dæma Garðar Gíslason, Björn Helgason, Jónas Gústavsson, Jón Þorsteinsson og Gunnar Guðmundsson.

Málið, sem tekið var til dóms fyrr í dag, er höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu birtri 6. þ.m.

Stefnandi er Vinnuveitendasamband Íslands, Garðastræti 41, Reykjavík, f.h. Vinnuveitendafélags Vestmannaeyja, Strandvegi 50, Vestmannaeyjum, vegna ÍSNO h/f, Sigtúni 7, Reykjavík.

Stefndi er Alþýðusamband Íslands, Grensásvegi 16, Reykjavík, f.h. Verkamannasambands Íslands, Lindargötu 9, Reykjavík, vegna Verkalýðsfélags Vestmannaeyja, Miðstræti 11 í Vestmannaeyjum.

Dómkröfur stefnanda eru þessar:

1. Að verkfallsboðun sú, sem tilkynnt var ÍSNO h/f í Vestmannaeyjum og Vinnuveitendasambandi Íslands af Verkalýðsfélagi Vestmannaeyja þann 2. mars 1989, verði dæmd brot á lögum nr. 80/1938 og kjarasamningi Verkalýðsfélags Vestmannaeyja við Vinnuveitendasamband Íslands frá 10. maí 1988 og aðalkjarasamningi Verkamannasambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands.
2. Að viðurkennt verði með dómi, að verkfall, er kann að verða komið til framkvæmda á grundvelli verkfallsboðunarinnar, þegar dómur Félagsdóms gengur, sé ólögmætt.
3. Að Verkalýðsfélag Vestmannaeyja verði dæmt til greiðslu sektar.
4. Að stefnanda verði dæmdur málskostnaður að skaðlausu, úr hendi stefnda.

Dómkröfur stefnda eru þessar:

1. Að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda.
2. Að viðurkennt verði með dómi Félagsdóms, að gildandi almennur kjarasamningur málsaðila frá 10.5. 1988 sé því ekki til fyrirstöðu, að stefndi Verkalýðsfélag Vestmannaeyja geti boðað verkfall félagsmanna sinna hjá ÍSNO h.f., Vestmannaeyjum, frá og með miðnætti aðfaranætur föstudagsins 10. mars 1989 til að knýja fram kjarasamning vegna vinnu við fiskeldi.
3. Að stefnda verði dæmdur málskostnaður að skaðlausu úr hendi stefnanda.

I.

Stefnandi kveður málavexti vera þá, að í gildi sé kjarasamningur milli Verkakvennafélagsins Snótar og Verkalýðsfélags Vestmannaeyja annars vegar og Vinnuveitendasambands Íslands vegna aðildarfélaga þess og einstakra meðlima hins vegar.

Kjarasamningur þessi hafi verið undirritaður af vinnuveitendum hjá embætti ríkissáttasemjara þann 10. maí 1988 og síðan verið samþykktur á sameiginlegum fundi Verkakvennafélagsins Snótar og Verkalýðsfélags Vestmannaeyja þann 11. maí 1988.

Í 1. grein kjarasamnings þessa sé kveðið á um gildistíma og sé hún svohljóðandi:

„Allir kjarasamningar ofangreindra aðila framlengjast til 10. apríl 1989 með þeim breytingum, sem í samningi þessum felast og falla þá úr gildi án sérstakrar uppsagnar."

Þann 24. maí 1988 hafi Vinnuveitendasamband Íslands og Vinnumálasamband samvinnufélaganna gert svohljóðandi samkomulag við Verkamannasamband Íslands:

„Aðilar eru sammála um að samræma aðalkjarasamning Verkamannasambands Íslands frá 26. febrúar 1988 þeim breytingum, sem gerðar voru á Akureyri 25. mars, og gefa samninginn út í heild með þeim breytingum."

Ástæða þessa samkomulags hafi verið sú, að kjarasamningur Verkamannasambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands frá 26. febrúar 1988 hafi verið felldur í öllum stéttarfélögum innan sambandsins nema fimm. Flestöll stéttarfélögin, sem felldu samning Verkamannasambands Íslands frá 26. febrúar, að undanskildum verkalýðsfélögunum í Vestmannaeyjum hafi síðan gert kjarasamninga við Vinnuveitendasamband Íslands á Akureyri þann 25. mars 1988.

Kjarasamningur milli Vinnuveitendasambands Íslands og Verkakvennafélags Snótar og Verkalýðsfélags Vestmannaeyja hafi, eins og fyrr greinir, ekki tekist fyrr en 11. maí 1988.

Hafi þá loks verið lokið samningagerð við öll stéttarfélög innan Verkamannasambands Íslands. Sérstakt samkomulag hafi því verið gert þann 24. maí 1988 um að samræma aðalkjarasamning Verkamannasambands Íslands frá 26. febrúar 1988 þeim breytingum, sem gerðar voru með Akureyrarsamningunum, og um útgáfu kjarasamningsins í heild.

Í grein 23.2. í aðalkjarasamningi Vinnuveitendasambands Íslands sé svohljóðandi ákvæði:

„Samningurinn gildir til 10. apríl 1989 og fellur þá úr gildi án sérstakrar uppsagnar.

Samningur þessi var gerður á Akureyri 25. mars 1988 og varð að aðalkjarasamningi Verkamannasambands Íslands með samkomulagi 24. maí 1988."

Stefnandi tjáir réttinum, að þann 5. janúar 1989 hafi félagsmanni þess, ÍSNO h/f í Vestmannaeyjum, borist bréf frá Verkalýðsfélagi Vestmannaeyja, þar sem óskað hafi verið eftir samningaviðræðum vegna félagsmanna þess í starfi hjá ÍSNO.

Stefnandi hafi ákveðið að verða við þessari beiðni. Það hafi lengi haft áhuga á því að taka upp í aðalkjarasamning sinn við Verkamannasamband Íslands sérstök ákvæði um vinnutíma, vaktir o.fl. vegna verkamanna, sem starfi við laxeldis- og hafbeitarstöðvar. Sérstök ákvæði um þessi störf séu ekki í samningi þess við Verkamannasamband Íslands, og því gildi almenn ákvæði kjarasamnings aðila um vinnutíma og önnur kjör verkamanna við laxeldis- og hafbeitarstöðvar. Þessi almennu ákvæði kjarasamningsins henti ekki því vinnufyrirkomulagi, sem tíðkist í fiskeldi. Þetta leiði til meiri kostnaðar fyrir vinnuveitendur en þörf ætti að vera á, ef sérákvæði væru um þessi störf í kjarasamningi aðila, eins og t.d. eru um byggingarverkamenn og tækjamenn, en um störf þeirra eru sérstakir kaflar í aðalkjarasamningi Verkamannasambands Íslands.

Vinnuveitendasamband Íslands hafi því fallist á viðræður við Verkalýðsfélag Vestmannaeyja um breytingar á kjarasamningi aðila. Markmið þessara viðræðna af hálfu VSÍ hafi þannig öðrum þræði verið að leggja grunn að víðtækara samkomulagi við Verkamannasamband Íslands í heild.

Vinnuveitendasamband Íslands og Vinnuveitendafélag Vestmannaeyja hafi því átt formlegar og óformlegar viðræður við Verkalýðsfélag Vestmannaeyja um breytingar á kjarasamningi aðila í febrúar 1989.

Viðræður þessar hafi ekki skilað neinum árangri og hafi þeim því verið hætt.

Stefnandi kveður sér síðan hafa borist eftirfarandi símskeyti, undirritað af Jóni Kjartanssyni, form. Verkalýðsfélags Vestmannaeyja, þann 2. mars 1989:

„Þar sem ítrekaðar tilraunir til að gera kjarasamninga við ÍSNO h/f Vestmannaeyjum hafa engan árangur borið, ákvað trúnaðarmannaráð Verkalýðsfélags Vestmannaeyja að boða til vinnustöðvunar á öll störf verkamanna hjá fyrirtækinu frá og með miðnætti aðfaranótt föstudagsins 10. mars 1989."

Stefnandi hafi samdægurs með telefaxbréfi til Verkalýðsfélags Vestmannaeyja mótmælt verkfallsboðun þessari sem ólögmætri, enda væru samningar aðila bundnir til 10. apríl 1989. Stefnandi hafi einnig skorað á félagið að aflýsa boðaðri vinnustöðvun þegar í stað, ella áskyldi Vinnuveitendasambandið fyrirtækinu allan rétt vegna þessarar ólögmætu verkfallsboðunar, þar á meðal til skaðabóta.

Engin svör hafa borist frá Verkalýðsfélagi Vestmannaeyja og sé Vinnuveitendasamband Íslands því til knúið að hefja málsókn á hendur félaginu.

Málsástæður og lagarök.

Í máli þessu, sem stefnandi tjáir höfðað á grundvelli 1. og 2. tl. 1. mgr. 44. gr. l. nr. 80/1938, sbr. 8. gr. sömu laga, byggir hann kröfugerð sína á því, að verkfallsboðun Verkalýðsfélags Vestmannaeyja sé brot á II. kafla laga nr. 80/1938 og fari í bága við ákvæði kjarasamnings aðila og sé andstæð eðlilegum starfsháttum á þessu kjaramálasviði og sé því ólögmæt.

Með kjarasamningi aðila frá 10. maí 1988 hafi verið bundinn endi á deilu aðila og hvíli friðarskylda á aðilum á gildistíma hans, sem sé til 10. apríl 1989. Vinnustöðvanir, þ.m.t. takmarkaðar vinnustöðvanir, séu því óheimilar og löglausar á gildistíma kjarasamnings aðila.

ÍSNO h/f sé aðili í Vinnuveitendasambandi Íslands og Vinnuveitendafélagi Vestmannaeyja. Kjarasamningur Vinnuveitendasambands Íslands og Verkalýðsfélags Vestmannaeyja frá 10. maí 1988

taki til allra félagsmanna Vinnuveitendasambandsins í Vestmannaeyjum, enda hafi þar enginn aðili verið sérstaklega undanskilinn. Kjarasamningur aðila og aðalkjarasamningur Verkamannasambands Íslands taki til allra verkamannastarfa, nema sérstakar undantekningar eða sérkjarasamningur hafi verið gerður um þau störf.

Enginn sérstakur kjarasamningur hafi verið gerður um störf hjá laxeldis- og hafbeitarfyrirtækjum. ÍSNO h/f Vestmannaeyjum sé ekki aðili að neinum öðrum kjarasamningi en þeim, sem Vinnuveitendasambandið gerði f.h. félagsmanna sinna þ. 10. maí 1988.

Í aðalkjarasamningi aðila sé svohljóðandi ákvæði í grein 1.14:

„Komi á samningstímanum til nýjar starfsgreinar, sem ekki er gert ráð fyrir í gildandi samningi eða ekki eiga sér greinilega hliðstæðu í gildandi kauptöxtum, skulu teknar upp samningaviðræður um kaup og kjör verkamanna í starfsgreininni."

Samningsgrein þessi geti eingöngu veitt samningsaðilum rétt til viðræðna en ekki rétt til uppsagnar á kjarasamningi.

ÍSNO h/f í Vestmannaeyjum hafi hafið starfsemi á félagssvæði Verkalýðsfélags Vestmannaeyja haustið 1986. Fyrirtækið hafi verið með starfsemi í Vestmannaeyjum, þegar síðasti kjarasamningur aðila hafi verið gerður. Starfsemi ÍSNO h/f í Vestmannaeyjum hafi því ekki verið ný starfsemi eða komið fyrst upp á samningstíma kjarasamnings aðila skv. gr. 1.14. Engar kröfur hafi borist stefnanda eða ÍSNO h/f sérstaklega við þá samningsgerð.

Samkvæmt 17. gr. l. nr. 80/1938 sé sérstaklega tekið fram, að óheimilt sé að hefja vinnustöðvun, ef ágreiningur er einungis um atriði, sem Félagsdómur á úrskurðarvald um. Í 2. tölulið 44. gr. l. nr. 80/1938 segir að það sé verkefni Félagsdóms að dæma í málum, sem rísa út af ágreiningi um skilning á kjarasamningi eða gildi hans. Í máli þessu sé deilt um skilning á kjarasamningi aðila og um gildi hans gagnvart einu félaga stefnanda. Stefnda hafi því borið skylda til og átt rétt á að fá úr ágreiningi aðila skorið fyrir Félagsdómi. Þann rétt hafi stefndi ekki nýtt sér, heldur boðað ólögmæta vinnustöðvun. Fyrir þá háttsemi beri að dæma stefnda til greiðslu sektar samkvæmt 70. gr., sbr. 65. gr. l. 80/1938.

Til stuðnings kröfum sínum vísar stefnandi einnig til laga nr. 55/1980 um starfskjör launafólks og bráðabirgðalaga nr. 14/1988, brbl. nr. 74/1988 og brbl. nr. 83/1988.

II.

Stefndi kveður málavexti þá, að í samningaviðræðum þeim, sem fram hafi farið á Akureyri í mars 1988, hafi viðkomandi verkalýðsfélög samþykkt sín á milli, að reynt yrði að gera samninga við VSÍ um vinnu við fiskeldisstöðvar, og hafi bókun verið gerð 25. mars um þetta, þar sem fram komi, að engir kjarasamningar séu í gildi um þessi störf. Talsmenn stefnanda VSÍ í þeim samningaviðræðum hafi fengið að sjá þessa bókun og hafi svarað henni munnlega með því, að Landssamband fiskeldis- og hafbeitarstöðva væri ekki í þeirra samtökum, og gætu þeir því ekki samið við félögin um þau mál. Málið hafi þar með fallið niður vegna aðildarskorts.

Samkvæmt yfirlýsingu formanns Verkamannasambands Íslands, Guðmundar J. Guðmundssonar, hafi hvorki Verkamannasamband Íslands né aðildarfélög þess gert kjarasamning um kaup og kjör verkamanna við vinnu í fiskeldisstöðvum.

Þar sem engir samningar hafi verið til um þessi störf og þau talin það ólík því, sem Verkamannasamband Íslands var að semja um á Akureyri, hafi formanni stefnda, Jóni Kjartanssyni, verið falið að skrifa Landssambandi fiskeldis- og hafbeitarstöðva bréf um kjaramálin, dags. 7/4 1988. Þar sé minnt á umrædda bókun og óskað eftir viðræðum um kjarasamning.

Formaður launanefndar Landssambandsins hafi svarað með bréfi, dags. 27/4 1988, þar sem því sé lýst yfir, að gagnaöflun fari fram og að launanefndin sé reiðubúin að hefja viðræður við fulltrúa þeirra stéttarfélaga, sem skrifuðu undir bókunina, strax og nægar upplýsingar liggi fyrir um starfsemina.

Síðara hluta maímánaðar hafi Páll Gústafsson, stjórnarformaður LFH og forstjóri ÍSNO h/f, haft nokkurn veginn sömu viðbárur fram að færa gagnvart stefnda um, að beðið væri eftir upplýsingum. Um mánaðamótin maí/júní 1988 hafi málsaðilar enn rætt saman, og óskaði þá Páll Gústafsson eftir bráðabirgðasamkomulagi við stefnda Verkalýðsfélag Vestmannaeyja. Viðræður fóru fram um miðjan júní sl., og í framhaldi af þeim og í samráði við starfsmenn ÍSNO h/f í Vestmannaeyjum voru samin drög að samningi og þau send Páli Gústafssyni hinn 29. júní sl. Voru drögin mjög í anda þeirra viðræðna, sem átt höfðu sér stað, nema starfsmenn höfðu gert kröfu um 15% sjókvíaálag, sem réttlætist af því að meginhluti vinnunnar fer fram úti á sjó og er því bæði erfiðari og áhættusamari.

Í byrjun janúar sl. hafði ekkert gerst í málum fiskeldismanna. Þeir sneru sér þá enn til stefnda og óskuðu eftir fundi, enda hafði stefnandi þá ekki staðið við nema hluta af því munnlega samkomulagi, sem hann gerði við starfsmenn sína.

Framkvæmdastjóra ÍSNO h/f var sent bréf hinn 5. janúar sl. og hann hvattur til að hefja samningaviðræður við félagið hið fyrsta. Lítil viðbrögð urðu fyrst í stað, en í lok mánaðarins var haft samband við stefnda og félaginu tjáð, að væntanlega færu samningaviðræður af stað mjög fljótlega.

Eftir það kom Vinnuveitendasamband Íslands skyndilega inn í málið og sennilega fyrir þá sök, að þá fyrst gekk ÍSNO h/f í þau samtök.

Þann 14. febrúar sl. voru mættir til viðræðna við samninganefnd verkamanna hjá ÍSNO h/f þeir Páll Gústafsson f.h. ÍSNO h/f, Arnar Sigurmundsson f.h. Vinnuveitendafélags Vestmannaeyja og Bolli Árnason, starfsmaður VSÍ. Viðræðurnar fóru fram dagana 14.-16. febrúar, og var tilboði ÍSNO h/f hafnað, þar sem það fól í sér kauplækkun og aukinn vinnutíma að áliti stefndu.

Drög að samkomulagi þessu eru lögð fram í málinu.

Eftir það hafa farið fram viðræður dagana 22. og 28. febrúar og 1. og 2. mars, en þær hafa engan árangur borið.

Hvergi hefur því verið borið við hjá viðsemjendum stefnda í þessum samningaumleitunum, að til væru samningar, sem næðu yfir þessi störf, enda eru engin hliðstæð störf til hjá Verkamannasambandi Íslands, a.m.k. ekki er varða sjókvíaeldi.

Málsrök stefnda.

Stefndi mótmælir því harðlega og styður það ýmsum gögnum í málinu, að til séu nokkrir kjarasamningar um kaup og kjör verkamanna við vinnu í fiskeldisstöðvum. Stefnandi, Vinnuveitendasamband Íslands, hefur hvorki haft umboð né verið aðili að þeim kjaraviðræðum, sem farið hafa fram á sl. ári um þetta málefni. Það er skyndilega í febrúar sl., að Vinnuveitendasambandið hefur umboð og tekur þátt í samningaviðræðum. VSÍ hafnaði viðræðum um þessi málefni vegna umboðsskorts í mars á sl. ári. Kröfum var því beint að Landssambandi fiskeldis- og hafbeitarstöðva, sem ekki eru innan VSÍ, þar sem Alþýðusambandið er einnig inni í myndinni gagnvart Landssambandi fiskeldis- og hafbeitarstöðva. Fyrstu drög að kjarasamningi milli aðila eru milli ÍSNO h/f annars vegar og

stefnda Verkalýðsfélags Vestmannaeyja án aðildar VSÍ. Eftir að VSÍ fékk samningsumboð í ársbyrjun 1989, hófust samningaviðræður í febrúar, eins og áður segir, en ekki fékkst niðurstaða í því máli, og þess vegna er verkfall þetta boðað.

Aðalkjarasamningur málsaðila frá maí á s.l. ári tekur hvorki með beinum eða óbeinum hætti til þessa starfssviðs. Málefnið hefur aldrei verið til umræðu milli aðila vegna aðildarskorts stefnanda að sögn.

Framanritað er að mestu leyti staðfest af stefnanda í stefnu. Þar er viðurkennt, að stefnandi hafi orðið við beiðni um samningaviðræður hinn 5. janúar 1989. Stefnandi hafi lengi haft áhuga á að taka upp í aðalkjarasamning sinn við VMSÍ ákvæði um þessi málefni, þar sem sérstök ákvæði um þessi störf séu ekki í samningi þess við Verkamannasamband Íslands og því gildi almenn ákvæði kjarasamnings aðila um vinnutíma og önnur kjör verkamanna við laxeldis- og hafbeitarstöðvar. Þessi almennu ákvæði kjarasamningsins henti ekki því vinnufyrirkomulagi, sem tíðkast í fiskeldi.

Stefndi tekur undir þetta sjónarmið, en vísar eindregið á bug, að hinn almenni kjarasamningur málsaðila hafi gilt eða gildi um þessi atriði að einu eða neinu leyti. Til grundvallar ráðningu þessara starfsmanna hefur hingað til gilt sérstakur munnlegur samningur um vinnufyrirkomulag og laun, sem á sér enga hliðstæðu í aðalkjarasamningi að öðru leyti en því, að yfirvinnutaxtar taka mið af yfirvinnutöxtum tækjastjórnenda í kjarasamningi stefnda.

Samkvæmt 14. gr. l. nr. 80/1938 hafa stéttarfélög heimild til að beita verkföllum til að vinna að framgangi krafna í vinnudeilum með þeim skilyrðum og takmörkunum einum, sem sett eru í lög. Ein þessi lögbundna takmörkun er í 1. tl. 17. gr. sl., en skv. henni er óheimilt að hefja vinnustöðvun, ef ágreiningur er einungis um atriði, sem Félagsdómur á úrskurðarvald um, nema til fullnægingar úrskurðum dómsins.

Í 44. gr. s.l., 2. tl., er það hlutverk Félagsdóms að dæma í málum, sem rísa út af kærum um brot á vinnusamningi eða út af ágreiningi um skilning á vinnusamningi eða gildi hans.

Með framangreindum lagatilvitnunum er fengin hin svokallaða friðarskylda, þ.e., að aðilum kjarasamnings er óheimilt að beita vinnustöðvun vegna ágreinings um brot á vinnusamningi eða vegna túlkunar á honum og um gildi hans. Hér er hvorki á ferðinni deila

um innihald eða gildi aðalkjarasamnings málsaðila. Hins vegar verður að telja fullsannað, að hann tekur ekki til starfa við fiskeldisstöðvar, hvorki að formi né efni til. Það var hvorki vilji né ætlun aðila í mars á sl. ári að semja um þessi málefni, og er því ósamið um þau að öllu leyti. Þar með hefur stefndi fullan rétt til að boða verkfall þetta skv. meginreglu 14. gr. l. nr. 80/1938, og skiptir þá engu máli, hvort grein 1.14. í aðalkjarasamningi fyrirskipar samningaviðræður aðila vegna nýrra starfsgreina. Sú samningsgrein getur ekki takmarkað verkfallsréttinn skv. vinnulöggjöfinni, nema samið sé um það sérstaklega og berum orðum. Án verkfallsréttar er gr. 1.14. í aðalkjarasamningi marklaus.

III.

Á milli málsaðila er í gildi kjarasamningur frá 10. maí 1988, og eru þeir einnig aðilar að aðalkjarasamningi Verkamannasambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands. Báðir samningar þessir gilda til 10. apríl 1989. Lítur rétturinn svo á, að kjarasamningar þessir taki til þeirra starfa við fiskeldi, er unnin eru hjá ÍSNO h/f í Vestmannaeyjum. Verkfall það, sem stefndi Verkalýðsfélag Vestmannaeyja boðaði þann 2. mars sl. og hefjast skyldi á miðnætti þann 10. mars nk., er brot á kjarasamningum þessum og II. kafla laga nr. 80/1938. Ber því að taka kröfur stefnanda til greina.

Samkvæmt framansögðu þykir rétt að dæma stefnda Verkalýðsfélag Vestmannaeyja til greiðslu sektar, að fjárhæð kr. 25.000,00, er renni í ríkissjóð.

Stefndi greiði stefnanda kr. 30.000,00 í málskostnað.

D ó m s o r ð:

Verkfallsboðun sú, sem tilkynnt var ÍSNO h/f í Vestmannaeyjum og Vinnuveitendasambandi Íslands af Verkalýðsfélagi Vestmannaeyja þann 2. mars 1989, er brot á lögum nr. 80/1938 og kjarasamningi Verkalýðsfélags Vestmannaeyja við Vinnuveitendasamband Íslands frá 10. maí 1988 og aðalkjarasamningi Verkamannasambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands.

Verkalýðsfélag Vestmannaeyja greiði kr. 25.000,00 í sekt til ríkissjóðs.

Verkalýðsfélag Vestmannaeyja greiði stefnanda kr. 30.000,00 í málskostnað.

Sératkvæði
Björns Helgasonar.

Samþykkur atkvæði meiri hluta dómenda að öðru leyti en því, að ég tel ekki efni til að dæma varnaraðila til greiðslu sektar, og tel, að málskostnaður eigi að falla niður.

Sératkvæði
Jóns Þorsteinssonar.

Eftirfarandi atriði ráða úrslitum í máli þessu:

a. Störf við fiskeldi, að því er varðar vinnutíma, vinnuaðstöðu og vinnuframlag, eru mjög frábrugðin almennum verkamannastörfum og hafa í reynd verið launuð með allt öðrum hætti.

b. Hinn almenni kjarasamningur milli Verkalýðsfélags Vestmannaeyja og Vinnuveitendasambands Íslands frá 10. maí 1988, sem enn er í gildi, grundvallast á kjarasamningi, gerðum á Akureyri 25. mars 1988, milli ýmissa verkalýðsfélaga innan Verkamannasambands Íslands annars vegar og Vinnuveitendasambands Íslands hins vegar. Í þessum samningum er enga skilgreiningu að finna á almennri verkamannavinnu. Í þeim efnum er byggt á langvarandi venju, sem skapast hefur í samskiptum verkalýðsfélaga og vinnuveitenda. Útilokað er að skilja almenna kjarasamninga verkamannafélaga við vinnuveitendur á svo víðtækan hátt, að launataxtar fyrir almenna verkamannavinnu gildi sjálfkrafa um hvers konar ófaglærð störf, sem innt eru af hendi hjá þeim atvinnufyrirtækjum, sem ganga í Vinnuveitendasambandið á samningstímanum.

c. Við samningsgerðina á Akureyri í marsmánuði 1988 kom glöggt fram, að verkalýðsfélögin vildu semja um kaup fyrir vinnu við fiskeldi. Vinnuveitendasambandið hafnaði þessum tilmælum á þeirri forsendu, að fiskeldisstöðvar stæðu þá almennt utan sambandsins, og var sú synjun eðlileg. Þegar af þessum ástæðum kemur ekki til mála, að almenni kjarasamningurinn geti gilt um störf fiskeldismanna.

d. Þegar ÍSNO h/f gekk í Vinnuveitendasambandið um miðjan janúar 1989, tók sambandið að sér að semja við Verkalýðsfélag

Vestmannaeyja um kaup og kjör starfsmanna við fiskeldi og lagði fram tillögu að kjarasamningi um það efni, sem fól í sér kjarabætur miðað við almenn verkamannakjör. Þetta kjarabótaboð var á þeim tíma andstætt landslögum, ef kjör fiskeldismanna voru bundin í hinum almenna kjarasamningi, sem gilda átti til 10. apríl 1989. Framkoma Vinnuveitendasambandsins í samningaviðræðunum, allt þar til verkfall var boðað, verður ekki skilin öðruvísi en að sambandið hafi litið svo á, að ósamið væri um kjör starfsmanna við fiskeldi.

e. Samkvæmt grein 1.14 í aðalkjarasamningi Verkamannasambands Íslands, grundvölluðum á samkomulagi, gerðu 24. maí 1988, var Verkalýðsfélagi Vestmannaeyja heimilt að gera kröfu til Vinnuveitendasambandsins um viðræður um sérstakan samning varðandi nýjar starfsgreinar, þar á meðal fiskeldi, og fylgja þeirri kröfu eftir með verkfalli.

Allar framangreindar röksemdir hníga að þeirri niðurstöðu, að lögmæti verkfallsins verði ekki dregið í efa, að sýkna beri Verkalýðsfélag Vestmannaeyja af öllum kröfum stefnanda og að dæma beri stefnanda til að borga félaginu hæfilegan málskostnað, kr. 55.000,00.

Fimmtudaginn 13. apríl 1989.

Nr. 1/1989. **Starfsmannafélag Akureyrarbæjar**
(Guðni H. Haraldsson hdl.)
gegn
Akureyrarbæ
(Hreinn Pálsson hdl.).

Yfirvinnuskylda. Sératkvæði.

Dómur Félagsdóms.

Mál þetta dæma Garðar Gíslason, Auður Þorbergsdóttir, Jónas Gústavsson, Sigurveig Sigurðardóttir og Magnús E. Guðjónsson.

Málið, sem tekið var til dóms 7. þ.m., er höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu birtri 1. mars sl.

Stefnandi er Starfsmannafélag Akureyrarbæjar, kt. 451275-2599, Ráðhústorgi 3, Akureyri.

Stefndi er Akureyrarbær, kt. 410169-6229, Geislagötu 9, Akureyri.

Dómkröfur stefnanda eru þessar:

1. Að viðurkennt verði með dómi Félagsdóms, að félagsmenn stefnanda, er starfa hjá stefnda, hafi ekki yfirvinnuskyldu samkvæmt kjarasamningi aðila.
2. Að viðurkennt verði með dómi Félagsdóms, að yfirvinnuskylda samkvæmt grunnreglu 31. gr. laga nr. 38/1954 hvíli ekki á félagsmönnum stefnanda, er starfa hjá stefnda.
3. Að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað að mati dómsins.

Dómkröfur stefnda eru þessar:

1. Að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og þar með verði staðfest af Félagsdómi, að starfsmenn Akureyrarbæjar beri skylda til að vinna yfirvinnu.
2. Að stefnandi verði dæmdur til að greiða stefnda málskostnað að mati dómsins.

I.

Stefnandi kveður málavexti vera þá, að í síðast gildandi kjarasamningi aðila hafi verið að finna eftirfarandi ákvæði í gr. 2.3.8.:

„Skylt er starfsmanni að vinna þá yfirvinnu, sem yfirmaður hans telur nauðsynlega. Þó er engum starfsmanni öðrum en þeim, sem

gegnir öryggisþjónustu, skylt að vinna meiri yfirvinnu í viku hverri en nemur þriðjungi af tilskildum vinnutíma."

Samningurinn hafi gilt til 31. desember 1986, en eftir honum hafi verið unnið til 19. mars 1987, þegar núgildandi samningur hafi verið undirritaður, hinn fyrsti kjarasamningur aðila eftir breytingu á lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna, sem gildi til 31. desember 1989. Í núgildandi kjarasamningi sé framangreint ákvæði fallið út, og hafi það verið fellt út með samkomulagi aðila. Krafa um slíkt hafi áður verið sett fram af hálfu stefnanda í kjarasamningum. Ástæðan til þess að ákvæðið hafi verið fellt niður í síðustu samningum, hafi verið, að 20 bæjarstarfsmannafélög hafi staðið að samningsgerðinni. Ætlunin hafi verið að samræma kjarasamninga þessara félaga. Stefnandi hafi verið eina félagið, sem hafði slíkt ákvæði um yfirvinnuskyldu í kjarasamningi. Hjá félagi eins og Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar hafi hins vegar verið í gildi slík regla í reglugerð um réttindi og skyldur borgarstarfsmanna. Hjá öðrum félögum hafi gilt annaðhvort sérstakar reglur eða þá lög nr. 38/1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, sbr. gr. 11.1. í núgildandi kjarasamningi aðila málsins. Þær reglur, er gildi um réttindi og skyldur félagsmanna stefnanda, hafi ekki að geyma sambærilegt ákvæði um yfirvinnuskyldu, en þær séu frá árinu 1975. Í 32. gr. þeirra sé fjallað um yfirvinnuskyldu, en það ákvæði sé alls óskylt þeirri yfirvinnu, sem grein 2.3.8. hafi fjallað um.

Í desember 1987 hafi rafvirkjar hjá Rafveitu Akureyrar lýst því yfir, að þeir teldu sig ekki hafa aukna yfirvinnuskyldu. Í því hafi falist, að þeir hafi eingöngu talið sér skylt að vinna yfirvinnu við björgun á verðmætum svo og til verndar öryggi bæjarbúa. Hinn 15. janúar 1988 hafi þrír rafiðnaðarmenn hjá Rafveitu Akureyrar neitað að vinna yfirvinnu. Þessi ákvörðun hafi verið tekin af starfsmönnum, og hafi stefnandi sem félag ekki staðið þar að baki. Hinn 21. janúar s.á. hafi Sigfús Jónsson bæjarstjóri áminnt starfsmenn þessa. Í áminningunni hafi falist það, að yrði um endurtekningu að ræða, gæti það leitt til fyrirvaralausrar brottvikningar úr starfi.

Ágreiningur aðila um yfirvinnuskyldu hafi verið tekinn upp í kjaranefnd. Á meðan á þeim tilraunum stóð, hafi stefnandi ritað bæjarstjóranum á Akueyri bréf, dags. 21. mars 1988, þar sem þess hafi verið m.a. óskað, að áminningar þessar yrðu dregnar til baka. Með bréfi hans, dags. 5. apríl s. á., hafi beiðninni verið hafnað.

Málsástæður og lagarök.

Stefnandi kveður máli þessu stefnt fyrir Félagsdóm með vísan til 3. tl. 26. gr. laga nr. 94/1986 og 4. gr. 27. gr. sömu laga.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að yfirvinnuskylda sú, sem um var fjallað í grein 2.3.8. í síðast gildandi kjarasamningi aðila, sé ekki lengur í gildi. Rök stefnanda eru þessi:

a) Ákvæði þess efnis, þ.e. gr. 2.3.8., var fellt úr gildi í síðustu kjarasamningum aðila. Þetta kemur fram m.a. í umsögn bæjarlögmanns, dags. 5. janúar 1988, en þar segir orðrétt: „Þetta ákvæði var síðan fellt úr samningnum, er kjarasamningur var gerður fyrir tímabilið 1. jan. 1987 - 31. des. 1989." Verið var að samræma kjarasamninga þeirra félaga, er að samningsgerðinni stóðu, og síðan var ætlunin að ná samkomulagi um samræmingu reglna um réttindi og skyldur. Því blasir sú staðreynd við, að á meðan ekki hefur tekist samkomulag um slíka endurskoðun eða samræmingu, er ekki í gildi neitt ákvæði, hvorki í kjarasamningi né í reglum um réttindi og skyldur, er býður mönnum að vinna slíka yfirvinnu.

b) Kjarasamningur aðila er samningur um lágmarkskjör. Ákvæði í ráðningarsamningi og slíkum reglum, er brýtur í bága við kjarasamning stéttarfélags starfsmanns, er ógilt, sbr. 24. gr. laga nr. 94/1986. Ákvæði kjarasamnings hafa ekki að geyma slíka skyldu um yfirvinnu. Því verður að líta svo á, að öll fyrirmæli í ráðningarsamningum eða öðrum einhliða settum reglum, er fara þannig í bága við kjarasamning, séu ógild.

c) Á því er og byggt, að 11. kafli í núgildandi kjarasamningi taki af öll tvímæli, hvað þetta varðar. Samkvæmt honum skulu lög nr. 38/1954 gilda um réttindi og skyldur þeirra bæjarstarfsmanna, sem ekki vinna undir sérstökum reglum þar um. Sú staðreynd blasir við, að slíkar reglur eru einmitt til staðar hjá aðilum máls þessa. Þar af leiðandi verður að mótmæla því, að reglur fyrrgreindra laga geti annaðhvort beint eða fyrir lögjöfnun átt við um félagsmenn stefnanda, er starfa hjá stefnda.

Stefnandi leggur áherslu á það, að yfirvinnuskyldan hafi verið óeðlileg, þar sem hún sé ekki almennt hjá stéttarfélögum.

Stefnandi bendir og á það, að í 73. gr. laga nr. 8/1986 um sveitarstjórnir segi, að starfsmenn við stjórnsýslu sveitarfélaga hafi réttindi og skyldur opinberra starfsmanna. Um starfskjör annarra starfsmanna sveitarfélags fari hins vegar eftir ákvæðum kjarasamnings.

Þarna sé lögfest ákvæði um starfskjör félagsmanna stefnanda, og sé lögjöfnun frá 31. gr. laga nr. 38/1954 ekki heimil, enda sé skilyrði lögjöfnunar, að tilvikið sé lögákveðið.

Þegar kjarasamningur aðila, sem sé hinn löglegi grundvöllur starfskjara félagsmanna stefnanda samkvæmt 73. gr. laga 8/1986, sé skoðaður, megi ljóst vera, að gr. 11.1. sé almennt ákvæði, sem eigi uppruna sinn í rammasamningi þeim, sem gerður hafi verið í upphafi. Hér beri að beita gagnályktun frá gr. 11.1. og ályktа, að þar sem reglur séu til um réttindi og skyldur, skuli *ekki* leitað til laga nr. 38/1954.

II.

Stefndi bendir á, að ekki sé kunnugt um, að deilur hafi sprottið út af yfirvinnu milli samningsaðila, fyrr en rafvirkjar hjá Rafveitu Akureyrar hafi neitað að vinna tiltekinn dag, og hafi það verið liður í baráttu þeirra við að halda ákveðnum kjörum, raunar forréttindum, sem þá hafði verið sagt upp. Svonefnt 10% „óþrifaálag" til rafvirkja hafi verið fellt niður, þegar samræming hafi verið gerð, og reynt hafi verið að gera iðnaðarmenn í störfum hjá stefnda líkt setta. Rafvirkjar hafi mótmælt þessu sem kjararýrnun, en þeir hafi fengið þriggja launaflokka hækkun í staðinn, sem samsvari 9,6% hækkun. Ekki sé heldur kunnugt um, að ágreiningur út af yfirvinnu hafi risið hjá nokkrum öðrum starfsmönnum, enda muni fremur hafa verið litið á yfirvinnu sem kost en löst, þótt um slíkt megi deila.

Málsástæður og lagarök.

Stefndi telur, að þrátt fyrir það að ákvæði 2.3.8. í kjarasamningi, sem áður gilti, hafi verið fellt niður í núgildandi kjarasamningi, sé enn í gildi skylda félagsmanna stefnanda til að inna af hendi yfirvinnu, a.m.k. að vissu marki.

Rök stefnda fyrir því, að félagsmenn stefnda hafi yfirvinnuskyldu, séu þessi:

a) Í stefnu er gerð grein fyrir því, að sökum þess að samræma átti kjarasamninga þeirra félaga, sem að samningsgerðinni stóðu, var nefnt ákvæði fellt út úr samningi milli stefnanda og stefnda. Stefndi er í svonefndri launanefnd sveitarfélaga og hefur því ekki eitt bæjarfélaga um samningsmál að segja, og sama er raunar um STAK sem viðsemjanda. Af bókun VIII má þó ráða, hver var ætlun samningsaðila, þ.e.a.s. að samræma reglur um réttindi og

skyldur bæjarstarfsmanna, og er út af fyrir sig eðlilegt, að ákvæði um yfirvinnuskyldu séu fremur í slíkum reglum en kjarasamningi. Fyrirmynd slíkra reglna er lög nr. 38/1954, lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, og munu raunar flest sveitarfélög hafa stuðst við þær lagareglur, hafi þau ekki haft sérstakar reglur sjálf.

Það er því augljóst, að þótt ákvæði 2.3.8. í fyrri kjarasamningi hafi beinlínis verið fellt út, nýtur þó góðra heimilda um, hvers vegna það var gert.

Enn styður bókun X í núgildandi kjarasamningi þetta sjónarmið, en þar segir, að ef ákvæði í þeim samningi gangi skemmra en sambærileg ákvæði síðustu aðal- og sérkjarasamninga að mati viðkomandi bæjarstarfsmannafélags skuli eldra ákvæði sett inn í hinn nýja samning, en hið nýja fellt úr gildi. Enn segir orðrétt: „Sama gildi um sérákvæði úr síðustu samningum, sem ekki komu fram í samningi þessum."

Þetta síðastnefnda á einmitt hér við, þannig að í raun gildir áfram ákvæði 2.3.8., og er það allt eins réttur Akureyrarbæjar að líta svo á, sbr. bókun á 49. fundi launanefndar sveitarfélaga hinn 2. mars sl.

b) Það ber auðvitað einnig að líta til þess, hver áhrif þetta brottfall ákvæðisins úr kjarasamningi hefur haft á samskipti starfsmanna við Akureyrarbæ. Engin breyting hefur orðið þar á önnur en það eina tilvik, sem varðar 3 rafvirkja, starfsmenn Rafveitu Akureyrar, en þeir neituðu að vinna yfirvinnu í des. 1987. Það er einangrað tilvik, og raunar var sú ákvörðun sprottin af allt öðru tilefni en því, að ákvæði 2.3.8. hefði fallið út úr kjarasamningi. Almennt telja starfsmenn sig eiga að hlíta því að vinna yfirvinnu og telja raunar til hlunninda að njóta hennar, en allir starfsmenn Akureyrarbæjar, sem vinna útivinnu, njóta tveggja tíma yfirvinnu á dag.

c) Þá skal loks á það bent, að enda þótt talið yrði, að þessi skylda til yfirvinnu hvíldi ekki á starfsmönnum Akureyrarbæjar, þá hvílir hún samt sem áður á skv. lögjöfnun frá 31. gr. laga nr. 38/1954. Starfsmenn sveitarfélags njóta í langflestu hliðstæðra kjara og ríkisstarfsmenn, s.s. fastráðningar, og heyra undir lög nr. 94/1986, en engin sambærileg lög eru hins vegar til um réttindi og skyldur starfsmanna sveitarfélaga. Í 11. kafla núgildandi kjarasamnings er fram tekið, að þar sem ekki gildi sérstakar reglur um réttindi og skyldur, skuli gilda lög nr. 38/1954, eftir því sem við á. Undir þetta rituðu forsvarsmenn STAK hinn 19. mars 1987.

Ástæða þess, að ákvæði samsvarandi 31. gr. l. 38/1954 var ekki tekið upp í Reglum um réttindi og skyldur starfsmanna Akureyrarbæjar á sínum tíma, er sú, að slíkt ákvæði nánast samhljóða fólst í 2.3.8. í aðalkjarasamningi. Því má einnig líta svo á, að í 11. kafla núgildandi kjarasamnings sé sleginn varnagli um þetta vegna þess millibilsástands, sem nú ríkir og áður var að vikið um samræmingu reglna um réttindi og skyldur bæjarstarfsmanna.

Um tilvísun stefnanda til 73. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 segir stefndi, að ákvæði þetta sýni skyldu til yfirvinnu með því að kveða á um, að starfsmenn við stjórnsýslu hafi réttindi og skyldur opinberra starfsmanna. Engin lögskýringargögn sýni, hvaða annan skilning skuli leggja í ákvæði þetta, og megi því ekki gagnálykta frá því, þar sem einungis afdráttarlausar reglur séu til gagnályktunar fallnar.

Stefndi vísar í forsögu máls þessa og bendir á, að ætlun samningsaðila með bókun VIII í kjarasamningi hafi verið sú, að yfirvinnuskylda félli undir grein 11.1. í samningnum, og til bókunarinnar sé vísað í ákvæðinu til áherslu.

III.

Aðilar máls þessa gerðu með sér kjarasamning hinn 19. mars 1987. Í honum er svofelld bókun VIII:

„Aðilar samnings þessa eru sammála um, að nauðsynlegt sé, að sömu reglur gildi hjá öllum aðilum samningsins um réttindi og skyldur bæjarstarfsmanna. Í því skyni að samræma hinar ýmsu reglur, sem gilda nú, eru aðilar sammála um að skipa fjögurra manna nefnd, sem skal starfa á tímabilinu 1. júní 1988 til 1. júní 1989. Nefndin skili tillögu að samræmdum reglum til samninganefnda aðila. Miða skal við, að nýjar reglur taki gildi 1. desember 1989."

Í síðast gildandi kjarasamningi aðila var að finna eftirfarandi ákvæði í gr. 2.3.8.:

„Skylt er starfsmanni að vinna þá yfirvinnu, sem yfirmaður hans telur nauðsynlega. Þó er engum starfsmanni öðrum en þeim, sem gegnir öryggisþjónustu skylt að vinna meiri yfirvinnu í viku hverri en nemur þriðjungi af tilskildum vinnutíma."

Tilsvarandi ákvæði voru ekki tekin upp í hinn nýja kjarasamning.

Í kjarasamningnum er kafli um réttindi og skyldur starfsmanna sveitarfélaga, 11. kafli. Hann er ein grein, 11.1., svohljóðandi:

„Hjá þeim starfsmönnum sveitarfélaga, þar sem ekki gilda sér-

stakar reglur um réttindi og skyldur, skulu gilda lög nr. 38/1954 með á orðnum breytingum og reglugerðum samkvæmt þeim, eftir því sem við á. (Sjá bókun VIII.)"

Hjá starfsmönnum stefnda eru í gildi reglur um réttindi og skyldur. Rétturinn lítur svo á, að í þeim felist ekki tæmandi reglur um allt, er varðar réttindi og skyldur starfsmanna stefnda, heldur felist í gr. 11.1. í kjarasamningnum, að lög nr. 38/1954 gildi um þau atriði, sem ekki er fjallað um í reglum þessum. Í þeim er ekki sérstakt ákvæði um yfirvinnuskyldu, og fer því um yfirvinnuskyldu eftir ákvæðum 31. gr. laga nr. 38/1954.

Rétt þykir, að hvor aðili greiði kostnað sinn af máli þessu.

Dómsorð:

Um yfirvinnuskyldu starfsmanna Akureyrarbæjar fer eftir ákvæðum 31. gr. laga nr. 38/1954.

Hvor aðili greiði sinn kostnað málsins.

Sératkvæði
Sigurveigar Sigurðardóttur.

Við gerð kjarasamnings aðila hinn 19. mars 1987 var fellt niður ákvæði það um yfirvinnu, sem var í fyrra kjarasamningi og greint er í ákvæði meiri hluta dómenda. Í kjarasamningi aðila er því ekki ákvæði um yfirvinnuskyldu.

Samkvæmt gr. 11.1. í kjarasamningnum skulu lög nr. 38/1954 gilda um réttindi og skyldur þeirra bæjarstarfsmanna, sem ekki hafa sérstakar reglur þar um. Hjá aðilum máls þessa eru í gildi reglur um réttindi og skyldur starfsmanna Akureyrarbæjar. Þess vegna eiga reglur laga nr. 38/1954 um réttindi og skyldur ekki við um félagsmenn stefnanda.

Ber því að fallast á kröfur stefnanda í tl. 1. og 2., en rétt þykir, að hvor aðili beri sinn málskostnað.

Þriðjudaginn 18. apríl 1989.

Nr. 3/1989. **Sálfræðingafélag Íslands**
(Viðar Már Matthíasson hrl.)
gegn
Fræðsluskrifstofu Reykjanesumdæmis
(Andri Árnason hdl.).

Frávísun.

Dómur Félagsdóms.

Mál þetta dæma Garðar Gíslason, Björn Helgason, Jónas Gústavsson, Allan V. Magnússon og Ragnar Halldór Hall.

Málið, sem tekið var til dóms í dag, er höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu birtri 11. þ.m.

Stefnandi er Sálfræðingafélag Íslands, kt. 540269-1069, Lágmúla 7, Reykjavík.

Stefndi er Fræðsluskrifstofa Reykjanesumdæmis, kt. 410676-0609, Lyngási 11, Garðabæ.

Dómkröfur stefnanda eru þessar:

1. Að viðurkennt verði með dómi Félagsdóms, að Fræðsluskrifstofa Reykjanesumdæmis sé samningsaðili um kaup og kjör gagnvart Sálfræðingafélagi Íslands vegna þeirra félagsmanna, sem starfa á nefndri fræðsluskrifstofu.
2. Að stefndi verði dæmdur til að greiða málskostnað samkvæmt ákvörðun dómsins.

Dómkröfur stefnda eru þessar:

Að stefndi verði alfarið sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að stefnanda verði gert að greiða stefnda málskostnað að skaðlausu, verði málinu ekki vísað frá Félagsdómi ex officio.

I.

Stefnandi upplýsir, að félagið sé stéttarfélag og eitt af aðildarfélögum BHMR, en það séu samtök stéttarfélaga háskólamenntaðra manna, sem starfi hjá ríki, sveitarfélögum og stofnunum þeirra eða hjá þeim stofnunum, sem reknar séu fyrir almannafé. Hann telur, að 4. mgr. 27. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna leiði til þess, að stefnandi fari með mál þetta f.h. þeirra félagsmanna sinna, sem starfa hjá stefnda.

Stefnandi telur, að stefndi sé réttur aðili til varnar í málinu, enda

sé um að ræða stofnun í skilningi framangreindra laga, sbr. 1. mgr. 1. gr. og 2. gr. þeirra. Hann telur og ágreiningsefnið eiga undir Félagsdóm, enda verði að skilja 1. tl. 26. gr. laganna svo, að ákvæðið taki einnig til ágreinings um samningsaðild vinnuveitenda megin, ella myndi ákvæðið ekki ná þeim tilgangi sínum, að Félagsdómur eigi úrskurðarvald um samningsaðild þeirra aðila, sem lögin taka til.

Stefnandi telur, að úrslit máls þessa geti hugsanlega skipt ríkissjóð máli að lögum, og hefur því, sbr. 52. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 69. gr. laga nr. 80/1938, sent ríkissjóði tilkynningu um málshöfðunina. Ríkissjóður hefur ekki sýnt viðbrögð við því.

Málavextir.

Sálfræðingafélag Íslands er að sögn stefnanda stéttarfélag sálfræðinga á Íslandi, og eru skilyrði fyrir aðild að félaginu þau, að viðkomandi hafi lokið kandidatsprófi eða öðru hliðstæðu prófi í sálarfræði eða sálfræðilegri uppeldisfræði sem aðalgrein frá háskóla á Norðurlöndum eða sambærilegu prófi við aðra háskóla. Er um að ræða sömu skilyrði og greinir í lögum 40/1976 um sálfræðinga, en að sögn stefnanda er þar lýst þeim skilyrðum, sem menn þurfa að uppfylla til þess að geta fengið leyfi menntamálaráðherra til þess að kalla sig sálfræðinga. Að fengnu slíku leyfi hafa menn löggildingu til að starfa sem sálfræðingar.

Stefnandi kveður, að fram til gildistöku laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna þann 1. janúar 1987 hafi gilt lög nr. 46/1973 og síðar l. nr. 62/1985 um sama efni. Tóku lög þessi að sögn stefnanda til BHMR og aðildarfélaga, þar með talið til stefnanda. Samkvæmt 3. gr. laga nr. 46/1973 og sambærilegu ákvæði l. nr. 62/1985 hafi heildarsamtök starfsmanna ríkisins (BHMR) farið með fyrirsvar fyrir ríkisstarfsmenn við gerð aðalkjarasamnings. Stjórnir einstakra félaga innan BHMR hafi farið með fyrirsvar þeirra við gerð sérkjarasamninga, en samkvæmt 6. gr. síðastnefndra laga hafi sérkjarasamningar tekið til skipunar starfsheita og manna í launaflokka, sérákvæða um vinnutíma, ef um sérstakar aðstæður væri að ræða, fæðisaðstöðu og fæðiskostnað svo og önnur kjaraatriði, sem aðalkjarasamningur tæki ekki til og ekki væru lögbundin.

Við gildistöku laga nr. 94/1986 kveður stefnandi einstök stéttarfélög innan heildarsamtaka á borð við BHMR hafa fengið rétt til

að fara að fullu með fyrirsvar félagsmanna sinna um gerð kjarasamninga. Hafi verið undirritaðir kjarasamningar á árinu 1987, og hafi stefnandi gert kjarasamning við fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs þann 14. apríl 1987, og hafi gildistími þess kjarasamnings verið frá 1. febrúar 1987 til 31. desember 1988. Kjarasamningur þessi var að sögn stefnanda gerður við þær aðstæður, að tæknilegar hindranir stóðu því í vegi, að samningsaðild vegna sálfræðinga hjá fræðsluskrifstofum væri leidd til lykta.

Síðastgreindur kjarasamningur rann út að sögn stefnanda samkvæmt efni sínu þann 31. desember 1988, en var framlengdur með bráðabirgðalögum til 15. febrúar 1989. Stefnandi kveður Sálfræðingafélag Íslands hafa leitast við að knýja á um gerð nýs kjarasamnings, en ekki hafi náðst samkomulag við viðsemjendur félagsins um gerð slíks samnings. Stefnandi kveður Sálfræðingafélag Íslands fara samkvæmt 3. tl. 5. gr. laga nr. 94/1986 með fyrirsvar félagsmanna sinna við gerð kjarasamnings. Samkvæmt 1. mgr. 1. gr. laganna taki fyrirsvar Sálfræðingafélags Íslands til allra félagsmanna, ef þeir eru ráðnir hjá ríkinu, ríkisstofnunum, sveitarfélögum eða stofnunum þeirra með föstum tíma-, viku- eða mánaðarlaunum, enda verði starfið talið aðalstarf. Samkvæmt 2. gr. laganna taki fyrirsvar stéttarfélaga einnig til þeirra félagsmanna, sem teljast starfsmenn sjálfseignarstofnana, sem starfa í almannaþágu samkvæmt lögum, eru í fjárlögum eða njóta fjárframlaga til launagreiðslna úr ríkissjóði, af daggjöldum eða úr sveitarfélagasjóði, enda komi til samþykki viðkomandi stofnana.

Stefnandi telur, að með fyrirsvar fyrir gagnaðila við gerð kjarasamninga sé einnig að finna fyrirmæli í lögum nr. 94/1986. Í 3. gr. laganna segir að sögn stefnanda, að fjármálaráðherra fari með fyrirsvar ríkissjóðs, sveitarfélagastjórnir fari með fyrirsvar sveitarfélags síns, að því er varðar kjarasamninga við starfsmenn sína. Af niðurlagsákvæði 3. gr. laganna telur stefnandi, að verði ráðið, að forráðaaðilar stofnana fari með samningsumboð fyrir þeirra hönd vegna starfsmanna, sem hjá þeim vinna.

Stefnandi upplýsir, að í Sálfræðingafélagi Íslands séu m.a. sálfræðingar, sem starfi hjá fræðsluskrifstofum í landinu. Fyrirmæli um fræðsluskrifstofur, stjórn þeirra, rekstur og hlutverk er að sögn stefnanda að finna í lögum nr. 63/1974 um grunnskóla með síðari breytingum. Stefnandi segir, að samkvæmt 9. gr. þeirra laga fari

menntamálaráðherra með yfirstjórn þeirra málefna, sem lögin taki til, en ráðherra til aðstoðar við framkvæmd laganna sé samstarfsnefnd, sem skipuð sé tveimur fulltrúum frá menntamálaráðuneytinu og tveimur frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Stefnandi kveður landinu vera, í 10. gr. grunnskólalaga, skipt í átta staðbundin fræðsluumdæmi og að skipting þessi fari saman við kjördæmaskiptingu landsins. Stefnandi kveður eitt fræðsluumdæmanna vera Reykjanesumdæmi, sem taki yfir Gullbringu- og Kjósarsýslu, Hafnarfjarðarkaupstað, Keflavíkurkaupstað, Grindavíkurkaupstað, Garðakaupstað, Seltjarnarneskaupstað og Kópavogskaupstað.

Í hverju fræðsluumdæmi er að sögn stefnanda fræðsluráð og fræðsluskrifstofa. Fræðsluráð er að sögn stefnanda fjölskipað stjórnvald, og er kosið í fræðsluráð af landshlutasamtökum sveitarfélaga. Verkefni fræðsluráðs kveður stefnandi vera skilgreint í 12. gr. grunnskólalaganna, en meðal verkefna þess sé stjórn fræðslumála innan umdæmisins í umboði menntamálaráðuneytis og sveitarstjórna, sem hlut eiga að máli. Þá er að sögn stefnanda fræðsluráði skylt að gera tillögu til menntamálaráðuneytis um ráðningu fræðslustjóra umdæmisins, en fræðslustjóri er svo settur eða skipaður af menntamálaráðuneytinu.

Stefnandi kveður vera fyrirmæli um það í 14. gr. grunnskólalaganna, að fræðslustjóri sé fulltrúi menntamálaráðuneytisins og hlutaðeigandi sveitarfélaga um fræðslumál í umdæminu og sé framkvæmdastjóri fræðsluráðs. Sé verkefnum fræðslustjóra nánar lýst í 14. gr., og telur stefnandi ekki ástæðu til að tíunda þau að öðru leyti en því, að í 7. tl. segir svo:

„Hann hefur umsjón með ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu í grunnskóla, sbr. 68. gr.“

Um störf fræðslustjóra og fræðsluráðs eru að sögn stefnanda nánari fyrirmæli í reglugerð nr. 182/1976 um störf fræðslustjóra og reglugerð nr. 183/1976 um fræðsluráð. Telur stefnandi ástæðu til að benda á, að í fyrrnefndu reglugerðinni segi efnislega í 6. gr., að kostnaður við rekstur fræðsluskrifstofu sé greiddur úr ríkissjóði og af landshlutasamtökum sveitarfélaga, en nánari fyrirmæli um kostnaðarskiptinguna sé að finna í 85. gr. grunnskólalaga. Þar kemur fram að sögn stefnanda í C-lið greinarinnar ákvæði þess efnis, að kostnaður af ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu skóla greiðist að hálfu úr ríkissjóði. Telur stefnandi, að af þessu verði að ályktað,

að hinn helmingurinn greiðist af landshlutasamtökum sveitarfélaga.

Í 44. gr. reglugerðar 182/1976 segir stefnandi, að fyrirmæli sé að finna um, að ráðgjafar- og sálfræðiþjónusta skuli vera sérstök deild í fræðsluskrifstofu, sem samkvæmt 2. mgr. lúti stjórn hlutaðeigandi fræðslustjóra undir yfirstjórn menntamálaráðuneytis. Þá kveður stefnandi, að um ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu grunnskóla sé til sérstök reglugerð nr. 21/1980. Þau efnisatriði þeirrar reglugerðar, sem máli skipti hér, séu eftirfarandi:

Reglugerðin hafi að geyma fyrirmæli um, að sett skuli á stofn ráðgjafar- og sálfræðiþjónusta skóla í hverju fræðsluumdæmi. Hvíli skylda þessi á fræðsluráði. Skuli vera um að ræða sérstaka deild í fræðsluskrifstofu, og er deildin nefnd Sálfræðideild skóla. Deildin skuli lúta stjórn fræðslustjóra, en dagleg stjórnsýsla og verkstjórn skuli vera í höndum sérmenntaðs forstöðumanns. Jafnframt segi, að menntamálaráðuneytið hafi yfirstjórn ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu skóla (1. gr.). Í 10. gr. nefndrar reglugerðar segir, að um réttindi og skyldur settra og skipaðra starfsmanna ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu, Sálfræðideild skóla, fari samkvæmt lögum nr. 38/1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, eftir því sem við eigi, en um laun, starfskjör og vinnutíma fari eftir ákvæðum laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna og kjarasamningum stéttarfélaga, eftir því sem við eigi.

Stefnandi upplýsir, að í sálfræðideild skóla við Fræðsluskrifstofu Reykjanesumdæmis starfi eftirtaldir sex sálfræðingar:

Nafn:	*Kennitala:*	*Starfsheiti:*
Trausti Valsson	010149-2079	Forstöðumaður
Auður R. Gunnarsdóttir	100257-5999	Skólasálfræðingur
Guðmundur Arnkelsson	060157-5539	Skólasálfræðingur
Kristín Hallgrímsdóttir	250656-2549	Skólasálfræðingur
Már Viðar Másson	011249-3029	Skólasálfræðingur
Sigríður Benediktsdóttir	220550-4009	Skólasálfræðingur

Stefnandi kveður þau öll vera félaga í Sálfræðingafélagi Íslands. Stefnandi upplýsir, að þau hafi öll að Auði R. Gunnarsdóttur frátalinni gert skriflega ráðningarsamninga, þar sem vinnuveitandi sé tilgreindur Fræðsluskrifstofa Reykjanesumdæmis. Auður R. Gunnarsdóttir hafi ekki gert skriflegan ráðningarsamning, en að öðru leyti sé ekki, að því er séð verði, neinn eðlismunur á ráðningu hennar og annarra starfsmanna. Stefnandi kveður, að launaseðlar

þeirra sex aðila, sem að framan séu nefndir, beri það allir með sér, að Fræðsluskrifstofa Reykjanesumdæmis sé launagreiðandi og að stéttarfélag viðkomandi sé Sálfræðingafélag Íslands. Þá tekur stefnandi fram, að launaseðlarnir beri það með sér svo og ráðningarsamningarnir, að viðkomandi starfsmenn séu í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, og upplýsir stefnandi, að aðild þeirra að lífeyrissjóðnum byggist ekki á 3. gr. laga um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins nr. 29/1963, heldur á 4. gr. laganna. Stefnandi kveður Sálfræðingafélag Íslands fara sem stéttarfélag með samningsumboð fyrir hina tilgreindu sálfræðinga. Innan félagsins hafi verið ákveðið í samræmi við fyrirmæli 15. gr. laga nr. 94/1986 að láta fara fram allsherjaratkvæðagreiðslu um verkfallsboðun þann 6. apríl 1989. Samkvæmt ákvæðinu þurfi a.m.k. helmingur félagsmanna, sem starfi hjá þeim, sem verkfallið beinist gegn, að taka þátt í atkvæðagreiðslu og meiri hluti þeirra að samþykkja hana. Í atkvæðagreiðslu um verkfallsboðun tóku að sögn stefnanda þátt fimm af sex sálfræðingum í starfi hjá stefnda. Samþykkti meiri hluti þeirra verkfallsboðun. Hófst því verkfall þann 6. apríl 1989. Stefnandi kveður starfsmennina hafa fengið greidd laun sín fyrir fram þann 1. apríl vegna aprílmánaðar, en stefndi gerði áskilnað um frádrátt við launagreiðslu fyrir maímánuð, ef af boðuðu verkfalli yrði.

Stefnandi kveður verkfallsboðun hafa verið beint til fræðslustjóra Reykjanesumdæmis, sem ekki hafi gert við það athugasemdir.

Stefnandi kveður, að fyrir liggi, að fræðslustjórinn hafi ekki talið sig hafa umboð til þess að semja við Sálfræðingafélag Íslands vegna þeirra félagsmanna, sem starfa hjá Fræðsluskrifstofu Reykjanesumdæmis. Hefur ríkissáttasemjari að sögn stefnanda upplýst þetta bréflega til Sálfræðingafélags Íslands í bréfi, sem dagsett er 7. apríl 1989. Stefnandi tekur fram, að á árinu 1986 og einnig á öðrum tímum hafi fræðslustjórinn í Reykjanesumdæmi samið um ýmis sérkjaraatriði þeirra sálfræðinga, sem hjá fræðsluskrifstofunni starfa, og hafi í þeim tilvikum ekki látið í ljós neinar efasemdir um umboð sitt til að gera þá samninga. Erų lögð fram skjöl í málinu þessu til staðfestingar.

Stefnandi kveður mál þetta vera höfðað til þess að fá viðurkennda með dómi þá afstöðu Sálfræðingafélags Íslands, að félagið eigi að semja við fræðslustjóra f.h. Fræðsluskrifstofu Reykjanesumdæmis vegna þeirra félagsmanna, sem þar starfa, enda hafi

Fræðsluskrifstofa Reykjanesumdæmis eða fyrirsvarsmenn hennar ekki framselt umboð sitt til samninga öðrum aðilum, svo sem samninganefnd ríkisins eða launanefnd sveitarfélaga. Fullyrðir stefnandi, að hann hafi aldrei fengið tilkynningar um slíkt framsal, og telur það ekki hafa átt sér stað.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Stefnandi kveður málshöfðun þessa óhjákvæmilega, enda verði að fá úr því skorið, hver fari með samningsumboð vinnuveitenda megin vegna sálfræðinga, sem starfa hjá fræðsluskrifstofum í hinum átta fræðsluumdæmum landsins, en um nokkurn fjölda sálfræðinga sé að ræða. Stefnandi telur, að Fræðsluskrifstofa Reykjanesumdæmis sé stofnun í skilningi laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna, sem sé rétt og skylt að semja við stéttarfélög um kjör starfsmanna sinna eftir atvikum í samvinnu við aðra vinnuveitendur, eins og gert sé ráð fyrir t.d. í 4. mgr. 3. gr. og 2. mgr. 8. gr. nefndra laga. Stefnandi telur, að einungis séu tveir möguleikar um viðsemjanda við Sálfræðingafélag Íslands, stefnanda málsins vegna sálfræðinga, sem starfa hjá fræðsluskrifstofum í landinu. Annaðhvort er það fræðslustjóri f.h. fræðsluskrifstofu eða fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs. Stefnandi telur þriðja möguleikann, þ.e. launanefnd sveitarfélaga vegna sveitarfélaga, vera útilokaðan, enda séu sveitarfélög í Reykjanesumdæmi a.m.k. tólf talsins, og skipting á skuldbindingum þeirra gagnvart starfsmönnum við fræðsluskrifstofu umdæmisins sé með öllu óljós og eflaust breytileg milli ára. Stefnandi telur, að sálfræðingar þeir, sem um ræðir, séu ekki ríkisstarfsmenn í skilningi 1. gr. laga nr. 38/1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins né heldur ríkisstarfsmenn í skilningi 3. gr. laga nr. 29/1963 um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Þeir þiggi þannig ekki laun úr ríkissjóði og hafi ekki gert ráðningarsamning við ríkið eða ríkisstofnanir. Stefnandi telur, að fyrir liggi að vísu fyrirmæli settra laga (í rýmri merkingu), sem skapi sálfræðingum þessum þá sömu réttarstöðu og lög nr. 38/1954 veita, og að um kjör þeirra fari samkvæmt kjarasamningum opinberra starfsmanna, sbr. 10. gr. reglug. nr. 21/1980. Sálfræðingar þessir séu hins vegar starfsmenn Fræðsluskrifstofu Reykjanesumdæmis, sem greiði þeim laun úr sjóði sínum, og breyti hér engu í því sambandi, að rekstrarkostnaður sé greiddur að hálfu af ríkinu og að hálfu af landshlutasamtökum sveitarfélaga í viðkomandi umdæmi.

Fræðsluskrifstofa Reykjanesumdæmis er því að mati stefnanda vinnuveitandi í skilningi laga nr. 94/1986, enda launagreiðandi og aðili að ráðningarsamningi við viðkomandi starfsmenn. Stefnandi bendir á, að Fræðsluskrifstofa Reykjanesumdæmis hafi um langt skeið samið um einstök kjaraatriði, svo sem um greiðslur vegna afnota af eigin bílum starfsmanna, og talið sig hafa til þess umboð. Stefndi hafi einnig athugasemdalaust tekið við verkfallsboðun og ekki látið í ljós þá afstöðu, að verkfall sálfræðinga hjá Fræðsluskrifstofu Reykjanesumdæmis væri ólögmætt vegna þess, að verkfallsboðun hefði verið ranglega beint gegn sér.

Þá bendir stefnandi á, að starfsmenn þessir hafi fengið aðild að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins á grundvelli 4. gr. laga um lífeyrissjóðinn, og hljóti sú staðreynd að skipta máli við mat á því, hver hafi samningsaðild vinnuveitenda megin við stefnanda vegna þessara manna. Framangreind rök, telur stefnandi, að eigi að leiða til þess, að stefnukröfurnar verði teknar til greina.

II.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því, að honum sé óskylt og jafnframt óheimilt að gerast samningsaðili stefnanda um kaup og kjör vegna þeirra félagsmanna, sem starfa hjá Fræðsluskrifstofu Reykjanesumdæmis.

Stefndi gerir svofellda grein fyrir rökstuðningi fyrir sýknukröfu sinni og rekur þær réttarreglur, sem dómkrafan byggist á, jafnframt því sem málsástæðum stefnanda er mótmælt sem röngum.

1. Af hálfu stefnda er litið svo á, að málsókn stefnanda sé fyrst og fremst beint gegn fræðslustjóranum í Reykjanesumdæmi, en ekki fræðsluskrifstofunni sem slíkri, þar sem ekki verði séð, að fræðsluskrifstofan sem slík geti átt aðild að máli þessu.

   Stefndi byggir á því í fyrsta lagi, að fræðslustjórinn í Reykjanesumdæmi sé opinber embættismaður, sem lúti yfirstjórn menntamálaráðuneytisins, sbr. l. nr. 63/1974. Skv. 15. gr. laganna er fræðslustjóri forstöðumaður fræðsluskrifstofu, og er hann skipaður af menntamálaráðherra (13. gr.). Skv. tilgreindum lögum eru verkefni fræðslustjóra margvísleg, sbr. 14. gr., og aðeins eitt af þeim verkefnum er umsjón með ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu í grunnskólum, sbr. 7. tl. 14. gr. Þau störf eða verkefni, sem fræðslustjóra eru falin að öðru leyti, þ.m.t.

á vegum fræðsluráða eða sveitarfélaga, hafa ekki sérstaka þýðingu í þessu máli.

Stefndi telur, að skýra verði 3. gr. l. nr. 94/1986 svo, að forstöðumenn einstakra stofnana eða skrifstofa á vegum ríkisins eða hins opinbera að öðru leyti hafi ekki skyldu né rétt til samninga um kaup og kjör einstakra starfsmannahópa, svo sem gerð er krafa um í þessu máli.

Þá er sérstaklega mótmælt þeirri staðhæfingu stefnanda, að stefndi geti talist vera „sjálfseignarstofnun" í skilningi 2. gr. l. nr. 94/1986. Um slíkt er hvergi boðið í lögum, svo sem gert er ráð fyrir í 2. gr.

Rétt er að benda á, að um ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu í grunnskólum eru sérstök lagaákvæði, IX. kafli l. nr. 63/1974, og skv. þeim er það menntamálaráðuneytið, sem í raun hefur með höndum alla yfirstjórn sálfræðiþjónustu, og verður að líta svo á, að þessu leyti heyri stefndi beint undir menntamálaráðuneytið.

Má í þessu sambandi vísa til 1. mgr. 69. gr. nr. l. 63/1974, sbr. 4. mgr. 66. gr., sbr. 1. mgr. 68. gr. Þá er rétt að benda á VIII. kafla rgl. nr. 182/1976 um ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu, 44. gr., en í 3. mgr. er sérstaklega gert ráð fyrir, að þessi þjónusta sem heyrir undir menntamálaráðuneytið, skuli vera sérstök deild í fræðsluskrifstofu.

Þá má vísa til rgl. nr. 21/1980 um ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu grunnskóla, 7. gr., þar sem beinlínis er gert ráð fyrir, að menntamálaráðuneytið setji starfsmenn í störf við sálfræðiþjónustu, en ekki svo, að slík skipan sé á vegum fræðslustjóra án afskipta ráðuneytis. Eingöngu hafa þó komið til ráðningarsamningar, sem stefndi gerir sem fræðslustjóri og í umboði menntamálaráðuneytis.

Ákvæði 6. mgr. 66. gr., sbr. og 85. gr. l. nr. 63/1974, um skiptingu kostnaðar af sálfræðiþjónustu milli sveitarfélaga og ríkisins hefur enga sérstaka þýðingu hér og er liður í flóknari verka- og kostnaðarskiptingu milli þessara aðila.

Þó má benda á, að allt önnur réttarstaða kann að vera gildandi um annað starfsfólk fræðslustjóra en starfsmenn ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu, en ekki verður fjallað um það hér.

2. Í reglugerð nr. 21/1980 eru fyrirmæli um réttarstöðu sálfræðinga, sem starfa að sálfræðiþjónustu í grunnskólum, en þar segir: „Um réttindi og skyldur settra eða skipaðra starfsmanna ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu fer skv. lögum nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, eftir því sem við á. Um laun, starfskjör og vinnutíma fer eftir ákvæðum laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna og kjarasamningum stéttarfélaga, eftir því sem við á."

   Af ákvæði þessu er ljóst, að gert er ráð fyrir, að fastir starfsmenn sálfræðiþjónustu teljist ríkisstarfsmenn. Engu breytir, þótt tilgreindir starfsmenn hafi verið ráðnir skv. ráðningarsamningi í fast starf. Með vísan til reglugerðarákvæðis þessa, sem ekki hefur verið breytt eða fellt úr gildi, er ekki gert ráð fyrir öðru en að um kaup og kjör fari skv. gildandi kjarasamningum, sem gerðir eru við starfsmenn ríkisins, og hvergi heimilað, að stefndi geri sérstaka kjarasamninga við stefnanda f.h. félagsmanna þess.

3. Skv. bréfi stefnanda liggur fyrir, að af hálfu stefnanda Sálfræðingafélags Íslands er litið svo á, að um kaup og kjör sálfræðinga, sem ráðnir eru í „fræðsluþjónustu" fari skv. gildandi aðalkjarasamningi BHM við fjármálaráðherra og sérkjarasamningi Sálfræðingafélags Íslands við fjármálaráðherra.

   Í ráðningarsamningi, sem fylgir bréfi stefnanda, er einnig gert beinlínis ráð fyrir, að um kaup og kjör fari skv. kjarasamningum, sem gerðir eru við fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs. Þar er sérstaklega tekið fram, að „við gerð nýrra kjarasamninga fjármálaráðherra og samtaka starfsmanna ríkisins breytist efni samnings þessa af sjálfu sér í samræmi við þær almennu breytingar sem verða".

4. Af þeim ráðningarsamningum, sem fyrir liggja, sbr. dskj. 14.-16., 18.-19., er ljóst, að viðkomandi starfsmenn hafa ætíð litið svo á einnig, að fræðslustjóri sjái í sjálfu sér ekkert um kaup og kjör, heldur fari fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs með þá aðild.

   Ráðningarsamningum aðila hefur ekki verið sagt upp, og ber því að líta svo á, að ákvæði þeirra, er þetta varðar, séu óbreytt og í fullu gildi.

5. Af hálfu stefnanda virðist talið, að þau atriði, sem nefnd voru

í 3.-4. tl. hér að framan, hafi ekki þýðingu, þar sem breyting hafi verið gerð á fyrirkomulagi kjarasamninga og skv. l. nr. 94/1986 hafi félögin sjálf samningsumboð.

Stefndi leggur sérstaka áherslu á, að skv. reglug. nr. 21/1980 og í ráðningarsamningum sé gert ráð fyrir, að um kaup og kjör fari skv. kjarasamningum opinberra starfsmanna og að forsvar fjármálaráðherra hafi ekkert breyst, þótt aðildin breyttist launþega megin. Ákvæði reglugerðar og ráðningarsamninga eru því í fullu gildi að þessu leyti.

6. Stefnandi gerði, að því er virðist athugasemdalaust, kjarasamning við fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, m.a. vegna félagsmanna sinna á fræðsluskrifstofum, hinn 14. apríl 1987, þ.e. eftir gildistöku laga nr. 94/1986. Verður ekki séð, að stefnandi hafi gert grein fyrir, hvers vegna óheimilt er nú af hans hálfu, að beina slíkri kröfu að sama aðila.
7. Tilvísun stefnanda til l. nr. 29/1963 getur ekki haft neina þýðingu í þessu máli, þar sem erindi fræðslustjóra snýr fyrst og fremst að almennu starfsfólki fræðsluskrifstofunnar (sem ráðið er í umboði fræðsluráðs, sbr. 2. mgr. 15. gr. l. nr. 63/1974).
8. Stefndi telur verkfallsboðun stefnanda frá 6.4. sl. markleysu, sbr. 16. gr. l. nr. 94/1986. Taldi stefndi, að tilkynning til sín væri til uppl. og að verkfallsboðunin hefði fyrst og fremst verið tilkynnt fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs.
9. Ómótmælt er, að stefndi hefur talið sig geta greitt sálfræðingum afnot af bifreiðum (km-gjald) og annan slíkan tilfallandi útlagðan kostnað. Hefur slíkt að sjálfsögðu enga þýðingu í þessu máli.

III.

Í upphafi málflutnings beindi dómurinn því til lögmanna aðila, að þeir tjáðu sig sérstaklega um þau atriði, sem gætu leitt til frávísunar málsins af sjálfsdáðum.

Lögmaður stefnanda taldi sakarefnið falla beint undir 1. tl. 26. gr. laga nr. 94/1986 samkvæmt orðanna hljóðan og almennri lögskýringu. Þar segi, að Félagsdómur dæmi í málum, sem rísa á milli samningsaðila um „samningsaðild einstakra stéttarfélaga". Í greinargerð, sem fylgt hafi frumvarpi að lögunum, sé einnig nefndur „samningsréttur" í þessu samhengi. Skilningur stefnanda sé því, að

undir ákvæði þetta falli úrlausnarefni um þrennt: 1) hvort um samningsrétt sé að ræða, 2) fyrir hvern eigi að semja og 3) við hvern eigi að semja. Lögskýringargögn gefi ekki tilefni til þess að beita þrengjandi lögskýringu, sem myndi leiða til takmörkunar á heimildum ákvæðis 26. gr. laganna.

Lögmaður stefndu andmælti þessum lögskýringarsjónarmiðum og benti á, að orðalag 1. tl. 26. gr. laganna væri skýrt og ótvírætt og að ekki væri heimilt að beita rýmkandi skýringu á grein þessa.

IV.

Álit dómsins.

Um samningsrétt félagsmanna aðildarfélaga Bandalags háskólamanna eru nú í gildi ákvæði laga nr. 94/1986. Í 26. gr. þeirra er mælt fyrir um, að Félagsdómur skuli dæma um nokkur ágreiningsefni milli aðila að kjarasamningum þeim, sem lögin taka til. Sú lagagrein er svohljóðandi:

„Félagsdómur dæmir í málum sem rísa á milli samningsaðila um:

1. Samningsaðild einstakra stéttarfélaga og til hvaða starfsmanna samningsaðild þeirra nær.
2. Lögmæti boðaðra eða þegar hafinna vinnustöðvana.
3. Ágreining um skilning á kjarasamningi eða gildi hans.
4. Hverjir falli undir ákvæði 29. gr. laga nr. 38/1954.
5. Hverjir falli undir ákvæði 3.-6. tölul. 19. gr. þessara laga.
6. Önnur atriði, sem aðilar hafa samið um að leggja fyrir dóminn, enda séu að minnsta kosti þrír af dómendunum því meðmæltir.

Félagsdómur dæmir og um ágreining um félagsaðild þeirra, sem undir lög þessi falla, hvort sem ágreiningurinn er milli samningsaðila, stéttarfélaga eða einstakra starfsmanna og stéttarfélaga.

Félgsdómi er heimilt að dæma í máli um atriði, sem tilgreind eru í 1. mgr., sem ágreiningur er um milli fjármálaráðherra eða sveitarfélags annars vegar og hins vegar einstakra starfsmanna eða starfsmannahópa, sem ekki falla undir 5. gr. þessara laga né lög nr. 80/1938, um stéttafélög og vinnudeilur, enda sé um það samkomulag milli aðila og að minnsta kosti þrír af dómendunum séu því meðmæltir."

Félagsdómur er sérdómstóll, og eru ofangreind ákvæði 26. gr. um dómsvald hans fortakslaus. Verður ekki ráðið af orðum greinarinnar eða forsögu hennar, að henni hafi verið ætlað að taka til annarra ágreiningsmála en þar greinir.

Um fyrirsvar af hálfu vinnuveitenda við gerð og framkvæmd kjarasamninga, sem lög nr. 94/1986 taka til, eru ákvæði í 3. gr. laganna. Ágreiningur um skýringu þeirrar greinar er ekki meðal þess, sem fellt er undir dómsvald Félagsdóms með 26. gr. laganna. Er máli þessu því sjálfkrafa vísað frá dómi.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Málskostnaður fellur niður.

Dómur Hæstaréttar 12. maí 1989.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal, Bjarni K. Bjarnason, Þór Vilhjálmsson og Arnljótur Björnsson, settur dómari.

Sóknaraðili hefur með heimild í 67. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur kært til Hæstaréttar frávísunardóm, sem Félagsdómur kvað upp 18. apríl sl. Kært var 24. apríl, og barst kæran Hæstarétti daginn eftir. Í kæru og greinargerð, sem dagsett er 2. maí, krefst sóknaraðili þess, að frávísunardómurinn verði felldur úr gildi og lagt fyrir Félagsdóm að taka málið til efnismeðferðar. Þá er krafist kærumálskostnaðar.

Í greinargerð lögmanns varnaraðila, sem dagsett er 9. maí, er krafist staðfestingar hins kærða dóms og kærumálskostnaðar.

Staðfesta ber hinn kærða dóm með tilvísun til forsendna hans. Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómsorð:

Hinn kærði dómur á að vera óraskaður.

Þriðjudaginn 21. nóvember 1989.

Nr. 4/1989. **Farmanna- og fiskimannasamband Íslands vegna Vélstjórafélags Íslands**
(Hjalti Steinþórsson hrl.)
gegn
Landsvirkjun
(Hreinn Loftsson hdl.).

Kjarasamningur. Forgangsréttur. Vélstjórar.

Dómur Félagsdóms.

Mál þetta dæma Garðar Gíslason, Auður Þorbergsdóttir, Ingibjörg Benediktsdóttir, Gunnar Guðmundsson og Viðar Már Matthíasson.

Mál þetta, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum málflutningi 16. þ.m., er höfðað með stefnu birtri 14. september sl.

Stefnandi er Farmanna- og fiskimannasamband Íslands vegna Vélstjórafélags Íslands, Borgartúni 18, Reykjavík.

Stefndi er Landsvirkjun, Háaleitisbraut 68, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þessar:

1. Að dæmt verði, að með ráðningu tæknifræðings til starfa í nýrri stjórnstöð Landsvirkjunar í Reykavík í júní sl. hafi Landsvirkjun brotið gegn ákvæðum kjarasamnings Vélstjórafélags Íslands og Landsvirkjunar frá 24. ágúst 1988 um forgangsrétt fastráðinna vélfræðinga hjá Landsvirkjun og félagsmanna Vélstjórafélags Íslands til starfa.

2. Að Landsvirkjun verði gert að greiða stefnanda málskostnað að mati dómsins.

Dómkröfur stefnda eru þessar:

Að hann verði sýknaður af kröfu stefnanda og að stefnanda verði gert að greiða honum málskostnað samkvæmt gjaldskrá LMFÍ, auk söluskatts lögum samkvæmt.

I.

Stefnandi kveður málavexti þessa: Með auglýsingu, dags. 11. maí 1989, auglýsti Landsvirkjun eftir tveimur starfsmönnum til starfa í stjórnstöð Landsvirkjunar í Reykjavík. Í auglýsingunni er tekið fram, að kröfur um lágmarksmenntun séu á sviði rafiðnaðar eða vélfræði, en tæknifræðimenntun sé æskileg. Af hálfu Vélstjóra-

félags Íslands var talið, að ef af ráðningu tæknifræðinga í umrædd störf yrði, væri með því brotið gegn ákvæðum kjarasamnings málsaðila um forgangsrétt vélfræðinga til starfa hjá Landsvirkjun. Var Landsvirkjun kynnt þessi afstaða Vélstjórafélags Íslands með bréfi, dags. 16. maí 1989.

Nokkrar viðræður urðu með aðilum í framhaldi af bréfi Vélstjórafélags Íslands, en ekki náðist samkomulag, og varð niðurstaðan sú, að Landsvirkjun réð tæknifræðing í annað umræddra tveggja starfa í lok júní sl. þrátt fyrir mótmæli Vélstjórafélags Íslands.

Með bréfi Landsvirkjunar, dags. 27. júní 1989, var starfandi vélfræðingum við stjórnstöð Landsvirkjunar á Geithálsi gefinn kostur á starfi í nýju stjórnstöðinni, en hún mun koma í stað stjórnstöðvarinnar á Geithálsi.

Voru þessir starfsmenn ráðnir til starfa í nýju stjórnstöðinni að tveimur starfsmönnum undanskildum, sem voru um það bil að láta af störfum fyrir aldurs sakir.

Þau tvö störf, sem auglýst höfðu verið hinn 11. maí sl., áttu því í raun að fylla það skarð, sem myndaðist, er umræddir 2 starfsmenn á Geithálsi létu af stöfum.

Talsverður fjöldi umsókna mun hafa borist um hin nýju störf bæði frá vélfræðingum, tæknifræðingum og rafiðnaðarmönnum.

Landsvirkjun réð síðan vélfræðing í annað starfið, en tæknifræðing í hitt þrátt fyrir mótmæli Vélstjórafélags Íslands og ábendingar um forgangsréttarákvæði kjarasamnings. Var því ákveðið að höfða mál þetta til að fá skorið úr ágreiningi aðila.

Málsástæður og lagarök.

Kröfur stefnanda eru byggðar á greinum 1.1.,1.2. og 1.4. í kjarasamningi aðila frá 24. ágúst 1988, en ákvæðin eru svohljóðandi:

1.1. „Samningur þessi tekur til allra starfa, sem vélfræðingum eru falin á hverjum tíma á sviði verk- og vélstjórnar hjá Landsvirkjun."

1.2. „Landsvirkjun skuldbindur sig til að láta vélfræðinga, sem eru fullgildir félagsmenn í Vélstjórafélagi Íslands, hafa forgangsrétt til þeirra starfa, sem um ræðir í þessum samningi."

1.4. „Eftir því sem Landsvirkjun telur við verða komið, skulu fastráðnir vélfræðingar við orkuverin að jafnaði ganga fyrir við ráðningar í lausar vélfræðingsstöður, er þeir kunna að sækja um. Á sama hátt skulu vélfræðingar með lengstan starfsaldur við orkuverið að

jafnaði ganga fyrir við ráðningu í æðri vélfræðingsstöður. Lausar vélfræðingsstöður hjá Landsvirkjun skulu auglýstar við orkuverin."

Stefnandi byggir á því, að störf þau, sem auglýst voru, komi í raun í stað starfa þeirra tveggja vélfræðinga, sem hætta störfum á Geithálsi, og að störfin séu hin sömu og vélfræðingum hafi áður verið falin hjá Landsvirkjun. Því taki forgangsréttarákvæði kjarasamnings aðila til starfanna, og hafi stefndi því brotið gegn þeim ákvæðum við ráðningu tæknifræðings í annað starfið.

II.

Stefndi lýsir málavöxtum svo: Á vegum Landsvirkjunar hefur um alllangt skeið verið unnið að undirbúningi og uppsetningu nýrrar stjórnstöðvar fyrirtækisins, sem verður að Bústaðavegi 7 í Reykjavík. Þegar stöðin verður tekin í notkun, verða núverandi stjórnstöðvar fyrirtækisins á Geithálsi og á Akureyri lagðar niður. Stjórnstöð Landsvirkjunar á Geithálsi hefur verið starfrækt með núverandi stjórnkerfi síðan haustið 1974 og nær til Suður- og Vesturlands. Stjórnstöðin á Akureyri er í eigu Landsvirkjunar og Rafmagnsveitna ríkisins og nær til Norður- og Austurlands og er svipaðrar gerðar og stjórnstöðin á Geithálsi. Stjórnkerfið í þeirri stöð var hannað árið 1973. Hin nýja landsstjórnstöð Landsvirkjunar mun ná til alls orkuframleiðslu- og orkuflutningskerfis fyrirtækisins, en síðan 1983 hefur Landsvirkjun haft yfirumsjón með því sem næst öllu raforkukerfi landsmanna. Hinni nýju stjórnstöð er ætlað að auðvelda Landsvirkjun að rækja þetta viðamikla hlutverk, þar sem eldri stjórnkerfi anna því engan veginn, enda komin til ára sinna og byggja á úreltri tækni. Áætlaður kostnaður við uppsetningu nýju stjórnstöðvarinnar er yfir 700 milljónir króna.

Mjög örar tæknibreytingar hafa orðið á síðustu 5-10 árum í vélbúnaði og hugbúnaði, er tengist stýringu og eftirliti með raforkuframleiðslu. Nýja stjórnstöðin verður búin fullkomnustu tækjum, sem völ er á í þessu efni, og má því búast við, að öryggi og eftirlit með flutningi og afhendingu raforku á þjónustusvæði Landsvirkjunar aukist til muna með tilkomu hennar.

Vegna hins fullkomna tölvubúnaðar í stjórnstöðinni verður óhjákvæmilegt að gera aðrar og meiri kröfur til undirstöðumenntunar starfsmanna á reglubundnum vöktum en nauðsyn bar til í gömlu stjórnstöðinni á Geithálsi. Sú míkilvæga breyting verður á starfi og ábyrgð vaktmanna, að störf verða færð í stjórnstöðina sem

nú eru unnin af verkfræðingum í rekstrar- og tækniþróunardeild Landsvirkjunar. Í stjórnstöðinni á Geithálsi hafa rafiðnaðarmenn og vélfræðingar verið í störfum vaktmanna. Það fyrirkomulag hefur gilt síðan 1979, en fram að þeim tíma voru einvörðungu rafiðnaðarmenn í þessum störfum. Í stjórnstöðinni á Akureyri starfa einvörðungu rafiðnaðarmenn. Vaktmennirnir geta sinnt flestum einfaldari eftirlitsstörfum, en nauðsynlegt hefur reynst að hafa á bakvöktum tæknifræðinga og/eða verkfræðinga til að grípa inn í, ef flóknari vandamál hefur borið að höndum. Þetta hefur reynst kostnaðarsamt fyrir Landsvirkjun. Skýringin á þessu fyrirkomulagi er sú, að þegar stjórnstöðin á Geithálsi var tekin í notkun, var ekki nægilegt framboð af tæknifræðingum eða verkfræðingum í landinu til að taka að sér þessi störf.

Til samanburðar má geta þess, að í hliðstæðum stjórnstöðvum orkufyrirtækja í Noregi og Svíþjóð starfa nær einvörðungu tæknifræðingar eða verkfræðingar á reglubundnum vöktum.

Landsvirkjun ber ábyrgð á því gagnvart raforkunotendum í landinu, að hin mikla fjárfesting í tækjakosti nýju landsstöðvarinnar skili sér með fullri nýtingu búnaðarins og aukinni hagkvæmni í rekstri raforkukerfisins. Mikilvægt skilyrði þess, að búnaðurinn komi að fullum notum og skili fullum afköstum, er, að þeir vaktmenn, sem vinna við hann, kunni tökin á hinni nýju tækni. Að öðrum kosti er hætt við, að fjárfestingin skili sér ekki í aukinni hagkvæmni og öryggi við rekstur raforkukerfisins. Það er því stefna Landsvirkjunar, að starfsmenn á reglubundnum vöktum í nýju stjórnstöðinni hafi sem mesta undirstöðumenntun.

Stjórnendur Landsvirkjunar álíta, að við nýráðningar hljóti mat fyrirtækisins að ráða um hæfni manna til að gegna störfum vaktmanna. Þröng stéttarsjónarmið megi ekki aftra fyrirtækinu frá því að gera auknar menntunarkröfur til starfsmanna sinna. Þessi viðhorf forráðamanna Landsvirkjunar voru kynnt vaktmönnum í gömlu stjórnstöðinni á fundum á síðastliðnum vetri, og þau eru rækilega tíunduð í bréfum til vaktmanna frá 27. júní.

Það hefur þó jafnframt verið sjónarmið Landsvirkjunar, að starfsmenn á reglubundnum vöktum í stjórnstöðinni á Geithálsi hafi öðlast sérhæfða reynslu og þekkingu í störfum sínum, sem geti nýst þeim sem undirstaða fyrir störf í nýju stjórnstöðinni. Því var ákveðið að bjóða þeim störf þar, enda yrði gerður ráðningarsamn-

ingur við þá um nýtt starf á nýjum vinnustað. Nauðsynlegt yrði þó fyrir þá að gangast undir viðamikla starfsþjálfun og hæfnispróf.

Skömmu eftir að viðræður hófust á síðastliðnum vetri um vaktafyrirkomulag í nýju stjórnstöðinni, var ákveðið, að tveir vélfræðingar, sem unnið hafa á Geithálsi, tækju ekki störf í nýju stjórnstöðinni vegna aldurs. Þeir myndu þó starfa á Geithálsi, uns nýja stjórnstöðin yrði tekin í gagnið, þ.e. á meðan samkomulag um vaktmenn á Geithálsi væri í gildi. Af hálfu Landsvirkjunar var afráðið að auglýsa tvær stöður í nýju stjórnstöðinni, og var það gert með auglýsingu, sem birtist í fjölmiðlum 14. maí. Fyrirtækið taldi sig ekki bundið af því að ráða einvörðungu vélfræðinga í þessar stöður, þar sem um nýjar stöður er að ræða, enda kemur það fram í auglýsingunni, að æskilegt sé, að umsækjendur hafi tæknifræðimenntun.

Vélstjórafélag Íslands hefur ekki sætt sig við þessa afstöðu Landsvirkjunar og mótmælti henni sérstaklega með bréfi frá 16. maí. Telur Vélstjórafélag Íslands, að í kjarasamningi félagsins og Landsvirkjunar felist forgangsréttur vélfræðinga til starfa í hinni nýju stjórnstöð. Landsvirkjun fellst ekki á sjónarmið Vélstjórafélags Íslands og hefur því ráðið tæknifræðing í aðra þá stöðu, sem Vélstjórafélagið telur, að forgangsréttur vélstjóra taki til.

Ekki sjást nein rök fyrir því, að störf í nýju landsstjórnstöðinni verði framvegis bundin þeim tveimur starfsstéttum, sem nú starfa í stjórnstöðinni á Geithálsi, ekki síst með tilliti til þess, að í æðri menntastofnunum þjóðarinnar eru í boði námsbrautir, sem nýtast vel sem grunnmenntun undir þessi störf. Landsvirkjun hefur ekki síður skyldum að gegna gagnvart því fólki en félagsmönnum tiltekinna stéttarfélaga.

Málsástæður og lagarök.

Landsvirkjun hafnar þeirri afstöðu Vélstjórafélags Íslands, að forgangsréttarákvæði í kjarasamningi aðila nái til þess, að vélfræðingar hafi forgangsrétt umfram aðrar starfsstéttir til starfa á reglubundnum vöktum í hinni nýju stjórnstöð fyrirtækisins að Bústaðavegi 7 í Reykjavík.

Framangreind afstaða Landsvirkjunar hvílir á eftirgreindum málsástæðum og lagarökum:

Í fyrsta lagi er um ný störf á nýjum vinnustað að ræða. Hér er verið að búa til nýjar stöður, sem fela í sér meiri kröfur um undirstöðumenntun og ábyrgð en fylgt hefur störfum vaktmanna á Geit-

hálsi. Áður en starfsmenn hefja störf á vöktum í nýju stjórnstöðinni að Bústaðavegi 7, verður gerður sérstakur ráðningarsamningur, og gert er ráð fyrir sérstökum kjarasamningi við starfsmenn nýju landsstjórnstöðvarinnar. Vaktmönnum á Geithálsi var tilkynnt með bréfi, dags. 27. júní sl., að störf þeirra yrðu lögð niður, jafnframt því sem þeim var boðið nýtt starf á vegum Landsvirkjunar.

Nú gildir um starfsmenn í stjórnstöðinni á Geithálsi sérstakt samkomulag til hliðar við kjarasamninga Landsvirkjunar við Rafiðnaðarsamband Íslands og Vélstjórafélag Íslands um vinnutilhögun og önnur kjör. Skýrt er tekið fram í þessu samkomulagi, að það gildi „á meðan núverandi stjórnstöð Landsvirkjunar á Geithálsi er starfrækt", en falli úr gildi sama dag og störf vaktmanna við stjórnstöð Landsvirkjunar við Bústaðaveg 7 hefjast, enda verði gengið frá kjarasamningi þar um. Hér ganga samningsaðilar augljóslega að því sem gefnum hlut, að gera verði nýjan samning um störf vaktmanna í nýju stjórnstöðinni og að gamli samningurinn geti ekki átt við um störfin þar.

Þess ber að geta í þessu sambandi, að það er ekki rétt, sem fram hefur komið af hálfu Vélstjórafélags Íslands, að þeir tveir nýju starfsmenn, sem ráðnir hafa verið í nýju landsstjórnstöð Landsvirkjunar, komi í stað þeirra tveggja vaktmanna, sem nú starfa á Geithálsi, en munu ekki taka starf í nýju stöðinni. Hið rétta er, að vaktmennirnir tveir á Geithálsi munu starfa eftir núgildandi samkomulagi, uns það fellur úr gildi. Nýju mennirnir tveir munu starfa eftir því samkomulagi, sem gert verður við vaktmenn á nýja vinnustaðnum.

Í öðru lagi byggist afstaða Landsvirkjunar á túlkun ákvæða í gildandi kjarasamningi Landsvirkjunar og Vélstjórafélags Íslands. Þar segir um gildissvið samningsins í gr. nr. 1.1., að hann taki til „allra starfa sem vélfræðingum eru falin á hverjum tíma á sviði verk- og vélstjórnar hjá Landsvirkjun". Samkvæmt orðanna hljóðan eru samningsaðilar sammála um, að breytingar geti orðið á því, hvaða störf vélfræðingum eru falin á vegum Landsvirkjunar frá einum tíma til annars. Það felst í orðalaginu störf „sem vélfræðingum eru falin", að Landsvirkjun sem vinnuveitandi ákveði, hvaða starfsmenn gegni tilteknum störfum. Þannig gegndu vélfræðingar ekki vaktmannsstöðum á Geithálsi fyrr en árið 1979. Fyrir þann tíma voru rafiðnaðarmenn í öllum störfunum á Geithálsi, en nú hafa vélfræðingar helming starfanna og rafiðnaðarmenn hinn helminginn.

Í sambærilegri stjórnstöð á Akureyri eru einvörðungu rafiðnaðarmenn í vaktmannsstörfum, eins og áður hefur verið bent á.

Landsvirkjun telur, að ekki geti falist í forgangsréttarákvæði í gr. nr. 1.2. í gildandi kjarasamningi fyrirtækisins og vélfræðinga skuldbinding af hálfu fyrirtækisins þess efnis, að hafi tiltekin störf verið unnin af hópi starfsmanna á grundvelli menntunar þeirra, skuli þeim tryggður réttur til þeirra verka um öll ókomin ár. Slíkt myndi leiða til stöðnunar. Forgangsrétturinn tekur til hefðbundinna starfa viðkomandi starfshóps, en hann tryggir hvorki, að störfin verði ávallt unnin, né heldur, að störfin verði ávallt unnin með þeirri aðferð, sem hópurinn ræður yfir. Tækniþróunin hlýtur að ráða úrslitum um það, hvort tiltekin störf skuli felld undir verksvið vélfræðinga eða hvort aðrir starfshópar séu betur færir um að sinna þeim. Það er t.d. líklegt, að „tölvubyltingin" geti haft þau áhrif, að starfsmenn með menntun á sviði tölvufræða taki við verkefnum, sem vélfræðingar unnu áður. Einnig er hugsanlegt, að tæknibreytingar geti gert sum störf óþörf, sem áður voru unnin af vélfræðingum, eða að grunnmenntun vélfræðinga nýtist þeim ekki til að sinna nýjum verkum.

III.

Forgangsréttarákvæði í kjarasamningi aðila taka til „allra starfa sem vélfræðingum eru falin á hverjum tíma á sviði verk- og vélstjórnar hjá Landsvirkjun".

Upplýst er, að af 50 félagsmönnum stefnanda Vélstjórafélags Íslands, sem vinna hjá stefnda Landsvirkjun, starfi aðeins 6 við kerfiráð í stjórnstöð. Þessum störfum hafa þeir gegnt frá árinu 1979 samhliða rafiðnaðarmönnum, en fyrir þann tíma gegndu rafiðnaðarmenn þeim einir.

Fram er komið af hálfu stefnanda, að hann hefði ekki talið það brot á kjarasamningi aðila, ef rafiðnaðarmaður hefði verið ráðinn í starf það, sem hér um ræðir. Með hliðsjón af þessu telur dómurinn upplýst, að störf þau, sem ráðið var til eftir auglýsingu, dags. 11. maí 1989, séu ekki hefðbundin vélfræðingastörf, sem forgangsréttarákvæði kjarasamnings aðila taki til.

Ber því að sýkna stefnda af kröfum stefnanda.

Rétt þykir, að stefnandi greiði stefnda málskostnað, sem ákveðst kr. 150.000,00, þar með talinn söluskattur.

Dómsorð:

Stefndi, Landsvirkjun, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Farmanna- og fiskimannasambands Íslands vegna Vélstjórafélags Íslands, í máli þessu.

Stefnandi greiði stefnda kr. 150.000,00 í málskostnað, þar með talinn söluskatt.

Fimmtudaginn 30. nóvember 1989.

Nr. 6/1989. **Alþýðusamband Íslands f.h. Alþýðusambands Vestfjarða vegna Verkalýðsfélags Patreksfjarðar**
(Arnmundur Backman hrl.)
gegn
Útvegsmannanfélagi Vestfjarða vegna Vestra h/f og Patreks h/f
(Jónas Haraldsson hdl.).

Kjarasamningur. Hásetar.

Dómur Félagsdóms.

Mál þetta dæma Garðar Gíslason, Björn Helgason, Ingibjörg Benediktsdóttir, Jón Þorsteinsson og Gunnar Guðmundsson.

Málið, sem tekið var til dóms 21. nóvember sl., er höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu, birtri 16. september sl.

Stefnandi er Alþýðusamband Íslands, Grensásvegi 16, Reykjavík, f.h. Alþýðusambands Vestfjarða vegna Verkalýðsfélags Patreksfjarðar.

Stefndi er Útvegsmannafélag Vestfjarða vegna Vestra h/f og Patreks h/f á Patreksfirði.

Dómkröfur stefnanda eru þessar:

1. Að dæmt verði, að réttur sé sá skilningur stefnanda á 2. mgr. 1. gr. og 2. mgr. 2. gr. kjarasamnings aðila frá 1. janúar 1987, sbr. kjarasamning 1. júní 1989, að stefnda beri á landróðrabátum, er veiða með línu eða í net, að bæta við einum háseta, þegar afli er slægður um borð, og öðrum háseta, þegar afli er ísaður í kör eða kassa, og hækki þá skiptaprósenta um 2,1 fyrir hvorn mann, sem umfram er.
2. Að dæmt verði, að réttur sé sá skilningur stefnanda á 10. gr. d. í sama kjarasamningi málsaðila, að aukagreiðsla sú, er um getur í greininni, skuli innt af hendi óskipt til hvers háseta, er á sjó fer í landróðrabátum til línuveiða.

Stefnandi krefst og málskostnaðar eftir mati dómsins.

Dómkröfur stefnda eru þessar:

Að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að stefnandi verði dæmdur til að greiða honum hæfilegan málskostnað að mati dómsins.

I.

Stefnandi kveður málavexti þá, að málsaðilar hafi gert með sér kjarasamning, síðast hinn 1. janúar 1987, og framlengdu hann 1. júní 1989.

Um 1. lið dómkröfu:

Í 2. mgr. 1. gr. samningsins og 2. mgr. 2. gr. er eftirfarandi ákvæði:

„Þegar afli er slægður um borð og/eða ísaður í kör eða kassa, skal bæta við einum eða tveimur hlutaráðnum mönnum og hækkar skiptaprósenta þá um 2,1 fyrir hvorn mann, sem umfram er."

Upphaf þessa máls má rekja til þess, þegar farið var að slægja fiskinn um borð í dagróðrabátum. Var þá einum manni bætt við áhöfnina. Nokkrum árum síðar var farið að raða fiskinum í kassa eða kör, og var þá bætt við enn öðrum háseta. Í kjarasamningi málsaðila frá 1984 var síðan gengið frá þessari skipan með áðurgreindum ákvæðum samningsins.

Stefnandi hefur alltaf túlkað 2. mgr. 1. gr. og 2. mgr. 2. gr. kjarasamningsins á þann veg, að sé afli slægður um borð skuli bæta við einum manni, en tveimur, sé frá honum gengið í kör eða kassa, enda aukist vinna verulega um borð af þessum sökum og hækki þá skiptaprósentan um 2,1 fyrir hvorn mann, sem umfram er. Hins

vegar hefur lítið á umrætt ákvæði reynt, þar sem venjan er sú, að einn háseti er á landróðrabátum. Með nýjum veiði- og verkunaraðferðum á síðari árum, slægingu um borð og afli ísaður í kör, er hins vegar kominn upp ágreiningur um þessa túlkun. Stefndi hefur ekki viljað fallast á framangreinda túlkun stefnanda, en hagað framkvæmdinni þannig að skipta einum viðbótarhlut á milli sjómanna á línunni, en tekið hann af, þegar veitt er í net. Hins vegar telur stefndi og túlkar ákvæðið þannig, að það sé á hans valdi að ákveða, hvort bæta skuli við einum eða tveimur skipverjum við slægingu aflans eða ísun.

Í desember 1987 og janúar 1988 var alvarleg vinnudeila á Patreksfirði vegna ágreinings um uppgjör. Hinn 12. janúar 1988 náðu aðilar samkomulagi um túlkun þessara ákvæða í 1. og 2. gr. kjarasamningsins. Gildistími samkomulagsins var til 15. mars sama ár, og skuldbundu aðilar sig til þess fyrir þann tíma að gera með sér sérstakt samkomulag um þessi atriði. Það samkomulag náðist ekki, en í samningnum frá 12. janúar er fallist á túlkun stefnanda.

Um 2. lið dómkröfu:

Í d-lið 10. gr. kjarasamnings aðila segir:

„Á landróðrabátum, er veiða með línu, skal háseti sá, er á sjó fer, fá auk umsaminna launa kr. 6.305,- á mánuði eða 12,5% aukahlut, ef hann reynist hærri.“

Framangreint ákvæði er margra áratuga gamalt í kjarasamningum málsaðila, og orðalag hans tekur af því mið, að lengst af var aðeins einn háseti á landróðrabátum. Þegar tekin var upp sú regla á landróðrabátum að slægja afla um borð og ísa hann í kör eða kassa, hafði sú breyting það í för með sér, að hásetum var fjölgað á hverju skipi, svo að nú eru þeir a.m.k. 2, en ættu að vera 3 á hverju skipi, ef farið væri eftir ákvæðum 2. mgr. 1. gr. og 2. mgr. 2. gr. kjarasamningsins. Við þessa breytingu felldi stefndi niður aukagreiðsluna samkvæmt d-lið 10. gr. með þeim rökum, að samkvæmt orðanna hljóðan ætti „háseti sem á sjó fer“ að fá hlutinn, en ekki „hásetar sem á sjó fara“.

Stefnandi telur túlkun stefnda á þessari grein ranga og út í hött. Samkomulag hefur hins vegar ekki náðst vegna þessa ágreinings, og eru málsaðilar þess vegna sammála um að leita úrskurðar Félagsdóms.

II.

Málsástæður stefnda.

1. Mannfjöldinn, þegar aflinn er slægður og/eða ísaður í kör eða kasa.

Með bréfi dags. 25.5. 1984 lagði Verkalýðsfélag Patreksfjarðar fram kröfugerð sína í 11 tölusettum liðum vegna væntanlegra samningaviðræðna milli aðila máls þessa, þ.e. ASV og ÚV.

Annar töluliður kröfugerðarinnar hljóðaði svo:

„Þegar fiskur er slægður og ísaður um borð í landróðrabát, skal fjölga hásetum um tvo og greiðir útgerðarmaður þann aukakostnað að fullu, jafnframt og öðrum skipverjum."

Í þessari kröfu kemur fram, að verkalýðsfélagið ætlaðist til þess, að þegar bæði er slægt og ísað, skuli skylt að hafa tvo háseta á skipi. Þetta er einnig sú krafa, sem verkalýðsfélagið er að reyna að fá fram í þessu dómsmáli.

Á þessa kröfugerð féllust útgerðarmenn á Vestfjörðum ekki, sbr. ákvæðið eins og það var samþykkt með samningi dags. 14. júní 1984 og er óbreytt í dag. Ákvæðið hljóðar svo:

„Þegar afli er slægður um borð *og/eða* ísaður í kör eða kassa, skal bæta við *einum eða tveimur* hlutaráðnum mönnum, og skiptaprósentan hækkar þá um 2,1% fyrr hvorn mann, sem umfram er".

Eins og berlega kemur fram af orðalaginu, hefur skipstjórinn val um það, hvort hann hefur einn eða tvo háseta, enda út í hött að láta mannfjölgun vera sjálfkrafa, þótt ísað sé.

Hvort fjölga þarf um einn eða tvo, þegar slægt er og/eða ísað, fer allt eftir atvikum, svo sem, hvort mikið eða lítið fiskast, hvort mannskapurinn er vanur eða ekki, hvernig viðkomandi skip er útbúið fyrir kassa eða kör eða starfsaðstaðan er um borð; Hvort aflinn fari á erlendan markað eða í vinnslu í landi, hvort heldur notuð eru kör eða kassar, en kassar skapa miklu meiri vinnu en kör, hvort raðað er í körin eða ekki, hvort verið er að veiða í salt eða frystingu, þar sem örlitlum ís er stráð á fisk, sem salta á, svo að fiskholdið stirðni ekki, eða hvort fiskurinn er kafísaður í kassa eða kör til e.t.v. margra daga geymslu, áður en hann er unninn í frystingu.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á þeirri grundvallarreglu vinnuréttar um túlkun kjarasamninga, að séu samningsaðilar ekki sam-

mála um annað, skuli túlka texta viðkomandi kjarasamningsákvæðis eftir orðanna hljóðan. Sé það stefnanda eins að sanna það, ef hann telur merkingu ákvæðisins eiga að vera aðra en skýrt segir til um orðalagið. Það hafi honum ekki tekist.

Stefndi leggur áherslu á, að þekkt sé, að einstök útgerðarfyrirtæki geri betur á einhverjum sviðum við sjómenn, en kjarasamningar áskilja. Hraðfrystihús Norurtanga h/f, Ísafirði, geri út bæði togara, Guðbjart, ÍS 16, og línubáta. Í kjarasamningsviðræðum á Vestfjörðum, a.m.k. þeim, sem undirritaður hefur tekið þátt í, hafa hásetar á línubátum félagsins gert kröfur um hærra kaup og kjör og borið sig saman við háseta á togaranum, sem hafa mun hærri tekjur. Þar sem erfitt geti verið að manna línubátana vegna lakari tekjumöguleika, þá sé ekki óeðlilegt, að fyrirtækið borgi betur en kjarasamningar segja til þess að jafna aðstöðumuninn varðandi tekjumöguleika á togara fyrirtækisins og línubátum. Slíkar yfirborganir einstakra útgerðarfyrirtækja breyti engu um gildi ákvæðis kjarasamnings eða geri þau marklaus. Haldi kjarasamningsákvæðin sínu fulla gildi, þótt einhverjir bjóði betur en kjarasamningarnir segi til um.

2. Um skyldu til greiðslu aukaþóknunar til háseta á línubátum, hvort heldur einn eða fleiri eru í höfn.

Á sama hátt og áður sagði um 1. lið hér að framan, byggir stefndi sýknukröfu sína á þeirri grundvallarreglu vinnuréttar um túlkun kjarasamninga, að séu samningsaðilar ekki sammála um annað, skuli túlka texta viðkomandi kjarasamningsákvæðis eftir orðanna hljóðan. Telji annar aðilinn, að túlka beri ákvæðið á annan veg en skýrt orðalagið segir til um eftir almennri málvenju, þá sé það hans eins að sanna, að samningsákvæðið eigi að skiljast á annan veg. Það hafi honum ekki tekist. Væri skilningur stefnanda réttur, hlyti ákvæðið að vera orðað svo:

„Á landróðrabátum, er veiða með línu, *skulu hásetar þeir,* er á sjó *fara,* fá auk umsaminna launa kr. 6.305,- á mánuði eða 12,5% aukahlut, ef hann reynist hærri."

Stefndi mótmælir sérstaklega yfirlýsingu þáverandi formanns stefnda, Útvegsmannafélags Vestfjarða, dags. 24.6. 1987, sem rangri.

Sérstaklega aðspurður af undirrituðum hefur hann enga skýringu getað gefið á þessari yfirlýsingu sinni, þ.e. á hvaða forsendum hún

er byggð eða á hvaða rökum. Virðist yfirlýsingin nánast etin upp eftir yfirlýsingu forseta stefnanda ASV, dags. 30.4. 1987, í því skyni að kaupa frið í málaflokki, sem eru ekki á útgerðarsviði fyrrum formanns stefnda.

Í því sambandi skal bent á það sérstaklega, að Guðmundur Guðmundsson, fyrrum formaður Útvegsmannafélags Vestfjarða, gerir ekki út línubát, heldur togarann Guðbjörgu ÍS 46. Í kjarasamningaviðræðum á Vestfjörðum ræða útgerðarmenn togara við togarsjómenn um þeirra sérkröfur og sérmál, en útgerðarmenn línubáta ræða eingöngu við skipverja á línubátum um þeirra sérkröfur og sérmál. Sé aftur á móti um sameiginleg mál sjómanna að ræða, eru þær kröfur ræddar sameiginlega með þátttöku allra aðila.

Þá þykir rétt vegna málatilbúnaðar stefnanda að fjalla um rökstuðning hans og forsendur fyrir hans skilningi á túlkun ákvæðisins, þótt þá skipti ekki niðurstöðu máls þessa neinu að mati undirritaðs.

Stefndi mótmælir því sem röngu, að skilningur stefnanda sé réttur, að verið sé að jafna aðstöðumun háseta á sjó og í landi, en á því byggir hann kröfu sína. Engar nánari skýringar hefur hann þó sett fram máli sínu til stuðnings um þennan kröfulið.

Rétt þykir þó að geta þess hér, að sambærileg ákvæði eru í gr. 2.10., 1. mgr., í kjarasamningum SSÍ og LÍÚ, sem hljóðar svo: „Háseta á landróðrabát á línuveiðum skal greiða auk eins hlutar kr. 5.298,- á mánuði í laun."

Þetta ákvæði þýðir, að sé aðeins einn háseti um borð, þá fær hann kaupauka, aukaþóknun, sem er hugsuð sem uppbót til eina mannsins um borð, sem ekki hefur aukahlut, því að hinir eru skipstjóri, stýrimaður, tveir vélstjórar og matsveinn. Tók hann gjarnan þá baujuvaktina á staðnum.

Séu hásetar aftur á móti tveir eða fleiri, er forsenda brostin fyrir því að greiða uppbót þessa frekar en á öðrum veiðum, þar sem hásetar eru tveir eða fleiri. Um þennan skilning hefur aldrei verið ágreiningur annars staðar á landinu, þótt orðalagið í kjarasamningi SSÍ og LÍÚ sé ekki jafnafdráttarlaust og hið vestfirska ákvæði í gr. 10., d-lið, sem tekur af öll tvímæli um það, að þar er eingöngu átt við einn háseta, þegar rætt er um aukahlut.

Þá eru dæmi þess, að fjölgi úr einum háseta í tvo, að útgerðarmaður hafi ekki fellt þessa aukaþóknun niður, heldur hafi hann skipt henni milli beggja hásetanna að jöfnu, ekki viljað fella hana

niður, þótt fjölgaði um háeta, fyrst hann hefði hvort sem er áður borgað hana.

III.

Fyrsti liður dómkröfu stefnanda lýtur að túlkun þessa ákvæðis í kjarasamningi aðila:

„Þegar afli er slægður um borð og/eða ísaður í kör eða kassa, skal bæta við einum eða tveimur hlutaráðnum mönnum og skiptaprósentan hækkar þá um 2,1% fyrir hvorn mann, sem umfram er."

Fallast ber á með stefnda, að orðalag ákvæðisins beri með sér, að skipstjóri eða útgerðarmaður hafi val um það, hvort bætt er við einum háseta eða tveimur við þær aðstæður, er í ákvæðinu greinir. Verður krafa stefnanda um þennan lið því ekki tekin til greina.

Annar liður dómkröfu stefnanda lýtur að túlkun þessa ákvæðis kjarasamningsins:

„Á landróðrabátum, er veiða með línu, skal háseti sá, er á sjó fer, fá auk umsaminna launa kr. 6.305,- á mánuði eða 12,5% aukahlut, ef hann reynist hærri."

Með hliðsjón af því, sem fram er komið í málinu, verður að túlka ákvæði þetta á þá lund, að átt sé við hvern þann háseta, er á sjó fer, án tillits til þess, hvort um einn eða fleiri háseta er að ræða á sama báti. Ber því að fallast á þennan lið kröfu stefnanda.

Rétt þykir, að hvor aðili beri sinn málskostnað.

Dómsorð:

1. Krafa stefnanda um skilning á 2. mgr. 1. gr. og 2. mgr. 2. gr. í kjarasamningi aðila er ekki tekin til greina.

2. Viðurkennt er, að aukagreiðsla sú, er um getur í 10. gr. d í kjarasamningi aðila, skuli innt af hendi óskipt til hvers háseta, er á sjó fer á landróðrabátum til línuveiða.

Málskostnaður fellur niður.

Þriðjudaginn 5. desember 1989.

Nr. 5/1989. **Alþýðusamband Íslands vegna**
Verkamannasambands Íslands vegna
Verkalýðsfélagsins Rangæings
(Gunnar Sæmundsson hrl.)
gegn
Dvalarheimilinu Lundi
(Baldur Guðlaugsson hrl.).

Trúnaðarmaður. Uppsögn.

Dómur Félagsdóms.

Mál þetta dæma Garðar Gíslason, Björn Helgason, Ingibjörg Benediktsdóttir, Jón Þorsteinsson og Gunnar Guðmundsson.

Málið, sem tekið var til dóms 30. f.m., er höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu birtri 15. september sl.

Stefnandi er Alþýðusamband Íslands, kt. 420169-6209, Grensásvegi 16, Reykjavík, vegna Verkamannasambands Íslands, kt. 680269-5219, Suðurlandsbraut 30, Reykjavík, vegna Verkalýðsfélagsins Rangæings, kt. 540174-0599, Verkalýðshúsinu við Suðurlandsveg, Hellu, Rangárvöllum.

Stefndi er Dvalarheimilið Lundur, kt. 440375-0149, Hellu, Rangárvöllum.

Dómkröfur stefnanda eru þessar:

Að uppsögn stefnda með bréfi dags. 27. febrúar 1989, þar sem trúnaðarmanni Verkalýðsfélagsins Rangæings hjá stefnda, Guðrúnu Birnu Garðarsdóttur, kennitala 240145-7669, var sagt upp starfi sínu frá og með 1. mars 1989 með þriggja mánaða fyrirvara, verði dæmd brot á 11. gr. laga nr. 80/1938 og ólögmæt af þeim sökum, að stefnda verði dæmd refsing skv. 11. gr., sbr. 70. gr., nefndra laga og að stefnda verði dæmt að greiða stefnanda málskostnað að skaðlausu skv. gjaldskrá LMFÍ.

Dómkröfur stefnda eru:

Að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að stefnandi verði dæmdur til að greiða stefnda málskostnað að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

I.

Stefnandi kveður málavexti þá, að með bréfi, dags. 27.2. 1989,

var Guðrúnu Birnu Garðarsdóttur sagt upp starfi sínu hjá stefnda með þriggja mánaða fyrirvara frá og með 1. mars s.á. Hún hafi þá starfað sem trúnaðarmaður stéttarfélags síns í starfsstöð stefnda frá 4. október 1985 og verið endurskipuð í þann starfa skv. fundarsamþykkt dags. 27. nóvember 1985. Af hálfu Verkalýðsfélagsins Rangæings var talið, að uppsögnin bryti í bága við 11. gr. laga nr. 80/1938, og átti formaður félagsins, Sigurður Óskarsson, viðræður við stjórnarmenn í stjórn dvalarheimilisins og reyndi að fá uppsögnina dregna til baka. Í framhaldi af þeim viðræðum ritaði formaðurinn öllum stjórnarmönnum stefnda ábyrgðarbréf, dags. 24.4. 1989, og fór fram á, að uppsögnin yrði dregin til baka og gengið frá sáttum í málinu. Jafnframt ritaði hann sama dag bréf til forstöðukonu dvalarheimilisins, þar sem hann lýsti þeirri von sinni, að hún stuðlaði að lausn deilunnar. Á næsta stjórnarfundi stefnda mun svo hafa verið samþykkt að reyna sættir í deilunni, og hafði stjórnarformaður stefnda samband við Sigurð Óskarsson og leitaði að sögn Sigurðar eftir því, hvort sættir gætu tekist á þeim grundvelli, að uppsögnin stæði, en Guðrúnu Birnu yrðu tryggð afleysingastörf á dvalarheimilinu og/eða einhverjar fébætur. Sigurður kveðst hafa tjáð honum, að afturköllun uppsagnarinnar væri forsenda fyrir sáttum, og hafi stjórnarformaðurinn þá sagt, að fyrst afturköllun uppsagnarinnar væri skilyrði fyrir sáttum, væri ekki meira um málið að segja. Enn kveður Sigurður hafa verið reynt að ná sáttum með milligöngu eins stjórnarmanns stefnda, en án árangurs, og lét Guðrún Birna af störfum í maílok 1989.

Málsástæður stefnanda eru þær, að trúnaðarmanni hans hafi verið sagt upp starfi, án þess að séð verði, að lögmætar ástæður hafi legið til uppsagnarinnar, og sé full ástæða til að ætla, að uppsögnin eigi rætur að rekja til starfa trúnaðarmannsins sem slíks. Í því sambandi er bent á, að Guðrún Birna lét nokkuð til sín taka í deilu starfsmanna við dvalarheimilið vegna vangreiddra launa, sem leiddi til málsóknar 7 starfsmanna, þar á meðal Guðrúnar Birnu, á hendur stefnda í september 1987. Verði það ekki talið nægilega sannað, telur stefnandi augljóst, að uppsögnin brjóti í bága við ákvæði 2. málslið 11. gr. laga nr. 80/1938.

Stefnandi vísar í framburð þeirra Sigurðar Óskarssonar, formanns Verkalýðsfélagsins Rangæings, Guðrúnar Birnu Garðarsdóttur trúnaðarmanns félagsins, og Þórunnar Sigurðardóttur, fv.

starfsstúlku, hér fyrir dómi. Þar hafi, svo og í yfirlýsingu margra starfsstúlkna, sem unnið hafi með Guðrúnu Birnu, verið hraktar fullyrðingar stefnda um störf hennar og framkomu, enda séu þær allar rangar og ósannaðar.

II.

Stefndi segir, að Guðrúnu Birnu Garðarsdóttur hafi verið sagt upp störfum með samningsbundnum þriggja mánaða fyrirvara. Guðrún hafi í nokkur ár verið trúnaðarmaður stéttarfélags síns í starfsstöð stefnda. Þótt svo væri, hafi stefndi álitið, að hann hefði fulla heimild til að segja henni upp störfum, þar sem ástæður uppsagnarinnar tengdust ekki á neinn hátt störfum hennar sem trúnaðarmanns. Ástæður uppsagnarinnar voru ekki tilgreindar í sjálfu uppsagnarbréfinu, enda Guðrúnu sagt upp með samningsbundnum uppsagnarfresti og því óskylt að tilgreina þær. Henni var þó fullkunnugt um ástæðurnar. Störf og framkoma Guðrúnar höfðu um nokkurt skeið valdið spennu og óróa á vinnustað, sem útilokað var að búa við lengur. Forstöðukona dvalarheimilisins lenti í bílslysi sumarið 1987 og var frá störfum í u.þ.b. 10 mánuði. Á því tímabili komst mikið los á störf Guðrúnar, og lét hún ekki segjast, er forstöðukonan kom aftur til starfa, þótt mikið væri til þess reynt af hálfu forstöðukonunnar. Samkvæmt upplýsingum fyrirsvarsmanna stefnda voru helstu ástæður uppsagnarinnar þessar:

1. Guðrún er ekki jafnlynd kona og átti stundum til að hreyta í vistfólk og starfsfólk af þeim sökum.
2. Þegar forstöðukona vakti athygli á því, sem betur mátti fara í störfum Guðrúnar, var því illa tekið af hennar hálfu, og harðneitaði hún því jafnan, að athugasemdir vegna starfs hennar ættu við nokkur rök að styðjast.
3. Þegar Guðrún var á vakt um helgar, var mun meiri órói meðal vistfólks en í annan tíma, og gerði hún þá kröfu til aukins magns af róandi lyfjum handa vistfólki.
4. Næturvaktir virtust vera Guðrúnu mun erfiðari en öðru starfsfólki, og þá var jafnan mun meiri órói meðal vistfólks að hennar sögn en á öðrum tímum, og hafði læknir stofnunarinnar verulegt ónæði af þessari ástæðu, að hann sagði.
5. Guðrún mætti að eigin sögn stundum til vinnu ósofin og örþreytt vegna erfiðra heimilisástæðna og mikils vinnuálags heima fyrir og lét þetta ástand sitt mjög bitna á starfsfólki og vistfólki.

6. Guðrún kom með heimilisþvott sinn til að þvo hann og þurrka í vinnutíma sínum og utan hans.
7. Guðrún kom með handavinnu sína í vinnuna og vann við hana þar í vinnutíma þrátt fyrir margítrekuð tilmæli um að gera þetta ekki.
8. Guðrún hvarf af vinnustað í 1-2 skipti í nær hverri vakt til að sinna heimilisstörfum sínum og öðrum persónulegum þörfum.
9. Látlausar heimsóknir og yfirseta yfir starfsfólki og vistfólki utan vinnutíma. Undan þessu var iðulega kvartað bæði af starfsfólki og vistfólki.
10. Bæði í vinnutíma og utan hans sífelldar kvartanir vegna persónulegra vandamála jafnt við starfsfólk sem vistfólk.
11. Stöðugar kvartanir við starfsfólk og vistfólk um vonda vinnuaðstöðu og mikið vinnuálag.
12. Baktal og neikvætt umtal um vinnustaðinn, stofnunina og stjórnendur hennar við annað starfsfólk, vistfólk og hvern þann, er hlusta vildi.

Með hliðsjón af framantöldu hafði magnast á vinnustaðnum ástand, sem útilokað var að búa við. Tæpu ári áður en til uppsagnar Guðrúnar kom hafði komið upp ágreiningur um túlkun á einu atriði kjarasamnings, en sá ágreiningur var til lykta leiddur með kjarasamningi í maí 1988. Frá þeim tíma höfðu ekki verið uppi nein ágreiningsmál um kaup eða kjör starfsmanna hjá stefnda. Ekkert samband var því milli uppsagnar Guðrúnar og trúnaðarmannsstarfa hennar. Uppsögn var hins vegar óhjákvæmileg af þeim ástæðum, sem að framan greinir.

Málsástæður stefnda eru þær, að það sé meginregla samkvæmt vinnurétti, að starfsmanni sé skylt að vinna það verk, sem hann hefur ráðið sig til, og að vinna störf sín þannig, að viðunandi sé. Samkvæmt 11. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur nýtur trúnaðarmaður stéttarfélags sérstakrar verndar í starfi, en sú vernd nær þó fyrst og fremst til þeirra starfa, sem viðkomandi vinnur sem trúnaðarmaður. Ágreiningslaust er, að víkja megi trúnaðarmanni úr starfi sem öðrum starfsmönnum, ef hann brýtur alvarlega af sér í starfinu. Þá hefur verið talið, að vinnuveitandi geti gert þá kröfu til trúnaðarmanns stéttarfélags á vinnustað, að hann gefi gott fordæmi og gæti þess að framfylgja sjálfur réttum og eðlilegum starfsreglum á vinnustað. Hefur verið talið, sbr. dóm Félagsdóms

í VII. bindi, bls. 175, að misbrestur í þeim efnum af hálfu trúnaðarmanns geti veitt vinnuveitanda heimild til þess að segja trúnaðarmanni upp störfum þrátt fyrir þá sérstöku vernd gegn uppsögn, sem leiða verði af ákvæðum 11. gr. laga nr. 80/1938 trúnaðarmanni til handa.

Í máli því, sem hér er til úrlausnar, hagar þannig til, að smám saman hafði af völdum Guðrúnar magnast ástand á vinnustað, sem stefndi gat ekki búið við og tekið var að smita út frá sér. Um var að ræða keðju atvika og framkomu, sem stigmögnuðust, fremur en að unnt væri að tiltaka einstakar gerðir Guðrúnar og segja, að þær hafi einar og sér veitt stefnda rétt til að segja henni upp. Af þeim sökum var og illmögulegt að koma við formlegum viðvörunum. Forstöðukona stefnda hafði hins vegar margrætt þessi mál við Guðrúnu.

Bæði vinnuveitandi og starfsmaður geti sagt starfsamningi lausum án þess að tilgreina ástæður, ef það er gert með löglegum uppsagnarfresti. Stefndi telur, að hann hafi getað sagt Guðrúnu upp störfum án þess að tilgreina ástæður, þótt hún hafi verið trúnaðarmaður stéttarfélags síns, þar sem ástæður uppsagnarinnar tengdust ekki á neinn hátt störfum hennar sem trúnaðarmanns, eins og rakið hefur verið. Sé og rétt að hafa hugfast, að stundum þyki rétt af tillitssemi við starfsmann að láta hjá líða að tíunda ástæður uppsagnar.

Stefndi vísar í framburði þeirra Jóns Þorgilssonar, stjórnarformanns stefnda, Elsie Júníusdóttur, forstöðukonu stefnda, og Ingvars Ágústssonar, fv. forstöðumanns, hér fyrir dómi. Þeir hafi leitt sönnur að lýsingum á framkomu og starfsháttum Guðrúnar Birnu Garðarsdóttur. Þegar þetta sé virt og litið sé til eðlis þessa vinnustaðar, megi ljóst vera, að eðli ávirðinganna hafi verið þannig, að formleg áminning hefði ekki skipt sköpum.

III.

Dómurinn telur, að uppsögn trúnaðarmanns Verkalýðsfélagsins Rangæings, sem gerð var með bréfi stefnda dags. 27. febrúar 1989, hafi eigi átt rætur að rekja til starfa hans sem trúnaðarmanns í starfsstöð stefnda. Uppsögnin var því ekki andstæð 1. málslið 11. gr. laga nr. 80/1938, svo sem stefnandi heldur fram.

Ágreiningslaust er í máli þessu, að stefndi hafi sagt upp Guðrúnu Birnu Garðarsdóttur, án þess að formleg áminning hafi áður verið gefin. Þar sem Guðrún Birna var trúnaðarmaður með réttindum og skyldum samkvæmt I. kafla laga nr. 80/1938, telur dómurinn, að

vinnuveitandi hennar hafi átt að tjá henni skýlaust, að hann teldi starfsháttu hennar og framkomu með þeim hætti, að varðað gæti uppsögn úr starfi. Þar sem slík viðvörun var ekki gerð, verður með hliðsjón af fordæmum Félagsdóms að telja, að uppsögnin hafi verið brot á meginreglu 2. málsliðar 11. gr. laga nr. 80/1938 og þar með ólögmæt gagnvart Guðrúnu Birnu Garðarsdóttur.

Eigi þykja efni til að taka til greina kröfu stefnanda um sekt á hendur stefnda.

Eftir atvikum þykir rétt, að hvor aðila greiði sinn kostnað af málinu.

Dómsorð:

Uppsögn stefnda, Dvalarheimilisins Lundar, á trúnaðarmanni Verkalýðsfélagsins Rangæings, Guðrúnu Birnu Garðarsdóttur, sem gerð var með bréfi, dags. 27. febrúar 1989, var brot á meginreglu 2. málsliðar 11. gr. laga nr. 80/1938 og ólögmæt af þeim sökum.

Stefndi skal vera sýkn af refsikröfu stefnanda í máli þessu.

Hvor aðila greiði sinn kostnað af málinu.

Mánudaginn 25. júní 1990.

Nr. 2/1990. **Alþýðusamband Íslands f.h.**
Landssambands íslenskra verslunarmanna vegna
Verslunarmannafélags Suðurnesja
(Arnmundur Backman hrl.)
gegn
Vinnuveitendasambandi Íslands
vegna Hagkaups h/f Njarðvík
(Jón R. Pálsson hdl.).

Kjarasamningur. Verslunarmenn.

Dómur Félagsdóms.

Mál þetta dæma Garðar Gíslason, Björn Helgason, Ingibjörg Benediktsdóttir, Jón Þorsteinsson og Gunnar Guðmundsson.

Málið, sem tekið var til dóms að loknum málflutningi 18. þ.m., er höfðað með stefnu birtri 15. mars 1990.

Stefnandi er Alþýðusamband Íslands f.h. Landssambands íslenskra verslunarmanna vegna Verslunarmannafélags Suðurnesja.

Stefndi er Vinnuveitendasamband Íslands vegna Hagkaups h/f, Njarðvík.

Dómkröfur stefnanda eru þessar:

1. Að dæmt verði, að réttur sé sá skilningur stefnanda á bókun í kjarasamningi Landssambands íslenskra verslunarmanna annars vegar og stefnda hins vegar frá 1. maí 1989, að vinnutími afgreiðslufólks hjá stefnda Hagkaupi h/f, sem vinnur a.m.k. 32 klst. í dagvinnu á viku, skuli hefjast kl. 9 að morgni. Þessi vinnutilhögun skuli vera meginregla og frá henni því aðeins vikið, að einstakir starfsmenn óski styttri vinnutíma.
2. Að stefnda verði gert að greiða stefnanda málskostnað fyrir Félagsdómi eftir mati dómsins.

Dómkröfur stefnda eru þessar:

1. Að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda.
2. Að viðurkenndur verði með dómi sá skilningur stefnda, að bókun um vinnutíma afgreiðslufólks með kjarasamningi Landssambands íslenskra verslunarmanna og Vinnuveitendasambands Íslands frá 1. maí 1989 taki samkvæmt efni sínu einungis til afgreiðslufólks, sem vinnur a.m.k. 32 klst. í dagvinnu á viku,

en ekki til starfsfólks, sem vinnur skemur en 32 klst. í dagvinnu á viku.

3. Að viðurkennt verði með dómi að stefndi, Hagkaup h/f, hafi ekki brotið rétt á starfsfólki sínu skv. kjarasamningi Landssambands íslenskra verslunarmanna og Vinnuveitendasambands Íslands frá 1. maí 1989, þegar fyrirtækið hafnaði ósk þess um vinnutíma frá kl. 9.00 vegna verkefnaleysis.
4. Að dæmt verði, að stefnandi, Verslunarmannafélag Suðurnesja, hafi brotið gegn ákvæðum kjarasamnings Vinnuveitendasambands Íslands og Landssambands íslenskra verslunarmanna frá 1. maí 1989 og l. nr. 80/1938 með því að skipuleggja uppsagnir starfsfólks í verslun Hagkaups h/f í maímánuði 1989.
5. Að stefnanda verði gert að greiða stefnda málskostnað að mati dómsins.

I.

Stefnandi kveður málavexti þá, að Landssamband íslenskra verslunarmanna og stefndi hafi gert með sér kjarasamning hinn 1. maí 1989. Í kjarasamninginn hafi verið gerð svofelld bókun:

„Bókun um vinnutíma afgreiðslufólks, sem vinnur a.m.k. 32 klst. í dagvinnu á viku.

Meginreglan um vinnutíma afgreiðslufólks, sem hefur störf árdegis og vinnur alla virka daga, skal vera sú, að vinna hefjist kl. 9.00 að morgni.

Frá þessu skal aðeins vikið hvað einstaka starfsmann varðar, að fyrir liggi ósk viðkomandi um styttri vinnutíma.

Núgildandi fyrirkomulagi um vinnutíma skal segja upp með tilskildum fyrirvara, þannig að vinnutími og launagreiðslur viðkomandi breytist fyrst að þeim tíma loknum."

Bókun þessi hafi verið samkomulag aðila í framhaldi af kröfu Landssambands íslenskra verslunarmanna um að takmarka heimildir til ráðningar í hlutastörf.

Afgreiðslufólk stefnda Hagkaups h/f hugðist nota rétt sinn samkvæmt kjarasamningnum og sagði upp þágildandi vinnufyrirkomulagi miðað við maílok 1989 í samræmi við efni umræddrar bókunar.

Svar stefnda Hagkaups h/f var hins vegar á þá leið, að hér væri um misskilning að ræða. Í bréfi stefnda frá 31. maí 1989 segir m.a. svo:

„Þess misskilnings virðist gæta í uppsagnarbréfi yðar, að Hagkaup h/f í Njarðvík hafi laust starf fyrir yður í verslun sinni frá kl. 9.00. Afgreiðslutími verslunarinnar er frá kl. 10.00 mánudaga til fimmtudaga og frá kl. 10.00-20.00 föstudaga auk laugardaga, og því stendur ekki til að breyta, enda er sá afgreiðslutími miðaður við kröfur neytenda á svæðinu. Hagkaup h/f getur því ekki orðið við ósk yðar um lengingu vinnutíma, því að hvorki verkefni né viðskiptamenn er að finna í versluninni á þeim tíma, sem þér tilgreinið í uppsagnarbréfi yðar."

Síðan segir í bréfinu:

„Ef vinnutími frá kl. 9.00 er ófrávíkjanlegt skilyrði af yðar hendi fyrir áframhaldandi starfi hjá fyrirtækinu, þá harmar Hagkaup h/f það. Þá verður bréf yðar ekki skilið á annan veg en að þér hafið sagt upp ráðningarsamningi yðar og áðurnefnt bréf yðar gildir sem uppsögn frá störfum með þeim fyrirvara, sem í því greinir."

Starfsmaðurinn Guðbjörg M. Guðlaugsdóttir í Keflavík hætti störfum af þessum sökum, en starfsmaðurinn Ragnheiður Steindórsdóttir hélt áfram störfum þrátt fyrir afstöðu stefnda, Hagkaups h/f, og varð að sætta sig við óbreyttan vinnutíma og minni vinnu samkvæmt eldra fyrirkomulagi.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Í máli þessu, sem höfðað er á grundvelli 2. tl. 1. mgr. 44. gr. l. nr. 80/1938, byggir stefnandi kröfugerð sína á því, að skilningur stefnda á ágreiningsefninu fái ekki staðist. Með áðurgreindum kjarasamningi frá 1. maí 1989 hafi aðilar gert með sér bindandi samkomulag í formi bókunar um meginreglur varðandi vinnutíma afgreiðslufólks, sem geti þýtt lengingu starfstíma og geti þýtt, að menn hætti fyrr, og sérstakt ákvæði í bókun, að núgildandi fyrirkomulagi megi segja upp með venjulegum tilskildum fyrirvara. Hafi vinnuveitandinn ekki verkefni handa starfsmanninum kl. 9.00 um morguninn, verði vinnuveitandinn að finna þau, en starfsmaðurinn hafi þennan rétt. Stefndi hafi með afstöðu sinni brotið gegn bókun kjarasamningsins og sýnt af sér þá óbilgirni að líta á uppsögn vinnufyrirkomulags í samræmi við þessa bókun sem uppsögn úr starfi. Bókun kjarasamningsins sé m.ö.o. höfð að engu af stefnda Hagkaupi h/f

Afgreiðslufólk stefnda í Hagkaupi h/f í Njarðvík hafi sent inn uppsögn á vinnutíma sínum, eins og bókunin geri ráð fyrir, og

fengið ofangreind svör frá stefnda. Guðbjörg Guðlaugsdóttir hafi tekið þann kost að hætta starfi, en aðrir hafi látið beygja sig til hlýðni. Stefnandi vilji hins vegar láta reyna á það, hvort bókun þessi hafi ekki verið bindandi fyrir stefnda, en nýr kjarasamningur hafi verið gerður 1. febrúar 1990.

II.

Stefndi lýsir málsatvikum svo, að í tengslum við gerð aðalkjarasamnings aðila þann 1. maí 1989 hafi stefndi VSÍ og stefnandi Landssamband íslenskra verslunarmanna orðið sammála um ofangreinda bókun. Þá hafi Björn Þórhallsson verið formaður LÍV, en í samninganefnd vinnuveitenda hafi verið auk starfsmanna VSÍ m.a. fulltrúar frá Hagkaupi h/f, þeir Kristján Sturluson starfsmannastjóri, Þorsteinn Pálsson sölustjóri og Jón Ásbergsson forstjóri.

Þórarinn V. Þórarinsson, framkvæmdastjóri VSÍ, hafi borið hér fyrir dómi, að krafa hafi komið frá LÍV um, að skorður yrðu settar við hlutastörfum í verslun. Þessu hafi verið hafnað af hálfu vinnuveitenda. Nauðsyn hafi borið til að finna lausn á þessari sérkröfu LÍV. Þá hafi verið fundin bókun þessi, þar sem staðfest væri meginregla um vinnutíma hjá þeim, sem vinna a.m.k. 32 tíma á viku. Þar með hafi verið gerður munur á hlutastarfsfólki í þetta miklu starfi og öðrum og bókað, að það ætti rétt á að hefja störf kl. 9.00 á morgnana að því gefnu, að starf væri til fyrir það hjá vinnuveitandanum.

Snemma í maí 1989 hafi stefnandi VS boðað Þorstein Bjarnason verslunarstjóra Hagkaups h/f í Njarðvík, og Guðjón Stefánsson, kaupfélagsstjóra Kaupfélags Suðurnesja, á sinn fund. Á þessum fundi hafi verið Magnús Gíslason, formaður VS, Kristbjörn Albertsson, varaformaður félagsins, og Hólmfríður Ólafsdóttir, starfsmaður þess. Fulltrúar verslunarmannafélagsins hafi tjáð Þorsteini og Guðjóni, að vegna bókunar með kjarasamningi aðila frá 1. maí yrðu verslanir Hagkaups og Samkaups að greiða því starfsfólki, sem hæfi störf kl. 10 árdegis, laun frá kl. 9. Þarna hafi komið í ljós sá skilningur stefnda VS, að starfsmennirnir ættu ekkert að vinna frá kl. 9, heldur fá borgað frá kl. 9.

Þorsteinn og Guðjón hafi mótmælt þessum skilningi félagsins á bókuninni og tjáð jafnframt fulltrúum þess, að ekki stæði til að breyta afgreiðslutíma stórmarkaða sinna. Skömmu síðar, þann

23. maí 1989, hafi Hagkaup h/f á Suðurnesjum borist stöðluð uppsagnarbréf frá þeim starfsmönnum sínum þar, sem höfðu dagvinnutíma frá kl. 10 til 18. Í framhaldi af þessum bréfum hafi Þorsteinn Pálsson sölustjóri haldið fund hinn 26. maí 1989 með starfsfólki verslunar Hagkaups h/f í Njarðvík. Hann hafi tjáð starfsfólkinu, að ekki stæði til að breyta afgreiðslutíma verslunar Hagkaups, enda væri sá tími miðaður við þarfir neytenda á svæðinu. Á fundinum hafi komið í ljós, að bréf þau, sem starfsfólkið hafði sent Hagkaup h/f, höfðu verið samin á skrifstofu Verslunarmannafélags Suðurnesja og gerð að frumkvæði félagsins. Starfsfólkinu hafi jafnframt verið talin trú um, að með þessari uppsögn myndi kaup þess hækka sjálfkrafa án lengingar á vinnutíma. Þorsteinn hafi tjáð fólkinu, að ekki stæði til að breyta afgreiðslutíma verslunarinnar, og því væri ekki hægt að verða við óskum þess. Þegar starfsfólkið hafi áttað sig á þessu, hafi svo farið, að allir nema tveir hafi dregið uppsagnarbréf sín til baka, og hafi sumir meira að segja rifið uppsagnarbréfin strax á fundinum.

Þeim tveimur starfsmönnum, sem ekki drógu uppsagnarbréf sín til baka, þeim Guðbjörgu Guðlaugsdóttur og Ragnheiði Steindórsdóttur, hafi verið afhent svarbréf Hagkaups h/f þann 31. maí 1989 við málaleitan sinni.

Svarbréf þessi hafi verið efnislega samhljóða, og hafi Guðbjörgu og Ragnheiði verið gerð grein fyrir því, að Hagkaup h/f væri ómögulegt að verða við óskum þeirra um lengingu vinnutíma vegna verkefnaleysis í versluninni. Ef slík staða losnaði, yrði að sjálfsögðu rætt við þær. Þeim hafi einnig verið boðið að ræða þær breytingar á vinnutíma sínum, sem fallið gætu að vinnutíma í versluninni. Ragnheiður Steindórsdóttir, sem jafnframt er trúnaðarmaður Verslunarmannafélags Suðurnesja í verslun Hagkaups að Fitjum, hafi dregið uppsagnarbréf sitt til baka í kjölfar svarbréfs Hagkaups h/f til hennar. Hún lét því aldrei af störfum hjá Hagkaupi h/f og er enn í starfi hjá Hagkaupi á Suðurnesjum. Guðbjörg Guðlaugsdóttir sé hins vegar hætt störfum hjá Hagkaupi h/f. Hún hætti þó ekki störfum í kjölfar svarbréfs Hagkaups. Hún dró einnig uppsagnarbréf sitt til baka í júní, en réð sig í september 1989 til starfa hjá öðrum vinnuveitenda. Þess beri að geta, að Guðbjörg hafði sjálf óskað eftir því í apríl 1989 að fá að minnka við sig vinnu, þ.e. að

breyta vinnutíma sínum frá kl. 9.00 til kl. 10.00, og hafi verslunin orðið við þeirri ósk hennar.

Í júní 1989 hafi Magnús Gíslason, formaður Verslunarmannafélags Suðurnesja, Kristbjörn Albertsson, varaformaður félagsins, og Hólmfríður Ólafsdóttir, starfsmaður þess, komið á fund Þorsteins Bjarnasonar verslunarstjóra og Kristjáns Sturlusonar, starfsmannastjóra Hagkaups í Reykjavík. Niðurstaða fundarins hafi orðið sú, að Kristján og Þorsteinn tjáðu fulltrúum verslunarmannafélagsins, að Hagkaup myndi ekki verða við kröfum félagsins og að Hagkaup héldi fast við túlkun sína á bókun aðila.

Í lok janúar 1990 barst Þórarni V. Þórarinssyni, frkvstj. VSÍ, fyrirspurnarbréf frá Arnmundi Backman hrl. Þann 15. mars 1990 birtust síðan í skrifstofu VSÍ stefnuvottar og afhentu skrifstofustúlku VSÍ stefnu í máli þessu.

Málsástæður og lagarök.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því, að kröfugerð stefnanda fái með engu móti samrýmst orðum bókunar aðila eða tilætlun aðila. Bókunin fjallar um meginreglur varðandi vinnutíma afgreiðslufólks, sem vinnur a.m.k. 32 klst. á viku. Hin almenna og víðtæka kröfugerð stefnanda fær með engu móti staðist. Kröfur stefnanda fela það í sér, ef við þeim yrði orðið, að atvinnurekendum yrði óheimilt að ráða fólk til vinnu nema frá kl. 9 að morgni. Atvinnurekendum yrði bannað að auglýsa eftir fólki og ráða til hlutavinnu. Vinnuveitendum yrði skylt að bjóða öllum störf frá kl. 9. Ef orðið yrði við kröfu stefnanda, þýddi það, að óheimilt yrði t.d. að auglýsa eftir og ráða afgreiðslufólk til starfa eftir hádegi, eins og algengt er. Í bókuninni segir það eitt, að meginreglan skuli vera, að vinnutími starfsmanns skuli vera frá kl. 9.00, en í henni felst ekki, að vinnuveitanda sé skylt að ráða fólk frá kl. 9.00, komi fram ósk um það frá starfsmanni. Frumforsendan er sú, að atvinnurekandi hafi einhver störf eða starfsemi á þeim tíma, þ.e. frá kl. 9. Þetta er svo sjálfsagt, að engum geti það dulist. Samkvæmt grein 2.5. í kjarasamningi VSÍ og Landssambands ísl. verslunarmanna er engum vafa undirorpið, að hlutavinna á dagvinnutímabili er heimil, en greinin er svohljóðandi:

„Um réttindi þeirra, sem vinna hluta úr degi.

Fólk, sem ráðið er til starfa hluta úr degi og vinnur reglubundinn vinnutíma, skal taka hlutfallsleg mánaðarlaun miðað við vinnu-

tíma fastráðins fólks, sbr. gr. 2.1., þ.e. 40 klst. eða 38 klst. Starfsfólk, sem vinnur reglubundið hluta úr degi hjá sama vinnuveitanda, skal njóta sama réttar um greiðslur fyrir samningsbundna frídaga, veikinda- og slysadaga, starfsaldurshækkanir o.fl. og það, sem vinnur fullan vinnudag, og skulu greiðslur miðaðar við venjulegan vinnutíma starfsmanns.

Aðilar eru sammála um, að ofangreint ákvæði eigi jafnt við um þá, sem vinna samfellt hluta úr degi alla vikuna, og þá sem vinna reglubundið, t.d. einn dag í viku eða hluta af einum degi."

Bókunin breytir á engan hátt rétti verslana til að ráða fólk í hlutavinnu skv. þessari grein né heldur skyldar hún vinnuveitendur, sem ráðið hafa fólk í hlutavinnu, til þess að bjóða því fullt starf eða verða við kröfum þess um lengingu vinnutíma. Túlkun VSÍ frá upphafi hefur verið sú, að þessi bókun ein sér geti aldrei veitt starfsmanni einhliða rétt til að breyta ráðningarsamningi sínum. Starfsmaður yrði að segja upp gildandi ráðningarsamningi sínum. Vinnuveitandi hefði hins vegar val um það, hvort að hann réði starfsmanninn til starfa á hinum breyttu ráðningarkjörum (lengri vinnutíma). Bókun aðila er því í samræmi við þá grundvallarreglu í íslenskum rétti, að vinnuveitendur verða ekki neyddir til að ráða fólk til starfa. Í því máli, sem hér liggur fyrir, gat Hagkaup ekki orðið við óskum starfsfólksins vegna þess, að engin verkefni voru fyrir starfsmennina. Hagkaupi var þannig ómögulegt að verða við óskum starfsmannanna. Neitun Hagkaups var því bæði eðlileg og auðskýrð með tilliti til orðalags bókunarinnar og þarfar verslunarinnar fyrir vinnuafl.

Vinnuveitendasamband Íslands fékk þetta mál ekki formlega til umfjöllunar fyrr en með fyrirspurnarbréfi Arnmundar Backman, sem dagsett er 23. janúar 1990. Vinnuveitendasambandinu var hins vegar kunnugt um aðgerðir Verslunarmannafélags Suðurnesja, og svör Hagkaups h/f voru í samráði við VSÍ. Túlkun Hagkaups h/f er í samræmi við skilning VSÍ á bókuninni. Þessari túlkun var hvorki mótmælt af Landssambandi íslenskra verslunarmanna né Verslunarmannafélagi Suðurnesja við VSI í kjölfar synjunar Hagkaups h/f á málaleitan starfsfólks, sem til var stofnað eins og áður er lýst. Við gerð kjarasamnings VSÍ/ASÍ frá 1. febrúar 1990, sem bæði Landssamband íslenskra verslunarmanna og Verslunarmannafélag Suðurnesja eru aðilar að, var enginn fyrirvari gerður vegna framangreinds máls né heldur sett fram krafa um breytingar

á orðalagi bókunarinnar, sem samræmst gæti núverandi skilningi Verslunarmannafélags Suðurnesja á þessari bókun. Þessi bókun var raunar ekkert rædd í tengslum við kjarasamning ASÍ/VSÍ frá 1. febrúar 1990, en þessi samningur var samþykktur í Verslunarmannafélagi Suðurnesja án nokkurs fyrirvara. Stefnandi hafði aldrei samband við Vinnuveitendasamband Íslands vegna þeirra atburða, sem gerðust í maí 1989, og skilningi VSÍ á fyrrgreindri bókun hefur aldrei verið mótmælt við VSÍ. Kröfur eða mótmæli hafa aldrei verið borin fram vegna þessara atburða við Vinnuveitendasamband Íslands. Aðgerðaleysi Landssambands íslenskra verslunarmanna og Verslunarmannafélags Suðurnesja (VS) allan þennan tíma verður ekki skýrt á annan hátt en að túlkun VSÍ sé rétt.

Stefndi byggir gagnkröfur sínar á 1. og 2. tl. 44. gr., sbr. 53. gr. l. 80/1938. Gagnkröfur stefnda um skilning á bókun aðila eiga sér stoð í orðum bókunar aðila. Þann skilning hafi stefnandi viðurkennt í verki með athöfnum sínum og athafnaleysi. Þess er jafnframt krafist, að dæmt verði, að Verslunarmannafélag Suðurnesja hafi brotið gegn ákvæðum kjarasamnings aðila og l. nr. 80/1938. Á því er byggt, að stefnandi hafi með því að skipuleggja uppsagnir afgreiðslufólks brotið þá friðarskyldu, sem er forsenda kjarasamnings aðila. Stefnandi hafi með aðgerðum sínum gagnvart stefnda Hagkaupi h/f brotið þær leikreglur, sem felast í I. og II. kafla laga nr. 80/1938. Tilgangur stefnanda með aðgerðum sínum í maí 1989 hafi verið sá að knýja fram sérstaka launahækkun til afgreiðslufólks í hlutavinnu. Aðgerðir stefnanda hafi valdið tímabundinni truflun í rekstri verslunarinnar. Málsókn nú af hálfu Landssambands íslenskra verslunarmanna, f.h. Verslunarmannafélags Suðurnesja fyrir Félagsdómi gegn Hagkaupi h/f vegna þeirra atburða, sem gerðust vorið 1989, er því, sbr. framansagt, bæði tilefnislaus og ósanngjörn og brýtur gegn þeim meginreglum, sem lög nr. 80/1938 eru reist á. Þeim ummælum lögmanns stefnanda í greinargerð, að stefndi hafi beygt starfsfólk sitt til hlýðni, er harðlega mótmælt sem ósönnum og ósæmilegum. Hið sanna sé, að stefndi hafi kappkostað að eiga góð samskipti við starfsfólk sitt og verða við óskum þess eftir því, sem hægt hafi verið. Stefndi sé félagsmaður í Vinnuveitendasambandi Íslands, og um launakjör starfsfólks og vinnutíma fari eftir kjarasamningi VSÍ við LÍV og ráðningarsamningi.

III.

Sýknukrafa stefnda við kröfu stefnanda, eins og hún nú er gerð, byggist í fyrsta lagi á því, að undanskilið sé, að störf séu fyrir hendi í starfsstöð stefnda Hagkaups h/f í Njarðvík, enda séu afgreiðslustörf á kassa sérhæfð og háð því, að verslunin sé opin. Viðskiptavinir verslunarinnar komi ekki kl. 9 að morgni, og því sé tilgangslaust að hafa verslunina opna svo snemma.

Telja verður, að ef stefndi hefði viljað gera það að skilyrði, að verkefni væru fyrir hendi, hefði þurft að taka það sérstaklega fram í bókuninni.

Stefndi styður sýknukröfuna í öðru lagi með tómlæti og aðgerðaleysi stefnanda. Enda þótt dregist hafi um nokkurt skeið að leggja ágreiningsefni þetta fyrir Félagsdóm, verður ekki talið, að það leiði til þess, að kröfu stefnanda verði hafnað.

Samkvæmt framansögðu verður sýknukrafa stefnda ekki tekin til greina.

Niðurstaða þessi veldur því, að ekki verður fallist á kröfulið 3 í gagnkröfu stefnda, og ber að sýkna stefnanda af honum.

Gegn mótmælum stefnanda verður ekki talið sannað, að Verslunarmannafélag Suðurnesja hafi með ólögmætum hætti skipulagt uppsagnir starfsfólks í verslun Hagkaups h/f í Njarðvík. Ber því að sýkna stefnanda af kröfulið 4 í gagnkröfu stefnda.

Þegar litið er til orðalags hinnar umdeildu bókunar, telur dómurinn, að hana beri að skilja svo, að vinnutími afgreiðslufólks hjá stefnda Hagkaupi h/f í Njarðvík, sem vinnur a.m.k. 32 klst. í dagvinnu á viku og hefur störf árdegis og vinnur alla virka daga, skuli hefjast kl. 9.00 að morgni að uppfylltum skilyrðum 3. mgr. bókunarinnar.

Eftir öllum atvikum þykir rétt, að hvor aðili beri sinn málskostnað.

Dómsorð:

Framangreind bókun veitir hlutaðeigandi starfsfólki Hagkaups h/f í Njarðvík rétt til að hefja vinnu kl. 9.00 að morgni að undangenginni uppsögn þess á gildandi fyrirkomulagi um vinnutíma.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 27. júní 1990.

Nr. 3/1990. **Alþýðusamband Íslands f.h. Verkamannasambands Íslands vegna Verkalýðsfélagsins Vöku**
(Arnmundur Backman hrl.)
gegn
bæjarstjórn Siglufjarðarkaupstaðar f.h. kaupstaðarins
(Árni Pálsson hdl.).

Trúnaðarmaður. Uppsögn. Sératkvæði.

Dómur Félagsdóms.

Mál þetta dæma Garðar Gíslason, Björn Helgason, Gylfi Knudsen, Jón Þorsteinsson og Gunnar Guðmundsson.

Málið, sem tekið var til dóms 25. þ.m., er höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu birtri 16. mars 1990.

Stefnandi er Alþýðusamband Íslands f.h. Verkamannasambands Íslands vegna Verkalýðsfélagsins Vöku, Siglufirði.

Stefndi er bæjarstjórn Siglufjarðarkaupstaðar f.h. kaupstaðarins.

Dómkröfur stefnanda eru þessar:

1. Að dæmt verði, að stefndi hafi gerst brotlegur við 11. gr. laga nr. 80/1938 með því að segja upp störfum trúnaðarmanni félagsins í áhaldahúsi stefnda, Jóni Valgeirssyni, hinn 30. mars 1989.

2. Að stefnda verði dæmd refsing fyrir brot á nefndu lagaákvæði.

3. Að stefndi greiði málskostnað að mati dómsins.

Dómkröfur stefnda eru þessar:

Að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og honum dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati réttarins.

I.

Stefnandi kveður málavexti þá, að Jón Valgeirsson hafi verið trúnaðarmaður Verkalýðsfélagsins Vöku í áhaldahúsi stefnda í 6 ár fyrir uppsögn úr starfi, tilnefndur af starfsmönnum áhaldahússins. Því hafi aldrei verið mótmælt af hálfu stefnda, að Jón hafi gegnt þessu trúnaðarstarfi, og enda hafi hann verið á launum hjá kaupstaðnum í janúar 1989, meðan hann sat trúnaðarmannanámskeið á vegum Verkalýðsfélagsins Vöku. Hann hafi einnig undirritað

kjarasamning aðila 31. maí 1989 sem trúnaðarmaður félagsins. Auk þessa hafi stefndi í bréfi, dags. 11. apríl 1985, viðurkennt, að hann hafi þá verið trúnaðarmaður og dregið til baka uppsögn sína úr starfi í áhaldahúsi bæjarins.

Þann 30. mars 1989 hafi Jóni ásamt tveimur öðrum félagsmönnum Vöku verið sagt upp störfum með þeim rökum, að samdráttur væri orðinn, og hafi honum verið gert að láta af störfum 3 mánuðum síðar að teknu tilliti til uppsagnarfrests. Undanfarin ár hafi starfað að staðaldri 6-8 félagsmenn Vöku í áhaldahúsinu.

Fljótlega eftir uppsögnina hafi annar hinna mannanna verið endurráðinn, og aðrir starfsmann hafi og verið ráðnir í áhaldahúsið, og virtist því vera næg atvinna fyrir það starfslið. Þrátt fyrir mótmæli stefnanda hafi trúnaðarmaðurinn hins vegar ekki verið endurráðinn.

Stefnandi styður kröfur sínar þeim rökum, að skv. 11. gr. laga nr. 80/1938 sé atvinnurekendum og umboðsmönnum þeirra óheimilt að segja trúnaðarmönnum upp vinnu vegna starfa þeirra sem trúnaðarmanna eða láta þá á nokkurn hátt gjalda þess, að þeir gegna þeim störfum, og ef atvinnurekandi þurfi að fækka við sig verkefnum, skuli trúnaðarmaður að öðru jöfnu sitja fyrir um að halda vinnunni.

Jón Valgeirsson hafi verið tilnefndur trúnaðarmaður 1984 og hafi verið trúnaðarmaður í áhaldahúsinu síðan. Kjör Jóns hafi ekki verið tilkynnt skriflega til stefnda, enda hafi slíkt ekki tíðkast á Siglufirði. Jón hafi verið tilnefndur skv. 12. gr. kjarasamnings Vöku og Vinnuveitendafélags Siglufjarðar og gr. 13.1. í aðalsamningi Verkamannasambandsins, þar sem séu ýtarleg ákvæði um trúnaðarmenn og skyldur þeirra og réttindi. Samþykki atvinnurekanda skv. 9. gr. laga nr. 80/1938 sé ekki lengur skilyrði, enda hafi það eingöngu beinst að samþykki atvinnurekanda á öðrum af tveimur tilnefndum.

Ekki sé fram komið í málinu, að Jón Valgeirsson hafi gerst brotlegur í starfi að einu eða neinu leyti. Ástæða uppsagnarinnar sé eingöngu samdráttur, og þar með sé brotin sú lögbundna vernd sem trúnaðarmenn njóti samkvæmt 11. gr. vinnulöggjafarinnar.

II.

Stefndi styður sýknukröfu sína þeim rökum, að Jón Valgeirsson hafi alls ekki verið trúnaðarmaður í áhaldahúsi stefnda, eins og það

hugtak sé skilgreint í lögun nr. 80/1938, sbr. 9. gr., og samkvæmt kjarasamningum. Jón hafi því ekki undirritað samninginn 31. maí 1989 sem túnaðarmaður félagsins, heldur sem stjórnarmaður í félaginu, enda beri samningurinn ekki annað með sér.

Stefnda hafi aldrei verið tilkynnt um, að Jón hafi verið kosinn trúnaðarmaður í áhaldahúsi, svo sem gert sé ráð fyrir í gr. 13.1. í kjarasamningi aðila, og engin gögn séu um, að Jón hafi verið kosinn eða tilnefndur af stefnanda. 9. gr. laga nr. 80/1938 geri ráð fyrir, að tilnefning trúnaðarmanns sé bókuð og liggi fyrir skjalfest, og sé það vegna þess, að atvinnurekandi þurfi að vita með vissu, hver sé trúnaðarmaður, vegna hlutverks hans og skyldna.

Stefndi bendir á, að jafnvel þótt Jón hafi verið trúnaðarmaður árið 1985, sem dregið sé í efa, þá verði að endurnýja tilnefninguna á 2 ára fresti skv. ákvæðum samningsins, og stefnda hafi ekki verið kunnugt um, að Jón væri trúnaðarmaður, þegar honum var sagt upp starfi 30. mars 1989.

Stefndi vísar til dóma, sem kveðnir hafi verið upp í Danmörku um svipuð tilvik, og þar hafi verið sagt, að tilkynning trúnaðarmanns til vinnuveitanda sé algjört skilyrði. Hann vísar til dóms Félagsdóms 22. desember 1955, þar sem dæmt hafi verið, að ekki hafi verið rétt staðið að tilnefningu trúnaðarmanns, og hafi hann því ekki öðlast lagavernd gegn uppsögn í starfi.

Verði litið svo á, að Jón Valgeirsson hafi þrátt fyrir þetta verið trúnaðarmaður, þegar honum var sagt upp, sé því haldið fram, að uppsögnin hafi verið lögmæt. Verkefni í áhaldahúsi hafi dregist saman, og tveimur öðrum hafi verið sagt upp og þeim sagt upp, sem skemmstan starfsaldur höfðu. Annar þeirra, er sagt hafi verið upp með Jóni, hafi verið endurráðinn til að gegna sérstökum verkefnum.

III.

Samkvæmt ákvæðum gildandi kjarasamninga aðila um trúnaðarmenn verða þeir annaðhvort kosnir af verkamönnum og tilnefndir af viðkomandi verkalýðsfélagi eða eingöngu tilnefndir af viðkomandi verkalýðsfélagi, hafi kosningu eigi verið við komið.

Verkalýðsfélagið Vaka hefur sönnunarbyrði um, að Jón Valgeirsson hafi verið tilnefndur sem trúnaðarmaður í áhaldahúsi stefnda. Telja verður, að sú sönnun geti farið eftir almennum reglum, og að skrifleg tilkynning sé æskileg, en ekki nauðsynleg. Samkvæmt

ákvæðum 13.1.1. og 12.1.1. í samningum aðila verða trúnaðarmenn eigi kosnir eða tilnefndir til lengri tíma en tveggja ára í senn.

Ekki verður talið gegn andmælum stefnda, að stefnandi hafi nægilega sannað, að Jón Valgeirsson hafi verið trúnaðarmaður í áhaldahúsi stefnda, þegar honum var sagt upp störfum með bréfi stefnda, dags. 30. mars 1989. Ber því að sýkna stefnda af kröfum stefnanda í máli þessu.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Stefndi, bæjarstjórn Siglufjarðar, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Alþýðusambands Íslands f.h. Verkamannasambands Íslands vegna Verkalýðsfélagsins Vöku, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Sératkvæði
Jóns Þorsteinssonar.

Gegn andmælum stefnda verður Verkalýðsfélagið Vaka að sanna það, að Jón Valgeirsson hafi verið trúnaðarmaður félagsins í áhaldahúsi Siglufjarðarkaupstaðar, þegar honum var sagt upp störfum hinn 30. mars 1989.

Eftirfarandi staðreyndir í málinu lúta að þessu efni:

1. Verkalýðsfélagið Vaka heldur því eindregið fram, að Jón Valgeirsson hafi verið trúnaðarmaður félagsins á vinnustaðnum í um það bil sex ár, þegar framangreind uppsögn átti sér stað.
2. Jóni Valgeirssyni var sagt upp störfum á árinu 1985, en sú uppsögn dregin til baka af Siglufjarðarkaupstað sökum trúnaðarmannsstöðu Jóns.
3. Í janúarmánuði 1989 sótti Jón Valgeirsson námskeið trúnaðarmanna, en hélt dagvinnulaunum sínum á meðan, og er það í samræmi við ákvæði kjarasamnings. Engin skýring hefur komið fram af hálfu Siglufjarðarkaupstaðar á því, hvers vegna Jón Valgeirsson fékk þessa launagreiðslu, ef hann var ekki álitinn trúnaðarmaður.
4. Í fundargerð bæjarráðs Siglufjarðarkaupstaðar frá 13. apríl 1989, þar sem fjallað er um uppsögnina, er hvergi að því vikið, að Jón Valgeirsson sé eigi viðurkenndur sem trúnaðarmaður.

5. Ekkert hefur komið fram í málinu, er bendir til, að tilnefningartími Jóns Valgeirssonar sem trúnaðarmanns hafi verið útrunninn, þegar uppsögnin átti sér stað.

Þegar framangreindar staðreyndir eru virtar og jafnframt hugleitt, að það er með ólíkindum, að enginn trúnaðarmaður hafi starfað árum saman á jafnþekktum og varanlegum vinnustað og áhaldahúsi kaupstaðarins, þá tel ég nægjanlega sannað, að Jón Valgeirsson hafi verið trúnaðarmaður á vinnustaðnum, þegar honum var sagt upp störfum.

Með uppsögninni var grundvallarreglan í niðurlagi 11. gr. laga nr. 80/1938 sniðgengin, og er uppsögnin því ólögmæt, en eigi eru efni til þess að beita refsiákvæðum. Þá tel ég rétt, að málskostnaður falli niður.

Þriðjudaginn 10. júlí 1990.

Nr. 1/1990. **Bandalaga háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna (BHMR) f.h. Félags háskólakennara, Félags viðskipta- og hagfræðinga, Félags íslenskra náttúrufræðinga, Læknafélags Íslands, Stéttarfélags lögfræðinga í ríkisþjónustu, Dýralæknafélags Íslands og Stéttarfélags verkfræðinga**
(Viðar Már Matthíasson hrl.)
gegn
fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs
(Guðrún Margrét Árnadóttir hrl.).

Frávísun að hluta. Verkfallsheimild.

Dómur Félagsdóms.

Mál þetta dæma Garðar Gíslason, Björn Helgason, Ingibjörg Benediktsdóttir, Ragnar Halldór Hall og Þorsteinn A. Jónsson.

Málið, sem tekið var til dóms 25. f.m., er höfðað með stefnu birtri 28. febrúar 1990.

Stefnendur eru stéttarfélög þau, sem tilgreind eru í heiti málsins, en Bandalag háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna, Lágmúla 7, Reykjavík, fer með málið í umboði þeirra fyrir dóminum.

Stefndi er fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, Arnarhvoli, Reykjavík.

Dómkröfur stefnenda eru þessar:

Að eftirtaldar stöður (starfsheiti) verði felldar út af skrá þeirri yfir „forstöðumenn stofnana og staðgengla þeirra, sem óheimilt er að gera verkfall, skv. 3. mgr. 29. gr. laga nr. 38/1954, sbr. lög nr. 90/1986 um breyting á þeim, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins", sem birt var sem auglýsing nr. 54/1990 í B-deild Stjórnartíðinda, sem út kom þann 31. janúar 1990:

Stofnun:	*Starfsheiti:*
Endurmenntunarnefnd H.Í.	Endurmenntunarstjóri.
Fiskifélag Íslands.	Skrifstofustjóri.
Háskólabókasafn.	Háskólabókavörður.
	Aðstoðarháskólabókav.
Hollustuvernd.	Forstöðumenn.
Iðntæknistofnun Íslands.	Fjármálastjóri.
Landsbókasafn Íslands.	Deildarstj., staðg.
Lyfjaverslun ríkisins.	Fjármálastjóri.
Mannfræðistofnun.	Forstöðumaður.
Orðabók Háskóla Íslands.	Forstöðumaður.
Rannsóknarstöð Skógræktar ríkisins að Mógilsá.	Forstöðumaður.
Raunvísindastofnun.	Skrifstofustjóri.
Reiknistofnun Háskóla Íslands.	Deildarstjóri.
Ríkisspítalar.	Framkvæmdastjórar sviða
	Varaframkvstj. sviða.
Sauðfjárveikivarnir.	Deildarstjóri (dýral.).
Skógrækt ríkisins.	Skógarverðir.
Veðurstofa Íslands.	Yfirdeildarstj. tækni- og veðurathugunardeildar.
Vegagerð ríkisins.	Framkvæmdastj. stjórnsýslusviðs og frkvstj. tæknisviðs.

Verðlagsráð sjávarútvegsins.	Framkvæmdastjóri.
Verkfræðistofnun.	Forstöðumaður.
Vísindasjóður (Vísindaráð).	Framkvæmdastjóri.
Þjóðgarðurinn Skaftafelli.	Þjóðgarðsvörður.
Örnefnastofnun Háskóla Íslands.	Forstöðumaður.

Að stefndi verði dæmdur til að greiða málskostnað samkvæmt ákvörðun Félagsdóms og að við ákvörðun á fjárhæð málskostnaðar verði tekið tillit til skyldu stefnanda til að greiða virðisaukaskatt á málflutningsþóknun lögmanns síns.

Dómkröfur stefnda eru þessar:

Að þeim þætti í kröfugerð stefnenda, er lýtur að starfsheitunum deildarstjóri við Reiknistofnun, deildarstjóri, staðgengill forstöðumanns við Landsbókasafn Íslands, og þjóðgarðsvörður við Þjóðgarðinn í Skaftafelli, verði vísað frá Félagsdómi;

Að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnenda um brottfellingu á stöðum (starfsheitum) af auglýstum lista yfir forstöðumenn og staðgengla þeirra nr. 54/1990 öðrum en af stöðunum (starfsheitunum) endurmenntunarstjóri hjá endurmenntunarnefnd, fjármálastjóri hjá Iðntæknistofnun og skrifstofustjóri hjá Raunvísindastofnun;

Að stefnendur verði in solidum dæmdir til að greiða stefnda málskostnað að mati Félagsdóms.

I.

Stefnandi kveður málavexti eftirfarandi.

Með gildistöku l. nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna og l. 90/1986 um breytingu á 29. gr. l. 38/1954 var kveðið svo á, að fjármálaráðherra skyldi fyrir 1. febrúar ár hvert birta skrá yfir þá ríkisstarfsmenn, sem óheimilt væri að gera verkfall. Um er að ræða tvær skrár, þ.e.:

1) Skrá samkvæmt 2. mgr. 19. gr. l. 94/1986 um þá, sem samkvæmt 3.-6. tl. 1. mgr. 19. gr. er óheimilt að fara í verkfall.
2) Skrá samkvæmt 3. mgr. 29. gr. l. 38/1954, sbr. 1. gr. l. 90/1986 um breytingu á þeim lögum, um þá, sem óheimilt er að gera verkfall skv. 5.-6. tl. 2. mgr. 29. gr., þ.e.:
   - Forstöðumenn stjórnsýslustofnana ríkisins og staðgenglar þeirra.
   - Forstöðumenn atvinnurekstrar- og þjónustufyrirtækja ríkis-

ins og staðgenglar þeirra, nema þeir séu ráðnir sérstakri ráðningu.

Skrár þessar á að birta fyrir 1. febrúar ár hvert, en það hefur ekki verið gert á hverju ári. Auk skráa, sem gerðar voru, er unnið var að samningu frumvarpa, sem síðar urðu að l. 90/1986 og 94/1986, voru skrár birtar, sbr. auglýsingar nr. 41 og 42 í B-deild Stjórnartíðinda það ár. Í 2. mgr. 19. gr. l. 94/1986 eru fyrirmæli um það, að fjármálaráðherra og sveitarfélög skuli, eftir að samráð hefur verið haft við viðkomandi stéttarfélög, birta skrár skv. lögunum fyrir 1. febrúar ár hvert.

Með bréfi, dags. 25. janúar 1990, ritaði Launaskrifstofa ríkisins aðildarfélögum BHMR og Stéttarfélagi verkfræðinga bréf og sendi með drög að nýrri skrá skv. 19. gr. 1. 94/1986. Barst bréf þetta að afloknum vinnudegi þann 25. janúar, sem var fimmtudagur, og var í bréfinu óskað eftir umsögn fyrir helgi. Félögin höfðu því aðeins einn dag til að skila athugasemdum sínum. Gerðar voru margar athugasemdir við skrárnar, og var niðurstaðan sú, að samkomulag varð um, að allmörg störf væru felld út af skránum. Má sem dæmi nefna:

„Stofnun“	*Starf*
Skógrækt ríkisins.	Skógarverðir.
Ríkisspítalar.	Framkvæmdastjórar sviða.
	Varaframkvæmdastjórar sviða.
Vegagerð ríkisins.	Framkvæmdastjóri stjórnsýslusviðs.
	Framkvæmdastjóri tæknisviðs.“

Ekki er lögbundið, að samráð skuli hafa um skrá skv. 3. mgr. 29. gr. l. 38/1954.

Með auglýsingum nr. 53/1990 og 54/1990 birti stefndi skrár þær, sem hér um ræðir. Höfðu stefnendur í sjálfu sér ekki athugasemdir við efni skrár skv. auglýsingu nr. 53/1990, enda hafði náðst um hana samkomulag. Er stefnendur athuguðu skrá samkvæmt auglýsingu nr. 54/1990 kom í ljós, að hún var nokkuð aukin frá því, sem áður var, og að inn á hana hafði verið bætt ofangreindum *störfum,* sem aðilar höfðu með samkomulagi fellt út af skrá þeirri, er birt var sem auglýsing nr. 53/1990.

Stefnendur vilja ekki una slíku svo og ýmsum öðrum stöðum, sem á skránni eru, sem í sumum tilvikum eru viðbót við fyrri sambærilegar skrár, og hafa því skv. 4. mgr. 29. gr. l. 38/1954 höfðað

félagsdómsmál þetta, sem höfðað er til að knýja fram breytingar á skránni.

Málsástæður og lagarök.

1. Almennt.

Stefnendur tefla fram sem almennum röksemdum, að það sé meginregla, sem m.a. var lögfest með l. 94/1986, að ríkisstarfsmönnum sé heimilt að fara í verkfall. Það leiðir því af almennum lögskýringarreglum, að skýra ber undantekningar frá rétti og skyldu manna til að taka þátt í vinnustöðvun til að knýja á um úrbætur í kjaramálum þrengjandi lögskýringu. Stefnendur halda því líka fram, m.a. með hliðsjón af framansögðu, að það þurfi að vera einhver sérstök rök til þess að undanskilja stöður verkfallsheimild, svo sem hætta á stórfelldri hagsmunaröskun eða eignatjóni. Þess vegna er fullyrt, að minni háttar stofnanir, t.d. eins og Vísindaráð, teljist ekki til stofnana í skilningi 5. og 6. tl. 2. mgr. 29. gr. l. 38/1954.

2. Menntamálaráðuneyti.	*Staða.*
Háskólabókasafn.	Háskólabókavörður.
	Aðstoðarháskólabókavörður.

Rökstuðningur.

Stöður þessar hafa ekki áður verið á sambærilegri skrá, þ.e. voru ekki á skrá nr. 42/1988. Þeir, sem gegna stöðum þessum, eru félagar í Félagi háskólakennara.

Stefnendur telja, að Háskólabókasafn sé ekki stjórnsýslustofnun ríkisins, sbr. 5. tl. 2. mgr. 29. gr. l. 38/1954, né heldur atvinnurekstrar- eða þjónustufyrirtæki ríkisins eða verði jafnað til þess, sbr. 6. og 7. tl. ofangreinds ákvæðis. Af þeirri ástæðu telur þessi aðili, að fella beri starfsheiti þessi út af skránni.

Hér er einnig rétt að taka fram, að stefnendur telja það engan veginn binda hendur sínar, þótt Háskólabókasafn sé nefnt stofnun í 36. gr. l. 77/1979, sbr. og 5. gr. l. 8/1985 um breytingu á þeim lögum.

Átt sé við, að Háskólabókasafn sé undirstofnun innan Háskóla Íslands, sem er ríkisstofnun í skilningi 5.-6. tl. 2. mgr. 29. gr.

Mannfræðistofnun.	*Staða.*
	Forstöðumaður.

Rökstuðningur.

Hér vísast til fyrri röksemda. Því er þó við að bæta, að forstöðumaður er í Félagi háskólakennara. Á Mannfræðistofnun, sem skv. 2. gr. reglug. 233/1974 gegnir fyrst og fremst því hlutverki „að annast mannfræðilegar rannsóknir á Íslendingum, einkum athuganir á líkamseinkennum", eru aðeins tvö stöðugildi heimiluð. Þrátt fyrir það að störf og rannsóknir Mannfræðistofnunar Háskóla Íslands kunni að hafa mikið fræðilegt gildi, telja stefnendur, að engin rök séu fyrir því að víkja frá meginreglunni um verkfallsheimild og engir þjóðfélagshagsmunir í hættu, þó að látið sé af framangreindum rannsóknum, á meðan á verkfalli stendur.

Reiknistofnun. *Staða.*

Deildarstjóri.

Stefnendur telja,, að hér eigi við öll hin sömu rök og að framan greinir. Staðan er setin af manni í Félagi háskólakennara. Stefnendur telja einnig rétt að taka fram, að þeir telja það ekki koma í veg fyrir, að krafa þessi sé gerð, að háskólastofnun þessi hafi verið á eldri skrá, enda sé ekki í lögum áskilið, að athugasemdir við þessar skrár komi fram innan ákveðins frests.

Verkfræðistofnun H.Í. *Staða.*

Forstöðumaður.

Staða þessi var ekki á skrá 42/1988. Forstöðumaður er í Félagi háskólakennara. Hér eiga við öll hin sömu rök og um Háskólabókasafn svo og þau almennu rök, er að framan greinir. Reglugerð sú, er hér á við, er nr. 404/1977.

Endurmenntunarnefnd H.Í. *Staða.*

Endurmenntunarstjóri.

Staða þessi var ekki á skrá skv. auglýsingu nr. 42/1988. Starfsmaður sá, er stöðunni gegnir, er í Félagi háskólakennara.

Af hálfu stefnenda er því haldið fram, að Endurmenntunarnefnd H.Í. sé ekki stjórnsýslustofnun ríkisins né heldur atvinnurekstrareða þjónustufyrirtæki ríkisins, sbr. 5.-6. tl. 2. mgr. 29. gr. Endurmenntunarnefnd er ekki heldur ein af undirstofnunum Háskóla Íslands, heldur er hér um að ræða samstarfsnefnd 6 aðila, þ.e. Háskóla Íslands, Tækniskóla Íslands, Bandalags háskólamanna, Tæknifræðingafélags Íslands, Verkfræðingafélags Íslands og Hins íslenska kennarafélags. Starfsemi og rekstur nefndarinnar grundvallast á samningi, sem lagður er fram í málinu. Auk þessarar sér-

stöðu röksemda gilda allar fyrri röksemdir almenns eðlis í þessu tilviki.

Orðabók H.Í. *Staða.*

Forstöðumaður.

Stefnendur telja, að hér eigi við öll hin sömu rök og reifuð hafa verið um aðrar háskólastofnanir.

Örnefnastofnun. *Staða.*

Forstöðumaður.

Stefnendur telja, að hér eigi við sömu rök og gilda um háskólastofnanir, enda þótt Örnefnastofnun sé í raun einungis deild í Þjóðminjasafni Íslands.

Landsbókasafn Íslands. *Staða.*

Deildarstjóri.

Rökstuðningur fyrir því, að fella eigi stöðu þessa út af skrá þeirri, sem birt var með auglýsingu nr. 54/1990, er sá, að sá, er áður gegndi stöðu staðgengils, Grímur M. Helgason, deildarstjóri handritadeildar, er nú látinn. Enginn hefur verið skipaður staðgengill í hans stað og óvíst, hvort svo verður gert. Meðan svo er, telja stefnendur óheimilt að halda áfram að auglýsa sömu stöðu og hinn látni maður gegndi sem deildarstjórastöðu.

Þjóðgarðsvörður í Skaftafelli. *Staða.*

Forstöðumaður.

Þjóðgarðurinn í Skaftafelli var ekki á skrá, sem birt var með auglýsingu nr. 42/1988.

Stefnendur telja, að þjóðgarðurinn í Skaftafelli sé ekki stofnun í skilningi 5. og 6. tl. 29. gr. l. 38/1954, og því geti staða forstöðumanns ekki verið í auglýsingu samkvæmt þessum lagaákvæðum. Þjóðgarðurinn í Skaftafelli heyrir skv. reglugerð 319/1984 undir Náttúruverndarráð, sem skipað er mönnum, sem að stærstum hluta (6 af 7) eru kjörnir á náttúruverndarþingi, sbr. 6. gr. l. 47/1971. Ekkert í þessum lögum eða reglug. 319/1984 mæli með því að líta á Þjóðgarðinn í Skaftafelli sem ríkisstofnun. Tekið skal fram, að starfsmenn eru 1 3/4 í 9 mánuði á ári hverju.

Hér eiga einnig við hin almennu rök, sem vitnað er til að framan.

Vísindasjóður. *Staða.*

Framkvæmdastjóri.

Vísindasjóður var ekki á skrá þeirri, sem birt var með auglýsingu nr. 42/1988. Það athugast, að í skjölum málsins er heitið Vísindaráð

notað, en hlutverk þess er m.a. að sjá um fjárvörslu Vísindasjóðs, sbr. 3. mgr. 4. gr. l. 48/1987.

Þrátt fyrir það, að í 1. mgr. 1. gr. nefndra laga segi, að Vísindaráð sé sjálfstæð ríkisstofnun, er því haldið fram af stefnendum, að hvorki sé um að ræða stjórnsýslustofnun né atvinnurekstrar- eða þjónustufyrirtæki ríkisins í skilningi 5. og 6. tl. 2. mgr. 29. gr. l. 38/1954. Eru heldur engin rök til að telja stöðu þessa, sem raunar er einungis 1/2 staða, undanþegna því, að sá, er henni gegni, skuli fara í verkfall. Vísast hér einnig til hinna almennu röksemda, er að framan greinir.

3. Landbúnaðarráðuneyti.	*Staða.*
Skógrækt ríkisins.	Skógarverðir.

Stöður þessar hafa ekki áður verið auglýstar á sambærilegum skrám. Þeir eru a.m.k. að hluta félagar í Félagi íslenskra náttúrufræðinga (FIN).

Af hálfu stefnenda er því haldið fram, að skógarverðir séu fráleitt forstöðumenn stofnana. Samkvæmt lögum um skógrækt nr. 3/1955 segir m.a. svo um starf skógarvarða í 4. gr: „Skógarverðir skulu starfa samkvæmt fyrirmælum skógræktarstjóra ..... Þeir skulu settir yfir skógarjarðir ríkisins og annast framkvæmdir þar og enn fremur hafa eftirlit með meðferð skóga og kjarrs á þeim svæðum, sem þeim eru falin." Svæði þau, sem skógarvörðum eru falin, geta að mati stefnenda ekki talizt stofnanir og alls ekki stofnanir skv. 5. og 6. tl. 2. mgr. 29. gr. l. 38/1954. Auk þess eiga við hin almennu rök, sem greinir í upphafi þessa liðar.

Af hálfu stefnenda er bent á, að skýringar á því, að skógarverðir eru nú teknir á skrá, sem birt var með auglýsingu nr. 54/1990, er að líkindum að finna í frumkvæði landbúnaðarráðuneytis, sbr. bréf þess frá 12. desember 1989. Loks er rétt að benda á bréf Skógræktar ríkisins til Launaskrifstofu, dags. 30. apríl 1990, um „starfsmannafjölda skógarvarðarumdæma", þar sem fram kemur, að starfsmannafjöldi er í flestum tilvikum hverfandi.

Rannsóknarstöð Skógræktar ríkisins á Mógilsá.	*Staða.* Forstöðumaður.

Staða þessi, sem setin er af félaga í Félagi íslenskra náttúrufræðinga, hefur ekki áður verið tekin á sambærilegar skrár.

Af hálfu stefnenda er því mótmælt, að rannsóknarstöð þessi sé stofnun í skilningi 5. og 6. tl. 2. mgr. 29. gr. l. 38/1954. Samkvæmt reglugerð nr. 114/1968 um stjórn og verksvið rannsóknarstöðvar

þessarar er rannsóknarstöðin einungis deild innan Skógræktar ríkisins. Er að mati stefnenda heimildarlaust að teygja svo skilgreiningu á hugtakinu „stjórnsýslustofnun" eða hugtökunum „atvinnurekstrar- og þjónustufyrirtæki ríkisins", að þau verði látin ná til einstakra deilda þeirra stofnana, sem þær tilheyra, í þessu tilviki Skógræktar ríkisins.

Til viðbótar þessu er svo vísað til hinna almennu röksemda.

Sauðfjárveikivarnir. *Staða.*
Deildarstjóri.

Staða þessi hefur ekki áður verið á sambærilegum skrám. Staðan er setin af félaga í Dýralæknafélagi Íslands.

Stefnendur halda því fram, að deildarstjóri sá, sem hér um ræðir, sé ekki forstöðumaður stofnunar í skilningi 5. eða 6. tl. 2. mgr. 29. gr. l. 38/1954, enda er um að ræða deildarstjóra rannsóknardeildar Sauðfjárveikivarna. Rannsóknardeildin er ekki stofnun og deildarstjórinn ekki forstöðumaður. Hann er ekki heldur staðgengill framkvæmdastjóra Sauðfjárveikivarna, enda ber bréf Sauðfjárveikivarna, dags. 20. apríl 1990, það með sér, að allt önnur rök búa að baki heldur en að deildarstjórinn sé staðgengill framkvæmdastjóra. Þau rök, sem beitt er af hálfu framkvæmdastjóra Sauðfjárveikivarna og landbúnaðarráðuneytis, eru ekki þess eðlis, að þau dugi til, að deildarstjóri sá, er um ræðir, eigi heima á skrá skv. 29. gr. l. 38/1954.

Heilbrigðis- og tryggingarráðuneyti. *Stöður.*
Hollustuvernd. Forstöðumenn.

Þær stöður, sem hér um ræðir, eru ýmist setnar af félagsmönnum í Stéttarfélagi verkfræðinga eða Félagi íslenskra náttúrufræðinga. Stöður þessar voru á skrá, sem birtist með auglýsingu nr. 42/1988.

Stefnendur halda því fram, að einstök svið innan Hollustuverndar geti ekki talist stofnanir í skilningi margnefndra lagaákvæða. Hér er aðeins um að ræða deildir innan Hollustuverndar ríkisins, sem er sjálfstæð ríkisstofnun.

Ríkisspítalar. *Stöður.*
Framkvæmdastjórar sviða.
Varaframkvæmdastjórar sviða.

Stöður þær, sem um ræðir og eru flestar setnar af félagsmönnum í Læknafélagi Íslands, en aðrar af félögum í Félagi háskólamenntaðra hjúkrunarfræðinga, hafa ekki verið á sambærilegum skrám

áður. Stefnendur telja, að ekki sé að finna heimildir til að telja einstök svið innan stofnunar, sem heitir Ríkisspítalar, til sérstakra stofnana, atvinnurekstrar- eða þjónustufyrirtækja ríkisins í skilningi 5. og 6. tl. 2. mgr. 29. gr. l. 38/1954.

Sjávarútvegsráðuneyti.	*Staða.*
Fiskifélag Íslands.	Skrifstofustjóri.

Af hálfu stefnenda er því haldið fram, að Fiskifélag Íslands sé ekki ríkisstofnun í skilningi 5. og 6. tl. 2. mgr. 29. gr. l. 38/1954. Stefnendur benda á, að um sé að ræða samrekstrarstofnun ýmissa fjórðungssambanda og fiskifélagsdeilda svo og samtaka útvegsmanna og fiskkaupenda. Stefnendur telja, að engu breyti, þótt umræddur skrifstofustjóri kunni að vera launaður af ríkissjóði.

Verðlagsráð sjávarútvegsins.	*Staða.*
	Framkvæmdastjóri.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að Verðlagsráð sjávarútvegsins sé ekki ríkisstofnun í skilningi margnefndra lagaákvæða, enda ekki skipulögð sem slík. Þeir, sem sitja í Verðlagsráði sjávarútvegsins, eru tilnefndir af hagsmunaaðilum, sem svo sjávarútvegsráðherra skipar 8 menn úr eftir ákveðnum reglum. Skipunartími er til tveggja ára, sbr. l. 43/1985. Verðlagsráð sjávarútvegsins er eins konar nefnd, og þótt hún kunni að hafa starfsmann, gerir það ráðið ekki að stofnun. Hér eiga að auki við hin almennu rök, er að framan greinir.

Fjármálaráðuneyti.	*Staða.*
Lyfjaverslun ríkisins.	Fjármálastjóri.

Stefnendur telja, að ekki sé sýnt fram á, að fjármálastjóri sé í raun staðgengill forstöðumanns Lyfjaverslunar ríkisins. Þau gögn, sem aflað hefur verið, sýna ekki, að svo sé.

Samgönguráðuneyti.	*Staða.*
Vegagerð ríkisins.	Framkvstj. stjórnsýslusviðs.
	Framkvstj. tæknisviðs.

Stefnendur telja, að einstök svið innan Vegagerðar ríkisins geti ekki talist ríkisstofnanir. Er vísað til fyrri rökstuðnings um þetta atriði, enda er hér einungis um deildir að ræða.

Veðurstofa Íslands.	*Staða.*
	Yfirdeildarstjóri tækni- og veðurathugunardeildar.

Stefnendur telja, að þau gögn, sem lögð hafa verið fram í málinu,

sanni ekki, að Flosi H. Sigurðsson sé staðgengill forstöðumanns, eftir að nýr veðurstofustjóri var skipaður.

Iðnaðarráðuneyti. *Staða.*
Iðntæknistofnun Íslands. Fjármálastjóri.

Stefnendur halda því fram, að fjármálastjóri sé ekki staðgengill forstöðumanns. Hefur ekki verið sýnt fram á, að svo sé, enda má ætla, að röng staða hafi verið auglýst.

II.

Stefndi segir þetta um kröfugerð:

Af hálfu stefnenda hefur við framlagningu greinargerðar verið fallið frá kröfum varðandi nokkur starfsheiti, þar á meðal á þeim grundvelli, að félögin fari ekki með fyrirsvar fyrir Félagsdómi vegna þeirra starfsmanna, sem stöðunum gegna, og hafi því ekki lögvarinna hagsmuna að gæta um verkfallsheimildir þessara starfa. Af hálfu stefnenda hefur þó ekki verið fallið frá öllum þeim starfsheitum, sem þetta á við um. Sýnist einsýnt, að kröfum varðandi þau starfsheiti beri að vísa frá dómi, en til vara er af hálfu stefnda byggt á því, að þegar á grundvelli aðildarskorts stefnenda máls þessa beri að hafna kröfum um, að þessi starfsheiti verði felld út af listanum, en þau eru:

1) Deildarstjóri hjá Reiknistofnun, en sá starfsmaður er félagi í SFR.

2) Deildarstjóri, staðgengill forstöðumanns við Landsbókasafn Íslands. Þeirri stöðu var síðast gegnt af starfsmanni, sem var félagi í Félagi íslenskra fræða, og eru háskólamenntaðir deildarstjórar í því félagi og í Félagi bókasafnsfræðinga. Þessari stöðu hefur nú verið ráðstafað og hún falin Nönnu Bjarnadóttur, sem er í Félagi bókasafnsfræðinga. Enginn stefnenda átti né á lögvarinna hagsmuna að gæta um verkfallsheimildir þessa starfs.

3) Þjóðgarðsvörður við þjóðgarðinn í Skaftafelli. Sá starfsmaður, sem er arkitekt að mennt, er reyndar utan vébanda stéttarfélaga, en ef hann kysi að breyta því, ætti hann vegna þessa starfs rétt til félagsaðildar að Útgarði, en engu af þeim stéttarfélögum, er standa að málsókn þessari.

Í nokkrum tilvikum nær kröfugerð stefnenda yfir stöður, sem gegna starfsmenn, sem vegna starfs síns eða menntunar gætu átt félagsaðild að einhverjum stefnenda, en kjósa nú að standa utan stéttarfélaga og eru skv. því ráðherraraðaðir og án verkfallsréttar.

Af hálfu stefnda er ekki staðið á móti því, að ágreiningur um þær stöður, sem þetta á við um, fái efnislega úrlausn í máli þessu, þótt niðurstaða um þær geti ekki breytt neinu að svo stöddu um verkfallsheimildir þessara starfa, og því er ekki byggt á aðildarskorti stefnenda sem sýknuástæðu, að því er slíkar stöður varðar.

Í kröfugerð stefnda felst viðurkenning á því, að starfsheitin endurmenntunarstjóri hjá endurmenntunarnefnd, fjármálastjóri hjá Iðntæknistofnun og skrifstofustjóri hjá Raunvísindastofnun hafi ranglega verið tekin inn á lista yfir forstöðumenn og staðgengla þeirra, sem óheimilt er að gera verkfall. Við frekari gagnaöflun varðandi þessi störf í tilefni málsóknar þessarar hefur þannig komið í ljós, að rangar staðgengilsstöður voru auglýstar hjá Iðntæknistofnun og hjá Raunvísindastofnun.

Þá hafa gögn varðandi endurmenntunarnefnd og upplýsingar um fjármögnun starfsemi þessarar leitt í ljós, að ákvæði laga nr. 96/1986 geta ekki að svo stöddu tekið til þessarar starfsemi. Í 2. gr. þeirra laga eru greind þau skilyrði þess, að lögin geti tekið til starfsmanna annarra stofnana en stofnana ríkis eða sveitarfélaga, að stofnun sé á fjárlögum og að viðkomandi stofnun samþykki, að lögin taki til starfsmanna, en í því felst, að stofnunin afhendi fjármálaráðherra umboð til að gera kjarasamninga fyrir sína hönd. Upplýst hefur verið, að ekki hefur verið veitt fé til þessarar starfsemi á fjárlögum né sótt um það, og er allur rekstur starfseminnar, þ. á m. laun endurmenntunarstjóra, kostaður af námskeiðsgjöldum og framlögum samningsaðila, sbr. grein 5 c. Þegar af þeirri ástæðu er fallist á, að starfið verði fellt út af listanum. Komi hins vegar til breytinga á starfsemi Endurmenntunar, s.s. á greiðslu kostnaðar við starfsemina, eða verði gerð breyting á þeim grundvelli, sem hún starfar eftir, áskilur stefndi sér rétt til að taka starf endurmenntunarstjóra á ný inn á lista yfir forstöðumenn og staðgengla, sem er óheimilt að gera verkfall.

Málsástæður og lagarök stefnda.

Ágreiningi um stöður (starfsheiti) og lögfræðileg álitaefni þeim tengd sýnist mega skipta í fjóra flokka:

1. Starfsheiti á listanum, sem deilt er um vegna ágreinings málsaðila um það, hvort ákvæði 5. og 6. tl. 2. mgr. 29. gr. l. nr. 38/1954, sbr. 1. gr. l. nr. 90/1986, taki beint til allra þeirra stjórnsýslu-

stofnana og atvinnurekstrar- og þjónustufyrirtækja ríkisins, sem ekki eru sérstaklega upp talin í 1.-4. tl. greinarinnar.

2. Starfsheiti á listanum, sem deilt er um vegna ágreinings um það, hvort stöður eigi heima á listanum skv. 7. tl. 2. mgr. 29. gr., þar sem þessum stöðum verði jafnað til forstöðumanna og staðgengilsstarfa, sem falla undir ákvæði 5. eða 6. tl.

3. Starfsheiti á listanum, sem deilt er um vegna ágreinings um það, hvort á listann eigi að taka forstöðumenn og staðgengla þeirra, sem ráðnir eru hjá stofnunum, sem ekki teljast til ríkisstofnana, en lög nr. 94/1986 taka til skv. 2. grein þeirra.

4. Ágreiningur um auglýstar staðgengilsstöður. Sá ágreiningur er í raun tvíþættur. Annars vegar er hann til kominn vegna ágreinings um, hvort auglýsa megi stöður, sem ekki eru setnar, og hins vegar er ágreiningurinn til kominn vegna þess, að stefnendur bera brigður á, að auglýst staða sé í reynd staðgengilsstaða.

Mál stefnenda sýnist á því byggt, að skýra beri þröngt ákvæði 1. tl. 19. gr. laga nr. 96/1986, sbr. 5.-7. tl. 2. mgr. 29. gr. laga nr. 38/1954, sbr. l. 90/1986, er banna, að þeir félagsmenn í stéttarfélögum, er gegna störfum forstöðumanna og staðgengla þeirra, taki þátt í verkfalli. Sérstök rök þurfi til að koma til að undanskilja stöður verkfallsheimild, þannig, að veigamiklir hagsmunir séu tengdir starfseminni. Þá falli minni háttar stofnanir utan við gildissvið 5. og 6. tl. 29. gr. laga nr. 38/1954, enn fremur undirstofnanir á vegum ríkisstofnana, svo og geti hvorki nefndir né ráð talist til stofnana og fyrirtækja í skilningi þessara ákvæða.

Engan veginn verður séð, að stefnendur séu sjálfir samkvæmir þessum sjónarmiðum, sem þeir halda fram. Þannig sjá þeir t.d. ekki ástæðu til að mótmæla sem slíkum öllum stofnunum Háskóla Íslands, sem félagsaðild forstöðumanna veiti þó þeim fyrirsvar til. Stefnendur viðurkenna þannig með mótmælum gegn staðgengli eingöngu, að Raunvísindastofnun falli undir 5.-7. tl. og engu öðru haldið fram í greinargerð. Þá er ekki mótmælt þeim háskólastofnunum, sem starfa samkvæmt sérstökum lögum, þ.e. Stofnun Árna Magnússonar, sbr. lög nr. 70/1972, og Tilraunastöð Háskólans í meinafræðum á Keldum, sem heyrir undir læknadeild, sbr. lög nr. 11/1947 né Stofnun Sigurðar Nordals (1,5 stm.) og Íslenskri málstöð, en hún er skrifstofa íslenskrar málnefndar, sem starfar skv. l. nr. 80/1984 (2,5 stm.). Stefnendur mótmæla ekki veiðistjóra (3 stm.),

og FÍN hefur áður viðurkennt og nú fallið frá mótmælum gegn því, að tilraunastjórar RALA falli undir 5.-7. tl. Jafnréttisráði, sem er fjölskipað stjórnvald, sbr. 13. gr. l. 65/1985, þar sem einkaaðilar skipa beint fimm af sjö mönnum, er ekki heldur mótmælt (3 stm.) né atvinnuleysistryggingasjóði (2 stm.).

Stefndi getur ekki heldur samsinnt þessum lagasjónarmiðum, sem nú er haldið fram af hálfu stefnenda.

Í því sambandi er vakin athygli á því, að hvergi er í orðalagi ákvæðis 2. mgr. 29. gr. laga nr. 38/1954, eins og henni var breytt með 1. gr. laga nr. 90/1986, gerð sú takmörkun á þeim störfum, er fallið geta undir 5. og 6. tl., að um sé að ræða störf, sem sérstakir hagsmunir tengjast, eða um sé að ræða störf við stærri stofnanir eða fyrirtæki. Af orðalaginu verður ekki heldur ráðið, að undirstofnanir ríkisstofnana falli þar utan við, né heldur, að fjölskipuð stjórnvöld, nefndir og ráð, sem skipuð eru eftir tilnefningum ýmissa aðila, teljist ekki til stjórnsýslustofnana eða fyrirtækja í skilningi ákvæðanna.

Ákvæði 5. og 6. tl. 2. mgr. 29. gr., sem skýra ber samkvæmt orðanna hljóðan, taka því beint til allra stjórnsýslustofnana, atvinnurekstrar- og þjónustufyrirtækja ríkisins. Ákvæði 7. tl. styður ekki heldur sérstaklega þau sjónarmið stefnenda, að löggjafinn hafi þrátt fyrir ótvírætt orðalag 5. og 6. tl. ætlast til þeirra takmarkana á gildissviði þeirra, sem stefnendur halda fram. Í 7. tl. er einmitt þvert á móti bannað verkfall annarra starfsmanna, er gegna embættum, sem öldungis verði jafnað til embætta þeirra manna, sem getið er í 1.-6. tl. 29. gr. Lögskýringargögn með lögum nr. 90 og 94/1986 styðja einnig, að ákvæðum 5. og 6. tl. hafi verið ætlað að taka beint til hvers konar stjórnsýslustofnana og fyrirtækja ríkisins svo og að 7. tl. sé ætlað m.a. að ná til þeirra stjórnunarstarfa, sem hliðstæð eru, þótt þau feli ekki í sér forstöðumennsku yfir sérstakri stofnun eða fyrirtæki.

Í mörgum tilvikum sé fyrst nú haldið uppi mótmælum gegn stofnunum og stöðum við þær, sem teknar voru inn á lista þann, sem birtur var með auglýsingu nr. 42/1988, á þeim grundvelli, að stofnanirnar eða svið innan þeirra falli ekki undir ákvæði 5.-7. tl. 2. mgr. 29. gr. l. nr. 38/1954 m.s.br. Af hálfu stefnda er því haldið fram, að stefnendur geti ekki nú rutt út þessum stöðum, sem þar um ræðir, og að stefnendur séu því þegar af þeirri ástæðu bundnir

við það, að þessir forstöðumenn og staðgenglar þeirra séu á listanum. Í því sambandi skal á það bent, að í 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 kemur fram sú regla, að mótmælum gegn skrám, sem gerðar eru yfir þau störf, sem verkfallsheimild nær ekki til, skuli án tafar í kjölfar birtingar skrár komið á framfæri. Þar kemur einnig skýrt fram, að ekki verður hróflað við skrám að þeim fresti liðnum og að réttur til mótmæla gegn síðari birtingu starfa á skrám takmarkist við breytingar á þeim. Andmæli stefnenda varðandi þessi starfsheiti eru því of seint fram komin, og þeir eru með tómlæti sínu orðnir bundnir við, að þessi starfsheiti séu á listanum. Í þessu sambandi skal enn fremur vakin athygli á því, að hvorki Stéttarfélag lögfræðinga í ríkisþjónustu (SLÍR) né Félag íslenskra náttúrufræðinga (FÍN) freistuðu þess að láta reyna á starfsheiti við Verðlagsráð sjávarútvegsins eða Hollustuvernd í verkfallinu 1989, sbr. dskj. nr. 37. Þvert á móti setti FÍN forstöðumann sinn á lista, sem félagið gerði yfir starfsmenn, sem ekki ynnu í verkfalli.

Tómlæti stefnenda við að halda uppi þessum andmælum strax 1988 leiðir þannig þegar til þess, að sýkna beri af kröfum stefnenda um, að eftirfarandi starfsheiti verði felld út af listanum:

Reiknistofnun H.Í. - deildarstjóri; Orðabók Háskólans - forstöðumaður; Örnefnastofnun - forstöðumaður; Fiskifélag Íslands - skrifstofustjóri; Verðlagsráð sjávarútvegsins - framkvæmdastjóri; og Hollustuvernd ríkisins - forstöðumenn.

Verður þá nánar vikið að því, hvernig málsástæður og lagasjónarmið stefnda horfa við starfsheitum hjá hverri stofnun fyrir sig, sem ágreiningur er um.

Háskólastofnanir:

Um háskólastofnanirnar, sem eru Háskólabókasafn, Mannfræðistofnun, Reiknistofnun, Verkfræðistofnun og Orðabók háskólans, gilda að miklu leyti sömu lagareglur, og verður því fyrst gerð grein fyrir þeim rökum, sem taka almennt til allra þessara stofnana.

Í lögum um Háskóla Íslands nr. 77/1979, sbr. lög nr. 8/1985, er gert ráð fyrir því, að við Háskóla Íslands starfi sérstakar háskólastofnanir og fyrirtæki undir yfirumsjón háskólaráðs, sbr. 3. mgr. 7. gr. og 1. mgr. 36. gr.

Í 2. mgr. 9. gr. er kveðið á um, að við háskólann starfi rannsóknarstofnanir samkvæmt ákvörðun háskóladeilda og háskólaráðs og með samþykki menntamálaráðherra, og skuli þær að jafnaði

heyra undir háskóladeild. Í reglugerð eða samþykktum megi kveða á um starfssvið, stjórn og tengsl við háskóladeild og háskólaráð.

Af þessum ákvæðum í háskólalögum leiðir, að þessar stofnanir háskólans teljast lögum samkvæmt sérstakar ríkisstofnanir. Samkvæmt því falla þær stofnanir háskólans, sem um er deilt í málinu, beint undir 5. eða 6. tl. 2. mgr. 29. gr. laga nr. 38/1954, en verði ekki á það fallist, er til vara byggt á því, að störfin falli undir 7. tl.

Verður þá vikið sérstaklega að starfssviði, lagagrundvelli, gögnum og viðbótarmálsástæðum umfram það, sem greinir hér að framan, þar sem það á við um hverja háskólastofnun fyrir sig.

Háskólabókasafn: - *háskólabókavörður. FHK.*
aðstoðarháskólabókav. FHK. -

Háskólabókasafn telst vera háskólastofnun, sbr. 3. mgr. 7. gr. og 1. mgr. 36. gr. háskólalaga nr. 77/1979 og 64.-65. gr. auglýsingar um reglugerð Háskóla Íslands nr. 78/1979. Safninu er enn fremur sem sérstakri stofnun falin verkefni í öðrum lögum, en skv. 10. gr. laga nr. 43/1977 skal það ásamt Landsbókasafni og Amtsbókasafninu á Akureyri varðveita eintak af skyldueintaki til safna.

Mannfræðistofnun: - *forstöðumaður. FHK.* -

Stofnunin starfar skv. rgl. nr. 233/1974 um Mannfræðistofnun Háskóla Íslands. Stofnunin annast mannfræðilegar rannsóknir sbr. 2. gr. Yfir stofnuninni er sérstök 7 manna stjórn, sbr. 3. gr. Menntamálaráðherra skipar forstöðumann, sbr. 5. gr.

Reiknistofnun: - *deildarstjóri. SFR.* -

Reiknistofnun starfar skv. rgl. nr. 62/1976. Stofnunin er þjónustustofnun, sem rekur reiknimiðstöð og annast þjónustu á því sviði við nemendur, starfsmenn háskólans og stofnanir háskólans. Aðilar utan háskólans geta einnig keypt þjónustu hennar. Hún hefur enn fremur með höndum fræðslustarfsemi, sbr. nánar 2. gr. Rekstur hennar er kostaður af sértekjum og fjárveitingum á fjárlögum. Yfir stofnunina er sett sérstök 5 manna stjórn, og er forstöðumaður skipaður af menntamálaráðherra til tveggja ára í senn að fengnum tillögum háskólaráðs, sbr. 3. gr.

Í innsendum mótmælum og í kröfugerð í stefnu beindust mótmæli eingöngu að auglýstri staðgengilsstöðu. Stefnendur áréttuðu þannig viðurkenningu sína á því, að stofnunin félli undir 5.-7. tl., og eru bundnir við þann grundvöll í máli þessu. Í greinargerð byggja stefnendur mótmæli sín hins vegar á því, að Reiknistofnun teljist

ekki stofnun. Engan veginn fær staðist að hafa uppi kröfu um, að staðgengill verði felldur brott, en á sama tíma að fallast á, að forstöðumaður, Helgi Þórsson, sem FHK á aðild að til að mótmæla, sé á listanum. Ekki er fallist á, að stefnendur geti söðlað gersamlega um málsástæður og lagagrundvöll þann, sem þeir sjálfir mörkuðu málinu frá upphafi, að því er þessa stofnun varðar, og er því mótmælt, að þær málsástæður og lagagrundvöllur, sem reifaður er í greinargerð þeirra, fái komist að.

Um sérstaka sýknuástæðu vegna aðildarskorts og vegna tómlætis gagnvart lista nr. 42/1988 vísast til umfjöllunar hér að framan.

Verkfræðistofnun: - forstöðumaður. FHK. -

Verkfræðistofnun starfar skv. rgl. nr. 404/1977 og heyrir undir Verkfræði- og raunvísindadeild. Hún hefur með höndum rannsóknir á sviði tækni- og verkvísinda, samræmingu rannsókna o.fl., svo sem nánar greinir í 2. gr. Stjórn stofnunarinnar er skipuð 4 mönnum, 3 kjörnum af deildarráði og 1 af félagi verkfræðinema. Formaður stjórnar er jafnframt forstöðumaður, sbr. 4. gr.

Orðabók háskólans: - forstöðumaður. FHK. -

Orðabókin starfar skv. rgl. nr. 271/1979 og heyrir undir rektor og háskólaráð, sbr. 1. gr. Hlutverk hennar er að safna efni og semja sögulega íslenska orðabók frá upphafi prentaldar á Íslandi og að því loknu önnur skyld verkefni. Orðabókarstjórn, sem skipuð er 5 mönnum, hefur á hendi yfirstjórn orðabókarinnar á vegum rektors og háskólaráðs sbr. 3. gr. Menntamálaráðherra ræður fasta starfsmenn, sbr. 4. gr.

Um sérstaka sýknuástæðu vegna tómlætis gagnvart lista nr. 42/1988 vísast til umfjöllunar hér að framan.

Verður þá vikið að umfjöllun um starfssvið, lagagrundvöll og málsástæður varðandi stöður við aðrar stofnanir en háskólastofnanir:

Örnefnastofnun: - forstöðumaður. FHK. -

Örnefnastofnun var sett á fót 23. júní 1969, og skyldi hún starfa sem deild í Þjóðminjasafninu skv. heimild til að skipta þjóðminjasafninu í deildir sbr. 8. gr. þágildandi þjóðminjalaga nr. 52/1969. Tilgangurinn með stofnun hennar var að sameina í henni þau störf, sem unnin höfðu verið á því sviði á vegum Hins íslenska fornleifafélags og Þjóðminjasafnsins. Verkefni hennar er að safna íslenskum örnefnum, rannsaka þau og birta um þau skrár.

Frá upphafi hefur Örnefnastofnun haft aðskilinn fjárhag og reikningshald frá Þjóðminjasafninu. Stjórn málefna hennar og rekstur hefur algerlega verið aðskilin frá stjórnun Þjóðminjasafns og forstöðumaður hennar farið með þau mál. Í fjárlögum 1984 voru fjárveitingar veittar sjálfstætt til hennar og þannig algerlega aðgreindar frá fjárveitingum til Þjóðminjasafns, en fram til þess tíma hafði hún komið sem sérstakur viðfangsefnaliður í fjárveitingum til safnsins. Í reynd hefur stofnunin þannig starfað sem algerlega sjálfstæð stofnun, þótt formlega hafi aldrei verið breytt þeirri lagastöðu, sem henni var mörkuð upphaflega, að stofnunin starfaði sem sérstök deild í Þjóðminjasafni. Með gildistöku nýrra þjóðminjalaga hinn 1. janúar sl., sbr. lög nr. 88 frá 29. maí 1989, voru gerðar breytingar á stjórnun og skipulagi þjóðminjavörslu og sett á fót sérstakt þjóðminjaráð, sem fer með yfirstjórn þjóðminjavörslu og er stjórnarnefnd Þjóðminjasafns. Í 5. gr. er kveðið á um deildir safnsins og tilteknar deildir Þjóðminjasafns sem slíks lögfestar, en deildaskipting að öðru leyti falin þjóðminjaráði til ákvörðunar. Örnefnastofnun er ekki þar talin til lögskyldra deilda safnsins. Í bréfi menntamálaráðuneytis, dags. 3. maí 1990, kemur fram, að ekki er fyrirhugað að gera breytingar á starfsemi stofnunarinnar, og fjárveiting til hennar var samþykkt í árslok 1989 á fjárlögum fyrir árið 1990 með sama hætti og verið hefur frá 1984.

Í ljósi þess, sem að ofan greinir, starfar Örnefnastofnun sem sérstök vísindaleg rannsóknarstofnun og ætti því sem slík að falla beint undir 5. tl. 29. gr. l. nr. 38/1954 m.s.br. Jafnvel þótt talið yrði, að það ákvæði ætti ekki beint við, er ljóst, að viðfangsefni stofnunarinnar og sjálfstæði er með þeim hætti, að starfi forstöðumanns hennar er öldungis sambærilegur við störf forstöðumanna við þær háskólastofnanir, sem sinna rannsóknum í íslensku, og skv. því fellur stofnunin ótvírætt undir ákvæði 7. tl.

Varðandi sérstaka sýknuástæðu vegna tómlætis gagnvart lista nr. 42/1988 vísast til umfjöllunar að framan.

Landsbókasafn - deildarstjóri stg. forstmanns.
FÉL. ÍSL. FRÆÐA. -

Mótmæli stefnenda við þessari stöðu byggjast á því, að sá deildarstjóri, sem jafnframt var staðgengill, sé látinn og staðgengilsstaðan sé ekki setin. Varðandi sjónarmið mín um frávísun á kröfu þessari og um sýknu vegna aðildarskorts vísast til þess, sem áður greinir.

Verði ekki á þau sjónarmið fallist, er á því byggt, að þessi lagatúlkun stefnenda fái ekki staðist. Í því sambandi skal á það bent, að í 19. gr. laga nr. 90/1986 og í 2. og 3. mgr. 29. gr. laga nr. 38/1954, eins og henni var breytt með 1. gr. laga nr. 90/1986, er byggt á því, að tekin séu á skrá þau störf, sem eru undanþegin verkfallsheimild. Engu skiptir, þó að mannaskipti verði í stöðunni, eftir að listi er gerður, né að sú staða, sem er undanþegin verkfallsheimild, sé ekki setin. Reglan er að þessu leyti breytt frá því, sem var í gildistíð laga um kjarasamninga Bandalags ríkis og bæja, sbr. lög nr. 31/1976 um breyting á 29. gr. l. nr. 38/1954, sem byggði á því, að skrá ætti nöfn þeirra manna, sem ekki nytu verkfallsréttar.

Í auglýsingunni er auglýst staða deildarstjóra, sem hefur með höndum staðgöngu fyrir forstöðumann. Slík föst staðgengilsstaða, er tengd er stöðu deildarstjóra, hefur verið viðurkennd við safnið, og engin breyting var fyrirhuguð þar á, er auglýsingin var gefin út.

Þjóðgarðurinn í Skaftafelli - þjóðgarðsvörður. UTAN FÉL. -

Þjóðgarður í Skaftafelli var stofnaður með rgl. nr. 229/1968. Um starfsemi hans gildir nú 25. gr. laga nr. 47/1971 um náttúruvernd. Náttúruverndarráð fer með stjórn þjóðgarða og setur reglur um meðferð þeirra og umgang almennings. Gildandi reglugerð um þjóðgarðinn er nr. 319/1984. Samkvæmt 3. gr. þeirrar reglugerðar ræður Náttúruverndarráð þjóðgarðsvörð, sem skal vera búsettur í Skaftafelli, til að fara með daglega stjórn þjóðgarðsins, bæði gagnvart starfsmönnum, gestum og þeim aðilum, er annast rekstur í þjóðgarðinum. Þjóðgarðsvörður hefur skv. 5. gr. vald til að loka garðinum fyrirvaralaust, ef að steðjar vá eða hann telur dvöl manna geta spillt gróðri og jarðmyndun. Um sumartímann starfa 6-10 manns undir stjórn þjóðgarðsvarðar, en auk hans er eftirlitsmaður í 3/4 úr starfi allt árið. Af hálfu stefnda er því haldið fram, að líta beri á þjóðgarðinn sem sérstaka stofnun, sem sett er undir stjórn Náttúruverndarráðs. Samkvæmt því falli hann undir ákvæði 5.-6. tl. 2. mgr. 29. gr. l. nr. 38/1954 m.s.br., en til vara er byggt á því, að starfi þjóðgarðsvarðar falli undir 7. tl.

Vísindasjóður - framkvæmdastjóri. UTAN FÉLAGA -

Um Vísindaráð og Vísindasjóð gilda lög nr. 48/1987 um Vísindaráð og Vísindasjóð, Rannsóknarráð ríkisins og Rannsóknasjóð. Vísindaráð er skv. 1. gr. þeirra laga sjálfstæð ríkisstofnun. Verksvið þess er greint í 2. gr. laganna, en þar kemur fram, að auk þess að

fara með fjárvörslu Vísindasjóðs og veita styrki úr honum, hefur Vísindaráð m.a. eftirlit með rannsóknum erlendra vísindamanna hér á landi á starfssviði þess, og það fer fyrir Íslands hönd með samstarf við hliðstæðar stofnanir erlendis. Samkvæmt því fellur starf framkvæmdastjóra undir 5.-6. tl. 29. gr. l. nr. 38/1954 m.s.br.

Ráðning í þá stöðu, sem heimiluð er í 6. gr. laganna, var fyrst ákveðin frá 1. maí 1988 og þá 37,5% staða. Nú er heimiluð 1/2 staða framkvæmdastjóra. Starfinu gegnir maður, sem að aðalstarfi er prófessor við Háskóla Íslands og, að því er það starf varðar, í félagi háskólakennara, en það félag fer ekki með samningsumboð varðandi starfið við Vísindaráð, og er hann utan stéttarfélaga, hvað það varðar.

Skógrækt ríkisins - skógarverðir. FÍN/SFR. -

Samkvæmt lögum nr. 3/1955 um skógrækt, 4. gr., eru skógarverðir settir yfir skógarjarðir ríkisins hver á sínu svæði og annast framkvæmdir á sviði skógræktar á þeim jörðum. Enn fremur hafa þeir með höndum eftirlit um meðferð skóga og kjarrs hver á sínu landssvæði. Störfin fela því í sér forstöðu á sviði stjórnsýslu og fyrir atvinnu- og þjónustufyrirtækjum Skógræktar ríkisins og falla því undir ákvæði 5. og 6. tl. 2. mgr. 29. gr. l. nr. 38/1954 m.s.br.

Í starfslýsingu kemur fram, að þeir hafa umsjón með og bera ábyrgð á fjármálum og starfsemi og eignum Skógræktarinnar hver á sínu starfssvæði. Þá annast þeir auk þess framkvæmd rannsóknaverkefna undir faglegri stjórn forstöðumanns Rannsóknarstöðvarinnar á Mógilsá. Af því, sem fyrir liggur um störf og ábyrgð, er ljóst, að starfi skógarvarða uppfyllir, hvað svo sem öðru líður, skilyrði 7. tl. 29. gr., að því verði jafnað til forstöðumannsstarfa, sem koma undir ákvæði 5. og 6. tl. Fjöldi starfsmanna undir stjórn skógarvarða er breytilegur eftir árstímum og svæðum, en á Austurlandi, sem er umfangsmesta starfið, eru 8-34 starfsmenn undir stjórn skógarvarðarins eftir árstímum, sem er umtalsvert fjölmennara en t.d. mannaforráð tilraunastjóra við tilraunastöðvar RALA.

Skógarverðir eru í tveimur stéttarfélögum, SFR og FÍN. Aðeins einn þeirra, skógarvörðurinn á Vesturlandi norðan Hvítár og á Vestfjörðum, er í FÍN. Aðild stefnenda nær því aðeins til þess starfs. Leiðir það til þess, að sýkna ber af kröfum stefnenda um brottfellingu annarra skógarvarðastarfa vegna aðildarskorts, verði ekki fallist á, að störfin falli undir 5.-7. tl.

Rannsóknarstöð Skógræktar ríkisins á Mógilsá - forstöðumaður. FÍN -

Rannsóknarstöðin starfar samkvæmt reglum nr. 114/1968. Verksvið hennar er fyrst og fremst að starfa að rannsóknum, sem hafa hagnýta þýðingu fyrir skógrækt og trjárækt á Íslandi. Rannsóknarstöðin er sett á fót sem sérstök deild innan Skógræktar ríkisins, en mörkuð þar algerlega sjálfstæð staða við stofnunina. Þannig er sett yfir hana sérstök stjórnarnefnd, sbr. 3. gr. Í 7. og 8. gr. er kveðið á um, að rannsóknarstöðin hafi sjálfstæðan fjárhag, og sérstaklega tekið fram, að skógræktarstjóri geti falið henni sérverkefni í þágu Skógræktar ríkisins sem hún taki, ef þau samrýmast verksviðum stöðvarinnar. Staða hennar er slík, að hún telst sérstök stofnun í skilningi 5.-6. tl. 2. mgr. 29. gr. laga nr. 38/1954 m.s.br. Starfssvið rannsóknarstöðvarinnar á sér að sínu leyti hliðstæðu í t.d. rannsóknastofnunum, sem starfa í þágu atvinnuveganna. Starf forstöðumanns, sem felur í sér bæði faglega og fjárhagslega ábyrgð, uppfyllir því a.m.k. tvímælalaust það skilyrði 7. tl., að því verði jafnað til starfa, sem falla undir 5. og 6. tl. 2. mgr. 29. gr. l. nr. 38/1954 m.s.br.

Sauðfjárveikivarnir - deildarstjóri (dýralæknir). DÝRAL. -

Staðan er auglýst á þeim grundvelli, að hún feli í sér stjórnunarstörf á sérfræðisviði, er falli undir 7. tl. 2. mgr. 29. gr. laga nr. 38/1954 m.s.br. Í lögum nr. 23/1956 um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra eru verkefni við að hindra útbreiðslu tiltekinna sauðfjársjúkdóma og vinna að útrýmingu þeirra falin sauðfjársjúkdómanefnd undir yfirstjórn landbúnaðarráðherra. Verkefni nefndarinnar eru annars vegar á sviði heilbrigðiseftirlits og rannsókna og hins vegar framkvæmd ýmissa útrýmingar, og varnaraðgerða, sbr. nánar 5. gr. laganna. Í 4. gr. laganna er kveðið á um, að landbúnaðarráðherra skipi sauðfjársjúkdómanefnd framkvæmdastjóra, er annast dagleg störf og framkvæmdir, eftir því sem nefndin felur honum og hann hefur umboð til.

Deildarstjórinn er sérfræðingur sauðfjársjúkdómanefndar og faglegur ráðgjafi hennar og framkvæmdastjóra. Hann fer með faglega stjórn og ber ábyrgð á þeim þætti í framkvæmd nefndarinnar, sem snýr að heilbrigðiseftirliti og rannsóknum. Þeim störfum er sinnt á rannsóknardeild, sem rekin er á vegum Sauðfjárveikivarna

við Tilraunastöðina á Keldum. Stöður við Sauðfjárveikivarnir eru alls 8, og þar af eru 7 stöður við rannsóknarstofu, og starfsmenn þar starfa allir undir stjórn deildarstjórans. Þótt starfi hans feli ekki í sér stjórnun fjármála, felst í starfi hans ábyrgð á sérfræðistörfum og rannsóknum, sem eru grundvallarþættir í öllum framkvæmdum sauðfjársjúkdómanefndar. Samkvæmt því er talið, að starfi hans falli undir 7. tl. 2. mgr. 29. gr. l. nr. 38/1954. Fagleg stjórnunarstörf eins og þetta starf deildarstjórans á sér t.d. hliðstæðu í störfum forstöðumanna við Hollustuvernd ríkisins.

Fiskifélag Íslands: - *skrifstofustjóri. VIÐSK.FR.* -

Fiskifélag Íslands veitir ríkisvaldinu margvíslega þjónustu samkvæmt lögum. Meðal verkefna þess er framkvæmd laga nr. 55/1941 um afla- og útgerðarskýrslur. Verkefni á því sviði eru þjóðfélagslega mikilvæg. Þannig eru þær upplýsingar, sem Fiskifélagið aflar og vinnur úr skv. þeim lögum, grundvöllur að öllu eftirliti með því, að aflamagn sé innan þeirra takmarka, sem ákveðin eru samkvæmt lögum um stjórn fiskveiða. Fiskifélag Íslands uppfyllir þau skilyrði, sem sett eru í 2. gr. kjarasamningalaganna nr. 94/1986, að það starfar í almannaþágu, er á fjárlögum, og það hefur samþykkt, að lögin taki til starfsmanna sinna, og þar með falið fjármálaráðherra að gera kjarasamninga við stéttarfélög þeirra fyrir sína hönd.

Starfa fiskimálastjóra hjá Fiskifélagi Íslands í þágu ríkisins og staðgengli hans í þeim störfum verður fyllilega jafnað til forstöðumannsstarfa hjá stjórnsýslustofnunum og atvinnu- og þjónustufyrirtækjum ríkisins, sem falla undir ákvæði 5.-6. tl. Í 19. gr. kjarasamningalaganna er að vísu hvergi með berum orðum vikið að starfsmönnum þeirra stofnana, sem koma undir lögin skv. 2. gr. Af 19. gr. verður hins vegar ekki annað ráðið en að um þessa starfsmenn gildi sömu reglur um takmarkanir á verkfallsheimild og um starfsmenn ríkis og sveitarfélaga annars. Samkvæmt því eiga ríki og sveitarfélög að taka þessa starfsmenn með á þeim listum, sem þeim ber að gefa út. Þannig verða ákvæði og orðalag III. kafla laganna ekki skilin öðruvísi en svo, að starfsmenn slíkra stofnana sem það á við um, falli beint undir takmarkanir á verkfallsheimildum skv. 3. tl. 19. gr. vegna nauðsynlegustu öryggisgæslu og heilbrigðisþjónustu, og hafa þeir starfsmenn, sem það á við um, sbr. t.d. starfsmenn Styrktarfélags vangefinna, Skálatúns í Mosfellssveit

og Sólheima í Grímsnesi, ávallt verið teknir á þá lista, sem ríkið hefur gert á grundvelli þess töluliðar.

Af orðalagi 6. tl. 19. gr. verður ekki heldur annað ráðið en forstöðumenn slíkra stofnana komi beint undir það ákvæði, starfi stofnunin á vegum sveitarfélags. Engin rök standa heldur til annars en að sömu takmarkanir gildi um verkfallsheimildir þessara forstöðumanna og gilda annars um forstöðumenn ríkisins sjálfs, starfi stofnunin í þágu ríkisins. Þótt lög nr. 38/1954 taki ekki beint til annarra en starfsmanna ríkisins, leiða þó þau beinu tengsl, sem eru milli annars vegar 2. mgr. 29. gr. þeirra laga og hins vegar 19. gr. kjarasamningalaganna nr. 94/1986 og 19. gr., sbr. 2. gr. þeirra laga, til þess, að ákvæði 7. tl. 2. mgr. 29. gr. l. nr. 38/1954 ber að beita, annaðhvort með rýmkandi lögskýringu eða lögjöfnun, um þá forstöðumenn sjálfseignarstofnana, sem starfa í þágu ríkisins og hafa með höndum störf, sem verði jafnað til forstöðumannastarfa ríkisins, sem falla undir 5.-6. tl. 2. mgr. 29. gr. l. 38/1954 m.s.br.

Varðandi sérstaka sýknuástæðu vegna tómlætis gagnvart lista nr. 42/1988 vísast til umfjöllunar að framan.

Verðlagsráð sjávarútvegsins: - *framkvæmdastjóri. SLÍR* -

Verðlagsráð sjávarútvegsins starfar skv. lögum nr. 43/1985. Aðalverkefni Verðlagsráðs er að ákveða lágmarksverð á sjávarafla, fylgjast með markaðsverði sjávarafurða á erlendum mörkuðum og safna gögnum um framleiðslukostnað einstakra greina veiða og vinnslu, sbr. 6. gr. Samkvæmt 1. gr. laganna skipar sjávarútvegsráðherra Verðlagsráð. Verðlagsráði er heimilt með samþykki ráðherra að ráða framkvæmdastjóra og annað starfsfólk, er annist dagleg störf, eftir því sem þörf krefur. Samkvæmt 12. gr. laganna ákveður sjávarútvegsráðherra verðlagsráðsmönnum þóknun fyrir störf þeirra, og greiðist hún úr ríkissjóði ásamt öðrum kostnaði við ráðið og starfsemi þess. Verðlagsráð er þannig ótvírætt ríkisstofnun, og störf framkvæmdastjóra þess falla beint undir ákvæði 5. tl. 2. mgr. 29. gr. laga 38/1954 m.s.br., en til vara er byggt á því, að það falli undir 7. tl.

Varðandi sérstaka sýknuástæðu vegna tómlætis gagnvart lista nr. 42/1988 og síðar vísast til umfjöllunar að framan.

Hollustuvernd ríkisins - forstöðumenn. FÍN/VERKFR. -

Hollustuvernd ríkisins var sett á fót með lögum nr. 50/1981 til

að sameina í eina stofnun þá starfsemi og stofnanir, sem lutu að hollustuvernd. Í þeim lögum og í gildandi lögum um Hollustuvernd ríkisins nr. 81/1988 er starfi þeirra stofnana, sem þannig voru sameinaðar, skipað í fjögur stjálfstæð svið innan stofnunarinnar, sem eru heilbrigðiseftirlit, rannsóknastofa, mengunarvarnir og eiturefnaeftirlit, og starfar forstöðumaður yfir hverju sviði, sbr. 17. og 19. gr. Við stofnunina starfar framkvæmdastjóri, sem annast fjármálalega stjórnun og stjórn almennrar skrifstofu. Forstöðumenn og framkvæmdastjóri sitja fundi stjórnar Hollustuverndar ríkisins og hafa þar málfrelsi og tillögurétt. Starfsmenn við hin ýmsu svið stofnunarinnar eru ýmist ráðnir af stjórn Hollustuverndar að fengnum tillögum viðkomandi forstöðumanns eða ráðnir af viðkomandi forstöðumanni í samráði við framkvæmdastjórn stjórnar Hollustuverndar, sbr. 20. gr. Framkvæmdastjóri ræður skrifstofufólk. Af þessum ákvæðum leiðir, að þeim valdheimildum og ábyrgð, sem felast í forstöðumennsku, er lögum samkvæmt, að því er þessa stofnun varðar, komið fyrir í fimm jafnsettum störfum.

Hollustuvernd ríkisins er ríkisstofnun á sviði stjórnsýslu og þjónustu og störf forstöðumanna við hana falla skv. því, sem á undan greinir, beint undir ákvæði 5.-6. tl. 2. mgr. 29. gr., en til vara er byggt á því, að þau falli undir 7. tl.

Varðandi sérstaka sýknuástæðu vegna tómlætis gagnvart lista nr. 42/1988 vísast til umfjöllunar að framan. FÍN hefur óvefengjanlega fallist á, að forstöðumenn þessir séu undanskildir verkfallsheimild.

Ríkisspítalar - framkvæmdastjórar sviða varaframkvæmdastjórar sviða -

Í lögum um heilbrigðisþjónustu nr. 50/1983 er að finna skilgreiningu á þeim stofnunum, sem teljast sjúkrahús í skilningi þeirra laga í 23. gr. og í 24. gr., flokkun þeirra eftir tegund og þjónustu. Í 29. gr. er kveðið á um, að við hvert sjúkrahús skv. 24. gr. skuli starfa yfirlæknir, hjúkrunarforstjóri og framkvæmdastjóri, er fara með forstöðu hver á sínu sviði. Í 1. mgr. 30. gr. er kveðið á um það, að sjúkrahús þau, sem ríkið á eða starfrækir (ríkisspítalar), skuli vera undir yfirstjórn heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins, en stjórn þeirra að öðru leyti falin 7 manna stjórnarnefnd. Undir þessa sameiginlegu stjórn er því lögum samkvæmt felldur allur sjúkrahúsarekstur á vegum ríkisins, og á hennar vegum hefur

rekstur þeirra stofnana, sem ákvæðið tekur til, og undirstofnana þeirra og fyrirtækja verið skipulagður. Slík lögbundin sameiginleg stjórnarnefnd fyrir sjúkrahús ríkisins, er hafi með höndum skipulagningu á rekstri þessara stofnana, samræmingu þeim til hagsbóta, samvinnu þeirra o.fl., er reyndar ekki ný af nálinni, þar sem slíkt hefur verið við lýði allar götur frá því í lögum um sjúkrahús o.fl. nr. 30/1933, sbr. 9. gr.

Í skipuriti ríkisspítalanna ásamt m.a. ljósritum úr ársskýrslum ríkisspítalanna 1985 kemur fram, að með samþykkt á nýju skipulagi í ársbyrjun það ár er gerð gagnger breyting á rekstri þessara stofnana með sameiningu á starfsemi þeirra í samræmdu, heildstæðu skipulagi. Í hinu nýja skipulagi fyrir starfsemi ríkisspítalanna felst að þeirri starfsemi, sem þar fer fram, er skipt upp í 14 svið eftir sérgreinum læknisfræðinnar eða eðli starfseminnar, en í eldra skipulagi á rekstri ríkisspítalanna var samræming rekstrar þeirra byggð á einstökum stofnunum og húsum. Hverju sviði er stjórnað af framkvæmdastjóra, sem ber ábyrgð gagnvart forstjóra og stjórnarnefnd á því, að allar rekstrarákvarðanir, gæðastaðall og þjónustuumfang innan hvers sviðs séu í samræmi við áætlun.

Af þessum fjórtán sviðum eru átta á sviði lækninga, tvö á sviði hjúkrunar, tvö á sviði rannsókna og tvö á sviði þjónustu við öll svið. Í Ríkishandbók Íslands 1988 er að finna frekari umfjöllun um skipulag ríkisspítalanna, þar á meðal um starfsemi skrifstofu forstjóra og deildir, sem starfa undir hans stjórn.

Þótt ríkisspítalar séu skipulagðir sem ein heildstæð stofnun undir stjórn stjórnarnefndar og framkvæmdastjórn forstjóra, er stofn þeirra þær sjúkrahússtofnanir, sem ríkið rekur á hverjum tíma, og þær stofnanir og fyrirtæki, sem undir þau heyra. Starfsemi sú, sem þessar stofnanir hafa með höndum, er brotin upp og færð undir viðeigandi svið í skipulagi. Nokkur þessara sviða fara með starfsemi, sem fellur að miklu leyti saman við starfsemi þeirra stofnana, sem þannig hafa runnið undir skipulag stjórnarnefndar ríkisspítalanna. Þetta á t.d. við um kvenlækningasvið, sem er myndað úr Kvennadeild Landspítalans, Blóðbanka og meinafræðisvið, sem er myndað úr tveimur stofnunum, þ.e. Blóðbankanum og Rannsóknastofnun háskólans. Barnalækningasvið er að stofni til Barnaspítali kvenfélagsins Hringsins. Stofninn í geðlækningasviði er Kleppsspítalinn. Kristnesspítalasvið er myndað úr Kristnesspítala. Kópa-

vogshælissvið er Kópavogshælið. Stöður framkvæmdastjóra Kristnesspítala (SFR) og Kópavogshælis (UF-sálfr.) ásamt nokkrum forstöðumannsstöðum öðrum við stofnanir og fyrirtæki á vegum ríkisspítalanna voru auglýstar í auglýsingu 42/1988 og eru auglýstar á sama hátt í auglýsingu 54/1990.

Samkvæmt yfirliti yfir launakostnað og starfsmannafjölda hinna 14 sviða ríkisspítalanna á árinu 1989 störfuðu 2652 starfsmenn við hin 14 svið, sem gæfi að meðaltali um 190 starfsmenn á hverju sviði. Starfsmannafjöldi á hverju sviði um sig er hins vegar breytilegur. Til dæmis störfuðu við fámennasta sviðið, sem er barnalækningasvið, 24 starfsmenn, en á almennu hjúkrunarsviði, sem er fjölmennast, 789 starfsmenn.

Í ljósi þess, sem að framan greinir um faglega og rekstrarlega ábyrgð framkvæmdarstjóra sviða, er ljóst, að í öllum tilvikum er a.m.k. uppfyllt það skilyrði 7. tl. 2. mgr. 29. gr., að þessum störfum verði jafnað til forstöðumannastarfa, sem falla undir 5. og 6. tl. þeirrar greinar. Samkvæmt þessu og þegar litið er til uppbyggingar ríkisspítalanna úr ýmsum stofnunum, falla störf framkvæmdastjóra sviða og varaframkvæmdastjóra sviða undir 5.-7. tl. 3. mgr. 29. gr. l. nr. 38/1954.

Framkvæmdastjórar og varaframkvæmdastjórar sviða eru í ýmsum stéttarfélögum eða utan þeirra, án þess að þau félög eigi öll aðild að máli þessu. Enginn stefnenda hefur þannig hagsmuna að gæta vegna geðhjúkrunarsviðs né vegna framkvæmdastjóra almenns hjúkrunarsviðs (HFÍ). Læknar, sem eru framkvæmdastjórar við lækningasviðin, skiptast, hvað félagsaðild varðar, að jöfnu milli Læknafélags Íslands/sjúkrahúslæknar, sem er utan BHMR, og Læknafélags Íslands, er semur fyrir fastráðna lækna og er innan BHMR og aðili máls þessa. Aðild stefnenda nær því ekki heldur til hluta af þessum störfum lækna, þ.e. 1) framkvæmdastjóra á: handlækningasviði, kvenlækningasviði, lyflækningasviði, rannsóknarstofusviði, 2) varaframkvæmdastjóra á: barnalækningasviði, geislagreiningar- og krabbameinslækningasviði, blóðbanka- og líffærameinafræðisviði, geðlækningasviði.

Leiðir þetta a.m.k. til þess að sýkna ber af kröfum stefnenda um brottfellingu á þessum stöðum framkvæmdastjóra- og varaframkvæmdastjórasviða vegna aðildarskorts, verði ekki fallist á, að störfin falli undir 5.-7. tl. 29. gr.

Lyfjaverslun ríkisins: - fjármálastjóri. VIÐSKFR. -

Stefnendur mótmæla þessu starfsheiti á þeim grundvelli, að gögn sanni ekki, að fjármálastjóri sé í reynd staðgengill lyfsölustjóra Lyfjaverslunar ríkisins. Staða þessi var auglýst á sama grundvelli og áður var gert í lista nr. 42/1988 sem staðgengilsstaða á stjórnunarsviði. Hinn staðgengillinn er lyfjafræðingur og ráðinn sérstakri ráðningu. Í bréfi lyfsölustjóra lyfjaverslunarinnar staðfestir hann, að fjármálastjóri er staðgengill hans á stjórnunarsviði.

Vegagerð ríkisins: - framkvæmdastjóri stjórnsýslusviðs framkvæmdastjóri tæknisviðs -

Framkvæmdastjóri tæknisviðs er í stéttarfélagi verkfræðinga, en framkvæmdastjóri stjórnsýslusviðs er utan stéttarfélaga, en á rétt til aðildar að stéttarfélagi lögfræðinga.

Þessar stöður eru auglýstar á þeim grundvelli, að störfin séu vegna starfssviðs þeirra og umfangs starfsemi Vegagerðar ríkisins hliðstæð störfum, er falli undir 5.-6. tl. 2. mgr. 29. gr. l. nr. 38/1954 m.s.br. og falli skv. því undir 7. tl. Gögn varðandi skipulag Vegagerðarinnar eru lögð fram á dskj. nr. 25 og 26. Í skipuriti kemur fram lýsing á þeim verkefnum, sem undir þessa framkvæmdastjóra heyra, en þar kemur fram, að þau eru m.a. á sviði sameiginlegra verkefna og eftirlits með tilteknum þáttum í störfum umdæma. Samkvæmt lista yfir starfsmannafjölda hjá Vegagerð ríkisins hinn 1. janúar sl. starfa 345 manns við þá stofnun. Þessir starfsmenn skiptast þannig, að við umdæmin starfa 239 starfsmenn. Starfsmannafjöldi á umdæmum er frá 24 og upp í 43 starfsmenn. 81 starfsmaður er við tæknisvið, og 19 starfa á stjórnsýslusviði, og 4 starfsmenn eru á skrifstofu vegamálastjóra.

Veðurstofa Íslands: - yfirdeildarstjóri tækni- og veðurathugunardeildar. FÍN. -

Mótmæli gegn þessari stöðu, sem er auglýst sem staðgengilsstaða, byggja stefnendur eingöngu á því, að ósannað sé, að þessi starfsmaður sé staðgengill, eftir að nýr veðurstofustjóri hafi verið skipaður. Í fram lögðum gögnum kemur fram, að yfirdeildarstjóri tækni- og veðurathugunardeildar hefur sjálfkrafa verið staðgengill veðurstofustjóra í öllum skemmri fjarvistum hans um 20 ára skeið og settur veðurstofustjóri í lengri fjarvistum. Þessi fasta staðganga var staðfest með því að auglýsa staðgengilsstarf í auglýsingu nr. 42/1988.

III.

Frávísunarkrafa stefnda beinist að starfsheitunum:

1) Deildarstjóri hjá Reiknistofnun.
2) Deildarstjóri, staðgengill forstöðumanns, við Landsbókasafn Íslands.
3) Þjóðgarðsvörður við þjóðgarðinn í Skaftafelli.

Um 1. Fallast ber á með stefnda, að sá starfsmaður, sem gegnir stöðu þessari, sé félagi í Starfsmannafélagi ríkisstofnana. Stefnendur hafa því ekki lögvarinna hagsmuna að gæta um verkfallsheimild þessa starfmanns, og er þessari kröfu vísað frá Félagsdómi.

Um 2 og 3. Ekki verður fallist á, að sjónarmið stefnda leiði til þess, að vísa skuli kröfum þessum frá dóminum, og verður því fjallað efnislega um starfsheiti þessi hér að neðan.

Enda þótt andmæli hafi ekki komið fram við birtingu auglýsingar nr. 42/1988, verður ekki talið girt fyrir það, að stefnendur geti nú borið fram andmæli vegna starfsmanna, sem þar voru teknir á lista og eru enn á núgildandi lista, enda er í 29. gr. laga nr 38/1954, sbr. 1. gr. laga nr. 90/1986, ekki ákvæði um takmörkun á andmælarétti gagnvart gildandi lista.

Með lögum nr. 94/1986 var lögfest sú meginregla, að þeim starfsmönnum ríkisins, sem lög nr. 38/1954 taka til, sé heimilt að gera verkfall, með þeim takmörkunum einum, sem tilteknar eru í settum lögum. Af því leiðir, að ákvæði um undantekningar frá þessari meginreglu lúta þrengjandi lögskýringu. Lögjöfnun skv. 7. tl. 2. mgr. 29. gr. laga nr. 38/1954 er því einungis tæk, að um fullkomna lögjöfnun sé að ræða.

Verður nú fjallað um einstakar stofnanir.

Menntamálaráðuneyti.

Háskólabókasafn. Háskólabókavörður.
Aðstoðarháskólabókavörður.

Samkvæmt 1. og 5. mgr. 36. gr. laga nr. 77/1979 um Háskóla Íslands hefur háskólaráð yfirumsjón með háskólabókasafni og setur reglur um stjórn þess og fær háskólabókaverði erindisbréf. Með hliðsjón af þessu telst háskólabókasafn hvorki vera stjórnsýslustofnun ríkisins, sem fellur undir 5. tl., né atvinnurekstrar- eða þjónustufyrirtæki ríkisins, sem fellur undir 6. tl. 2. mgr. 29. gr. laga nr. 38/1954. Ber því að fella starfsheiti þessi út af listanum í auglýsingu nr. 54/1990.

Mannfræðistofnun. Forstöðumaður.

Reglugerð nr. 233/1974 ber með sér, að þetta sé stofnun, sem falli hvorki undir 5. né 6. tl. 2. mgr. 29. gr. laga nr. 38/1954, og ber því að fella starfsheitið út af listanum.

Verkfræðistofnun H.Í. Forstöðumaður.

Reglugerð nr. 404/1977 ber með sér, að þetta sé stofnun, sem falli hvorki undir 5. né 6. tl. 2. mgr. 29. gr. laga nr. 38/1954, og ber því að fella starfsheitið út af listanum.

Endurmenntunarnefnd H.Í. Endurmenntunarstjóri.

Stefndi hefur fallist á kröfur stefnanda, og ber því þegar af þeirri ástæðu að fella starfsheitið út af listanum.

Raunvísindastofnun háskólans. Skrifstofustjóri.

Stefndi hefur fallist á kröfur stefnanda, og ber því þegar af þeirri ástæðu að fella starfsheitið út af listanum.

Orðabók háskólans. Forstöðumaður.

Reglugerð nr. 271/1979 ber með sér, að þetta sé stofnun, sem falli hvorki undir 5. né 6. tl. 2. mgr. 29. gr. laga nr. 38/1954, og ber því að fella starfsheitið út af listanum.

Örnefnastofnun. Forstöðumaður.

Bréf menntamálaráðherra dags., 23. júní 1969, um þessa stofnun, sem enn er í fullu gildi, ber með sér, að þetta sé ekki stofnun, sem falli undir 5. eða 6. tl. 2. mgr. 29. gr. laga nr. 38/1954, og ber því að fella starfsheitið út af listanum.

Landsbókasafn Íslands. Deildarstjóri.

Undir rekstri máls þessa var lagt fram skjal, sem ber með sér, að nafngreindum deildarstjóra í handritadeild safnsins hafi verið falið að gegna stöðu sem staðgengill landsbókavarðar. Þegar auglýsing nr. 54/1990 birtist, var sá maður, sem áður hafði gegnt þessu staðgengilsstarfi, nýlátinn. Eins og hér stendur á, þykir mega telja tilgreiningu í auglýsingunni fullnægjandi, og verður krafa stefnanda því ekki tekin til greina.

Þjóðgarðurinn Skaftafelli. Þjóðgarðsvörður.

Reglugerð nr. 319/1984 ber ekki með sér, að þetta sé stofnun, sem falli undir 5. eða 6. tl. 2. mgr. 29. gr. laga nr. 38/1954, og ber því að fella starfsheitið út af listanum.

Vísindasjóður. Framkvæmdastjóri.

Í auglýsingu nr. 54/1990 er á listanum starf framkvæmdastjóra Vísindasjóðs. Vísindasjóður er hluti af starfsemi Vísindaráðs skv.

lögum nr. 48/1987. Af hálfu stefnda er á því byggt, að um sé að ræða stöðu, sem heimiluð sé í 6. gr. laganna. Í því ákvæði er stjórn Vísindaráðs, en ekki Vísindasjóði, heimilað að ráða framkvæmdastjóra. Auglýsingin beinist því ekki að starfsheiti skv. 6. gr. laganna, og ber því að fella það út af listanum.

Landbúnaðarráðuneyti.

Skógrækt ríkisins. Skógarverðir.

Samkvæmt 4. gr. laga nr. 3/1955 eru skógarverðir ekki forstöðumenn stofnana, sem falla undir 5. eða 6. tl. 2. mgr. 29. gr. laga nr. 38/1954, og ber því að fella starfsheiti þeirra út af listanum.

Rannsóknarstöð Skógræktar
ríkisins á Mógilsá. Forstöðumaður.

Reglur um stjórn og verksvið stöðvarinnar nr. 114/1968 bera með sér, að hún sé deild innan Skógræktar ríkisins og falli því hvorki undir 5. né 6. tl. 29. gr. laga nr. 38/1954, og ber því að fella starfsheitið út af listanum.

Sauðfjárveikivarnir. Deildarstjóri (dýralæknir).

Deild þessi er ekki stofnun, sem 29. gr. laga nr. 38/1954 tekur til, og ber því að fella starfsheitið út af listanum.

Heilbrigðis- og tryggingaráðuneyti.

Hollustuvernd ríkisins. Forstöðumenn.

Fram er komið af hálfu stefnda, að forstöðumenn þessir séu yfirmenn fjögurra sjálfstæðra sviða innan stofnunarinnar. Ekki er fallist á með stefnda, að þessir starfsmenn séu forstöðumenn skv. 5. eða 6. tl. 2. mgr. 29. gr. laga nr. 38/1954, og ber því að fella starfsheiti þeirra út af listanum.

Ríkisspítalar. Framkvæmdastjórar sviða.
Varaframkvæmdastjórar sviða.

Fram er komið af hálfu stefnda, að framkvæmdastjórar þessir séu yfirmenn sjálfstæðra sviða innan ríkisspítalanna. Ekki er fallist á með stefnda, að þessir starfsmenn séu forstöðumenn skv. 5. eða 6. tl. 2. mgr. 29. gr. laga nr. 38/1954, og ber því að fella starfsheiti þeirra út af listanum.

Sjávarútvegsráðuneyti.

Fiskifélag Íslands. Skrifstofstjóri.

Ekki verður fallist á með stefnda, að þetta sé stofnun, sem falli undir 5. eða 6. tl. 2. mgr. 29. gr. laga nr. 38/1954, og ber því að fella starfsheitið út af listanum.

Verðlagsráð sjávarútvegsins. Framkvæmdastjóri.

Ekki verður fallist á með stefnda, að þetta sé stofnun, sem falli undir 5. eða 6. tl. 2. mgr. 29. gr. laga nr. 38/1954, og ber því að fella starfsheitið út af listanum.

Fjármálaráðuneyti.

Lyfjaverslun ríkisins. Fjármálastjóri.

Stefndi hefur ekki sýnt fram á, að starfsmaður þessi gegni stöðu staðgengils lyfsölustjóra Lyfjaverslunar ríkisins, og ber því að fella starfsheitið út af listanum.

Samgönguráðuneyti.

Vegagerð ríkisins. Framkvstj. stjórnsýslusviðs
Framkvstj. tæknisviðs.

Fram er komið af hálfu stefnda, að framkvæmdastjórar þessir séu yfirmenn sjálfstæðra sviða innan stofnunarinnar. Ekki er fallist á með stefnda, að þessir starfsmenn séu forstöðumenn stofnana skv. 5. eða 6. tl. 2. mgr. 29. gr. laga nr. 38/1954, og ber því að fella starfsheiti þeirra út af listanum.

Veðurstofa Íslands. Yfirdeildarstjóri tækni- og veðurathugunardeildar.

Stefndi hefur ekki sýnt fram á, að starfsmaður þessi gegni stöðu staðgengils veðurstofustjóra, og ber því að fella starfsheitið út af listanum.

Iðnaðarráðuneyti.

Iðntæknistofnun Íslands. Fjármálastjóri.

Stefndi hefur fallist á kröfur stefnanda, og ber því þegar af þeirri ástæðu að fella starfsheitið út af listanum.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Kröfu stefnanda varðandi deildarstjóra við Reiknistofnun Háskóla Íslands er vísað frá dómi.

Af lista skv. auglýsingu nr. 54/1990 skal fella eftirfarandi starfsheiti:

Háskólabókasafn. Háskólabókavörður.
Aðstoðarháskólabóka-vörður.

Mannfræðistofnun.	Forstöðumaður.
Verkfræðistofnun H.Í.	Forstöðumaður.
Endurmenntunarnefnd H.Í.	Endurmenntunarstjóri.
Raunvísindastofnun háskólans.	Skrifstofustjóri.
Orðabók háskólans.	Forstöðumaður.
Örnefnastofnun.	Forstöðumaður.
Þjóðgarðurinn Skaftafelli.	Þjóðgarðsvörður.
Vísindasjóður.	Framkvæmdastjóri.
Skógrækt ríkisins.	Skógarverðir.
Rannsóknarstöð Skógræktar ríkisins á Mógilsá.	Forstöðumaður.
Sauðfjárveikivarnir.	Deildarstjóri (dýralæknir).
Hollustuvernd ríkisins.	Forstöðumenn.
Ríkisspítalar.	Framkvæmdastjórar sviða.
	Varaframkvæmdastjórar sviða.
Fiskifélag Íslands.	Skrifstofustjóri.
Verðlagsráð sjávarútvegsins.	Framkvæmdastjóri.
Lyfjaverslun ríkisins.	Fjármálastjóri.
Vegagerð ríkisins.	Framkvæmdastjóri stjórnsýslusviðs.
	Framkvæmdastjóri tæknisviðs.
Veðurstofa Íslands.	Yfirdeildarstjóri tækni- og veðurathdeildar.
Iðntæknistofnun Íslands.	Fjármálastjóri.
Málskostnaður fellur niður.	

Mánudaginn 23. júlí 1990.

Nr. 4/1990. **Félag íslenskra náttúrufræðinga**
(Viðar Már Matthíasson hrl.)
gegn
fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs
(Guðrún Margrét Árnadóttir hrl.).

Kjarasamningur. Náttúrufræðingar.

Dómur Félagsdóms.

Mál þetta dæma Garðar Gíslason, Sigurður Reynir Pétursson, Ingibjörg Benediktsdóttir, Ragnar Halldór Hall og Þorsteinn A. Jónsson.

Málið, sem tekið var til dóms 17. þ.m., er höfðað með stefnu birtri 5. júlí 1990.

Stefnandi er Félag íslenskra náttúrufræðinga (FÍN), Lágmúla 7, Reykjavík.

Stefndi er fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, Arnarhvoli, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þessar:

1. Að viðurkennt verði með dómi Félagsdóms, að stefnda sé frá 1. júlí 1990 skylt að hækka laun félagsmanna stefnanda, sem starfa hjá stefnda og taka laun samkvæmt kjarasamningi aðila frá 18. maí 1989, um 1 ½ launaflokk, en það jafngildir 4,5% hækkun.
2. Að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað samkvæmt mati Félagsdóms og að við ákvörðun á fjárhæð málskostnaðar verði tekið tillit til skyldu stefnanda til að greiða virðisaukaskatt á málflutningsþóknun lögmanns síns. Þess er krafist, að dæmt verði, að málskostnaður skuli bera dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá og með 15. degi frá dómsuppsögu og til greiðsludags.

Dómkröfur stefnda eru þessar:

Aðallega, að máli þessu verði vísað frá Félagsdómi.

Til vara er þess krafist, að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda.

Til þrautavara, að stefndi verði sýknaður að svo stöddu af kröfum stefnanda.

Í öllum tilvikum er krafist málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati réttarins.

I.

Stefnandi kveðst vera eitt af aðildarfélögum Bandalags háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna (BHMR) og hafa átt ásamt flestum öðrum aðildarfélögum BHMR aðild að kjarasamningi við stefnda, sem undirritaður var þann 18. maí 1989. Samkvæmt upphafsákvæði þess kjarasamnings framlengdi hann með ýmsum viðaukum og breytingum kjarasamning aðila, sem gilti frá 1. febrúar 1986 til 31. desember 1988, en efnisatriði hans giltu, þar til félagsmenn í stefnanda hófu verkfall þann 6. apríl 1989. Stefnandi kveður nú vera risinn ágreining um skilning á kjarasamningnum frá 18. maí 1989 og eigi Félagsdómur úrskurðarvald um þann ágreining samkvæmt 3. tl. 26. gr. 1. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna, enda hafa aðilar ekki ráðstafað sakarefninu til annars úrlausnaraðila. Stefnandi kveðst reka mál þetta samkvæmt heimild í 4. mgr. 27. gr. síðastnefndra laga, en ekki heildarsamtök háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna.

Málavextir:

Stefnandi segir kjarasamning sinn við stefnda hafa fallið úr gildi samkvæmt efni sínu þann 31. desember 1988. Efnisreglur hans hafi þó gilt áfram, en félagsmenn hafi, að undangenginni atkvæðagreiðslu, samþykkt að hefja verkfall þann 6. apríl 1989 til að knýja á um kröfur sínar um bætt kjör, sem settar hafi verið fram í febrúarmánuði 1989.

Stefnandi kveður markmið þeirra aðildarfélaga BHMR, sem verið hafi í samfloti í viðræðum við stefnda, hafa m.a. komið fram í samstarfssamningi þeirra frá 28. mars 1989. Þessi markmið hafi einkum verið að leiðrétta laun háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna til hækkunar, þannig að samræmi væri við laun manna á svonefndum almennum vinnumarkaði, sem hefðu sambærilega menntun og ábyrgð. Þá hafi kröfur einnig beinst að öðrum málefnum, sem ekki sé ástæða til að tíunda sérstaklega. Stefnandi kveður öll aðildarfélög BHMR, sem þátt tóku í samflotinu, hafa sammælst um að hafna þeirri leið við gerð kjarasamnings, sem aðildarfélög Bandalags starfsmanna ríkis og bæja (BSRB) fóru, þ.e. að gera kjarasamning til skamms tíma með afar litlum hækkunum launa. Sá kjarasamningur var undirritaður þann 7. apríl 1989.

Stefnandi kveður lítið hafa þokast í samningaumleitunum þrátt fyrir miklar viðræður samninganefnda aðila, allt fram í maímánuð, en þá hafi komist hreyfing á viðræðurnar. Aðfaranótt 5. maí hafi komið fram tilboð af hálfu samninganefndar stefnda, sem byggt hafi á kjarasamningi, sem stefndi hafði gert við Félag háskólakennara, en því tilboði hafi verið hafnað af hálfu samninganefndar aðildarfélaga BHMR. Tilboðið hafi gert ráð fyrir kjarasamningi til 30. júní 1990, en launahækkanir hafi átt að vera í samræmi við það, sem samið var um við aðildarfélög BSRB.

Þegar næsta dag kom fram annað tilboð, sem fól að sögn stefnanda í sér verulegar breytingar frá þeim hugmyndum, sem stefndi hafði kynnt í fyrra tilboði. Í tilboði þessu var að sögn stefnanda í 1. gr. ákvæði um, að fram skyldi fara endurskoðun á launakerfi háskólamenntaðra starfsmanna ríkisins með það fyrir augum, að eðlilegt tillit verði tekið til menntunar, sérhæfni og ábyrgðar. Hér var að sögn stefnanda komið til móts við grundvallaratriði krafna þeirra, sem settar höfðu verið fram og lýst er að framan, en orðalag óljóst og þokukennt. Ákvæðið hljóðaði svo:

„Endurskoða skal launakerfi háskólamenntaðra starfsmanna ríkisins með það fyrir augum, að eðlilegt tillit verði tekið til menntunar, sérhæfni og ábyrgðar, er störf háskólamenntaðra manna gera kröfu til. Stefnt er að því, að kerfisbreyting þessi taki gildi í áföngum á næstu 3 árum og verði árlega varið til þess verkefnis upphæð, er svarar til þess, að 2/3 hlutar félagsmanna færist upp um einn launaflokk.

Sérstök nefnd aðila fylgist með kjaraþróun sérfræðinga og faglegra starfsstétta á hinum ýmsu sviðum vinnumarkaðarins, m.a. með tilliti til breytinga á réttindum og öðrum starfsskilyrðum."

Stefnandi kveður, að í 2. gr. hafi verið ákvæði um skipan námsmatsnefndar með tiltekið verkefni og að í 3. gr. hafi verið ákvæði um skipan nefndar, sem meta hafi átt faglega og stjórnunarlega ábyrgð háskólamenntaðra manna í starfi hjá ríkinu. Þá hafi verið ákvæði í 5. grein, sem mælt hafi fyrir um stofnun sjóðs, er úthlutað skyldi úr í því skyni að örva rannsóknir og þróunarstarf og endurmenntun háskólamanna.

Þann 7. maí hafi svo legið fyrir enn eitt tilboð frá stefnda, sem var að sögn stefnanda að mestu leyti eins og hið fyrra, en gerði

þó m.a. ráð fyrir ýtarlegri útfærslu á verkefni svonefndrar ábyrgðarmatsnefndar.

Tilboðið var rætt, en texti þess og efnisatriði voru að sögn stefnanda ófullnægjandi.

Sama dag voru kynntar hugmyndir stefnda á blaði, sem hann nefndi „non paper" og voru svipaðar þeim, sem áður höfðu verið kynntar, en þó með nokkrum veigamiklum breytingum. Í þessum hugmyndum var að sögn stefnanda m.a. tímasett, hvenær launabreytingar samkvæmt 1. grein skyldu koma til framkvæmda, og átti það að vera 1. júlí ár hvert, í fyrsta sinn 1. júlí 1990. Í þessum hugmyndum var í 2. kafla gert ráð fyrir, að laun hækkuðu frá 1. maí 1989 til 2. maí 1990 til samræmis við þær hækkanir, sem um hafði verið samið í kjarasamningum annarra starfsstétta.

Eftir miklar viðræður um þessar hugmyndir slitnaði upp úr samningaumleitunum um sinn, og kveður stefnandi, að ástæður þess hafi einkum verið þær, að ekki var nægilega skýrt kveðið á um nýtt launakerfi, sem tæki tillit til menntunar og ábyrgðar. Viðræðuslitin ollu fjármálaráðherra miklum vonbrigðum, og kveður stefnandi, að haft hafi efnislega verið eftir honum í viðtali við Morgunblaðið þann 9. maí 1989 m.a. eftirfarandi:

„...Sá grundvöllur, sem unnið hafi verið eftir, hefði falið í sér, að um væri að ræða samning til þriggja ára og samþykkt um að taka upp nýtt launakerfi hjá ríkinu, sem byggðist á mati á menntun annars vegar og ábyrgð hins vegar, og sett væri inn ákveðin lágmarkstrygging fyrir því, að þetta skilaði ákveðnum áfangahækkunum. ..."

Þrátt fyrir það, að ekki væri boðað til samningafunda, kveður stefnandi, að fulltrúar aðila hafi tekið upp formlegar viðræður. Af hálfu stefnda tók m.a. þátt í þessum viðræðum ráðherranefnd, en í henni sátu að sögn stefnanda Steingrímur Hermannsson forsætisráðherra, Jón Sigurðsson iðnaðarráðherra og Svavar Gestsson menntamálaráðherra. Ólafur Ragnar Grímsson fjármálaráðherra starfaði einnig náið með ráðherranefndinni.

Stefnandi segir, að dagana 14. og 15. maí hafi legið fyrir uppköst að kjarasamningi, sem hafi verið nokkuð breytt frá þeim hugmyndum, sem verið hafi ræddar fyrr í mánuðinum. Í uppkastinu frá 14. maí, sem rætt hafi verið þann dag og daginn eftir, segir

stefnandi, að 1. kafli hafi borið yfirskriftina: „Um endurskoðun á launakerfi háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna."

Í 1. grein þessa uppkasts hafi verið fjallað um endurskoðun launakerfis háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna í því skyni að leiðrétta kjör þeirra til hækkunar til samræmis við háskólamenntaða menn á hinum svonefnda almenna vinnumarkaði.

Í 2. grein hafi sem fyrr verið ákvæði um svonefnda kjarasamanburðarnefnd, sem ætlað var að vinna samanburð á kjörum þeirra hópa, sem tilgreindir voru í 1. gr. Nefndin skyldi skila fyrstu niðurstöðu eigi síðar en 1. mars 1990, en ljúka störfum eigi síðar en 1. júlí það ár.

Í 3. grein kveður stefnandi hafa verið ákvæði um námsmatsnefnd.

Í 4. grein voru ákvæði um ábyrgðarmatsnefnd. Voru einnig tilgreindar tímasetningar á verklokum á störfum þessara nefnda.

Í 5. grein voru ýmis ákvæði að sögn stefnanda, sem m.a. mæltu fyrir um, hvenær endurskoðun launakerfisins, sem verið var að semja um, skyldi lokið, og var þá miðað við 5 ár (1. mgr.). Í 2. mgr. 5. gr. sagði svo:

„Reynist tilefni til, skal tilfærsla milli launaflokka gerast í sem jöfnustum árlegum áföngum, er taki gildi 1. júlí ár hvert, sá fyrsti 1990."

Í 3. mgr. sagði m.a., að tilfærsla milli launaflokka skyldi nema einum launaflokki hið minnsta að meðaltali, og var sérstaklega tiltekið að sögn stefnanda, hvernig skilja ætti orðið launaflokkur í þessu sambandi.

Í 5. mgr. var ákvæði um, að gæta skyldi innbyrðis samræmis í launakerfinu í landinu og taka tillit til aðstæðna og samkeppnisstöðu á vinnumarkaði.

Í 7. mgr. kveður stefnandi, að verið hafi svofellt ákvæði:

„Verði af einhverjum orsökum dráttur á niðurstöðum frá nefnd skv. 2. gr., skal lágmark á launaflokkatilfærslum skv. 2. mgr. hækka sem nemur 1/2 launaflokki að meðaltali. Um leið og niðurstöður nefndarinnar liggja fyrir, skal leiðrétta afturvirkt þær tilfærslur, sem gerðar hafa verið samkvæmt þessu bráðabirgðaákvæði, enda leiði það til hækkunar."

Í 8. grein var að sögn stefnanda ákvæði um úrskurðarnefnd, svohljóðandi:

„Rísi ágreiningur milli aðila um framkvæmd 1. kafla þessa samkomulags, svo sem um niðurstöður nefndar skv. 2. gr. og áfanga skv. 5. gr., getur hvor aðili um sig óskað eftir, að ágreiningnum verði vísað til úrskurðar þriggja manna nefndar, sem Hæstiréttur skipar."

Jafnframt hafi sem fyrr verið gert ráð fyrir launahækkunum í 2. kafla, frá 1. maí 1989 til 30. júní 1990, sem hafi verið sambærilegar því, sem aðrir aðilar höfðu samið um.

Þegar ekki náðist saman um þessi atriði, sendi fyrrgreind ráðherranefnd að sögn stefnanda frá sér lokatilboð af hálfu stefnda. Kveður stefnandi, að lokatilboðinu hafi fylgt bréf frá forsætisráðherra, dags. 16. maí 1989, þar sem m.a. eftirfarandi er tekið fram:

„Tillagan sýnir einlæga viðleitni ríkisstjórnarinnar til þess að koma til móts við sjónarmið BHMR í veigamiklum atriðum án þess að valda röskun á launakerfinu í landinu."

Tilboð þetta var að sögn stefnanda að mestu leyti eins og þær hugmyndir, sem voru ræddar dagana 14. og 15. maí, en þó hafi verið í 1. gr. tekið fram, að þess skyldi gætt, að breytingar þær, sem gera átti á launakerfi háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna, yllu „...ekki röskun á hinu almenna launakerfi í landinu". Var í þessu lokatilboði búið að fella út áskilnað fyrri hugmynda um, að gæta ætti innbyrðis samræmis við launakerfið í landinu og að tekið skyldi tillit til aðstæðna og samkeppnisstöðu á vinnumarkaði.

Stefnandi kveður, að í lokatilboði þessu hafi verið breytingar í 5. gr., sem samninganefndarmönnum BHMR hafi þótt gleðiefni, enda kveðið þar fastar að orði en fyrr.

Þannig hafi átt að stefna að því að ljúka endurröðun á þremur árum í stað fimm áður.

Í 2. mgr. 5. gr. hafi orðin „Reynist tilefni til" verið felld út og orðalag í lokatilboðinu verið svohljóðandi:

„Tilfærsla milli launaflokka skal gerast í sem jöfnustum árlegum áföngum, er taki gildi 1. júlí ár hvert, sá fyrsti 1990."

Sjóðsstofnun hafi nú aftur verið hluti af tilboðinu, sbr. 8. gr. þess.

Þá hafi einnig verið búið að takmarka hlutverk úrskurðarnefndarinnar samkvæmt 9. gr. og hvorum aðila um sig veittur réttur til að skipa einn mann í hana, en Hæstiréttur oddamann. Hlutverk

úrskurðarnefndarinnar var nú að sögn stefnanda að taka einungis til úrlausnar ágreining um framkvæmd 2. gr. og 5. gr.

Stefnandi kveður, að nú hafi hafist miklar viðræður, og hafi ráðherranefndin tekið fullan þátt í þeim. Voru gerð ný samningsuppköst þann 17. maí og 18. maí. Í fyrrnefnda uppkastinu voru að sögn stefnanda enn gerðar breytingar til þess að treysta stoðir þess, sem raunverulega var verið að semja um. Í fyrstu grein voru t.d. felld út orðin „Þess skal gætt...", en í stað þeirra hafi verið sett orð, sem gerðu málsgreinina þannig:

„Standa skal þannig að umræddum breytingum með þeim hætti, að þær valdi ekki röskun á hinu almenna launakerfi í landinu."

Kveður stefnandi, að með þessu hafi orðið samkomuleg um, að þær breytingar, sem nú var skylt að gera, yrðu framkvæmdar með aðferðum, sem myndu duga til, að ekki yrði sérstök röskun á hinu almenna launakerfi í landinu.

Þá hafi einnig verið ræddar breytingar á 5. grein, sem mikla þýðingu hafi haft fyrir samninganefnd BHMR, en þeim var ætlað að tryggja félagsmönnum aðildarfélaga lágmarkshækkun, ef kjarasamanburðarnefnd lyki ekki störfum með þeim hætti, sem samningurinn mælti fyrir um.

Stefnandi kveður það svo hafa verið hinn 18. maí, sem loks hafi verið ritað undir kjarasamning. Í þeim kjarasamningi hafi verið búið að breyta nokkuð fyrri uppköstum, og var einkum um að ræða breytingar á 5. og 9. grein (sem áður var 8. grein) að sögn stefnanda.

Í 3. mgr. 5 hafi enn verið ákvæði um, að í hverjum áfanga hækkunar (sem 2. mgr. sagði að ætti að gerast 1. júlí ár hvert) skuli miða við, að hækkun nemi einum launaflokki hið minnsta að meðaltali, en einstök starfsheiti og einstakir starfsmenn hækki þó ekki meira en nemi þremur launaflokkum.

Í 6. mgr. 5 kveður stefnandi, að hafi verið svofellt ákvæði:

„Hafi nefnd skv. 3. mgr. 2. gr. ekki skilað lokaáliti hinn 1. júlí 1990, skal greitt upp í væntanlega hækkun þannig, að tilfærslur milli launaflokka skv. 3. mgr. verði að jafnaði 1/2 launaflokki meiri en lágmark skv. 3. mgr. hefði verið frá 1. júlí 1990. Við endanlega ákvörðun áfangans skal þó enginn lækka í launaflokki."

Stefnandi kveður, að í 9. grein hafi úrskurðarvald nefndarinnar, sem þar er fjallað um, enn verið þrengt, og hafi það aðeins átt að

ná til ágreinings um „framkvæmd kjarasamanburðar eða túlkun á niðurstöðum skv. 2. gr. eða fyrirkomulag breytinga skv. 5. gr.“

Í 2. kafla kjarasamningsins voru ákvæði um launahækkanir frá 1. maí 1989 til 30 september 1990, en hér var um að ræða hækkanir, sem að sögn stefnanda viku ekki verulega frá því, sem aðrir höfðu samið um.

Samningurinn gilti fram til 31. desember 1994.

Stefnandi kveður það hafa verið almenna túlkun á þessum samningi, að til skamms tíma, þ.e. fram á mitt ár 1990, fæli hann ekki í sér verulega meiri hækkanir en aðrir hópar í þjóðfélaginu hefðu samið um, en frá og með 1. júlí 1990 færði hann háskólamenntuðum mönnum í starfi hjá ríkinu verulegar launahækkanir umfram það, sem aðrir launþegar fengju. Þannig hafi leiðarahöfundur í Morgunblaðinu m.a. túlkað samninginn í blaðinu þann 20. maí 1989:

„Ljóst er, að í samkomulaginu felst ákvörðun um að hækka laun háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna verulega á næstu árum, og verður fróðlegt að sjá, hvort aðrir opinberir starfsmenn sætti sig við það án þess að fá sambærilegar hækkanir. Hefur einhver trú á því?“

Jafnframt kveður stefnandi, að forsætisráðherra hafi látið fara frá sér sambærilega túlkun, að síðustu orðum frátöldum, bæði í viðtali við Morgunblaðið 20. maí 1989 svo og í fréttatíma ríkisútvarpsins um þetta leyti.

Stefnandi kveður rétt að benda á, að samningnum hafi fylgt bókanir um ýmis atriði, sem lagt hafi samningsaðilum á herðar skyldur til að vinna sameiginlega að því að endurskoða og breyta ýmsum veigamiklum kjaraatriðum, svo sem reglum um barnsburðarleyfi, veikindaforföll, takmörkun á svonefndum lausráðningum, hækkun á örorkubótum, iðgjöldum til lífeyrissjóðs og endurskoðun á lögum 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Stefnandi kveður snemma á samningstímanum hafi borið á því, að erfitt hafi verið að fá fulltrúa stefnda til þess að vinna að þeim málefnum, sem bókanirnar mæltu fyrir um. Hafi BHMR ritað bréf til fjármálaráðherra í desember 1989, þar sem um þetta var kvartað og beint áskorun til hans um að taka upp nýja og betri siði í samskiptum við fulltrúa BHMR, en ráðherra þessi hafi ekki sinnt bréfinu. Hafi þá verið ritað bréf til forsætisráðherra með svipuðu efni

í janúar 1990, en það hafi ekki heldur borið árangur, þó að þessi ráðherra hafi sýnt meiri áhuga á málinu en fjármálaráðherra.

Með bréfi formanns BHMR frá 3. maí 1990 kveður stefnandi, að heildarsamtökin hafi óskað eftir því, að rædd yrðu nánar tilgreind atriði, sem lutu að nefndarstarfi því, sem vinna átti samkvæmt reglum 1. kafla kjarasamningsins frá 18. maí 1989, og lagt til, að sérstök nefnd fjalli um þessi atriði. Af hálfu samninganefndar stefnda var ekki talin ástæða til að fela sérstakri nefnd að fjalla um þessi atriði, slíkt yrði best gert í hinum tilgreindu nefndum, sem skipaðar voru samkvæmt kjarasamningnum.

Stefnandi kveður, að fyrirsvarsmenn BHMR hafi verið kvaddir á fund forsætisráðherra í forföllum þann 12. júní sl., þar sem þeim var afhent bréf hans til stjórnar BHMR. Í bréfi þessu er í upphafi rakið, að í þeim kjarasamningum, sem gerðir hafi verið á milli Alþýðusambands Íslands (ASÍ) og Vinnuveitandasambands Íslands (VSÍ) og síðar milli ríkisins og BSRB í febrúar, hafi fyrst og fremst verið samið um lækkun verðbólgu, efnahagslegan stöðugleika, styrkingu kaupmáttar og önnur efnahagsleg markmið. Er síðan að sögn stefnanda rakið, að almenn samstaða margra starfsstétta, sveitarfélaga og stofnana þjóðfélagsins væri um að tryggja, að markmið samninga þessara næðust. Rakið er, að einmitt nú sé sjáanlegur verulegur árangur þessara aðgerða. Síðan segir í bréfi þessu:

„Ein af forsendum kjarasamnings ASÍ og VSÍ, sem aðrir kjarasamningar hafa tekið mið af, er, að „launaþróun annarra verði sú sama og gert er ráð fyrir í samningi þessum". Á það hefur verið lögð áhersla af hálfu forystumanna ýmissa verkalýðsfélaga og samtaka þeirra, að annað væri óeðlilegt, þar sem allir nytu ávinnings samningsins. Í viðræðum við ríkisstjórnina og í fjölmiðlum hefur það viðhorf margoft komið fram af hálfu ASÍ og VSÍ, að sérstök hækkun til BHMR myndi raska forsendum þeirra kjarasamninga, sem yfir 90% launafólks í landinu hafa þegar gert. Jafnframt hefur það komið fram af hálfu fulltrúa þess launafólks, sem þegar hefur samið, að ef BHMR-félagar fengju almenna kauphækkun nú í sumar, myndu þeir að sjálfsögðu sækja viðlíka hækkanir til handa sínum umbjóðendum. Þar með myndu verða að engu efnahagsleg markmið og þeir þjóðhagslegu ávinningar, sem samningarnir frá því í febrúar 1990 fela í sér."

Síðar í bréfi þessu segi:

„Ljóst er af því, sem að framan segir, að breytingar á launakerfi háskólamanna munu við núverandi aðstæður hafa í för með sér röskun á hinu almenna launakerfi í landinu og ógna þar með þeim efnahagslegu markmiðum og ávinningum, sem að er stefnt samkvæmt þeim samningum, sem þegar hafa verið gerðir af hálfu þorra launafólks.

Þar sem líkir langtímasamningar, gerðir af yfir 90% launafólks, geta hvorki talist tímabundnar sveiflur eða sérstakar aðstæður á vinnumarkaði, hefur ríkisstjórnin ákveðið að fresta framkvæmd nýs launakerfis háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna. Sú ákvörðun er tekin á grundvelli ákvæðis 1. greinar kjarasamnings BHMR um, að standa skuli „að umræddum breytingum með þeim hætti, að ekki valdi röskun á hinu almenna launakerfi í landinu."

Tekið er fram, að ljúka eigi því starfi í nefndum og öðrum verkefnum, sem kjarasamningurinn kveði á um.

Stefnandi kveður bréfritara hafa séð ástæðu til að taka fram síðar í bréfinu, að ríkisstjórnin hafi staðið að fullu við 2. kafla samningsins.

Ákvörðun þessari hefur verið harðlega mótmælt af hálfu BHMR, og kveður stefnandi fulltrúa BHMR og ríkisstjórnarinnar hafa átt með sér marga fundi til að ræða mál þetta.

Stefnandi kveður ríkisstjórnina hafa gert sérstaka samþykkt um málið þann 29. júní sl., en meginefni þeirrar samþykktar er efnislega eins og bréfið frá 12. júní 1990. Er í samþykkt þessari enn lögð áhersla á, að hinni sameiginlegu vinnu samningsaðila verði lokið sem fyrst.

Stefnandi kveður nú hafa brugðið svo við, að kl. 16.00 þann 29 júní hafi fulltrúar BHMR verið boðaðir á fund í kjarasamanburðarnefnd og á þeim fundi lagt fyrir þá svonefnt lokaálit fulltrúa fjármálaráðherra í nefndinni. Kl. 17.00 hafi þeir verið boðaðir á fund í ábyrgðarmatsnefnd, þar sem svonefnt lokaálit fulltrúa fjármálaráðherra hafi einnig verið lagt fram. Stefnandi kveður, að ekki sé um nein lokaálit að ræða, enda sé tekið fram í hinu svonefnda lokaáliti fulltrúa fjármálaráðherra í kjarasamanburðarnefnd, að öll ýtarleg greining á gögnum, sem safnað hefur verið, sé eftir, auk þess sem viðamikil gagnasöfnun sé í gangi.

Stefnandi kveður, að hið sama megi segja um starfið í ábyrðgarmatsnefnd.

Stefnandi kveður, að samninganefnd ríkisins hafi svo boðað fulltrúa BHMR á fund sama dag kl. 18.00 og lagt fram bréf, sem þrjár konur hafi undirritað fyrir hönd fjármálaráðherra, en bréfið er dagsett hinn sama dag. Í bréfi þessu sé í upphafi farið að fjalla um úrskurðarnefndina samkvæmt 9. grein kjarasamningsins, án þess að til þess hafi verið sjáanlegt tilefni.

Í 2. mgr. bréfsins segi svo:

„Eins og fram er komið, er ágreiningur milli aðila um framkvæmd kjarasamanburðar og túlkun skv. 2. gr. kjarasamningsins og um fyrirkomulag og framkvæmd breytinga á grundvelli 5. gr., en það er álit ríkisstjórnarinnar, að ákvæði 1. gr. samningsins, sbr. 5. gr., leyfi engar breytingar á launakerfi háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna að svo stöddu."

Segi svo í bréfi þessu, að hinum meinta ágreiningi verði vísað til áður umgetinnar úrskurðarnefndar.

Stefnandi kveður engan ágreining liggja fyrir um starf það, sem kjarasamanburðarnefnd var ætlað að vinna, enda sé starfi hennar fráleitt lokið, eins og reyndar sé viðurkennt af hálfu stefnda. Kveður stefnandi, að engum ágreiningi sé því hægt að skjóta til úrskurðarnefndarinnar. Hins vegar sé ágreiningur um það, hvort skilja beri kjarasamning aðila frá 18. maí 1990 svo, að stefnda sé skylt að greiða hinar umkröfðu launahækkanir, eða hvort honum sé einhliða heimilt að fella niður efndir á þeim grundvelli, sem lýst er í bréfi starfandi forsætisráðherra, frá 12. júní 1990.

Stefnandi kveður þann ágreining hér með borinn undir hinn rétta lögmælta úrlausnaraðila, Félagsdóm, en tilraunir stefnda til þess að láta skila svonefndum lokaálitum í nefndunum tveimur séu einungis viðhafðar í þeim tilgangi að reyna að þyrla upp ágreiningi til þess að fá tilefni til að blanda úrskurðarnefndinni inn í málið.

Málsástæður stefnanda.

Stefnandi byggir kröfur sínar á því, að í framangreindum kjarasamningi aðila hafi verið um það samið, að endurskoða skyldi launakerfi háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna og byggja þá endurskoðun á tilteknum kjarasamanburði og álitum frá námsmatsnefnd og ábyrgðarmatsnefnd.

Stefnandi kveður sérstaklega hafa verið um það samið í 5. grein

kjarasamningsins, að launin skyldu hækka um einn launaflokk hið minnsta að meðaltali 1. júlí 1990, og ef kjarasamanburðarnefnd hafi ekki lokið störfum, hafi verið um það samið, að hækkunin skyldi vera 1/2 launaflokki hærri, þ.e. hækka um 1 1/2 launaflokk hið minnsta að meðaltali.

Skv. 3. mgr 5. gr. hafi hækkunin aldrei átt að vera minni en nemur einum launafloki, og hafi þessi skilningur á samningnum verið hinn almenni, þegar hann hafi verið gerður. En hætta hafi verið talin á, að starfið myndi dragast, og þess vegna hafi komið sérstakt viðurlagaákvæði í 6. mgr. 5. gr., eins og rakið hafi verið hér að framan. Stefnandi mótmælir algerlega þeirri túlkun stefnda hér fyrir dómi, að framlagning áfangaskýrslu 1. mars 1990 hafi verið forsenda þess, að viðurlagaákvæðið yrði virkt. Um slíkt hafi aldrei verið talað, og hvergi sé getið um tengsl þar á milli.

Stefnandi kveður starfið í nefndum þessum ekki lokið, enda hafi þær ekki skilað lokaáliti, og breyti hér engu aðferðir fulltrúa fjármálaráðherra, sem að framan er lýst.

Stefnandi kveður, að stefnda hafi verið ljóst, að hækkanir ættu að koma til framkvæmda þann 1. júlí 1990 í fyrsta sinn, enda beri bréf starfandi forsætisráðherra frá 12. júní það glögglega með sér.

Stefnandi kveður með öllu ósannað, að slíkar launahækkanir til handa háskólamenntuðum ríkisstarfsmönnum, sem þeir hafi samið um sér til handa 1. júlí, hafi einhver önnur áhrif nú en fyrirséð var, þegar samningurinn var gerður, á hið svonefnda almenna launakerfi í landinu nú, að stefndi geti einhliða fellt niður efndir af sinni hálfu. Stefnandi kveður, að fráleitt sé, að þessar hækkanir hafi önnur áhrif nú en fyrirséð var, er stefndi tókst á herðar skyldu til að inna þær af hendi í maí 1989.

Stefnandi kveður þá ákvörðun stefnda að vísa hinum tilbúna ágreiningi til úrskuðarnefndar sýna, að niðurstaða nefndarstarfsins liggi ekki fyrir og það sé því staðfesting á, að hin sjálfstæðu lágmarksákvæði 5. gr. kjarasamningsins, sem lýst er að framan, eigi að koma til framkvæmda. Hefur því margsinnis verið lýst yfir af hálfu t.d. forsætisráðherra, að nauðsyn sé á því að halda nefndastarfinu áfram.

Um frávísunarkröfu stefnda, sem byggist á því, að nefnd skv. 9. gr. kjarasamningsins eigi að fjalla um mál þetta, tekur stefnandi fram, að úrskurðarvald nefndarinnar taki með engum hætti til þess

ágreinings um skilning á kjarasamningnum, sem hér sé lagður fyrir Félagsdóm. Nefndinni hafi verið ætlað að fjalla um sérstaklega tilgreind tæknileg atriði varðandi framkvæmd kjarasamanburðar eða túlkun á niðurstöðum skv. 1. gr. eða fyrirkomulag breytinga skv. 5. gr., til þess að sérstakur úrskurðaraðili gæti án tafar rutt úr vegi slíkum málefnum, meðan starfið væri í gangi. Slíkt ákvæði lúti þrengjandi lögskýringu, þegar samið sé undan dómstólameðferð. Nefnd skv. 9. gr. hafi alls ekki verið ætlað að fjalla um lögfræðilegan ágreining, eins og hér sé lagður fyrir Félagsdóm, og beri því að hafna frávísunarkröfu stefnda.

Lagarök stefnanda.

Stefnandi kveðst byggja kröfur sínar á þeim lagarökum, sem eru almenn lögfræðileg rök í samningarétti og kröfurétti, að gerða samninga beri að efna samkvæmt orðum sínum. Stefnandi kveður, að túlkunarreglur, hvort heldur er á sviði almenna hluta samningaréttar eða vinnumarkaðsréttar, styðji kröfugerð sína. Stefnandi byggi á því, að viðurlagaákvæði 6. mgr. 5. gr. samnings aðila eigi við í máli þessu. Verði á það fallist, sé næsta spurning, hvort stefndi geti einhliða fellt niður skyldur sínar til þess að greiða skv. því. Í lögum sé eingöngu gert ráð fyrir forsendubresti, sem geti undanþegið skyldu. Hér sé ekki um breyttar eða brostnar forsendur að ræða, og vísi stefnandi til dóms Félagsdóms 9. 12. 1939, þar sem heimsstyrjöld hafi ekki verið talin breyta forsendum kjarasamnings. Stefnandi vísar í skýrslur þær, sem teknar hafi verið hér fyrir dómi af Páli Halldórssyni, formanni Bandalags háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna, Birgi Birni Sigurjónssyni, framkvæmdastjóra þeirra samtaka, Steingrími Hermannssyni forsætisráðherra, Ólafi Ragnari Grímssyni fjármálaráðherra og Þorsteini Geirssyni, ráðuneytisstjóra í dóms og kirkjumálaráðuneyti.

II.

Stefndi kveður málavaxtalýsingu frá hendi stefnanda í veigamiklum atriðum villandi. Sé því óhjákvæmilegt að gera athugasemdir við hana og greina nánar frá einstökum þáttum málavaxta, eins og þeir horfi við stefnda. Vísar stefndi í skýrslur aðila og vitna hér fyrir dómi.

Einu kröfugerðina fram að verkfalli, sem stefnda barst vegna stefnanda, sé að finna í skjali, dags. í febrúar 1989, en hún hafi verið sett fram af hálfu BHMR í nafni aðildarfélaga þess. Á grund-

velli þessarar ófullburða kröfugerðar hófust síðan verkföll ýmissa aðildarfélaga BHMR hinn 6. apríl 1989.

Samningaviðræðum við BHMR megi til einföldunar skipta upp í þrjú tímabil.

Fyrsta tímabilið nái til 9. maí, er óvænt kom í ljós, að þeir fulltrúar úr samninganefnd BHMR, sem þátt tóku í þessum viðræðum, reyndust ekki hafa samningsumboð aðalsamninganefndar samtakanna um þann grundvöll að kjarasamningi, sem aðilar höfðu sett mikla sameiginlega vinnu í 6.-9. maí. Stefndi geti ekki samsinnt þeirri framsetningu stefnanda um þetta tímabil, þar sem látið er að því liggja, að þau samningsdrög, sem þá komu fram, væru formleg tilboð ríkisins. Hið rétta sé, að þau voru árangur sameiginlegrar vinnu aðila á þessum tíma, og orsök þess, að þeim lyktaði ekki með samningi þá, var, að því er virtist, sambandsleysi fulltrúa í viðræðunefnd BHMR við eigin samninganefnd, eins og endurrit úr fundargerðarbók ríkissáttasemjara beri með sér.

Annað tímabil samningaviðræðna nær til 17. maí. Á því tímabili tóku nokkrir ráðherrar auk fjármálaráðherra þátt í viðræðum við fulltrúa BHMR. Þorkell Helgason prófessor var þeim til aðstoðar. Því lauk með fundi aðfaranótt 17/5 um athugasemdir BHMR við samningsdrög, er fólu í sér lokatilboð ríkisstjórnarinnar. Athygli sé vakin á því, að í bréfi forsætisráðherra er skýrt tekið fram, að í tilboðinu komi fram viðleitni til að koma til móts við sjónarmið BHMR í veigamiklum atriðum án þess að valda röskun á launakerfinu í landinu. Fyrirvari 1. gr., er fól í sér, að framkvæmd endurskoðaðs launakerfis gæti ekki náð fram að ganga, ef það ylli röskun á vinnumarkaði og efnahagslegum kollsteypum, stóð því efnislega afdráttarlausara orðalagi en áður var. Þeim skilningi og þessu skilyrði af hálfu ríkisins fyrir endurskoðun á launakerfi háskólamanna hafði margoft verið lýst á fundum og fulltrúum BHMR því mæta vel ljóst, að það skilyrði gæti tálmað framkvæmd þess, enda liggur í hlutarins eðli, að það væri eingöngu vegna endurröðunar félaga í BHMR í launaflokka, að til röskunar gæti komið. Í 5. gr. var að sjálfsögðu áfram á því byggt, að endurröðun í launaflokka ætti sér því aðeins stað, að tilefni væri til að leiðrétta kjör, sbr. t.d. 4. og 5. mgr. 5. gr. þessara samningsdraga. Orðalag 9. gr. sé eingöngu lagfært og feli ekki í sér, að hlutverk úrskurðarnefndar hafi verið takmarkað, enda ljóst, að sú nefnd átti ekki að fjalla um ákvæði 6. 8. gr.

Eftir að framangreint lokatilboð hafði verið afhent kl. 12.15 hinn 16. maí, afhentu fulltrúar BHMR skömmu eftir miðnætti athugasemdir sínar, sem þeir kölluðu „Tillögur BHMR til lausnar deilu fjármálaráðherra og háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna". Af hálfu ráðherranna var hægt að fallast á sumar af þessum tillögum, en aðrar ekki, sbr. áritaðar athugasemdir og prentaðan texta samningsdraga, en þau drög voru til umfjöllunar á fundum samninganefnda aðila þann 17. maí. Meðal þess, sem með öllu var hafnað af ráðherrunum, var sú krafa BHMR, að næstsíðasta setning 1. gr. félli brott. Að öðrum kosti féllu út fyrstu fjögur orð hennar, þ.e.: „Þess skal gætt að ...", þannig að upphaf setningarinnar hljóðaði svo: „Umræddar breytingar valda ekki röskun á ..." Þeirri kröfu var einnig hafnað.

Eftir þennan fund aðfaranótt 17. maí tóku ekki aðrir ráðherrar úr ríkisstjórninni en fjármálaráðherra þátt í samningaviðræðunum.

Þriðja tímabilið hefst með fundi samninganefndanna í Rúgbrauðsgerðinni um samningsdrög, en sá fundur hófst upp úr kl. 10.30 hinn 17. maí. Þá kom BHMR enn fram með þá kröfu, að næstsíðasta setning 1. gr. félli út. Því var enn hafnað. Páll Halldórsson kom þá fram með þá tillögu, að í stað orðanna: „Þess mun gætt, að umræddar breytingar ..." kæmu orðin: „Standa skal að umræddum breytingum ...". Á þessa breytingatillögu var fallist af hálfu stefnda þennan sama dag, enda fól hún í sér ákveðnara orðalag, en ekki efnisbreytingu. Af hálfu BHMR kom ekki fram nein skýring á þessari tillögu og þaðan af síður í þá veru, að í henni ætti að felast efnisbreyting, eins og nú er haldið fram. Á fundi aðila um kl. 21 hafði BHMR enn uppi þá kröfu, að næstsíðasta setning 1. gr. yrði felld brott. Þeirri kröfu var enn hafnað og áréttað, að ekki væri pólitískur vilji fyrir því af hálfu ríkisstjórnarinnar að falla frá skilyrðinu. Einnig var bent á, að fallist hefði verið á breytingartillögu, sem BHMR setti fram á morgunfundi, sbr. dskj. nr. 39 og 41-42, sem eru minnispunktar þriggja samningamanna ríkisins af þeim fundi.

Á fundi aðila að morgni 17. maí var einnig efni 5. gr. til umræðu. Þar var rædd ósk BHMR um, að í samninginn yrðu tekin ákvæði um einhvers konar viðurlög sem svipu á, að lokaálit lægi fyrir hinn 1. júlí 1990. Þá svipu töldu þeir vanta, ef gólf og þak skv. 3. mgr. ætti að vera óbreytt. Hjá þeim kom fram það álit, að full þörf væri á slíku aðhaldi til að koma í veg fyrir, að fulltrúar ríkisins í kjara-

samanburðarnefnd tefðu lokaniðurstöðu til að draga, að réttmætar launaflokkatilfærslur kæmust til framkvæmda 1. júlí 1990. Enn fremur var rætt um heimild stéttarfélaga til að nota tilefni til launaflokkatilfærslna til þess að semja í staðinn um önnur kjaraatriði. Á kvöldfundinum lýsti fjármálaráðherra fyrst tillögu að orðalagi að nýrri mgr., er yrði 6. mgr. og fjallaði um heimild stéttarfélags til að semja um önnur kjaraatriði. Því næst lýsti hann tillögu stefnda um ákvæði um uppígreiðslur í júlí 1990 (á minnisblaði á dskj. nr. 41 kallað tillaga 3), er verða skyldi ný 7. mgr. og hljóðaði svo: „Hafi nefnd skv. 3. mgr. 2. gr. ekki skilað lokaáliti hinn 1. júlí 1990, skal greiða hverjum félagsmanni, er átt getur kost á launaflokkatilfærslu, 1250 kr. á mánuði miðað við fullt starf upp í væntanlega hækkun frá 1. júlí 1990, þar til afgreiðsla launaflokkatilfærslu fer fram.“ Viðbrögð BHMR voru þau að óska frekar eftir uppígreiðslum miðað við prósentu heldur en greiðslu miðaða við krónutölu. Ákvæði þess efnis voru síðan færð inn í samningsuppkast og röð 6. og 7. mgr. víxlað. Á morgunfundi 18. maí var ákvæði núverandi 6. mgr. enn til umfjöllunar og gerð breyting á því í þá veru, sem varð í endanlegum samningi, undirrituðum hinn 18. maí 1989.

Á kvöldfundi hinn 17. maí kom fram tillaga frá Páli Halldórssyni, formanni BHMR, um breytingu á orðalagi upphafsákvæðis 9. gr. þannig að í stað orðanna „um framkvæmd 2. gr. og 5. gr. ...“ kæmu orðin „um framkvæmd kjarasamanburðar, túlkun niðurstaðna skv. 2. gr. eða fyrirkomulag breytinga skv. 5. gr. ...“. Sú breyting kom inn í endanlegan texta lítillega snyrt. Í stefnu er neðst á bls. 6 þessi breyting túlkuð sem þrenging á hlutverki úrskurðarnefndarinnar. Á það er alls ekki unnt að fallast, enda nærtækara að líta svo á, að orðalagið feli í sér rýmkun, sbr. orðin „framkvæmd kjarasamanburðar“ og „fyrirkomulag breytinga“, en um þetta fjalla ekki aðeins 2. og 5. gr., heldur einnig 1. gr.

Eftir að kjarasamningurinn var undirritaður, létu ýmsir forystumenn stéttarfélaga innan BHMR og formaður þess í ljós skoðun sína á þeim í fjölmiðlum. Kom þar m.a. fram sú almenna túlkun þessara aðila, að samningurinn fæli í sér áhættu fyrir stéttarfélögin, án þess að sú áhætta væri skilgreind nánar.

Nefndarstörf í þremur nefndum skv. 2.-4. gr. samningsins hófust fljótlega eftir samningsgerðina. Þannig voru haldnir 26 fundir í kjarasamanburðarnefnd fram til 1. júlí sl. og 15 fundir í námsmats-

nefnd og enn fremur 20 fundir í ábyrgðarmatsnefnd. Námsmatsnefnd skilaði sameiginlegu áliti í mars 1990. Í ábyrgðarmatsnefnd reis ágreiningur um hversu nákvæmlega átti að skilgreina helstu störf, hvernig röðun helstu starfa ætti að vera og hvernig meta ætti hvern þátt ábyrgðar. Enn fremur reis óvænt ágreiningur um það, hvert væri verkefni nefndarinnar, þegar fulltrúar BHMR lögðu 18/5 1990 m.a. fram tillögu um nýja skilgreiningu á því. Ekki náðist samkomulag um sameiginlega niðurstöðu, og skiluðu fulltrúar ríkisins í ábyrgðarmatsnefnd lokaáliti sínu hinn 29. júní 1990.

Störf í kjarasamanburðarnefnd og gagnasöfnun reyndist miklum mun tímafrekari en gert var ráð fyrir í upphafi, svo að tímasetningar stóðust ekki, án þess þó að við neinn væri að sakast um það. Skortir t.d. enn mjög mikið á gögn varðandi kjarakönnun og úrvinnslu úr þeim á samanburðarhæfum hópum. Um þá könnun reis ágreiningur varðandi úrtak háskólamenntaðra manna hjá ríkinu, en til að tefja ekki störf nefndarinnar skutu fulltrúar ríkisins þeim ágreiningi á frest. Fyrstu niðurstöður úr kjarakönnun Gallup bárust ekki fyrr en 26. júní. Öll úrvinnsla úr þeim í samræmi við starfsreglur kjarasamanburðarnefndar og kjarasamninginn var þá eftir. Af öllum þessum ástæðum reyndist alls ekki unnt að skila þeirri áfangaskýrslu, sem gert var ráð fyrir í 3. mgr. 2. gr., að lægi fyrir hinn 1. mars 1990. Sú áfangaskýrsla átti að leiða í ljós, hvort eitthvert tilefni væri til að leiðrétta kjör. Hana skyldi hafa til hliðsjónar við endurröðun í launaflokka í fyrsta áfanga hinn 1. júní 1990. Þá náðist, ekki heldur samstaða í nefndinni um mat á hlunnindum. Töldu fulltrúar ríkisins, að ekki yrði lengra komist miðað við þann ágreining, sem uppi var með aðilum. Að áliti þeirra gerðu fyrirliggjandi upplýsingar í lok júní aðilum enn ekki kleift að skilgreina og meta hugsanlegt tilefni til leiðréttingar á kjörum með þeim faglegum hætti, sem kjarasamningurinn og starfsreglur kjarasamanburðarnefndar kveða á um. Skiluðu þeir lokaáliti sínu í þá veru hinn 29. júní 1990.

Af hálfu starfsmanna stefnda var enn fremur mikil vinna lögð í þau ákvæði, sem komu fram í bókunum, sem samningnum fylgdu. Er harðlega mótmælt sem röngum þeim ásökunum, sem fram koma í stefnu um þau efni.

Á þeim tíma, sem kjarasamningur aðila var gerður, voru í gildi skammtímasamningar aðildarfélaga ASÍ og BSRB o.fl., er runnu út

í desember 1989 og í janúar 1990. Hinn 1. febrúar 1990 gerðu Alþýðusamband Íslands annars vegar og hins vegar Vinnuveitendasamband Íslands, Vinnumálasamband samvinnufélaganna, Meistara- og verktakasamband byggingarmanna og Reykjarvíkurborg með sér nýjan kjarasamning. Þessi kjarasamningur markaði þáttaskil í gerð kjarasamninga á almennum vinnumarkaði. Helstu einkenni hans eru þau, að hann er gerður til langs tíma eða til 15. september 1991. Auk þess er meginhersla lögð á kjarabætur í formi verðbólguhjöðnunar og stöðugleika í verðlagi, og m.a. til að tryggja það er beinum launahækkunum mjög í hóf stillt. Í 10. gr. þess samnings kemur m.a. fram, að það er forsenda hans, að launaþróun annarra verði sú sama og gert sé ráð fyrir í samningnum. Í kjölfar þessa samnings gerði síðan í febrúar til apríl fjöldi annarra launþegafélaga og sambanda samninga, sem tóku mið af þessum samningi, þ. á m. um sömu forsendur varðandi launaþróun annarra. Leiðir af þessari forsendu, að stéttarfélögin geta krafist leiðréttinga til samræmis við launaþróun annarra, og rétt þeirra til að segja upp samningi, verði ekki gengið að slíkri kröfu. Í kjarasamningi BSRB, er gerður var 2. febrúar 1990, er ekki sérstakt ákvæði um launaþróun annarra, en hins vegar eru allar aðrar efnahagsforsendur, tilvitnaðra samninga í honum.

Hinn 12. júní sl. ritaði forsætisráðherra stjórn Bandalags háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna bréf, þar sem lýst var því áliti ríkisstjórnarinnar, að breytingar á launakerfi háskólamanna myndu við núverandi aðstæður hafa í för með sér röskun á hinu almenna launakerfi í landinu og ógna þar með þeim efnahagslegu markmiðum og ávinningi, sem að er stefnt samkvæmt þeim samningum, sem þegar hafa verið gerðir af hálfu þorra launafólks. Ekki væri unnt að líta á slíka langtímasamninga, gerða af yfir 90% launafólks, sem tímabundnar sveiflur eða sérstakar aðstæður á vinnumarkaði. Því hafi ríkisstjórnin ákveðið á grundvelli 1. gr. kjarasamningsins að fresta framkvæmd nýs launakerfis háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna, en þar segi, að standa skuli „að umræddum breytingum með þeim hætti, að ekki valdi röskun á hinu almenna launakerfi í landinu".

BHMR mótmælti þessu, og þau mótmæli koma m.a. fram í málshöfðun þessari. Einnig ritaði BHMR ASÍ bréf og krafðist svara við ákveðnum spurningum. Í svarbréfi ASÍ á sama dómskjali kemur

afdráttarlaust fram, að í samræmi við forsendur og áskilnað í kjarasamningi ASÍ yrði krafist sömu launahækkana félagsmönnum ASÍ til handa og félagsmenn BHMR kynnu að fá við endurskoðun launakerfis. Af hálfu Vinnuveitendasambands Íslands hefur einnig þeirri skoðun verið lýst, að slíkt myndi valda röskun á hinu almenna launakerfi í landinu.

Eftir að framangreint bréf var ritað hinn 12. júní, áttu forsætisráðherra, viðskiptaráðherra og fjármálaráðherra fund með formanni HÍK og framkvæmdastjóra og formanni BHMR, þar sem sá síðastnefndi lýsti þeirri skoðun, að unnt væri að framkvæma endurskoðunina, án þess að það raskaði hinu almenna launakerfi. Þrátt fyrir það að margsinnis væri beðið um tillögur frá BHMR, sem ekki yllu röskun, var eingögnu bent á launaflokkatilfærslur af þeirra hálfu.

Hinn 29. júní sl. tilkynnti stefndi BHMR, að hann myndi vísa þeim ágreiningi, sem væri með aðilum um framkvæmd kjarasamanburðar og um fyrirkomulag og framkvæmd breytinga, til úrskurðarnefndar skv. 9. gr., en að áliti ríkisstjórnarinnar leyfði ákvæði 1. gr., sbr. 5. gr., engar breytingar á launakerfi háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna að svo stöddu. - Stefnanda til fróðleiks skal það upplýst, að það bréf er undirritað af þriggja manna stjórn samninganefndar ríkisins -. Var ágreiningnum síðan samdægurs vísað til nefndarinnar.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að heimilt hafi verið og skylt að fresta framkvæmd nýs launakerfis 1. júlí 1990 og honum sé því óskylt skv. 1. gr. kjarasamningsins að greiða neina launaflokkahækkun að svo stöddu, þar sem slíkt valdi röskun á hinu almenna launakerfi í landinu. Þá er því enn fremur mótmælt, að krafa stefnanda eigi nokkra stoð í 5. gr. kjarasamningsins.

Rök stefnda fyrir frávísunarkröfu.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að skilja beri það ákvæði 1. gr. kjarasamnings aðila, að „Standa skal að umræddum breytingum með þeim hætti, að ekki valdi röskun á hinu almenna launakerfi í landinu", svo, að í því felist fyrirvari um það, að tilteknar aðstæður á vinnumarkaði geti leitt til þess, að fresta skuli framkvæmd endurskoðaðs launakerfis skv. 1. kafla samningsins. Þann skilning styður bæði orðalag ákvæðisins, gagnályktun frá næstu setningu á eftir, sem segir, að tímabundnar sveiflur og sérstakar aðstæður á

vinnumarkaði skuli ekki hafa áhrif á þessa endurskoðun, svo og atvik við samningsgerðina.

Af hálfu stefnanda sé því haldið fram, að upphafsorð ofangreinds fyrirvara beri að skilja svo, að með því hafi aðilar orðið sammála um, að framkvæmd endurskoðaðs launakerfis eftir reglum 5. gr. tryggði, að ekki yrði sérstök röskun á hinu almenna launakerfi í landinu. Því sýnist nánast haldið fram, að það, sem áður fól í sér skilyrði af hálfu stefnda, feli eftir breytingu upphafsorðanna í sér staðfestingu á því, að fyrirvarinn sé nú fallinn niður og ákvæðið feli þess í stað í sér tryggingu til handa stefnanda fyrir því, að framkvæmd launakerfisbreytingar skuli ná fram að ganga án tillits til afleiðinga fyrir launakerfið í landinu. Þessi framsetning sé með ólíkindum. Hér áður er rakið, hvernig ákvæði þetta kom inn í samningstexta sem algert skilyrði af hálfu ríkisins og hvernig orðalag þess breyttist í samningsgerðinni, enn fremur ítrekaðar kröfur BHMR, sem ótvírætt var hafnað, um brottfall þessa ákvæðis, meira að segja eftir að það setti fram þá orðalagsbreytingu, sem stefnandi telji sér nú svo mjög í hag.

Af hálfu stefnda sé ekki dregið í efa, að Félagsdómur eigi dómsvald um þá gagnstæðu túlkun 1. gr. kjarasamningsins, sem lýst er hér að framan.

Hins vegar er því haldið fram, að kröfugerð stefnanda heyri a.m.k. á þessu stigi undir valdsvið nefndar skv. 9. gr. samningsins. Samkvæmt þeirri grein getur hvor aðili um sig vísað sérhverjum ágreiningi, sem rís um framkvæmd kjarasamanburðar eða á túlkun á niðurstöðum skv. 2. gr. eða fyrirkomulagi breytinga skv. 5. gr., til úrskurðar þriggja manna nefndar.

Verði ákvæði þetta ekki skilið öðruvísi en svo, að úrskurðarvaldið nái jafnt til þess ágreinings, hvort framkvæmd skuli frestast vegna skilyrðis 1. gr., sem og til þess að kveða á um þær efnislegu ákvarðanir, sem aðilum eða kjarasamanburðarnefnd er ætlað að taka samkvæmt samningum, en þeim tekst ekki að ná samkomulagi um. Samkvæmt þessu heyri það undir nefnd skv. 9. gr. að leggja mat á og úrskurða, hvort aðstæður séu með þeim hætti nú, að framkvæmd endurskoðaðs launakerfis myndi valda röskun á hinu almenna launakerfi í landinu. Sé aðalkrafa um frávísun málsins á því reist.

Um kjarasamanburðinn séu efnisreglur bæði í 1. og 2. gr. samn-

ingsins. Orðin ,,framkvæmd kjarasamanburðar" séu því greinilega notuð í mjög víðtækri merkingu og varði hvers konar ágreining, sem rís í sambandi við kjarasamanburð og öll endurskoðun launakerfisins grundvallast á. Í 9. gr. sé að finna beina tilvísun til 2. og 5. gr., og í síðarnefndu greininni kemur fram bein tilvísun til 1. gr. Þannig segi í 1. mgr. 5. gr., að ,,endurraða skal starfsheitum í launaflokka í samræmi við endurskoðun launakerfisins skv. 1. og 2. gr.". Orðalagið í 9. gr., að gerðardómur úrskurði ágreining, er rís um ,,fyrirkomulag breytinga skv. 5. gr.", verði því ekki öðruvísi skilið en svo, að þar undir komi ágreiningur um, hvort unnt sé að framkvæma breytingar á launakerfinu við tilteknar aðstæður, án þess að þær valdi röskun á hinu almenna launakerfi í landinu í skilningi 1. gr. samningsins.

Samkvæmt þessu telur stefndi, að gerðardómur skv. 9. gr. kjarasamnings aðila eigi úrskurðarvald um það, hvort sú ákvörðun ríkisins að fresta að svo stöddu framkvæmd nýs launakerfis háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna hafi verið réttmæt skv. 1. gr. á þeim grundvelli, að slíkar launaflokkatilfærslur myndu við núverandi aðstæður raska hinu almenna launakerfi í landinu.

Af hálfu stefnda hafi þeim ágreiningi þegar verið skotið til gerðardóms skv. 9. gr. hinn 29. júní sl.

Rök stefnda fyrir sýknukröfu.

A. Sýknukrafa styðst í fyrsta lagi við það, að heimilt og skylt hafi verið að fresta framkvæmd nýs launakerfis. Stefnda sé því óskylt skv. 1. gr. kjarasamningsins að greiða nokkra launaflokkahækkun skv. 5. gr. að svo stöddu, þar sem slíkt valdi röskun á hinu almenna launakerfi í landinu.

Eins og kjarasamningum alls þorra launþega er hagað nú, sé þessi fyrirvari virkur og því heimilt að fresta þeim breytingum. Launaflokkatilfærslur til handa háskólamenntuðum ríkisstarfsmönnum skv. 1. kafla samningsins myndu sjálfstætt leiða beint til röskunar á forsendum þessara kjarasamninga og þar með raska hinu almenna launakerfi í landinu. Auk þess sé það beinlínis viðurkennt af hálfu stefnanda í stefnu, að launahækkanir til félagsmanna stefnanda nú myndu leiða af sér launahækkanir á vinnumarkaðnum. Eins og sakir standa, myndu launaflokkatilfærslur leiða til uppnáms á vinnumarkaðnum með þar af leiðandi almennum launahækkunum. Þær myndu aftur skv. 15. gr. kjarasamnings BHMR leiða til hækkunar

hjá BHMR, sem aftur leiddi til hækkana hjá öðrum og svo koll af kolli og vera þannig eingöngu eldsmatur í nýju verðbólgubáli.

Þannig stæðu aðilar auk þess engu nær því markmiði að brúa hugsanlegan kjaramismun, sem sé eini tilgangur 1. - 5. gr. I. kafla samningsins. Launaflokkatilfærslur nú geti því ekki þjónað því markmiði, sem stefnt er að með þessum greinum I. kafla samningsins.

Þá sé því eindregið mótmælt, að launahækkanir vegna nýs launakerfis hafi ekki önnur áhrif nú en fyrirséð var við samningsgerð. Komi þar hvort tveggja til, að nú sé í kjarasamningum þorra launþega í landinu beinlínis byggt á því sem forsendu, að aðrir launþegar fylgi sömu launaþróun. Vegna minni verðbólgu og lægri umsaminna launahækkana en var á árinu 1989 hafi launaflokkatilfærslur skv. 3. mgr. og 6. mgr. 5. gr. nú miklu afdrifaríkari afleiðingar á almenna launakerfið í landinu en fyrirséð var við samningsgerð. Þannig valdi nú launahækkun um 1,5% að meðaltali, sem samsvari hálfum launaflokki, ótvírætt röskun, hvað þá hækkun um 4,5% eða einn og hálfan launaflokk að meðaltali. Um það vísast til skýrslu Þjóðhagsstofnunar, dags. 22. júní 1990.

B. Í annan stað er sýknukrafa reist á því, að kröfugerð stefnanda eigi ekki stoð í 5. gr. kjarasamnings aðila. Í kjarasamningi sé ekki að finna nein ákvæði, sem almennur réttur allra félagsmanna stefnanda til launaflokkatilfærslna um einn og hálfan launaflokk frá 1. júlí sl. yrði reistur beint á.

Um almennar launahækkanir sé fjallað í ákvæðum 2. kafla samningsins, sbr. í því sambandi yfirskrift hans og einkum 12. gr. Slíkar hækkanir geti og komið til skv. ákvæðum 15. gr., sem er í 3. kafla. Kröfugerð stefnanda um almenna hækkun launa með launaflokkatilfærslu um 1 1/2 launaflokk til félagsmann sinna á hins vegar ekki stoð í þeim ákvæðum.

Alls ekki er fjallað um neinar almennar launahækkanir í 1. kafla samningsins. Í þeim kafla er aðeins fjallað um sérstakar hækkanir til tiltekinna starfsmanna, sem staðreynt hefur verið, að ástæða sé til að leiðrétta, sbr. 1., 2. og 5. gr. Mat á því, hvort tilefni er til leiðréttinga, er skv. 3. mgr. 2. gr. í höndum kjarasamanburðarnefndar eða gerðardóms, rísi ágreiningur um það. Á grundvelli þess mats er stefnt að því að leiðrétta þann mun, sem þannig kann að koma í ljós, með launaflokkatilfærslum, sbr. 5. gr. Þær skulu

gerast í sem jöfnustum árlegum áföngum, sbr. 2. mgr. 5. gr. Aðilar eða gerðardómur skipta þeim áföngum niður. Réttur einstakra starfsmanna til tilfærslna skal ákveðinn af aðilum samningsins, nái þeir um það samkomulagi, ella úrskurðar gerðardómur skv. 9. gr. um það.

Kröfugerð stefnanda á hins vegar ekki stoð í rétti, sem hafi verið þannig ákveðinn. Þannig er óumdeilt, að ekki liggur fyrir matsniðurstaða þess efnis, að kjaramunur sé til staðar, sem tilefni sé til að leiðrétta, og þaðan af síður, að slíkt eigi við félagsmenn stefnanda, einhvern eða alla. Þá skal auk þess vakin athygli á því, að stéttarfélag hefur skv. 7. mgr. heimild til að semja um önnur kjaraatriði, er jafngildi þeirri tilfærslu sem tilefni gefst til, eða hluta hennar. Hugsanlegt tilefni til að færa einhverja félagsmenn til í launaflokki veitir þeim þannig ekki einu sinni beinan rétt til launaflokkatilfærslu.

Kostnaði af tilfærslum milli launaflokka í hverjum áfanga er settur ákveðinn rammi, sbr. 3. mgr. 5. gr. Samkvæmt henni skal í hverjum áfanga miðað við, að hækkun nemi einum launaflokki hið minnsta að meðaltali, en einstök starfsheiti og einstakir starfsmenn hækki þó ekki meira en nemi 3 launaflokkum, og er þar miðað við launaflokka skv. 10. gr. samningsins eða jafngildi þeirra, verði launatöflu breytt. Í tilvísuninni til eins launaflokks hið minnsta að meðaltali og hins vegar ákvæði um hámarkstilfærslu milli launaflokka felst augljóslega, að gert er ráð fyrir því, að launaflokkatilfærslur einstakra verði mismiklar. Af 3. mgr. leiðir þannig, að við það var miðað, að margir myndu enga tilfærslu fá, en aðrir frá 1 og upp í 3 launaflokka í hverjum áfanga. Auk þess var og er í launatöflu kjarasamningsins, sem vitnað er til í 3. mgr. 5. gr., eingöngu að finna heila launaflokka. Engin skylda er lögð á stefnda í 5. gr. eða í öðrum ákvæðum samningsins til að búa til hálfa launaflokka vegna framkvæmdar endurskoðaðs launakerfis eða greiðslna upp í væntanlega hækkun skv. 6. mgr. 5. gr. Í 5. gr. er þannig ótvírætt gert ráð fyrir því, að launaflokkatilfærslur fari fram í heilum launaflokkum hið minnsta.

Af hálfu stefnda er ekki fallist á, að í ákvæði 6. mgr. 5. gr. felist, að launaflokkatilfærsla skv. 6. mgr., sbr. 3. mgr., geti átt sér stað, án þess að staðreynt hafi verið, að réttmætt tilefni sé til að brúa launamun. Ákvæðið verður að túlka í réttu samhengi við 3. mgr.

2. gr., þar sem fjallað er um, að kjarasamanburðarnefnd eigi að meta tilefni til leiðréttingar á kjörum og skila áfangaskýrslu eigi síðar en 1. mars 1990. Áfangaskýrslan er undanfari lokaálits nefndarinnar, og taka á mið af niðurstöðum þeirrar áfangaskýrslu við 1. áfanga í endurröðun í launaflokka. Af orðalagi 3. mgr. 2. gr. má ljóst vera, að áfangaskýrslunni var ætlað að innihalda bráðabirgðaniðurstöður um tilefni til leiðréttingar á kjörum í einstökum störfum.

Í því tilviki, að lokaálit lægi ekki fyrir hinn 1. júlí 1990, ráðgerði 6. mgr. 5. gr., að þeim, sem þannig væri tilefni til að leiðrétta samkvæmt áfangaskýrslunni og áttu rétt á tilfærslu milli launaflokka í þeim áfanga, yrði greitt upp í væntanlega hækkun til bráðabirgða. Í því efni væri þá ekki við annað að styðjast en áfangaskýrsluna. Þeim yrði greitt upp í væntanlega hækkun þannig, að tilfærslur milli launaflokka skv. 3. mgr. yrðu að jafnaði 1/2 launaflokki meiri en lágmark skv. 3. mgr. hefði verið frá 1. júlí, þ.e. hækka úr 1 launaflokki í 1 1/2 launaflokk hið minnsta að meðaltali, en óbreytt var það hámark, að enginn skyldi hækka meira en næmi 3 launaflokkum. Við endanlega ákvörðun 1 áfanga skyldi þó enginn lækka í launaflokki. Það felur í sér, að þeir, sem kynnu að fá launaflokkatilfærslu á grundvelli áfangaskýrslunnar, skyldu halda henni, jafnvel þótt lokaálitið gerði ekki ráð fyrir slíkri hækkun á röðun þeirra í þeim áfanga. Af því leiddi því þá niðurstöðu, að launaflokkahækkun til þeirra gæti komið til einu eða hugsanlega tveimur árum fyrr en efni stóðu raunverulega til. Í þeim tilvikum, að endurröðun á grundvelli áfangaskýrslu leiddi til algerlega óverðskuldaðrar launaflokkahækkunar, skyldi hún þrátt fyrir það ekki ganga til baka. Tilgangur reglunnar var sá að setja svipu á ríkisvaldið, svo að það tefði ekki framkvæmd á launaflokkatilfærslum sem áfangaskýrsla staðfesti, að væru efnislega réttmætar.

Ákvæði 6. mgr. 5. gr. er þannig ekki sjálfstætt viðurlagaákvæði um dulbúna, almenna launahækkun allra, er taka laun eftir kjarasamningnum. Slíkur skilningur kom heldur aldrei fram í samningsgerðinni. Ákvæðið er sérregla um 1. áfanga endurröðunar á starfsheitum í launaflokka. Hún felur í sér, að leiðrétting komi með meiri þunga í 1. áfanga en ella hefði orðið, liggi lokaálit ekki fyrir hinn 1. júlí 1990, enda sé töf á því að rekja til fulltrúa ríkisins.

Hvorki liggur fyrir staðreynt tilefni til leiðréttingar né er uppfylltur sá tilgangur, sem 6. mgr. 5. gr. byggist á og er forsenda fyrir,

að henni verði beitt. Alls ekki er þannig um það að ræða, að ríkisvaldið hafi reynt að tefja störf í kjarasamanburðarnefnd til að draga framkvæmd launaflokkatilfærslna, sem séu efnislega réttmætar skv. áfangaskýrslu.

Almenn greiðsluskylda með launaflokkatilfærslu í þá veru, sem stefnukrafan felur í sér, á sér þannig ekki neina stoð í ákvæðum 5. gr. kjarasamningsins. Samkvæmt því ber að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda.

C. Krafa um sýknu að svo stöddu byggist á því, að þau sjónarmið, sem reifuð eru hér á undan til stuðnings frávísunar- og sýknukröfu og lúta að því, að krafa stefnanda sé ekki enn orðin til, hljóti a.m.k. að leiða til sýknu að svo stöddu.

III.

Aðilar máls þessa gerðu með sér kjarasamning hinn 18. maí 1989. 1. kafli hans fjallar um endurskoðun á launakerfi háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna, og er hann í 9 greinum. 2. kafli fjallar í gr. 10 - 14 um launahækkanir frá 1. maí 1989 til 30. september 1990. Í 3. kafla er í 15. gr. samið um, að félagsmenn stefnanda fái einnig sömu hækkanir og aðrir launþegar kunna að fá eftir 30. nóvember 1989.

Kröfur stefnanda lúta að því, að stefnda hafi á grundvelli 6. mgr. 5. gr. kjarasamningsins borið að greiða félagsmönnum stefnanda sérstaka hækkun á laun þeirra hinn 1. júlí 1990 við þær aðstæður, að ekki var lokið þeirri endurskoðun á launakerfi háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna, sem 1. kafli samningsins mælir fyrir um.

Stefndi telur, að vísa beri málinu frá Félagsdómi, þar sem kröfugerð stefnanda eigi a.m.k. á þessu stigi undir nefnd samkvæmt 9. gr. samningsins. Hins vegar er af hálfu stefnda ekki dregið í efa dómsvald Félagsdóms um mismunandi túlkun aðila á 1. gr. kjarasamningsins.

Félagsdómur hefur skv. 3. tl. 26. gr. laga nr. 94/1986 almennt úrskurðarvald um ágreining um skilning á kjarasamningum opinberra starfsmanna. Almenn lögsaga í þessum efnum er því í höndum Félagsdóms, enda hafi aðilar ekki ráðstafað sakarefni til annars úrlausnaraðila.

Í 9. gr. kjarasamnings málsaðila segir:

„Rísi ágreiningur milli aðila um framkvæmd kjarasamanburðar eða túlkun á niðurstöðum skv. 2. gr. eða fyrirkomulag breytinga

skv. 5. gr., getur hvor aðili um sig óskað eftir, að ágreiningnum verði vísað til úrskurðar þriggja manna nefndar."

Ekki er hér vísað til 1. gr. samningsins, þar sem segir m.a: „Standa skal að umræddum breytingum með þeim hætti, að ekki valdi röskun á hinu almenna launakerfi í landinu." Túlkun þessa ákvæðis er eitt helsta ágreiningsatriði málsins. Tilvísun 9. gr. til 5 gr. samningsins tekur til fyrirkomulags launabreytinga, er byggist á niðurstöðum kjarasamanburðarins, en ekki til ákvæða 6. mgr. 5. gr. samningsins, sem kveða á um greiðslur og eftir atvikum viðurlög, hafi samanburðarnefnd skv. 3. mgr. 2. gr. ekki skilað lokaáliti hinn 1. júlí 1990. Úrskurðarvald nefndarinnar tekur því ekki til þess ágreinings um skilning á kjarasamningnum, sem hér er lagður fyrir Félagsdóm, og ber því að hafna frávísunarkröfu stefnda.

Sýknukrafa stefnda er í fyrsta lagi á því byggð, að honum hafi verið heimilt og skylt að fresta framkvæmd nýs launakerfis og að honum sé því óskylt skv. 1. gr. samningsins að inna af hendi hina umkröfðu greiðslu til félagsmanna stefndu, þar sem slík launahækkun valdi röskun á hinu almenna launakerfi í landinu.

Ekkert ákvæði kjarasamningsins tekur til þess, hvernig sú aðstaða skuli skilgreind, að framkvæmd tiltekinna ákvæði hans fari í bága við þetta markmið, sem aðilar tóku sameiginlega á sig að stefna að. Verður þetta ákvæði samningsins ekki skýrt öðruvísi en svo, að telji annar hvor samningsaðilanna slíka röskun vera yfirvofandi, verði hann að leita samkomulags við hinn aðilann um, hvernig við því skuli brugðist. Er því ekki fallist á með stefnda, að ákvæði 1. gr. samningsins hafi heimilað honum að ákveða einhliða frestun greiðslna samkvæmt 1. kafla samningsins, sem koma áttu til framkvæmda 1. júlí 1990, enda hefur ekki verið í ljós leitt með óyggjandi hætti, að afleiðingar samningsins verði aðrar en þær, er sjá mátti fyrir við gerð hans.

Sýknukrafa lýtur að öðru lagi að því, að kröfugerð stefnanda eigi ekki stoð í 5. gr. kjarasamnings aðila.

Þeim kjarasamanburði, sem 1. kafli samningsins fjallar um, var ekki lokið fyrir 1. júlí 1990. Hafði kjarasamanburðarnefnd ekki skilað lokaáliti þann dag, en fulltrúar stefnda í nefndinni lögðu hins vegar fram sitt lokaálit hinn 29. júní 1990.

6. mgr. 5. gr. kjarasamningsins er svohljóðandi:

„Hafi nefnd skv. 3. mgr. 2. gr. ekki skilað lokaáliti hinn 1. júlí

1990, skal greitt upp í væntanlega hækkun þannig, að tilfærslur milli launaflokka skv. 3. mgr. verði að jafnaði 1/2 launaflokki meiri en lágmark skv. 3. mgr. hefði verið frá 1. júlí 1990. Við endanlega ákvörðun áfangans skal þó enginn lækka í launaflokki."

Ákvæði 3. mgr. 5. gr., sem hér er vísað til, hljóðar svo:

„Í hverjum áfanga skal þá miða við, að hækkun nemi einum launaflokki hið minnsta að meðaltali, en einstök starfsheiti og einstakir starfmenn hækki þó ekki meira en nemur 3 launaflokkum. Er hér miðað við launaflokka skv. 10. gr. eða jafngildi þeirra, verði launatöflu breytt."

Af orðalagi 6. mgr. 5. gr. er ljóst, að ákvæðið mælir fyrir um greiðslur, ef framkvæmd kjarasamanburðarins dregst fram yfir 1. júlí 1990. Verða hin tilvitnuðu ákvæði ekki skýrð á annan veg en þann, að stefnda beri að greiða félagsmönnum stefnanda upp í hækkun, sem þeir kunni að eiga rétt á samkvæmt kjarasamanburðinum, þar sem honum var ekki lokið hinn 1. júlí 1990. Samkvæmt 6. mgr., sbr. 3. mgr. 5. gr., nemur þessi greiðsla einum og hálfum launaflokki samkvæmt 10. gr. samningsins.

Með hliðsjón af þessu verður sýknukrafa stefnda ekki tekin til greina, og lagarök standa ekki til þess að sýkna að svo stöddu.

Rétt þykir, að stefndi greiði stefnanda málskostnað, sem ákveðst kr. 200.000, ásamt vöxtum eins og krafist er.

Dómsorð:

Frávísunarkröfu stefnda, fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, er hrundið.

Viðurkennt er, að stefnda fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs sé frá 1. júlí 1990 skylt að greiða félagsmönnum stefnanda, Félags íslenskra náttúrufræðinga, sem starfa hjá stefnda og taka laun samkvæmt kjarasamningi aðila frá 18. maí 1989, fjárhæð, sem nemur 1½ launaflokki til viðbótar launum viðkomandi félagsmanns samkvæmt 10. gr. kjarasamnings aðila.

Stefndi greiði stefnanda kr. 200.000 í málskostnað, er beri dráttarvexti skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Þriðjudaginn 18. desember 1990.

Nr. 6/1990. **Farmanna- og fiskimannasamband Íslands vegna Skipstjórafélags Norðlendinga**
(Hjalti Steinþórsson hrl.)
gegn
Landssambandi íslenskra útvegsmanna f.h. Útvegsmannafélags Norðurlands
(Jónas Haraldsson hdl.).

Frávísun.

Dómur Félagsdóms.

Mál þetta dæma Garðar Gíslason, Björn Helgason, Ingibjörg Benediktsdóttir, Jón Þorsteinsson og Gunnar Guðmundsson.

Málið, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum málflutningi 11. þ. m., er höfðað með stefnu birtri 3. þ.m.

Stefnandi er Farmanna- og fiskimannasamband Íslands vegna Skipstjórafélags Norðlendinga.

Stefndi er Landssamband íslenskra útvegsmanna f.h. Útvegsmannafélags Norðurlands.

Dómkröfur stefnanda eru þessar:

Að staðfest verði með dómi, að við uppgjör hlutaskipta til skipstjóra og stýrimanna á skipum félagsmanna stefndu sé óheimilt að reikna gjald í Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins skv. lögum nr. 39/1990 af óskiptu söluverðmæti afla.

Stefnandi krefst og málskostnaðar.

Stefndi krefst þess, að máli þessu verið vísað frá Félagsdómi. Hann áskilur sér allan rétt til að halda uppi efnisvörnum, verði frávísunarkrafa hans ekki tekin til greina, sbr. 2. tl. 44. gr. laga nr. 80/1938, eða Félagsdómur vísar ekki málinu ex officio frá á grundvelli 3. tl. 44. gr. laganna.

I.

Stefnandi kveður málavexti þessa: Hinn 15. maí 1990 voru sett á Alþingi lög nr. 39/1990 um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins. Eftir setningu laganna tók að örla á því, að útgerðarmenn teldu, að reikna bæri gjald til Verðjöfnunarsjóðs af sölum frystiskipa og af sölum gámafisks af óskiptu, þ.e. draga það frá söluverði aflans, áður en skiptaverðmæti væri reiknað til hlutaskipta. Var þessi

skoðun áréttuð í umburðarbréfi LÍÚ nr. 10/1990. Þessari uppgjörsaðferð hefur þrásinnis verið mótmælt af hálfu FFSÍ og á það bent, að engin stoð væri í lögunum fyrir henni. Þrátt fyrir þessi mótmæli hefur fjöldi útgerða gert upp með þeim hætti, sem LÍÚ hvetur til í nefndu bréfi.

Við gerð kjarasamninga nú nýverið var reynt að ná samkomulagi um þetta deiluefni aðila, en án árangurs. Var gerð bókun við undirritun kjarasamnings aðila hinn 20. nóvember 1990, þar sem þeir lýsa sig sammála um, að leita megi úrlausnar Félagsdóms í málinu.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að mál þetta eigi undir Félagsdóm, enda sé í kjarasamningi aðila samið um skiptaverð og það, hvernig það skuli reiknað, sbr. grein 1.10 í kjarasamningi aðila frá janúar 1987, sem enn sé í gildi. Með því að reikna gjald til Verðjöfnunarsjóðs af skiptu séu útgerðarmenn að breyta þeirri túlkun, sem gilt hefur á ákvæði kjarasamnings aðila um hlutaskipti, og sé því ágreiningur með aðilum um skilning á viðkomandi ákvæði. Falli málið því undir 2. tl. 44. gr. laga nr. 80/1938.

Jafnvel þótt málið teldist ekki falla undir tilvitnað ákvæði, sé þess þó vænst, að Félagsdómur taki málið til úrlausnar á grundvelli heimildarinnar í 3. tl. 44. gr. laga nr. 80/1938, enda hafi aðilar orðið sammála um að leggja málið fyrir dóminn. Verulegir hagsmunir séu í því fólgnir fyrir málsaðila að fá skjóta og endanlega úrlausn um sakarefni málsins, því að niðurstaða þess kann að leiða til þess, að taka þurfi upp fjölda uppgjöra við sjómenn.

Málsástæður og lagarök stefnanda, að því er varðar efni málsins eru eftirfarandi:

Hvergi í lögum nr. 39/1990 er ráð fyrir því gert, að reikna skuli gjald til Verðjöfnunarsjóðs af hlut sjómanna í söluverðmæti afla. Þvert á móti kemur fram í lögunum, að innstæður í sjóðnum eru bundnar við framleiðendur eða þá, sem greiða til sjóðsins, þ.e. fiskverkendur og útgerðarmenn, sbr. 7. gr. laganna. Raunar er augljóst, að innstæður geta sætt því að koma aldrei til útborgunar, t.d. við gjaldþrot, eða færst milli lögaðila, sbr. 7. gr. Hvergi er því tryggt, að hlutur sjómanna í verðjöfnunargjaldi skili sér aftur til þeirra við útborgun, en það væri forsenda þess, að þeir yrðu látnir greiða til Verðjöfnunarsjóðs, enda ella um ólögmætt kjararáð að ræða.

Þá er á því byggt, að hlutaskipti séu bæði samningsbundin og

lögbundin, sbr. gr. 1.10 í kjarasamningi og lög nr. 24/1987, þar sem hlutaskiptareglur eru lögfestar.

Ef það hefði vakað fyrir löggjafanum að breyta þessum reglum með setningu laga nr. 39/1990, hefði þurft að kveða á um það berum orðum í lögunum, en að því er hvergi vikið, hvorki í lögunum sjálfum, greinargerð með þeim né öðrum lögskýringargögnum. Er því ljóst, að skilningur stefnda á útreikningi gjalds til Verðjöfnunarsjóðs fær ekki staðist.

Þar eð gjald í Verðjöfnunarsjóð miðast við útflutning, reynir einungis á það, hvort sjómenn skuli bera hluta þess, þegar skip fullvinnur afurðir, sem fluttar eru út, þ.e., þegar afli er frystur eða saltaður um borð, svo og þegar skip siglir með ísfisk og selur erlendis eða afli skips er fluttur ferskur út í gámum.

Þegar skip landar afla hér innan lands, kemur gjald til Verðjöfnunarsjóðs hins vegar ekki til, heldur leggst það síðar á þær afurðir, sem úr aflanum eru unnar við útflutning þeirra.

Ekki mun hafa reynt á það í gildistíð eldri laga um Verðjöfnunarsjóð nr. 72/1969, hvort sjómenn skyldu bera hluta af gjaldi sjóðsins. Þó má telja líklegt, að gjald til Verðjöfnunarsjóðs hafi haft einhver áhrif á ákvörðun fiskverðs, meðan það var ákveðið reglulega af Verðlagsráði sjávarútvegsins. Hins vegar hefur fiskverð að undanförnu verið meira og minna frjálst og ráðist af framboði og eftirspurn á fiskmörkuðum hér heima og erlendis. Þau rök sumra útgerðarmanna, að fiskverð sé ákveðið m.a. með tilliti til gjalds til Verðjöfnunarsjóðs, eiga þá ekki lengur við.

II.

Stefndi lýsir málavöxtum svo, að með lögum nr. 72/1969 hafi verið settur á laggirnar Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins, sem hafi verið ætlað að jafna sveiflur á verði afurða til framleiðenda, þannig að þegar verð á sjávarafurðum hækkaði, væri hluti af þeirri hækkun geymdur í sjóði til að mæta verðlækkun síðar. Í stjórn sjóðsins átti sæti m.a. fulltrúi sjómanna, enda hafi þeir átt hagsmuna að gæta, m.a. þar sem greiðslur úr og í sjóðinn höfðu óbein áhrif á fiskverðsákvarðanir.

Árið 1986 hafi lög sjóðsins verið endurskoðuð í tilefni uppstokkunar á sjóðakerfi sjávarútvegsins. Niðurstaðan hafi orðið sú, að sjóðurinn skyldi starfa áfram.

Stuttu síðar eða í janúar 1988 skipaði síðan sjávarútvegsráðherrra

nefnd embættismanna til að endurskoða gildandi lög og reglur um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og þá hvort Verðjöfnunarsjóður væri nauðsynlegur. Nefndin skilaði áliti í maí 1988 og komst að þeirri niðurstöðu, að veigamiklar forsendur fyrir starfsemi Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins væru brostnar, og því bæri að leggja sjóðinn niður. Enn var sett nefnd á laggirnar á árinu 1989 til að endurskoða starfsemi Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins. Að þessu sinni var skipuð nefnd þingmanna og hagsmunaaðila. Nefndin hóf fljótlega störf. Sjónarmið hagsmunaaðila í sjávarútvegi, þ.e. útvegsmanna og sjómanna, að leggja bæri Verðjöfnunarsjóð niður og ekki að stofna annan í hans stað, var rækilega komið á framfæri við nefndina.

Hér á eftir sé orðrétt tekið úr skýrslu formanns SSÍ árið 1990:

„Nefndin, sem endurskoða átti framtíð Verðjöfnunarsjóðs, skilaði áliti til sjávarútvegsráðherra í apríl 1990 í formi frumvarps til laga um nýjan Verðjöfnunarsjóð. Frumvarpið til laga um nýjan Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins var síðan lagt fram á Alþingi stuttu síðar. Í skilabréfi nefndarinnar kemur afstaða fulltrúa Sjómannasambands Íslands skýrt fram, þ.e. að Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins yrði lagður niður og enginn nýr sjóður tæki við hlutverki hans. Afstaða fulltrúa útgerðarmanna var sú sama og afstaða fulltrúa SSÍ. Hins vegar var afstaða FFSÍ sú, að þeir væru fylgjandi verðjöfnun í öðrum vinnslugreinum en botnfisksvinnslu. Fulltrúar vinnslunnar voru fylgjandi hugmyndum um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins, eftir að ljóst varð, að útflutningur á ferskum fiski og sjófrystur fiskur yrði tekinn inn í verðjöfnunina.

Meðferð frumvarpsins á Alþingi.

Þegar þingnefndir á Alþingi fjölluðu um frumvarpið, voru flestir fulltrúar hagsmunaaðilanna kallaðir fyrir. Þó voru fulltrúar Sjómannasambands Íslands ekki kallaðir fyrir þingnefndina, sem um málið fjallaði, fyrr en framkvæmdastjóri SSÍ óskaði eftir því við nefndina, að sambandinu gæfist kostur á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri við Alþingi. Í framhaldi af þeirri ósk voru fulltrúar SSÍ kallaðir fyrir þingnefndina, þar sem þeir gerðu grein fyrir afstöðu sinni til sjóðsins. Bent var á, að samkvæmt frumvarpinu væru innstæður sjóðsins sérmerktar framleiðendum og útgerðarmönnum og því ylli verðjöfnunarsjóður sem þessi ákveðnum erfiðleikum fyrir sjómenn, þar sem þeir væru á hlutaskiptakjörum og hlytu því að

eiga tilkall til sérreikninga eins og útgerðamenn. Virtist það koma þingmönnum nokkuð á óvart, að fulltrúar Sjómannasambandsins væru mótfallnir frumvarpinu, þar sem fulltrúar FFSÍ væru fylgjandi Verðjöfnunarsjóðnum. Fulltrúar SSÍ bentu á, að FFSÍ væri aðeins hlynnt verðjöfnun á öðrum tegundum en botnfiskstegundum, og því stæðist ekki, að þeir væru hlynntir sjóðnum í þeirri mynd, sem frumvarpið gerði ráð fyrir. Einn þingmanna spurði, hvort breytingartillaga við frumvarpið þess efnis, að sérstaklega yrði tekið fram, að verðjöfnunin hefði ekki áhrif á hlutaskipti sjómanna, myndi leysa vandamál varðandi hlutaskipti sjómanna. Við þá málsmeðferð gátu fulltrúar SSÍ sætt sig og fóru af fundi þingnefndarinnar í þeirri trú, að sú breytingartillaga næði fram að ganga. Hins vegar fór sú tilaga aldrei lengra og ekki var minnst á hlutaskipti sjómanna og verðjöfnun í umræðum um frumvarpið á Alþingi".

Hér lýkur tilvitnun í skýrslu formanns Sjómannasambands Íslands 1990.

Með lögum nr. 39/1990 var frumvarpið um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins lögfest.

Málsástæður og lagarök.

Stefndi byggir frávísunarkröfu sína á því, að ágreiningsefni það, sem lagt hefur verið fyrir Félagsdóm með málshöfðun þessari, falli ekki undir dómsvið Félagsdóms, þ.e. hvorki 1. né 2. tölulið 44. gr. laga nr. 80/1938. Þar sem kröfur stefnanda liggi utan dómsvalds Félagsdóms, verði að vísa máli þessu frá dómi, enda eigi mál þetta beint undir almenna dómstóla eða gerðardóm, ef aðilar kjósa þá leið.

Aðilar deili eingöngu um það, hvaða skilning eigi að leggja í lög nr. 39/1990 um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins, þ.e. hvort skilja beri lögin þannig, að sjómenn skuli taka þátt í verðjöfnun eða ekki.

Kjarna málsins telur stefndi snúast um hreina túlkun lagaákvæða, þótt niðurstaða þeirra lagatúlkana hafi að sjálfsögðu áhrif á kjör sjómanna, eins og ýmis önnur lög hafa haft, sbr. t.d. lög nr. 19/1987 um uppboðsmarkað fyrir sjávarafla, 3. mgr. 6. gr. og lög nr. 66/1987 um aðgerðir í sjávarútvegi, 2. gr. Í þeim tilvikum varð ekki ágreiningur uppi um innihald þeirra laga eða túlkun, en hefði orðið svo, hefði Félagsdómur ekki átt dómsvald um slíka lagatúlkun, frekar en í máli þessu.

Ágreiningur máls þessa snúist ekki um skilning á ákvæðum kjara-

samnings eða hvernig eigi að túlka hann í heild eða einstökum greinum. Ágreiningurinn fjalli eingöngu um skýringu á lögum, þ.e. lögum um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins, og úrlausn þess heyri ekki undir Félagsdóm skv. 2. tl. 44. gr. laga nr. 80/1938.

Hvergi sé að finna heimild fyrir Félagsdóm að leggja efnisdóm á mál þetta, eins og það sé vaxið. Félagsdómur sé sérdómstóll og beri að túlka ákvæði hans um dómsvald þröngt, nema fyrir hendi sé í lögunum skýr afdráttarlaus heimild, sem feli Félagsdómi úrlausn máls um lagaágreining. Svo sé ekki og beri því að vísa málinu frá Félagsdómi, enda ekki verið að deila um gildi kjarasamnings eða túlkun hans, sem sé skilyrði þess, að Félagsdómur geti dæmt um ágreininginn, sbr. 2. tölulið 44. gr.

III.

Stefnandi andmælir frávísunarkröfu stefnda. Hann kveður málið falla undir dómsvið Félagsdóms skv. 1. eða 2. tl. 44. gr. laga nr. 80/1938, þar sem kjarasamningur aðila um hlutaskipti hafi verið brotinn á stefnendum. Tekið hafi verið af samningsbundnum hlut sjómanna og lagt í vasa útvegsmanna, og þar með hafi hlutur sjómanna verið skertur. Hér sé því alls ekki eingöngu um lagatúlkun að ræða, heldur jafnframt brot á kjarasamningi.

IV.

Fallast ber á með stefnda, að deila aðila snúist um skilning á lögum nr. 39/1990 um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins, en þar er hvorki vikið að kjarasamningum sjómanna né skiptaverðmæti afla. Ber því eigi undir Félagsdóm, sbr. 2. tl. 1. mgr. 44. gr. laga nr. 80/1938, að skera úr um ágreiningsefnið. Þar sem dómendur eru á einu máli um, að ekki sé ástæða til að beita hér heimild 3. tl. sömu greinar, ber að vísa málinu frá Félagsdómi.

Málskostnaðar hefur eigi verið krafist af hálfu stefnda.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Félagsdómi.

Fimmtudaginn 17. janúar 1991.

Nr. 5/1990. **Félag bókagerðarmanna**
(Arnmundur Backman hrl.)
gegn
Vinnuveitendasambandi Íslands f.h.
Félags íslenska prentiðnaðarins
(Jón R. Pálsson hdl.).

Kjarasamningur. Yfirvinnukaup. Bókagerðarmenn.

Dómur Félagsdóms.

Mál þetta dæma Garðar Gíslason, Björn Helgason, Ingibjörg Benediktsdóttir, Jón Þorsteinsson og Gunnar Guðmundsson.

Málið, sem dómtekið var að loknum munnlegum málflutningi 9. þ.m., er höfðað með stefnu birtri 30. október 1990.

Stefnandi er Félag bókagerðarmanna, Hverfisgötu 21, Reykjavík.

Stefndi er Vinnuveitendasamband Íslands f.h. Félags íslenska prentiðnaðarins.

Dómkröfur stefnanda eru þessar:

1. Að dæmt verði, að réttur sé sá skilningur stefnanda á gr. 2.7. í gildandi kjarasamningi aðila frá 25. mars 1988, að aukavinna skuli aldrei greidd með lægra álagi en 100% á dagvinnukaup í hverjum flokki, miðað við 40 stunda vinnuviku, hvort sem dagvinnukaup fer eftir lágmarkskaupi kauptaxta eða yfirborgun.
2. Að stefnda verði gert að greiða stefnanda málskostnað eftir mati dómsins.

Dómkröfur stefnda eru þessar:

1. Að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda.
2. Að viðurkenndur verði með dómi sá skilningur stefnda, að með orðunum „í hverjum flokki" í gr. 2.7. í kjarasamningi aðila, sé átt við gildandi launaflokka samkvæmt kjarasamningi aðila, óháð kaupi hvers og eins starfsmanns skv. ráðningarsamningi.
3. Að stefnanda verði gert að greiða stefnda málskostnað að mati dómsins.

I.

Stefnandi kveður málavexti þá, að í gr. 2.7. í gildandi kjarasamningi málsaðila sé svohljóðandi ákvæði:

„Aukavinnukaup: Aukavinna skal greidd með 100% álagi á dagvinnukaup í hverjum flokki, sem miðast við 40 stunda vinnuviku (deilitala 40).“

Frá árinu 1937 hafi verið ákvæði í kjarasamningum málsaðila um aukavinnu. Í 2. gr. kjarasamningsins frá 1937 segi t.d., að fyrstu 4 tímarnir eftir vinnuhættur borgist með viðbótinni 35 á hundrað. Aukavinna eftir þann tíma og til vinnubyrjunar næsta dag borgist með 100 á hundrað. Núgildandi ákvæði um aukvinnukaup hafi komið inn í kjarasamninga málsaðila á árinu 1970. Samkvæmt 13. gr. þess kjarasamnings skyldi aukavinna greidd með 93% álagi á dagvinnukaup í hverjum flokki, sem miðast við 41 stundar vinnuviku (deilitala 40). 1971 hafi álag þetta verið hækkað í 100%, og hafi verið þannig síðan.

Stefnandi hafi ávallt verið þeirrar skoðunar að með orðalaginu „í hverju flokki“ sé átt við þau laun, sem hver og einn hefur fyrir 40 klst. dagvinnu, hvort heldur þau laun fara eftir kauptaxta og lágmarkslaunum kjarasamnings eða yfirborgun. Ákvæði greinarinnar leggi þær skyldur á stefndu að greiða alla aukavinnu með eigi lægra en 100% álagi á dagvinnukaup, hvernig sem dagvinnukaup er fundið, þ.e.a.s., hvort sem það fer eftir kjarasamningi eða er yfirborgað eftir persónulegum ráðningarsamningi við launþega. Ágreiningur hafi þó ekki verið með málsaðilum um túlkun þessarar greinar, vegna þess að ekki hafi legið fyrir upplýsingar um aukavinnukaup, þegar um er að ræða persónulegar yfirborgarnir. Í kjarasamningi málsaðila frá árinu 1987 sé hins vegar tekið upp ákvæði í 4. gr. um kjarakannanir. Samningsaðilar hafi þá orðið sammála um að láta framkvæma og birta niðurstöðu kjarakannana tvisvar til fjórum sinnum á ári eftir atvikum til þess að gefa samningsaðilum sem gleggsta mynd af öllum þeim launum, sem greidd eru á hverjum tíma í starfsgreinunum. Þetta ákvæði sé í samræmi við sambærilega kjarakönnun, sem Alþýðusamband Íslands og Vinnuveitendasamband Íslands beittu sér fyrir árið 1986 í því skyni að færa kauptaxta nær greiddu kaupi og auka hlut fastra launa í heildartekjum. Eftir kjarakönnun í september 1987 hafi farið að bera á ágreiningi með málsaðilum um túlkun á umræddri grein, sem leiddi til þess, að stefnandi sendi út með kauptaxta í mars 1988 leiðbeiningar um aukavinnugreiðslu, þar sem aukavinna er í öllum tilfellum 100% ofan á vikukaup í dagvinnu. 11. mars 1988

hafi stefndi svarað þessari tilkynningu og telji þessi dæmi ekki í neinu samræmi við nýgerða kjarasamninga. 14. mars 1988 hafi stefnandi enn sent bréf til stefnda varðandi þessa túlkun og vísar afstöðu Félags íslenska prentiðnaðarins á bug. Ágreiningur málsaðila sé óleystur enn í dag.

Enda þótt vitað væri, að margir atvinnurekendur í greininni framkvæmdu og túlkuðu umrætt ákvæði kjarasamningsins á sama veg og stefnandi, hafi kjarakönnun í janúar 1990 leitt í ljós mjög alvarlegt ósamræmi milli dagvinnukaups og aukavinnukaups. Hinn 20. mars sl. hafi Félag prentiðnaðarins sent út Félagsfréttir félagsins, þar sem því er haldið fram „vegna rangrar túlkunar Félags bókagerðarmanna í gr. 2.7. á bls. 11 í samningunum", að umsamið 100% álag vegna aukavinnu skuli einungis reiknað á þau dagvinnulaun, sem eru skráð í launaskrám eða kauptöxtum beggja félaganna, nema öðruvísi sé um samið í persónubundnum ráðningarsamningi við launþega. Við samningagerð milli félaganna hafi aldrei verið fallist á né skrifað undir neitt annað. Kjarasamningar milli vinnuveitenda og stéttarfélaga séu einungis samningar um lágmarkskjör. Um yfirborganir á dagvinnu og aukavinnu, ef um þær er að ræða, fari eftir samkomulagi milli starfsmanns og vinnuveitanda, en ekki eftir kjarasamningum málsaðila. Hinn 28. september sl. sendi stefnandi stefnda, Félagi íslenska prentiðnaðarins, bréf, þar sem þessari túlkun í Félagsfréttum er mótmælt harðlega og á það bent, að túlkun stefnanda sé önnur. Orðalagið „í hverjum flokki" standi fyrir þau laun, sem hver og einn hefur fyrir 40 klst. dagvinnu, án tillits til þess, hvort þau eru í kauptaxtanum eða ekki. Ákvæði gr. 2.7. leggi þær skyldur á atvinnurekendur í greininni að greiða alla aukavinnu með eigi lægra en 100% álagi (ákvæði kjarasamninga er lágmark) á dagvinnukaup, hvernig sem dagvinnukaup sé fundið.

Málsástæður og lagarök.

Í máli þess, sem höfðað er á grundvelli 2. tl. 1. mgr. 44. gr. l., nr. 80/1938, reisir stefnandi kröfugerð sína á því, að skilningur stefnda á ágreiningsefninu fái ekki staðist, hvorki samkvæmt orðanna hljóðan né eðli máls. Í 2. kafla kjarasamnings málsaðila séu ákvæði um lágmarkslaun starfsfólks í greininni miðað við 40 stunda dagvinnu á viku. Í kjarasamningi séu hins vegar engin ákvæði um aukavinnukaup önnur en þau í gr. 2.7., sem ágreiningur sé um. Útgefnir kauptaxtar hafi hins vegar að geyma þessi dagvinnulaun

(lágmarkslaun) með þeim breytingum, sem á þeim verða á samningstímanum, og þar sé aukavinnukaup verðlagt með 100% álagi á þennan grunntaxta. Vegna þess að ákvæði kjarasamninga málsaðila sé um lágmarkskjör, viðgangist yfirborganir með ýmsu móti í starfsgreininni og séu mismiklar. Yfirborganir þessar fari oftast þannig fram, að starfsmaður og atvinnurekandi komi sér saman um ákveðna fjárhæð sem viku- eða mánaðarlaun. Oftar en ekki sé vikukaupið ekki í neinum sérstökum tengslum við uppgefnar launatöflur í kauptaxta. Stefnandi lítur svo á, að atvinnurekendur í greininni séu bundnir þannig, að ákvæði gr. 2.7. í gildandi kjarasamningum, að aukavinnukaup skuli vera 100% álag á umsamið dagvinnukaup. Atvinnurekendur eigi að þekkja umrætt ákvæði kjarasamningsins og verði að gera ráð fyrir þeirri skyldu í samningum við starfsmenn sína að raska ekki hlutfalli milli dagvinnu og aukavinnu. Stefnandi leggur áherslu á, að gæta verði þess, að hlutfall þetta haldist. Tilgangur þessa ákvæðis eins og annarra í kjarasamningnum sé sá að sporna við óhóflegri yfirvinnu, gera hana dýrari og verðleggja hátt aukið vinnuframlag umfram daglega vinnuskyldu samkvæmt lögum um 40 stunda vinnuviku. Ef skilningur stefnda sé réttur, geti aukavinnuálag, sem aðeins er 100%, ofan á lágmarkslaun samkvæmt kauptaxta án tillits til raunverulegs dagvinnukaups viðkomandi, hreinlega orðið að engu, ef um verulega yfirborgun dagvinnu er að ræða, eins og víða tíðkast. Dagvinnukaup í skilningi 2.7. hljóti að vera það kaup, sem hver og einn nýtur, með eða án yfirborgunar, þannig að hlutfall milli dagvinnu og aukavinnu haldist. Samkvæmt kjarakönnun í janúar 1990 séu laun iðnsveina og laun við taxtainnritanir allt frá kr. 57.473.- til kr. 142.492.-. Það gefi því auga leið, að þegar starfsmenn eru komnir yfir kr. 130.000.- í dagvinnulaun á mánuði miðað við 173 tíma að meðaltali í hverjum mánuði, sé aukavinnukaup eftir túlkun Félags prentiðnaðarins orðið lægra en dagvinnukaup, og slíkt fái ekki staðist.

II.

Stefndi kveður málavexti þá, að í gr. 2.7. í kjarasamningi bókagerðarmanna og Félags íslenska prentiðnaðarins sé sérstakt ákvæði um útreikning aukavinnukaups (yfirvinnukaups), þ.e. yfirvinnutaxta samkvæmt kjarasamningi aðila.

Fyrrgreint ákvæði hafi verið óbreytt í kjarasamningi aðila tæp-

lega 20 ár og aldrei valdið neinum ágreiningi eða erfiðleikum í samskiptum atvinnurekenda og launamanna.

Yfirborganir í einni eða annarri mynd hafi verið mjög algengar meðal bókagerðarmanna allt þetta tímabil. Um þessar yfirborganir hafi vinnuveitendur og einstakir bókagerðarmenn samið í ráðningarsamningum sín á milli án nokkurra afskipta af hálfu FÍP eða FBM, enda sé það hvorki hlutverk samtaka vinnuveitenda né launafólks að hindra yfirborganir umfram kauptaxta kjarasamninga.

Yfirvinna hafi ætið verið mikil og árstíðabundin meðal starfsfólks í prentiðnaði. Launagreiðslur vegna yfirvinnu vegi því þungt í rekstri prentfyrirtækja. Það hafi því verið mjög algengt í yfirborgunarsamningum starfsmanna og raunar regla í sumum fyrirtækjum, að samið sé sérstaklega um yfirvinnukaup einstakra starfsmanna, þó þannig, að aldrei sé greiddur lægri yfirvinnutaxti en kjarasamningar kveði á um. Yfirborganir hafi verið framkvæmdar með þessum hætti í starfsgreininni allt frá árinu 1970 og raunar fyrir þann tíma. Þessi framkvæmd hafi verið óumdeild eða a.m.k. verið látin átölulaus af hálfu bókagerðarmanna fram til ársins 1988.

Það hafi komið atvinnurekendum og Félagi íslenska prentiðnaðarins í opna skjöldu, þegar Félag bókagerðarmanna dreifði með kaupskrá sinni í lok mars 1988 dæmablaði um útreikning aukavinnukaups. Það dæmablað hafi verið þeim mun óskiljanlegra, þegar haft sé í huga, að nokkrum dögum áður eða þann 25. mars 1988 höfðu FBM og FÍP undirritað kjarasamning sín í milli. Í þessum kjarasamningi var gr. 2.7. í engu breytt, og raunar muni enginn í samninganefnd FÍP, að yfirvinnukaup hafi við þá samningsgerð verið sérstaklega rætt við FBM. Félag íslenska prentiðnaðarins mótmælti þessum aðgerðum FBM harðlega með bréfi frá 11. apríl 1988.

Í lok apríl 1989 fóru fram samningaviðræður við FBM um nýjan kjarasamning, en kjarasamningur aðila frá 25. mars 1988 var laus frá 31. mars. Lauk þeim viðræðum með undirritun kjarasamnings þann 2. maí 1989, og var gildistími hans til ársloka 1990. Í þessum kjarasamningi var yfirvinnuákvæði kjarasamningsins (gr. 2.7.) í engu breytt og raunar ekkert rætt.

Kjarasamningur aðila frá 2. maí 1989 var síðan endurnýjaður með kjarasamningi frá 1. febrúar 1990, og er gildistími hans til 15.

september 1991. Í þessum kjarasamningi eru reglur um útreikning yfirvinnukaups skv. kjarasamningi einnig óbreyttar frá því, sem verið hefur síðustu 20 ár.

Í mars 1990 hafi Félag bókagerðarmanna aftur hafið dreifingu á röngum upplýsingum um túlkun gr. 2.7. í kjarasamningi. Þessi undirróður stefnanda olli óróa meðal starfsmanna í aðildarfyrirtækjum stefnda. Framkvæmdastjóri FÍP vakti athygli aðildarfyrirtækja FÍP á athöfnum stefnanda í fréttablaði Félags íslenska prentiðnaðarins, sem gefið var út 10. mars 1990. Í Félagsfréttum FÍP voru atvinnurekendur varaðir við þessum undirróðri FBM og sá skilningur FÍP á kjarasamningi aðila ítrekaður, að atvinnurekendum væri ekki skylt að yfirborga yfirvinnutaxta kjarasamningsins, nema þeir hefðu tekið á sig slíka skyldu í ráðningarsamningi starfsmanns.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því, að kröfugerð stefnanda fái með engu móti samrýmst orðalagi gr. 2.7. í kjarasamningi aðila eða hafi stoð í öðrum greinum hans.

Í grein 2.1. í kjarasamningi aðila séu ákvæði um lágmarksvikulaun bókagerðarmanna. Starfsmönnum sé skv. þessari grein kjarasamningsins raðað í launaflokka eftir menntun, ábyrgð og starfsaldri. Í grein 2.7. sé því síðan lýst, hvernig yfirvinnukauptaxti sé fundinn. Deilt sé með deilitölunni 40 í umsamið vikukaup skv. kjarasamningi aðila til að finna út dagvinnutaxta. Aukavinna sé síðan greidd með 100% álagi á dagvinnukaup skv. hverjum launaflokki.

Með orðalaginu „í hverjum flokki" sé því verið að vísa til umsaminna lágmarks-launaflokka í gr. 2.1. í kjarasamningi aðila. Í þeirri grein hafi samningsaðilar samið um launaflokka bókagerðarmanna og röðun þeirra í þá.

Sú fullyrðing stefnanda, að með orðalaginu „í hverjum flokki" í grein 2.7. sé átt við raunveruleg laun hvers og eins starfsmanns skv. ráðningarsamningi, sé ekki annað en útúrsnúningur. Kröfugerð og orðskýringar stefnanda séu út í bláinn, enda hvorki í samræmi við kjarasamning aðila, almenna skynsemi né málnotkun.

Hafi það verið ætlun samningsaðila að skylda atvinnurekendur til að borga 100% álag á dagvinnukaup hvers og eins starfsmanns, hefði það verið sagt berum orðum í texta greinarinnar. Með orðalaginu „í hverjum flokki" sé gagnstætt því, sem stefnandi heldur

fram, beinlínis verið að vísa til umsaminna launaflokka í kjarasamningi aðila og taka af allan vafa um það, hvernig yfirvinnukaup skv. kjarasamningi aðila sé fundið.

Kjarasamningar stéttarfélaga og samtaka atvinnurekenda séu eðli sínu skv. einungis samningar um lágmarkslaunataxta, sbr. 7. gr. l. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur og 1. gr. laga nr. 55/1980 um starfskjör launafólks. Túlkun stefnda á gr. 2.7. sé í samræmi við þetta eðli og inntak kjarasamninga. Tilgangur kjarasamnings aðila sé eins og annarra kjarasamninga að skapa almennan ramma eða grunn fyrir atvinnurekendur og launamenn til að byggja á. Kjarasamningar leggi á hinn bóginn eðli sínu samkvæmt engin höft á yfirborganir í ráðningarsamningum umfram umsamda kauptaxta. Semji vinnuveitendur og einstakir launamenn um yfirborgun umfram launataxta kjarasamnings, fari um eðli og innihald þeirrar yfirborgunar eftir ráðningarsamningi starfsmanns og vinnuveitanda.

Fullyrðingar stefnanda um það, að stefndi hafi gengist undir þá skyldu, að yfirvinnukaup skuli ávallt vera ákveðið hlutfall (100%) af dagvinnukaupi starfsmanna án tillits til þess, hvort starfsmaður njóti yfirborgunar á dagvinnutaxta eða ekki, séu hreinn tilbúningur af hálfu stefnanda. Þetta segi hvergi í kjarasamningi aðila, hvorki gr. 2.7. né öðrum greinum hans. Í grein 2.7. segi það eitt, að yfirvinnukaup skv. kjarasamningi skuli greitt með 100% álagi á dagvinnutaxta skv. kjarasamningi. Í greininni sé hvergi sagt eða minnst á, að sama hlutfall skuli gilda í einstaklingsbundnum ráðningarsamningum, þar sem um yfirborgun sé að ræða.

Því sé harðlega mótmælt, að stefnandi hafi ekki vitað eða mátt vita um túlkun stefnda á gr. 2.7. í kjarasamningi bókagerðarmanna fyrr en á árinu 1987, þegar niðurstöður sameiginlegrar launakönnunar aðila voru birtar. Sú kjarakönnun hafi ekki verið fyrsta kjarakönnunin, sem framkvæmd var í prentiðnaði.

Stefnandi hafi auk þess ávallt nýtt sér þann rétt sinn skv. 9. - 12. gr. laga 80/1938 og 9. kafla kjarasamnings aðila að tilnefna trúnaðarmenn á vinnustöðum í starfsgreininni. Eitt mikilvægasta hlutverk trúnaðarmanna sé að fylgjast með því, að gildandi kjarasamningar aðila séu virtir í samskiptum vinnuveitenda og launamanna, sbr. 10. gr. laga 80/1938. Kjarasamningar aðila síðastliðin 4 ár hafi einnig beinlínis haft það að markmiði að færa kauptaxta nær greiddu kaupi. Báðir aðilar hafi þannig gert sér fulla grein fyrir

því, að miklar yfirborganir væru í starfsgreininni og þær væru með ýmsum hætti. Grein 2.7. í kjarasamningi aðila hafi ávallt verið túlkuð svo af hálfu stefnda, að hún leggi engar skyldur á atvinnurekendur til að yfirborga yfirvinnutaxta, nema þeir hafi sjálfir tekið á sig slíka skyldu í ráðningarsamningi við starfsmann. Þannig hafi greinin einnig verið framkvæmd í starfsgreininni.

Stefnandi, Félag bókagerðarmanna, hafi gert þrjá kjarasamninga við stefnda, frá því að honum varð, að eigin sögn, ljós skilningur stefnda á gr. 2.7. í kjarasamningi aðila. Stefnandi hafi ekki séð ástæðu til að hafa uppi þá kröfur, sem hann geri í þessu máli í þeim samningaviðræðum, sem fóru fram fyrir gerð þessara kjarasamninga. Aðgerðaleysi og tómlæti stefnanda sýni í ljósi áratuga framkvæmdar stefnda, að hann hafi sætt sig við framkvæmd stefnda á umræddu ákvæði.

Stefndi byggir gagnkröfu sína á 1. og 2. tl. 44. gr., sbr. 53. gr. l. 80/1938. Gagnkrafan byggi á þeim skilningi stefnda, að honum sé ekki skylt að yfirborga yfirvinnutaxta skv. kjarasamningi aðila. Gagnkrafan eigi sér stoð í orðalagi greinarinnar og áratuga framkvæmd stefnda og atvinnurekenda á greininni. Þann skilning hafi stefnandi viðurkennt í verki með athöfnum sínum og athafnaleysi.

III.

Aðilar hafa lagt fyrir dóminn að skera úr um mismunandi skilning sinn á gr. 2.7. í gildandi kjarasamningi aðila frá 25. mars 1988.

Í þessu máli er raunverulega deilt um það, hvort umsamdar yfirborganir á dagvinnukaup bókagerðarmanna taki með hliðstæðum hætti til launa fyrir aukavinnu. Yfirborganir eru launaávinningur umfram kauptaxta kjarasamnings, sem um er samið munnlega eða skriflega milli einstakra launþega annars vegar og vinnuveitanda hins vegar. Yirborganir eru tíðast hluti ráðningarsamnings.

Í grein 2.7. í gildandi kjarasamningi aðila er kveðið á um aukavinnuálag á dagvinnukaup í hverjum flokki. Verður að líta svo á, að þar sé átt við launaflokka samkvæmt 2. kafla samningsins með þar tilgreindumn launum, en ekki launafjárhæðir, sem stofnað er til með yfirborgunum, enda eru slíkar greiðslur utan við svið kjarasamninga.

Á þessum grundvelli verður að hafna dómkröfum stefnanda í meginatriðum, en taka efnislega undir dómkröfu stefnda í tölulið

2. í kröfugerð hans. Eftir atvikum þykir rétt, að stefnandi greiði stefnda kr. 70.000,00 í málskostnað.

Dómsorð:

Grein 2.7. í framangreindum kjarasamningi málsaðila tekur til launaflokka samkvæmt 2. kafla samningsins, en gildir ekki um yfirborganir.

Stefnandi, Félag bókagerðarmanna, greiði stefnda, Vinnuveitendasambandi Íslands f.h. Félags íslenska prentiðnaðarins, kr. 70.000,00 í málskostnað.

Miðvikudaginn 17. apríl 1991.

Nr. 1/1991. **Félag íslenskra náttúrufræðinga**
(Viðar Már Matthíasson hrl.)
gegn
fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs
(Gunnlaugur Claessen hrl.),
Samtökum stundakennara við Háskóla Íslands
(Valborg Snævarr cand.jur.)
og Félagi háskólakennara
(enginn).

Dómarar.

Úrskurður Félagsdóms.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar þann 11. apríl s.l., er höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu þingfestri 12. febrúar 1991.

Stefnandi málsins er Félag íslenskra náttúrufræðinga, kt. 530169-4139, Lágmúla 7, Reykjavík.

Stefndu eru fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, kt. 550169-2829, Arnarhvoli, Reykjavík, Samtök stundakennara við Háskóla Íslands, kt. 480488-1569, Háskóla Íslands við Suðurgötu, Reykjavík, og Félag háskólakennara, kt. 570172-0699, Háskóla Íslands við Suðurgötu, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda á hendur stefnda fjármálaráðherra f.h., ríkissjóðs eru þessar:

1. Að viðurkenndur verði réttur stefnanda til þess að gera kjarasamninga við stefnda fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs um kaup og kjör fyrir stundakennslu þeirra félagsmanna sinna, sem eru ríkisstarfsmenn og sinna slíkri kennslu við Háskóla Íslands.
2. Að viðurkennt verði með dómi Félagsdóms, að ákvæði kjarasamnings Félags háskólakennara, sem lúta að greiðslum fyrir stundakennslu, skuli, þar til annar kjarasamningur hefur verið gerður, gilda um stundakennslu þeirra félagsmanna stefnanda, sem eru ríkisstarfsmenn og sinna slíkri kennslu í Háskóla Íslands.
3. Að stefndi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs verði dæmdur til að greiða málskostnað samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands og að við ákvörðun á fjárhæð málskostnaðar verði tekið tillit til skyldu til að greiða virðisaukaskatt á málflutningsþóknun. Þá er þess krafist, að málskostnaður beri dráttarvexti samkvæmt III. kafla laga nr. 25/1987 að liðnum 15 dögum frá dómsuppsögu í málinu.

Á hendur stefndu Samtökum stundakennara og Félagi háskólakennara eru þær kröfur gerðar, að þessum félögum verði gert að þola dóm í málinu um stefnukröfurnar, svo farnar sem þær verða dæmdar í málinu.

Dómkröfur stefnda fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs eru þær aðallega, að málinu verði í heild sinni eða að hluta vísað frá Félagsdómi, ennfremur, að honum verði tildæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati réttarins.

Til vara er þess krafist, að stefndi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs verði með eða án frávísunar að hluta sýknaður af öllum kröfum stefnanda og honum tildæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati réttarins.

Af hálfu stefnda Samtaka stundakennara við Háskóla Íslands er tölulið 1 í kröfugerð stefnanda mótmælt, eins og hann er fram settur. Tölulið 2 er ekki mótmælt. Af hálfu þessa stefnda er litið

svo á, að tölulið 3 í kröfugerð stefnanda sé eingöngu beint gegn fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs.

Af hálfu stefnda Félags háskólakennara er fallist á þær kröfur, sem gerðar eru í málinu á hendur félaginu.

Í þinghaldi þann 14. mars sl. var af hálfu stefnda fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs gerð sú krafa, að einn dómenda, Þorsteinn A. Jónsson, sem tilnefndur var til setu í dóminum af Bandalagi háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna (BHMR), viki sæti. Munnlegur málflutningur fór fram um kröfu þessa 11. apríl sl., og var málið tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi.

Auk kröfu um, að Þorsteinn A. Jónsson viki sæti, var af hálfu stefnda fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs gerð krafa um málskostnað í þessum þætti málsins.

Af hálfu stefnanda var sú krafa gerð í þessum þætti málsins, að kröfu stefnda fjármálaráðherra yrði hafnað og jafnframt krafist málskostnaðar stefnanda til handa.

Af hálfu stefndu Samtaka stundakennara við Háskóla Íslands og Félags háskólakennara voru engar kröfur gerðar í þessum þætti málsins.

Kröfu sína í þessum þætti málsins styður stefndi þeim rökum, að mál það, sem hér er til úrlausnar, sé prófmál fyrir mörg eða flest félög innan BHMR. Niðurstaða í þessu máli muni því í raun skera úr um réttarstöðu félagsmanna í öðrum félögum innan BHMR, sem sinni stundakennslu í Háskóla Íslands sem aukastarfi. Hið sama eigi við um stundakennslu, sem þeir sinni sem aukastarfi í öðrum skólum á háskólastigi en Háskóla Íslands.

Eiginkona Þorsteins A. Jónssonar, Martha Á. Hjálmarsdóttir, sé formaður Meinatæknafélags Íslands, sem er eitt aðildarfélaga BHMR. Meinatæknafélag Íslands hafi þannig í raun sömu hagsmuni af niðurstöðu þessa máls og Félag íslenskra náttúrufræðinga, stefnandi málsins.

Í annan stað sinni Martha stundakennslu sem aukastarfi við Tækniskóla Íslands. Þorsteinn A. Jónssona og aðili nátengdur honum hafi þannig beina og sérstaka fjárhagslega hagsmuni af niðurstöðu máls þessa.

Með vísan til framanritaðs telji stefndi, að Þorsteinn A. Jónsson uppfylli ekki dómaraskilyrði til setu í málinu.

Kröfu sína byggir stefnandi á því, að krafa stefnda sé of seint

fram komin, og jafnframt er henni efnislega mótmælt. Stefnandi telur, að Þorsteinn A. Jónsson uppfylli skilyrði til þess að sitja sem dómari í þessu máli. Hann sé tilnefndur til setu í dóminum af hálfu BHMR í samræmi við lagaskyldu samtakanna. Í málinu sé deilt um réttarstöðu stundakennara við Háskóla Íslands, en ekki Tækniskóla Íslands. Stefnandi þessa máls sé Félag íslenskra náttúrufræðinga, en ekki Meinatæknafélag Íslands. Störf eiginkonu Þorsteins A. Jónssonar séu máli þessu óviðkomandi.

Kröfu stefnda verður ekki hafnað á þeirri forsendu, að hún sé of seint fram komin.

Í IV. kafla laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur eru ákvæði um Félagsdóm. Samkvæmt 39. gr. laganna eigi sæti í dóminum fimm menn, skipaðir til þriggja ára þannig: einn af Vinnuveitendasambandi Íslands, annar af Alþýðusambandi Íslands, þriðji af atvinnumálaráðherra úr hópi þriggja manna, sem Hæstiréttur tilnefnir og tveir af Hæstarétti.

Þegar Félagsdómur dæmir í málum samkvæmt 26. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna, þá nefna annars vegar heildarsamtök stéttarfélaga og hins vegar fjármálaráðherra eða Samband íslenskra sveitarfélaga dómara til setu í dóminum í stað þeirra, sem nefndir hafa verið af Alþýðusambandi Íslands og Vinnuveitendasambandi Íslands, sbr. 27. gr. sömu laga.

Dómarinn Þorsteinn A. Jónsson er í samræmi við 27. gr. laga nr. 94/1986 tilnefndur til setu í dóminum af Bandalagi háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna, sem stefnandi máls þessa, Félag íslenskra náttúrufræðinga, er aðili að.

Samkvæmt 48. gr. laga nr. 80/1938 skulu þeir dómarar, sem tilnefndir eru af Hæstarétti, víkja eftir sömu reglum, sem gilda um hæstaréttardómara, en í 6. gr. laga nr. 75/1973 eru reglur um það efni. Ekki hafa lög nr. 80/1938 sérstök ákvæði um það, hvenær hinir dómarar Félagsdóms eigi að víkja sæti. Þykir ekki felast í 69. gr. laganna, að um þetta skuli gilda reglur laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði.

Með gagnályktun frá ákvæðum 48. gr. laga nr. 80/1938 taka hin sérstöku dómaraskilyrði þeirra dómara Félagsdóms, sem tilnefndir eru af Hæstarétti, ekki til dómara þeirra, sem tilnefndir eru af Alþýðusambandi Íslands, Vinnuveitendasambandi Íslands eða öðrum aðilum. Þykir af því leiða, að þessum aðilum sé heimilt að

tilnefna til setu í Félagsdómi þá menn, sem fullnægja almennum skilyrðum fyrri hluta 42. gr. laga nr. 80/1938. Um hæfi dómara, sem tilnefndir eru samkvæmt ákvæðum IV. kafla laga nr. 94/1986 gilda sérstök hæfisskilyrði skv. 6. mgr. 27. gr. laganna, en það ákvæði er svohljóðandi: „Hinir tilnefndu dómarar skulu ekki eiga sæti í aðal- eða varastjórnum eða samningsnefndum viðkomandi stéttarfélaga né í samninganefndum ríkisins og viðkomandi sveitarfélaga.“ Við skýringu þessa ákvæðis þykir verða að líta til þess, að það var lögfest, eftir að úrskurður Félagsdóms gekk 22. mars 1979 í málinu nr. 4/1978. Verður þetta lagaákvæði ekki talið standa því í vegi, að Þorsteinn A. Jónsson sitji í dóminum í máli þessu. Ber því að hafna þeirri kröfu stefnda fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, að hann víki sæti.

Málskostnaður í þessum þætti málsins fellur niður.

Úrskurð þennan kváðu upp Kristjana Jónsdóttir, Björn Helgason, Ingibjörg Benediktsdóttir, Ragnar Halldór Hall og Þorsteinn A. Jónsson.

Úrskurðarorð:

Kröfu stefnda fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs um, að Þorsteinn A. Jónsson víki sæti sem dómari í máli þessu, er hafnað.

Málskostnaður fellur niður.

Þriðjudaginn 30. apríl 1991.

Nr. 2/1991. **Landssamband lögreglumanna**
(Gylfi Thorlacius hrl.)
gegn
fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs
(Gunnlaugur Claessen hrl.).

Frávísun að hluta. Kjarasamningur. Lögreglumenn.

Dómur Félagsdóms.

Mál þetta dæma Garðar Gíslason, Björn Helgason, Ingibjörg Benediktsdóttir, Ragnar Halldór Hall og Eiríkur Helgason.

Málið, sem tekið var til dóms 23. þ.m., er höfðað með stefnu birtri 15. f.m.

Stefnandi er Landssamband lögreglumanna, Grettisgötu 89, Reykjavík.

Stefndi er fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs.

Dómkröfur stefnanda eru þessar:

Að ríkissjóði verði gert að greiða félagsmönnum stefnanda 3% hækkun launa fyrir júlímánuð 1990 auk dráttarvaxta skv. vaxtalögum frá 1. ágúst 1990 til greiðsludags.

Að viðurkennd verði sú skylda stefnda, fjármálaráðherra, að kynna stefnanda þau gögn, sem hverju sinni eru lögð fram til grundvallar mati Hagstofu Íslands við útreikning, og að tilkynna síðan stefnanda um niðurstöðu mats Hagstofu Íslands, áður en launakeyrsla fyrir síðasta viðmiðunartímabil fer fram hverju sinni.

Að stefndi greiði málskostnað að mati dómsins.

Dómkröfur stefnda eru þessar:

Að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og honum tildæmdur málskostnaður að mati dómsins.

Til vara, að málskostnaður verði felldur niður.

I.

Stefnandi segir málavexti á þessa leið:

Hinn 18. júní 1986 gerðu aðilar með sér sérkjarasamning. Í framhaldi af því var m.a. gerð svohljóðandi bókun um samningsréttarmál:

„Aðilar eru sammála, um að verkfallsréttur lögreglumanna skuli

afnuminn. Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir því á Alþingi, að í lögum um lögreglumenn nr. 56/1972 komi ákvæði, er banni verkföll lögreglumanna ríkisins. Jafnframt mun ríkisstjórnin beita sér fyrir eftirfarandi breytingu á lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna, að því er varðar sérkjarasamninga lögreglumanna:

Náist ekki samkomulag um sérkjarasamning Landssambands lögreglumanna, getur hvor aðili sem er í stað þess að vísa málinu til kjaranefndar krafist kjarabreytinga, sem samsvari því, sem á vantar, að lögreglumenn fái þá meðalhækkun, sem eftirtaldir aðilar hafa fengið frá gerð síðasta sérkjarasamnings Landssambands lögreglumanna:

1. BSRB.
2. BHMR.
3. Samband íslenskra bankamanna.
4. Bandalag kennarafélaga.

Hagstofa Íslands reikni út framangreindar launabreytingar á sex mánaða fresti talið frá júlí 1986."

Þann 27. febrúar 1987 var síðan enn gerður ýtarlegri samningur um þessi atriði, þar sem í 2. gr. segir:

„Hagstofa Íslands meti breytingar á starfskjörum opinberra starfsmanna, þ.e. þeirra, sem taka laun eftir kjarasamningum núverandi aðildarfélaga BSRB, BHMR, BK svo og Sambands ísl. bankamanna. Upplýsingar þessar skulu miðaðar við 1. janúar og 1. júlí ár hvert og breytingar á hverju slíku tímabili. Geti Hagstofa Íslands ekki metið einstakar kjarabreytingar hjá viðmiðunarhópunum, skal upplýsingum um þau atriði komið til samningsaðila. Mat Hagstofu Íslands skal liggja fyrir innan 30 daga frá ofangreindum dagsetningum.

Lögreglumenn skulu 1. janúar og 1. júlí fá launahækkun samsvarandi meðalhækkun viðmiðunarhópanna síðasta viðmiðunartímabil."

Nýtt samkomulag var gert þann 5. maí 1989. 2. gr. 3. málsgrein hljóðar svo:

„Liggi mat Hagstofu Íslands ekki fyrir til launakeyrslu 1. júlí og 1. janúar fyrir síðasta viðmiðunartímabil, hækki laun lögreglumanna til bráðabirgða um 3% frá sama tíma og metin hækkun ætti að gilda. Gefi mat Hagstofunnar minni hækkun en 3%, lækki laun sem því nemur frá fyrsta degi næsta mánaðar, eftir að mati er lokið, en hækki ella frá upphafi tímabilsins."

Við launakeyrslu 1. júlí sl. hafði ekki verið tilkynnt um niðurstöðu mats þess, sem rætt er um í samkomulaginu frá 5. maí 1989. Stefnandi telur því, að greiða beri lögreglumönnum 3% hækkun launa fyrir júlímánuð 1990.

Málsástæður stefnanda og lagarök.

Stefnandi byggir mál sitt á því, að í samkomulagi aðila frá 5. maí 1989 segi berum orðum, að liggi mat Hagstofu Íslands ekki fyrir til launakeyrslu 1. júlí, hækki laun lögreglumanna um 3% til bráðabirgða. Í máli þessu sé upplýst, að Hagstofa Íslands hafi unnið verk sitt á réttum tíma fyrir 1. júlí 1990. Matið hafi hins vegar ekki verið sent stefnanda, og það hafi því ekki legið fyrir hjá honum. Skilyrði samningsins hafi því ekki verið uppfyllt, enda hafi matið þurft að liggja fyrir hjá báðum aðilum, til þess að unnt sé að fara yfir og gera athugasemdir. Það sé skýlaus réttur launþega að fá að vita, hvernig laun hans séu reiknuð út.

II.

Stefndi styður sýknukröfu sína þeim rökum, að upplýst sé og viðurkennt af stefnanda, að mat Hagstofu Íslands hafi legið fyrir í tæka tíð. Fyrsti liður kröfu stefnanda verði því augsýnilega ekki tekinn til greina.

Ekkert sé að finna í samningum aðila, sem segi, að stefnda sé skylt að tilkynna stefnanda sérstaklega niðurstöður mats. Því síður sé tilkynningarskylda á hann lögð fyrir 1. júlí og 1. janúar, hvort sem mat gefur tilefni til launahækkunar eða ekki. Samkvæmt samningnum skal mat Hagstofunnar eiga sér stað fyrir launagreiðslu til útborgunar á framangreindum dögum. Þær matsniðurstöður lágu fyrir í tæka tíð.

Af hálfu stefnda hafi hingað til ekki verið sendar sérstakar tilkynningar til Landssambands lögreglumanna eða Tollvarðafélags Íslands um matsniðurstöður. Venjur í samskiptum aðila styðji því ekki heldur sjónarmið stefnanda. Hagstofa Íslands hafi hins vegar umfram skyldu sent landssambandinu og tollvarðafélaginu afrit bréfa sinna til fjármálaráðuneytis. Hagstofan hafi með bréfum sínum verið að svara formlegum erindum fjármálaráðuneytisins, en ekki stéttarfélaganna. Frá þessum starfsháttum Hagstofu Íslands varð frávik í maí 1990, svo sem lýst sé í bréfi Hagstofunnar, dags. 5.4. sl. Slíkt sé þó hér með öllu þýðingarlaust, enda ekki brotið gegn neinni skyldu með því. Landssambandinu var að auki í lófa

lagið að spyrjast fyrir um matsniðurstöðu, svo sem tollvarðafélagið gerði. Af einhverjum ástæðum kaus landssambandið hins vegar að grennslast ekki fyrir um störf Hagstofu Íslands fyrr en eftir 1. júlí.

Vegna kröfu stefnanda þess efnis, að stefnda verði dæmt skylt að kynna stefnanda þau gögn, sem hverju sinni séu lögð til grundvallar mati Hagstofu Íslands, vísast til skýringa í bréfi Hagstofu Íslands. Um hluta þessara gagna, þ.e. þau, sem stafi frá stefnda, hafi stefnanda frá upphafi verið fullkunnugt. Önnur gögn séu fengin frá öðrum. Um þau segi í bréfi Hagstofu Íslands: „Hvað snertir önnur gögn, þ.e. þau, sem Hagstofan aflar sjálf, eru þau oft háð trúnaðarkvöðum þeirra, sem þau láta í té, og ef svo er, kemur aldrei til álita að kynna þau né leggja fram sérstaklega."

Stefndi hafi þannig alls ekki undir höndum þennan hluta þeirra gagna, sem hverju sinni séu lögð til grundvallar mati Hagstofu Íslands. Þau séu oft háð trúnaðarkvöðum þeirra, sem þau láta í té, og því eigi stefndi engan aðgang að þeim frekar en stefnandi. Af framangreindum ástæðum beri augljóslega að sýkna stefnda einnig af þessari kröfu stefnanda.

Stefnandi krefst þess, að stefndi skuli tilkynna stefnanda niðurstöðu mats Hagstofunnar, áður en launakeyrsla fer fram. Um þetta vísast til þess, sem áður segir, að ekkert það sé í samningi aðila, sem skyldi stefnda til þessa.

III.

1. Krafa stefnanda um greiðslu 3% launahækkunar fyrir júlímánuð 1990.

Ágreiningslaust er í málinu, að niðurstaða mats Hagstofu Íslands lá fyrir 21. maí 1990. Var hún þegar kunngerð matsbeiðanda, launaskrifstofu ríkisins. Ekki kemur fram í samningum málsaðila eða öðrum réttarheimildum, sem stefnandi vísar til, að stefnda hafi verið skylt að tilkynna stefnanda um mat Hagstofunnar í umræddu tilviki. Verður þessi kröfuliður því ekki tekinn til greina á þeirri forsendu, að vanrækt hafi verið að tilkynna stefnanda um niðurstöðu matsins.

Stefnandi hefur ekki leitt að því haldbær rök, að Hagstofa Íslands hafi staðið að umræddu mati með ólögmætum hætti, og verður þessi kröfuliður ekki tekinn til greina á þeim grundvelli.

Samkvæmt þessu er krafa stefnanda um greiðslu 3% launahækkunar fyrir júlímánuð 1990 ekki tekin til greina.

2. Viðurkenningarkröfur stefnanda.

Kröfur þessar eru almenns eðlis, og verður að leysa úr þeim sjálfstætt án tengsla við kröfuna um 3% hækkun júlílauna 1990.

Stefnandi hefur hvorki í stefnu, greinargerð né málflutningi gert grein fyrir því, á hvaða lagagrundvelli þessar viðurkenningarkröfur hans byggjast. Þótt vísað sé til kjarasamninga aðila, laga nr. 94/1986 og til „almennra reglna samningsréttar", er engin grein gerð fyrir því, hvar í þessum heimildum sé að finna lagastoð fyrir þessum kröfum. Eru viðurkenningarkröfur þessar svo vanreifaðar, að þeim ber að vísa sjálfkrafa frá dómi.

Eftir þessum úrslitum verður stefnanda gert að greiða stefnda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 60.000.

Dómsorð:

Framangreindum viðurkenningarkröfum stefnanda, Landssambands lögreglumanna, er sjálfkrafa vísað frá dómi.

Stefndi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs skal vera sýkn af kröfu stefnanda um greiðslu 3% hækkunar launa fyrir júlímánuð 1990.

Stefnandi greiði stefnda kr. 60.000 í málskostnað.

Miðvikudaginn 14. maí 1991.

Nr. 1/1991. **Félag íslenskra náttúrufræðinga**
(Viðar Már Matthíasson hrl.)
gegn
fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs
(Gunnlaugur Claessen hrl.),
Samtökum stundakennara við Háskóla Íslands
(Valborg Snævarr cand.jur.)
og Félagi háskólakennara
(enginn).

Frávísun að hluta. Frávísunarkröfu hafnað.

Dómur Félagsdóms.

Mál þetta dæma Kristjana Jónsdóttir, Björn Helgason, Ingibjörg Benediktsdóttir, Ragnar Halldór Hall og Þorsteinn A. Jónsson.

Mál þetta, sem tekið var til dóms eða úrskurðar þann 3. maí s.l., er höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu þingfestri 12. febrúar 1991.

Stefnandi málsins er Félag íslenskra náttúrufræðinga, kt. 530169-4139, Lágmúla 7, Reykjavík.

Stefndu eru fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, kt. 550169-2829, Arnarhvoli, Reykjavík, Samtök stundakennara við Háskóla Íslands, kt. 480488-1569, Háskóla Íslands við Suðurgötu, Reykjavík, og Félag háskólakennara, kt. 570172-0699, Háskóla Íslands við Suðurgötu, Reykjavík.

Dómkröfur.

Dómkröfur stefnanda á hendur stefnda fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs eru þessar:

1. Að viðurkenndur verði réttur stefnanda til þess að gera kjarasamninga við stefnda fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs um kaup og kjör fyrir stundakennslu þeirra félagsmanna sinna, sem eru ríkisstarfsmenn og sinna slíkri kennslu við Háskóla Íslands.
2. Að viðurkennt verði með dómi Félagsdóms, að ákvæði kjarasamnings Félags háskólakennara, sem lúta að greiðslum fyrir stundakennslu, skuli, þar til annar kjarasamningur hefur verið gerður, gilda um stundakennslu þeirra félagsmanna stefnanda, sem eru ríkisstarfsmenn og sinna slíkri kennslu í Háskóla Íslands.
3. Að stefndi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs verði dæmdur til að

greiða málskostnað samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands og að við ákvörðun á fjárhæð málskostnaðar verði tekið tillit til skyldu til að greiða virðisaukaskatt á málflutningsþóknun. Þá er þess krafist, að málskostnaður beri dráttarvexti samkvæmt III. kafla laga nr. 25/1987 að liðnum 15 dögum frá dómsuppsögu í málinu.

Á hendur stefndu Samtökum stundakennara og Félagi háskólakennara eru þær kröfur gerðar, að þessum félögum verði gert að þola dóm í málinu um stefnukröfurnar, svo farnar sem þær verða dæmdar í málinu.

Dómkröfur stefnda fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs eru þær aðallega, að málinu verði í heild sinni eða að hluta vísað frá Félagsdómi, enn fremur, að honum verði tildæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati réttarins.

Til vara er þess krafist, að stefndi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs verði með eða án frávísunar að hluta sýknaður af öllum kröfum stefnanda og honum tildæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati réttarins.

Af hálfu stefnda Samtaka stundakennara við Háskóla Íslands er tölulið 1 í kröfugerð stefnanda mótmælt, eins og hann er fram settur. Tölulið 2 er ekki mótmælt. Af hálfu þessa stefnda er litið svo á, að tölulið 3 í kröfugerð stefnanda sé eingöngu beint gegn fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs.

Af hálfu stefnda Félags háskólakennara er fallist á þær kröfur, sem gerðar eru í málinu á hendur félaginu.

Þann 3. maí sl. fór fram munnlegur málflutningur um fram komna frávísunarkröfu stefnda fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, og er einungis sá þáttur málsins hér til umfjöllunar.

Auk kröfu um, að málinu verði í heild sinni eða að hluta vísað frá Félagsdómi, var af hálfu þessa stefnda gerð krafa um málskostnað í þessum þætti málsins. Af hálfu stefnanda voru þær kröfur gerðar, að frávísunarkröfu stefnda yrði hafnað, og krafist málskostnaðar stefnanda til handa, sem ákvarðaður verði sérstaklega í þessum þætti málsins.

Stefndu Samtök stundakennara við Háskóla Íslands og Félag háskólakennara hafa ekki látið þennan ágreining til sín taka.

Aðild.

Stefnandi gerir grein fyrir aðild málsins með eftirfarandi hætti:

Stefnandi kveður Félag íslenskra náttúrufræðinga (FÍN) vera eitt af aðildarfélögum Bandalags háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna (BHMR). FÍN sé stéttarfélag í skilningi 3. tl. 5. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna, þ.e. fagstéttarfélag, og njóti réttinda sem slíkt.

Félag háskólakennara (FH) sé stofnanastéttarfélag, sbr. 2. tl. 5. gr. ofangreindra laga. Skilyrði til inngöngu í það félag séu skv. 3. gr. „laga" félagsins:

„1. Prófessorar, dósentar og lektorar við Háskóla Íslands.
2. Vísindalega menntaðir menn, er hafa aðalstarf sitt við háskólastofnun.
3. Starfsfólk við stjórnun Háskólans og stofnana hans, er hefur háskólapróf."

Stefnandi kveður FH hafa gert kröfur til þess, að félaginu verði játað fullt samningsumboð kennara við Háskóla Íslands, sem eru lausráðnir eða á tímakaupi, en hér sé um að ræða þá, sem nefndir eru stundakennarar og séu ekki þegar félagar í téðu félagi. Stefnandi kveður FH hafa fallið frá kröfum þessum í viðræðum við gerð síðustu kjarasamninga, enda fullnægi þessir stundakennarar ekki skilyrðum þeim, sem sett eru í „lögum" FH til aðildar að því.

Stefnandi kveður Samtök stundakennara í Háskóla Íslands (SSHÍ) ekki vera stéttarfélag í skilningi laga nr. 94/1986. Um sé að ræða skipulagsbundinn félagsskap, sem kosið hafi sér stjórn og sett sér „lög", en í 2. gr. þeirra „laga" segi, að tilgangur félagsins sé að vinna að hagsmunamálum stundakennara. Sé í því sambandi rétt að mati stefnanda að taka fram, að átt sé við aðra stundakennara en þá, sem fullnægi skilyrðum til aðildar að FH.

Stefndi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs fari skv. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 94/1986 með fyrirsvar fyrir ríkissjóð við gerð og framkvæmd kjarasamninga.

Stefnandi kveður kröfugerð sína í máli þessu varða hagsmuni allra þeirra þriggja, sem stefnt sé. Þannig sé lagaskylda að stefna fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, sbr. tilvitnað ákvæði 3. gr. laganna um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Þá lúti kröfur stefnanda að því, að viðurkenndur verði réttur félagsins til samningsaðildar fyrir félagsmenn hans vegna tilgreindra starfa, en svo hagi til, að stefndi FH hafi einnig haft uppi kröfur um, að það félag hafi samningsrétt fyrir m.a. þennan hóp, en að vísu hafi verið fallið frá þess-

um kröfum síðar. Því leiði það að mati stefnanda af meginreglu 46. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 9. gr. laga nr. 54/1988, að nauðsynlegt sé að stefna FH til aðildar að máli þessu, enda verði það félag þá bundið við niðurstöðu dóms í málinu.

SSHÍ eigi hér einnig hagsmuna að gæta, bæði samkvæmt samþykktum sínum, auk þess sem þetta félag hafi margsinnis á liðnum árum haft uppi ákveðna afstöðu til þess, hvernig væri best háttað samningsaðild fyrir stundakennara, og tekið þátt í viðræðum við stjórnvöld um atriði, sem varða kjör þeirra, og reynt að hafa áhrif til betri vegar á reglur, sem samdar hafi verið um þau.

Málavextir.

Málavexti kveður stefnandi eftirfarandi. Þeir, sem sinni stundakennslu í Háskóla Íslands, skiptist í a.m.k. sjö flokka, þ.e.

1. Þá, sem eru félagsmenn í FH, svo og sérfræðinga við háskólastofnanir, en um laun þessara manna fari eftir ákvæðum kjarasamninga FH.
2. Stundakennara, sem eru fastráðnir sem stundakennarar með sérstökum samningum milli FH og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs. Þeir, sem teljast til þessa hóps, eru einnig félagsmenn í FH.
3. Háskólamenntaða ríkisstarfsmenn, sem eru félagsmenn í öðrum aðildarfélögum BHMR en FH.
4. Aðra ríkisstarfsmenn en þá, sem eru félagar í aðildarfélögum BHMR, t.d. starfsmenn Þjóðhagsstofnunar eða starfsmenn ríkisbanka.
5. Ríkisstarfsmenn, sem sæta ákvörðun Kjaradóms um laun sín.
6. Atvinnurekendur eða launamenn á almennum vinnumarkaði.
7. Nemendur við Háskóla Íslands.

Stefnandi kveður kjör þessa hóps, sem tilgreindur er í tl. 2 hér að ofan, um margt svipuð kjörum þeirra, sem tilheyra hóp í tl. 1.

Kjör þeirra hópa, sem falla undir tl. 3-7, séu ákveðin einhliða af stefnda fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs á grundvelli svonefndra reglna, sem menntamálaráðherra hafi sett einhliða, oftast að undangengnum viðræðum við SSHÍ, en þar sé alls ekki um samningaviðræður að ræða, enda hafi því ævinlega verið hafnað af hálfu stefnda fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, að SSHÍ hafi rétt til að gera kjarasamninga fyrir þennan hóp manna. Telur stefnandi, að þessi skipan mála hafi viðgengist að einhverju marki í langan tíma, allt frá árinu 1982.

Stefnandi tekur fram í þessu sambandi, að FÍN hafi verið stofnað á árinu 1960, en hafði þá í sex ár verið starfandi sem hagsmunafélag. FÍN hafi verið aðili að gerð sérkjarasamninga fyrir hönd félagsmanna sinna allt frá árinu 1974. Það sé fyrst nú á allra síðustu árum, sem félaginu berist vitneskja og kvartanir frá félagsmönnum sínum um mikinn launamun þeirra, sem sinna stundakennslu. Stafi þetta af því, að áður fyrr hafi stundakennslu á sviði náttúruvísinda við Háskóla Íslands einkum verið sinnt af sérfræðingum, sem starfað hafi við stofnanir, sem tengdust Háskóla Íslands, og hafi þeir tekið sömu laun og félagsmenn FH, þrátt fyrir það, að þeir væru í öðrum félögum, t.d. FÍN.

Síðar hafi það gerst í kringum 1980, að tekin hafi verið upp kennsla í mörgum undirgreinum náttúrufræði og stundakennsla sérfræðinga hafi verið aukin verulega, jafnframt því, sem forræði Háskólans til ákvörðunar á greiðslu launa fyrir stundakennara hafi horfið til launaskrifstofu ríkisins og það leitt til þess, að farið var að framkvæma launagreiðslur í mun meira mæli en tíðkast hafi á grundvelli einhliða ákvarðana fjármálaráðuneytis. Þær ákvarðanir hafi, eins og áður greinir, byggst á reglum, sem svo hafi verið nefndar og settar hafi verið af menntamálaráðuneyti.

Stefnandi kveður gildistíma þessara svonefndu reglna misjafnlega langan, en nú séu í gildi reglur frá 10. janúar 1991, sem samkvæmt efni sínu skuli gilda frá upphafi vormisseris 1991, en eigi að endurskoða við upphaf haustmisseris s.á., án þess að tilgreint sé, að þær falli þá úr gildi. Hinar svonefndu reglur hafi aldrei verið birtar, hvorki í B-deild Stjórnartíðinda né í Lögbirtingablaði, og eigi „reglur" þessar eða setning þeirra sér ekki neina lagastoð.

Margir félagsmanna í FÍN, sem teljist til hóps þess, er tilgreindur sé í tl. 3 hér að ofan, sinni stundakennslu við Háskóla Íslands. Séu laun þeirra ákveðin einhliða af stefnda fjármálaráðherra.

Fjármálaráðherra hafi hafnað ítrekuðum kröfum stefnanda um, að félagið fái að gera kjarasamninga um stundakennslu fyrir þessa félagsmenn sína, eins og um önnum kjaraatriði þeirra, og hafi ekki verið bent á neinn annan aðila, sem væri bær til að gera kjarasamninga fyrir hönd þessara félagsmanna í FÍN.

Stefnandi kveður kröfur sínar í málinu skv. 1. tl. vera þær, að viðurkenndur verði með dómi Félagsdóms réttur félagsins til þess að gera kjarasamning f.h. þessa hóps félagsmanna sinna um kaup

þeirra og kjör fyrir stundakennslu. Séu félagsmenn þessir u.þ.b. 100-110, og sé hluti þeirra tilgreindur í úrtaksathugun þeirri, sem sé á dskj. 5, sem er yfirlit yfir kjör stundakennara í FÍN, sem kenndu við Háskóla Íslands veturinn 1989-90.

Kjör þeirra stundakennara, sem tilgreindir eru undir tl. 3-7 hér að framan og ákvörðuð eru einhliða af fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, séu allt önnur og miklu lakari en hópanna í tl. 1 og 2, þótt um sé að ræða nákvæmlega sömu störf, menntun og starfsreynslu geti verið nákvæmlega hin sama, svo og nemendafjöldi.

BHMR hafi gert athugun á því í september 1990, hver væri munur á kjörum margra þeirra, sem eru félagsmenn í FÍN og eru ríkisstarfsmenn og sinna stundakennslu við Háskóla Íslands og teljast til hóps 3 hér að ofan, og þeirra, sem teljast til hóps 1, þ.e. þeirra, sem taki laun samkvæmt kjarasamningi FH. Þeir, sem teljast til hóps 1, og reyndar þeir, sem teljast til hóps í tl. 2, fái stundakennslu greidda sem yfirvinnu. Félagsmenn í FÍN séu einnig ríkisstarfsmenn og sinni aðalstarfi sínu í dagvinnu, en fái stundakennslu við Háskóla Íslands samt sem áður ekki greidda sem yfirvinnu, þó að um sama vinnuveitanda sé að ræða í öllum tilvikum, þ.e. ríkið. Laun þessa hóps eigi einnig að greiðast sem yfirvinna, til þess að sama regla gildi um þá og þá, sem teljast til hóps 1. Laun félagsmanna FÍN, sem hér um ræðir, þurfi að hækka um 72%, til þess að jafnræði verði komið á í launum þessara tveggja hópa. Sé þetta niðurstaða framangreindrar athugunar BHMR, sem tekið hafi til vetrarins 1989-1990. Allar sömu aðstæður eigi við nú, og því sé sami mismunur kjara við lýði ennþá.

Vegna þessarar mismununar hafi einstaka félagsmenn horfið frá stundakennslu, a.m.k. tímabundið, og hafi slíkt leitt til mikils ófremdarástands í Háskóla Íslands.

Innan BHMR hafi á síðari hluta árs 1990 verið sett á stofn sérstakt kjararáð stundakennara innan aðildarfélaga sambandsins í þeim tilgangi að tryggja stundakennurum eðlileg kjör. Hafi kjararáð stundakennara farið fram á viðræður við stefnda fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, en þeirri beiðni hafi ekki verið sinnt.

Stefnandi kveður einn kjarasamning vera í gildi, sem hafi að geyma ákvæði um stundakennslu, en það sé kjarasamningur FH við fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs. Þessi kjarasamningur sé að stofni til með gildistíma frá 1. febrúar 1987 til 31. desember 1988, en hafi

verið framlengdur með breytingum og viðaukum, nú síðast með kjarasamningi, sem gerður var þann 28. desember 1990, er gildi til 31. ágúst 1991.

Einsýnt sé, að ákvæði þessa kjarasamnings um greiðslur fyrir stundakennslu eigi að gilda einnig fyrir þá, sem ekki séu félagsmenn í FH, a.m.k. þar til annar kjarasamningur sé gerður, sem taki til þeirra. Að mati stefnanda sé óhjákvæmilegt að fá dóm um gildi kjarasamnings FH að þessu leyti.

Af hálfu stefnda fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs er ekki gerð athugasemd við málavaxtalýsingu stefnanda, en tekið fram, að þeir félagsmenn í FÍN, sem tilgreindir séu á dskj. nr. 5, sem er yfirlit yfir kjör stundakennara í FÍN, sem kenndu við Háskóla Íslands veturinn 1989-1990 og kröfugerð stefnanda taki til, hafi að tveimur undanskildum ekki ráðið sig til stundakennslu í Háskóla Íslands, eftir að stundakennslu þeirra lauk á sl. vori. Ágreiningur aðila nái því ekki til þeirra.

Jafnframt er tekið fram, að sá hópur manna, sem sameiginlega séu nefndir stundakennarar við Háskóla Íslands, sé stór og sundurleitur. Komi þar margt til, svo sem það, að stundakennsla sé í sumum tilvikum aðalstarf viðkomandi eða hluti aðalstarfs hans. Stundakennsla við H.Í. geti í öðrum tilvikum verið algjört aukastarf. Hér sé í raun um nokkra ólíka hópa að ræða.

Málsástæður og lagarök.

Varðandi fyrri lið kröfugerðar í málinu byggir stefnandi á því, að sem stéttarfélag hafi stefnandi samkvæmt l. nr. 94/1986 rétt til þess að semja um kaup og kjör félagsmanna sinna. Hafi réttur þessi ekki verið vefengdur í sjálfu sér. Stefndi, fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, hafi þó neitað að gera kjarasamning við stefnanda vegna þeirra félagsmanna, sem séu ríkisstarfsmenn og sinni stundakennslu til viðbótar aðalstarfi sínu. Sé þessu eins farið með önnur aðildarfélög BHMR að FH frátöldu.

Enginn aðili semji um kaup og kjör þessa fólks, en þau séu ákveðin einhliða af stefnda fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs á grundvelli svonefndra reglna, settum einhliða af menntamálaráðuneyti. Að mati stefnanda skorti hinar svonefndu reglur með öllu lagastoð og verði því ekki beitt, ef settar lagareglur leiði til annarrar niðurstöðu.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að FÍN sé fagfélag, og

bent er á, að félagið hafi notið réttar, sem um sé rætt í 2. mgr. 4. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Af þeim ástæðum telji stefnandi, að félagið eitt eigi rétt til samningsgerðar fyrir félagsmenn sína, sem sinni stundakennslu í Háskóla Íslands, sbr. 1. mgr. 6. gr. sömu laga, sbr. og 3. tl. 5. gr. laganna. Stefnandi kveður engin lagaákvæði til, sem veiti stefnda fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs rétt til að þvinga fram aðra skipan mála, enda geri 1. mgr. 4. gr. laga nr. 94/1986 ótvírætt ráð fyrir því sem grundvallarreglu, að stéttarfélög samkvæmt lögunum semji um kaup og kjör félagsmanna sinna. Til að koma á annarri skipan þurfi óhjákvæmilega að vera fyrir hendi lagaheimild, en henni sé ekki til að dreifa í þessu tilviki.

Varðandi síðari kröfulið bendir stefnandi á, að sé litið til þeirrar staðreyndar, að til sé gildandi kjarasamningur, þ.e. kjarasamningur Félags háskólamanna, sem m.a. hafi að geyma fyrirmæli um greiðslu fyrir stundakennslu, eigi sá kjarasamningur að gilda og marka lágmarkskjör fyrir alla þá, sem sinni stundakennslu, óháð félagsaðild þeirra, allt þar til aðrir kjarasamningar kunni að vera gerðir fyrir þeirra hönd.

Andspænis gildandi kjarasamningi telji stefnandi, að það leiði af 1. gr. laga nr. 55/1980 um starfskjör launþega og skyldutryggingu lífeyrisréttinda og af meginreglunni í 7. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur, að einhliða ákvörðun stefnda fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs á grundvelli svonefndra reglna, út gefinna af menntamálaráðherra, sé ólögmæt. Því telji stefnandi, að gildi kjarasamnings FH verði ekki skert með téðum „reglum" menntamálaráðherra og ákvörðun stefnda fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs á grundvelli þeirra.

Kröfu um frávísun málsins í heild sinni byggir stefndi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs á því, að félagsmenn í FÍN, sem eru ríkisstarfsmenn við stofnanir utan H.Í., sinni ekki stundakennslu við H.Í. að undanskildum örfáum einstaklingum. Eftir því sem næst verði komist, hafi verið um að ræða 9 einstaklinga á haustmisseri 1990 og 5 einstaklinga á vormisseri 1991. Orðalag í stefnukröfum um félagsmenn í FÍN, sem eru ríkisstarfsmenn og „sinna slíkri kennslu í H.Í.", sé því á mörkum þess að fá staðist og síst af öllu, þegar nafnalisti á dskj. nr. 5 sé virtur. Þessi hluti FÍN uppfylli ekki skilyrði 5. gr. laga nr. 94/1986, sem sýnist byggt á í stefnu, til þess

að félagið geti nú komið fram í nýju hlutverki og átt rétt til að gera kjarasamning fyrir aukastörf þessara einstaklinga.

Krafa um frávísun á 2. kröfulið sérstaklega byggist á því, að úrlausnarefnið heyri ekki undir Félagsdóm. Ekki fáist séð, að neitt ákvæði 26. gr. laga nr. 94/1986 taki til þess. Eins og mál þetta beri að, megi ráða, að BHMR hafi verið sömu skoðunar, sbr. dskj. nr. 49 og 50, sem eru annars vegar drög að bréfi til forseta Félagsdóms og hins vegar bréf fjármálaráðuneytisins til lögmanns stefnanda. Drög að bréfi til Félagsdóms á dskj. nr. 49 hafi verið afhent fulltrúa fjármálaráðuneytis á skrifstofu lögmanns BHMR með tilmælum um, að skrifað yrði undir. Bréf á dskj. nr. 50 feli í sér svar fjármálaráðuneytis.

Krafa um frávísun á þesum kröfulið byggist enn fremur á því, að sú krafa stefnanda sé vanreifuð. Með öllu sé óljóst, hvaða „ákvæði kjarasamnings FH, sem lúta að greiðslum fyrir stundakennslu", átt sé við í kröfugerðinni. Umfjöllun um þennan kröfulið sé örstutt og óljós. Beri því að vísa þessum kröfulið frá dómi einnig af þeirri ástæðu.

Af hálfu stefnanda er mótmælt framkomnum sjónarmiðum stefnda fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs varðandi frávísunarkröfu.

Í munnlegum málflutningi reisti stefnandi mótmæli sín við kröfu stefnda um frávísun málsins í heild m.a. á því, að FÍN sé stéttarfélag í skilningi laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Hafi félagið, fyrir setningu fyrrgreindra laga, haft rétt til þess að gera kjarasamninga f.h. félagsmanna sinna, sbr. 2. mgr. 4. gr. lagann. Samkvæmt 1. mgr. umræddrar 4. gr. fari stefnandi því með fyrirsvar félagsmanna sinna við gerð kjarasamninga. Ekki sé samkvæmt greininni gerður áskilnaður um, að fjöldi félagsmanna þurfi að ná ákveðnu lágmarki, til þess að stefnandi geti beitt þessum rétti sínum.

Stefnandi heldur því fram varðandi fyrsta kröfulið, að í efni bréfsins á dskj. nr. 50 felist málflutningsyfirlýsing, sem sé skuldbindandi fyrir stefnda um, að málið eigi undir Félagsdóm samkvæmt 1. tl. 1. mgr. 26. gr. laga nr. 94/1986.

Mótmæli sín við kröfu stefnda um frávísun á 2. kröfulið byggir stefnandi á því, að kröfugerð hans í málinu byggist á 3. tl. 26. gr. laga nr. 94/1986. Telji stefnandi ágreining málsaðila falla beint undir gildi kjarasamninga samkvæmt greininni, þar sem deilt sé um

það, hvort kjarasamningur FH eigi að gilda um og marka lágmarkskjör fyrir alla þá, sem sinna stundakennslu, óháð félagsaðild þeirra, allt þar til aðrir kjarasamningar kunni að verða gerðir fyrir þeirra hönd. Vísar stefnandi í þessu sambandi til 1. gr. laga nr. 55/1980.

Niðurstaða.

Um samningsrétt félagsmanna aðildarfélaga Bandalags háskólamanna eru nú í gildi ákvæði laga nr. 94/1986. Í 26. gr. þeirra er mælt fyrir um, að Félagsdómur skuli dæma um nokkur ágreiningsefni milli aðila að kjarasamningum þeim, sem lögin taka til. Sú lagagrein er svohljóðandi:

Félagsdómur dæmir í málum, sem rísa á milli samningsaðila um:

1. Samningsaðild einstakra stéttarfélaga og til hvaða starfsmanna samningsaðild þeirra nær,
2. lögmæti boðaðra eða þegar hafinna vinnustöðvana,
3. ágreining um skilning á kjarasamningi eða gildi hans,
4. hverjir falli undir ákvæði 29. gr. laga nr. 38/1954,
5. **hverjir falli undir 3.-6. tölul. 19. gr. þessara laga.**
6. önnur atriði, sem aðilar hafa samið um að leggja fyrir dóminn, enda séu að minnsta kosti þrír af dómendunum því meðmæltir.

Félagsdómur dæmir og um ágreining um félagsaðild þeirra, sem undir lög þessi falla, hvort sem ágreiningurinn er milli samningsaðila, stéttarfélaga eða einstakra starfsmanna og stéttarfélaga. Félagsdómi er heimilt að dæma í máli um atriði, sem tilgreind eru í 1. mgr., sem ágreiningur er um milli fjármálaráðherra eða sveitarfélags annars vegar og hins vegar einstakra starfsmanna eða starfsmannahópa, sem ekki falla undir 5. gr. þessara laga né lög nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur, enda sé um það samkomulag milli aðila og að minnsta kosti þrír af dómendunum séu því meðmæltir.

Félagsdómur er sérdómstóll, og eru ofangreind ákvæði 26. gr. um dómsvald hans fortakslaus. Verður ekki ráðið af orðum greinarinnar eða forsögu hennar, að henni hafi verið ætlað að taka til annarra ágreiningsefna en þar greinir.

Ekki er um það deilt í málinu, að stefndi fjármálaráðherra ákveður kjör þeirra launþega, sem eru stundakennarar við Háskóla Íslands og ekki eru félagsmenn í Félagi háskólakennara. Krafa stefnanda um, að viðurkenndur verði réttur stefnanda til þess að

gera kjarasamninga við stefnda fjármálaráðherra um kaup og kjör fyrir stundakennslu þeirra félagsmanna sinna, sem eru ríkisstarfsmenn og sinna slíkri kennslu við Háskóla Íslands, eru réttilega lögð fyrir Félagsdóm samkvæmt 1. tölulið 1. mgr. 26. gr. laga nr. 94/1986, og er krafa stefnda um frávísun þessa kröfuliðar því ekki tekin til greina.

Stefnandi kveður kröfu sína um, að viðurkennt verði, að ákvæði kjarasamnings Félags háskólakennara, sem lúta að greiðslum fyrir stundakennslu, skuli, þar til annar kjarasamningur hefur verið gerður, gilda um stundakennslu þeirra félagsmanna stefnanda, sem eru ríkisstarfsmenn og sinni slíkri kennslu í Háskóla Íslands, vera lagða fyrir Félagsdóm samkvæmt 3. tölulið 26. gr. laga nr. 94/1986. Stefnandi er ekki aðili að umræddum kjarasamningi og getur því hvorki orðið aðili dómsmáls fyrir Félagsdómi um skilning á honum né um gildi hans. Ber því að vísa þessum kröfulið sjálfkrafa frá dóminum.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í þessum þætti málsins falli niður.

Dómsorð:

Kröfu stefnda fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs um, að vísað verði frá dómi þeim kröfulið stefnanda, Félags íslenskra náttúrufræðinga, er lýtur að viðurkenningu á rétti stefnanda til þess að gera kjarasamninga við stefnda fjármálaráðherra um kaup og kjör fyrir stundakennslu þeirra félagsmanna sinna, sem eru ríkisstarfsmenn og sinna slíkri kennslu við Háskóla Íslands, er hafnað.

Kröfu stefnanda um, að viðurkennt verði, að ákvæði kjarasamnings Félags háskólakennara, sem lúta að greiðslum fyrir stundakennslu, skuli, þar til annar kjarasamningur hefur verið gerður, gilda um stundakennslu þeirra félagsmanna stefnanda, sem eru ríkistarfsmenn og sinni slíkri kennslu í Háskóla Íslands, er vísað frá dómi.

Málskostnaður fellur niður.

27-13

Föstudaginn 31. maí 1991.

Nr. 1/1991. **Félag íslenskra náttúrufræðinga**
(Viðar Már Matthíasson hrl.)
gegn
fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs
(Gunnlaugur Claessen hrl.),
Samtökum stundakennara við Háskóla Íslands og Félagi háskólakennara
(enginn).

Samningsumboð. Náttúrufræðingar. Sératkvæði.

Dómur Félagsdóms.

Mál þetta dæma Kristjana Jónsdóttir, Björn Helgason, Ingibjörg Benediktsdóttir, Ragnar Halldór Hall og Þorsteinn A. Jónsson.

Mál þetta, sem tekið var til dóms þann 19. maí sl., er höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu, þingfestri 12. febrúar 1991.

Stefnandi málsins er Félag íslenskra náttúrufræðinga, kt. 530169-4139, Lágmúla 7, Reykjavík.

Stefndu eru fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, kt. 550169-2829, Arnarhvoli, Reykjavík, Samtök stundakennara við Háskóla Íslands, kt. 480488-1569, Háskóla Íslands við Suðurgötu, Reykjavík, og Félag háskólakennara, kt. 570172-0699, Háskóla Íslands við Suðurgötu, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda í málinu á hendur stefnda fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs voru upphaflega þessar:

1. Að viðurkenndur verði réttur stefnanda til þess að gera kjarasamninga við stefnda fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs um kaup og kjör fyrir stundakennslu þeirra félagsmanna sinna, sem eru ríkisstarfsmenn og sinna slíkri kennslu við Háskóla Íslands.
2. Að viðurkennt verði með dómi Félagsdóms, að ákvæði kjarasamnings Félags háskólakennara, sem lúta að greiðslum fyrir stundakennslu, skuli, þar til annar kjarasamningur hefur verið gerður, gilda um stundakennslu þeirra félagsmanna stefnanda, sem eru ríkisstarfsmenn og sinna slíkri kennslu í Háskóla Íslands.
3. Að stefndi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs verði dæmdur til að greiða málskostnað samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands og að við ákvörðun á fjárhæð málskostnaðar verði tekið

tillit til skyldu til að greiða virðisaukaskatt á málflutningsþóknun. Þá er þess krafist, að málskostnaður beri dráttarvexti samkvæmt III. kafla laga nr. 25/1987 að liðnum 15 dögum frá dómsuppsögu í málinu.

Á hendur stefndu Samtökum stundakennara og Félagi háskólakennara eru þær kröfur gerðar, að þessum félögum verði gert að þola dóm í málinu um stefnukröfurnar, svo farnar sem þær verða dæmdar í málinu.

Dómkröfur stefnda fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs voru upphaflega þær aðallega, að málinu yrði í heild sinni eða að hluta vísað frá Félagsdómi, enn fremur, að honum yrði tildæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati réttarins.

Til vara er þess krafist, að stefndi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs verði með eða án frávísunar að hluta sýknaður af öllum kröfum stefnanda og honum tildæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati réttarins.

Af hálfu stefnda Samtaka stundakennara við Háskóla Íslands er tölulið 1 í kröfugerð stefnanda mótmælt, eins og hann er fram settur. Tölulið 2 er ekki mótmælt. Af hálfu þessa stefnda er litið svo á, að tölulið 3 í kröfugerð stefnanda sé eingöngu beint gegn fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs.

Af hálfu stefnda Félags háskólakennara er fallist á þær kröfur, sem gerðar eru í málinu á hendur félaginu.

Í þinghaldi þann 14. mars sl. var af hálfu stefnda fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs gerð krafa um, að einn dómenda, Þorsteinn A. Jónsson, sem tilnefndur er af BHMR, viki sæti. Með úrskurði upp kveðnum þann 17. apríl sl., var þeirri kröfu hafnað.

Með dómi Félagsdóms, upp kveðnum þann 14. maí sl., var 2. kröfulið í kröfugerð stefnanda vísað frá dómi, en kröfu stefnda fjármálaráðherrra f.h. ríkissjóðs um frávísun 1. kröfuliðar var hafnað. Eru því kröfur stefnanda samkvæmt fyrsta og þriðja kröfulið hér til efnislegrar umfjöllunar.

Við munnlegan flutning málsins, er fram fór þann 29. maí sl., var ekki sótt þing af hálfu Félags háskólakennara og Samtaka stundakennara við Háskóla Íslands.

Aðild.

Stefnandi gerir grein fyrir aðild málsins með eftirfarandi hætti: Stefnandi kveður Félag íslenskra náttúrufræðigna (FÍN) vera eitt

af aðildarfélögum Bandalags háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna (BHMR). FÍN sé stéttarfélag í skilningi 3. tl. 5. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna, þ.e. fagstéttarfélag, og njóti réttinda sem slíkt.

Félag Háskólakennara (FH) sé stofnanastéttarfélag, sbr. 2. tl. 5. gr. ofangreindra laga. Skilyrði til inngöngu í það félag séu skv. 3. gr. „laga" félagsins:

„1. Prófessorar, dósentar og lektorar við Háskóla Íslands.
2. Vísindalega menntaðir menn, er hafa aðalstarf sitt við háskólastofnun.
3. Starfsfólk við stjórnun Háskólans og stofnana hans, er hefur háskólapróf."

Stefnandi kveður FH hafa gert kröfur til þess, að félaginu verði játað fullt samningsumboð kennara við Háskóla Íslands, sem eru lausráðnir eða á tímakaupi, en hér sé um að ræða þá, sem nefndir eru stundakennarar og séu ekki þegar félagar í téðu félagi. Stefnandi kveður FH hafa fallið frá kröfum þessum í viðræðum við gerð síðustu kjarasamninga, enda fullnægi þessir stundakennarar ekki skilyrðum þeim, sem sett séu í „lögum" FH til aðildar að því.

Stefnandi kveður Samtök stundakennara í Háskóla Íslands (SSHÍ) ekki vera stéttarfélag í skilningi laga nr. 94/1986. Um sé að ræða skipulagsbundinn félagsskap, sem kosið hafi sér stjórn og sett sér „lög", en í 2. gr. þeirra „laga" segi, að tilgangur félagsins sé að vinna að hagsmunamálum stundakennara. Sé í því sambandi rétt að mati stefnanda að taka fram, að átt sé við aðra stundakennara en þá, sem fullnægi skilyrðum til aðildar að FH.

Stefndi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs fari skv. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 94/1986 með fyrirsvar fyrir ríkissjóð við gerð og framkvæmd kjarasamninga.

Stefnandi kveður kröfugerð sína í máli þessu varða hagsmuni allra þeirra þriggja, sem stefnt sé. Þannig sé lagaskylda að stefna fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, sbr. tilvitnað ákvæði 3. gr. laganna um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Þá lúti kröfur stefnanda að því, að viðurkenndur verði réttur félagsins til samningsaðildar fyrir félagsmenn hans vegna tilgreindra starfa, en svo hagi til, að stefndi FH hafi einnig haft uppi kröfur um, að það félag hafi samningsrétt fyrir m.a. þennan hóp, en að vísu hafi verið fallið frá þessum kröfum síðar. Því leiði það að mati stefnanda af meginreglu

46. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 9. gr. laga 54/1988, að nauðsynlegar sé að stefna FH til aðildar að máli þessu, enda verði það félag þá bundið við niðurstöðu dóms í málinu.

SSHÍ eigi hér einnig hagsmuna að gæta, bæði samkvæmt samþykktum sínum, auk þess sem þetta félag hafi margsinnis á liðnum árum haft uppi ákveðna afstöðu til þess, hvernig væri best háttað samningsaðild fyrir stundakennara, og tekið þátt í viðræðum við stjórnvöld um atriði, sem varða kjör þeirra, og reynt að hafa áhrif til betri vegar á reglur, sem samdar hafi verið um þau.

Málavextir.

Málavexti kveður stefnandi eftirfarandi. Þeir, sem sinni stundakennslu í Háskóla Íslands, skiptist í a.m.k. sjö flokka, þ.e.

1. Þá, sem eru félagsmenn í FH, svo og sérfræðinga við háskólastofnanir, en um laun þessara manna fari eftir ákvæðum kjarasamnings FH.
2. Stundakennara, sem eru fastráðnir sem stundakennarar með sérstökum samningum milli FH og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs. Þeir, sem teljast til þessa hóps, eru einnig félagsmenn í FH.
3. Háskólamenntaða ríkisstarfsmenn, sem eru félagsmenn í öðrum aðildarfélögum BHMR en FH.
4. Aðra ríkisstarfsmenn en þá, sem eru félagar í aðildarfélögum BHMR, t.d. starfsmenn Þjóðhagsstofnunar eða starfsmenn ríkisbanka.
5. Ríkisstarfsmenn, sem sæta ákvörðun Kjaradóms um laun sín.
6. Atvinnurekendur eða launamenn á almennum vinnumarkaði.
7. Nemendur við Háskóla Íslands.

Stefnandi kveður kjör þess hóps, sem tilgreindur er í tl. 2 hér að ofan, um margt svipuð kjörum þeirra, sem tilheyra hóp í tl. 1.

Kjör þeirra hópa, sem falli undir tl. 3-7, séu ákveðin einhliða af stefnda fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs á grundvelli svonefndra reglna, sem menntamálaráðherra hafi sett einhliða, oftast að undangengnum viðræðum við SSHÍ, en þar sé alls ekki um samningaviðræður að ræða, enda hafi því ævinlega verið hafnað af hálfu stefnda fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, að SSHÍ hafi rétt til að gera kjarasamninga fyrir þennan hóp manna. Telur stefnandi, að þessi skipan mála hafi viðgengist að einhverju marki í langan tíma, allt frá árinu 1982.

Stefnandi tekur fram í þessu sambandi, að FÍN hafi verið stofnað

á árinu 1960, en hafði þá í sex ár verið starfandi sem hagsmunafélag. FÍN hafi verið aðili að gerð sérkjarasamninga fyrir hönd félagsmanna sinna allt frá árinu 1974. Það sé fyrst nú á allra síðustu árum, sem félaginu berist vitneskja og kvartanir frá félagsmönnum sínum um mikinn launamun þeirra, sem sinna stundakennslu. Stafi þetta af því, að áður fyrr hafi stundakennslu á sviði náttúruvísinda við Háskóla Íslands einkum verið sinnt af sérfræðingum, sem starfað hafi við stofnanir, sem tengdust Háskóla Íslands, og hafi þeir tekið sömu laun og félagsmenn FH, þrátt fyrir það að þeir væru í öðrum félögum, t.d. FÍN.

Síðar hafi það gerst í kringum 1980, að tekin hafi verið upp kennsla í mörgum undirgreinum náttúrufræði og stundakennsla sérfræðinga hafi verið aukin verulega, jafnframt því, sem forræði Háskólans til ákvörðunar á greiðslu launa fyrir stundakennara hafi horfið til launaskrifstofu ríkisins og það leitt til þess, að farið var að framkvæma launagreiðslur í mun meira mæli en tíðkast hafði á grundvelli einhliða ákvarðana fjármálaráðuneytis. Þær ákvarðanir hafi, eins og áður greinir, byggst á reglum, sem svo hafi verið nefndar og settar hafi verið af menntamálaráðuneyti.

Stefnandi kveður gildistíma þessara svonefndu reglna misjafnlega langan, en nú séu í gildi reglur frá 10. janúar 1991, sem samkvæmt efni sínu skuli gilda frá upphafi vormisseris 1991, en eigi að endurskoða við upphaf haustmisseris s.á., án þess að tilgreint sé, að þær falli þá úr gildi. Hinar svonefndu reglur hafi aldrei verið birtar, hvorki í B-deild Stjórnartíðinda né í Lögbirtingablaði, og eigi „reglur" þessar eða setning þeirra sér ekki neina lagastoð.

Margir félagsmanna í FÍN, sem teljist til hóps þess, er tilgreindur sé í tl. 3 hér að ofan, sinni stundakennslu við Háskóla Íslands. Séu laun þeirra ákveðin einhliða af stefnda fjármálaráðherra.

Fjármálaráðherra hafi hafnað ítrekuðum kröfum stefnanda um, að félagið fái að gera kjarasamninga um stundakennslu fyrir þessa félagsmenn sína, eins og um önnur kjaraatriði þeirra, og hafi ekki verið bent á neinn annan aðila, sem væri bær til að gera kjarasamninga fyrir hönd þessara félagsmanna í FÍN.

Stefnandi kveður kröfur sínar í málinu skv. 1. tl. vera þær, að viðurkenndur verði með dómi Félagsdóms réttur félagsins til þess að gera kjarasamning f.h. þessa hóps félagsmanna sinna um kaup þeirra og kjör fyrir stundakennslu. Séu félagsmenn þessir u.þ.b.

100-110, og sé hluti þeirra tilgreindur í úrtaksaathugum þeirri, sem sé á dskj. 5, sem er yfirlit yfir kjör stundakennara í FÍN, sem kenndu við Háskóla Íslands veturinn 1989-90.

Kjör þeirra stundakennara, sem tilgreindir eru undir tl. 3 - 7 hér að framan og ákvörðuð eru einhlið af fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, séu allt önnur og miklu lakari en hópanna í tl. 1 og 2, þótt um sé að ræða nákvæmlega sömu störf; menntun og starfsreynsla geti verið nákvæmlega hin sama svo og nemendafjöldi.

BHMR hafi gert athugun á því í september 1990, hver væri munur á kjörum margra þeirra, sem eru félagsmenn í FÍN og eru ríkisstarfsmenn og sinna stundakennslu við Háskóla Íslands og teljast til hóps 3 hér að ofan, og þeirra, sem teljast til hóps 1, þ.e. þeirra, sem taki laun samkvæmt kjarasamningi FH. Þeir, sem teljast til hóps 1, og reyndar þeir, sem teljast til hóps í tl. 2, fái stundakennslu greidda sem yfirvinnu. Félagsmenn í FÍN séu einnig ríkisstarfsmenn og sinni aðalstarfi sínu í dagvinnu, en fái stundakennsluna við Háskóla Íslands samt sem áður ekki greidda sem yfirvinnu, þó að um sama vinnuveitanda sé að ræða í öllum tilvikum, þ.e. ríkið. Laun þessa hóps eigi einnig að greiðast sem yfirvinna, til þess að sama regla gildi um þá og þá, sem teljast til hóps 1. Laun félagsmanna FÍN, sem hér um ræðir, þurfi að hækka um 72% til þess að jafnræði verði komið á í launum þessara tveggja hópa. Sé þetta niðurstaða framangreindrar athugunar BHMR, sem tekið hafi til vetrarins 1989 - 1990. Allar sömu aðstæður eigi við nú, og því sé sami mismunur kjara við lýði ennþá.

Vegna þessarar mismununar hafi einstaka félagsmenn horfið frá stundakennslu, a.m.k. tímabundið, og hafi slíkt leitt til mikils ófremdarástands í Háskóla Íslands.

Innan BHMR hafi á síðari hluta árs 1990 verið sett á stofn sérstakt kjararáð stundakennara innan aðildarfélaga sambandsins í þeim tilgangi að tryggja stundakennurum eðlileg kjör. Hafi kjararáð stundakennara farið fram á viðræður við stefnda fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, en þeirri beiðni hafi ekki verið sinnt.

Af hálfu stefnda fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs er ekki gerð athugasemd við málavaxtalýsingu stefnanda, en tekið fram, að þeir félagsmenn í FÍN, sem tilgreindir séu á dskj. nr. 5, sem er yfirlit yfir kjör stundakennara í FÍN, sem kenndu við Háskóla Íslands veturinn 1989 - 1990 og kröfugerð stefnanda taki til, hafi að tveimur

undanskildum ekki ráðið sig til stundakennslu í Háskóla Íslands, eftir að stundakennslu þeirra lauk á sl. vori. Ágreiningur aðila nái því alls ekki til þeirra.

Jafnframt er tekið fram, að sá hópur manna, sem sameiginlega séu nefndir stundakennarar við Háskóla Íslands, sé stór og sundurleitur. Komi þar margt til, svo sem það, að stundakennsla sé í sumum tilvikum aðalstarf viðkomandi eða hluti aðalstarfs hans. Stundakennsla við H.Í. geti í öðrum tilvikum verið algjört aukastarf. Hér sé í raun um nokkra ólíka hópa að ræða.

Málsástæður og lagarök.

Varðandi kröfu þá í málinu, sem nú er til úrlaunar, byggir stefnandi á því, að sem stéttarfélag hafi stefnandi samkvæmt 1. nr. 94/1986 rétt til þess að semja um kaup og kjör félagsmanna sinna. Hafi réttur þessi ekki verið vefengdur í sjálfu sér. Stefndi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs hafi þó neitað að gera kjarasamning við stefnanda vegna þeirra félagsmanna, sem séu ríkisstarfsmenn og sinni stundakennslu til viðbótar aðalstarfi sínu. Sé þessu eins farið með önnur aðildarfélög BHMR að FH frátöldu.

Enginn aðili semji um kaup og kjör þessa fólks, en þau séu ákveðin einhliða af stefnda fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs á grundvelli svonefndra reglna, settum einhliða af menntamálaráðuneyti. Að mati stefnanda skorti hinar svonefndu reglur með öllu lagastoð og verði því ekki beitt, ef settar lagareglur leiði til annarrar niðurstöðu.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að FÍN sé fagfélag, og bent er á, að félagið hafi notið réttar, sem um sé rætt í 2. mgr. 4. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Af þeim ástæðum telji stefnandi, að félagið eitt eigi rétt til samningsgerðar fyrir félagsmenn sína, sem sinni stundakennslu í Háskóla Íslands, sbr. 1. mgr. 6. gr. sömu laga, sbr. og 3. tl. 5. gr. laganna. Stefnandi kveður engin lagaákvæði til, sem veiti stefnda fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs rétt til að þvinga fram aðra skipan mála, enda geri 1. mgr. 4. gr. laga nr. 94/1986 ótvírætt ráð fyrir því sem grundvallarreglu, að stéttarfélög samkvæmt lögunum semji um kaup og kjör félagsmanna sinna. Til að koma á annarri skipan þurfi óhjákvæmilega að vera fyrir hendi lagaheimild, en henni sé ekki til að dreifa í þessu tilviki.

Sýknukröfu sína styður stefndi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs þeim rökum, að stefnandi FÍN hafi ekki í þessu efni samnings-

umboð fyrir þann hóp manna, sem mál þetta snýst um. Þá niðurstöðu leiði af 1. mgr. 1. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna, er hljóði svo:

„Lög þessi gilda um alla starfsmenn, sem eru félagar í stéttarfélögum, sem skv. 4. og 5. gr. laganna hafa rétt til að gera kjarasamninga skv. þeim og eru ráðnir hjá ríkinu, ríkisstofnunum, sveitarfélögum eða stofnunum þeirra með föstum tíma-, viku eða mánaðarlaunum, enda verði starf þeirra talið aðalstarf."

Stefnandi staðhæfi, að um sé að ræða 100 - 110 manna hóp. Hluti þeirra sé tilgreindur í úrtaksathugun á dskj. nr. 5. Ekki sé vefengt, að þeir séu félagsmenn í FÍN. Samningsumboð FÍN fyrir aðalstarf þeirra sé einnig óvefengt.

Þeir menn, sem þar séu tilgreindir, séu flestir ríkisstarfsmenn. **Þeir starfi hjá ýmsum stofnunum. Stundakennsla þeirra í Háskóla** Íslands á sínum tíma hafi verið algjört aukastarf, ótengt aðalstarfi þeirra. Af þeirri ástæðu sé ekki uppfyllt niðurlagsákvæði 1. mgr. 1. gr. laga nr. 94/1986, að um sé að ræða aðalstarf, sem samningsumboð stéttarfélags skv. 4. eða 5. gr. laga nr. 94/1986 geti tekið til. Samningsumboð stéttarfélagsins að lögum nái til aðalstarfs viðkomandi manna, en ekki slíkra aukastarfa, sem hér um ræði.

Allt frá hinum fyrstu lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna nr. 55/1962 hafi það verið skilyrði til að falla undir lögin og um leið fyrir samningsumboði stéttarfélags, að um sé að ræða aðalstarf viðkomandi ríkisstarfsmanns. Þetta skilyrði hafi haldist frá upphafi, þrátt fyrir það að ýmsar aðrar breytingar, sem lúti að samningsumboði, hafi orðið á lögunum. Túlkun þess, hvað hugtakið „aðalstarf" feli í sér, hafi ekki verið hið sama frá upphafi. Stefndi haldi því fram, að í því felist að minnsta kosti það, að viðkomandi starfsmaður hafi ekki samtímis á hendi annað aðalstarf. Sé öðru starfi ekki til að dreifa, geti hlutastarf, sem þó nái ekki a.m.k. hálfu starfi, fallið undir hugtakið „aðalstarf" samkvæmt lögunum. Í því tilviki geti samningsumboði viðkomandi stéttarfélags verið til að dreifa fyrir umrætt starf.

Að því er varðar þá félagsmenn í FÍN, sem mál þetta snýst um, sé atvikum svo háttað, að þeir séu í aðalstarfi hjá öðrum stofnunum ríkisins, ótengdum Háskóla Íslands. Það felist reyndar í kröfugerð stefnanda, að svo sé, og sé forsenda hennar.

En fleira komi til. Fram hafi verið lagt í málinu sem dskj. nr.

46 samkomulag BHM og ríkisstjórnarinnar frá 8. september 1980. Vísist til töluliðar 7 í því samkomulagi. Samkvæmt því verði ekki annað séð en að fulltrúar ríkis og háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna séu sammála um og hafi beinlínis samið um þá túlkun hugtaksins „aðalstarf", sem hér að framan greini. Því samkomulagi hafi ekki verið breytt.

FÍN haldi nú fram andstæðum skilningi, þótt lög hafi ekki breyst að þessu leyti. Stefndi haldi því fram, að FÍN sé bundið af þessum samningi rétt eins og önnur félög, sem á þessum tíma hafi verið innan vébanda BHM, heildarsamtaka háskólamanna, sem þá hafi farið með hluta samningsréttar þeirra.

Félagsmenn í FÍN, sem séu ríkisstarfsmenn við stofnanir utan Háskóla Íslands, sinni ekki stundakennslu við Hskólann að undanskildum örfáum einstaklingum. Eftir því sem næst verði komist, hafi verið um að ræða 9 einstaklinga á haustmisseri 1990 og 5 einstaklinga á vormisseri 1991. Orðalag í stefnukröfum um félagsmenn í FÍN, sem séu ríkisstarfsmenn og „sinna slíkri kennslu í H.Í.", sé því á mörkum þess að fá staðist og síst af öllu, þegar nafnalisti á dskj. 5 sé virtur. Þessi hluti FÍN, þ.e. 9 eða 5 stundakennarar við HÍ, uppfylli ekki skilyrði 5. gr. laga nr. 94/1986, sem sýnist byggt á í stefnu, til þess að félagið geti nú komið fram í nýju hlutverki og átt rétt til að gera kjarasamning fyrir aukastörf þessara einstaklinga.

Stefnandi skipti þeim, sem sinna stundakennslu í Háskóla Íslands, í 7 flokka. Ekki séu gerðar athugasemdir við þessa framsetningu. Það séu fyrst og fremst þeir, sem tilgreindir séu í fyrstu þremur flokkunum, sem hér sé tilefni til að huga að. Stefnandi telji, að vegna samanburðar við þá stundakennara, sem falli í flokk nr. 1 og 2, beri að viðurkenna samningsumboð stefnanda fyrir þá, sem taldir eru í flokki nr. 3, svo að launajafnvægi megi komast á. Það jafnvægi sýnist stefnandi telja, að fáist með greiðslu yfirvinnukaups fyrir stundakennslu til þeirra, sem kröfugerð málsins nái til.

Vegna þessa sé nauðsynlegt að upplýsa, að þeir, sem falli í flokk 1 og 2, sinni stundakennslu sem aðalstarfi eða hluta af sínu aðalstarfi. Þar skilji algerlega á milli þeirra annars vegar og hins vegar þeirra, sem falli í flokk nr. 3.

Í hinum fyrsta flokki séu sérfræðingar við háskólastofnanir. Þeir eigi best heima í Félagi háskólakennara og séu þar flestir.

Á dskj. nr. 49 sé að finna sýnishorn af ráðningarkjörum slíks sérfræðings. Stundakennsla sé hluti starfsskyldna hans í því aðalstarfi. Hann sýnist ekki eiga neitt val þar um. Samkvæmt gr. 2.8 í kjarasamningi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og Félags háskólakennara á dskj. nr. 32 fari eftir atvikum, hvort sú vinna er greidd sem dagvinna eða yfirvinna. Samkvæmt kjarasamningi sé ljóst, að því aðeins greiðist hún sem yfirvinna, að farið sé fram úr 40 stunda vinnuviku. Að því leyti gildir ekkert annað en fyrir aðra yfirvinnu.

Hér breyti engu um skýr kjarasamningsákvæði, þótt starfsvenja muni hafa komist á innan HÍ að greiða slíka kennslu sem yfirvinnu. Í þeim tilvikum sé um að ræða tilflutning á starfsskyldum. Aðrar starfsskyldur í aðalstarfinu, svo sem rannsóknarskylda, verði þá að eiga sér stað utan dagvinnumarka, hafi kennslan átt sér stað innan þeirra marka. Hún sé þá aðeins greidd sem dagvinna.

Í flokki nr. 2 séu svonefndir stundakennarar á föstum launum. Hér sé um að ræða stundakennara, sem hafi stundakennsluna að aðalstarfi og séu í hálfu starfi að lágmarki. Í þessu tilviki sé stundakennslan beinlínis aðalstarf.

Samkvæmt framangreindu sé ljóst, að mál horfi hér við hvort með sínu móti, að því er varðar stundakennara í 1. og 2. flokki annars vegar og hins vegar þá, sem eru í 3. flokki, og þar með þá, sem stefnukröfur taki til. Hjá þeim sé kennslan aukastarf samhliða aðalstarfi við aðrar stofnanir en Háskóla Íslands. Samanburður stefnanda við þessa hópa geti því ekki leitt til þess, að kröfur hans nái fram að ganga.

Varðandi sýknukröfu sé vakin athygli á ákvæðum 34. gr. laga nr. 38/1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Greinin fjalli um aukastörf, sem ekki séu yfirvinna í aðalstarfi. Samningsréttarlög hafi ekki haggað henni, og aukastörf hafi ekki verið felld undir samningsréttarlög.

Mótmæli stefnda Samtaka stundakennara við Háskóla Íslands við kröfum stefnanda byggjast á því, að samkvæmt lögum SSHÍ sé félagið stéttarfélag stundakennara við Háskóla Íslands, sbr. 2. gr. laga félagsins. Í 7. gr. laganna sé ákvæði um skipun samninganefndar, sem semja skuli um kaup og kjör félagsmanna og fyrirvara um samþykki almenns félagsfundar á þeim samningum, sem nefndin geri.

SSHÍ sé stéttarfélag í skilningi laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur. Sem slíkt geti það krafist samningsréttar sér til handa. Samtökin falli hins vegar ekki undir 1. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna, þar eð meiri hluti félagsmanna hafi ekki stundakennslu að aðalstarfi. Það sé því háð samþykki viðsemjandans, þ.e. ríkissjóðs, hvort stéttarfélagið getur samið um kaup og kjör sinna félagsmanna. Slíkt samþykki hafi enn ekki fengist SSHÍ til handa, en ákvörðun um það sé framkvæmdavaldsins, en ekki dómsvaldsins, að mati SSHÍ.

Félagið hafi ekki falið Félagi íslenskra náttúrufræðinga umboð til að semja fyrir hönd félagsmanna í SSHÍ um kaup þeirra og kjör né hefur Félag íslenskra náttúrufræðinga til þess lagaheimild vegna 1. gr. laga nr. 94/1986. Kröfugerð stefnanda samkvæmt 1. kröfulið skorti því næga stoð.

Samþykki við kröfum stefnanda myndi enn fremur fela í sér brot á lögum Samtaka stundakennara við Háskóla Íslands, og verði því ekki fallist á slíka kröfugerð af hálfu SSHÍ. Félagsmenn í FÍN, sem einnig eru félagar í SSHÍ, hafi ekki borið mál þetta upp á aðalfundi SSHÍ, og hafi því ekki gefist tækifæri til umræðna og hugsanlegrar ákvörðunar um lagabreytingar, sem falið gætu í sér samþykki við kröfugerð FÍN í máli þessu. Stjórn SSHÍ telji sig því ekki hafa umboð til samþykkis við kröfugerð stefnanda án slíkrar ákvörðunar aðalfundar.

Niðurstaða.

Stefnandi fékk í framhaldi af gildistöku laga nr. 94/1986 rétt til að gera f.h. félagsmanna sinna kjarasamning samkvæmt þeim lögum við fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs á grundvelli heimildar 2. mgr. 4. gr. laganna. Ekki skiptir máli fyrir niðurstöðu máls þessa, hvort stefnandi geti einnig leitt samningsrétt sinn af 3. tl. 5. gr. laganna.

Í málflutningi stefnanda hefur komið fram, að ekki er ágreiningur um, að þau störf, sem kröfur hans í máli þessu varða, eru ekki aðalstörf þeirra félagsmanna stefnanda, sem í hlut eiga, heldur hafi þeir að aðalstarfi önnur störf hjá öðrum ríkisstofnunum en Háskóla Íslands. Krafa stefnanda í málinu snýst því um viðurkenningu á samningsumboði stefnanda fyrir félagsmenn sína vegna ákveðinna aukastarfa þeirra.

1. mgr. 1. gr. laga nr. 94/1986 veitir þeim stéttarfélögum, sem

undir lögin falla, aðeins rétt til að gera kjarasamninga, sem taki til aðalstarfa viðkomandi starfsmanna. Þegar af þeirri ástæðu verður að sýkna stefnda fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs af kröfum stefnanda í málinu. Í ljósi þeirrar niðurstöðu og eins og kröfugerð stefnanda er fram sett gagnvart stefndu Félagi háskólakennara og Samtökum stundakennara við Háskóla Íslands, verða þessir stefndu einnig sýknaðir af kröfum stefnanda.

Rétt þykir, að stefnandi greiði stefnda fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs 60.000,00 kr. í málskostnað. Að öðru leyti fellur málskostnaður niður.

Dómsorð:

Stefndu, fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, Félag háskólakennara og Samtök stundakennara við Háskóla Íslands, eru sýknir af kröfum stefnanda, Félags íslenskra náttúrufræðinga, í máli þessu.

Stefnandi greiði stefnda fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs 60.000,00 kr. í málskostnað. Að öðru leyti fellur málskostnaður niður.

Sératkvæði
Þorsteins A. Jónssonar.

Ég er samþykkur atkvæði meiri hluta dómsins að öðru leyti en því, að ég tel rétt, að málskostnaður falli niður.

Mánudaginn 3. júní 1991.

Nr. 5/1991. **Heilsuhæli Náttúrulækningafélags Íslands**
(Árni Guðjónsson hrl.)
gegn
Læknafélagi Íslands
(Viðar Már Matthíasson hrl.).

Frávísun.

Dómur Félagsdóms.

Mál þetta dæma Garðar Gíslason, Björn Helgason, Ingibjörg Benediktsdóttir, Jón Þorsteinsson og Gunnar Guðmundsson.

Málið, sem tekið var til dóms 1. þ.m., er höfðað með stefnu birtri 21. f.m.

Stefnandi er Heilsuhæli Náttúrulækningafélags Íslands í Hveragerði.

Stefndi er Læknafélag Íslands, Domus medica, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þessar:

1. Að stefnda verði gert að afturkalla viðvörun, sem birtist í Læknablaðinu í maí-hefti 1991, bls. 9.
2. Að gr. 17 og 23 í lögum stefnda eða hlutar þeirra verði með dóminum taldar andstæðar 69. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33, 17. júní 1944 með síðari breytingum og einnig andstæðar 2. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur.
3. Að stefnda verði gert að afnema gr. 17 og 23 í lögum félagsins að öllu leyti eða þá hluta greinanna, sem fara í bága við landslög og stjórnarskrá.
4. Að stefndi verði dæmdur til greiðslu sektar, er renni í ríkissjóð.
5. Að stefnda verði gert að greiða stefnanda málskostnað að mati dómsins.

Dómkröfur stefnda eru þessar:

Að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og stefnandi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað samkvæmt mati dómsins ásamt virðisaukaskatti og dráttarvöxtum.

I.

Stefnandi kveður málavexti þá, að læknir, sem starfað hefur á heilsuhæli stefnanda mörg undanfarin ár og kominn er að hámarkslífeyrissjóðsgreiðslum, sagði starfi sínu lausu með bréfi, dags.

25.1.1991, þar sem segir: „Ástæður uppsagnar minnar eru margendurtekin brot framkvæmdastjóra og stjórnar HNLFÍ á heilbrigðislögum og læknalögum. Við þessar aðstæður er mér hvorki mögulegt að rækja læknisstörf mín samkvæmt gildandi lögum og reglugerðum um störf lækna né samkvæmt codex ethicus."

Uppsagnarbréf læknisins var rætt á fundi hælisstjórnarinnar hinn 31.1.1991 og uppsögnin samþykkt, en athugasemdum læknisins mótmælt. Skv. uppsagnarbréfi læknisins rann starfstími hans út hinn 30. apríl 1991.

Stefnandi auglýsti í framhaldi af því stöðu læknis á hælinu lausa til umsóknar. Við þessari auglýsingu brást stefndi með því að birta í læknablaðinu viðvörun til félagsmanna um, að stjórn félagsins geti vísað félagsmanni úr félaginu, ef viðkomandi sækir um eða tekur við stöðunni. Þá hefur formaður stefnda, Læknafélags Íslands, marglýst yfir því í fjölmiðlum, að hver sá læknir, sem um stöðu þessa sæki, verði rekinn úr Læknafélagi Íslands.

Stefnda, þ.e. framkvæmdastjóra hans, hefur verið boðið að afturkalla viðvörun læknafélagsins til félagsmanna sinna við að sækja um hina auglýstu stöðu að viðlögðum brottrekstri úr félaginu, en stefndi hefur ekki sinnt því.

Málsástæður stefnanda eru þær, að hann þarf skv. heilbrigðislögum að hafa í þjónustu sinni lækna, sem annast læknisfræðilega meðferð dvalargesta eða sjúklinga á heilsuhæli sínu í Hveragerði. Við það er rekstrarleyfi hans á starfsemi hælisins bundið.

Með því, að Læknafélag Íslands víki þeim læknum úr félaginu, sem sækja um stöðu læknis á hælinu, er það jafngildi þess, að stéttarfélag lækna sé lokað þeim læknum, sem slíkt gera. Stefndi, Læknafélag Íslands, er stéttarfélag skv. 2. gr. laga um stéttarfélög og vinnudeilur nr. 80/1938 og gerir kjarasamninga fyrir hönd félagsmanna sinna, sbr. 16. gr. félagslaga Læknafélags Íslands. Í kjarasamningum félagsins við íslenska ríkið eru ákvæði um, að félagsmenn þess hafi forgangsrétt til vinnu á öllum spítölum og öðrum störfum, sem það rekur. Með því að loka félaginu fyrir einstökum læknum er það jafngildi þess, að þeir læknar, sem ekki eru félagsmenn, eru útilokaðir frá öllum þessum störfum, þótt þeir hafi tilskilin fagréttindi.

Lagarök stefnanda eru þau, að stefndi hafi með framferði sínu brotið 69. gr. stjórnarskrár íslenska lýðveldisins nr. 33/1944, sem

mælir fyrir um atvinnufrelsi manna, svo að gerðir stefnda séu brot á 2. gr. laga um stéttarfélög og vinnudeilur nr. 80/1938, en í þeirri grein er það skilyrði sett fyrir stofnun og störfum stéttarfélags, að það sé opið öllum í hlutaðeigandi starfsgrein.

Þá skal á það bent, að þótt ákvæðið í 23. gr. félagslaga stefnda sé af stefnanda talið ólögmætt, þá er ákvörðun stjórnar stefnda einnig ólögleg skv. eigin samþykktum, þar sem hún hefur ekki leitað samráðs eða samþykkis viðkomandi aðildarfélags, í þessu tilviki Læknafélags Suðurlands, sbr. 3. gr. laga stefnda.

II.

Stefndi gerir ekki kröfu um frávísun frá Félagsdómi. Hann telur þó, að dómurinn hljóti að íhuga frávísun ex officio af eftirtöldum ástæðum:

1. Stefndi er eitt aðildarfélaga Bandalags háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna (BHMR). Hann gerir kjarasamninga, m.a. f.h. sjúkrahússlækna, við fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, Reykjavíkurborg og St. Jósefsspítala. Læknar, sem starfað hafa hjá stefnanda, taka laun og búa við þau starfskjör, sem umsamin eru í þeim kjarasamningum, að viðbættum þeim sérstöku kjörum, sem um kann að vera samið í ráðningarsamningi við hvern og einn þeirra. Um stefnda gilda ákvæði laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Ekki verður séð, að ákvæði 26. gr. þeirra laga heimili að leggja fyrir Félagsdóm mál til úrlausnar um meint brot á 2. gr. laga nr. 80/1938.
2. Í 45. gr. laga nr. 80/1938 er gert ráð fyrir því, að sambönd stéttarfélaga reki mál fyrir hönd meðlima sinna fyrir Félagsdómi, og aðila sé þá aðeins heimilt að reka málið sjálfur, að hann sé ekki meðlimur sambandanna, eða að sambandið hafi neitað að fara með málið. Ekki liggi fyrir, að BHMR hafi neitað að fara með málið fyrir stefnda.
3. Stefndi telur einnig, að vísa eigi 3. tl. í kröfugerð stefnanda frá ex officio, þar sem sú krafa er svo óákveðin, að hún er ekki dómtæk.

Stefndi benti og á það, að þar sem hann telji, að lög nr. 94/1986 taki til deilu aðila, telji hann, að skipan dómsins skuli vera í samræmi við 27. gr. laganna. Vegna þessa tjáðu lögmenn aðila sig sérstaklega um formhlið málsins 30. maí sl.

Um efnishlið málsins kveður stefndi málavexti eftirfarandi: Stefn-

andi er hjúkrunar- og endurhæfingarheimili, sem starfar á grundvelli reglugerðar nr. 262/1989, sem sett var með stoð í 24. gr. laga 59/1983 um heilbrigðisþjónustu. Um slíkar stofnanir gilda nú ákvæði 4. tl. 24. gr. laga 97/1990 um sama efni. Í 29. gr. þeirra laga er gerður áskilnaður um, að við stofnun samkvæmt 24. gr. laganna starfi a.m.k. yfirlæknir, og af 1. tl. 32. gr. leiðir, að hjá stefnanda skal starfa læknaráð, sem hefur lögbundið hlutverk, m.a. það að vera stjórnendum til ráðuneytis um öll læknisfræðileg atriði, og ber stjórnendum skylda til að leita álits læknaráðs um allt, sem varðar læknisþjónustu stofnunarinnar. Lög 97/1990, einkum 29. gr. þeirra, bera það ótvírætt með sér, að læknar bera ábyrgð á þeim lækningum, sem fram fara á stofnunum þeim, sem þeir starfa við og undir lögin heyra.

Veturinn 1988/1989 reis ágreiningur um skipulagningu sérstaks sviðs, sem nefnt var O-svið, en þar skyldi fólk tekið til meðferðar vegna offitu. Heyrði meðferð þessi undir Þórhall B. Ólafsson lækni, sem fyrst var ráðinn til stefnanda árið 1976. Þórhallur taldi, að hjúkrunarforstjóri og framkvæmdastjóri og reyndar aðrir, sem þessir aðilar kvöddu til sérstakra verka, leituðust við að skerða sem mest forræði hans á meðferðinni og legðu önnur sjónarmið en læknisfræðileg til grundvallar við meðferðina. Bæði Þórhallur og Snorri Ingimarsson yfirlæknir vöruðu fyrirsvarsmenn stefnanda eindregið við þessari háttsemi, enda hvílir á læknum lögákveðin skylda til þess að lána ekki nafn sitt ákveðinni lækningastarfsemi, nema hún fari að fullu fram á hans ábyrgð samkvæmt ráðleggingum hans og undir eftirliti hans. Er skylda þessi lögfest í 25. gr. læknalaga nr. 53/1988.

Viðvörunum læknanna var lítið sinnt, en þó var ákveðið síðari hluta árs 1989 að hefja meðferð við offitu, sem byggð var á grundvelli, lögðum af Þórhalli B. Ólafssyni. Stefnandi réð hjúkrunarfræðing til starfa við verkefnið, og taldi læknirinn, að hún hafi án samráðs við sig breytt ýmsum meðferðarþáttum og framkvæmt þá eftir sínu höfði, fjarri því, sem hinar læknisfræðilegu forsendur Þórhalls heimiluðu. Reyndi Þórhallur að leiða þetta hjá sér, en taldi sér óheimilt að víkjast undan þeirri lagaskyldu, sem áður er getið um. Hafði hann því uppi andmæli og naut við það stuðnings yfirlækna stefnanda, þeirra Gísla Einarssonar og Snorra Ingimarssonar. Var andrúmsloftið orðið afar slæmt á heilsuhælinu, er leið

á árið 1990. Hið slæma ástand leiddi til bréfaskipta seinni hluta árs 1990 og í upphafi árs 1991.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið skipaði nefnd þann 3. janúar 1991 til að leita sátta í málinu.

Þórhallur B. Ólafsson treysti sér ekki lengur til að starfa sem læknir með þeim skyldum, sem því fylgja, við þær aðstæður, sem eru hjá stefnanda. Sagði hann því upp störfum með bréfi, dags. 25. janúar 1991, þrátt fyrir það að hann kynni við það að glata mikilsverðum lífeyrisréttindum. Málefni stefnanda höfðu verið til umfjöllunar á fundum í stjórn stefnda síðast á árinu 1990 og í upphafi árs 1991. Stefndi, Læknafélag Íslands, er, eins og fyrr segir, stéttarfélag, en innan vébanda þess eru einnig sjálfstætt starfandi læknar. Í lögum eru lagðar ýmsar skyldur á stefnanda, t.d. er í 18. gr. læknalaga nr. 53/1988 skyldur, er tengjast eftirlitsskyldum opinberra aðila með starfsemi lækna. Í lögum stefnda er í 19. gr. ákvæði um siðareglur, og er mælt fyrir um það, að stjórn stefnda og aðildarfélög þess skuli hafa eftirlit með því, að félagsmenn þeirra hlíti siðareglum félagsins, codex ethicus, lögum og samþykktum Læknafélags Íslands. Eru jafnframt í 23. gr. laga félagsins heimildir til þess að víkja mönnum úr félaginu við tillteknar aðstæður.

Stefndi telur sér skylt að hafa eftirlit með því, að læknar sinni störfum sínum með þeim hætti, að gætt sé í hvívetna þeirra lagaskyldna, sem lagðar eru á lækna í störfum þeirra. Af þessum ástæðum taldi félagið sér skylt að vara lækna við því að sækja um stöðu þá, sem Þórhallur B. Ólafsson hafði gegnt, en staða þessi var auglýst laus til umsóknar 28. apríl sl. Er auglýsingin reyndar einstök, þar sem auglýst er, að staða aðstoðarlæknis *eða* sérfræðings sé laus til umsóknar. Í viðvörun stefnda er bent á, að ástæða þess, að stefnandi auglýsi lausa læknisstöðu, sé sú, að starfandi læknir þar til margra ára hafi sagt stöðu sinni lausri vegna erfiðra læknisfræðilegra skilyrða, sem felist m.a. í því, að stjórnendur telji sig hæfari en hann til að skilgreina læknisfræðilega meðferð.

Stefndi telur, að fráleitt sé, að stefnandi njóti réttar sem sjúkrastofnun samkvæmt 5. tl. 24. gr. laga 97/1990 og annarra ákvæða þeirra laga og fái með því umtalsverðar fjárhæðir af almannafé til rekstrar síns, allt á þeim forsendum, að þar fari meðferð og aðhlynning sjúklinga fram á grundvelli læknisfræðilegra sjónarmiða, en

neiti svo að fara að áliti lækna um það, hvernig eigi að haga skipulagningu og framkvæmd læknismeðferðar.

Loks er því andmælt harðlega af hálfu stefnda, að háttsemi hans fari að einhverju leyti í bága við ákvæði 2. gr. l. 80/1938, þó að það lagaákvæði yrði talið eiga við, eða 69. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944. Stefndi mótmælir sem röngum hugleiðingum stefnanda um, að heimild í lögum L.Í. um beitingu agaúrræða sé á einhvern hátt skerðing á atvinnufrelsi. Með viðvörun sinni er stefndi að gera þeim félagsmönnum sínum ljóst fyrir fram, að þeir geti ekki vænst þess að njóta þeirra réttinda og þess hagræðis, sem félagsaðild fylgir, ef þeir hyggjast ráða sig í starf hjá aðila, sem að mati stefnda neitar að láta læknisfræðileg sjónarmið ráða skipulagningu og framkvæmd meðferðar, sem á að vera læknismeðferð.

III.

Niðurstaða.

Mál þetta er höfðað á grundvelli laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur af hálfu Heilsuhælis Náttúrulækningafélags Íslands í Hveragerði sem vinnuveitanda á hendur Læknafélagi Íslands sem stéttarfélagi, en félag þetta skiptist í svæðisbundin aðildarfélög. Lög nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna taka ekki til starfsmanna heilsuhælisins, sbr. 2. gr. þeirra laga, þegar af þeirri ástæðu, að heilsuhælið hefur ekki veitt áskilið samþykki til þess.

Stefnandi telur, að stefndi hafi með viðvörun til lækna um að ráða sig ekki til starfa hjá heilsuhælinu að viðlögðum brottrekstri úr félaginu brotið gegn ákvæði 2. gr. laga nr. 80/1938, en þar segir, að stéttarfélag skuli opið öllum í hlutaðeigandi starfsgrein á félagssvæðinu eftir nánari reglum í samþykktum þeirra. Jafnframt telur stefnandi, að tilteknar greinar í félagslögum stefnda brjóti gegn áðurnefndri lagagrein svo og gegn 69. gr. stjórnarskrárinnar, en þessar greinar félagslaganna fjalla um heimildir læknafélagsins til þess að gefa viðvörun og vísa mönnum brott úr félaginu. Þessi sjónarmið stefnanda, sem stefndi hefur andmælt, eru uppistaðan í dómkröfum hans.

Á milli málsaðila er enginn kjarasamningur í gildi, og hvorugur þeirra hefur gert kröfu um, að til slíks samnings verði stofnað, enda þótt einstakir læknar hafi gert ráðningarsamninga við heilsuhælið. Hér er því hvorki um vinnudeilu að ræða né ágreining um skilning á kjarasamningi. Grundavallarágreiningurinn er um stjórnunarlega

og faglega ábyrgð lækna. Utan þessa hafa þeir félagsmenn læknafélagsins, sem kunna að telja félagsréttindi sín skert með framangreindri viðvörun, ekki blandað sér í mál þetta.

Svo sem atvikum er háttað hér, getur vinnuveitandi ekki að áliti Félagsdóms lagt fyrir dóminn ágreining við stéttarfélag um félagsréttindi innan þess, auk þess sem það er almennt utan verkahrings dómsins að dæma um túlkun á stjórnarskrárákvæðum. Ber því að vísa máli þessu frá Félagsdómi.

Eftir þessum málalokum verður stefnanda gert að greiða stefnda málskostnað, sem ákveðst kr. 80.000.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Félagsdómi.

Stefnandi, Heilsuhæli Náttúrulækningafélags Íslands, greiði stefnda, Læknafélagi Íslands, kr. 80.000 í málskostnað.

Mánudaginn 30. desember 1991.

Nr. 6/1991. **Starfsmannafélag ríkisstofnana**
f.h. Jóhönnu Oddsdóttur
(Gestur Jónsson hrl.)
gegn
fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs
(Gunnlaugur Claessen hrl.).

Kjarasamningur. Staðgengilslaun.

Dómur Félagsdóms.

Mál þetta dæma Garðar Gíslason, Björn Helgason, Ingibjörg Benediktsdóttir, Valtýr Sigurðsson og Eiríkur Helgason.

Stefnandi er Starfsmannafélag ríkisstofnana, Grettisgötu 89, Reykjavík, f.h. félagsmanns síns, Jóhönnu Oddsdóttur, sjúkraliða á

þjálfunar- og þjónustumiðstöðinni að Bræðratungu, Stórholti 15, Ísafirði.

Stefndi er fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru, að viðurkennt verði með dómi, að stefnda sé skylt að greiða stefnanda staðgengilslaun samkvæmt launaflokki 248 fyrir tímabilið 15.6. 1991 til og með 15.7. 1991. Stefnandi krefst og málskostnaðar að mati dómsins ásamt dráttarvöxtum.

Stefndi krefst sýknu og málskostnaðar.

Málavextir eru þeir, að stefnandi, Jóhanna Oddsdóttir, var ráðin hjá stefnda sem sjúkraliði við þjálfunar- og þjónustumiðstöðina að Bræðratungu með ráðningarsamningi, dags. 13. desember 1988, og hefur starfað þar síðan. Forstöðumaður Bræðratungu er Erna Sigurveig Guðmundsdóttir. Vegna sumarleyfis Ernu var Jóhanna beðin um að gegna starfi forstöðumanns tímabilið 15. 6. 1991 til 15. 7. s.á. sem staðgengill forstöðumanns. Báðar taka Jóhanna og Erna laun skv. kjarasamningi SFR, Jóhanna skv. launaflokki 234, en Erna skv. launaflokki 248. Þegar Jóhanna fékk greidd laun fyrir þann tíma, sem hún var staðgengill forstöðumanns, kom í ljós, að henni var greitt eftir launaflokki 241, þ.e. hún fékk 7 launaflokka hækkun vegna staðgengilsstarfsins. Hún telur sig eiga rétt til launa skv. launaflokki Ernu Sigurveigar, þ.e. launaflokki 248, en stefndi hefur hafnað því.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Stefnandi vísar í kjarasamning aðila frá 1. febrúar 1990. Jóhanna gegnir ekki launuðu staðgengilsstarfi, og átti því grein 9.3.1. í kjarasamningnum við um rétt hennar til launa, meðan hún gegndi staðgengilsstarfinu, en hún hljóðar svo:

„Starfsmaður, sem ekki er í stöðu staðgengils yfirmanns, en er falið að gegna störfum yfirmanns í forföllum hans eða störfum annars hærra launaðs starfsmanns, skal taka laun eftir launaflokki hins forfallaða starfsmanns þann tíma, er hann gegnir starfi hans."

Stefnandi telur orðalag greinarinnar afdráttarlaust og skýrt um það, að honum beri laun skv. launaflokki Ernu Sigurveigar. Afstaða stefnda er sögð byggjast á þeirri vinnureglu, að starfsmaður geti aldrei hækkað um meira en 7 launaflokka vegna þess, en slík regla hlýtur að víkja gagnvart ótvíræðu kjarasamningsákvæði.

Málsástæður og lagarök stefnda.

Það ákvæði í kjarasamningi Starfsmannafélags ríkisstofnana, sem stefnandi byggir kröfur sínar á, hefur verið í kjarasamningum ríkisstarfsmanna lengi. Það kemur fyrst inn í aðalkjarasamningi BSRB 15. desember 1973 og BHM 15. febrúar 1974. Með aðalkjarasamningi BSRB, dags. 25. október 1977, breyttist ákvæðið lítillega. Ákvæðið í grein 9.3, „aðrir staðgenglar" sem stefnandi reisir kröfur sínar á, hefur þannig verið óbreytt frá árinu 1977 í öllum kjarasamningum BSRB og BHM og tekið upp orðrétt í samningum hinna einstöku félaga, þegar samningsaðild bandalaganna lauk með lögum nr. 94/1986 og við tóku heildarsamningar við hin einstöku félög.

Í kjarasamningum hefur frá upphafi verið greint á milli annars vegar launaðra staðgengla, sbr. grein 9.2. og annarra staðgengla, sbr. grein 9.3. Í hinu fyrrnefnda tilviki fylgir aðalstarfi viðkomandi að vera staðgengill yfirmannsins, og er tillit til þess tekið í hinum föstu launum. Að staðgengilsskylda fylgi starfinu, er þá yfirleitt tekið fram í ráðningarsamningi viðkomandi eða sérstakri yfirlýsingu. Þeir ganga inn í staðgengilshlutverkið af sjálfu sér án formlegrar ákvörðunar hverju sinni. Hins vegar eru aðrir staðgenglar, sem eru þá valdir sérstaklega hverju sinni. Við þær aðstæður eru engar sérstakar takmarkanir á því, hverjum falið er að leysa yfirmann af hólmi í forföllum hans.

Allt frá tilkomu samningsákvæðisins um staðgengla hefur verið litið svo á af hálfu stefnda, að í stuttri fjarveru yfirmanns sé almennt ókleift að miða við það, að undirmaður í mun lægra launuðu starfi og þá að jafnaði ekki með sömu starfsþekkingu og hæfni geti tekið á sig allar starfsskyldur yfirmanns, er hann leysir af hólmi vegna sumarleyfis, stuttra veikindaforfalla eða annarrar slíkrar fjarveru. Eðli máls samkvæmt hljóti störfin að fara svo fram, að ýmsar starfsskyldur yfirmanns einfaldlega bíði endurkomu hans eða færist yfir á næsta yfirmann þar fyrir ofan. Starfsmaður, sem með þessum hætti grípi um skamman tíma inn í starf yfirmanns, hljóti í flestum tilvikum fyrst og fremst að annast daglegan rekstur og nánast að halda í horfinu. Í slíkum tilvikum sé þannig almennt ekki uppfyllt það skilyrði kjarasamnings, að afleysingamaður „gegni störfum yfirmanns". Það gerir hann aðeins að hluta til. Almennt sinna slíkir starfsmenn áfram sínu eigin starfi auk

þess að taka þannig við hluta af störfum yfirmanns. Er á því byggt, að þessi almennu sjónarmið eigi við í því tilviki, sem hér er fyrir dómi. Þá fyrst er hægt að líta svo á, að kjarasamningsákvæðið eigi við, að starfsmaður gangi inn í störf yfirmanns um lengri tíma, þannig að forsendur skapist fyrir því, að hann gegni því að fullu.

Stefndi vísar til skýrslu formanns svæðisstjórnar málefna fatlaðra á Vestfjörðum, sem lögð hefur verið fram í málinu og dags. er 17. þ.m. Þar kemur fram, að stefnandi, Jóhanna, axlaði „venjulega" ábyrgð að nær öllu leyti í fjarveru forstöðumannsins. Enn fremur segir:

„Hún mun þó ekki hafa fært bóhald heimilismanna á sambýli og ekki heldur gert vaktatöflu, en þessir þættir eru báðir með vandasamari verkefnum forstöðumanns. Þessi verkefni voru látin bíða forstöðumanns, þegar hann kæmi úr sumarleyfi sínu.

Tekið skal fram, að „7 launaflokka reglan" hefur gilt gagnvart þeim starfsmönnum, sem gegnt hafa staðgengilsstörfum t.d. á skrifstofu svæðisstjórnarinnar fyrrnefndan tíma og eins í Bræðratungu."

Framkvæmd þessa samningsákvæðis hefur í samræmi við þetta frá upphafi verið með öðru móti heldur en orðalag þess gæti gefið ástæðu til að ætla. Vinnureglan um sjö launaflokka hækkun varð til strax eftir tilkomu kjarsamningsákvæðisins, eftir því sem best er vitað, og hefur haldist æ síðan. Starfsmenn launaskrifstofu stefnda hafa umboð til að afgreiða laun skv. henni. Eigi að koma til álita að greiða afleysingalaun þar umfram, krefst það sérstaks mats og ákvörðunar yfirmanna í þá veru.

Í reynd hafa félög opinberra starfsmanna, fyrst BSRB og BHM (BHMR) og síðar öll einstök félög innan þessara samtaka, viðurkennt þá framkvæmd í verki, að ekki sé sjálfgefið, að starfsmaður skuli fá laun þess yfirmanns, sem hann gegnir störfum fyrir að einhverju leyti í stuttri fjarvera hans. Þau hafa, að því er best er vitað, ekki heldur komið fram með kröfu um í samningaviðræðum að breyta ákvæðinu, hvorki að efni né orðalagi. Þetta þegjandi samþykki við framkvæmd stefnda á ákvæðinu ber að skoða sem samþykki í reynd við því innihaldi kjarasamningsákvæðisins, sem að framan er lýst. Sérstaklega ber að hafa það í huga, að þetta ákvæði er eins hjá öllum félögum opinberra starfsmanna, sem eru viðsemjendur stefnda, en ekki einungis hjá Starfsmannafélagi ríkisstofnana.

Ekki er vitað til, að komið hafi til ágreinings við aðra viðsemjendur stefnda um þá framkvæmd, sem átt hefur sér stað.

Niðurstaða.

Stefnanda, Jóhönnu Oddsdóttur, var falið að gegna störfum yfirmanns síns, Ernu Sigurveigar Guðmundsdóttur, í forföllum í sumarleyfi frá 15. júní til 15. júlí 1991. Ágreiningslaust er, að stefnandi er ekki í stöðu staðgengils yfirmanns samkvæmt ráðningarsamningi hennar. Skal hún því samkvæmt afdráttarlausu orðalagi greinar 9.3.1. í gildandi aðalkjarasamningi SFR og stefnda taka laun eftir launaflokki yfirmanns, sem eru laun skv. launaflokki 248, þann tíma, er hún gegndi starfi hans.

Ber því að taka kröfur stefnanda til greina og dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 50.000.

Dómsorð:

Stefnda, fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, er skylt að greiða stefnanda, Jóhönnu Oddsdóttur, staðgengilslaun samkvæmt launaflokki 248 fyrir tímabilið 15.6. 1991 til og með 15.7. 1991.

Stefndi greiði stefnanda kr. 50.000 í málskostnað.

Þriðjudaginn 7. janúar 1992.

Nr. 9/1991. **Vinnuveitendasamband Íslands**
f.h. Flugleiða h/f
(Hrafnhildur Stefánsdóttir cand.jur.)
gegn
Félagi íslenskra atvinnuflugmanna
(Atli Gíslason hrl.).

Félagsdómur hafnar frávísunarkröfu. Sératkvæði. Hæstiréttur vísaði kröfu frá að hluta.

Úrskurður Félagsdóms.

Mál þetta dæma Garðar Gíslason, Björn Helgason, Gylfi Knudsen, Jón Þorsteinsson og Gunnar Guðmundsson.

Mál þetta, sem tekið var til dóms eða úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi 3. þ.m. um frávísunarkröfu stefnda, er höfðað með stefnu, birtri 12. desember 1991, og framhaldsstefnu þingfestri 20. desember 1991.

Stefnandi er Vinnuveitendasamband Íslands, Garðastræti 41, Reykjavík, f.h. Flugleiða h/f, Reykjavíkurflugvelli.

Stefndi er Félag íslenskra atvinnuflugmanna, Háaleitisbraut 68, Reykjavík.

Að fram kominni framhaldsstefnu hljóða dómkröfur stefnanda nú svo:

1. Að viðurkennt verði með dómi, að flugmönnum sé skylt samkvæmt gr. 17-14 í kjarasamningi aðila frá 30. apríl 1991 að framkvæma þau störf við undirbúning brottfarar, sem flugvélstjórar sinntu fram til þess, að Flugleiðir tóku í notkun flugvélar af gerðinni Boeing 737-400, þar á meðal skoðun flugvéla fyrir flug, færslu dagbóka og útskrift flugvélarinnar með kvittun í viðhaldsdagbók hennar.
2. Að viðurkennt verði með dómi, að fyrirmæli stefnda til félagsmanna sinna um að framkvæma ekki skoðun flugvéla fyrir flug í samræmi við starfsreglur Flugleiða, eins og þeim var breytt 27. nóvember 1991 og koma skyldu til framkvæmda 1. desember 1991, séu brot á kjarasamningi aðila frá 30. apríl 1991 og ólögmæt aðgerð í andstöðu við ákvæði 14. til og með 17. grein laga um stéttarfélög og vinnudeilur nr. 80/1938.

3. Að viðurkennt verði með dómi, að stefndi sé skaðabótaskyldur fyrir tjóni því, sem Flugleiðum hefur verið valdið með neitun á að framkvæma starfsreglur Flugleiða frá 27. nóvember 1991, sem koma skyldu til framkvæmda 1. desember 1991.
4. Að stefnda verði gert að greiða stefnanda málskostnað að mati dómsins.

Um form krefst stefndi þess, að málinu verði vísað frá dómi, en um efni, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda. Hann krefst og málskostnaðar úr hendi stefnanda, en til vara, að málskostnaður verði felldur niður.

Stefndi byggir frávísunarkröfu sína á því, að kröfur og málatilbúnaður stefnanda séu svo vanreifuð að ekki verði lagður dómur á málið, og að dómur, sem tæki kröfur stefnanda til greina, leysi ekki úr ágreiningi aðila. Kröfugerð stefnanda verði ekki skilin öðruvísi en flugmenn hafi vanefnt grein 17-14 í gildandi kjarasamningi í einu og öllu. Að þessu leyti sé kröfugerð stefnanda ekki aðeins villandi, heldur beinlínis röng.

Í 1. tl. kröfu stefnanda verði ekki ráðið, um hvaða störf sé ágreiningur. Stefnanda hefði verið rétt að krefjast með glöggum og ótvíræðum hætti, að flugmenn sinntu nákvæmlega tilgreindum störfum, sem flugvélstjórar önnuðust á eldri vélum.

2. tl. sé sama marki brenndur. Krafist sé viðurkenningar á, að ætluð fyrirmæli stefnda til félagsmanna sinna um það, að þeir neiti að framkvæma skoðun flugvéla fyrir flug með þeim hætti, sem stefnandi hafi ákveðið, séu brot á kjarasamningi og brot á II. kafla laga nr. 80/1938. Þessi fyrirmæli séu hvorki skilgreind með glöggum hætti né rakin orðrétt lið fyrir lið.

Um 3. tl. gildi hið sama. Þar sé ekki skilgreiningu að finna á ætluðum ólögmætum athöfnum. Auk þess hafi Félagsdómur ekki vald til að dæma eingöngu um skaðabótaskyldu án tjónsfjárhæðar.

Stefndi vísar í 50. gr. laga nr. 80/1938 og 88. gr., 105. gr. og 108. gr. laga nr. 85/1936. Hann telur kröfur stefnanda ekki heldur nægilega ákveðnar, sbr. 67. gr. laga nr. 85/1936 og 69. gr. laga nr. 80/1938.

Stefnandi krefst þess, að frávísunarkröfu stefnda verði hrundið og að honum verði dæmdur málskostnaður í þessum þætti málsins. Hann kveður ágreining aðila snúast um það, um hvað hafi verið samið með grein 17-14 í kjarasamningi aðila og kröfugerðin beri

það greinilega með sér og sé nægilega skýr. Um andmæli stefnda við 3. tl. sérstaklega segir stefnandi þau byggð á misskilningi, sbr. dóm Félagsdóms 7. febrúar 1969 í máli nr. 1/1969.

Niðurstaða.

Í máli þessu er deilt um túlkun á gr. 17-14 í síðastgildandi kjarasamningi aðila frá 30. apríl 1991. Ágreiningur um skilning á kjarasamningi fellur undir verkefni Félagsdóms samkvæmt 2. tl. 44. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur. Ber því að hafna frávísunarkröfu stefnda.

Málskostnaður dæmist ekki í þessum þætti málsins.

Því úrskurðast:

Frávísunarkröfu stefnda, Félags íslenskra atvinnuflugmanna, er hrundið.

Málskostnaður dæmist ekki í þessu þætti málsins.

Sératkvæði
Jóns Þorsteinssonar.

Í meginatriðum er ekki deilt um, hverjar séu starfsskyldur félagsmanna stefnda samkvæmt grein 17-14 í kjarasamningi aðila, heldur hitt, hvort þessar starfsskyldur hafi verið inntar af hendi. Ágreiningsefnið tengist túlkun flugrekstrarreglna, sem eru utan kjarasamnings. Úrlausn ágreinings af þessu tagi heyrir ekki undir Félagsdóm. Þess ber einnig að gæta, að víðtæk kröfugerð stefnanda í máli þessu leitar svara við lögfræðilegum álitaefnum án þess að gefa kost á því að dæma um skýrlega afmarkað sakarefni.

Með tilvísun til framangreindra röksemda, sbr. 2. tl. 44. gr. laga um stéttarfélög og vinnudeilur og 67. gr. laga um meðferð einkamála í héraði, verður að vísa máli þessu frá Félagsdómi.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dómur Hæstaréttar 3. febrúar 1992.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Gunnar M. Guðmundsson, Haraldur Henrysson, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Sóknaraðili hefur með heimild í 67. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur skotið málinu til Hæstaréttar með kæru

10. janúar 1992, sem barst dóminum 14. janúar. Hann krefst þess, að úrskurður Félagsdóms 7. janúar 1992 í málinu nr. 9/1991 verði úr gildi felldur og málinu vísað frá Félagsdómi. Þá krefst sóknaraðili málskostnaðar fyrir Félagsdómi og kærumálskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur og sóknaraðili dæmdur til að greiða kærumálskostnað.

1. liður.

Eins og í hinum kærða úrskurði segir, er þessi kröfuliður þannig: „að viðurkennt verði með dómi, að flugmönnum sé skylt samkvæmt gr. 17-14 í kjarasamningi aðila frá 30. apríl 1991 að framkvæma þau störf við undirbúning brottfarar, sem flugvélstjórar sinntu fram til þess, að Flugleiðir tóku í notkun flugvélar af gerðinni Boeing 737-400, þar á meðal skoðun flugvéla fyrir flug, færslu dagbóka og útskrift flugvélarinnar með kvittun í viðhaldsdagbók hennar."

Ákvæði það í kjarasamningi, sem til er vitnað, er þannig:

„17-14 Lífeyrissjóðsiðgjald.

Vegna tilkomu B-737- og B-757-flugvéla og yfirtöku flugmanna á störfum, sem flugvélstjórar sinntu áður á eldri gerðum flugvéla, þar með talið eftirlit með eða framkvæmd eldsneytisáfyllingar, skoðun flugvéla fyrir flug og færslu dagbóka frá 1. maí 1989, lækki lífeyrissjóðsiðgjald flugmanna í 4% og hlutdeild Flugleiða eykst að sama skapi. ..."

Fram er komið, að flugrekstrarstjóri Flugleiða hf. sendi formanni Félags íslenskra atvinnuflugmanna bréf 17. október 1991. Meginmál þess er þannig:

„Í upphafi útgerðar Flugleiða á 737-400-vélunum var ákveðið að ganga til samninga við erlenda viðhaldsaðila á öllum viðkomustöðum til þess að sjá um m.a. forskoðun vélanna (transit check) ásamt flugmönnum. Þótti annað ekki forsvaranlegt, þar eð um nýja tegund flugvélar var að ræða og engin reynsla starfsfólks fyrir hendi.

Nú, þegar við höfum öðlast þessa reynslu, hefur verið ákveðið að segja þessum línuviðhaldssamningum upp, sem þýðir, að flugmenn, eins og ávallt áður, gera „transit check", en án þess að flugvirki staðarins gangi í spor hans og geri sömu hlutina. Þá bætist við eftirlit með eldsneytisáfyllingu.

Ég tel farsælast, að aðilar hittist og gangi í bróðerni frá þessum málum. Ég legg til, að fundur verði haldinn snemma í 43ju viku eftir vali formanns. Ég vænti skjótra viðbragða."

Formaður félagsins svaraði með bréfi 15. nóvember, þar sem segir meðal annars:

„Það er álit stjórnar FÍA, að flugmenn á B-737-vélum Flugleiða hafi, frá því er þær voru teknar í notkun, gegnt þeim störfum, sem flugvélstjórar sinntu áður á eldri gerðum flugvéla.

Sú breyting, sem þú boðar í bréfi þínu, er að áliti stjórnarinnar bein viðbót við núverandi störf flugmanna og er því ekki skv. þeim kjarasamningi, sem unnið er eftir. Um allt slíkt ber auðvitað að semja sérstaklega."

Fleiri gögn liggja frammi í málinu um þennan ágreining. Er nægilega fram komið, í hverju hann er fólginn. Ber að fallast á, að hann varði túlkun á fyrrgreindu ákvæði í kjarasamningi, og staðfesta niðurstöðu Félagsdóms að þessu leyti.

2. liður.

Eins og í hinum kærða úrskurði segir, er þessi kröfuliður þannig: „að viðurkennt verði með dómi, að fyrirmæli stefnda (þ.e. Félags íslenskra atvinnuflugmanna) til félagsmanna sinna um að framkvæma ekki skoðun flugvéla fyrir flug í samræmi við starfsreglur Flugleiða, eins og þeim var breytt 27. nóvember 1991 og koma skyldu til framkvæmda 1. desember 1991, séu brot á kjarasamningi aðila frá 30. apríl 1991 og ólögmæt aðgerð í andstöðu við ákvæði 14. til og með 17. greinar laga um stéttarfélög og vinnudeilur nr. 80/1938."

Í málinu liggur frammi bréf Vinnuveitendasambands Íslands til Félags íslenskra atvinnuflugmanna frá 3. desember 1991, þar sem segir meðal annars:

„Sunnudaginn 1. desember framkvæmdu félagsmenn Félags íslenskra atvinnuflugmanna ekki forskoðun (transit check) á B-737-flugvélum Flugleiða í Kaupmannahöfn, Osló, London og Amsterdam, og bera viðkomandi flugstjórar því við, að það sé samkvæmt fyrirmælum FÍA, sbr. og bréf félagsins til Flugleiða, dags. 15. og 27. nóvember. Aðgerðum þessum hefur síðan verið haldið áfram á viðkomustöðum félagsins erlendis."

Með þessu og öðru, sem fyrir liggur í málinu, er ágreiningsefnið varðandi þennan kröfulið nægilega afmarkað. Það athugast, að það

varðar sama réttarágreining og kemur fram í 1. kröfulið, en ekki leiðir það til frávísunar, eins og á stendur.

3. liður.

Eins og í hinum kærða úrskurði segir, er þessi kröfurliður þannig: „Að viðurkennt verði með dómi, að stefndi sé skaðabótaskyldur fyrir tjóni því, sem Flugleiðum hefur verið valdið með neitun á að framkvæma starfsreglur Flugleiða frá 27. nóvember 1991, sem komu til framkvæmda 1. desember 1991."

Í 44. gr. og 65. gr. laga nr. 80/1938 segir, að Félagsdómur dæmi um skaðabótakröfur. Er ljóst, að slíkar kröfur ber að gera með þeim hætti, sem fyrir er mælt í 88. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, sbr. lög nr. 54/1988. Byggist það á 69. gr. laga nr. 80/1938. Ber eftir fordæmum að skilja c-lið 1. mgr. 88. gr. einkamálalaga þannig, að varnaraðili hér fyrir dómi hafi átt að tiltaka í krónum, hve hárra bóta er krafist. Ber því að vísa þessum kröfulið frá Félagsdómi.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur um þá tvo kröfuliði, sem að ofan greinir.

Vísað er frá Félagsdómi kröfu varnaraðila, Vinnuveitendasambands Íslands f.h. Flugleiða hf., um viðurkenningu á bótarétti, en kröfunni er beint að sóknaraðila, Félagi íslenskra atvinnuflugmanna.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 3. febrúar 1992.

Nr. 7/1991. **Félag íslenskra atvinnuflugmanna**
(Atli Gíslason hrl.)
gegn
Vinnuveitendasambandi Íslands
f.h. Flugleiða h/f
(Hrafnhildur Stefánsdóttir cand.jur.).

Kjarasamningur. Samráð. Flugmenn.

Dómur Félagsdóms.

Mál þetta dæma Garðar Gíslason, Björn Helgason, Ingibjörg Benediktsdóttir, Jón Þorsteinsson og Gunnar Guðmundsson.

Málið, sem tekið var til dóms 9. f.m., er höfðað með stefnu birtri 26. nóvember 1991.

Stefnandi er Félag íslenskra atvinnuflugmanna, Háaleitisbraut 68, Reykjavík.

Stefndi er Vinnuveitendasamband Íslands, Garðastræti 41, Reykjavík, f.h. Flugleiða h/f, Reykjavíkurflugvelli.

Dómkröfur stefnanda eru þessar:

Að rétturinn viðurkenni með dómi, að notkun Flugleiða h.f. á leiguflugvél með áhöfn frá Air Europe, Ítalíu, til áætlunarflugs til Orlando og Baltimore tímabilið 26. október 1991 til 26. nóvember s.á. feli í sér brot á grein 01-3 í síðastgildandi kjarasamningi stefnanda við stefnda.

Stefnandi krefst og málskostnaðar, en til vara, að málskostnaður falli niður.

Dómkröfur stefnda eru þessar:

1. Að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda.

2. Að viðurkennt verði með dómi, að Flugleiðum h/f sé samkvæmt gr. 01-3 í síðastgildandi kjarasamningi aðila heimilt að leigja flugvélar með flugmönnum til áætlunar- og leiguflugs á hefðbundnum leiðum félagsins án samþykkis stefnanda, enda leiði það ekki til uppsagna flugmanna Flugleiða.

Stefndi krefst og málskostnaðar.

I.

Stefnandi kveður málsatvik vera þau, að á árinu 1980 hafi komið upp ágreiningur milli aðila málsins um forgangsrétt félagsmanna

Félags íslenskra atvinnuflugmanna, FÍA, til flugverkefna Flugleiða h/f. Hafi ágreiningurinn sprottið af því, að Flugleiðir h/f hafi látið flugvélar dótturfyrirtækja og leiguflugfélaga með erlendum áhöfnum annast ýmis flugverkefni félagsins, og hafi það ógnað atvinnuöryggi íslenskra atvinnuflugmanna. Í kjölfar þessa ágreinings hafi tekist samkomulag með aðilum, dags. 6. júlí 1980. Þetta samkomulag sé núverandi grein 01-3 í gildandi kjarasamningi. Með þessu samkomulagi hafi tekist að koma í veg fyrir notkun leiguflugvéla mað erlendum áhöfnum án samþykkis FÍA og tryggja forgangsrétt félagsmanna FÍA og þar með atvinnuöryggi þeirra. Eftir þessu samkomulagi hafi verið farið þar til nú í haust. Hafi Flugleiðir h/f ýmist leitað munnlega eða skriflega eftir samþykki FÍA, ef nauðsyn hafi borið til að nýta leiguflugvélar með erlendum áhöfnum, og ekki verið fyrirstaða hjá FÍA til að samþykkja rökstuddar beiðnir um undanþágur.

Stefnandi kveður nú hafa orðið breytingu í þessum efnum af hálfu Flugleiða h/f. Með bréfi, dags. 16. október 1991, hafi félagið einhliða tilkynnt FÍA, að það hafi vegna skoðunar á 757-vélunum félagsins tekið 757-vél með áhöfn á leigu frá Air Europe, Ítalíu, frá og með 26. október 1991 til 26. nóvember 1991 til áætlunarflugs til Orlando og Baltimore. FÍA hafi þegar mótmælt þessari tilkynningu munnlega og síðar skriflega sem samningsbroti. Jafnframt hafi verið haldinn fundur með aðilum til að reyna að leysa málið, en hann hafi ekki borið árangur, jafnvel þótt FÍA hafi boðið fram samþykki, á notkun leiguflugvélar af þessu tilefni.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Stefnandi kveðst byggja kröfur sínar á ákvæðum greinar 01-3 í gildandi kjarasamningi aðila. Í 1. mgr. greinar 01-3 sé ótvírætt kveðið á um, að engir flugmenn aðrir en löglegir félagsmenn í FÍA megi starfa hjá Flugleiðum í áætlunar- eða leiguflugi og að semja skuli sérstaklega um það við stjórn FÍA, telji Flugleiðir h/f nauðsynlegt að ráða erlenda flugmenn. Í 2. mgr. greinar 01-2 sé að finna heimild fyrir Flugleiðir h/f til að nýta leiguflugvélar í áætlunar- og leiguflugi að höfðu samráði við FÍA og áform Flugleiða h/f rökstudd. Þessi undantekning eigi ekki við, þegar leigðar séu flugvélar með flugmönnum. Slíkt sé aðeins heimilt til einstakra ferða, ef þörf krefur. Sú undantekning lúti að þeim tilvikum, þegar upp komi skyndilegar bilanir eða önnur ófyrirséð atvik. Þá sé heimilt að leigja

flugvél eða áhöfn til skamms tíma, en alls ekki til áætlunarflugs í heilan mánuð í tilviki, þegar fyrirséð sé með margra mánaða fyrirvara, hvenær flugvélar Flugleiða h/f þurfi að gangast undir reglubundna skoðun. Þá hafi ekkert samráð verið haft, og áform Flugleiða h/f séu og hafi verið órökstudd. Stefnandi kveðst enn fremur byggja kröfur sínar á ákvæði 3. mgr. greinar 01-3, þar sem skýrt sé kveðið á um forgang flugmanna Flugleiða h/f að þeim flugverkefnum, sem um sé að ræða á hverjum tíma á vegum Flugleiða h/f innan lands sem utan.

Enn fremur áréttaði stefnandi, að þessi skilningur hans á ákvæðum greinar 01-3 hefði verið staðfestur í framkvæmd allt frá gildistöku samningsákvæðisins 6. júlí 1980. Ný túlkun Flugleiða h/f á undantekningarheimild 2. mgr. greinar 01-3 feli það jafnframt í sér að mati stefnanda, að ákvæði 1. og 3. mgr. sömu greinar verði með öllu þýðingarlaus og að engu hafandi. Þar með sé vakinn upp fortíðardraugur stöðugs ágreinings og samskiptaörðugleika öllum til tjóns.

Þá kveðst stefnandi rökstyðja kröfur sínar með því, að flugmenn hjá Flugleiðum h/f hafi tekið á sig skyldur á móti réttindum samkvæmt grein 01-3. Sé þeim samkvæmt grein 01-5 óheimilt að taka að sér flugmannsstörf hjá öðrum, meðan ráðning gildir nema með samþykki Flugleiða h/f.

Máli sínu til stuðnings bendir stefnandi jafnframt á yfirlýsingu með gildandi kjarasamningi aðila um fraktflug á vegum Flugleiða h/f, þar sem Flugleiðir h/f geri sérstaka viðbótarundantekningu um störf flugmanna félagsins að fraktflutningum. Sambærileg yfirlýsing hafi ekki verið gefin vegna áætlunarflugs.

II.

Stefndi lýsir málavöxtum svo: Tilgangur breytingarinnar á gr. 01-3 var að stuðla að auknu starfsöryggi flugmanna Flugleiða, en flugmönnum hafði þá verið sagt upp störfum hjá félaginu. Áfram var gert ráð fyrir óbreyttum rétti Flugleiða til að nýta leiguflugvélar með flugmönnum, teldi félagið það nauðsynlegt, með þeim takmörkunum einum, að það leiddi ekki til uppsagna flugmanna félagsins. Jafnframt var flugmönnum Flugleiða veittur forgangur að flugverkefnum á vegum félagsins umfram flugmenn dótturfyrirtækja þess.

Notkun leiguflugvéla olli ekki ágreiningi fyrr en haustið 1989, að

FÍA mótmælir fraktflugi Flugleiða sem skýlausu broti á samningsbundnum forgangsrétti félagsmanna FÍA til verkefna Flugleiða. Deila þessi tengdist síðan verkfallsboðun FÍA í mars 1991. Er haft eftir formanni FÍA í Morgunblaðinu þann 17. mars, að höfuðástæða þess, að boðað sé til verkfalls, séu brot Flugleiða h/f á kjarasamningum við flugmenn, sem kveði á um, að hafa skuli samráð við FÍA, þegar erlendar áhafnir og vélar eru fengnar til fraktflugs. Þessari deilu lauk síðan með yfirlýsingu Flugleiða, sem FÍA tók við sem lyktum þessa máls, við undirskrift kjarasamnings aðila þann 30. apríl 1991. Í yfirlýsingunni er áréttað, að félagið ætlar flugmönnum sínum að fljúga þeim flugvélum, sem notaðar verða til fraktflutninga, strax og umfang flutninga og arðsemi leyfir að mati félagsins.

Ágreiningur þessi um skilning á gr. 01-3 í kjarasamningi aðila kom síðan upp að nýju í október sl. í sambandi við flugvélaleigu þá, sem mál þetta snýst um. Áform Flugleiða voru kynnt á samstarfsnefndarfundi FÍA og Flugleiða þann 2. otkóber. FÍA var þar með gefinn kostur á að tjá sig um málið, áður en ákvörðun Flugleiða var tilkynnt félaginu þann 16. október. Skrifleg mótmæli FÍA komu fyrst fram tveimur vikum síðar. Var þá jafnframt hótað aðgerðum, ef umræðufundur aðila þann 6. nóvember yrði árangurslaus. Með dreifibréfi, sem dagsett er þann 11. nóvember, hvetur FÍA síðan félagsmenn sína til aðgerða til að knýja á um skilning félagsins á fyrrgreindu samningsákvæði. Skuli þeir fara í einu og öllu eftir kjarasamningi og víkja hvergi frá áður útgefinni áhafnaskrá þvert á venjubundna framkvæmd. Jafnframt er þeim bannað að selja frídaga. Aðgerðum þessum var sérstaklega mótmælt af stefnda sem ólögmætum.

Málsástæður og lagarök stefnda.

Stefndi byggir kröfugerð sína á því, að skilningur stefnanda á ágreiningsefninu fái ekki staðist, hvorki samkvæmt orðalagi, forsögu né tilgangi gr. 01-3 í kjarasamningi aðila.

Fyrsta málsgrein gr. 01-3 fjallar um einkarétt félaga FÍA til starfa hjá Flugleiðum. Orðalag greinarinnar er skýrt að þessu leyti. Einungis þeir, sem ráðnir eru hjá félaginu, teljist starfa hjá því. Þessi skilningur styðst einnig við orðalag 2. málsliðar um ráðningu erlendra flugmanna. Ef nauðsynlegt er að ráða erlenda flugmenn, skal semja um það sérstaklega við stjórn FÍA. Ágreiningslaust er, að flugmenn leiguflugvéla þeirra, sem notaðar voru í hinu umdeilda áætlunar-

flugi, voru ekki ráðnir hjá Flugleiðum. Flugleiðum hafi verið með öllu óskylt að leita leyfis vegna þeirra á grundvelli þessarar málsgreinar, þegar af þeirri ástæðu, að þeir hafi ekki verið ráðnir hjá félaginu, heldur verið starfsmenn hins erlenda félags.

Það er gróflegur misskilningur, að Flugleiðir þurfi heimild stefnanda til ákvarðana um rekstur félagsins, hvort sem varðar leigu, kaup eða notkun flugvéla og annars búnaðar. Slíkar ákvarðanir eru Flugleiðum fullkomlega heimilar án íhlutunar stefnanda með þeim takmörkunum einum, sem félagið hefur sérstaklega undirgengist í samningum aðila. Með 2. mgr. gr. 01-3 hafi Flugleiðir samið um þær takmarkanir einar að taka ekki flugvélar á leigu, ef það leiði til uppsagna flugmanna félagsins. Flugmenn hafi augljósa hagsmuni af að fylgjast með slíku. Því hafi Flugleiðir með samingsákvæðinu tekið á sig þá skyldu að hafa samráð við stefnanda um áform sín um leigu flugvéla með flugmönnum, sem ætlunin er að nýta í flugi á heimabundnum leiðum félagsins. Á samráðsskyldan jafnt við, þótt ákvörðun um leiguflug leiði ekki til uppsagna flugmanna. Er það gert til að tryggja, að stefnandi geti fylgst sem gleggst með framkvæmd samningsins.

Í 2. mgr. gr. 01-3 felst þannig takmörkun á heimild Flugleiða til að fela öðrum aðilum framkvæmd áætlunar- og leiguflugs með leigu flugvéla með áhöfn, en fráleitt framsal á ákvörðunarvaldi félagsins. Er því mótmælt þeim skilningi stefnanda, sem fram kemur í stefnu, að Flugleiðum sé óheimilt að leigja flugvélar með áhöfn án samþykkis stefnanda, enda óumdeilt, að flugvélaleigan hafi ekki leitt til uppsagna flugmanna Flugleiða. Ef um hefði verið að ræða slíkt framsal á ákvörðunarrétti Flugleiða, hefði þurft að taka það skýrt fram í samningi aðila, svo mjög sem það fer í bága við stjórnunarrétt atvinnurekenda. Vandséð er einnig, hvernig skilningur stefnanda getur samrýmst orðalagi greinarinnar, þar sem leiga flugvéla án áhafna getur engan veginn leitt til uppsagna flugmanna.

3. mgr. 01-3 felur í sér takmörkun á venjubundnu athafnafrelsi vinnuveitenda, þar sem Flugleiðir hafi fallist á að veita flugmönnum félagsins forgang að flugverkefnum á vegum félagsins. Greinin verður ekki skýrð án tengsla við uppruna sinn, en henni var ætlað að auka atvinnuöryggi flugmanna félagsins og veita þeim forgang til leiguverkefna umfram flugmenn dótturfyrirtækja þess. Um leigu flugvéla, eins og hér er um að ræða, á heimabundnum leiðum félags-

ins fer samkvæmt 2. mgr. sömu greinar. Þá á forgangsréttur samkvæmt 3. mgr. því aðeins við, að atvinnuöryggi flugmanna Flugleiða sé stefnt í hættu að öðrum kosti. Flugleiðum sem atvinnurekanda er í sjálfsvald sett, hvaða verkefni, innan ramma gildandi samninga, félagið felur starfsmönnum sínum á hverjum tíma. Það er því fráleitt, að Flugleiðum geti verið skylt að leita eftir samþykki flugmanna eða stéttarfélags þeirra, áður en gengið er til samninga um verkefni, sem fyrirsjáanlegt er, að engin áhrif munu hafa á atvinnuöryggi flugmanna félagsins, enda ekki gerður neinn áskilnaður um slíkt í 3. mgr. gr. 01-3.

Þá er mótmælt þeirri fullyrðingu stefnanda, að ekkert samráð hafi verið haft við stefnanda og að áform Flugleiða hafi verið og séu órökstudd. Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að samráði aðila hafi verið nægjanlega fullnægt með viðræðum, er málið var tekið upp á samstarfsnefndarfundi aðila, eftirfarandi tilkynningu, viðræðum og bréfaskriftum. Jafnframt hafi stefnanda verið gerð grein fyrir ástæðum þess, að nauðsynlegt reyndist að leigja flugvél með áhöfnum og að þessi ráðstöfun hefði engin áhrif á atvinnuöryggi flugmanna Flugleiða.

Þá er því mótmælt, að skilningur stefnanda á ákvæðum gr. 01-3 hafi verið staðfestur í framkvæmd allt frá gildistöku ákvæðisins 1980 og að ávallt hafi verið leitað samþykkis FÍA fyrir leigu flugvéla með flugmönnum. Mismunandi hafi verið, hvernig framkvæmd þessarar greinar hafi verið háttað. Skilningur stefnda á gr. 01-3 hafi verið sá sami frá upphafi og komið skýrt fram í bréfaskiptum aðila. Því verði engan veginn jafnað til staðfestingar, þó að fyrir hafi komið í einstökum tilvikum, að óskað hafi verið leyfis eða samþykkis stefnanda fyrir leiguflugi umfram skyldu samkvæmt kjarasamningi. Þá hafi skilningur stefnda á gr. 01-3 áður verið annar en haldið er fram í máli þessu.

Einnig er mótmælt sem rangri og órökstuddri þeirri fullyrðingu stefnanda, að skyldur flugmanna skv. gr. 01-5 í kjarasamningi aðila séu endurgjald fyrir réttindi skv. gr. 01-3.

Enn fremur er mótmælt sem röngum þeim skilningi stefnanda, að skoða beri yfirlýsingu Flugleiða með síðastgildandi kjarasamningi aðila sem sérstaka viðbótarundantekningu. Þvert á móti hafi stefnandi við gerð síðustu kjarasamninga fallist á þann skilning Flugleiða, sem fram kemur í yfirlýsingunni, að ákvörðun um það, hvort

leigðar séu flugvélar með áhöfn, sé algjörlega háð mati félagsins á arðsemi og umfangi flutninganna.

Varðandi viðurkenningarkröfu stefnda er vísað til 53. gr. laga nr. 80/1938, en mikilvægt er fyrir stefnda að fá skorið úr ágreiningi um það, á hvern veg háttað skuli samskiptum aðila samkvæmt gr. 01-3, þegar um er að ræða leigu flugvélar með áhöfn.

III.

Dómurinn lítur svo á, að 1. mgr. og 3. mgr. greinar 01-3 í kjarasamningi aðila eigi ekki við hér, eins og málsatvikum er háttað. Hins vegar er í 2. mgr. sérstaklega fjallað um samráð aðila, þegar stefndi telur nauðsynlegt að nýta leiguflugvélar í áætlunar- og leiguflugi á heimabundnum leiðum félagsins innan lands eða utan. Telur dómurinn, að ákvæði þetta um samráð feli í sér, að sú skylda sé lögð á stefnda Flugleiðir h/f að ræða nauðsyn þess við fulltrúa stefnanda og kynna þeim fyrirætlanir sínar og rökstyðja áformin og gefa fulltrúum stefnanda þar með kost á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri, áður en endanleg ákvörðun um leigutökuna er tekin af hálfu stefnda. Því fellst dómurinn ekki á, að í samráði felist áskilnaður um samþykki stefnanda.

Fallast ber á með stefnanda, að stefndi Flugleiðir h/f hafi ekki sýnt fram á, að nægilegt samráð hafi verið haft við fulltrúa stefnanda og áform stefnda rökstudd, og verður krafa stefnanda að þessu leyti tekin til greina.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Stefndi, Flugleiðir h/f, hefur með framangreindum hætti brotið gegn ákvæði um samráð í 2. mgr. greinar 01-3 í kjarasamningi málsaðila frá 30. apríl 1991.

Málskostnaður fellur niður.

Þriðjudaginn 4. febrúar 1992.

Nr. 8/1991. **Farmanna- og fiskimannasamband Íslands vegna Stýrimannafélags Íslands**
(Skúli Pálsson hrl.)
gegn
Vinnuveitendasambandi Íslands vegna Gunnars Guðjónssonar sf.
(Jón H. Magnússon hdl.).

Kjarasamningur. Frídagar. Stýrimenn.

Dómur Félagsdóms.

Mál þetta dæma Garðar Gíslason, Björn Helgason, Ingibjörg Benediktsdóttir, Jón Þorsteinsson og Gunnar Guðmundsson.

Málið, sem tekið var til dóms fyrr í dag, er höfðað með stefnu birtri 9. desember sl.

Stefnandi er Farmanna- og fiskimannasamband Íslands, Borgartúni 18, Reykjavík, vegna Stýrimannafélags Íslands, s. st.

Stefndi er Vinnuveitendasamband Íslands, Garðastræti 41, Reykjavík, vegna Gunnars Guðjónssonar sf., Hafnarstræti 5, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að frídagaréttur sá, sem fjallað er um í 26.4 grein kjarasamnings aðila frá 17. febrúar 1987, sbr. 8.0 grein sama samnings, verði talinn ná til þess, þegar skip losar í Helguvíkurhöfn á Reykjanesi, nánar tiltekið frá ágúst 1989. Stefnandi krefst og málskostnaðar.

Stefndi krefst sýknu og málskostnaðar að skaðlausu.

I.

Stefnandi lýsir málavöxtum svo, að í kjarasamningi aðilanna, dags. 17. febr. 1987, eru í 26.4 grein sérákvæði um olíuskip, þar sem stýrimönnum er tryggður frídagaréttur fyrir vinnu við lestun og losun í heimahöfn, en í grein 8.1.1. eru taldar þær hafnir, sem frídagarétt skapa, þ.e. Reykjavík, Hafnarfjörður, Gufunes, Skerjafjörður, Straumsvík, Keflavík og Njarðvík.

Stefndu hafa hins vegar ekki fallist á, að Helguvík, sem sé innan hafnarsvæðis Keflavíkur og Njarðvíkur, sé heimahöfn í þessum skilningi. Stefndi, sem sé útgerðaraðili m/s Kyndils, hafi eindregið hafnað greiðsluskyldu á þeim forsendum, að Helguvík sé ekki talin upp í samningum.

Þetta telur stefnandi alranga samningstúlkun og leitar því eftir úrskurði dómsins um túlkun á þeim ákvæðum, sem um þetta fjalla.

Undanfari þessa máls er sá, að áður en höfn var gerð í Helguvík, var olíuförmum til varnarliðsins skipað upp í Keflavíkurhöfn. Hafnarsvæðið var nefnt Landshöfnin í Keflavík og Njarðvík. Hinn 1. janúar 1990 var landshöfnin sem slík lögð niður, en sveitarfélögin tóku að sér rekstur hafnarsvæðisins, en mörkin voru óbreytt. Heitir svæðið nú Höfnin í Keflavík og Njarðvík.

Öll þjónusta, þ.m.t. hafnsaga við höfnina í Helguvík, er á vegum hafnarinnar í K og N, og þangað renna öll venjuleg hafnargjöld að undanskildum bryggjugjöldum, sem ekki eru tekin, þar sem varnarliðið bjó höfnina til og á þau mannvirki.

Ný hafnarreglugerð hefur ekki verið gerð eða gefin út, eftir að landshöfnin var niður lögð, og er höfnin nú skv. upplýsingum hafnarstjóra rekin skv. rgj. nr. 494/1986.

Höfnin í Helguvík er til komin, eftir að samið var um það atriði, sem hér er tekist á um.

Málsástæður og lagarök stefnanda eru helst þau, að með því að hin umdeilda höfn sé innan svæðis hafnarinnar í Keflavík og Njarðvík, sé augljóst, að hún skuli teljast til heimahafnar í skilgreiningu kjarasamningsins. Skilningur stefnda sé út í hött, enda sé um að ræða sömu flutninga og áður, þó að þeir fari nú til annars hluta hafnarinnar, eftir að Helguvíkurhöfn var tekin í notkun.

Taka má fram eftirtalin atriði því til stuðnings:

(1) Helguvík er innan hafnarsvæðis K-N hafnar.
(2) Sama farmi er nú skipað upp í Helguvík en hefði ella farið í Keflavík.
(3) Flutningurinn er fyrir sama aðila, þ.e. varnarliðið.
(4) Enginn kostnaðarauki er af þessu fyrir útgerðina, sbr. 2 og 3 hér að framan.
(5) Samskip h/f hafa greitt þessa frídaga umyrðalaust.
(6) Öldungis er víst, að H hefði fallið innan þessa ramma, þegar samið var.

Þannig er því haldið fram af hálfu stefnanda, að eðlileg túlkunarrök hnígi öll í eina átt.

II.

Stefndi, Gunnar Guðjónsson sf., gerir út olíuskipið Kyndil, sem er í eigu Olís h/f og Skeljungs h/f. Stefndi kveður skipið aðallega

í flutningum á olíu og bensíni frá Reykjavík til dreifingarstöðva eignaraðilanna úti á landi. Komi skipið á 40-50 hafnir á mánuði til að lesta eða losa olíufarma. M/s Kyndill hafi komið í fyrsta sinn til Helguvíkur með olíufarm þann 24. október 1990, en höfnin hafi verið tekin í notkun í ágúst 1989, og fyrsta íslenska skipið hafi komið þangað þann 8. ágúst 1989. Skipið hafi verið í olíuflutningum frá Hvalfirði til Helguvíkur fyrir varnarliðið í apríl 1991. Varnarliðið hafi boðið út flutningana, og hafi Skeljungur h/f fengið verkefnið sem lægstbjóðandi. Þegar unnið hafi verið að því að gera tilboð í flutningana, hafi það m.a. verið lagt til grundvallar, að Helguvík væri ekki heimahöfn, og ekki hafi verið gert ráð fyrir þeim aukakostnaði, sem fylgi því að lesta eða losa farm í heimahöfn. Á tímabilinu frá 11. apríl til 24. apríl 1991 hafi m/s Kyndill komið 17 sinnum til Helguvíkur til losunar, og hafi skipið haft viðdvöl í Helguvík í 5 - 6 klst. í hvert sinn.

Málsástæður og lagarök.

Stefndi rökstyður sýknukröfu sína með því, að í kjarasamningi aðila sé tæmandi upptalning á því, hvaða hafnir teljist vera heimahafnir. Máli sínu til stuðnings vísar stefndi til fram lagðra kjarasamninga, sjókorta og undirstöðuraka um túlkun kjarasamninga.

Kröfugerð stefnanda sé byggð á því, að Helguvík sé í raun hluti af Keflavíkurhöfn og skuli því teljast vera heimahöfn í skilningi kjarasamningsins.

Þessari fullyrðingu stefnanda er mótmælt sem rangri og ósannaðri. Helguvíkurhöfn er við ystu mörk hafnarsvæðis Keflavíkur. Hefur orðið fjölgun á heimahöfnum á undanförnum 20 árum. Árið 1969 voru heimahafnir í Reykjavík, Hafnarfirði og Keflavík. Árið 1972 hefur verið bætt við Gufunesi og Skerjafirði, sem eru á hafnarsvæði Reykjavíkur, og Straumsvík, sem er á hafnarsvæði Hafnarfjarðar. Árið 1977 er svo Njarðvík orðin að heimahöfn.

Eins og sjá má af framangreindu, fær fullyrðing stefnanda ekki staðist, þar sem samið er sérstaklega nánast um hverja bryggju, sem fallist er á af hálfu útgerða, að teljist til heimahafnar. Væri fullyrðing stefnanda rétt, þá hefði ekki átt að þurfa að semja sérstaklega um Gufunes og Skerjafjörð, sem eru á hafnarsvæði Reykjavíkur ekki heldur um Straumsvík, sem er innan hafnarsvæðis Hafnarfjarðar, svo að ekki sé minnst á Njarðvík, sem er á sama hafnarsvæði og Keflavíkurhöfn og í næsta nágrenni við hana. Ástæðan

er einfaldlega sú, að útgerðir hafa ekki fallist á það, að allar hafnir á suðvesturhorni landsins skuli teljast heimahafnir með þeim aukakostnaði og takmörkun á vinnuframlagi skipverja, sem reglur um heimahafnir bjóða upp á.

Almenna reglan er sú, að þar sem eru tveir stýrimenn eins og á m/s Kyndli, skila þeir vinnu sinni á tvískiptum vöktum, vinna 6 klst. í senn og fá svo 6 klst. hlé. Þessu vinnufyrirkomulagi er haldið, þó að skip komi til hafnar, fari viðstaða í höfn ekki fram úr 24 klst. Fari viðstaða fram úr 24 klst., er skipt af vöktum yfir í dagvinnu, og eiga þá báðir stýrimennirnir að vera við vinnu um borð á dagvinnutímabilinu, og búa þeir um borð í skipinu. Undantekning frá þessu er, þegar skip kemur til heimahafnar. Þá er skylt að slíta sjóvöktum, óháð því, hve langa viðstöðu skipið hefur í heimahöfninni. Þá þurfa stýrimennirnir ekki heldur að vera báðir um borð í einu, heldur veita heimahafnarákvæðin þeim rétt til að skipta sér, þannig að annar sé um borð og hinn í fríi heima hjá sér, þótt hann sé lögskráður á skipið.

Í ákvæðum kjarasamnings um vinnu og viðveru um borð í skipi í heimahöfnum felst verulegt frávik frá almennu reglunum um vinnuskil. Þar sem um er að ræða undantekningarákvæði frá almennum reglum kjarasamnings um vinnuframlag, ber að túlka þau þröngt og nánast eftir orðanna hljóðan.

Til frekari áréttingar og stuðnings við túlkun stefnda er sú staðreynd, að Sjómannafélag Reykjavíkur gerði kröfu um það, að Helguvík verði gerð að heimahöfn. Af hálfu útgerða hefur verið fallist á þetta, en þar er ekki um afturvirkt ákvæði að ræða.

Stefnanda stendur það sama til boða, þar sem hingað til hafa útgerðir gætt fulls samræmis milli undirmanna og yfirmanna varðandi ákvæði um heimahafnir, sem hafa verið þær sömu hjá báðum hópum.

III.

Fram er komið í málinu, að um langt árabil hefur verið samið um heimahafnir, sem veita umræddan frídagarétt í kjarasamningum aðila hverju sinni, og að heimahöfnum hefur farið fjölgandi með árunum.

Í grein 8.1.1. í kjarasamningi aðila frá 17. febrúar 1987, sem framlengdur hefur verið óbreyttur, hvað þetta atriði varðar til 15. september 1991, eru tilteknar hafnir taldar upp sem heimahafnir.

Dómurinn telur, að upptalning þessi sé afdráttarlaus og tæmandi. Heimahafnir teljast því ekki aðrar hafnir en þær, sem þar eru sérstaklega tilgreindar. Breytir þar engu, hvort Helguvík telst vera innan hafnarsvæðis Keflavíkur og Njarðvíkur eða ekki. Ber því að sýkna stefnda af kröfum stefnanda.

Samkvæmt þessum málalokum verður stefnandi dæmdur til að greiða stefnda málskostnað, sem telst hæfilega ákveðinn 60.000 krónur.

Dómsorð:

Stefndi, Vinnuveitendasamband Íslands vegna Gunnars Guðjónssonar sf., skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Farmanna- og fiskimannasambands Íslands vegna Stýrimannafélags Íslands.

Stefnandi greiði stefnda kr. 60.000 í málskostnað.

Þriðjudaginn 25. febrúar 1992.

Nr. 9/1991. **Vinnuveitendasamband Íslands**
f.h. Flugleiða h/f.
(Hrafnhildur Stefánsdóttir cand.jur.)
gegn
Félagi íslenskra atvinnuflugmanna
(Atli Gíslason hrl.).

Kjarasamningur. Flugmenn.

Dómur Félagsdóms.

Mál þetta dæma Garðar Gíslason, Björn Helgason, Gylfi Knudsen, Jón Þorsteinsson og Gunnar Guðmundsson.

Mál þetta, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum málflutningi 14. þ.m., er höfðað með stefnu birtri 12. desember 1991.

Stefnandi er Vinnuveitendasamband Íslands, Garðastræti 41, Reykjavík f.h. Flugleiða h/f, Reykjavíkurflugvelli.

Stefndi er Félag íslenskra atvinnuflugmanna, Háaleitisbraut 68, Reykjavík.

Stefndi krafðist frávísunar málsins, en kröfunni var hrundið með úrskurði 7. f.m., sem kærður var til Hæstaréttar. Með dómi Hæstaréttar 3. þ.m. var hinn kærði úrskurður staðfestur um fyrstu tvo kröfuliði stefnanda, en vísað var frá Félagsdómi kröfu stefnanda um viðurkenningu á bótarétti.

Dómkröfur stefnanda eru nú þessar:

1. Að viðurkennt verði, að flugmönnum sé skylt samkvæmt gr. 17-14 í kjarasamningi aðila frá 30. apríl 1991 að framkvæma þau störf við undirbúning brottfarar, sem flugvélstjórar sinntu fram til þess, að Flugleiðir h/f tóku í notkun flugvélar af gerðinni Boeing-737-400, þar á meðal skoðun flugvéla fyrir flug, færslu dagbóka og útskrift flugvélarinnar með kvittun í viðhaldsdagbók hennar.

2. Að viðurkennt verði með dómi, að fyrirmæli stefnda til félagsmanna sinna um að framkvæma ekki skoðun flugvéla fyrir flug í samræmi við starfsreglur Flugleiða, eins og þeim var breytt 27. nóvember 1991 og koma skyldu til framkvæmda 1. desember 1991, séu brot á kjarasamningi aðila frá 30. apríl 1991 og ólögmæt aðgerð í andstöðu við ákvæði 14. til og með 17. greinar laga um stéttarfélög og vinnudeilur nr. 80/1938.

Stefnandi krefst þess og, að stefnda verði gert að greiða málskostnað að mati dómsins.

Stefndi krefst sýknu og málskostnaðar, en til vara, að málskostnaður verði felldur niður.

I.

Stefnandi kveður málavexti þá, að þann 24. maí 1989 hafi verið undirritaður kjarasamningur milli Félags íslenskra atvinnuflugmanna (FÍA) og Flugleiða h/f. Flugleiðir hafi þá fallist á að auka hlutdeild sína í lífeyrisgreiðslum flugmanna félagsins gegn því, að þeir tækju að sér þau störf, sem flugvélstjórar sinntu áður á eldri gerðum flugvéla, en samningurinn hafi verið gerður samhliða því, að nýjar flugvélar hafi verið teknar í notkun.

Þar sem um nýjar flugvélar hafi verið að ræða og reynsla starfsmanna ekki fyrir hendi, hafi Flugleiðir ákveðið að láta erlenda viðhaldsaðila sjá um skoðun flugvélanna fyrir flug ásamt flug-

mönnum þar til nú, að nægjanleg reynsla sé fengin af rekstri þeirra. Flugleiðir hafi því ætlað flugmönnum á B-737-flugvélum félagsins að sinna þessum störfum án aðstoðar flugvirkja á viðkomustöðum félagsins erlendis frá 1. desember 1991. Breytingin sé fólgin í því, að flugmenn sinni þessum störfum einir í stað þess, að flugvirki staðarins gengi í spor þeirra og ynni sömu störf og þeir, auk þess að skrifa flugvélina út fyrir flug. Til undirbúnings þessa hafi flugmenn sótt sérstök námskeið í nóvember.

Fyrirhuguð breyting hafi verið tilkynnt FÍA með bréfi þann 17. október 1991. Hafi orðið af því nokkur bréfaskipti milli FÍA og Flugleiða. Af hálfu FÍA hafi því verið haldið fram, að um væri að ræða viðbót við núverandi störf flugmanna, sem fæli í sér aukið vinnuálag og væri því ekki samkvæmt þeim kjarasamningi, sem unnið sé eftir. Beri því að semja sérstaklega um þessi störf. Þeirri málaleitan hafi verið hafnað af hálfu Flugleiða með tilvísan til þess, að ekki væri nauðsyn samninga um áður umsamin störf. Ekkert hafi komið fram, sem styddi kenningar um aukið álag umfram samninga.

Flugmenn hafi síðan neitað að vinna samkvæmt hinu nýja fyrirkomulagi, er það skyldi koma til framkvæmda þann 1. desember, og borið því við, að það væri samkvæmt fyrirmælum FÍA. Stefnandi hafi mótmælt þessum aðgerðum sem ólögmætum með bréfi þann 3. desember og skorað á stefnda að láta af þeim þá þegar, að öðrum kosti myndi félagið verða gert ábyrgt fyrir því tjóni, sem af þeim kynni að hljótast. Ekki hafi verið orðið við þeirri áskorun og aðgerðum þess verið haldið áfram á viðkomustöðum félagsins erlendis. Málshöfðun þessi sé því óhjákvæmileg.

Í máli þessu, sem stefnandi tjáir höfðað á grundvelli 1. og 2. tl. 1. mgr. 44. gr. laga nr. 80/1938, byggir hann kröfugerð sína á gr. 17-14 og 2. mgr. 0-1 í síðastgildandi kjarasamningi aðila.

Með kjarasamningi aðila þann 24. maí 1989 hafi verið samið um, að flugmenn tækju við störfum, sem flugvélstjórar sinntu áður, sbr. gr. 17-14 í kjarasamningi aðila. Í samningsákvæðinu sé berum orðum tekið fram, að þar með sé talið eftirlit með eða framkvæmd eldsneytisáfyllingar, skoðun flugvéla fyrir flug og færsla dagbóka. Upptalning þessi sé ekki tæmandi, en þar séu engu að síður taldir þeir verkþættir, sem um sé deilt í máli þessu, þ.e. skoðun flugvéla fyrir flug og færsla dagbóka, en útskrift flugvéla sé hluti þeirra

starfa, eins og fram komi í starfslýsingu flugvélstjóra. Það sé því óyggjandi, að flugmönnum beri að sinna þessum verkefnum. Flugleiðir hafi þegar greitt fyrir þessi störf með hærra framlagi í lífeyrissjóð flugmanna. Forsenda þeirra greiðslna hafi verið, að um semdist, að flugmönnum bæri að sinna störfum, sem flugvélstjórar hafi áður haft með höndum. Það eitt, að Flugleiðir hafi ekki nýtt þessa heimild að fullu í upphafi vegna sérstakra aðstæðna, breyti engu um skyldu flugmanna í þessu efni. Neitun þessara félagsmanna stefnda að fara eftir lögmætum fyrimælum Flugleiða sé því beint brot á kjarasamningi aðila og andstæð ráðningarsamningi viðkomandi flugmanna.

Með 2. mgr. gr. 01-1 í kjarasamningi aðila hafi stefndi og þá jafnframt félagsmenn hans skuldbundið sig til að fara eftir flugrekstrarfyrirmælum Flugleiða. Þar sé að finna fyrirmæli Flugleiða um framkvæmd skoðunar flugvéla fyrir flug. Flugleiðir hafi haft fulla heimild til að fyrirskipa flugmönnum að framkvæma þessi störf með þeim hætti, sem þar sé ráð fyrir gert. Flugmönnum hafi því borið skylda til að fara eftir þessum fyrirmælum og verið með öllu óheimilt að neita að vinna samkvæmt þeim. Stjórnunarréttur atvinnurekenda sé óumdeilanlega í höndum Flugleiða, en ekki stefnda sem stéttarfélags flugmanna. Til stuðnings kröfum sínum vísar stefnandi einnig til reglugerðar um flugrekstur nr. 381/1989, gr. 4.4.1., en samkvæmt henni ber flugstjóri ábyrgð á lofthæfi flugvélar.

Þá er á því byggt, að félagsmenn stefnda hafi neitað að fylgja fyrirmælum Flugleiða og vinna samningsbundin störf sín að undirlagi stefnda. Stefndi hafi þar með gerst brotlegur við þann kjarasamning, sem unnið sé eftir og honum sem samningsaðila beri að sjá til, að sé réttilega efndur. Með fyrrgreindum aðgerðum sínum hafi stefndi með ólögmætum hætti verið að knýja á um framgang kjarakrafna í andstöðu við ákvæði II. kafla laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur.

II.

Stefndi styður sýknukröfu sína með því, að stefnandi hafi ekki leitt sönnur að kröfum sínum og fullyrðingum. Flugmenn hafi ekki í kjarasamningnum 1989 samið um að taka að sér störf aðstoðarflugvirkja, heldur þau störf flugvélstjóra, sem þeir höfðu sinnt á eldri flugvélum Flugleiða h/f. Í öðru lagi árétti stefndi, að flugmenn

hafi sinnt öllum þessum samningsbundnu störfum og eftir samkomulaginu hafi verið farið í rúm tvö og hálft ár. Í október 1991 hafi hins vegar brugðið svo við, að stefnandi hafi gert kröfu um, að flugmenn tækju við frá og með 1. desember 1991 lítt skilgreindum viðbótarverkefnum, sem flugvélstjórar hafi ekki sinnt áður, heldur staðarflugvirkjar.

Í þriðja lagi bendi stefndi á, að staðarflugvirkjar, sem hafi full réttindi, gild skírteini til skoðunar á B-737- og 757-flugvélum, séu og verði að vera á öllum áætlunarviðkomustöðum Flugleiða h/f. Slíkir staðarflugvirkjar hafi verið á föstum viðkomustöðum í tíð eldri flugvéla og sinnt þeim störfum, sem stefnandi virðist nú gera kröfu til, að flugmenn annist. Í fjórða lagi sé á því byggt, að stefnandi hafi með tómlæti sínu með því að aðhafast ekkert frá gerð gildandi kjarasamnings til að sækja meintar kröfur sínar, glatað hugsanlegum rétti. Það sé viðurkennd meginregla í vinnurétti, að tómlæti hafi einkar rík áhrif. Í fimmta lagi telur stefndi, að kröfugerð stefnanda sé andstæð tilgangi kjarasamnings aðila, andstæð hagsmunum beggja aðila og andstæð hagsmunum viðskiptavina Flugleiða h/f. Það helgist af því, að þau óljósu viðbótarverkefni, sem Flugleiðir h/f ætli nú flugmönnum sínum, muni óhjákvæmilega leiða til lengri viðverutíma á hverjum áfangastað, sem geti numið allt frá 10 til 15 mínútum og jafnvel lengri tíma. Til þess sé ætlast af flugmönnum, að þeir fari saman í flugstjórnarklefa yfir öll öryggisatriði, eina sex svonefnda gátlista. Þetta verk muni óhjákvæmilega tefjast að mun, ef annar flugmanna þarf að sinna öllum mögulegum og ómögulegum flugvirkjastörfum utan vélar. Hefðbundinn vinnuferill flugmanna í flugstjórnarklefa fyrir brottför muni rofna, sem sé andstætt öllum þjálfunarreglum. Að sama skapi leiði kröfugerð stefnanda, sem væntanlega feli í sér, að staðarflugvirkjar verði ekki til staðar á viðkomustöðum, til þess að flugöryggi skerðist. Í sjötta lagi byggir stefndi á því, að kröfugerð stefnanda fari í bága við gildandi kjarasamning stefnanda við Flugvirkjafélag Íslands. Flugvirkjar hafi samkvæmt samningum forgangsrétt til allrar vinnu, sem heyrir undir iðngrein flugvirkja. Í sjöunda lagi minnir stefndi á, að stefnandi verði að semja við stefnda um ný störf, sem flugmönnum var ekki ætlað að sinna samkvæmt flugrekstrarreglum og handbókum, sem í gildi voru við gerð núverandi kjarasamnings. Stefnandi geti ekki einhliða bætt störfum á félags-

menn stefnda með því að ná fram samþykki Loftferðaeftirlitsins og síðan forsvarsmanna Boeing-verksmiðjanna. Það brjóti hvort tveggja í bága við kjarasamning og ráðningarsamninga flugmanna. Í áttunda og síðasta lagi rökstyður stefndi kröfur sínar með vísun til greinar 01-2 í gildandi kjarasamningi. Flugmenn hafi skuldbundið sig til flugmannsstarfa fyrir Flugleiðir h/f. Önnur störf verði ekki lögð á flugmenn, nema skýr kjarasamningsákvæði kveði á um það. Öll slík ákvæði verði jafnframt að túlka þröngt. Kröfur stefnanda brjóti í bága við kjarasamning aðila. Stefndi mótmælir því, að Flugleiðir h/f geti sett ný flugrekstrarfyrirmæli, sem feli í sér ný verkefni. Það verði ekki gert í nafni stjórnunarréttar.

III.

Fyrir dóminn komu til skýrslugjafar Guðmundur Magnússon, flugrekstrarstjóri hjá stefnanda, Flugleiðum h/f, Ólafur Agnar Jónasson, tæknikennari og fv. yfirflugvélstjóri, Geir Garðarsson flugstjóri og fv. formaður stefnda, Ólafur Indriðason flugstjóri, Ottó Jörgensen flugvirki, Gunnar Arthúrsson flugstjóri og Kristján Egilsson, flugstjóri og fv. formaður stefnda.

Vitnið Ólafur Agnar Jónasson, fv. yfirflugvélstjóri hjá Flugleiðum h/f, bar, að flugvélstjórar hefðu kvittað fyrir framkvæmd vinnu, sbr. 3. mgr. 02 í flugrekstrarhandbók, þar sem lýst er ábyrgð og skyldustörfum flugverja - flugvélstjóra. Þetta hafi verið gert, þegar stöðvarflugvirki með gilt skírteini var ekki til staðar. Það hafi vitnið gert, og það hafi vitað til, að ætlast væri til þess, að aðrir flugvélstjórar gerðu það.

Niðurstaða.

Í 11. grein kjarasamnings aðila frá 24. maí 1989 var samið sérstaklega um aukna hlutdeild Flugleiða h/f í greiðslu lífeyrissjóðsiðgjalda flugmanna gegn því, að flugmenn tækju að sér störf þau, sem flugvélstjórar sinntu á eldri flugvélagerðum en B-737 og B-757. Voru störf þessi tilgreind m.a. sem eftirlit með eða framkvæmd eldsneytisáfyllingar, skoðun flugvéla fyrir flug og færsla dagbóka. Framangreint samningsákvæði varð síðan grein 17-14 í síðasta kjarasamningi aðila frá 30. apríl 1991, sem gilti til 30. september 1991 og er síðast gildandi samningur aðila.

Ágreiningslaust er með aðilum, að flugmenn hafi tekið að sér ofangreind störf, en þó að undanskilinni undirskrift á viðeigandi stað í svokallaðri viðhaldsdagbók, en með undirskriftinni staðfestir

flugstjóri eða í hans umboði flugmaður útskrift flugvélarinnar. Snýst ágreiningur málsaðila varðandi 1. kröfulið stefnanda um þetta síðastgreinda atriði.

Samkvæmt starfslýsingu flugvélstjóra, sem gilti á eldri gerðum flugvéla Flugleiða h/f, bar flugvélstjóra að sjá um útskrift flugvélarinnar, væri enginn stöðvarflugvirki með gilt skírteini viðlátinn. Flugvélstjóri staðfesti því í ofangreindu tilviki, að áningarskoðun hefði farið fram, með kvittun sinni í viðhaldsdagbók flugvélarinnar.

Framangreind störf, sem telja má lið í færslu dagbóka og tilgreind eru í ofangreindum kjarasamningsákvæðum, verður að telja hluta þeirra starfa, sem flugmenn tóku að sér við undirritun kjarasamnings hinn 24. maí 1989, með þeim fyrirvara, að enginn stöðvarflugvirki með gilt skírteini væri viðlátinn á viðkomandi áningarstað. Að þessu leyti verður 1. kröfuliður stefnanda tekinn til greina.

Ekki verður talið í ljós leitt af stefnanda, að forsvarsmenn stefnda hafi gefið fyrirmæli til félagsmanna um að framkvæma ekki skoðun flugvéla fyrir flug, þannig, að um brot á kjarasamningi aðila eða ákvæðum laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur hafi verið að ræða. Ber því að sýkna stefnda af 2. kröfulið stefnanda.

Eftir þessum málsúrslitum er rétt, að hvor aðila beri sinn málskostnað.

Dómsorð:

Flugmönnum er skylt samkvæmt grein 17-14 í kjarasamningi aðila frá 30. apríl 1991 að framkvæma útskrift flugvélar með kvittun í viðhaldsdagbók hennar, þegar enginn stöðvarflugvirki með gilt skírteini er viðlátinn.

Stefndi, Félag íslenskra atvinnuflugmanna, skal vera sýkn af 2. kröfulið stefnanda, Vinnuveitendasambands Íslands f.h. Flugleiða h/f, í máli þessu.

Hvor aðili beri sinn málskostnað.

Miðvikudaginn 22. apríl 1992.

Nr. 10/1991. **Íslandsbanki h/f**
(Þórður Gunnarsson hrl.)
gegn
Sambandi íslenskra bankamanna
(Gestur Jónsson hrl.).

Kjarasamningur. Bankamenn.

Dómur Félagsdóms.

Mál þetta dæma Garðar Gíslason, Björn Helgason, Ingibjörg Benediktsdóttir, Jón Þorsteinsson og Gunnar Guðmundsson.

Mál þetta, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum málflutningi 8. þ.m., er höfðað með stefnu birtri 16. desember 1991.

Stefnandi er Íslandsbanki h/f, Húsi verslunarinnar, Kringlunni 7, Reykjavík.

Stefndi er Samband íslenskra bankamanna, Tjarnargötu 14, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þessar:

Að viðurkenndur verði sá skilningur stefnanda á því ákvæði í kjarasamningi stefnda og samninganefndar bankanna f.h. bankanna frá 15. desember 1980 og síðari kjarasamningum sömu aðila, sem segir, að „aðrir bankar með 8 starfsmenn eða fleiri tryggi áfram sambærileg réttindi og bætur til handa sínum starfsmönnum og starfsmenn ríkisbankanna njóta", að í ákvæðinu felist eingöngu gagnvart stefnanda auk loforðs um greiðslu iðgjalds í Lífeyrissjóð verslunarmanna, ábyrgð á verðtryggingu lífeyris, þannig, að lífeyrir fylgi almennum breytingum á launum skv. kjarasamningum Verslunarmannafélags Reykjavíkur miðað við tiltekin grundvallarlaun, en ekki loforð, sem tryggi þeim félagsmönnum stefnda, sem hjá stefnanda starfa, sambærileg lífeyrisréttindi og starfsmenn banka í eigu ríkisins njóta á hverjum tíma samkvæmt reglugerðum Eftirlaunasjóðs starfsmanna Landsbankans og Seðlabankans, Eftirlaunasjóðs starfsmanna Búnaðarbankans og Eftirlaunasjóðs starfsmanna Útvegsbanka Íslands, þ.e., hvað varðar eftirlaunarétt, makalífeyri, örorkulífeyri og barnalífeyri.

Stefnandi krefst þess einnig, að kröfugerð stefnda verði hafnað. Hann krefst og málskostnaðar, er beri dráttarvexti.

Dómkröfur stefnda eru þessar:

Að kröfum stefnanda verði hafnað.

Að viðurkenndur verði með dómi sá skilningur stefnda á bókun 5 í kjarasamningi stefnda og samninganefndar bankamanna f.h. bankanna frá 15. desember 1980 og gr. 12.7 í síðari kjarasamningum sömu aðila, að í ákvæðinu felist skuldbinding stefnanda um að veita starfsmönnum sínum, sem eru félagar stefnda, sambærileg lífeyrisréttindi og starfsmenn ríkisbankanna njóta, þ.m.t. réttindi til eftirlauna, örorku-, barna- og makalífeyris.

Stefndi krefst og málskostnaðar, er beri dráttarvexti.

I.

Málavextir.

Áður en bankamenn fengu fullan samningsrétt, voru laun þeirra einhliða ákvörðuð af bönkunum með launareglugerðum. Launakjör bankamanna voru hin sömu, hvort sem þeir störfuðu hjá ríkisbanka eða einkabanka, en mikill munur var á kjörum þeirra varðandi lífeyrisréttindi. Lífeyrisréttindi starfsmanna ríkisbankanna voru ákveðin með sérstökum reglugerðum, en starfsmenn einkabankanna voru félagar í almennum lífeyrissjóðum, fyrst og fremst Lífeyrissjóði starfsmanna SÍS, og var grundvallarmunur á réttindaávinningi. Starfsmenn einkabankanna sóttu fast að fá sömu réttindi í lífeyrismálum og samstarfsmenn þeirra í ríkisbönkunum nutu.

Í tilefni af setningu nýrrar reglugerðar um störf og launakjör bankastarfsmanna, sem undirrituð var í apríl 1974 og tók við af reglugerð frá 1971, skiptust stjórn stefnda og fulltrúar einkabankanna á yfirlýsingum um lífeyrisréttindi starfsfólks einkabankanna. Yfirlýsingarnar eru báðar dagsettar 16. mars 1974.

Yfirlýsing fulltrúa einkabankanna hljóðar svo:

„Það er skoðun stjórnenda einkabankanna, að stefna beri að því, að starfsfólk í þeim bönkum fái sömu lífeyrisréttindi og starfsfólk ríkisbankanna.

Fyrsta skrefið, sem stigið væri í þá átt, gæti verið eftirfarandi:

Bankarnir greiði í sérstakan sjóð það, sem á vantar, að iðgjöld starfsmanna nemi 6% af heildaárslaunum þeirra. Auk þess skulu bankarnir greiða 2% af heildarlaunum starfsmanna í sama sjóð. Tilgangur sjóðsins verði að tryggja sjóðfélögum og eftirlifandi mökum þeirra lífeyri til viðbótar þeim réttindum, sem aðild að Lífeyrissjóði verslunarmanna og Lífeyrissjóði starfsmanna SÍS

veitir. Sjóður þessi sé eign bankanna, og skal ávaxta hann með kaupum á verðtryggðum spariskírteinum ríkissjóðs.

Ákvörðun þessi gildir frá 1. janúar 1974.

Jafnframt lýsa einkabankarnir því yfir, að þeir muni á gildistíma reglugerðarinnar halda áfram viðræðum og athugun á því, hver næstu skref yrðu á þeirri braut, að starfsfólk einkabankanna fái að lokum sömu lífeyrisréttindi og starfsfólk ríkisbankanna."

Yfirlýsing stjórnar stefnda var svohljóðandi:

„Stjórn SÍB fagnar þeirri yfirlýsingu, sem stjórnendur einkabankanna hafa gefið varðandi lífeyrisréttindi starfsfólks þeirra.

Í þessari yfirlýsingu kemur fram, að þeir munu vinna að því, að starfsfólk í einkabönkunum fái sömu lífeyrisréttindi og starfsfólk í ríkisbönkunum. Jafnframt er lýst yfir því, að stofnaður skuli lífeyrissjóður í þessu skyni.

Þótt ekki séu tímamörk í yfirlýsingunni, treystir stjórn SÍB því, að þannig verði áfram unnið að þessu máli, að séð verði fyrir endann á því, áður en samningstími launareglugerðar frá 1974 er úti."

Samkomulag um laun og önnur kjör starfsmanna bankanna var undirritað 18. júní 1976, og mun það fyrsti kjarasamningur bankanna og stefnda. Í fylgiskjali II með samkomulagi þessu segir í upphafi:

„Við setningu síðustu launareglugerðar... gáfu fulltrúar einkabankanna út yfirlýsingu þess efnis m.a., að stefna beri að því, að starfsfólk einkabankanna fái að lokum sömu lífeyrisréttindi og starfsfólk ríkisbankanna. Einnig var því lýst yfir, að athugun yrði haldið áfram, hver næstu skref yrðu á þeirri braut, að því lokamarki yrði náð.

Við gerð almennra kjarasamninga aðila vinnumarkaðarins í febrúar á þessu ári varð samkomulag um endurskipulagningu lífeyriskerfisins. Markmið endurskipulagningarinnar skyldi vera m.a.: „Að lífeyrissjóðir og almannatryggingar tryggi öllum lífeyrisþegum viðunandi lífeyri, er fylgi þróun kaupgjalds á hverjum tíma."

Í skjali þessu var gerð grein fyrir skipun sérstakrar nefndar á vegum aðila vinnumarkaðarins til að gera tillögur um endurskipulagningu lífeyriskerfisins og fyrirheitum ríkisstjórnarinnar í þessum efnum og sagt, að stefnt væri að nýskipan lífeyriskerfisins frá 1.

janúar 1978. Vikið er að bráðabirgðalausn fyrir árið 1976 og 1977 í formi sérstakrar uppbótar á lífeyri. Í lok skjalsins segir:

„Með skírskotun til framanritaðrar frásagnar af væntanlegri endurskipulagningu lífeyrissjóðakerfisins, sem taka á gildi 1. janúar 1978, úrlausn til bráðabirgða fyrir árin 1976 og 1977 og yfirlýsingar Lífeyrissjóðs verslunarmanna og Lífeyrissjóðs SÍS ásamt yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar varðandi málið allt, líta stjórnendur einkabankanna svo á, að með þessu sé starfsfólki einkabankanna tryggð sambærileg lífeyrisréttindi og starfsfólk ríkisbankanna hefur notið og stefnt var að ná fyrir starfsfólk einkabankanna."

Lögbinding eins lífeyrissjóðs fyrir alla landsmenn hefur enn ekki orðið að veruleika.

Stefndi ritaði bréf til bankaráðs Iðnaðarbanka Íslands h/f hinn 12. apríl 1977 um samþykkt þings stefnda 23.-25. mars s.á. um lífeyrisréttindi.

Kjarasamningur samninganefndar bankanna og stefnda 1. nóvember 1977 var fyrsti kjarasamningur þeirra eftir gildistöku laga nr. 34/1977 um kjarasamninga starfsmanna banka í eigu ríkisins. Með honum var sérstakt fylgiskjal nr. 1, sem fjallaði um lífeyrisréttindi. Þar er fjallað um almenna lífeyriskerfið og sagt, að gildistöku sé frestað um tvö ár, til 1. janúar 1980. Þar segir:

„... Þannig líta stjórnendur einkabankanna ennþá svo á, að með þessu sé starfsfólki einkabankanna tryggð sambærileg lífeyrisréttindi og starfsfólk ríkisbankanna hefur notið og stefnt var að ná fyrir starfsfólk einkabankanna, þótt formleg lögfesting málsins frestist um tvö ár.

Falli starfsmaður frá eða verði fyrir örorku, sem bótaskyld sé, þá munu einkabankarnir, eftir því sem við verður komið, tryggja sjóðfélögum á frestunartímanum sambærilegar bætur og starfsmenn ríkisbankanna njóta."

Kjarasamningar bankamanna voru lausir frá og með 1. október 1979, en kjarasamningnum frá 1977 var sagt upp með bréfi 29. júní 1979. Bréfinu fylgdi kröfugerð og megintillögur stefnda, en í þeim var ekki sérstaklega vikið að lífeyrisréttindamálum. Í tilboði samninganefndar bankanna var ekki heldur að þeim vikið.

Þá gerðist það í kjarasamningum opinberra starfsmanna árið 1980, að ríkisstjórnin gaf fyrirheit um breytingu á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins á þá leið, að svonefnd 95 ára regla

yrði tekin upp að nýju, þ.e., að starfsmaður, sem á samanlagðan líf- og starfsaldur upp á 95 ár og er orðinn 60 ára, getur hafið töku eftirlauna. Samsvarandi réttindi var ekki að finna í reglugerðum um eftirlaunasjóði starfsmanna ríkisbankanna.

Í gagntilboði stefnda til samninganefndar bankanna, sem lagt var fram á sáttafundi ríkissáttasemjara 18. september 1980, var sett fram krafa um svohljóðandi bókun:

„Aðilar eru sammála um, að lífeyrissjóður ríkisbankanna taki strax upp reglu, sem BSRB, ríkið og bæjarfélög gerðu samkomulag um varðandi 95 ára lífeyrisreglu starfsmanna. Tryggja bankarnir þær auknu greiðslur, sem af breytingunni leiðir. Einkabankarnir tryggi áfram sambærileg réttindi og bætur til handa sínum starfsmönnum og starfsmenn ríkisbankanna njóta."

Nýr kjarasamningur var undirritaður 3. október 1980. Í bókun 5 með kjarasamningnum var svofellt ákvæði:

„Aðilar eru sammála um að beina því til stjórna lífeyrissjóða ríkisbankanna og viðkomandi sjóðfélaga, að við endurskoðun á reglugerðum lífeyrissjóðanna verði tekin upp 95 ára lífeyrisregla á hliðstæðan hátt og í samningum ríkisins og BSRB. Einkabankarnir tryggi áfram sambærileg réttindi og bætur til handa sínum starfsmönnum og starfsmenn ríkisbankanna njóta."

Kjarasamningurinn var felldur í atkvæðagreiðslu hjá stefnda. Hófust þá aftur samningaviðræður aðila. Á samningafundi 14. nóvember 1980 voru lagðar fram kröfur stefnda í 10 liðum. Þar gerði stefndi m.a. þá tillögu, að bókun 5 verði breytt þannig, að í stað orðanna: „Einkabankarnir tryggi áfram..." - komi: „Aðrir bankar tryggi áfram..." Þessi krafa stefnda mætti andstöðu fulltrúa sparisjóðanna. Sáttanefnd lagði fram sáttatillögu 21. nóvember 1980, og var í henni svofellt lífeyrisréttindaákvæði: „Aðrir bankar með átta starfsmenn eða fleiri tryggi áfram sambærileg réttindi og bætur til handa sínum starfsmönnum og starfsmenn ríkisbankanna njóta."

Nýr kjarasamningur var undirritaður 15. desember 1980, og var bókun 5 orðuð samkvæmt þessari tillögu sáttanefndar. Þessi samningur var samþykktur hjá stefnda. Í kjarasamningi aðila 1981 var bókun 5 felld inn í meginmál kjarasamningsins í grein 12.7. Áherslubreyting var jafnframt gerð í upphafi ákvæðisins til þess að leggja aukna áherslu á skuldbindingu um að taka 95 ára regluna

inn í reglugerðir eftirlaunasjóða starfsmanna ríkisbankanna. Ákvæðið hefur síðan staðið óbreytt í kjarasamningum. Reglugerðum eftirlaunasjóða ríkisbankanna var almennt breytt í framhaldi af kjarasamningnum 1981, þannig, að nítíuogfimmárareglan var tekin inn.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Stefnandi kveður Iðnaðarbanka Íslands h/f hafa allt frá árinu 1974 lagt til hliðar ákveðna fjárhæð árlega til að mæta hugsanlegum viðbótarlífeyrisskuldbindingum umfram 6% framlag í Lífeyrissjóð verslunarmanna. Bankinn hafi á árinu 1985 sett, einhliða, reglur um eftirlaun starfsmanna bankans, sem veiti starfsmönnum rýmri réttindi en aðild að lífeyrissjóði verslunarmanna tryggi þeim. Verslunarbanki Íslands h/f hafi lagt til hliðar í sama skyni síðan 1983 og Alþýðubankinn h/f síðan 1981. Bankar þessir hafi sameinast Útvegsbanka Íslands h/f 1. janúar 1990, og hafi nafninu þá jafnframt verið breytt í Íslandsbanka h/f. Íslandsbanki h/f hafi yfirtekið allar lífeyrisskuldbindingar Iðnaðarbanka Íslands h/f, Verslunarbanka Íslands h/f og Alþýðubankans h/f við sameininguna.

Stefnandi telur, að þegar litið sé til orðalags samkomulagsins frá 15. desember 1980, forsögu þess og annarra löskýringarsjónarmiða og gagna, megi ljóst vera, að samkomulagið feli ekki í sér loforð gagnvart þeim félagsmönnum stefnda, sem störfuðu hjá einkabönkunum, er tryggi þeim sömu lífeyrisréttindi og félagsmenn í Lífeyrissjóði Landsbanka Íslands og Seðlabanka Íslands og/eða Eftirlaunasjóði Búnaðarbanka Íslands og/eða Eftirlaunasjóði Útvegsbanka Íslands nutu eða myndu njóta á hverjum tíma skv. reglum þessara sjóða. Umræddir forverar stefnanda hafi með þessu eingöngu verið að gangast undir þá skuldbindingu, að einkabankarnir ábyrgðust verðtryggingu lífeyris úr Lífeyrissjóði verslunarmanna og Lífeyrissjóði SÍS gagnvart starfsmönnum sínum í samræmi við þær ákvarðanir og markmið, sem sett hafi verið 1976 og 1977. Bréf stefnda frá 12. apríl 1977 sýni, svo að ekki verði um villst, hvaða skilning stefndi hafi lagt í orðin „sambærileg lífeyrisréttindi", þ.e. tilvísun til verðtryggingar lífeyris, enda öðlist orðalagið í kjarasamningnum frá 15. desember 1980 eðlilega og sanngjarna merkingu við þennan skilning.

Stefnandi kveðst mótmæla því sérstaklega, að stefnandi eða forverar hans hafi með einum eða öðrum hætti vakið réttmætt traust

stefnda á því, að leggja beri þann skilning í orðin „tryggi áfram sambærileg réttindi“ og stefndi telji nú rétt.

Stefnandi hafnar því algerlega, að þótt Iðnaðarbanki Íslands h/f, Alþýðubankinn h/f og Verslunarbanki Íslands h/f hafi lagt til hliðar fjármuni til að mæta hugsanlegum lífeyrisskuldbindingum sínum umfram þær skuldbindingar, sem á þeim hafði hvílt vegna Lífeyrissjóðs verslunarmanna og Lífeyrissjóðs SÍS, þ. á m. vegna loforðs um verðtryggingu lífeyris, felist í slíku viðurkenning á hinum víðtæka og langsótta skilningi stefnda. Bönkunum hafi borið að gera grein fyrir slíkum hugsanlegum skuldbindingum með þeim hætti í ársreikningum, sem þeir hafi gert, í samræmi við grundvallarreglur reikningshalds, sem miði að því að ofmeta ekki eignir og vanmeta ekki skuldir. Í slíku felist þó engin viðurkenning eða staðfesting á því, hverjar skuldbindingarnar kunni að vera í reynd. Þá kveður stefnandi sig eða forvera sína ekki með neinum hætti öðrum hafa viðurkennt skilning stefnda á þeim samningsákvæðum, sem hér séu til skoðunar.

Stefnandi bendir á, að ekki hafi verið samið um efnislegar breytingar á skuldbindingum einkabankanna í lífeyrismálum eftir kjarasamninginn 15. desember 1980, enda hafi það orðalag, sem þar kemur fram, verið endurtekið í síðari kjarasamningum án sérstakra athugasemda, þar á meðal í kjarasamningi 21. maí 1989. Stefnan hafi verið mótuð með yfirlýsingunni 1974, og hún standi áfram, en eftir eigi að semja um innihaldið.

II.

Stefndi telur enga stoð vera fyrir kröfum stefnanda í máli þessu. Hann bendir á, að ekki hafi verið sérstök ástæða til þess að semja um „verðtryggingu“ eftirlauna við bankana árið 1980, þar sem Lífeyrissjóður verslunarmanna og Lífeyrissjóður SÍS hafi veitt „verðtryggðan“, þ.e. kauptryggðan lífeyri allt frá 1976, og með lögum nr. 55/1980 hafi slíkt verið bundið í lög. Í kjarasamningnum 1980 hafi menn því verið að semja um annað og meira en verðtryggingu lífeyris.

Auk ofangreindra málavaxta leggur stefndi mikla áherslu á tilgreiningu lífeyrisskuldbindingar gagnvart starfsfólki í ársreikningum einkabankanna, sem runnu saman við Útvegsbanka Íslands h/f og urðu að stefnanda. Í ársreikningum sínum árin 1980 til 1989 hafi bankaráð Alþýðubankans, Iðnaðarbankans og Verslunarbankans

gert grein fyrir lífeyrisskuldbindingum bankanna gagnvart starfsfólki. Hefur stefndi tekið saman og lagt fram í máli þessu þær athugasemdir, sem í ársskýrslunum er að finna um þessar skuldbindingar. Þar komi fram, að margítrekað sé, að bankarnir hafi tekið á sig með kjarasamningi að veita starfsmönnum sínum sambærileg eða sömu lífeyrisréttindi og starfsmenn ríkisbankanna njóta. Séu lagðir til hliðar af þessum sökum fjármunir, sem síðustu árin nema 15% af heildarlaunum, til viðbótar framlögum til Lífeyrirsjóðs verslunarmanna. Sé sú prósenta í góðu samræmi við mat Jóns Erlings Þorsteinssonar tryggingastærðfræðings um kostnað við að veita starfsmönnum einkabankanna sambærileg lífeyrisréttindi og starfsmenn ríkisbankanna njóta. Augljóst sé af ársskýrslunum, að við gerð þeirra sé gengið út frá skilningi stefnda á kjarasamningi aðila hvað lífeyrisréttindi varðar. Bendir stefndi á eftirfarandi dæmi:

Ársskýrsla Alþýðubankans árið 1987:

„Bankinn greiðir iðgjöld til Lífeyrissjóðs verslunarmanna, 6% af föstum launum. Til viðbótar eru lögð til hliðar 10% af launum í sjóð vegna lífeyrisskuldbindinga. Nemur sú fjárhæð kr. 8.913.236. Nú er ljóst, að sjóðurinn fullnægir ekki skuldbindingum, og því eru lagðar aukalega kr. 5.500.000 í sjóðinn..... Hér er um að ræða ráðstafanir til að fullnægja samningsákvæðum varðandi lífeyrisréttindi starfsmanna bankans, að þeir séu jafnt settir og starfsmenn ríkisbankanna hvað varðar lífeyrisréttindi."

Ársskýrsla Iðnaðarbankans árið 1987:

„Bankinn greiðir til Lífeyrissjóðs verslunarmanna sem nemur 6% af föstum launum starfsmanna. Jafnframt hefur bankinn allt frá 1974 lagt árlega til hliðar fjárhæðir til að fullnægja samningsákvæði um lífeyrisréttindi starfsmanna bankans á hverjum tíma. Á síðustu árum hafa 10% af launum verið lögð til hliðar til sjóðsmyndunar í þessu skyni ..... Nú hefur farið fram tryggingafræðilegur útreikningur á skuldbindingum bankans vegna þessa, og nemur hún um 128,0 mkr í árslok 1987, m.v. 2% ársvexti ..... mun bankinn leggja áfram til hliðar fjárhæðir, þannig að bókfærð sjóðsmyndun nái skuldbindingu bankans á næstu árum."

Ársskýrsla Verslunarbankans árið 1989:

„... hefur bankinn undanfarin ár lagt árlega til hliðar fjárhæðir til að mæta samningsákvæðum um lífeyrisréttindi starfsmanna

bankans á hverjum tíma. Á síðasta ári voru lögð til hliðar 15% af launum auk verðbóta og vaxta af fyrri framlögum..... Samkvæmt tryggingafræðilegri athugun nam skuldbinding bankans vegna lífeyrisréttinda starfsfólks í árslok 1989 um kr. 210,6 millj. miðað við 3% ársvexti."

Stefndi rekur ýtarlega yfirtöku stefnda á lífeyrisskuldbindingum Alþýðubankans, Iðnaðarbankans og Verslunarbankans við stofnun hans og mat það, sem fram fór á lífeyrisskuldbindingunum. Stefndi rekur og kaup Landsbankans á hlutabréfum í Samvinnubankanum h/f og mat á lífeyrisskuldbindingum þess síðarnefnda í því sambandi. Stefndi lýsir einnig framkvæmd stefnda á lífeyrisgreiðslum til fyrrum starfsmanna bankans og lögum um Útvegsbanka Íslands h/f og ákvörðun um lífeyrisréttindi fyrrum starfsmanna hans.

Stefndi telur sannað með tilvísun til málavaxta, að samninganefnd bankanna, m.a. f.h. Alþýðubankans h/f, Iðnaðarbanka Íslands h/f og Verslunarbanka Íslands h/f og SÍB f.h. félagsmanna sinna, sem hjá bönkum þessum störfuðu, hafi samið svo um í kjarasamningnum 1980 og síðari kjarasamningum, að lífeyrisréttindi starfsmanna einkabankanna, að því er varðar eftirlaun, barna-, maka- og örorkulífeyri, skyldu vera sambærileg lífeyrisréttindum starfsmanna ríkisbankanna skv. reglugerðum lífeyrissjóða þeirra.

Þessu til stuðnings bendir stefndi á:

1. Almenn rök þess efnis, að ekki sé eðlilegt, að bankarnir, sem starfa á sama markaði við sömu almenn skilyrði og greiða starfsmönnum sínum laun eftir sama kjarasamningi, séu mismunandi settir hvað varðar lífeyrisskuldbindingar.
2. Orðalag yfirlýsingar með launareglugerðinni 1974 og kjarasamninga, sem síðar hafi verið gerðir. Skilningur stefnda á orðalagi ákvæðanna er í samræmi við orðanna hljóðan skv. almennum skilningi á íslensku máli.
3. Aðdraganda samningsgerðarinnar 1980 og bókun litlu sparisjóðanna hjá sáttasemjara í desember 1980. Bókun litlu sparisjóðanna var augljóslega óþörf að gefnum skilningi stefnanda á kjarasamningnum.
4. Skilning bankastjórna allra einkabankanna á skuldbindingunni, sem fram hefur komið í ársreikningum bankanna. Tilgreining skuldbindingarinnar í ársreikningum bankanna hefur skapað

réttmætt traust hjá félagsmönnum stefnda um, að ekki væri ágreiningur um efni skuldbindingarinnar.

5. Þá staðreynd, að Íslandsbanki h/f yfirtók lífeyrisskuldbindingar Alþýðubankans h/f, Iðnaðarbankans h/f og Verslunarbanka Íslands h/f á grundvelli útreikninga um innihald lífeyrisskuldbindingarinnar, sem er í samræmi við skilning SÍB á kjarasamningum.
6. Þá staðreynd, að við kaup Landsbankans á hlutabréfum í Samvinnubanka Íslands h/f var lífeyrisskuldbinding Samvinnubankans reiknuð skv. skilningi SÍB á kjarasamningnum.
7. Að Íslandsbanki h/f hefur framkvæmt ákvæði kjarasamningsins um lífeyrisréttindi gagnvart lífeyrisþegum í samræmi við skilning SÍB á ákvæðinu eftir því sem SÍB er best kunnugt.
8. Að Íslandsbanka h/f er lögskylt að veita sumum starfsmönnum sínum, þ.e. fyrrum starfsmönnum Útvegsbanka Íslands, lífeyrissjóðsréttindi skv. reglugerð um Eftirlaunasjóð starfsmanna Útvegsbanka Íslands og gerir það í reynd skv. yfirlýsingu bankans og hefur jafnframt heitið því í yfirlýsingu (samningi) frá 19. desember 1990, að allir starfsmenn bankans ávinni sér lífeyrisrétt samkvæmt sömu reglum.
9. Yfirlýsingar aðila, sem áttu hlut að máli við gerð kjarasamninga milli SÍB og samninganefndar bankanna, sem telja það vafalaust, að skuldbinding einkabankanna hafi verið sú, sem stefndi heldur fram.
10. Tómlæti stefnanda við að halda fram þeim skilningi á kjarasamningum, sem nú kemur fram í þessu máli. Stefnanda má hafa verið ljóst, a.m.k. frá 1980, hvern skilning SÍB hefur lagt í kjarasamningsákvæðið. Aldrei hefur opinberlega komið fram af hálfu bankans annar skilningur fyrr en í bréfi til SÍB 21.01. 1991 og þá var þessum skilningi þegar mótmælt af hálfu SÍB. Framangreint tómlæti stefnanda veldur því, að hann telst bundinn af þeim skilningi, sem almennt var ríkjandi á kjarasamningnum.

III.

Niðurstaða.

Ágreiningslaust er í máli þessu, að yfirlýsing fulltrúa einkabankanna í samvinnunefnd banka og sparisjóða 16. mars 1974 um lífeyrisréttindi starfsmanna einkabankanna, sem birt er hér að ofan,

var stefnuyfirlýsing. Þar er lýst þeirri stefnu, að starfsfólk í einkabönkunum fái að lokum sömu lífeyrisréttindi og starfsfólk ríkisbankanna.

Þegar litið er til þessarar stefnuyfirlýsingar og áform um framkvæmd hennar svo og aðdraganda, forsögu og orðalags samningsins frá 15. desember 1980, er ekki unnt að takmarka efni síðari málsliðar bókunar 5 við verðtryggingu í þeim skilningi, sem stefnandi setur hér fram og gerir kröfu til. Verður krafa stefnanda því ekki tekin til greina.

Það er álit dómsins, að bókun 5 sé alls ekki nægilega ýtarleg og nákvæm miðað við hina flóknu stöðu í lífeyrisréttindamálum bankamanna. Nauðsyn krefur, að við áframhaldandi samningsgerð málsaðila verði úr þessu bætt.

Við túlkun á bókun 5 verður einkum að hafa í huga texta bókunarinnar, skýringar stefnda, viðhorfa einkabankanna, sem fram koma í skýringum með ársreikningum þeirra 1980-1990, svo og 12. gr. í reglum viðskiptaráðuneytisins frá 14. febrúar 1986 um ársreikninga viðskiptabanka og sparisjóða. Enn fremur verður að líta á þá staðreynd, að ákvæði bókunar 5 stóð óbreytt að efni til í nýjum kjarasamningum þrátt fyrir breytingar á reglum eftirlaunasjóðs ríkisbankanna, sem áttu sér stað eftir 1980. Þegar á allt þetta er litið, telur dómurinn, að með kjarasamningnum 15. desember 1980, sem gilti frá 1. ágúst s.á., hafi verið samið svo um, að starfsmenn einkabanka, sem hefðu 8 starfsmenn eða fleiri, skyldu öðlast sambærileg lífeyrisréttindi og bætur og starfsmenn ríkisbankanna nutu almennt hinn 1. ágúst 1980. Að þessu marki verða kröfur stefnda teknar til greina.

Eftir þessum málalokum er rétt, að hvor aðili beri sinn málskostnað.

Dómsorð:

Samkvæmt bókun 5 í kjarasamningi Sambands íslenskra bankamanna og bankanna, sem gilti frá 1. ágúst 1980, sbr. grein 12.7 í síðari kjarasamningum aðila, eiga starfsmenn Íslandsbanka h/f rétt á sambærilegum lífeyrisréttindum og bótum og starfsmenn ríkisbankanna nutu almennt hinn 1. ágúst 1980.

Hvor aðili beri sinn málskostnað.

Mánudaginn 1. júní 1992.

Nr. 3/1992. **BHMR f.h.**
Félags íslenskra náttúrufræðinga,
Félags háskólamenntaðra hjúkrunarfræðinga,
Kjarafélags viðskipta- og hagfræðinga,
Stéttarfélags íslenskra félagsráðgjafa,
Meinatæknafélags Íslands,
Útgarðs, félags háskólamanna,
Hjúkrunarfélags Íslands og
Röntgentæknafélags Íslands
(Viðar Már Matthíasson hrl.)
gegn
fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs
(Guðmundur Vignir Jósefsson hrl.).

Verkfallsréttur. Opinberir starfsmenn.

Dómur Félagsdóms.

Mál þetta dæma Auður Þorbergsdóttir, Björn Helgason, Ingibjörg Benediktsdóttir, Valtýr Sigurðsson og Þorsteinn A. Jónsson.

Málið, sem tekið var til dóms 12. maí sl., er höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu birtri 29. febrúar sl. og þingfestri 24. mars sl.

Stefnendur eru stéttarfélög þau, sem tilgreind eru í heiti málsins, en Bandalag háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna, Lágmúla 7, Reykjavík, fer með málið í umboði þeirra fyrir dóminum.

Stefndi er fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, Arnarhvoli, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru:

Að eftirfarandi breytingar á starfsmönnum eða stöðum, sem gerðar hafa verið á skrá samkvæmt 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna, sem birt var sem auglýsing nr. 27/1992 í B-deild Stjórnartíðinda þann 23. janúar 1992, verði felldar úr gildi.

Ráðuneyti/stofnun.	**Starfsmenn/staða.**
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti.	
Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri **(slysadeild).**	„óbreytt starfsemi til

	móttöku bráðveikra sjúklinga".
(Ríkisspítalar).	Kristnesspítali.
Umhverfisráðuneyti.	
(Veðurstofa Íslands).	Veðurspádeild starfi með venjubundnum hætti.

Þá er þess krafist, að eftirtalin starfsemi, sem tilgreind er í skránni, falli út:

St. Jósefsspítali Hafnarfirði.	„fæðingagangur að hálfu".

Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá LMFÍ og að við ákvörðun á fjárhæð málskostnaðar verði tekið tillit til skyldu stefnanda til þess að greiða virðisaukaskatt á þóknun lögmanns síns. Þess er jafnframt krafist, að dæmt verði, að málskostnaður skuli bera dráttarvexti að liðnum 15 dögum frá uppkvaðningu dóms í málinu.

Dómkröfur stefnda.

Að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda um, að tilteknar „breytingar á starfsmönnum eða stöðum, sem gerðar hafa verið á skrá skv. 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna, sem birt var sem auglýsing nr. 27/1992 í B-deild Stjórnartíðinda þann 23. janúar 1992, verði felldar úr gildi", aðrar en starfsmenn eða stöður, sem falla undir fæðingagang að hálfu á St. Jósefsspítala í Hafnarfirði.

Þá er gerð krafa um að stefnendur verði in solidum dæmdir til að greiða stefnda málskostnað fyrir Félagsdómi að mati dómsins.

Leitað var um sáttir án árangurs.

Aðild málsins og form.

BHMR er samband stéttarfélaga háskólamenntaðra opinberra starfsmanna.

Í stefnu segir, að félög þau innan BHMR svo og Hjúkrunarfélag Íslands, Meinatæknafélag Íslands og Röntgentæknafélag Íslands, sem hafa falið BHMR málsóknarumboð til þess að reka fyrir sína hönd mál þetta, séu með innan sinna vébanda félagsmenn, sem kröfugerð máls þessa tekur til. Stefndi hafi fallist á, að aðild sé hagað með þessum hætti.

Kröfugerð stefnanda miðast við, að tilteknar breytingar á skrá

þeirri, sem birt var sem auglýsing nr. 33/1991 og dagsett er þann 28. janúar 1991, verði felldar úr gildi. Kröfugerðina ber að sögn stefnanda að skilja svo, að verði á hana fallist, gildi fyrirmæli síðastgreindrar skrár, þ.e. skrár, sem birt var sem auglýsing nr. 33/1991, að því er varðar störf á stofnunum þeim, sem um ræðir. Jafnframt miðar kröfugerðin að því, að felld verði út af téðri skrá starfsemi, sem lögð hefur verið niður.

Stefnandi segir málið eiga undir Félagsdóm skv. 5. tl. 1. mgr. 26. gr. l. nr. 94/1986, sbr. 2. mgr. 19. gr. sömu laga.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Af hálfu stefnanda er lögð áhersla á það, að með 14. gr. l. nr. 94/1986 sé staðfest, að stéttarfélögum, sem eru samningsaðilar samkvæmt lögunum, sé heimilað að gera verkfall í þeim tilgangi að stuðla að framgangi krafna sinna í vinnudeilum. Verkfallsheimildin sé því hin almenna regla, og verði að skýra allar takmarkanir á þeirri heimild þrengjandi lögskýringu. Þessum lagaskilningi sé slegið föstum í dómi Félagsdóms í málinu nr. 1/1990.

Í 19. gr. l. nr. 94/1986 er í 6 töluliðum talið upp, til hverra heimildin til að fara í verkfall nær ekki. Þar eru m.a. í 3. tl. tilgreindir þeir, sem „starfa við nauðsynlegustu öryggisgæslu og heilbrigðisþjónustu".

Stefnda beri að birta skrá um störf, sem falli m.a. undir ákvæði 3. tl. fyrir 1. febrúar ár hvert, eftir samráð við viðkomandi stéttarfélög. Öðlist skráin gildi frá 15. febrúar næst eftir birtingu. Í 2. mgr. 19. gr. l. nr. 94/1986 sé heimilað að bera fram andmæli við breytingum á skrám og ágreining um það skuli leggja fyrir Félagsdóm.

Þau atriði, sem stefnandi andmælir, og rökstuðningur fyrir því, að fella eigi þau af skránni, eru eftirfarandi:

1. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti.

Á skrá þeirri, sem birt var þann 28. janúar 1991, sem auglýsing nr. 33/1991, var við Fjórðungassjúkrahúsið á Akureyri eftirfarandi tekið fram um störf á slysadeild:

„a) Bakvakt
b) Á vakt:
Hjúkrunarfræðingur (1)
Læknaritari (1)
Læknir (1)
Læknir á bakvakt (1)"

Þar sem hvorki stéttarfélag lækna né læknaritara eru aðilar málsins, verður ekki vikið að þeim starfsstéttum frekar.

Í auglýsingu nr. 27/1992 er eftirfarandi tekið fram um slysadeild: „Óbreytt starfsemi til móttöku bráðveikra sjúklinga".

Stefnandi krefst þess, að breyting þessi verði felld úr gildi.

Rök stefnanda fyrir þessari kröfu eru eftirfarandi:

Í 19. gr. l. nr. 94/1986 sé skýrlega tekið fram, að heimild til að gera verkföll nái ekki til „eftirtalinna starfsmanna". Stefnda sé gert að birta skrá um þau störf, sem falli undir m.a. 3. tl. Það sé til þess ætlast, að tilgreining á þeim, sem ekki hafi heimild til að taka þátt í verkfalli, sé þannig, að starfsmenn eða störf séu tilgreind. Sá háttur stefnda að tilgreina, að „starfsemi skuli óbreytt", sé í andstöðu við lögin, enda veiti það stefnda eða stjórnendum stofnana á sviði öryggisgæslu eða heilbrigðisþjónustu óeðlilega mikið svigrúm til að færa starfsmenn til þannig, að þeir verði sviptir rétti til þátttöku í verkfalli. Þetta sé í trássi við fyrirmæli laganna og réttan skilning á undantekningarákvæði 19. gr.

Ágreiningur aðila að þessu leyti sé um orðalag auglýsingar, en ekki fjölda þeirra, sem megi hafa að störfum í verkfalli. Samkvæmt munnlegum upplýsingum séu mönnuð 8,1 stöðugildi hjúkrunarfræðinga á slysadeild. Skipun þeirra á vaktir sé þannig:

Morgunvakt (3) hjúkrunarfræðingar.

Kvöldvakt (1) hjúkrunarfræðingur og 1 á bakvakt.

Næturvakt (1) hjúkrunarfræðingur og 1 á bakvakt.

Stefnandi gerir ekki athugasemd við, að hjúkrunarfræðingar, sem þessum tilteknu störfum sinna, geri það í verkfalli. Er því skorað á stefnda að fallast á, að hin tilgreindu orð: „óbreytt starfsemi til móttöku bráðveikra sjúklinga", falli út, og í staðinn komi sú upptalning sem að ofan er tilgreind, að því er varðar hjúkrunarfræðinga.

2. *Þá er þess krafist varðandi ríkisspítala, að út falli orðið „Kristnesspítali".*

Kristnesspítali hafi einnig verið tilgreindur með sama hætti á skrá þeirri, sem birt var sem auglýsing nr. 33/1991. Sé þannig ekki um að ræða breytingu á auglýstri skrá að forminu til.

Stefnandi telur samt, að honum sé heimilt að hafa uppi slík andmæli. Rökin eru þau, að eðlisbreyting hafi orðið á starfsemi þessarar tilteknu sjúkrastofnunar á síðustu árum. Kristnesspítali hafi um áratugaskeið verið rekinn sem berklaspítali með sólar-

hringsvistun berklasjúklinga. Eftir að tekist hafi að mestu að vinna bug á berklum, hafi slíkum sjúklingum fækkað mjög, og sé meginstarfsemi Kristnesspítala nú endurhæfingarþjónusta. Er skorað á stefnda að upplýsa, hvert sé vægi einstakra þátta í starfseminni á þessari sjúkrastofnun.

Skýra verði 2. mgr. 19. gr. l. nr. 94/1986 svo, að þegar slíkar breytingar verði á viðfangsefnum einstakra stofnana, að allar forsendur bresti fyrir því, að starfsmenn þar eða einstök störf verði tilgreind á skrá, sbr. 3. tl. 19. gr., þá verði að viðurkenna rétt stéttarfélaga til að krefjast þess, að þær verði felldar út af skránni. Ella myndi hægt að halda stofnunum, deildum og störfum inni á listanum, þó að búið væri að leggja þau niður, svo sem dæmi séu um.

3. Umhverfisráðuneyti.

(Veðurstofa Íslands).

Á skrá þeirri, sem birt var sem auglýsing nr. 33/1991, var eftirfarandi tilgreining á störfum á Veðurstofu Íslands.

„Eftirlitsmenn veðurspádeildar
Háloftamenn Keflavíkurflugvelli
Veðurathugunarmenn á Hveravöllum
Yfirdeildarstjóri veðurspádeildar".

Á skrá þeirri, sem birt var sem auglýsing nr. 27/1992, var m.a. breyting á því, er varðar veðurspádeild. Þar segir nú:

„Veðurspádeild starfi með venjubundnum hætti".

Stefnandi getur engan veginn fallist á þessa breytingu og telur, að ekki séu fyrir henni nein sérstök rök. Engar þær breytingar hafi orðið frá 1986, sem geri slíka breytingu nauðsynlega. Í verkföllum þeim, sem m.a. starfsmenn veðurspádeildar Veðurstofu Íslands tóku þátt í, hafi aldrei komið fram beiðni samkvæmt 21. gr. l. nr. 94/1986. Hið tilvitnaða lagaákvæði heimili tveggja manna nefnd að ákveða, hvort einhverjir, sem eru í verkfalli, skuli kvaddir til starfa, eftir að verkfall er hafið, til að afstýra neyðarástandi. Þetta sýni, að engin þörf sé á þeirri breytingu, sem hér er gerð krafa um, að verði felld úr gildi.

Komi til verkfalls og skapist sú neyð, að kveðja þurfi fleiri en eftirlitsmenn og yfirdeildarstjóra til starfa á veðurspádeild Veðurstofu Íslands, sé stefnda í lófa lagið að byggja rétt á 20. og 21. gr. l. nr. 94/1986 til að afstýra neyðarástandi.

4. St. Jósefsspítali í Hafnarfirði.

Þess er krafist, að orðin „fæðingagangur að hálfu“ verði felld út. Hér sé reyndar ekki um að ræða formlega breytingu frá síðastgildandi skrá, sbr. auglýsingu nr. 33/1991. Krafan sé samt sem áður gerð, enda sé hætt að starfrækja fæðingagang við þessa sjúkrastofnun. Um röksemdir er vísað til þess, sem greinir í tl. 2.

Málsástæður og rökstuðningur stefnda.

Stefndi hafi enga tilhneigingu til þess að gera skrá um störf þau, sem talin eru falla undir 3.-6. tl. 1. mgr. 19. gr. l. nr. 94/1986, víðtækari en svo, að á henni séu einvörðungu þau störf, sem teljast til „nauðsynlegustu öryggisgæslu og heilbrigðisþjónustu“. En óhjákvæmilegt sé, að skráin breytist að einhverju leyti frá ári til árs vegna breyttra aðstæðna og endurmats á því, hvaða störf séu talin falla undir framangreinda skilgreiningu í ljósi fenginnar reynslu.

Í samskiptum við séttarfélög hafi sú röksemd stundum verið sett fram af þeirra hálfu, að ákvæði 20. gr., sbr. 21. gr. laga nr. 94/1986 veitti næga möguleika á að tryggja það öryggi, sem lögin ætlast til, að haldið sé uppi í verkföllum, og mættu því starfsheiti á auglýstum skrám vera færri. Þessu sjónarmiði er mótmælt af hálfu stefnda. Væri þetta rétt, megi segja, að í raun væri verið að taka upp eldra fyrirkomulag um kjaradeilunefnd, en tilgangur laga nr. 94/1986 hafi m.a. verið sá að leggja hana niður vegna slæmrar reynslu af þeim starfsháttum.

Af greinargerð með frumvarpi til laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna sjáist einnig, að 20. gr. sé hugsuð sem varnagli, sem grípa megi til, ef afstýra þurfi algeru neyðarástandi, en undir það falli tilvik eins og „viðgerðir og viðhald á fjarskiptatækjum, veitukerfum, búnaði lögreglu og sjúkrastofnana, svo og birgðadreifing til þeirra aðila, sem eigi að halda uppi störfum samkvæmt 3. tl. 19. gr.“. Augljóst sé, að tilgangur þessarar greinar sé ekki að draga úr nauðsyn þess, að tilgreind séu á skrá störf, sem fyrir fram sé hægt að ákveða, að falli undir „nauðsynlegustu öryggisgæslu og heilbrigðisþjónustu“.

Almennt er mótmælt kröfum stefnanda um, að starfsmenn eða stöður falli út af skrá nr. 27/1992. Hér á eftir eru rakin mótmæli stefnda við einstökum kröfum stefnanda.

Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri.

(slysadeild).

Með bréfi, dags. 7. janúr 1992, óskaði FSA eftir lagfæringum á skrá yfir þau störf, sem falla undir 3. tl. 19. gr. l. nr. 94/1986. Meðal þess, sem óskað var breytinga á, var, að á slysadeild yrði óbreytt starfsemi, ef til verkfalls kæmi og sú takmörkun, sem fram, kemur í auglýsingu nr. 33/1991, félli brott.

Með bréfum, dags. 16. janúar 1992, óskaði starfsmannastofa fjármálaráðuneytis eftir umsögn beggja hjúkrunarfræðingafélaganna um breytingarnar. Með sameiginlegu bréfi, dags. 23. janúar 1992, leggja félögin til, að auglýsingunni verði breytt svo: „Slysadeild - óbreytt starfsemi til móttöku bráðveikra sjúklinga." Auglýsingunni hafi verið breytt í samræmi við tillögur félaganna. Stefndi telur ekki efni til að gera breytingar á þessari skilgreiningu.

Ríkisspítalar.

Kristnesspítali hafi ekki verið starfræktur sem berklaspítali sl. 2-3 áratugi. Um árabil hafi hann verið rekinn sem langleguspítali fyrir aldraða og sjúklinga, sem úthýst hafi verið af sjúkrahúsum, t.d. geðsjúklinga. Ekki sé rétt, að meginstarfsemin nú sé endurhæfingarþjónusta. Meginstarfsemi sé sem fyrr öldrunardeild. Fyrir u.þ.b. 3 árum hafi verið ráðinn fyrsti sjúkraþjálfarinn að spítalanum og hafist handa um að koma upp endurhæfingardeild. 1. ágúst 1991 hafi endurhæfingardeild verið tekin formlega í notkun. Að jafnaði séu nú 17-18 rúm af 53 á sjúkrahúsinu notuð fyrir endurhæfingarsjúklinga, aðallega eftir heilablæðingar eða bæklunaraðgerðir.

Samkvæmt auglýsingunni starfi hvorki iðjuþjálfarar né sjúkraþjálfarar á meðferðardeildum ríkisspítalanna, þ.m.t. Kristnesspítala, ef til verkfalls komi. Megi því segja, að endurhæfing sé á þann hátt sjálfhætt. Væntanlega yrðu því sjúklingar í endurhæfingu sendir heim, ef til verkfalls kæmi, og þurfi ekki breytingu á skrá til þess.

Í bréfi HFÍ/FHH frá 23. janúar 1992 komi fram, að félögin hafi viljað fá fram þá breytingu, að einungis langlegudeildir yrðu opnar á Kristnesspítala í verkfalli. Á Kristnesspítala séu einungis 2 legudeildir og heiti þær „endurhæfingardeild" með 14 starfsmenn og „öldrunardeild" með 36 starfsmenn. Að mati stefnda var auglýsingin í samræmi við þessa ósk og ekki talin þörf á að breyta orðalagi. Stefndi telur því engin rök fyrir kröfu stefnanda, að því er þennan lið varðar.

Veðurstofa Íslands.

Það hafi þótt koma í ljós í þeim verkföllum opinberra starfsmanna, sem gerð hafa verið, frá því er lög nr. 94/1986 voru sett, að sú þjónusta, sem Veðurstofan hafi veitt, hafi verið með öllu ófullnægjandi og óviðunandi. Í ljósi fenginnar reynslu hafi þótt óhjákvæmilegt að gera ráð fyrir, að veðurspádeild starfi með venjubundnum hætti í verkfalli, og sé þessi breyting því gerð á skránni nú. Um rökstuðning er vísað til fram lagðra skjala á dskj. 10-17.

St. Jósefsspítali, Hafnarfirði. Fæðingagangur að hálfu.

Þessi lína sé komin inn í auglýsinguna fyrir mistök. Fæðingagangur hafi aldrei verið á St. Jósefsspítala í Hafnarfirði.

Niðurstaða.

Með lögum nr. 94/1986 var lögfest sú meginregla, að þeim starfsmönnum ríkisins, sem lög nr. 38/1954 taka til, sé heimilt að gera verkfall með þeim takmörkunum einum, sem tilteknar eru í lögum. Af því leiðir, að ákvæði undantekningar frá þessari meginreglu lúta þrengjandi lögskýringu.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 94/1986 er stéttarfélögum, sem eru samningsaðilar samkvæmt lögunum, heimilt að gera verkfall, og samkvæmt 10. gr. laganna tekur það til allra starfsmanna í viðkomandi stéttarfélagi hjá þeim vinnuveitanda, sem verkfall beinist gegn, nema þeim sé óheimilt að gera verkfall samkvæmt lögunum. Samkvæmt 3. tl. 1. mgr. 19. gr. laganna er þeim, sem starfa við nauðsynlega öryggisgæslu og heilbrigðisþjónustu, óheimilt að gera verkfall. Fjármálaráðherra og sveitarfélög skulu samkvæmt 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 birta skrá um störf þau, sem m.a. falla undir 3. tl. 1. mgr. sömu greinar, að undangengnu samráði við viðkomandi stéttarfélög.

Þar sem undantekningar frá meginreglunni um þátttöku í verkfalli lúta samkvæmt framansögðu þrengjandi lögskýringu, verður tilgreining á skrá samkvæmt 2. mgr. 19. gr. laganna að vera ótvíræð, svo að ekki leiki vafi á, við hvern er átt.

Í auglýsingu samkvæmt 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 ber að tilgreina þau störf eða starfsmenn, sem falla undir ákvæði 3. tl. 1. mgr. sömu greinar. Óheimilt er að semja um annars konar tilgreiningu eða vísa til þess, að ákveðinni starfsemi eigi að sinna þrátt fyrir verkfall.

Verður nú fjallað um einstakar stofnanir.

Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri.

Slysadeild. *„Óbreytt starfsemi til móttöku bráðveikra sjúklinga.“*

Ofangreind tilgreining í auglýsingu nr. 27/1992 er ekki í samræmi við 19. gr. laga nr. 94/1986, og ber því að fella hana út af skrá samkvæmt auglýsingunni.

Ríkisspítalar.

Kristnesspítali.

Tilgreining í auglýsingu nr. 27/1992 vísar hvorki til þess, hvaða starfsmönnum er óheimilt að fara í verkfall samkvæmt auglýsingunni né hvaða störfum þeir gegna. Ber því að fella tilgreininguna út af skrá samkvæmt auglýsingunni.

Umhverfisráðuneyti.

Veðurstofa Íslands. *„Veðurspádeild starfi með venjubundnum hætti.“*

Tilgreining í auglýsingu nr. 27/1992 vísar hvorki til þess, hvaða starfsmönnum er óheimilt að fara í verkfall né hvaða störfum þeir gegna. Ber því að fella tilgreininguna út af skrá samkvæmt auglýsingunni.

Stefndi hefur ekki sýnt fram á, að slík útvíkkun á starfsemi Veðurstofu Íslands, sem fram kemur í auglýsingu nr. 27/1992, sé nauðsynleg vegna öryggis.

St. Jósefsspítali Hafnafirði. *„fæðingagangur að hálfu“.*

Stefndi hefur fallist á kröfu stefnanda, og ber þegar af þeirri ástæðu að fella tilgreiningu þessa út af skránni í auglýsingu nr. 27/1992.

Stefndi greiði stefnanda málskostnað, sem beri vexti eins og segir í dómsorði. Málskostnaður telst hæfilega ákveðinn kr. 125.000, og hefur þá verið litið til virðisaukaskattsskyldu málflutningsþóknunar.

Dómsorð:

Af skrá samkvæmt auglýsingu nr. 27/1922 skal fella niður eftirfarandi:

Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri.	„Óbreytt starfsemi til móttöku bráðveikra sjúklinga“.
Ríkisspítalar.	Kristnesspítali

Veðurstofa Íslands.	„Veðurspádeild starfi með venjubundnum hætti.“
St. Jósefsspítali Hafnarfirði.	„fæðingagangur að hálfu“.

Stefndi greiði stefnanda í málskostnað, kr. 125.000, sem beri dráttarvexti samkvæmt vaxtalögum.

Mánudaginn 1. júní 1992.

Nr. 4/1992. **BHMR f.h.**
Félags íslenskra náttúrufræðinga,
Stéttarfélags lögfræðinga í ríkisþjónustu og
Kjarafélags viðskipta- og hagfræðinga
(Viðar Már Matthíasson hrl.)
gegn
fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs
(Guðmundur Vignir Jósefsson hrl.).

Verkfallsréttur. Opinberir starfsmenn.

Dómur Félagsdóms.

Mál þetta dæma Auður Þorbergsdóttir, Björn Helgason, Ingibjörg Benediktsdóttir, Valtýr Sigurðsson og Þorsteinn A. Jónsson.

Málið, sem tekið var til dóms 13. maí sl., er höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu birtri 29. febrúar 1992 og þingfestri 24. mars. sl.

Stefnendur eru stéttarfélög þau, sem tilgreind eru í heiti málsins, en Bandalaga háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna, Lágmúla 7, Reykjavík, fer með málið í umboði þeirra fyrir dóminum.

Stefndi er fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, Arnarhvoli, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þessar:

1. Að eftirtalin starfsheiti verði felld út af skrá þeirri yfir „forstöðumenn stofnana og staðgengla þeirra, sem óheimilt er að gera verkfall, skv. 3. mgr. 29. gr. laga nr. 38/1954, sbr. lög nr. 90/1986 og lög nr. 45/1991 um breyting á þeim, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins", sem birt var sem auglýsing nr. 28/1992 í B-deild Stjórnartíðinda, sem út kom þann 31. janúar 1992:

Stofnun:	Starfsmenn/staða:	Stéttar félag:
Tilraunastöðvar RALA	tilraunastjórar	FÍN
Hafrannsóknastofnun	aðstoðarforstjórar	KVH
Tryggingaeftirlit ríkisins	skrifstofustjóri	SLÍR
Skattstofur	skrifstofustjórar	SLÍR
Ríkistollstjóri	skrifstofustjóri	
Tollstjórinn í Reykjavík	skrifstofustjóri	
Tollgæslan í Reykjavík	skrifstofustjóri	

2. Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá LMFÍ og að við ákvörðun á fjárhæð málskostnaðar verði tekið tillit til skyldu stefnanda til að greiða virðisaukaskatt á þóknun lögmanns síns.

Jafnframt er þess krafist, að dæmt verði, að málskostnaður skuli bera dráttarvexti að liðnum 15 dögum frá uppkvaðningu dóms í málinu.

Dómkröfur stefnda eru þessar:

Að þeim þætti í kröfugerð stefnanda, er lýtur að starfsheitum aðstoðarforstjóra við Hafrannsóknastofnun, skrifstofustjóra við skattstofur og skrifstofustjóra tollstjórans í Reykjavík, verði vísað frá dómi.

Að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda um, að tilgreind starfsheiti verði felld út af lista þeim yfir „forstöðumenn stofnana og staðgengla þeirra, sem óheimilt er að gera verkfall skv. 3. mgr. 29. gr. laga nr. 38/1954, sbr. lög nr. 90/1986 og lög nr. 45/1991 um breyting á þeim um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna ríkisins", sem birt var sem auglýsing nr. 28/1992 í B-deild Stjórnartíðinda, sem út kom 31. janúar 1992, önnur en skrifstofustjóri við tollgæsluna í Reykjavík.

Að stefnendur verði in solidum dæmdir til að greiða stefnda málskostnað að mati Félagsdóms.

Leitað var um sáttir án árangurs.

Aðild.

Um aðild málsins og form er tekið fram í stefnu, að BHMR sé samtök stéttarfélaga háskólamenntaðra opinberra starfsmanna.

Málið eigi undir Félagsdóm skv. 4. mgr. 29. gr. 1. nr. 38/1954, sbr. 1. nr. 90/1986 um breytingu á þeim lögum. Aðilar málsins séu sammála um, að myndað sé aðilasamlag sóknar megin með þeim hætti, sem gert er, enda hafi BHMR málsóknarumboð frá þeim félögum, sem hagsmuna eigi að gæta. Verulegt réttarfarshagræði sé að aðilasamlagi þessu, enda um að ræða samkynja álitaefni, að mestu leyti sömu skjöl og sama varnaraðila í öllum tilvikum.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Með lögum nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna hafi sú almenna regla verið sett, sem fram kemur í 14. gr. laganna, að starfsmönnum í stéttarfélögum þeim, sem lögin taka til, sé heimilt að taka þátt í verkföllum til þess að vinna að framgangi krafna sinna í vinnudeilum. Gerðar séu undantekningar frá rétti starfsmanna til þátttöku í verkfalli í 19. gr. laga nr. 94/1986 og í 2. mgr. 29. gr. laga nr. 38/1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, eins og þeirri grein var breytt með lögum nr. 90/1986.

Í upphafi 2. mgr. 29. gr. laga nr. 38/1954 segir svo:

„Þrátt fyrir ákvæði laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna er þeim, er skipa eftirtalin störf, óheimilt að gera verkfall:

...

5. Forstöðumenn stjórnsýslustofnana ríkisins og staðgenglar þeirra.
6. Forstöðumenn atvinnurekstrar- og þjónustufyrirtækja ríkisins og staðgenglar þeirra, nema þeir séu ráðnir sérstakri ráðningu.
7. Aðrir þeir, er gegna embættum, sem öldungis verði jafnað til embætta þeirra manna, sem getið er í 1. - 6. tölul.“

Í 3. mgr. sé lagt fyrir stefnda að birta lista yfir þá starfsmenn, sem falli undir 5. og 6. tl. greinarinnar. Ágreining um það, hvort maður falli undir þann lista, megi bera undir Félagsdóm með þeim hætti, sem gert sé í máli þessu.

Í dómi Félagsdóms, sem upp var kveðinn þann 10. júlí 1990 í málinu nr. 1/1990, komi fram sú afstaða, að til þess að hægt sé

að svipta starfsmann rétti til þátttöku í verkfalli, þurfi að uppfylla þau skilyrði m.a., að ótvírætt sé, að stofnun sé sjálfstæð ríkisstofnun, að um sé að ræða stærri atvinnu- og þjónustufyrirtæki í eigu ríkisins, sbr. til hliðsjónar 6. tl. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986, og að ekki leiki vafi á því, að viðkomandi starfsmaður gegni stöðu forstöðumanns eða sé staðgengill hans. Það sé mat stefnanda, að það verði að vera einhver ótvíræð hlutlæg staðfesting á því, að maður sé staðgengill forstöðumanns, til þess að hægt sé að skipa honum á slíkan lista, og það verði því að koma fram í setningarbréfi hans eða skipunarbréfi, ráðningarbréfi eða að tekið sé ótvírætt tillit til þeirrar ábyrgðar í ákvörðun á launakjörum hans og öðrum starfskjörum. Í þessu efni dugi ekki viðhorf yfirmanns eða væntingar starfsmannsins sjálfs.

Þann 31. janúar 1992 hafi verið birt sem auglýsing nr. 28/1992 listi yfir þá forstöðumenn og staðgengla þeirra, sem óheimilt væri að gera verkfall skv. 3. mgr. 19. gr. laga nr. 38/1954 með síðari breytingum. Á þeim lista séu tilgreindir ýmsir forstöðumenn, sem ekki eigi að vera á listanum, t.d. af því að þeir starfi ekki við stjórnsýslustofnun ríkisins og ekki heldur við atvinnurekstrar- eða þjónustufyrirtæki ríkisins, svo sem eins og tilraunastjórar á tilraunastöðvum Rannsóknastofnunar landbúnaðarins, en einkum þó vegna þess að tilgreindir staðgenglar gegni alls ekki staðgengilsstöðu viðkomandi forstöðumanns.

Stefnandi byggir á 29. gr. laga nr. 38/1954 með síðari breytingum og meginreglu laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna með síðari breytingum, einkum 19. gr. þeirra laga.

Málskostnaðarkrafa stefnanda er byggð á 1. mgr. 177. gr. 1. nr. 85/1936 með síðari breytingum, sbr. 69. gr. 1. um stéttarfélög og vinnudeilur nr. 80/1938.

Kröfuliðir stefnanda:

Tilraunastöðvar RALA tilraunastjórar FÍN

Tilraunastöðvar RALA séu ekki sjálfstæðar ríkisstofnanir eða sjálfstæð atvinnurekstrar- eða þjónustufyrirtæki ríkisins. Í 37. gr. laga nr. 64/1965 um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, eins og lagagreininni var breytt með lögum nr. 107/1974, hafi verið ákveðið, að Rannsóknastofnun landbúnaðarins, sem sé sjálfstæð ríkisstofnun, fengi umráð yfir tilraunastöðvum á sviði landbúnaðarins, sem ríkið eigi. Tilraunastöðvarnar séu því settar undir Rannsókna-

stofnun landbúnaðarins og teljist því ekki sjálfstæðar ríkisstofnanir. Gildi þetta einnig um tilraunastöð Búnaðarsambands Suðurlands og Rannsóknastofnunar landbúnaðarins að Stóra-Ármóti, sbr. lög nr. 19/1981, en í 3. gr. þeirra laga segi, að tilraunastarfsemin eigi að vera rekin innan sviðs landbúnaðarrannsókna á Íslandi og vísi til laga 64/1965 um rannsóknir í þágu atvinnuveganna. Því sé ekki til að dreifa fyrirmælum í lögum, sem skapi tilraunastöðvum RALA þá stöðu, að réttlætanlegt sé að svipta þá, sem teljist þar vera í fyrirsvari, rétti til þess að taka þátt í verkföllum.

Hafrannsóknastofnun aðstoðarforstjórar FÍN

Einn af aðstoðarforstjórum Hafrannsóknastofnunar, Jakob Magnússon, sem sé félagsmaður í FÍN, sé staðgengill forstjóra og gegni m.a. nú um stundir stöðu forstjóra í forföllum hans. Í 13. gr. laga nr. 64/1965 komi fram, að sjávarútvegsráðherra beri að skipa tvo aðstoðarforstjóra við Hafrannsóknastofnun. Hafi það verið gert. Komi fram í 2. mgr. 14. gr. laganna, að annar aðstoðarforstjóri skuli vera forstjóra til aðstoðar um vísindaleg málefni stofnunarinnar, en hinn um fjármálalegan rekstur hennar. Athugasemdir stefnanda í máli þessu lúti ekki að því, að Jakob Magnússon gegni stöðu staðgengils forstjóra Hafrannsóknasofnunar. Athugasemdirnar beinist hins vegar að því, að í auglýsingu nr. 28/1992 sé notað orðið „aðstoðarforstjórar", sem verði ekki skilið á annan veg en þann, að báðir aðstoðarforstjórarnir séu staðgenglar forstöðumanns og með þeim hætti sviptir rétti til að taka þátt í verkföllum. Þess vegna telji stefnandi, að orðið „aðstoðarforstjóri" eigi að standa í stað orðsins „aðstoðarforstjórar".

Stefnandi telur sig bæran til þess að hafa uppi kröfu sem þessa, þó að vera kunni, að einungis annar aðstoðarforstjóri Hafrannsóknastofnunar sé félagsmaður í FÍN. Stefnandi hafi lögvarða hagsmuni af því að fá úrlausn Félagsdóms um þetta ágreiningsatriði.

Tryggingaeftirlitið skrifstofustjóri SLÍR

Stefnandi telur, að ekki séu fyrir hendi fullnægjandi staðfestingar á því, að skrifstofustjóri gegni í raun stöðu staðgengils forstjóra Tryggingaeftirlitsins þrátt fyrir bréflega yfirlýsingu forstjórans um það.

Skattstofur skrifstofustjórar SLÍR KVH

Stefnandi telur orðalag auglýsingarinnar ekki í samræmi við ákvæði 2. mgr. 29. gr. laga nr. 38/1954. Tilgreina beri þær skatt-

stofur þar sem skrifstofustjórar eru starfandi og séu í raun staðgenglar. Ekki geti komið til þess, að fleiri en einn skrifstofustjóri hjá hverri skattstofu sé staðgengill og þannig undanþeginn rétti til að taka þátt í verkföllum. Breyta beri orðalagi auglýsingarinnar til samræmis við þau viðhorf, sem rakin hafa verið.

Ríkistollstjóri	*skrifstofustjóri*
Tollstjórinn í Reykjavík	*skrifstofustjóri*
Tollgæslan í Reykjavík	*skrifstofustjóri*

Stefnandi telur, að ekki hafi verið sýnt fram á, að neinn gegni téðum stöðum, og því beri að fella þær út af listanum. Óheimilt sé að auglýsa ómannaðar stöður á lista samkvæmt 2. mgr. 29. gr. laga nr. 38/1954, og gildi þar einu, þó að uppi séu hugmyndir af hálfu stefnda um að skipa í stöðurnar síðar.

Málsástæður og rökstuðningur stefnda.

Frávísunarkröfu, að því er varðar Hafrannsóknastofnun, byggir stefndi á því, að einungis annar þeirra manna, sem í skránni er nefndur aðstoðarforstjóri, sé félagsmaður í einu þeirra félaga, sem er aðili að stefnu, þ.e. FÍN, og ekki sé dregið í efa af umboðsmanni stefnanda, að hann sé réttur staðgengill hafrannsóknastjóra, enda gegni hann því starfi nú. Hinn „aðstoðarforstjórinn" sé Vignir Einar Thoroddsen, kt. 180748-3699, og taki hann laun skv. ákvörðun fjármálaráðherra. Ekkert þeirra félaga, sem greint er meðal stefnanda í máli þessu, sé því í fyrirsvari fyrir þennan starfsmann, og eigi stefnendur því engra lögvarinna hagsmuna að gæta um verkfallsheimild í þessu samhengi. Engin réttarfarssök mælir með því, að stefnandi geti haft uppi þessa kröfu og er því mótmælt, að hann eigi lögvarða hagsmuni af því að fá úrskurð Félagsdóms um þetta ágreiningsefni. Augljóst sé, að vísa beri kröfu stefnanda að þessu leyti frá dómi, en til vara byggir stefndi á því, að á grundvelli aðildarskorts stefnenda beri að hafna kröfu um breytingu á skránni að þessu leyti.

Að því er varðar starfsheitin skrifstofustjórar á skattstofum, er bent á, að enginn þeirra þriggja, er hér eiga hlut að máli, eigi aðild að þeim félögum, sem stefna í málinu. Tveir taki laun skv. ákvörðun fjármálaráðherra, þeir Guðmundur Björnsson, skrifstofustjóri í Hafnarfirði, og Ingvar Rögnvaldsson, skrifstofustjóri í Reykjavík, en einn, Jón Dalmann Ármannsson, skrifstofustjóri á Akureyri, sé félagi í SFR. Skrifstofustjóri tollstjórans í Reykjavík taki laun skv.

ákvörðun fjármálaráðhera. Eigi hér við sömu rök og um aðstoðarforstjóra Hafrannsóknastofnunar.

Verði ekki á þessi sjónarmið stefnda fallist, er krafist sýknu á þeirri forsendu, að auglýsing þessara starfa sé í fullu samræmi við 3. mgr. 29. gr. 1. nr. 38/1954, sbr. 1. nr. 90/1986.

Af hálfu stefnda er því mótmælt, að skilyrði þess, að starfsmaður sé tekinn á skrá skv. 29. gr., sé, að ótvírætt sé, að stofnun sé sjálfstæð ríkisstofnun, að um sé að ræða stærri atvinnu- og þjónustufyrirtæki í eigu ríkisins og að ekki leiki vafi á, að viðkomandi starfsmaður gegni stöðu forstöðumanns eða staðgengils hans og að fyrir liggi hlutlæg staðfesting, svo sem í setningar- eða skipunarbréfi, eða að slíkt megi verða ljóst af launakjörum eða öðrum starfskjörum.

Stefndi telur ekkert réttlæta svo einstrengingslega túlkun á 5. - 7. tl. 29. gr. 1. nr. 90/1986, hvorki orðanna hljóðan né það, sem lesa má út úr greinargerð með lögunum, og ekki sýnast heldur efni til að draga svo afdráttarlausa ályktun af dómi Félagsdóms í málinu nr. 1/1990. Ákvæði 5. - 7. tl. gildandi laga nr. 90/1986 verði fyrst til með lögum nr. 31/1976 um breytingu á lögum nr. 38/1954. Í greinargerð með frumvarpi til laganna segi svo um þessa töluliði:

„Í 5., 6. og 7. tölulið er talað um forstöðumenn stjórnsýslustofnana, atvinnurekstrar- og þjónustufyrirtækja ríkisins og aðra er gegna embættum, sem verður öldungis til þeirra jafnað. Hins vegar er boðið, að skrá skuli gerð um þessa aðila ár hvert og leggja megi ágreining um þessi mál fyrir Félagsdóm. Hér myndi vera um frekar fámennan hóp að ræða, sem fer með húsbóndavald í umboði ríkisins yfir allfjölmennum hópi manna. Er gert ráð fyrir, að hópur þessi verði takmarkaður. Þannig myndu hvorki verslunarstjórar né skólastjórar almennra skóla falla undir hann."

Engin breyting hafi verið gerð á þessum töluliðum 29. gr. með lögum nr. 90/1986, en með frumvarpi að lögunum hafi verið á fylgiskjali I listi yfir forstöðumenn stofnana skv. 5. og 6. tl. 29. gr., og gefi hann nokkra vísbendinu um, hver hafi verið vilji löggjafans, að því er varðar stofnanir og starfsheiti þeirra, sem ekki hafi verið ætlast til, að mættu gera verkfall. Röksemdir umboðsmanns stefnanda í greinargerð beinist að einu leyti að því, að ekki sé um að ræða sjálfstæða ríkisstofnun, en að öðru leyti að því, að tilteknir starfsmenn séu ekki staðgenglar þeirra forstöðumanna, sem ekki leggja niður störf í verkfalli. Hvorki verði ráðið af orðalagi laganna

né lögskýringargögnum, að undirstofnanir ríkisstofnana falli utan við ákvæðin, þau taki beint til allra stjórnsýslustofnana, atvinnurekstrar- og þjónustufyrirtækja ríkisins. Að því er varði staðgengla forstöðumanna sé að sjálfsögðu oft hægt að taka af skarið um, hverjir þeir séu, ef fyrir liggi skipurit eða önnur sambærileg gögn, sem ekki sé hægt að vefengja. Fráleitt sé að krefjast þess, að slík gögn liggi fyrir í öllum tilvikum. Staðgengill forstöðumanns sé sá, sem í raun gegni starfi hans í forföllum, og sé að jafnaði ljóst á hverjum vinnustað, hvernig þessum málum sé skipað.

Varðandi einstaka kröfuliði stefnanda er eftirfarandi tekið fram af hálfu stefnda.

Tilraunastöðvar RALA tilraunastjórar.

Samkvæmt 29. gr. 1. nr. 64/1965 um rannsóknir í þágu atvinnuveganna sé Rannsóknastofnun landbúnaðarins sjálfstæð ríkisstofnun, en tilraunastöðvar séu undirstofnanir innan RALA og falli sem slíkar undir stjórnsýslustofnanir ríkisins. Tilraunastjórar RALA hafi frá upphafi verið á skrá um starfsmenn stofnana, sem óheimilt hafi verið að gera verkfall skv. 5. og 6. tl. 29. gr. 1. nr. 38/1954, sbr. 1. nr. 90/1986. Í stefnu vegna þessa lista 1990 hafi verið gerð sama krafa, en stefnandi hafi fallið frá henni, og skýrist það væntanlega af bréfi FÍN til forstjóra RALA, dags. 31. mars 1987.

Engar breytingar hafi orðið á stöðu þessara stofnana í stjórnsýslukerfinu frá þessum tíma, og engin rök séu færð fram, sem réttlæti, að störf þessi séu nú felld af skrá. Neikvæð skilgreining í greinargerð með lögum nr. 31/1976, sem vitnað er til að framan, styðji einnig það sjónarmið, að þessar stofnair og starfsmenn þeirra séu réttilega taldir falla undir 5. tl. 29. gr. Þessi störf verði að vinna í verkfalli, og séu þau ekki talin eiga heima í þessari upptalningu, ættu þau skilyrðislaust að vera á skrá skv. 19. gr. laga nr. 94/1986.

Hafrannsóknastofnun aðstoðarforstjórar.

Samkvæmt 13. gr. laga nr. 64/1965 um rannsóknir í þágu atvinnuveganna skipi stjávarútvegsráðherra forstjóra Hafrannsóknastofnunar og einnig tvo aðstoðarforstjóra. Í 14. gr. segi, að annar aðstoðarforstjórinn skuli vera forstjóra til aðstoðar um vísindaleg málefni stofnunarinnar, en hinn um fjármálalegan rekstur. Önnur dæmi séu um, að staðgenglar séu fleiri en einn, t.d. hjá Póst- og símamálastofnun, ríkisspítölum og RARIK. Í ákvæðum 5. - 6. tl. 29. gr. sé ekkert, sem mæli gegn því, að staðgenglar forstöðu-

manna ríkisstofnana geti verið fleiri en einn, og verði ekki betur séð en að í þessu tilviki sé beinlínis lögboðið, að svo skuli vera.

Um frávísunarkröfu eða eftir atvikum sýknu vegna aðildarskorts er vísað til þess, sem áður segir.

Tryggingaeftirlit skrifstofustjóri.

Í bréfi Tryggingaeftirlitsins til launaskrifstofu ríkisins, dags. 25. apríl 1990, sé skýrt frá því, hver gegni starfi staðgengils forstöðumanns í raun og hvernig sú skipan mála hafi þróast. Ekki sé hægt að ætlast til, að sönnur séu færðar á staðgengilshlutverk með öðrum eða skýrari hætti.

Skattstofur skrifstofustjórar.

Skrifstofustjórar skattstjóranna í Reykjavík, Norðurlandsumdæmi eystra og Reykjanesumdæmi séu samkvæmt skipuriti staðgenglar skattstjóranna. Skrifstofustjórar séu ekki á öðrum skattstofum, og ætti því ágreiningur um þetta að vera úr sögunni.

Um frávísunarkröfu eða eftir atvikum sýknu vegna aðildarskorts er vísað til þess, sem áður sagði.

Ríkistollstjóri skrifstofustjóri.

Af dskj. 7 og 8, sem stefnandi hafi lagt fram, sjáist, að nú sé enginn skrifstofustjóri við embætti ríkistollstjóra. Það ástand sé aðeins til bráðabirgða, og er kröfu stefnanda um, að þetta staðgengilsstarf sé fellt út af skránni, af þessum ástæðum mótmælt. Augljóst sé, að þegar skrifstofustjóri verði skipaður, verði hann staðgengill ríkistollstjóra.

Tollstjórinn í Reykjavík skrifstofustjóri.

Þessu starfi gegni Sigvaldi Friðgeirsson lögfræðingur, sbr. framlagt bréf fjármálaráðuneytis, dags. 28. apríl 1992.

Um frávísunarkröfu eða eftir atvikum sýknu vegna aðildarskorts er vísað til þess, sem áður greinir.

Tollgæslan í Reykjavík skrifstofustjóri.

Kröfu um, að felldur sé út af skránni skrifstofustjóri við tollgæsluna í Reykjavík, er ekki mótmælt, þar sem tollgæslustjóri hafi ekki lengur neinn formlegan staðgengil.

Niðurstaða.

Eins og að framan hefur verið rakið, beinist frávísunarkrafa stefnda að starfsheitunum:

1. Aðstoðarforstjórar við Hafrannsóknastofnun.
2. Skrifstofustjórar við skattstofur.

3. Skrifstofustjóri tollstjórans í Reykjavík.

Um 1.

Upplýst er, að hjá Hafrannsóknastofnun eru tveir aðstoðarforstjórar og að annar er félagsmaður í FÍN, en hinn tekur laun samkvæmt ákvörðun fjármálaráðherra.

Stefnandi á lögvarða hagsmuni af því að fá úr því skorið, hvort tilgreining þessara starfsheita í auglýsingu nr. 28/1992 er í samræmi við lög, og verður því ekki á frávísunarkröfu stefnda fallist.

Um 2.

Í málinu er komið fram, að skrifstofustjórar eru við þrjár skattstofur, og rök leidd að því, að við skattstofuna í Reykjavík starfi þrír skrifstofustjórar. Jafnframt gefa gögn málsins til kynna, að við a.m.k. tvær skattstofur beri þeir starfsmenn, sem næst standa forstöumanni, annað embættisheiti en tilgreint er í auglýsingunni.

Með vísan til þess, sem segir um lið 1, er ekki á frávísunarkröfu stefnda fallist.

Um 3.

Hjá tollstjóranum í Reykjavík starfar skrifstofustjóri, sem tekur laun samkvæmt ákvörðun fjármálaráðherra.

Með vísan til þess, sem segir um lið 1 og 2, er ekki á frávísunarkröfu stefnda fallist.

Verður því fjallað efnislega um starfsheiti þessi hér á eftir.

Með lögum nr. 94/1986 var lögfest sú meginregla, að þeim starfsmönnum ríkisins, sem lög nr. 38/1954 taka til, sé heimilt að gera verkfall með þeim takmörkunum einum, sem tilteknar eru í lögum. Af því leiðir, að ákvæði um undantekningar frá þessari meginreglu lúta þrengjandi lögskýringu.

Enda þótt andmæli hafi ekki komið fram við birtingu auglýsingar nr. 42/1988, er ekki þar með girt fyrir það, að stefnendur geti nú borið fram andmæli vegna starfsmanna, sem þar voru teknir á lista og eru enn á núgildandi lista, enda eru í 29. gr. laga nr. 38/1954, sbr. 1. gr. laga nr. 90/1986 og 2. gr. laga nr. 45/1991, ekki ákvæði um takmörkun á andmælarétti gagnvart gildandi lista.

Þar sem undantekningar frá meginreglunni um þátttöku í verkfalli lúta þrengjandi lögskýringu, verður tilgreining á lista samkvæmt 3. mgr. 29. gr. að vera nákvæm og ótvíræð, þannig að ekki sé réttmætur vafi á um, við hvern er átt.

Í skilningi 29. gr. laga nr. 38/1954 verður hugtakið staðgengill

skilið svo, að um sé að ræða mann, sem taki við hlutverki yfirmanns í fjarvistum hans, og að því hlutverki verði ekki skipt milli fleiri starfsmanna, þótt þeir beri sama starfsheiti. Til að um staðgengil geti verið að ræða, þarf starfsmanni almennt að vera falið slíkt hlutverk með formlegum hætti eða ótvírætt, að í starfi viðkomandi felist, að hann sé staðgengill forstöðumanns.

Verður nú fjallað um einstakar stofnanir.

Tilraunastöðvar RALA tilraunastjórar.

Samkvæmt 37. gr. laga nr. 64/1965, sbr. lög nr. 107/1974 hefur Rannsóknastofnun landbúnaðarins umráð yfir þeim tilraunastöðvum á sviði landbúnaðar, sem eru í eigu ríkisins. Teljast tilraunastöðvar RALA því hvorki vera stjórnsýslustofnanir ríkisins, sem falla undir 5. tl., né atvinnurekstrar- eða þjónustufyrirtæki ríkisins, sem falla undir 6. tl. 2. mgr. 29. gr. laga nr. 38/1954. Ber því að fella starfsheiti þessi út af skrá í auglýsingu nr. 28/1992.

Hafrannsóknastofnun aðstoðarforstjórar.

Í málinu er upplýst, að tveir aðstoðarforstjórar starfa hjá Hafrannsóknastofnun. Tilgreining í auglýsingu er því of víðtæk og ber að fella tilgreininguna af skrá í auglýsingu nr. 28/1992.

Tryggingaeftirlitið skrifstofustjóri.

Stefndi hefur ekki sannað, að skrifstofustjóri hjá Tryggingaeftirlitinu sé staðgengill forstöðumanns, og ber því að fella starfsheitið af skrá í auglýsingu nr. 28/1992.

Skattstofur skrifstofustjórar.

Skrifstofustjórar eru við þrjár skattstofur og rök leidd að því, að við skattstofuna í Reykjavík starfi þrír skrifstofustjórar. Gögn málsins gefa til kynna, að við a.m.k. tvær skattstofur beri þeir starfsmenn, sem næst standa forstöðumanni, annað embættisheiti en tilgreint er í auglýsingu nr. 28/1992. Tilgreining í auglýsingunni er því bæði of víðtæk og ónákvæm, og ber því að fella starfsheitin út af skránni.

Ríkistollstjóri skrifstofustjóri.

Fram er komið, að nú er enginn skrifstofustjóri starfandi hjá ríkistollstjóra. Starfið hefur ekki verið setið síðan 1. október 1990, og ekki hefur komið fram, að gerðar hafi verið ráðstafanir til þess að ráða í starfið, svo sem með auglýsingu, eða hvort nú sé heimild til ráðningar í það. Ber því að fella þetta starfsheiti út af skrá í auglýsingu nr. 28/1992.

Tollstjórinn í Reykjavík skrifstofustjóri

Upplýst er, að skrifstofustjóri við tollstjóraembættið í Reykjavík er staðgengill tollstjóra og að starfi þessu gegni starfsmaður, sem ekki er í stéttarfélagi og taki laun samkvæmt ákvörðun fjármálaráðherra. Kröfu um að fella starfsheitið út af skrá í auglýsingu nr. 28/1992 er því hafnað.

Tollgæslan í Reykjavík skrifstofustjóri.

Stefndi hefur fallist á kröfu stefnanda, og ber þegar af þeirri ástæðu að fella starfsheitið út af skrá í auglýsingu nr. 28/1992.

Stefndi greiði stefnanda málskostnað, sem beri vexti eins og segir í dómsorði. Þegar litið er til virðisaukaskattskyldu málflutningsþóknunar, telst málskostnaðurinn hæfilega ákveðinn 125.000 kr.

Dómsorð:

Af skrá samkvæmt auglýsingu nr. 28/1992 skal fella eftirfarandi starfsheiti:

Tilraunastöðvar RALA	tilraunastjórar
Hafrannsóknastofnun	aðstoðarforstjórar
Tryggingaeftirlitið	skrifstofustjóri
Skattstofur	skrifstofustjórar
Ríkistollstjóri	skrifstofustjóri
Tollgæslan í Reykjavík	skrifstofustjóri

Stefndi, fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, greiði stefnanda, BHMR, kr. 125.000 í málskostnað, sem beri dráttarvexti samkvæmt vaxtalögum.

Fimmtudaginn 4. júní 1992.

Nr. 2/1992. **BHMR f.h.**
Félags háskólamenntaðra hjúkrunarfræðinga,
Félags íslenskra náttúrufræðinga,
Iðjuþjálfafélags Íslands,
Kjarafélags arkitekta,
Sálfræðingafélags Íslands,
Stéttarfélags íslenskra félagsráðgjafa,
Kjarafélags tæknifræðinga,
Meinatæknafélags Íslands,
Röntgentæknafélags Íslands,
Hjúkrunarfélags Íslands og
Séttarfélags verkfræðinga
(Viðar Már Matthíasson hrl.)
gegn
borgarstjóranum í Reykjavík f.h.
borgarstjórnar Reykjavíkur,
Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar,
Fóstrufélagi Íslands,
Ljósmæðrafélagi Íslands og
Sjúkraliðafélagi Íslands
(Magnús Óskarsson hrl.).

Verkfallsréttur. Opinberir starfsmenn.

Dómur Félagsdóms.

Mál þetta dæma Auður Þorbergsdóttir, Björn Helgason, Ingibjörg Benediktsdóttir, Freyr Ófeigsson og Þorsteinn A. Jónsson.

Málið, sem tekið var til dóms 29. maí sl., er höfðað með stefnu birtri 2. og 3. mars sl. og þingfestri 24. mars 1992.

Stefnendur eru stéttarfélög þau, sem tilgreind eru í heiti málsins, en Bandalag háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna, Lágmúla 7, Reykjavík, fer með málið í umboði þeirra fyrir dóminum.

Stefndu eru borgarstjórinn í Reykjavík f.h. borgarstjórnar Reykjavíkur, Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar, Fóstrufélag Íslands, Ljósmæðrafélag Íslands og Sjúkraliðafélag Íslands.

Stefnukröfur eru þessar:

Á hendur stefnda borgarstjórn Reykjavíkur;

1. Að viðurkennt verði með dómi Félagsdóms, að engar skrár um þá starfsmenn stefnda Reykjavíkurborgar eða þjónustu- og atvinnufyrirtækja hennar, sem kunna að falla undir 3.-6. tl. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna, séu í gildi.
2. Að viðurkennt verði með dómi Félagsdóms, að neðangreind skrá skuli gilda um þá starfsmenn stefnda Reykjavíkurborgar eða þjónustu og atvinnufyrirtækja hennar, sem óheimilt sé að fara í verkfall samkvæmt 3.-6. tl. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna:

Skrá skv. 3. tl. 1. mgr. 19. gr. l. nr. 94/1986;

Stofnun:	Deild:	Starfsmenn:
Borgarspítali Fossvogi	slysadeild	allir starfsmenn vegna móttöku bráðveikra sjúklinga. Endurkomu og gæsludeild lokað,
	gjörgæsludeild	allir starfsmenn vegna alvarlegra veikra. Gæsluskáli lokaður,
	skurðstofa, ein deild þ.m.t. svæfing	allir starfsmenn, auk þess starfsmenn vegna einnar bakvaktar,
	hjartadeild	allir starfsmenn,
	lyflækningadeild (ein deild)	allir starfsmenn,
	skurðlækningadeild A3	allir starfsmenn,
	skurðlækningadeild A4, alm. skurðlækningadeild vegna 15 rúma	hjúkrunarfræðingar (7) sjúkraliðar (6),
	geðdeild	allir starfsmenn,
	röntgendeild	allir starfsmenn starfa eins og á stórhátíðum,
	rannsóknardeild	meinatæknar, eins og á stórhátíðum,
	eldhús	allir starfsmenn,

	sími, aðalskipti-borð	allir starfsmenn,
	sótthreinsun	allir starfsmenn,
	tölvudeild	einn starfsmanður (1),
	sjúklingabókhald	tveir starfsmenn (2),
	húsvarsla	allir starfsmenn.
Grensásdeild	ein deild	allir starfsmenn.
Arnarholt		allir starfsmenn.
Hvítaband		allir starfsmenn, nema þeir, sem starfa á dagdeild.
Heilsuverndar-stöð	sjúkradeild	allir starfsmenn.
Slökkvistöð Reykjavíkur		Brunaverðir og varðstjórar samkvæmt varðskrá á stór-hátíðum til að sinna neyðarútköllum vegna slökkvistarfa og sjúkra-flutninga eingöngu.
Rafmagnsveita Reykjavíkur		kerfisstjóri (1) varðstjóri (1) vaktmenn (4) bústjóri á Úlfljótsvatni (1) fiskiræktarfulltrúi (1).
Vatnsveita Reykjavíkur		stöðvarstjóri (1).
Hitaveita Reykjavíkur	aðalstjórnstöð	vélfræðingar (8)
	dælustöð á Reykjum	einn starfsmaður á bakvakt
	innanhússþjónusta (bilanaþjónusta)	viðgerðarmenn (3)
	Nesjavalla-virkjun	stöðvarstjóri (1) vélfræðingur (1) aðstoðarmaður (1).
Reykjavíkurhöfn		yfirhafnsögumaður dagvakt vegna skipa-þjónustu í nóvember - apríl, vaktmenn (4).

Borgarverk-fræðingur		umsjónarmaður umferðarljósa (1) eignavarsla (1) dýrahirðir húsdýragarðs (1).
SKÝRR (Skýrsluvélar ríkisins og Reykjavíkurborgar)		yfirtölvarar (2) yfirkerfisforritarar (2) kerfisfræðingur í launakerfi (1) öryggisverðir (3).
Félagsmálastofnun		yfirmaður fjármála og rekstardeildar F.R. yfirmaður fjölskyldudeildar F.R. yfirmaður öldrunardeildar F.R.
Félagsmálastofnun, heimili og stofnanir aldraða	Álfagrandi 40	forstöðumaður
	Austurbrún 6	forstöðumaður
	Bólstaðarhlíð 43	forstöðumaður
	Droplaugarstaðir	allir starfsmenn
	Furugerði 1	forstöðumaður
	Hvassaleiti 58	forstöðumaður
	Langahlíð 3	forstöðumaður matráðsmaður (1)
	Norðurbrún 1	forstöðumaður
	Seljahlíð	allir starfsmenn
	Vesturgötu 7	forstöðumaður
	þjónustuíbúðir	
	Dalbraut 27	læknir í ½ starfi vaktstjóri (1).
Félagsmálastofnun, vegna barna og unglinga	Akurgerði 20	allir starfsmenn
	Álfaland 6	allir starfsmenn
	Hraunberg 15	allir starfsmenn
	Mánagata 25	allir starfsmenn

	Fjölskylduheimilið Ásvallagötu 14	forstöðumaður matráðsmaður (1)
	unglingaheimilið Búðargerði 9	forstöðumaður uppeldisfulltrúi (1).
Félagsmálastofnun, önnur heimili	Gistiskýlið Þingholtsstræti 25	allir starfsmenn
	Áfangastaður Amtmannsstíg 5A	allir starfsmenn
	Mæðraheimilið Sólvallagötu 10	forstöðumaður
	Fannarfell 2-12	húsvörður
	Írabakki 2-16	húsvörður
	Jórufell 2-12	húsvörður
	Skúlagata 64-80	húsvörður
	Unufell 44-46	húsvörður
	Yrsufell 1-15	húsvörður.
Borgarskrifstofur	skrifstofur borgarstjóra	starfsmenn (6).
Eignavarsla		forstöðumenn og staðgenglar þeirra sinni nauðsynlegustu eignavörslu, svo og húsverðir, sem búa á vinnustað.

Skrá samkvæmt 4.-6. tl. 1. mgr. 19. gr. l. 94/1986.

Starfsmenn:

Borgarstjóri,
borgarlögmaður,
borgarritari,
borgarverkfræðingur,
skrifstofustjóri Reykjavíkurborgar,
aðalféhirðir Borgarspítalans,
aðstoðarframkvæmdastjóri Borgarspítalans,

borgarbókavörður,
borgargjaldkeri,
borgarminjavörður,
deildarstjóri Vélamiðstöðvar sem staðgengill forstöðumanns,
forstjóri Innkaupastofnunar,
forstöðumaður byggingadeildar,
forstöðumaður Droplaugarstaða,
forstöðumaður fjármála- og stjórnunardeildar Reykjavíkurhafnar,
forstöðumaður íbúða aldraðra við Dalbraut,
forstöðumaður Kjarvalsstaða,
forstöðumaður launadeildar Borgarspítalans,
forstöðumaður rekstrar- og þjónustudeildar Reykjavíkurhafnar,
forstöðumaður Seljahlíðar,
forstöðumaður tæknideildar Borgarspítalans,
forstöðumaður Vélamiðstöðvar,
framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits,
framkvæmdastjóri stjórnunarsviðs SKÝRR,
garðyrkjustjóri,
hjúkrunarforstjóri Borgarspítalans,
skrifstofustjóri Borgarspítalans sem staðgengill fostöðumanns,
skrifstofustjóri Félagsmálastofnunar Reykjavíkurborgar sem staðgengill forstöðumanns,
skrifstofustjóri Gjaldheimtu sem staðgengill forstöðumanns,
skrifstofustjóri Hitaveitu Reykjavíkur sem staðgengill forstöðumanns,
skrifstofustjóri ISR sem staðgengill forstöðumanns,
skrifstofustjóri SVR sem staðgengill forstöðumanns,
skrifstofustjóri Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar,
skrifstofustjóri Vatnsveitu Reykjavíkur sem staðgengill forstöðumanns,
starfsmenn launadeildar Reykjavíkurborgar,
umsjónarmaður eldvarna Reykjavíkurborgar,
varaslökkviliðsstjóri Slökkviliðs Reykjavíkur.

3. Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt mati Félagsdóms, en stefnandi krefst þess, að við ákvörðun á fjárhæð málskostnaðar verði tekið tillit til skyldu hans til að greiða virðisaukaskatt á

þóknun til lögmanns hans. Jafnframt er þess krafist, að dæmt verði, að málskostnaður skuli bera dráttarvexti að liðnum 15 dögum frá dómsuppsögu í málinu.

Á hendur stefndu Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar, Fóstrufélagi Íslands, Ljósmæðrafélagi Íslands og Sjúkraliðafélagi Íslands eru gerðar þær kröfur, að þessum stefndu verði dæmt skylt að þola dóm í málinu um kröfur stefnanda.

Málskostnaðarkröfur eru ekki gerðar á hendur þessum stefndu.

Við þingfestingu málsins var því lýst yfir af hálfu annarra stefndu en borgarstjórnar Reykjavíkur, að þeir samþykktu kröfur stefnanda.

Undir rekstri málsins var sakarefni skipt á þann veg, að fyrst verður tekin afstaða til fyrsta liðar í kröfugerð stefnanda.

Við málflutning í þeim þætti málsins var af hálfu stefnanda gerð sams konar málskostnaðarkrafa og gerð var undir lið 3 í stefnu.

Stefndi krafðist sýknu af kröfum stefnanda.

Um aðild málsins var tekið fram í stefnu, að BHMR sé samtök stéttarfélaga háskólamenntaðra opinberra starfsmanna og höfði málið á grundvelli málsóknarumboða fyrir hönd ýmissa aðildarfélaga sinna, sem hafi félagsmenn í starfi hjá stefnda Reykjavíkurborg, en jafnframt fyrir hönd nokkurra annarra stéttarfélaga, sem ekki séu aðilar að BHMR, en hafi þó einnig veitt þeim samtökum sérstök málsóknarumboð til að fara með mál þetta. Stefnandi telur augljóst réttarfarshagræði af því að haga aðild máls með þessum hætti, enda liggi fyrir samþykki stefndu í því efni.

Stefnandi stefnir borgarstjórn Reykjavíkur, en ekki borgarsjóði, þrátt fyrir það að tíðkanlegt hafi verið að haga aðild með þeim hætti, þegar þetta tiltekna sveitarfélag á í hlut. Stefnandi telur, að hvorki 3. mgr. 10. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 né heldur samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 60/1985 með breytingum nr. 28/1988 gefi tilefni til að haga aðild málsins gagnvart stefnda með öðrum hætti en hér er gert. Þetta telur stefnandi samrýmast best 3. mgr. 3. gr. laga nr. 94/1986. Mál þetta varðar skrár um þá starfsmenn Reykjavíkurborgar, sem ekki er heimilt að taka þátt í verkfalli þrátt fyrir almenna verkfallsheimild. Starfsmenn þessir séu í þeim félögum, sem veitt hafa BHMR málsóknarumboð í málinu. Auk þess sé um að ræða starfsmenn, sem séu félagar í aðildarfélögum Bandalags starfsmanna ríkis

og bæja, BSRB, en BHMR hafi ekki málsóknarumboð vegna þeirra. Félög þessi hafi engu að síður brýna hagsmuni af úrslitum máls þessa. Þess vegna sé sú leið ein fær af hálfu stefnanda að stefna félögum þessum og gera um það kröfu, að þau verði dæmd til að þola niðurstöðu dóms í málinu. Með þessu sé uppfyllt það réttarfarsskilyrði, að öllum, sem eigi sakaraðild, sé gefinn kostur á að svara til saka í málinu.

Ágreiningur um málsefnið eigi að réttu lagi undir Félagsdóm skv. 2. mgr. 19. gr. l. nr. 94/1986.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Ágreiningur málsaðila er að mati stefnanda tvíþættur, þ.e. annars vegar er um það deilt, hvort Reykjavíkurborg hafi farið að í samræmi við fyrirmæli laga nr. 94/1986 við gerð og birtingu lista yfir þá, sem er óheimil þátttaka í verkföllum. Hins vegar sé svo að líkindum um það ágreiningur milli aðila, a.m.k. að hluta, hverjir eigi að vera á slíkum lista.

Stefnandi telur, að stefndi hafi ekki farið að lögum við gerð og birtingu listanna, og því séu engir listar í gildi um starfsmenn Reykjavíkurborgar, sem ekki mega taka þátt í verkfalli. Af þeim ástæðum gerir stefnandi kröfu til þess, að viðurkennt verði, að listi sá, sem hann gerir kröfu um, taki gildi, enda komi það í vegi fyrir mikla óvissa um það, hverjir megi sinna störfum sínum, komi til verkfalls.

Í 14. gr. laga nr. 94/1986 er almenn heimild til þeirra, sem eru félagar í stéttarfélögum, sem lögin taka til, að taka þátt í verkföllum til þess að vinna að framgangi krafna sinna í kjaradeilum. Frá þessari almennu reglu er vikið í 19. gr. laganna, en þar segir, að heimild til verkfalls samkvæmt 14. gr. nái ekki til eftirtalinna starfsmanna:

„...

3. Þeirra, sem starfa við nauðsynlegustu öryggisgæslu og heilbrigðisþjónustu.
4. Framkvæmdastjóra sveitarfélaga, borgar- og bæjarlögmanna, borgar- og bæjarritara, borgar- og bæjarverkfræðinga, skrifstofustjóra borgarstjórnar og starfsmanna launadeildar.
5. Forstöðumanna stærri atvinnu- og þjónustustofnana sveitarfélaga og staðgengla þeirra.
6. Annarra, sem gegna störfum, sem öldungis verður jafnað til þeirra starfa, sem getið er í 4. og 5. tl.“

Í 2. mgr. 19. gr. sé lagt fyrir fjármálaráðherra og sveitarfélög að undangengnu samráði við viðkomandi stéttarfélög að birta skrár um störf þau, sem falla undir ákvæði 3.- 6. tl. fyrri málsgreinar, fyrir 1. febrúar ár hvert. Stefndi hafi ekki haft hið lögboðna samráð sem fyrir er mælt um. Stefndi telur, að skylt sé að birta skrárnar í B-deild Stjórnartíðinda. Komi þetta skýrlega fram í greinargerð, sem fylgdi frumvarpi því, sem síðar varð að lögum nr. 94/1986. Þessi afstaða komi einnig fram með ótvíræðum hætti í dómi Félagsdóms frá 22. maí 1987 í máli nr. 3/1987. Enginn annar birtingarháttur sé bindandi í þeim skilningi, að viðkomandi starfsmenn gætu sætt viðurlögum samkvæmt 35. grein laganna fyrir að taka þátt í verkfalli, þótt þeir ættu vegna eðlis starfa sinna ekki að gera það.

Því er mótmælt af hálfu stefnanda, að stefndi fái ekki að birta umrædda lista í B-deild Stjórnartíðinda. Stefndi hafi ekki látið reyna á það til þrautar, hvort heimilt sé að synja honum um slíka birtingu. Þrátt fyrir það að orðalag 2. gr. laga nr. 64/1943 um birtingu laga og stjórnvaldserinda bendi til þess, að tilkynningar, sem hafa almennt gildi frá sveitarfélögum, eigi þar ekki inni, hafi í fjölmörgum lagaákvæðum verið mælt fyrir um, að ákvarðanir sveitarstjórna, sem almennt gildi hafa, einkum ef brot á þeim varði viðurlögum, skuli birtar í B-deild og einnig með óbeinni hætti. Fyrirmæli 19. gr. laga nr. 94/1986 séu ein tegund þessara fyrirmæla í lögum og allur vafi tekinn af um skýringu ákvæðisins í greinargerð. Beri stefnda því að birta lista þessa í B-deild Stjórnartíðinda. Önnur birting sé ólögmæt og ekki bindandi.

Málsástæður og rökstuðningur stefnda.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að sú dómkrafa stefnanda, sem hér er til úrlausnar, þýði, að skrár um starfsmenn borgarinnar í öðrum félögum en þeim, sem höfða þetta mál, séu ekki í gildi. Sé þá átt m.a. við langfjölmennasta félag borgarstarfsmanna, Starfsmannafélag Reykjavíkur, og þrjú önnur félög, Ljósmæðrafélag Íslands, Fóstrufélag Íslands og Sjúkraliðafélag Íslands. Enginn annar en Starfsmannafélag Reykjavíkur (St.Rv.), svo að það félag sé tekið sem dæmi, geti höfðað mál út af skrá yfir félagsmenn þess. Ágreiningur um gildi slíkrar skrár, sem raunar sé enginn, sbr. dskj. 8, gæti aldrei verið á milli annarra en St.Rv. og Reykjavíkurborgar. Það gangi ekki, að annað stéttarfélag stefni St.Rv. til að þola dóm þess efnis, að skrá um félagsmenn þess sé ekki í gildi. Aðildar-

skortur stefnanda að þessari kröfu leiði til sýknu, og þar sem taka verði kröfuna bókstaflega, eins og hún er fram sett, og engin varakrafa sé gerð um hluta þeirra skráa, sem um er að ræða, verði þegar af þessari ástæðu að sýkna stefnda af kröfu þessari í heild.

Efnisrök leiði einnig til þess, að sýkna beri stefnda af kröfum stefnanda í þessum þætti málsins.

Vegna þeirrar málsástæðu stefnanda, að ekki hafi verið haft lögbundið samráð við viðkomandi stéttarfélög, er eftirfarandi tekið fram:

Við gildistöku laga nr. 94/1986 hafi umræddar skrár eða verkfallslistar verið unnir í samráði við þau stéttarfélög, sem þá voru viðsemjendur Reykjavíkurborgar. Einkum hafi verið haft mikið samráð við Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar, sem þá var langstærsti viðsemjandi Reykjavíkurborgar. Þeir hlutar verkfallslista, sem að Borgarspítala snúa, hafi verið unnir í samráði og samvinnu við starfsfólk spítalans.

Eftir gildistöku laga nr. 94/1986 hafi viðsemjendum Reykjavíkurborgar fjölgað til mikilla muna. Einstakir starfshópar hafi gengið úr St.Rv. í önnur félög og öðlast með því sjálfstæðan samningsrétt við Reykjvíkurborg. Þetta hafi almennt ekki kallað fram breytt vinnubrögð af hálfu Reykjavíkurborgar, að því er gerð verkfallslistanna varðar. Eftir að frumstofnar listanna séu gerðir, hafi sú venja myndast, að á hverju ári séu síðast gildandi listar sendir stofnunum Reykjavíkurborgar og þær beðnar um að gera breytingartillögur. Að því búnu séu fram komnar tillögur metnar, og séu þær taldar nauðsynlegar, séu þær teknar til greina. Að svo komnu máli séu verkfallslistarnir sendir stéttarfélögunum til umsagnar. Við gerð síðustu lista hafi þeir verið sendir stofnunum Reykjavíkurborgar til umsagnar þann 14. nóvember 1991. Jafnframt var þess óskað, að breytingartillögum yrði komið til starfsmannahalds eigi síðar en 28. nóvember 1991. Þann 9. desember 1991 hafi stéttarfélögunum verið sendir verkfallslistarnir til umsagnar og þess óskað, að breytingartillögum yrði komið til starfsmannahalds Reykjavíkurborgar eigi síðar en 31. desember 1991. Engar efnislegar athugasemdir hafi borist frá stéttarfélögunum fyrir áramótin. Fljótlega upp úr áramótum hafi borist bréf frá tveimur stéttarfélögum, þ.e. Fóstrufélagi Íslands, ódags., og Röntgentæknafélagi Íslands, dags. 30. des. 1991. Röntgentæknafélag Íslands hafi gert tvær athugasemdir. Fyrri

athugasemd þess var sú, að ekkert samráð hefði verið haft við félagið við gerð umræddra verkfallslista. Í svari Reykjavíkurborgar hafi verið bent á, að við upphaflega gerð verkfallslista, sem komu til við gildistöku laga nr. 94/1986, hafi verið haft samráð við St.Rv., en röntgentæknar voru þá í því félagi. Viðsemjendum Reykjavíkurborgar hafi síðan á hverju ári verið sendir þessir listar og þeim boðið að gera efnislegar athugasemdir við þá. Seinni athugasemd Röntgentæknafélag Íslands hafi verið sú, að listi sá, er síðast var birtur fyrir ríkisstarfsmenn, væri töluvert frábrugðinn núverandi lista Reykjavíkurborgar, að því er félagsmenn Röntgentæknafélags Íslands varðaði. Svar borgarinnar hafi verið á þá leið, að hún væri sjálfstæður samningsaðili og að verkfallslistar fyrir ríkisstarfsmenn væru verkfallslistum hennar með öllu óviðkomandi. Fóstrufélag Íslands hafi í bréfi sínu viljað koma þeirri skoðun sinni á framfæri, að þeir aðilar, er fari með eignavörslu fyrir dagvist barna skv. 3. tl. 1. mgr. 19. gr. l. nr. 94/1986, séu ekki félagsmenn þess.

Fyrirhugað hafi verið að leggja verkfallslistana fyrir borgarráð til samþykktar 21. janúar 1992. Ekki gat orðið af því, þar sem formaður BSRB og formaður BHMR hafi óskað eftir fundi með borgarstjóra 20. janúar vegna þessara mála. Eftir þann fund hafi verið ákveðið að leggja verkfallslistana fyrir borgarráð næsta dag, þ.e. þann 21. janúar, en fresta afgreiðslu þeirra til 28. janúar. Þennan frest hafi stéttarfélögin ætlað að nota til að gera athugasemdir við lista Reykjavíkurborgar eða semja nýja. Þessar athugasemdir hafi hins vegar ekki borist fyrr en um hádegisbil 27. janúar 1992. Ógerlegt hafi verið fyrir borgina að leggja nokkurt efnislegt mat á þann lista, þar sem nauðsynlegt hafi verið, birtingarinnar vegna, að ljúka afgreiðslu listanna í borgarráði næsta dag, þ.e. þann 28. janúar. Brýn nauðsyn hafi verið að hafa samband við borgarstofnanir vegna hugsanlegra breytinga á þessum listum. Sá tími hafi ekki verið fyrir hendi. Auk þess hafi verið óhægt um vik, að því er Borgarspítalann varðaði, þar sem viðræður vegna hugsanlegrar sameiningar Borgarspítalans og Landakots hafi staðið sem hæst. Umrædda lista skuli birta fyrir 1. febrúar ár hvert, sbr. 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986.

Stéttarfélögin hafi mótmælt verkfallslistum Reykjavíkurborgar seinni hluta janúarmánaðar, þ.e. Sálfræðingafélag Íslands þann 17.

janúar 1992, en Starfsmannafélag Reykjavíkur, Fóstrufélag Íslands og Sjúkraliðafélag Íslands þann 27. janúar 1992. Hins vegar hafi andmæli FHH og HFÍ ekki borist fyrr en 31. janúar 1992.

Sálfræðingafélag Íslands hafi mótmælt listum borgarinnar, þar sem samráð hafi ekki verið haft, en jafnframt bæri að birta umrædda lista í B-deild Stjórnartíðinda. Hin félögin hafi sent sams konar mótmæli, en jafnframt hafi þau látið fylgja nýjan verkfallslista, sem unninn hafi verið sameiginlega af þeim stéttarfélögum, sem standa að þessu dómsmáli.

Borgarráð hafi samþykkt þá lista, sem lagðir voru fram 21. janúar, á næsta fundi sínum 28. janúar sl., og hafi þeir verið formlega birtir viðkomandi félögum með bréfi næsta dag, þ. á m. öllum þeim félögum, sem eiga hlut að máli.

Stefnandi telji, að ekki hafi verið haft samráð við stéttarfélögin um gerð umræddra skráa eða verkfallslista, og eigi það m.a. að varða ógildingu listanna. Stefnanda hafi láðst að geta þess, að hvaða leyti samráðinu hafi verið áfátt, og lýsa því, hvernig hann telji það hafa átt að vera. Samkvæmt fram lögðu áliti umboðsmanns Alþingis sé hafið yfir allan vafa, að borgarstjórn Reykjavíkur hafi af sinni hálfu fullnægt öllum lagaskilyrðum um samráð. Stéttarfélögin hafi brugðist skyldu sinni til að nýta þann tíma, sem þeim var gefinn og þurfti til frekara samráðs. Þessa vanrækslu sína geti félögin ekki notað til að krefjast ógildingar margnefndra lista.

Síðari málsástæða stefnanda er sú, að skrár þær, sem hér um ræðir, hafi ekki verið birtar í B-deild Stjórnartíðinda. Sama sé, hvernig 19. gr. laga nr. 94/1986 sé lesin, þar standi ekkert um B-deild Stjórnartíðinda. Hins vegar séu í gildi lög um birtingu laga og stjórnvaldaerinda nr. 64/1943 og í 2. gr. þeirra sé nákvæmlega lýst því, sem birta á í B-deild Stjórnartíðinda. Þar sé ekki að finna heimild til að birta ákvarðanir sveitarstjórna, sem ekki hafi hlotið staðfestingu ráðherra. Þessu ákvæði verði ekki breytt með „samkomulagi" einhverra aðila utan Alþingis, og gildi einu, þótt sú athugasemd fylgi lagafrumvarpi, að slíkt samkomulag hafi tekist. Þrátt fyrir þetta hafi verið látið á það reyna, hvort verkfallslistarnir fengjust birtir, en því hafi verið hafnað með vísan til 2. gr. laga nr. 64/1943, sbr. bréf dómsmálaráðuneytisins, dags. 18. mars 1992. Þar sem lög nr. 94/1986 mæli ekki fyrir um birtingu verkfallslista í Stjórnartíðindum og lög nr. 64/1943 komi í veg fyrir birtingu

slíkra lista sveitarfélaga í þeim, liggi í augum uppi, að haga varð birtingu með öðrum hætti. Hafi listarnir því verið birtir öllum þeim félögum, sem hlut áttu að máli, með sendingu í ábyrgðarpósti. Liggi fyrir viðurkenning félaganna á móttöku þeirra. Sé því rangt það, sem í stefnu segir, að borgarstjórn Reykjavíkur hafi látið við það sitja að fá listana samþykkta í borgarráði.

Þegar framkvæma þurfi lög, sem ekki eru skýr eða afgerandi, skipti höfuðmáli að fara sem næst tilgangi þeirra og beita við það heilbrigðri skynsemi. Tilgangur þess að birta verkfallslista sé að koma vitneskju um þá, sem á þessum listum eru, á framfæri við þá, sem verkfallsréttinn hafa. Þetta séu ekki stjórnvaldsfyrirmæli, sem varði almenning í landinu eða hafi „almenna þýðingu", sbr. orðalag 2. gr. laga nr. 64/1943. Orðið „birting" segi ekkert um það, hve mörgum skuli birta (sbr. stefnubirting), og ef það, sem birta skal, eigi ekki erindi til allra, liggi í augum uppi að birta það þeim, sem málið varðar. Verkfallsréttur sé í höndum félaga opinberra starfsmanna. Það fari saman við tilgang laganna um kjarasamninga opinberra starfsmanna og heilbrigða skynsemi að birta þá verkfallslista, sem ekki megi birta í Stjórnartíðindum, þeim stéttarfélögum, sem fara með samnings- og verkfallsaðild félagsmanna sinna gagnvart sveitarfélögum.

Fráleit sé sú krafa stefnanda, að engir listar séu í gildi, að jafnvel þótt dæmt yrði, að listar ársins 1992 væru ekki í gildi, þá væru bara aðrir listar í gildi, þ.e.a.s. listar ársins 1991. Stéttarfélögin hafi fyrir löngu glatað rétti til að krefjast ógildingar verkfallslista fyrri ára, og ef eitthvað yrði talið athugavert við birtingu lista þessa árs, þá framlengdust einungis listar ársins 1991 um eitt ár skv. ótvíræðu ákvæði 2. mgr. 19. gr. Það ákvæði skeri úr um þann vilja löggjafans, að ávallt skuli vera í gildi þær skrár, sem þar greinir. Krafa stefnanda í þessu máli gangi þvert á þann vilja.

Með vísan til alls þessa, sem hér hefur verið rakið, beri að sýkna stefnda borgarstjórn Reykjavíkur.

Niðurstaða.

Þrátt fyrir það að ekki standi öll þau stéttarfélög að málsókn þessari, sem eiga félagsmenn á þeim skrám, sem samþykktar voru í borgarráði 28. janúar 1992, þá leiðir það ekki til sýknu þar sem þeim stéttarfélögum, sem hagsmuni hafa af niðurstöðu málsins og ekki standa að málsókninni, hefur verið stefnt til að þola dóm í

málinu. Mætt var af hálfu félaganna við þingfestingu málsins og kröfur stefnanda samþykktar.

Gegn andmælum af hálfu stefnanda verður ekki byggt á þeirri málsástæðu stefnda, borgarstjórnar Reykjajvíkur, sem fyrst var sett fram við munnlegan málflutning, að lögmaður hinna stefndu stéttarfélaga hefði ekki haft umboð til þess að mæta fyrir stefnda, Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar.

Samkvæmt 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 skulu fjármálaráðherra og sveitarfélög fyrir 1. febrúar ár hvert að undangengnu samráði við viðkomandi stéttarfélög birta skrár um störf þau, sem falla undir ákvæði 3.-6. tl. 1. mgr. sömu laga.

Með bréfi, dags. 9. desember 1991, sendi Reykjavíkurborg þeim stéttarfélögum, sem hagsmuna eiga að gæta, til umsagnar skrár um starfsheiti þeirra starfsmanna, sem óheimilt er að gera verkfall skv. 3.-6. tl. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986, og var þess óskað, að athugasemdum yrði komið á framfæri við Reykjavíkurborg fyrir 31. desember sama ár. Af hálfu stefnanda hafa ekki verið færð rök að fullyrðingum, að bréf þetta hafi ekki borist stéttarfélögunum fyrr en í janúar 1992. Verður því við að miða, að bréfin hafi borist fljótlega eftir 9. des. 1991.

Óumdeilt er, að í byrjun janúar hafi borist athugasemdir frá tveimur stéttarfélögum, þ.e. Fóstrufélagi Íslands og Röntgentæknafélagi Íslands, og að athugasemdum þessara félaga hafi verið svarað. Þann 17. janúar hafi birst athugasemdir frá Sálfræðingafélagi Íslands og efnislegar athugasemd frá öðrum félögum um hádegi 27. janúar 1992 og síðar.

Í 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 er ekki tekið fram, hvers eðlis umrætt samráð skuli vera. Telja verður það samræmast tilvitnuðu ákvæði, að stéttarfélögum séu sendar tillögur að skrám með hæfilegum fyrirvara og óskað eftir athugasemdum. Geri stéttarfélag athugasemdir við skrá, beri aðilum að eiga viðræður og leita samkomulags.

Dómurinn lítur svo á, að stefndi borgarstjórn Reykjavíkur hafi gefið stéttarfélögunum nægjanlegan tíma til þess að gera athugasemdir við skrár þær, sem borgarstjórn hugðist gefa út samkvæmt 3.-6. tl. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986. Þegar til þess er litið að almennt bárust ekki efnislegar athugasemdir frá stéttarfélögum við skrárnar fyrr en 27. janúar 1992, getur stefnandi ekki byggt á því, að lögboðið samráð hafi ekki átt sér stað.

Samkvæmt 2. mgr. 19. gr. tilvitnaðra laga skal sá, sem gefur út skrá samkvæmt greininni, birta hana fyrir 1. febrúar, og er birting skilyrði fyrir því, að skrá taki gildi. Telja verður, að með birtingu í 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 sé átt við opinbera birtingu, enda þótt ekki sé kveðið á um birtingu í B-deild Stjórnartíðinda, sbr. 2. gr. laga nr. 64/1943.

Skrár stefnda um þá, sem ekki er heimilt að gera verkfall samkvæmt 3.-6. tl. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986, voru samþykktar í borgarráði 28. janúar 1992, og með bréfi starfsmannastjóra Reykjavíkurborgar, dags. 29. janúar 1992, voru skrárnar sendar viðkomandi séttarfélögum „til birtingar skv. 2. mgr. 19. gr. l. nr. 94/1986", eins og segir í bréfinu. Annars konar birtingu hefur stefndi ekki annast.

Samkvæmt framansögðu hefur stefndi ekki birt skrár samkvæmt 3.-6. tl. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 opinberlega, og þegar af þeirri ástæðu er fallist á þá kröfu stefnanda, að viðurkenna, að engar skrár um þá starfsmenn stefnda, Reykjavíkurborgar eða þjónustu- og atvinnufyrirtækja hennar, sem kunna að falla undir 3.-6. tl. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna, séu í gildi.

Málskostnaður verður ekki dæmdur í þessum þætti málsins.

Dómsorð:

Engar skrár um þá starfsmenn Reykjavíkurborgar eða þjónustu- og atvinnufyrirtækja hennar, sem kunna að falla undir 3.-6. tl. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna, eru í gildi.

Málskostnaður fellur niður.

Sératkvæði
Ingibjargar Benediktsdóttur.

Ég er samþykk framangreindri niðurstöðu og forsendum hennar að öðru leyti en því, að í stað setningarinnar: „Telja verður, að með birtingu ....." og að næstu greinaskilum komi eftirfarandi málsgrein: „Ég tel, að birta beri skrár samkvæmt 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 í B-deild Stjórnartíðinda, sbr. athugasemd um 19. gr. lagafrumvarpsins. Ákvæðið er sérákvæði um birtingu, en birting

framgangreindra skráa fellur ekki undir almenna ákvæðið um birtingu skv. 2. gr. laga nr. 64/1943.

Stefndi hefur ekki sýnt fram á, svo að öyggjandi sé, að skrárnar hafi ekki fengist birtar í B-deild Stjórnartíðinda."

Sératkvæði
Björns Helgasonar og Freys Ófeigssonar.

Telja verður, að með birtingu samkvæmt 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 hafi verið átt við birtingu í B-deild Stjórnartíðinda.

Í máli þessu þykir stefndi hafa leitt nægjanlega í ljós, að umræddar skrár hefðu ekki fengist birtar í B-deild Stjórnartíðinda.

Með hliðsjón af framkvæmd umræddrar lagagreinar frá gildistöku hennar telst birting sú, sem fram fór af hálfu stefndu borgarstjórnar Reykjavíkur nægjanleg. Ber því að sýkna stefnda af kröfum stefnanda og fella niður málskostnað í þessum þætti málsins.

Mánudaginn 22. júní 1992.

Nr. 6/1992. **Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar**
(Ragnar Halldór Hall hrl.)
gegn
Reykjavíkurborg
(Magnús Óskarsson hrl.).

Frávísun. Sératkvæði.

Dómur Félagsdóms.

Mál þetta dæma Garðar Gíslason, Björn Helgason, Ingibjörg Benediktsdóttir, Freyr Ófeigsson og Eiríkur Helgason.

Málið, sem tekið var til dóms eða úrskurðar 12. þ.m., um fram komna frávísunarkröfu, er höfðað með stefnu birtri 8. maí sl.

Stefnandi er Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar, Grettisgötu 89, Reykjavík.

Stefndi er Reykjavíkurborg, Ráðhúsi Reykjavíkur.

Dómkröfur stefnanda eru, að viðurkennt verði, að sjúkraþjálfarar, sem eru félagar stefnanda og starfa á Borgarspítalanum, þ.m.t. yfirsjúkraþjálfari, fullnægi dagvinnuskyldu sinni með því að vinna 37,5 vinnustundir á viku og að uppsögn stefnda á þessu kjaraatriði 25. mars 1992 verði dæmd ólögmæt.

Þá krefst stefnandi og málskostnaðar úr hendi stefnda.

Stefndi krefst þess aðallega, að málinu verði vísað frá dómi. Til vara krefst hann sýknu af kröfum stefnanda. Hann krefst og málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati dómsins.

Í þessum þætti málsins er þess krafist af hálfu stefnanda, að frávísunarkröfunni verði hrundið og að stefnda verði gert að greiða málskostnað.

I.

Stefnandi kveður málavexti vera þá, að stefndi reki Borgarspítalann í Reykjavík. Meðal starfsmanna þar séu sjúkraþjálfarar, og séu þeir félagsmenn í Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar. Málsaðilar hafi gert með sér kjarasamning 13. febrúar 1990, og hafi gildistími hans átt að vera frá 1. febrúar 1990 til 31. ágúst 1991. Nýr kjarasamningur hafi þó ekki enn verið gerður, og því sé enn farið eftir þessum kjarasamningi, sbr. 2. mgr. 12. gr. laga nr. 94/1986. Kjarasamningurinn sé að stofni til frá 4. apríl 1987, en verið framlengdur með tilteknum breytingum síðan með sérstökum samningum, síðast 13. febrúar 1990.

Stefnandi kveður þá venju hafa gilt um langt árabil, að ýmsir starfsmenn Borgarspítalans hafi uppfyllt dagvinnuskyldu með því að skila 37,5 dagvinnustundum á viku. Sú venja hafi m.a. náð til starfsmanna á röntgendeild og til sjúkraþjálfara. Stefndi hafi með bréfum, sem send voru til stefnanda og til sérhvers viðkomandi starfsmanna, dags. 25.03.1992, tilkynnt þeim, að vikulegur dagvinnutími þeirra miðað við fullt starf sé 40 stundir samkvæmt kjarasamningi aðila, og beri því ekki að greiða þeim yfirvinnukaup, fyrr en þeim dagvinnustundafjölda hafi verið skilað að fullu. Síðan segi í þessum tilkynningum:

„Hafi verið um aðra framkvæmd að ræða en að ofan greinir, er henni hér með sagt upp með þriggja mánaða fyrirvara, og miðast upphaf uppsagnarfrests við 1. apríl 1992."

Sjúkraþjálfarar, sem starfa á Borgarspítalanum, hafi um árabil

gert grein fyrir vinnu sinni á sérstökum eyðublöðum, sem merkt séu spítalanum. Þar komi skýrt fram, hve lengi viðkomandi starfsmaður hafi unnið hvern dag, og hafi vinnustundafjöldi orðið meiri en 7,5 stundir á tilteknum degi, hafi þess verið getið á skýrslunni sem yfirvinna. Þessar vinnuskýrslur séu yfirfarnar og áritaðar af yfirsjúkraþjálfara og síðan framsendar til launadeildar. Þar hafi launauppgjör farið fram á grundvelli slíkra vinnuskýrslna án athugasemda í fjölmörg ár.

Sjúkraþjálfarar á Borgarspítalanum hafi ekki viljað una þeirri uppsögn, sem að framan greinir, og óskað eftir því, að Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar léti á það reyna fyrir Félagsdómi, hvort stefnanda væri stætt á því að segja upp þessum hluta umsaminna kjara þeirra með einfaldri tilkynningu.

Málsástæður og lagarök: Af hálfu stefnanda eru kröfur á því reistar, að leysa beri úr ágreiningi um dagvinnuskyldu þeirra félagsmanna stefnanda, sem eru sjúkraþjálfarar og starfa á Borgarspítalanum, á grundvelli kjarasamnings málsaðila. Þótt kjarasamningi þeirra frá 13. febrúar 1990 hafi verið sagt upp og hann samkvæmt efni sínu aðeins átt að gilda til 31. ágúst 1991, beri að fara eftir þeim samningi, uns nýr eða nýir verði gerðir, sbr. 12. gr. laga nr. 94/1986. Af því leiði, að stefndi geti ekki einhliða sagt tilteknum hluta samningsins upp, heldur verði hann eingöngu leystur af hólmi með nýjum samningi eða samningum.

Stefnandi bendir á, að um vinnutíma séu ákvæði í 2. kafla kjarasamningsins. Þar segi í grein 2.1.1.:

„Vinnuvika starfsmanns í fullu starfi skal vera 40 stundir, nema um skemmri vinnutíma sé sérstaklega samið. ...“

Stefnandi telur, að í reynd hafi verið um samið með venjubundinni framkvæmd þessa ákvæðis, að sjúkraþjálfarar við Borgarspítalann uppfylli dagvinnuskyldu sína með því að vinna 37,5 stundir á viku. Allt frá því að sjúkraþjálfarar komu fyrst til starfa hér á landi, fyrst á Landspítalanum og síðar á Borgarspítalanum, hafi þeim, sem réðu sig til slíkra starfa, verið gerð grein fyrir því, að dagvinnuskyldu sína leystu þeir með skemmri vinnutíma en gert sé ráð fyrir sem meginreglu í aðalkjarasamningi. Þetta komi einnig fram í starfslýsingum fyrir þessi störf.

Upphaflega hafi vinnustundafjöldi sjúkraþjálfara á sjúkrahúsum, bæði hjá stefnda og ríkisvaldinu, verið 36 stundir á viku, en síðar,

líklega í tengslum við gerð kjarasamninga á árinu 1974, hafi vinnuveitendur, þ.e. stefndi og ríkisvaldið, knúið fram breytingu á þessu og þá verið samið um 37,5 vinnustundir á viku. Bendir stefnandi á það í þessu sambandi, að viðsemjendurnir hafi þá ekki séð ástæðu til að setja um þetta atriði sérákvæði í kjarasamning aðila, þótt viðræðurnar um þessa breyttu tilhögun hafi þá farið fram við það félag, sem kom fram fyrir hönd sjúkraþjálfaranna við samningsgerðina. Að minnsta kosti hafi viðsemjendurnir á þeim tíma talið, að þetta væri ekki atriði, sem þeir ættu að ráða fram úr einhliða, heldur yrðu þeir að semja um það, um leið og samið væri um kaup og önnur starfskjör þessara launþega.

Í samræmi við þessa venju hafi öll vinna sjúkraþjálfara umfram 37,5 stundir á viku allt frá árinu 1974 verið greidd með yfirvinnukaupi. Ekki hafi verið hróflað við þessari venju við endurnýjun kjarasamninga síðan, heldur hafi ávallt verið gengið út frá tilvist hennar við gerð kjarasamninga. Stefnandi vekur sérstaklega athygli á því, að þessari venju hafi ekki eingöngu verið fylgt á þeim sjúkrahúsum, sem ríkisspítalar reka. Telur stefnandi augljóst, að tilvist venju þessasrar hafi haft áhrif á það, hvernig samist hefur um kaup og kjör hjá þessum félagsmönnum hans þann tíma, sem venja þessi hefur verið við lýði.

Stefnandi heldur því fram, að ekki sé skilyrði slíks fráviks frá vinnutímaákvæði aðalkjarasamnings, að gerður sé skriflegur samningur. Telur stefnandi áralanga og óumdeilanlega framkvæmd við launauppgjör sýna, svo að ekki verði um villst, að stefndi hefur ekki talið þörf á því heldur. Umræddir starfsmenn hafi því mátt líta svo á, að venja þessi væri hluti kjarasamnings þeirra.

Stefnandi byggir einnig á því sem sjálfstæðri málsástæðu - verði ekki fallist á kröfur stefnanda á grundvelli þeirrar venju, sem skapast hefur um framkvæmd kjarasamningsins, - að með þeirri framkvæmd, sem verið hefur á launauppgjöri við þá félagsmenn stefnanda, sem málsókn þessi varðar, hafi orðið til sjálfstæður samningur eða samningsígildi, sem skoða beri sem hluta af kjarasamningi aðila. Rökstuðningur fyrir þessari málsástæðu sé hinn sami og hinni fyrri málsástæðu, og hvor þeirra um sig eigi að leiða til hinnar sömu niðurstöðu.

Stefnandi telur ágreiningsefni þetta sæta úrlausn Félagsdóms samkvæmt 3. tölul. 1. mgr. 26. gr. laga um kjarasamninga opin-

berra starfsmanna nr. 94/1986. Þar sem stefndi hafi með formlegum hætti tilkynnt þeim félagsmönnum stefnanda, sem mál þetta varðar, að því, sem stefndi kallar „framkvæmd" varðandi vinnuskyldu þeirra, sé sagt upp með þriggja mánaða fyrirvara, eigi starfsmenn þessir ekki annarra kosta völ til að ná rétti sínum en að fá viðurkenningardóm Félagsdóms um þetta álitaefni. Reki Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar málið fyrir þeirra hönd samkvæmt 4. mgr. 27. gr. laga nr. 94/1986.

II.

Stefndi styður frávísunarkröfu sína þeim rökum, að málið heyri ekki undir Félagsdóm samkvæmt lögum nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Í 26. gr. laganna sé kveðið á um þau ágreiningsmál milli samningsaðila, sem Félagsdómur dæmi í, og séu þau tæmandi talin. Í 3. tl. 1. mgr. 26. gr. segi, að Félagsdómur skuli dæma um „ágreining um skilning á kjarasamningi eða ígildi hans". Krafa stefnanda lúti að viðurkenningu á vinnufyrirkomulagi og vikulegum vinnustundafjölda, sem hann kveður „í reynd" og samkvæmt „venju" hafa verið 37,5 st. á viku. Stefnandi reyni ekki að vitna í kjarasamning kröfu sinni til stuðnings, enda sé hann ekki til. Málið snúist því ekki um skilning á kjarasamningi.

Í 10. gr. laganna segi: „Kjarasamningar skulu vera skriflegir." Þetta ákvæði hafi þá þýðingu, að Félagsdómur dæmi aðeins um tilvist eða efni skriflegs kjarasamnings samkvæmt 2. lið 44. gr. laga nr. 80/1938, sbr. dóm Félagsdóms 10. desember 1969, sem staðfestur hafi verið með dómi Hæstaréttar 1970.56. Þar hafi verið um ex officio frávísun að ræða, sem einnig gildi í þessu máli, en stefndi setji þó fram formlega kröfu um frávísun.

Stefndi bendir á, að stefnandi vitni réttilega í kjarasamning aðila þessa máls. Þar segi í gr. 2.1.1., að vinnuvikan sé 40 stundir, og því sé ekki haldið fram, að til sé „skriflegt samþykki samningsaðila" um eitthvað annað, sbr. gr. 2.1.2. Krafa stefnanda um 37,5 st. vinnuviku eigi hvergi stoð í kjarasamningi, og þeir, sem séu samningsaðilar, þ.e. aðilar máls þessa, hafi aldrei um þetta samið utan kjarasamninga, hvorki formlega né óformlega. Því sé ekki til neitt, sem geti talist ígildi kjarasamnings um vinnutíma sjúkraþjálfara, sem unnt væri að bera undir Félagsdóm.

Stefndi styður og frávísunarkröfu sína með því, að lög nr. 94/1986 geri greinarmun á ráðningarsamningi og kjarasamningi stéttar-

félags, sbr. 24. gr. Skjöl máls þessa beri með sér, að sjúkraþjálfarar á Borgarspítalanum líti svo á, að ágreiningurinn snúist um ráðningarkjör, en þau verði ekki borin undir Félagsdóm. Stefndi telji þó frekar, að um sé að ræða sérstakt vinnufyrirkomulag sjúkraþjálfara, sem ekki byggist á samningi, heldur framkvæmd á vinnustað þeirra, sem með öllu sé óljóst, hvenær og hvernig hafi komist á.

III.

Stefnandi mótmælir frávísunarkröfu stefnda og bendir á, að deila málsaðila snúist um túlkun á kjarasamningi. Skriflegir kjarasamningar geti ekki verið tæmandi um kjör aðila. Kjarasamningar skv. lögum nr. 94/1986 séu rammasamningar, og svo komi fleira til. Hér sé um að ræða ákvæði kjarasamnings um vinnutíma, og ekki megi skýra 26. gr. laganna svo þröngt, að ekki megi líta til annars en þess, sem skriflegt er. Í úrskurði Félagsdóms 6. apríl 1984 hafi frávísunarkröfu verið hrundið, og hafi hann verið staðfestur í dómi Hæstaréttar 10. maí 1984. Aftur hafi frávísunarkröfu verið hafnað 22. október 1984, og hafi það verið staðfest með dómi Hæstaréttar 20. nóvember s.á.

IV.

Kjarasamningar aðila máls þessa eru skriflegir, sbr. 10. gr. laga nr. 94/1986. Í núgildandi kjarasamningi þeirra eru í 2. kafla ákvæði um vinnutíma. Upphafsákvæði kaflans og þau, sem hér skipta máli, eru svohljóðandi:

2.1.1. „Vinnuvika borgarstarfsmanna í fullu starfi skal vera 40 stundir, nema um skemmri vinnutíma sé sérstaklega samið. Heimilt er að semja við Starfsmannafélagið um tilflutninga vinnuskyldu milli vikna eða ársfíða."

2.1.2. „Heimilt er að haga vinnu með öðrum hætti en í kafla þessum greinir eða samkomulagi starfsmanna stofnunar og með skriflegu samþykki samningsaðila."

Ágreiningslaust er með málsaðilum, að viðvera sjúkraþjálfara á Borgarspítalanum hafi um nokkurt árabil verið innan við 40 dagvinnustundir. Ljóst er, að um vinnutíma þann, sem stefnandi krefst viðurkenningar á, hefur hvorki stofnast skriflegur kjarasamningur í merkingu 10. gr. laga nr. 94/1986 né ígildi slíks samnings. Ekki er heldur fyrir hendi „skriflegt samþykki samningsaðila" skv. gr. 2.1.2. í kjarasamningi aðila um vinnutímann. Verður því eigi borið undir Félagsdóm, sbr. 3. tl. 1. mgr. 26. gr. nefndra laga, hvort

sjúkraþjálfarar, sem eru félagar í stefnanda og starfa á Borgarspítalanum fullnægi dagvinnuskyldu sinni með því að vinna 37,5 vinnustundir á viku.

Ber því að taka frávísunarkröfu stefnda til greina, en rétt þykir, að hvor málsaðili beri sinn málskostnað.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Félagsdómi.

Málskostnaður fellur niður.

Sératkvæði
Eiríks Helgasonar.

Ég tel, að fyrir langa framkvæmd samningsaðila á lengd dagvinnutíma sjúkraþjálfara hafi stofnast ígildi skriflegs kjarasamnings milli þeirra, og beri því að hafna frávísunarkröfu stefnda.

Ég er sammála meiri hluta dómsins um málskostnað.

Dómur Hæstaréttar 13. ágúst 1992.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson, Hrafn Bragason, Pétur Kr. Hafstein og Þór Vilhjálmsson.

Hinn 24. júní sl. kærði sóknaraðili til Hæstaréttar frávísunardóm, sem kveðinn hafði verið upp í Félagsdómi 22. júní. Kröfur hans eru, að frávísunardómurinn verði felldur úr gildi og að lagt verði fyrir Félagsdóm að taka málið til efnisúrlausnar. Þá er krafist kærumálskostnaðar. Um kæruheimild er vísað til 1. tl. 67. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða dóms og kærumálskostnaðar.

Um málatvik vísast til hins kærða dóms.

Fyrir Hæstarétti liggur ekki að skera úr deilu málsaðila um vikulegan vinnutíma sjúkraþjálfara, heldur að segja til um, hvort Félagsdómur eigi að lögum að fjalla um deiluna. Í 26. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna segir, að Félagsdómur dæmi í „málum sem rísa á milli málsaðila um: ... 3. Ágreining um skilning á kjarasamningi eða gildi hans." Í 10. gr. sömu laga segir, að kjarasamningar skuli vera skriflegir, sbr. og 6. gr. laga nr. 80/

1938. Þegar af þeirri ástæðu, að í máli þessu er ekki deilt um skilning á skriflegum samningsákvæðum, verður að telja, að ekki sé um ágreining um kjarasamning að ræða í skilningi laganna frá 1986 og að Félagsdómur eigi þess vegna ekki lögsögu í málinu.

Hinn kærði frávísunardómur verður því staðfestur.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómsorð:

Hinn kærði dómur er staðfestur.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 10. júlí 1992.

Nr. 7/1992. **Hið íslenska kennarafélag**
(Viðar Már Matthíasson hrl.)
gegn
fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs
(Guðmundur Vignir Jósefsson hrl.).

Kjarasamningur. Kennarar. Sératkvæði.

Dómur Félagsdóms.

Mál þetta dæma Garðar Gíslason, Björn Helgason, Ingibjörg Benediktsdóttir, Valtýr Sigurðsson og Þorsteinn A. Jónsson.

Málið, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum málflutningi fyrr í dag, er höfðað með stefnu birtri 18. júní sl.

Stefnandi er Hið íslenska kennarafélag, Lágmúla 7, Reykjavík.

Stefndi er fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að viðurkennt verði, að þeir félagsmenn stefnanda, sem eru kennarar við framhaldsskóla í Reykjavík á föstum mánaðarlaunum og taka að sér kennslu við sumarskóla Fjöl-

brautaskólans í Breiðholti, eigi rétt til greiðslna samkvæmt reglum kjarasamnings aðila ásamt viðaukum og bókunum við hann.

Stefnandi krefst og málskostnaðar, þar sem tekið verði tillit til virðisaukaskattskyldu.

Stefndi krefst sýknu og málskostnaðar.

I.

Stefnandi kveður mál þettta rekið vegna ágreinings milli hans og launaskrifstofu stefnda um það, með hvaða hætti eigi að greiða laun fyrir kennslu við svonefndan „sumarskóla" Fjölbrautaskólans í Breiðholti. Dómkrafa hans í málinu lúti einungis að spurningunni, hvort reglur kjarasamnings aðila skuli gilda um þessar greiðslur eða ekki. Hann kveður heimilt skv. 3. tl. 26. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna að fá úrlausn Félagsdóms um ágreiningsefnið.

Stefnandi kveður málavexti þá, að Fjölbrautaskólinn í Breiðholti sé ríkisstofnun, og hafi skólinn starfað allt frá árinu 1975. Við skólann hafi starfað öldungadeild frá 1981. Skólinn starfi nú á grundvelli laga 57/1988 um framhaldsskóla. Fjölbrautaskólinn í Breiðholti hafi, fyrstur framhaldsskóla á landinu, tekið upp innan skólans rekstur svokallaðs sumarskóla eða sumarnámskeiðs. Tilgangur þessa sumarskóla hafi verið sá að gefa nemendum í skólanum eða eftir atvikum nemendum í öðrum framhaldsskólum kost á því að taka nám í áföngum í framhaldsskóla, sem þeir hefðu ekki talið rétt að taka á reglulegum skólatíma, svo og að gefa þeim nemendum, sem þess óska, kost á að flýta fyrir sér í námi. Enda eru áfangar í þessu námi hinir sömu og í framhaldsskólakerfinu ella, og fá því nemendur námið metið, hvort sem það er við þennan tiltekna skóla, Fjölbrautaskólann í Breiðholti, eða aðra framhaldsskóla.

Skólameistari Fjölbrautaskólans í Breiðholti hafi sótt til menntamálaráðuneytisins um leyfi til að reka „sumarskóla" innan skólans, og hafi það leyfi verið veitt fyrst í maí 1990, og hafi verið kennt í fyrsta sinn það sumar. Leyfi menntamálaráðuneytis hafi verið bundið skilyrðum, m.a. því skilyrði, að kennurum yrði greitt í samræmi við kjarasamninga. Var erindið áður borið undir formann stefnanda, og taldi hann rétt að veita leyfið, enda yrði þetta skilyrði sett.

Stefnandi kveður skólameistara hafa leitað eftir því við kennara í skólanum, að þeir kenndu við „sumarskólann", og hafi flestir

kennarar við „sumarskólann“ verið þaðan, enda kennslan hluti af starfi skólans og á faglega og stjórnunarlega ábyrgð fyrirsvarsmanna hans, og hafi kennslan eðlilega farið fram í húsakynnum hans. Stefnandi var mjög hlynntur þeirri tilraun, sem þarna var gerð, sem og öðrum nýjungum, sem til bóta kunna að vera í skólastarfi, en afstaða hans byggðist þó algerlega á því, að farið væri í launagreiðslum eftir þeim reglum, sem kjarasamningar segðu til um. Þegar stefnanda varð ljóst, að stefndi hagaði ekki launagreiðslum í samræmi við kjarasamninga, hafði hann uppi mótmæli, og ágreiningur var milli hans og launaskrifstofu stefnda um tilhögun launagreiðslnanna, þ.e., hvort fara ætti eftir kjarasamningnum eða hvort stefndi gæti einhliða ákveðið launin, óháð því, hvort þeir kennarar, sem kennslunni sinntu, hafi verið stundakennarar á tímataxta á skólaárinu og því ekki félagsmenn í HÍK eða fastir kennarar skólans eða við aðra framhaldsskóla.

Stefnandi kveðst oftsinnis hafa reynt að fá leiðréttingu hjá stefnda á greiðslum til félagsmanna sinna fyrir umrædda kennslu, en það hafi ekki tekist. Stefndi hafi haft þann háttinn á að krefjast þess, að gerðir yrðu sérstakir ráðningarsamningar við þá kennara, sem kenndu við sumarskólann. Á þeim ráðningarsamningum hafi Fjölbrautaskólinn í Breiðholti verið talinn vinnuveitandi, en það sé einungis til málamynda, enda hafi launaskrifstofa stefnda greitt launin og ákvarðanir um fjárhæð launanna verið teknar af launaskrifstofu stefnda. Þá sé ljóst, að launagreiðandi sé stefndi og á honum hvíli hinar heföbundnu skyldur vinnuveitanda, enda umræddir kennarar starfsmenn hans og þessi kennsla einungis hluti af starfi þeirra.

Fyrri hluta árs 1991 hafi fyrst verið upplýst í smáatriðum, hvernig greiðslurnar hafi verið fundnar út, og hafi það verið gert þannig, að greitt hafi verið eftir stundakennarataxta með öldungadeildarálagi, en skipulag kennslunar og framvinda er eins og er í öldungadeildum.

Í árslok 1991 hafi Fjölbrautaskólinn í Breiðholti leitað eftir því við menntamálaráðherra að fá leyfi til þess að reka „sumarskóla“ við skólann á árinu 1992. Menntamálaráðuneytið hafi veitt þetta leyfi enn sem fyrr, m.a. með því skilyrði, að kennurum yrðu greidd laun í samræmi við kjarasamninga. Stefnandi kveðst enn hafa gert ítrekaðar tilraunir til þess að fá stefnda til þess að viðurkenna, að

greiða bæri fyrir kennslu þessa samkvæmt kjarasamningum. Stefnandi kveður „sumarskóla" Fjölbrautaskólans í Breiðholti hafa verið auglýstan í fjölmiðlum, og hafi skráning farið fram frá 13. - 15. maí sl. og 19. sama mánaðar. Kennsla hafi staðið frá 25. maí 1992 til 24. júní s.á.

Stefnandi kveður óþolandi, að stefndi geti einhliða ákveðið kaup og kjör þeirra félagsmanna stefnanda, sem sinna kennslu við „sumarskólann", og geri það með þeim hætti, að kjörin séu mun lakari en leiða myndi af kjarasamningi.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Stefnandi kveðst byggja á því, að starfsemi „sumarskóla" Fjölbrautaskólans í Breiðholti sé hluti af starfsemi skólans og verði ekki frá honum skilin, enda engin heimild í lögum til þess að setja á fót sérstaka stofnun, en áskilið er í 2. gr. laga um framhaldsskóla nr. 57/1988, að samþykki Alþingis þurfi til. Kveður stefnandi, að til slíks þurfi að vera sérstök lagaheimild eða samningur, sbr. 3. gr. laga um framhaldsskóla.

Stefnandi kveður, að við „sumarskólann" séu kenndir áfangar samkvæmt námskrá framhaldsskóla, og þar kenni sömu kennarar og kenna við Fjölbrautaskólann í Breiðholti, námsefni sé hið sama og prófkröfur þær sömu, enda sé tilgangur „sumarskólans" að gefa nemendum kost á að flýta fyrir sér í námi eða taka áfanga, sem þeir hafa ekki náð fullnægjandi árangri í eða viljað sleppa til að geta einbeitt sér sérstaklega utan hins reglulega náms. Afstaða menntamálaráðuneytisins sé sú, að námið í „sumarskólanum" sé jafngilt öðru námi og nemendur fái þetta nám að fullu metið við aðra framhaldsskóla.

Í ljósi framanritaðs kveður stefnandi, að stefnda beri að fara eftir kjarasamningum við launagreiðslur fyrir slíka kennslu. Stefnandi telur, að sú háttsemi stefnda að láta gera sérstaka ráðningarsamninga við eitthvað af þeim kennurum, sem kenndu við „sumarskólann", geti ekki skapað honum neinn rétt. Telur stefnandi slíka ráðningarsamninga og einhliða ákvörðun stefnda á greiðslu launa andstæða fyrirmælum 24. gr. laga nr. 94/1986, sbr. og 1. gr. laga nr. 55/1980 um starfskjör launþega og skyldutryggingu lífeyrisréttinda. Einstökum mönnum sé og óheimilt að gera samninga, sem fara í bága við fyrirmæli laga opinbers réttar eðlis.

II.

Stefndi byggir á því, að sumarnámskeið við Fjölbrautaskólann í Breiðholti sé sjálfstæð starfsemi og ekki beint framhald af reglubundnu skólastarfi þar.

Allt reglulegt skólastarf á framhaldsskólastigi sé grundvallað á þeirri reglu, sem kemur fram í 31. gr. laga nr. 57/1988 um framhaldsskóla, að starfstíminn sé níu mánuðir, og við það eru kjarasamningar málsaðila miðaðir. Námskeið þau, er hér um ræðir, eru haldin í júnímánuði, þegar kennarar hafa lokið tilskildum vinnutíma sínum innan skólaársins, og stefndi hefur aldrei viðurkennt, að kjarasamningur aðila tæki til vinnu utan þessa níu mánaða tímabils.

Reglur þær, sem settar eru í 31. gr. laga nr. 57/1988 um árlegan starfstíma kennara, eru nánar útfærðar í kjarasamningi aðila, en í honum segir m.a. svo:

„2.1.5.1. Árlegur starfstími skóla er 9 almanaksmánuðir, og er þá miðað við, að á því tímabili séu kennsla, próf og önnur störf, að frátöldum leyfum skv. reglugerð, 34 vikur samtals. Um lengdan starfstíma skóla, sjá 2.7.12."

„2.1.7.1. Vinnutími kennara í fullu starfi skal vera 40 klukkustundir á viku til jafnaðar yfir árið."

„2.1.7.2 Árlegan vinnutíma við kennslu í bóklegum greinum í skóla með 9 mánaða starfstíma innir kennari svo af hendi:

1. Með viðverutíma, þ.e. kennslu og öðrum störfum í skólanum í 28 klukkustundir á viku á árlegum starfstíma skólans.

2. Með undirbúningi undir kennslu í 20 klukkustundir utan árlegs starfstíma skólans.

3. Með undirbúningi undir kennslu í samtals 153 klukkustundir utan árlegs starfstíma skólans."

Með þessu móti telst árlegur vinnutími kennara vera sambærilegur við vinnutíma annarra opinberra starfsmanna eða sem næst 1800 klst. á ári.

Það er hins vegar ljóst, að vinnuskylda kennara er allt önnur en annarra opinberra starfsmanna utan þeirra níu mánaða, sem raunverulegur starfstími þeirra tekur til. Alkunna er, að á þessu þriggja mánaða tímabili, sem fellur utan eiginlegs starfstíma þeirra, sækja kennarar í margvísleg störf, sem ekki falla undir kjarasamning stefnanda. Þar má sem dæmi nefna, að algengt er, að þeir séu ráðnir í önnur störf hjá hinu opinbera, svo sem til lögreglustarfa,

sumir taka að sér sérstök verkefni í menntamálaráðuneyti eða Námsgagnastofnun, og í raun geta hér komið til greina hvers konar störf, sem vera skal, en í engum þessum tilvikum fá kennarar greitt samkvæmt kjarasamningi sínum við stefnda. Hafa slíkar ráðningar verið látnar afskiptalausar af hálfu stefnda, jafnvel þótt þær kunni í sumum tilvikum að fara í bága við lög nr. 38/1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Í öðrum tilvikum geta slík störf fallið að ákvæðum laganna, og er þar minnt á 34. gr., en þar segir svo: „Heimilt er að fela starfsmanni að vinna fyrir sanngjarnt endurgjald aukastörf í þágu ríkisins, enda valdi það ekki vanrækslu á þeim störfum, er stöðu hans fylgja.“

Sumarnámskeið við Fjölbrautaskólann í Breiðholti er sjálfstæð starfsemi, sem fram fer utan hefðbundins skólatíma. Menntamálaráðuneytið hefur veitt sérstakt starfsleyfi til þess, að námskeið þessi séu haldin, væntanlega með heimild í 36. gr. laga nr. 57/1988, og sett fyrir því þau skilyrði, að námskeiðagjöld skyldu standa undir kostnaði og að kennurum yrðu greidd laun í samræmi við kjarasamninga.

Námskeiðahald þetta skilur sig frá hinu eiginlega skólastarfi í því, að það er, eins og áður greinir, haldið utan reglulegs skólatíma, menn greiða gjald, sem ætlast er til, að standi undir kostnaði af námskeiðahaldinu og gerir það, að því er virðist, kennarar eru ekki skyldir til að taka að sér þessi störf, og þeir, sem starfa við Fjölbrautaskólann í Breiðholti, hafa þar heldur engan forgangsrétt umfram aðra kennara við framhaldsskóla í Reykjavík. Stefndi telur því, að hér sé um að ræða aukastarf í skilningi 34. gr. laga nr. 38/1951, er falli utan þess kjarasamnings, sem gildir milli aðila.

Það undirstrikar sérstöðu þessarar starfsemi og sjálfstæði þessa skólahalds, að frá upphafi hefur verið talið skylt að sækja um leyfi til þess, en það væri óþarft, ef líta bæri á þetta sem þátt í reglulegri starfsemi Fjölbrautaskólans í Breiðholti. Menntamálaráðuneytið hefur sett að skilyrði, að laun skuli greidd í samræmi við kjarasamninga. Stefndi telur sig hafa fullnægt þessu skilyrði með því að greiða skv. taxta, sem tekur mið af kjarasamningi aðila. Stefndi telur, að um launagreiðslur til kennara, sem sinna þarna kennslu, gildi enginn samningur, og er í því sambandi minnt á, að þegar stofnað var til kennslu í svonefndum öldungadeildum við framhaldsskóla, þótti nauðsynlegt að gera um launagreiðslur sérstakan

samning, og fer sú starfsemi þó fram innan hins reglulega skólatíma, þ.e. september - maí.

Stefndi mótmælir þeirri niðurstöðu stefnanda, að sjálfgefið sé, að hér gildi sömu reglur og um greiðslur fyrir kennslu í öldungadeildum. Ef dómur gengur stefnanda í vil, verða aðilar að koma sér saman um nánari útfærslu á honum við þær sérstöku aðstæður, sem hér er fyrir hendi, enda taki núverandi kjarasamningur ekki til þeirra aðstæðna. Stefndi hefur ákveðið þau kjör, sem þarna gilda, með sama hætti og gert er í fjölda tilvika, þar sem vinna ríkisstarfsmanna fellur utan hefðbundinna starfa þeirra, þ.e. laun eru greidd samkvæmt töxtum, sem eru grundvallaðir á kjarasamningum, en útfærðir einhliða af fjármálaráðuneyti. Ráðningarsamningar eru gerðir við hvern einstakling, sem tekur að sér störf, sem enginn kjarasamningur gildir um. Það fer hvorki í bág við ákvæði 24. gr. laga nr. 94/1986 né laga nr. 55/1988.

Stefndi bendir á, að hér sé eiginlega um hagsmunaágreining að ræða, en ekki túlkun á kjarasamningi, en það varði ex officio frávísun.

III.

Niðurstaða.

Sumarskóli hefur verið starfræktur við Fjölbrautaskólann í Breiðholti árin 1990 - 1992 að fengnu sérstöku leyfi menntamálaráðuneytisins.

Í leyfisbréfum ráðuneytisins hafa ávallt verið sett þrjú skilyrði fyrir starfsrækslu hans, í fyrsta lagi skilyrði um lágmarksfjölda nemenda og lágmarksfjölda í hverjum námshópi, í öðru lagi, að námskeiðsgjöld standi undir kostnaði að mestu leyti, og í þriðja lagi, að kennurum verði greidd laun í samræmi við kjarasamninga. Í bréfunum kemur ekki fram, á hvaða lagaheimild leyfið byggist.

Sumarskólinn hefur starfað, eftir að árlegri 9 mánaða starfsemi fjölbrautaskólans lýkur. Í málinu er óumdeilt, að í sumarskólanum hafa verið kenndar nokkrar af þeim námsgreinum, sem almennt eru kenndar í dagskóla og öldungadeild skólans, og að námsefni og prófkröfur séu þær sömu. Þá er komið fram, að nemendur, sem stundað hafa nám í sumarskólanum, eiga rétt á að fá nám sitt að fullu metið við flutning á milli skóla.

Þeir kennarar, sem kennt hafa við sumarskólann, starfa sem kennarar við dagskólann og hafa auk þess kennt við öldungadeild-

ina. Vegna vinnu sinnar við kennslu í sumarskólanum hafa þeir gert sérstakan ráðningarsamning við skólann, sem nefndur er „Ráðningarsamningur stundakennara/leiðbeinanda". Sú ráðstöfun var gerð að undirlagi stefnda, sem ákvað síðan laun kennaranna einhliða.

Í 4. gr. laga um skólakerfi nr. 55/1974 er fjallað um framhaldsskóla. Þar segir, að framhaldsskólar séu tveggja til fjögurra ára skólar, sem greinist í námsbrautir, eftir því sem þörf krefur. Þá segir í ákvæðinu, að um sérskóla og aðra skóla á framhaldsskólastigi segi í lögum þeirra og reglugerðum.

Í 1. mgr. 1. gr. laga um framhaldsskóla nr. 57/1988 segir, að þau lög taki til náms á framhaldsskólastigi, og í ákvæðinu eru framhaldsskólar taldir menntaskólar, fjölbrautaskólar, iðnfræðsluskólar svo og skólar, sem veiti sérhæft nám á framhaldsskólastigi auk framhaldsdeilda við grunnskóla, sem menntamálaráðuneytið hafi eða muni heimila. Í 2. mgr. sömu greinar er gert ráð fyrir, að sérstök reglugerð sé sett um sérskóla, sem starfi samkvæmt lögunum, og í 3. gr. laganna kemur fram, að ríki eða sveitarfélög geti haft frumkvæði að stofnun nýs framhaldsskóla, en til þess þurfi samþykki Alþingis.

Um sumarskólann við Fjölbrautaskólann í Breiðholti hafa hvorki verið sett lög né reglugerð, og hann hefur ekki verið setttur á fót með þeim hætti, sem gert er ráð fyrir í 3. gr. laga um framhaldsskóla.

Í 31. gr. laganna kemur fram, að árlegur starfstími framhaldsskóla skuli eigi vera skemmri en 9 mánuðir. Ákvæðið útilokar ekki, að reglubundið skólastarf í framhaldsskólum geti verið lengra en 9 mánuðir, og í kjarasamningi aðila eru ákvæði um, hvernig reikna eigi vikulega kennsluskyldu kennara, starfi skólinn lengur en þann tíma.

Samkvæmt 2. ml. 35. gr. sömu laga er framhaldsskólum heimilt að stofna til sérrstakra námskeiða, þar á meðal kvöldskóla (öldungadeilda), fyrir fólk, sem hentar ekki að sækja reglubundna kennslu í skóla, en æskir að ljúka námi hliðstæðu því, sem í boði er á námsbrautum hans. Í 3. ml. segir, að fyrir slíka kennslu skuli nemendur greiða kennslugjald, sem svari til sem næst þriðjungs kennslulauna. Þá segir í 4. ml., að nánari ákvæði um þessa starfsemi skuli sett í reglugerð.

Samkvæmt 1. mgr. 36. gr. sömu laga er framhaldsskólum heimilt

að bjóða fram annars konar nám en 35. gr. tekur til og efna til endurmenntunarnáms, m.a. í samráði við faggreinafélög, stéttarfélög, atvinnurekendur eða aðra hagsmuna- eða áhugahópa. Í 2. mgr. sömu greinar segir, að námsgjöld miðist við, að nemendur greiði a.m.k. þriðjung kennslulauna og að í slíku námi sé kostnaðarhlutdeild ríkissjóðs háð samþykki menntamálaráðuneytisins.

Miðað við námsefni og námstilhögun og það, hvaða réttindi nám úr honum veitir, verður að telja, að sumarskólinn sé rekinn á grundvelli ákvæða í 2. ml. 35. gr. laga um fjölbrautskóla, en kostnaðarhlutdeild nemenda virðist ákvörðuð á grundvelli 2. mgr. 36. gr. sömu laga.

Samkvæmt því, sem hér hefur verið rakið, verður ekki fallist á þau sjónarmið stefnda, að sumarskólinn sé sjálfstæð starfsemi, heldur verður talið, að hér sé um að ræða hluta af starfsemi Fjölbrautaskólans í Breiðholti.

Samkvæmt 24. gr. laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna nr. 94/1986 er ákvæði í ráðningarsamningi ógilt, ef það fer í bága við kjarasamning stéttarfélags starfsmanns samkvæmt lögunum starfsmanni í óhag.

Ber samkvæmt framansögðu að taka kröfu stefnanda til greina.

Eftir þessari niðurstöðu er rétt, að stefndi greiði stefnanda málskostnað, sem telst hæfilega ákveðinn kr. 125.000. Hefur þá verið litið til virðisaukaskattsskyldu málflutningsþóknunar.

Dómsorð:

Þeir félagsmenn stefnanda, Hins íslenska kennarafélags, sem eru kennarar við framhaldsskóla í Reykjavík á föstum mánaðarlaunum og taka að sér kennslu við sumarskóla Fjölbrautaskólans í Breiðholti, eiga rétt til greiðslna samkvæmt reglum kjarasamnings fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og Hins íslenska kennarafélags ásamt viðaukum og bókunum við hann.

Stefndi, fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, greiði stefnanda kr. 125.000 í málskostnað.

Sératkvæði
Björns Helgasonar.

Í kjarasamningi aðila máls þessa kemur fram sú meginregla, að árlegur starfstími skóla er 9 almanaksmánuðir. Sú starfsemi Fjölbrautaskólans í Breiðholti, sem hér um ræðir, fer fram utan þess tíma, þ.e. í júnímánuði, þegar kennarar hafa lokið tilskildum vinnutíma innan skólaársins.

Hér er um algert nýmæli að ræða, og er umrædd starfsemi um margt ólík eiginlegu skólastarfi, þar með talinni kennslu í öldungadeildum. Kennarar við Fjölbrautaskólann í Breiðholti hafa engan forgangsrétt umfram aðra kennara við framhaldsskóla í Reykjavík til kennslu, og sumarnámskeiðin einskorðast ekki heldur við nemendur Fjölbrautaskólans í Breiðholti. Þá er og til þess að líta, að nemendur greiða gjald, sem er ætlast til, að standi að mestu undir kostnaði af námskeiðahaldinu.

Að öllu þessu athuguðu verður að fallast á þá skoðun stefnda, að sumarnámskeið við Fjölbrautaskólann í Breiðholti sé sjálfstæð starfsemi, en ekki beint framhald af reglubundnu skólastarfi þar, og engir kjarasamnignar séu til um þessa starfsemi. Samkvæmt þessu ber að sýkna stefnda af kröfum stefnanda.

Ég tel rétt, að málskostnaður falli niður

Föstudaginn 17. júlí 1992.

Nr. 9/1992. **Félag íslenskra náttúrufræðinga**
(Viðar Már Matthíasson hrl.)
gegn
fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs
(Gunnar Björnsson cand.jur.).

Kjarasamningur. Samstarfsnefnd. Náttúrufræðingar.

Dómur Félagsdóms.

Mál þetta dæma Garðar Gíslason, Björn Helgason, Ingibjörg Benediktsdóttir, Valtýr Sigurðsson og Allan V. Magnússon.

Málið, sem tekið var til dóms fyrr í dag, er höfðað með stefnu birtri og þingfestri 2. þ.m.

Stefnandi er Félag íslenskra náttúrufræðinga, Lágmúla 7, Reykjavík.

Stefndi er fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að viðurkennt verði, að skylt sé að halda fundi í samstarfsnefnd stefnanda og stefnda og að stefndi verði dæmdur til að greiða málskostnað, þar sem tekið verði tillit til virðisaukaskattsskyldu.

Stefndi krefst sýknu og málskostnaðar.

I.

Stefndi kveður ágreining aðila snúast um það, hvort skylt sé að fara eftir fyrirmælum 11. kafla kjarasamnings aðila frá 18. maí 1989 um samstarfsnefnd, en sá kjarasamningur hafi verið felldur úr gildi að formi til með bráðabirgðalögum um launamál nr. 89/1990. Ágreiningurinn snúist því um það, hvort reglur samningsins séu efnislega enn í gildi, sbr. 12. gr. laga nr. 94/1986. Ágreiningurinn eigi undir dómsvald Félagsdóms skv. 3. tl. 26. gr. laga nr. 94/1986 um kjarsamninga opinberra starfsmanna.

Málavextir séu þeir, að í fyrsta kjarasamningi, sem stefnandi hafi gert við stefnda 1987, eftir að félagið fékk sjálft samningsrétt með lögum 94/1986, hafi í 11. kafla verið reglur um samstarfsnefnd. Sömu reglur séu í kjarasamningi aðila, sem gerður hafi verið 18. maí 1989. Þar sé mælt svo fyrir, að hvor samningsaðili um sig skuli tilnefna tvo menn og tvo til vara í samstarfsnefnd, sem hafi það hlutverk að koma á sáttum í ágreiningsmálum, sem rísa kunni út

af samningnum, m.a. vegna röðunar á nýjum eða breyttum starfsheitum. Jafnframt sé kveðið á um það, að hvor aðili um sig geti skotið ágreiningsefnum til nefndarinnar og kallað hana til starfa. Tilgangur slíks samningsákvæðis sé fyrst og fremst sá að leysa allan þann fjölda af ágreinings- og álitamálum, sem alltaf hljóta að koma upp við framkvæmd kjarasamninga hjá stórum stéttarfélögum.

Fundir í samstarfsnefnd aðila hafi verið 7 talsins árið 1989. Með lögum nr. 4/1991 hafi Alþingi staðfest bráðabirgðalögin frá 1990, og með þeim hafi kjarsamningar aðila, eins og annarra samflotsfélaga BHMR, verið felldur úr gildi frá og með 31. ágúst 1991. Mikil vandræði hafi verið að fá fundi í samstarfsnefnd á árinu 1991, og hafi stefndi hafnað með öllu að halda slíka fundi.

Stefnandi byggir mál sitt á því, að fara eigi eftir kjarasamningum, uns nýr sé gerður eða verkfall hefjist, sbr. 2. mgr. 12. gr. laga nr. 94/1986. Ákvæði þetta sé fortakslaust, og engar undantekningar séu frá því, og beri að skýra það samkvæmt orðanna hljóðan. Skylt sé því að halda fundi í samstarfsnefnd aðila, enda séu þar til afgreiðslu álita- og ágreiningsmál, sem varða framkvæmd kjarasamningsins og hver staða einstakra félagsmanna sé samkvæmt honum, t.d. hvað varðar starfsheiti, launaflokkaröðun o.fl.

II.

Stefndi segir málavexti vera þessa:

Ákvæði um samstarfsnefnd fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og Félags íslenskra náttúrufræðinga er fyrst að finna í dómsorði Kjaradóms þann 18. apríl 1980 vegna sérkjarasamnings þessara aðila. Segir þar m.a.:

„8.1. Aðilar máls þessa skulu hvor um sig tilnefna tvo menn og tvo til vara í samstarfsnefnd, sem hafi það hlutverk að koma á sáttum í ágreiningsmálum, sem rísa kunna út af dómi þessum.

8.2. Hvor aðili um sig getur skotið ágreiningsefnum til nefndarinnar og kallað hana til starfa."

Dómur þessi gilti til 28. febrúar 1982, en þá var kveðinn upp nýr dómur Kjaradóms um sérkjarasamning aðila, er gilti til 29. febrúar 1984, þar sem orðalagi ákvæðis 8.2. var breytt á þann veg, að í stað orðalagsins „... sem rísa kunna út af dómi þessum." kom „... sem rísa kunna út af samningi þessum". Þannig breytt var orðalag ákvæðisins tekið upp í dómi Kjaradóms um sérkjarasamning, er gilti frá 1. mars 1984 til 28. febrúar 1984. Í dómi Kjaradóms um

sérkjarasamning aðila, er gilti frá 1. mars 1985 til 28. febrúar 1986, er orðalag ákvæðis 8.1. breytt á þann veg, að við lokasetningu þess ákvæðis er bætt við „... m.a. vegna röðunar á nýjum eða breyttum starfsheitum", og er ákvæðið tekið þannig breytt upp í dómi Kjaradóms um sérkjarasamning aðila, er gilti frá 1. mars 1986 til 31. desember 1986.

Þann 31. desember 1986 tóku gildi ný lög um kjarasamninga opinberra starfsmanna nr. 94/1986, sem komu í stað annars vegar laga nr. 46/1973, sem BHMR og aðildarfélög þess höfðu heyrt undir, og hins vegar laga nr. 29/1976, sem höfðu gilt um kjarasamning BSRB og aðildarfélaga þess. Með gildistöku laga nr. 94/1986 urðu grundvallarbreytingar á samningsrétti opinberra starfsmanna. Ein veigamesta breytingin var, að samningsrétturinn, sem áður hafði verið tvískiptur, var færður óskiptur til hvers stéttarfélags fyrir sig. Lagðist þannig af sú tilhögun, að gerður væri aðalkjarasamningur á vegum heildarsamtaka og sérkjarasamningar á vegum aðildarfélaga þeirra.

Fljótlega eftir setningu laga nr. 94/1986 fór að bera á því við störf samstarfsnefndar, að fulltrúar stéttarfélags virtust ekki hafa áttað sig á því hvað hún fól í sér, heldur settu þar fram kröfur, eins og um „sérkjarasamningaviðræður" væri að ræða samkvæmt eldri lögum. Eins kom þar fram, að menn söknuðu þess að hafa ekki aðila, sem skjóta mætti ágreiningsmálum til, ef aðilar voru ekki sammála um lausn í samstarfsnefnd. Af hálfu stefnda var á samstarfsnefndarfundum bent á, að framlagning krafna, sem fjölluðu ekki um ágreining varðandi túlkun tiltekinna ákvæða samningsins, ætti ekki heima á þessum vettvangi, en jafnframt var tekið fram af hans hálfu, að hann væri tilbúinn að líta svo á, að menn þyrftu ákveðinn umþóttunartíma til að átta sig á breyttu hlutverki vegna nýrra laga. Til þess að koma að einhverju leyti til móts við óskir BHMR f.h. aðildarfélaga um vettvang, sem hægt væri að ræða ágreiningsmál á, var í janúar 1989 fallist á að gera sérstakt samkomulag um starfshætti samstarfsnefndar, þar sem m.a. sett var á fót samstarfsnefnd BHMR og fjármálaráðherra. Í samkomulaginu er gert ráð fyrir að hægt sé að vísa ágreiningsmálum frá samstarfsnefnd einstakra stéttarfélaga til þessarar nefndar. Nefnd þessari var ekki falið neitt úrskurðarvald, heldur var þetta fyrst og fremst samskiptavettvangur, þar sem BHMR sem samtök gat komið

sjónarmiðum sínum varðandi framkvæmd kjarasamnings á framfæri við fulltrúa fjármálaráðherra, en með tilkomu laga nr. 94/1986 féll aðild BHMR sem sjálfstæðs samningsaðila niður.

Kjarasamningar aðila hafa nokkrum sinnum verið lausir til endurskoðunar, frá því að lög nr. 94/1986 tóku gildi. Samstarfsnefnd aðila hefur ekki starfað þann tíma, sem kjarasamningar hafa verið lausir og opnir til endurskoðunar milli aðila. Stefnandi leitaði eftir því árið 1989, að samstarfsnefnd starfaði á þeim tíma, sem samningar voru opnir til endurskoðunar. Þeirri beiðni var hafnað af hálfu stefnda á þeim forsendum, að samstarfsnefnd væri ætlað að leysa úr ágreiningsmálum, er upp kæmu á þeim tíma, er samningar væru bundnir og friðarskylda ríkti milli aðila, en þegar samningar væru lausir og opnir til endurskoðunar, þá hefði hún ekkert hlutverk, því, ef ágreiningur væri um eitthvert atriði á þeim tíma, þá hefðu aðilar tækifæri til að gera út um þann ágreining við samningaborðið. Stefnandi tók málið ekki frekar upp við þá samningsgerð. Stefnandi leitaði aftur eftir því haustið 1991 að fá fund í samstarfsnefnd. Því var hafnað á sömu forsendum og áður og boðið upp á, að mál yrðu rædd í samninganefnd. Stefnandi hefur ekki tekið upp slíkar viðræður við núverandi samningsgerð.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því, að hann hafi uppfyllt skyldur sínar um fundi í samstarfsnefnd, hvort heldur litið sé til ákvæða 2. mgr. 12. gr. laga nr. 94/1986, kjarasamningsins eða áðurnefnds samkomulags um starfshætti samstarfsnefnda. Stefndi hafi aldrei neitað því, að sér væri skylt að fara eftir ákvæðum 11. kafla kjarasamningsins á gildistíma hans, en hefur haldið því fram, að ákvæði þessa kafla yrðu óvirk, þegar kjarasamningur rynni út, því að þá færu samskipti aðila eftir öðrum farvegi.

Stefndi telur það felast í forsögu og eðli samstarfsnefndar, að fjallað sé um hagsmunaágreining og að vissu marki um túlkun samningsákvæða og því hljóti störf hennar að liggja niðri, þegar kjarasamningur er opinn til endurskoðunar. Að mati stefnda er sú túlkun, sem stefnandi byggir á, að telja samstarfsnefnd eiga að starfa á sama tíma og aðilar eru í viðræðum um það, hverju breyta skuli í kjarasamningnum, ekki í samræmi við orðalag í fyrsta úrskurði Kjaradóms. Eðlileg og rökrétt túlkun sé að líta svo á, að við setningu laga nr. 94/1986 séu samstarfsnefndir sá vettvangur, sem aðilar hafi til að skiptast á skoðunum á þeim tíma, sem kjara-

samningur er í gildi og friðarskylda hvílir á aðilum, en þegar gildistíma kjarasamninga ljúki, þá færist samskiptavettangur yfir til samninganefndar aðila, og þar hafi menn tækifæri og úrræði til að knýja á um, að leyst sé úr hagsmunaágreiningi eða vafa um túlkun, með því að breyta eða fella niður ákvæði, sem valdið hafa ágreiningi, eða bæta við ákvæðum til að taka á atriðum, sem ekki höfðu verið séð fyrir við fyrri samningsgerðir.

Stefndi telur, að túlkun stefnanda á ákvæði 2. mgr. 12. gr. laga nr. 94/1986, sé til muna rýmri en orðalag ákvæðisins bjóði upp á. Ef túlkun stefnanda ætti að gilda, hefði verið mun eðlilegra fyrir löggjafann að taka af öll tvímæli og segja „... og skal hann þó gilda..." í stað orðalagsins „... og skal þó eftir honum farið..." Greinin sé sett til að koma í veg fyrir, að vafi eða ágreiningur geti komið upp um það, hvaða starfskjör séu í gildi frá lokum samnings og þar til nýr er gerður, eða að minnsta kosti koma í veg fyrir, að á þessu tímabili geti menn talist utan reglna kjarasamningsins, hvað varðar afgreiðslu launa og skyldra kjara gagnvart launþegum.

Stefndi vísar í dóma Félagsdóms í málum nr. 8/1961 og 2/1976. Hann bendir og á, að í kjarasamningi séu ávallt tveir þættir, þáttur um kaup og kjör annars vegar og þáttur um vinnufrið, gildistíma o.þ.h. Ætlast sé til samkvæmt 2. mgr. 12. gr. laganna, að farið sé áfram eftir fyrrnefnda hlutanum, en hinn hlutinn sé ávallt talinn falla niður með gildi samningsins.

III.

Niðurstaða.

Í kjarasamningi aðila frá 19. maí 1989 voru svofelld ákvæði um samstarfsnefnd í 11. kafla:

„11.1.1. Samningsaðilar skulu hvor um sig tilnefna 2 menn og 2 til vara í samstarfsnefnd, sem hafi það hlutverk að koma á sáttum í ágreiningsmálum, sem rísa kunna út af samningi þessum, m.a. vegna röðunar á nýjum eða breyttum starfsheitum.

11.1.2. Hvor aðili um sig getur skotið ágreiningsefnum til nefndarinnar og kallað hana til starfa."

Kjarasamningurinn féll úr gildi 31. ágúst 1991.

Samkvæmt reglu 2. mgr. 12. gr. laga nr. 94/1986 skal fara eftir kjarasamningi aðila, sem ekki er lengur í gildi, uns nýr hefur verið gerður.

Þegar litið er til hlutverks samstarfsnefndarinnar, verður ekki

talið, að stefndi hafi sýnt fram á, gegn orðalagi 2. mgr. 12. gr. ofangreindra laga, að ákvæði 11. kafla kjarasamnings aðila frá 18. maí 1989 skuli vera óvirk, meðan samningar þeirra eru lausir. Verður sýknukrafa stefnda því ekki tekin til greina.

Niðurstaða málsins verður sú, að fara skuli eftir ákvæðum 11. kafla kjarasamnings aðila um samstarfsnefnd, þar til nýr samningur hefur verið gerður. Verður stefnda gert að greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst kr. 80.000, og hefur þá verið tekið tillit til virðisaukaskattsskyldu málflutningsþóknunar.

Dómsorð:

Fara skal eftir ákvæðum 11. kafla kjarasamnings aðila frá 18. maí 1989, þar til nýr samningur hefur verið gerður.

Stefndi, fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, greiði stefnanda, Félagi íslenskra náttúrufræðinga, kr. 80.000 í málskostnað.

Mánudaginn 26. október 1992.

Nr. 11/1992. **Alþýðusamband Íslands**
f.h. Málm- og skipasmiðasambands Íslands
vegna Félags málmiðnaðarmanna Akureyri
(Inga Þöll Þórgnýsdóttir cand.jur.)
gegn
Vinnuveitendasambandi Íslands
f.h. Málms, samtaka fyrirtækja í málm- og skipaiðnaði vegna
Slippstöðvarinnar h/f
(Jón R. Pálsson hdl.).

Kjarasamningur. Miðlunartillaga. Sératkvæði.

Dómur Félagsdóms.

Mál þetta dæma Auður Þorbergsdóttir, Erla Jónsdóttir, Ingibjörg Benediktsdóttir, Gunnar Guðmundsson og Jón Þorsteinsson.

Málið, sem tekið var til dóms 13. október sl., er höfðað með stefnu þingfestri 22. september sl.

Stefnandi er Alþýðusamband Íslands, Grensásvegi 16, Reykjavík, f.h. Málm- og skipasmiðasambands Íslands, Suðurlandsbraut 30, Reykjavík, vegna Félags málmiðnaðarmanna Akureyri, Skipagötu 14, Akureyri.

Stefndi er Vinnuveitendasamband Íslands, Garðastræti 41, Reykjavík, f.h. Málms, samtaka fyrirtækja í málm- og skipaiðnaði, Hallveigarstíg 2, Reykjavík, vegna Slippstöðvarinnar h/f, Hjalteyrargötu 20, Akureyri.

Dómkröfur stefnanda eru:

1. Að viðurkennt verði með dómi, að miðlunartillaga ríkissáttasemjara frá 26. apríl 1992 við lausn kjaradeilu ASÍ og VSÍ árið 1992 sé gildandi fyrir Slippstöðina h/f gagnvart starfsmönnum í Félagi málmiðnaðarmanna Akureyri.
2. Að dæmt verði, að Slippstöðinni h/f verði gert skylt að uppfylla ákvæði miðlunartillögu um 1,7% hækkun 1. maí sl. og hækkun þá, er varð á orlofsuppbót í ágúst sl.
3. Að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað að mati dómsins.

Dómkröfur stefnda eru:

1. Að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda.
2. Að stefnanda verði gert að greiða stefnda málskostnað að mati dómsins.

Málavextir.

Stefnandi segir málavexti vera þá, að Slippstöðin h/f og Félag málmiðnaðarmanna Akureyri ásamt Félagi verslunar- og skrifstofufólks, Akureyri, Rafvirkjafélagi Norðurlands, Trésmiðafélagi Akureyrar, Verkalýðsfélaginu Einingu og Verkstjórafélagi Akureyrar og nágrennis hafi fyrst gert með sér kjarasamning í mars 1987. Síðan hafi aðilar framlengt samninginn þrem sinnum, í júní 1988, í september 1989 og í apríl 1990. Í þremur síðustu samningum hafi verið uppsagnarákvæði á þá leið, að samningurinn sé til ákveðins tíma og falli þá úr gildi án sérstakrar uppsagnar.

Í samningnum frá september 1989 hafi m.a. verið samið um 2,5% hækkun 31. desember 1989. Samningurinn hafi verið gerður til 1. mars 1990. Þann 2. febrúar s.á. hafi verið undirritaður kjarasamningur milli aðildarsamtaka vinnumarkaðarins, svokallaður þjóðarsáttarsamningur, sbr. dskj. 6. Í þeim samningi hafi verið gert ráð fyrir því, að tvær fyrstu hækkanirnar kæmu ekki til framkvæmda, ef laun hefðu hækkað meira eða jafnt þeim hækkunum frá 31. desember 1989. Í samningi, sem aðilar þessa máls hafi gert með sér í mars 1990, hafi verið tekið tillit til þessa ákvæðis í þjóðarsáttarsamningi. Samningurinn hafi verið gerður til 1. janúar 1992 eða lengur en samningur um þjóðarsátt. Vegna þessa hafi aðilar samið um 2,5% hækkun þann 15. september 1991. Samningurinn hafi fallið úr gildi 1. janúar sl. Á þeim tíma hafi verið í gangi samningaviðræður aðildarsamtaka vinnumarkaðarins. Þann 26. apríl sl. hafi ríkissáttasemjari lagt fram miðlunartillögu til lausnar kjaradeilu. Miðlunartillagan hafi verið borin undir atkvæði í Félagi málmiðnaðarmanna, Akureyri. Atkvæði hafi farið á þann veg, að félagsmenn samþykktu miðlunartillöguna. Engir fyrirvarar hafi verið í miðlunartillögunni um gildi hennar gagnvart Slippstöðinni h/f. Þrátt fyrir það hafi Slippstöðin h/f ekki greitt starfsmönnum 1,7% hækkun á laun, sbr. 3. gr. tillögunnar. Í ágúst sl. hafi starfsmenn Slippstöðvarinnar h/f fengið greidda 7500 kr. orlofsuppbót, en ekki 8000 kr., eins og miðlunartillagan geri ráð fyrir, sbr. 6. gr. tillögunnar.

Fyrirsvarsmenn Slippstöðvarinnar h/f og Vinnuveitendasambands

Íslands hafi hafnað því, að hækkun skv. miðlunartillögu eigi að koma á laun starfsmanna, þar sem framkvæmdanefnd VSÍ hafi ekki samþykkt kjarasamning milli Slippstöðvarinnar h/f og ofangreindra félaga, og því hafi Vinnuveitendasamband Íslands ekki átt aðild að kjarasamningnum, sem féll úr gildi 1. janúar sl., og hann sé því gildislaus gagnvart Vinnuveitendasambandi Íslands. Þar sem miðlunartillagan hafi einungis falið í sér framlengingu síðast gildandi kjarasamninga ASÍ og VSÍ, hafi kjarasamningur milli Slippstöðvarinnar h/f og félaganna ekki framlengst með miðlunartillögunni, og miðlunartillagan sé því gildislaus gagnvart starfsmönnum Slippstöðvarinnar h/f.

Árangurslausir fundir hafi verið haldnir með aðilum, og því sé Alþýðusamband Íslands til knúið að fá dóm Félagsdóms vegna ágreiningsins.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Stefnandi höfðar málið á grundvelli 2. tl. 1. mgr. 44. gr. laga nr. 80/1938 og byggir kröfugerð sína á því, að þar sem Félag málmiðnaðarmanna, Akureyri, hafi samþykkt miðlunartillögu ríkissáttasemjara, sé miðlunartillagan gildandi fyrir Slippstöðina h/f gagnvart starfsmönnum í Félagi málmiðnaðarmanna, Akureyri, og því eigi umrædd 1,7% hækkun að koma til framkvæmda á laun félagsmanna í Slippstöðinni h/f ásamt hækkun á orlofsuppbót.

Stefnandi telur, að það sé Slippstöðvarinnar h/f að falast eftir samþykki Vinnuveitendasambands Íslands hvað verðar gildi samningsins milli Slippstöðvarinnar h/f og stéttarfélaganna gagnvart Vinnuveitendasambandinu. Forsvarsmenn Slippstöðvarinnar h/f hafi aldrei tilkynnt hlutaðeigandi stéttarfélögum, að samningurinn hafi ekki verið samþykktur af Vinnuveitendasambandinu. Á þeim fimm árum, sem kjarasamningur aðila hafi verið í gildi, hafi það aldrei komið til umræðu, að samningnum hafi verið hafnað af framkvæmdanefnd VSÍ. Unnið hafi verið eftir samningnum í einu og öllu, og í síðasta samningi frá 1990 hafi ekki verið fyrirvari um samþykki Vinnuveitendasambandsins. Félögin, sem stóðu að samningnum, og Slippstöðin h/f hafi jafnframt alltaf verið í þeirri trú, að samningurinn væri gildur gagnvart VSÍ.

Með 1. og 2. tl. 2. gr. þjóðarsáttar um, að ekki komi til hækkun skv. töluliðunum, ef laun hafi hækkað jafnt eða meira þeim hækkunum frá og með 31. desember 1989, megi leiða að því líkur, að

Vinnuveitendasambandið hafi sérstaklega verið að girða fyrir frekari hækkanir hjá Slippstöðinni h/f, þar sem fáir eða engir aðrir samningar á vinnumarkaðnum hafi falið í sér hækkun þann 31. desember 1989. Ef svo sé, virðist Vinnuveitendasambandið hafa talið samninginn gildandi gagnvart VSÍ á þeim tíma.

Í miðlunartillögu ríkissáttasemjara í apríl 1992 hafi verið gert ráð fyrir 1,7% hækkun 1. maí sl. Tillagan hafi ekki gert ráð fyrir því, að skerða ætti þessa hækkun, ef hækkanir hefðu orðið umfram síðasta heildarsamning aðila vinnumarkaðarins í kjarasamningum stéttarfélaga við einstaka atvinnurekendur, eins og gert hafi verið ráð fyrir í þjóðarsáttarsamningi. Í miðlunartillögunni séu greind starfssvið, sem miðlunartillagan taki ekki til, þ.e. í ál-, áburðar-, sements-, járnblendi-, steinullar- og kísilverksmiðjum, en Slippstöðin h/f á Akureyri sé þar ekki tilgreind.

Stefnandi telur engum vafa undirorpið, að þar sem Félag málmiðnaðarmanna, Akureyri, hafi samþykkt miðlunartillöguna, og samkvæmt henni framlengist allir síðastgildandi samningar, eigi miðlunartillagan að vera gildandi fyrir Slippstöðina h/f gagnvart starfsmönnum hennar. Í 13. gr. miðlunartillögunnar segi enn fremur, að tillagan öðlist samningsgildi við samþykkt viðkomandi stéttarfélags og hlutaðeigandi samtaka vinnuveitenda.

Jafnframt vísar stefnandi til þeirrar meginreglu, að kjarasamningur bindi alla, sem aðild eiga að honum, alla, sem vinna þau störf, sem samningurinn nær til á samningssvæðinu.

Stefnandi telur, að orlofsuppbót sé eingreiðsla, sem samið sé um hverju sinni og koma eigi til framkvæmda á vissum tíma. Stefnandi skorar á stefnda að skýra frá því, eftir hvaða kjarasamningi orlofsuppbót árið 1992 hafi verið greidd, fyrst stefndi dragi í efa gildi miðlunartillögu gagnvart starfsmönnum Slippstöðvarinnar h/f.

Um lagarök vísar stefnandi til 1. gr. laga nr. 55/1980, laga nr. 80/1938, miðlunartillögu ríkissáttasemjara 1992 og samþykkis Félags málmiðnaðarmanna, Akureyri, á miðlunartillögu ríkissáttasemjara frá 29. maí 1992.

Málsástæður og lagarök stefnda.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að enginn kjarasamningur hafi komist á eða sé í gildi milli stefnanda, Félags málmiðnaðarmanna á Akureyri og stefnda, Slippstöðvarinnar, sem veiti stefnanda þær launahækkanir, sem hann geri kröfu til í þessu máli.

Samþykki stefnanda við miðlunartillögu sáttasemjara í lok maí 1992 hafi verið hrein markleysa og þýðingarlaus gagnvart stefnda. Líta verði á samþykki stefnanda við miðlunartillögunni þann 29. maí 1992 sem tilboð til stefnda um efni nýs kjarasamnings aðila. Þessu tilboði hafi stefndi algjörlega hafnað með vísun til þess, að stefnandi hafi þegar fengið meiri hækkanir heldur en fólust í miðlunartillögu sáttasemjara.

Kröfur stefnanda hafi ekki nokkra stoð í miðlunartillögu sáttasemjara, þ.e. texta hennar og tilurð.

Málm- og skipasmiðasamband Íslands, sem er landssamband innan ASÍ, hafi ekki verið aðili að miðlunartillögu sáttasemjara frá 26. apríl 1992. Félag málmiðnaðarmanna á Akureyri sé aðili að Málm- og skipasmiðasambandi Íslands, sbr. félagaskrá Alþýðusambands Íslands. Tvö aðildarfélög Málm- og skipasmiðasambandsins hafi hins vegar með vitund og vilja VSÍ gerst aðilar að miðlunartillögu sáttasemjara. Þess vegna sé þessara félaga getið í 1. gr. miðlunartillögunnar, enda sé það óumdeilt, að tillagan gildi um þessi tvö aðildarfélög Málm- og skipasmiðasambands Íslands, eftir að félögin og VSÍ samþykktu miðlunartillöguna. Félags málmiðnaðarmanna á Akureyri sé hins vegar ekki getið í miðlunartillögunni, ekki frekar en Félags járniðnaðarmanna í Reykjavík, sem óumdeilt sé, að var ekki aðili að miðlunartillögunni.

Bréf ríkissáttasemjara frá 16. september 1992 staðfesti þennan skilning stefnda, að Félag málmiðnaðarmanna á Akureyri hafi ekki verið aðili að miðlunartillögunni, sem hann lagði fram. Það hafi verið sáttasemjari, sem lagði fram miðlunartillögurnar með stoð í 8. gr. laga nr. 33/1978, eftir að hafa ráðgast við aðila kjaradeilunnar.

Fullyrðingar stefnanda um það, að miðlunartillaga sáttasemjara hafi verið „fyrirvaralaus", sé því út í bláinn, því að þau félög og sambönd, sem tillagan átti að gilda fyrir, hafi verið rækilega tilgreind í tillögunni, enda hafi slíkt verið nauðsynlegt samkvæmt 8. gr. laganna.

Málm- og skipasmiðasamband Íslands hafi á hinn bóginn verið aðili að febrúarsamningnum frá 1990, sbr. dskj. 6. Í 1. gr. 2. mgr. þess samnings hafi þau félög og sambönd, sem að samningnum stóðu, lofað að gera sitt ýtrasta til þess að fá framlengda þá kjarasamninga, sem þá voru í gildi, með þeim ákvæðum og efni, sem

í febrúarsamningnum fælust. Þetta ákvæði hafi því tekið til kjarasamnings Slippstöðvarinnar frá 29. september 1989, en gildistími hans hafi verið til 1. mars 1990.

Þetta loforð hafi ekki verið efnt. Félag málmiðnaðarmanna á Akureyri hafi ekki viljað gangast afdráttarlaust undir þá skilmála, sem fólust í febrúarsamningnum, og hafi knúið stjórnendur fyrirtækisins til að gera sérstakan kjarasamning þann 5. apríl 1990. Þessi kjarasamningur hafi ekki verið sendur embætti ríkissáttasemjara, eins og skylt hafi verið samkvæmt 4. gr. l. nr. 33/1978 um sáttastörf í vinnudeilum.

Miðlunartillaga sáttasemjara hafi í raun verið 7 tillögur, sem allar hafi verið efnislega samhljóða, í fyrsta lagi miðlunartillaga í kjaradeilu VSÍ og tilgreindra landssambanda ASÍ og einstakra félaga. Hinar miðlunartillögurnar 6 hafi verið lagðar fram í þeim 6 fyrirtækjum, þar sem VSÍ hafi gert sérkjarasamninga við stéttarfélög starfsmanna. Ef Vinnuveitendasambandi Íslands hefði verið kunnugt um, að í gildi væri sérstakur kjarasamningur við starfsmenn í Slippstöðinni h/f, hefði það verið sérstaklega rætt og sérstök miðlunartillaga lögð fram vegna þess fyrirtækis. Ef VSÍ hefði verið ósátt við efni þeirrar tillögu, hefði hún einfaldlega verið felld eins og miðlunartillagan í kjaradeilu ÍSAL.

Tilgangur miðlunartillagna sáttasemjara hafi verið að veita þeim stéttarfélögum, sem aðilar voru að kjarasamningi ASÍ/VSÍ frá 1. febrúar 1990 eða höfðu tekið efni hans upp í sérkjarasamninga sína, þær launahækkanir, sem í miðlunartillögunni fólust.

Óumdeilt sé í málinu, að samningur Slippstöðvarinnar h/f frá 5. apríl 1990 hafi verið bindandi fyrir fyrirtækið. Samningurinn hafi hins vegar ekki verið bindandi gagnvart Vinnuveitendasambandi Íslands, enda hafi það ekki verið aðili að samningsgerðinni, eins og ljóst sé af efni samningsins og undirskriftum. Fráleitt sé að halda því fram, að með miðlunartillögu sáttasemjara, sem VSÍ/ASÍ hafi verið aðilar að, hafi VSÍ verið að framlengja kjarasamning Slippstöðvarinnar h/f frá 5. apríl 1990, sem hvorki VSÍ né ASÍ voru aðilar að.

Því er mótmælt sem þýðingarlausu og málinu óviðkomandi, hafi starfsmenn Slippstöðvarinnar h/f fórnað einhverjum ávinningi, þegar þeir undirrituðu kjarasamning þann 5. apríl 1990.

Um frekari rökstuðning fyrir sýknukröfu stefnda er vísað til

bráðabirgðalaga nr. 89/1990 um launamál og bráðabirgðalaga nr. 66/1992 um breyting á lögum um Kjaradóm nr. 92/1986 með síðari breytingum.

Málskostnaðarkrafa er rökstudd með vísan til 65. gr., sbr. 69. gr. l. nr. 80/1938. Jafnframt er vísað til 45. og 63. gr. sömu laga.

Niðurstaða.

Ríkissáttasemjari lagði fram miðlunartillögu í kjaradeilu Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands hinn 26. apríl 1992. Málsaðilar tóku ekki þátt í þeim samningaviðræðum. Samkvæmt upphafsorðum miðlunartillögunnar var hún til lausnar kjaradeilu Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands, Vinnumálasambands samvinnufélaganna, Meistara- og verktakasambands byggingamanna, Reykjavíkurborgar, Kópavogskaupstaðar og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs.

Í bréfi ríkissáttasemjara til Vinnuveitendasambands Íslands, dags. 16. sept. 1992, segir að Félag málmiðnaðarmanna, Akureyri, og Verkstjórafélag Norðurlands hafi ekki verið aðilar að miðlunartillögunni, jafnframt, að embættinu hafi ekki borist tilkynningar um atkvæðagreiðslu hjá Slippstöðinni á Akureyri.

Í bréfi ríkissáttsemjara til lögmanns stefnanda, dags. 5. okt. 1992, segir, að meðfylgjandi bréf, dags. 26. apríl 1992, sem sent var út af Alþýðusambandi Íslands, sé frá embætti ríkissáttasemjara. Félag málmiðnaðarmanna, Akureyri, hafi upphaflega ekki verið aðili að miðlunartillögu ríkissáttasemjara 26. apríl 1992, en með vísun til framangreindra bréfa hafi félagið gerst aðili að tillögunni. Tekið er fram, að embætti ríkissáttasemjara hafi ekki fengið senda samninga við Slippstöðina h/f á Akureyri árin 1987-1992.

Framangreint bréf, dags. 26. apríl 1992, er svohljóðandi:

„Sent þeim félögum innan ASÍ, sem ekki hafa átt aðild að samningaviðræðum.

Ríkissáttasemjari hefur í dag lagt fram miðlunartillögu í kjaradeilu þorra aðildarfélaga ASÍ og BSRB við atvinnurekendur.

Þann 24.4. sl. vísuðu VSÍ og VMS öllum deilumálum sínum við aðildarfélög ASÍ til ríkissáttasemjara og þar með ykkar deilu. Að höfðu samráði við forsvarsmenn samninganefnda ASÍ, VSÍ og VMS ákvað ríkissáttasemjari að leggja fram tillöguna einungis gagnvart þeim félögum, sem átt hafa aðild að samningaviðræðunum. Við frágang málsins gafst ekki tími til að yfirfara málin með ykkur né

öðrum þeim félögum, sem utan samflotsins eru. Þrátt fyrir það þykir rétt að gefa öllum aðildarfélögum Alþýðusambandsins færi á að taka afstöðu til tillögunnar, ef þau óska þess. Er hún hér með send félaginu og stjórn þess látin eftir ákvörðun um það, hvort tillagan verður tekin til afgreiðslu í félaginu.

Ákveði félagið að bera tillöguna undir atkvæði, fer atkvæðagreiðsla fram eftir þeim reglum, sem gilda um afgreiðslu miðlunartillögunnar hjá þeim félögum, sem henni er beint að, sbr. ákvæði þar um í tillögunni sjálfri, að öðru leyti en því, er varðar dagsetningar atkvæðagreiðslu og atkvæðatalningar.

Ákveði félagið að bera tillöguna ekki undir atkvæði, hefur það engin áhrif á stöðu félagsins varðandi samningaviðræður.

Hyggist félagið bera tillöguna undir atkvæði, ber að tilkynna ríkissáttasemjara það fyrir 1. júní n.k.“

Í bréfi Félags málmiðnaðarmanna, Akureyri, til ríkissáttasemjara, dags. 29. maí 1992, kemur fram, að kosning um miðlunartillögu ríkissáttasemjara, sem hann lagði fram 26. apríl 1992, hafi farið fram hjá Félagi málmiðnaðarmanna, Akureyri, 28. og 29. maí 1992 og atkvæði fallið þannig, að miðlunartillagan var samþykkt.

2. gr. miðlunartillögunnar er svohljóðandi:

„Allir síðast gildandi kjarasamningar aðila framlengjast til 1. mars 1993 með þeim breytingum og fyrirvörum, sem í samningi þessum felast.“

Síðasti kjarasamningur Félags málmiðnaðarmanna Akureyri og Slippstöðvarinnar h/f, þ.e. samningurinn frá 5. apríl 1990, var ekki samþykktur af VSÍ og ekki sendur embætti ríkissáttasemjara, sbr. 4. gr. l. nr. 33/1978.

Í framangreindu dreifibréfi frá 26. apríl sl. kemur fram, að öllum aðildarfélögum Alþýðusambands Íslands sé gefið færi á að taka afstöðu til tillögunnar, óski þau þess. Framangreint orðalag ber ekki með sér, að niðurstaða atkvæðagreiðslunnar sé skuldbindandi fyrir stefnda. Í bréfi Vinnuveitendasambands Íslands til Slippstöðvarinnar frá 14. júlí 1992 segir m.a.:

„Það kemur skýrt fram í texta 1. gr. sáttatillögunnar, að hún framlengir einungis síðustu gildandi kjarasamninga aðila. Vinnuveitendasamband Íslands og Alþýðusamband Íslands eru aðilar þessarar sáttatillögu.

Kjarasamningur, sá sem Slippstöðin h/f og tilgreind stéttarfélög

gerðu þann 4. apríl 1990, er gildislaus gagnvart Vinnuveitendasambandi Íslands, eins og áður hefur verið rakið. Þessi kjarasamningur var því ekki framlengdur með sáttatillögunni frá 26. apríl sl., því að Vinnuveitendasambandið átti enga aðild að fyrrgreindum kjarasamningi."

Með vísan til þess, sem hér hefur verið rakið, þykir verða að líta á samþykki Félags málmiðnaðarmanna á Akureyri við miðlunartillögu ríkissáttasemjara sem samningstilboð, sem stefndu hafa hafnað.

Ber því að taka sýknukröfu stefnda til greina.

Eftir atvikum þykir rétt, að hvor aðili um sig beri sinn kostnað af málinu.

Dómsorð:

Stefndi, Vinnuveitendasamband Íslands f.h. Málms, samtaka fyrirtækja í málm- og skipaiðnaði, vegna Slippstöðvarinnar h/f, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Alþýðusambands Íslands f.h. Málm- og skipasmiðasambands Íslands vegna Félags málmiðnaðarmanna Akureyri, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Sératkvæði
Jóns Þorsteinssonar.

Ríkissáttasemjari lagði fram miðlunartillögu í kjaradeilu Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands hinn 26. apríl 1992. Tillagan beindist að tilgreindum landssamböndum og félögum innan ASÍ, en þar á meðal var eigi stefnandi þessa máls, Félag málmiðnaðarmanna á Akureyri. Þessi miðlunartillaga grundvallaðist í reynd á samkomulagi milli ASÍ og VSÍ um lausn deilunnar, en ekki á hugmyndum ríkissáttasemjara. Atkvæðagreiðslum um miðlunartillöguna skyldi lokið fyrir 6. maí 1992.

Utan miðlunartillögunnar stóðu einnig allmörg stéttarfélög innan ASÍ, sem ekki höfðu tekið þátt í almennum samningaviðræðum, en flest þessara félaga höfðu borið fram sérkröfur. Jafnhliða samkomulaginu um miðlunartillöguna var því samið um, hvernig leysa mætti kjaradeilur þessara félaga. Var það gert með þeim hætti, að

Alþýðusamband Íslands sendi út dreifibréf til félaganna, samið af ríkissáttasemjara, þar sem þessum félögum var gefinn kostur á að taka með atkvæðagreiðslu afstöðu til miðlunartillögunnar, ef þau óskuðu þess. Atkvæðagreiðslum átti að ljúka fyrir 1. júní 1992, og áttu þær að lúta sömu reglum sem gilda um formlegar miðlunartillögur.

Í þessu dreifibréfi fólst í raun réttri tilboð frá Vinnuveitendasambandi Íslands til þeirra félaga innan Alþýðusambands Íslands, sem hlut áttu að máli, um að ljúka kjaradeilum sínum með því að fallast á miðlunartillöguna. Einkum var þetta ljóst eftir 6. maí 1992, þegar framkvæmdastjórn VSÍ hafði samþykkt miðlunartillöguna í atkvæðagreiðslu.

Í dreifibréfinu er fram tekið, að Vinnuveitendasamband Íslands hafi hinn 24. apríl 1992 vísað „öllum deilumálum sínum við aðildarfélög ASÍ til ríkissáttasemjara". Enn fremur segir þar, að rétt þyki „að gefa öllum aðildarfélögum Alþýðusambands Íslands færi á að taka afstöðu til tillögunnar, ef þau óska þess". Félag málmiðnaðarmanna á Akureyri var þannig í hópi þeirra félaga, sem nutu þessa boðskapar, en í dreifibréfinu var ekki gerður neinn fyrirvari um innihald síðastgildandi samninga viðkomandi stéttarfélaga. Því er svo við að bæta, að í bréfi ríkissáttasemjara frá 5. október 1992 staðfestir hann með tilvísun til dreifibréfsins, að Félag málmiðnaðarmanna á Akureyri hafi gerst aðili að miðlunartillögunni.

Líta verður svo á, að á sl. vori hafi Félag málmiðnaðarmanna á Akureyri átt í kjaradeilu við Vinnuveitendasamband Íslands um kaup og kjör járniðnaðarmanna hjá Slippstöðinni á Akureyri, sem er aðili sambandsins. Síðasti samningur félagsins við Slippstöðina h/f rann út í árslok 1991. Eðlilegt var, að nýr samningur yrði gerður við Vinnuveitendasamband Íslands, sem hefur samningsrétt fyrir alla sambandsaðila. Það breytir eigi þessu viðhorfi, þótt Slippstöðin h/f hafi á undanförnum árum vanrækt að leita staðfestingar VSÍ á gerðum kjarasamningum.

Félag málmiðnaðarmanna á Akureyri samþykkti miðlunartillöguna samkvæmt tilboðinu í dreifibréfinu við allsherjaratkvæðagreiðslu innan félagsins, sem fram fór dagana 28. og 29. maí 1992. Viðurkennt er, að með þessari samþykkt hlutu félagsmenn þær kjarabætur, er fólust í miðlunartillögunni, hjá öðrum vinnuveitendum en Slippstöðinni h/f. Með skírskotun til röksemda hér að

framan verður að líta svo á, að málmiðnaðarmenn hjá Slippstöðinni h/f. eigi rétt á að njóta sömu kjarabóta og aðrir félagsmenn. Er sú niðurstaða í bestu samræmi við meginstefnuna um samflot, heildarlausn og sömu kjarabætur fyrir alla, sem ríkjandi var í vinnudeilum ASÍ og VSÍ á sl. vori.

Það leiðir af þessari niðurstöðu, að taka ber kröfur stefnanda í málinu til greina nema kröfuna um málskostnað, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Þriðjudaginn 15. desember 1992.

Nr. 13/1992. **Launanefnd sveitarfélaga v/Hafnarfjarðarbæjar**
(Gunnar Eydal hrl.)
gegn
Fóstrufélagi Íslands
(Gestur Jónsson hrl.).

Kjarasamningur. Fóstrur.

Dómur Félagsdóms.

Mál þetta dæma Auður Þorbergsdóttir, Björn Helgason, Ingibjörg Benediktsdóttir, Eiríkur Helgason og Gísli Gíslason.

Mál þetta, sem dómtekið var 1. des. sl., er höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu út gefinni 6. nóvember sl.

Stefnandi er Launanefnd sveitarfélaga, Háaleitisbraut 11 - 13, Reykjavík, vegna Hafnarfjarðarbæjar, Strandgötu 6, Hafnarfirði.

Stefndi er Fóstrufélag Íslands, Grettisgötu 89, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að viðurkennt verði með dómi, að með undirritun kjarasamnings Launanefndar sveitarfélaga f.h. viðkomandi sveitarfélaga og Fóstrufélags Íslands 12. ágúst 1992 og staðfestingu bæjarráðs Hafnarfjarðar á þeim samningi 20. ágúst 1992 og með samþykki meiri hluta viðkomandi félagsmanna í

Fóstrufélags Íslands í leynilegri atkvæðagreiðslu um samninginn 17. - 24. s.m., hafi stofnast kjarasamnigur milli Launanefndar sveitarfélaga vegna Hafnarfjarðarbæjar og Fóstrufélags Íslands. Jafnframt krefst stefnandi málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá LMFÍ úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og að viðurkennt verði með dómi, að ekki sé í gildi kjarasamningur milli Fóstrufélags Íslands og Hafnarfjarðarbæjar. Jafnframt krefst stefndi málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati dómsins og að við málskostnaðarákvörðunina verði tekið tillit til kostnaðar stefnda af virðisaukaskatti af keyptri lögmannsþjónustu.

Málavextir.

Málavextir eru þeir, að 12. ágúst 1992 var undirritaður kjarasamningur milli Fóstrufélags Íslands annars vegar og Launanefndar sveitarfélaga f.h. tiltekinna sveitarfélaga hins vegar. Meðal sveitarfélaganna var Hafnarfjarðarbær. Af hálfu Launanefndar sveitarfélaga var samningurinn undirritaður með fyrirvara um samþykki viðkomandi sveitarfélaga. Af hálfu Fóstrufélags Íslands var samningurinn undirritaður með fyrirvara um samþykki félagsmanna í viðkomandi sveitarfélögum.

Samningi þessum fylgdu tvær bókanir. Bókun II er svohljóðandi:

„Samninganefnd Fóstrufélags Íslands og Launanefnd sveitarfélaga eru sammála um að vísa til úrskurðar félagsdóms, hvernig standa ber að atkvæðagreiðslu um kjarasamning aðila á grundvelli laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna nr. 94/1986, gildandi samþykkta fyrir Fóstrufélag Íslands og gildandi samþykkta fyrir Launanefnd sveitarfélaga."

Samningurinn var samþykktur af öllum þeim sveitarstjórnum, sem aðild eiga að Launanefndinni.

Samningurinn var borinn undir atkvæði hjá félagsmönnum stefnda í þeim sveitarfélögum, sem eiga aðild að Launanefnd sveitarfélaga. Niðurstöður atkvæðagreiðslunnar urðu þær, að samningurinn var samþykktur í öllum sveitarfélögunum nema Hafnarfjarðarbæ. Þar voru 44 á kjörskrá. Atkvæði greiddu 36, já sögðu 0, nei sögðu 34, auður seðill 1 og ógildur 1. Heildartala þeirra, sem voru á kjörskrá í öllum sveitarfélögunum, var 293. Atkvæði greiddu 218, já sögðu 158, nei sögðu 52.

Að mati stefnanda er litið svo á, að kjarasamningur hafi komist

á milli aðila, með því, að samningurinn hafi verið samþykktur af Hafnarfjarðarbæ og með meiri hluta atkvæða félaga í Fóstrufélaginu, ef atkvæði eru talin sameiginlega hjá fóstrum í öllum sveitarfélögum, sem aðild eiga að Launanefndinni.

Að mati stefnda er litið svo á, að kjarasamningar hafi stofnast milli Fóstrufélags Íslands og einstakra sveitarfélaga, þar sem annars vegar sveitarstjórnin hefur samþykkt samninginn og hins vegar meiri hluti félagsmanna Fóstrufélags Íslands, sem hjá sveitarfélaginu starfar, hefur samþykkt samninginn. Meiri hluti félaga stefnda, sem starfar hjá Hafnarfjarðarbæ, hafi fellt kjarasamninginn, og því sé enginn kjarasamningur í gildi milli stefnda og Hafnarfjarðarbæjar.

Þessi ágreiningur aðila er hér til úrlausnar.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Af hálfu stefnanda er vísað til ákvæða í 18. gr. laga stefnda, þar sem segir í 4. mgr., að samninganefndir skuli bera nýjan kjarasamning undir atkvæðagreiðslu viðkomandi félagsmanna. Með bréfi stefnda frá 14. janúar 1991 hafi stefnanda verið tilkynnt, að haustþing stefnda hefði gert samþykkt um túlkun á lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna, þar sem segi, að Fóstrufélag Íslands álykti, að halda beri fast við þá túlkun félagsins um lög um kjarasamninga opinberra starfsmanna nr. 94/1986, að greiða skuli atkvæði og telja hjá hverjum vinnuveitanda fyrir sig um kjarasamninga.

Niðurstaða atkvæðagreiðslu skuli gilda gagnvart viðkomandi vinnuveitanda. Samninganefnd Launanefndar sveitarfélaga hafi því mótmælt þessari túlkun í samningaviðræðum um gerð kjarasamninga sama ár. Stefnandi bendir jafnframt á, að í lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna nr. 94/1986 segi ekkert um, hvernig með skuli fara atkvæðagreiðslu eða staðfestingu stéttarfélags á kjarasamningi, og sé því samþykkt þessi á misskilningi byggð og ekki marktæk. Sé hins vegar átt við túlkun á lögum stefnda, væri rétt, að slíkar ályktanir væru gerðar á vorfundi fulltrúaráðs félagsins, sem í reynd sé aðalfundur félagsins skv. 8. gr. félagslaga. Á þeim fundi skuli fjalla um lagabreytingar og þá einnig stefnumarkandi túlkun á lögunum. Á haustfundi fulltrúaráðs sé hins vegar mörkuð stefna til skamms tíma, sbr. sömu grein.

Félagið hafi í reynd komið fram sem einn samningsaðili við gerð eins kjarasamnings, og slík tilhögun á atkvæðagreiðslu, sem við-

höfð var, sé andstæð þeirri meginreglu, að einfaldur meiri hluti þeirra, sem samningurinn nái til, taki ákvörðun um gildi hans. Með þeirri aðferð, sem viðhöfð var við talningu atkvæða um samninginn, sé í reynd litið svo á, að um þrjátíu og þrjá kjarasamninga sé að ræða í stað eins. Athygli veki, að í níu sveitarfélögum sé aðeins einn félagsmaður á kjörskrá, og telji stefnandi, að það samrýmist ekki hinu félagslega „kollektíva" eðli kjarasamningsins, að stéttarfélag geti gert sjálfstæðan kjarasamning fyrir einn starfsmann, sem síðan greiði um hann atkvæði í leynilegri atkvæðagreiðslu. Verði samningurinn felldur af þessum eina starfsmanni, væri eftir skilningi stefnda heimilt að boða verkfall vegna þessa starfsmanns á grundvelli 3. kafla laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna að undangenginni almennri leynilegri atkvæðagreiðslu skv. 15. gr. laganna, þar sem sá hinn sami maður stæði einn á kjörskrá. Með slíku fyrirkomulagi sé ekki um leynilega atkvæðagreiðslu að ræða, og slíkt samræmist ekki meginreglum laga nr. 94/1986 og ekki heldur meginreglum vinnuréttarins. Því beri að líta svo á, að um einn kjarasamning sé að ræða og að samningurinn hafi verið samþykktur í allsherjaratkvæðagreiðslu viðkomandi félagsmanna með 158 atkvæðum gegn 52. Í atkvæðagreiðslu um kjarasamning stefnda og stefnanda frá 2. febrúar 1990 hafi niðurstaða orðið svo, að í Höfðahreppi var einn starfsmaður á kjörskrá, og hann greiddi atkvæði gegn samningunum. Ekki hafi orðið af því frekari eftirmálar, og samningurinn hafi engu að síður komið óbreyttur til framkvæmda á þeim stað gagnvart viðkomandi félagsmanni.

Gerð kjarasamninga sé að öllu leyti í höndum Launanefndar sveitarfélaga gagnvart þeim aðilum, sem nefndinni hafa gefið umboð til gerðar kjarasamnings skv. 5. gr. Sé aðilum, sem slíkt umboð gefi, sbr. 6. gr. samþykkta fyrir Launanefnd sveitarfélaga, óheimilt að hafa afskipti af samningagerðinni án milligöngu launanefndar. Skv. 3. mgr. 4. gr. séu kjarasamningar undirritaðir með fyrirvara um staðfestingu viðkomandi aðila sjálfs, en í því felist, að aðila, sveitarstjórn, sem gefið hafi launanefnd umboð til gerðar kjarasamninga, sé einungis heimilt að samþykkja samning eða hafna, en honum sé óheimilt að gera nokkrar breytingar á gerðum kjarasamningi. Þessi fyrirvari breyti engu um, að líta beri á Launanefnd sveitarfélaga sem einn samningsaðila, sem í tilfelli því, sem hér um ræðir, hafi gert einn kjarasamning við stefnda,

en ekki 33 samninga, eins og leiða myndi af túlkun stefnda, yrði hún lögð til grundvallar.

Í lögum nr. 94/1986 sé ekki að finna nein ákvæði um atkvæðagreiðslu félagsmanna um kjarasamning, og slík ákvæði sé eigi að finna heldur í lögum nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur. Í 9. gr. laga nr. 33/1978 um sáttastörf í vinnudeilum sé hins vegar að finna ákvæði um atkvæðagreiðslu um miðlunartillögu ríkissáttasemjara. Samkvæmt 1. mgr. sé heimilt, að atkvæðagreiðsla taki eingöngu til sérstakrar deildar eða starfsgreinar, en það sé þó einungis heimilt, ef ágreiningur snerti aðeins viðkomandi deild eða starfsgrein. Ákvæði 9. gr. gangi að öðru leyti í þá veru, að heimilt sé sáttasemjara að ákveða, að atkvæðagreiðsla taki eingöngu til sérstakrar deildar eða starfsgreinar, en það sé þó einungis heimilt, ef ágreiningur snerti aðeins viðkomandi deild eða starfsgrein. Ákvæði 9. gr. gangi að öðru leyti í þá veru, að heimilt sé sáttasemjara að ákveða, að atkvæðagreiðsla og talning atkvæða fari fram í sameiningu hjá fleiri félögum eða samböndum, sem miðlunartillagan nær til. Jafnvel sé heimilt skv. 4. mgr. 9. gr. að efna til sameiginlegrar atkvæðagreiðslu, þótt fleiri en ein miðlunartillaga sé borin fram. Miðlunartillaga jafngildi kjarasamningi með þeim hætti, að kjarasamningur teljist kominn á, sé miðlunartillaga samþykkt. Því sé rétt við atkvæðagreiðslu um kjarasamning að hafa hliðsjón af ákvæðum 9. gr. laga nr. 33/1978, en þar sé meginregla, að heimilt sé, að atkvæðagreiðsla nái til fleiri, jafnvel óskyldra aðila, en aldrei sé heimilt að skipta stéttarfélagi í fleiri einingar við talningu atkvæða.

Málsástæður og lagarök stefnda.

Af hálfu stefnda er á því byggt, að ekki hafi stofnast kjarasamningur milli Launanefndar sveitarfélaga annars vegar og Fóstrufélags Íslands hins vegar f.h. allra félaga stefnda, sem starfa hjá sveitarfélögum, sem aðild eiga að Launanefnd sveitarfélaga.

Stefndi telur, að stofnast hafi kjarasamningur milli Fóstrufélags Íslands og einstakra sveitarfélaga fyrir hönd þeirra félaga í stefnda, sem starfa hjá viðkomandi sveitarfélögum. Kjarasamningarnir séu því margir, en sama efnis. Þannig hafi stofnast sérstakur kjarasamningur við Akureyrarbæ, Keflavík o.s.frv. Þetta gildi þó ekki milli stefnda og Hafnarfjarðarbæjar, því að þótt Hafnarfjarðarbær hafi samþykkt samninginn fyrir sitt leyti, þá hafi meiri hluti félags-

manna stefnda, sem starfa hjá Hafnarfjarðarbæ, fellt samninginn. Þessi niðurstaða eigi beina lagastoð í 1. mgr. 23. gr. laga nr. 94/1986, en þar segi, að ákvarðanir um kjarasamninga verði einungis teknar af þeim, sem starfi hjá þeim vinnueitanda eða vinnuveitendum, sem samningurinn tekur til.

Ef um einn samning hefði verið að ræða, hefði þurft að taka afstöðu til hans sameiginlega af öllum þeim sveitarfélögum, sem samningurinn nær til. Það hafi ekki verið gert, heldur hafi sveitarfélögin tekið afstöðu til samningsins hvert í sínu lagi, þ.e. þau hafi haldið valdinu til kjarasamningsgerðar hvert hjá sér.

Kröfugerð stefnanda sé í andstöðu við lög nr. 94/1986. Í 3. mgr. 3. gr. laganna komi fram, að sveitarstjórnir fari með fyrirsvar sveitarfélaga, að því er varðar kjarasamninga við starfsmenn sína. Þetta sé grundvallarregla, sem gildi, ef ekki er beinlínis vikið frá henni með löglegum hætti. Í 4. mgr. sömu greinar sé heimild til sveitarfélaga til þess að hafa með sér tiltekna samvinnu um samningsgerð. Launanefnd sveitarfélaga sé vettvangur sveitarfélaganna fyrir þessa samvinnu. Heimild Launanefndar sveitarfélaga til þess að gera kjarasamning sé m.a. háð því lögbundna skilyrði, að sveitarstjórnirnar gefi launanefndinni endanlegt samningsumboð sitt. Það hafi ekki verið gert. Ákvörðunarrétturinn um kjarasamninginn sé hjá einstökum sveitarstjórnum. Hlutverk launanefndarinnar sé einungis að annast samningsgerðina fyrir hvert og eitt sveitarfélag, en sveitarstjórnirnar taki ákvörðun hver fyrir sig. Launanefndin geti þannig ekki gert kjarasamning fyrir einstök sveitarfélög án eftirfarandi staðfestingar þeirra á samningnum.

Hlutverk launanefndarinnar samkvæmt samþykktum hennar sé ljóslega fyrst og fremst að samræma afstöðu sveitarfélaganna innbyrðis gagnvart stéttarfélögum í kjarasamningsgerðinni til þess að reyna að draga úr líkum á því, að kjör starfsmanna í einstökum stéttarfélögum verði mismunandi eftir því, hjá hvaða sveitarfélagi launþegarnir starfa. Slíkur mismunur á kjörum sé líklegur til þess að kalla á stöðugar kröfur um leiðréttingu kjara hjá þeim sveitarfélögum, sem ekki greiða hæstu laun til hverrar stéttar fyrir sig.

Stefndi telur ljóst, að umboð Hafnarfjarðarbæjar til Launanefndar sveitarfélaga nái einungis til þess að taka þátt í viðræðum um kjarasamning, en ekki til þess að gera slíkan samning. Þetta sé í góðu samræmi við hlutverk launanefndarinnar, eins og það

komi fram í 2., 4. og 5. gr. samþykkta Launanefndar sveitarfélaga. Í fram lögðu bréfi Hafnarfjarðarbæjar til Launanefndar sveitarfélaga, dags. 8. október 1991, komi fram, að ósk stefnda um viðræður um nýjan kjarasamning var afgreidd af bæjarráði Hafnarfjarðar „til umfjöllunar" hjá Launanefnd sveitarfélaga.

Af frágangi kjarasamningsins frá 12. ágúst 1992 megi ljóst vera, að verið sé að gera marga kjarasamninga, sem séu eins að efni til. Í upphafi komi fram, að samningurinn (samningarnir) sé milli stefnda annars vegar og Launanefndar sveitarfélaga hins vegar f.h. tiltekinna sveitarfélaga, sem öll eru talin upp. Á venjulegu máli þýði þetta, að stéttarfélagið sé að gera samninga við hvert sveitarfélag fyrir sig, en ekki þann aðila, sem kemur fram fyrir þeirra hönd án umboðs til þess að ganga frá endanlegum kjarasamningi.

Þetta komi enn skýrar fram í aðgangsorðum undirskriftar samningsins, þar sem tekið er fram, að Launanefnd sveitarfélaga geri samninginn með fyrirvara um samþykki viðkomandi sveitarfélaga og stefndi undirriti með fyrirvara um samþykki félagsmanna í viðkomandi sveitarfélögum.

Stefndi telur augljóst, að stefnanda hafi verið eða mátt vera það ljóst, að stefndi hafi talið sig vera að gera kjarasamning fyrir hvert sveitarfélag fyrir sig fyrir hönd þeirra félagsmanna sinna, sem þar starfi.

Kjarasamningur Launanefndar sveitarfélaga og stefnda frá 1990 hafi verið undirritaður með sama hætti og nú. Stefndi hafi borið samninginn undir atkvæði hjá félagsmönnum í hverju sveitarfélagi fyrir sig og tilkynnt launanefndinni niðurstöðu atkvæðagreiðslu í hverju sveitarfélagi fyrir sig.

Það sé meginregla í vinnurétti, að stéttarfélögum sé frjálst að móta eigin reglur í sínum málum, svo lengi sem reglurnar séu ekki í andstöðu við ófrávíkjanlegar réttarreglur. Stefndi hafi því ákvörðunarvald um það, hvernig staðið sé að gerð kjarasamninga, svo lengi sem það stangist ekki á við slíka réttarreglu. Samkvæmt 18. gr. laga stefnda sé heimilt og beinlínis skylt að afgreiða kjarasamninga með þeim hætti, sem gert var. Engin ófrávíkjanleg réttarregla banni slíka framkvæmd. Þessi framkvæmd eigi reyndar beina stoð í 1. mgr. 23. gr. laga nr. 94/1986, sbr. 3. mgr. 3. gr. sömu laga.

Málskostnaðarkrafa stefnda er rökstudd með vísan til 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991.

Varðandi gagnkröfuna er tekið fram af hálfu stefnda, að ólíklegt megi telja, að sýknukrafan feli í sér gagnkröfuna, og því sé hún óþörf. Gagnkrafan sé gerð til þess að taka af allan vafa, ef dómur fellur stefnda í hag. Kröfugerð stefnanda sé eðli málsins samkvæmt flókin og háð mati á nokkrum skilyrðum auk spurningarinnar um aðild í kjarasamningum sveitarfélaga við stefnda. Gagnkrafan breyti ekki grundvelli málsins, eins og stefnandi hafi lagt hann. Því ætti þessi krafa ekki að kalla á nýja greinargerð af hans hálfu. Gagnkrafan feli í sér neikvæða viðurkenningarkröfu um, hvort tiltekið ástand sé fyrir hendi. Slík kröfugerð sé heimil skv. 2. tl. 26. gr. laga nr. 94/1986 og samkvæmt 2. tl. 25. gr. laga nr. 91/1991.

Niðurstaða.

Samkvæmt 3. mgr. 3. gr. laga nr. 94/1986 fara sveitarstjórnir með fyrirsvar sveitarfélags síns, að því er varðar kjarasamninga við starfsmenn sína. Samkvæmt 4. mgr. sömu greinar geta sveitarstjórnir falið sameiginlegri nefnd samningsumboð sitt. Þegar litið er til hlutverks Launanefndar sveitarfélaga, eins og því er lýst í samþykktum fyrir nefndina, sem samþykktar voru 1. júlí 1991, og svo þess, sem fram kemur í fram lagðri fundargerð bæjarráðs Hafnarfjarðar frá 3. september 1992, þykir bera að líta svo á, að launanefndin reki mál þetta vegna Hafnarfjarðarbæjar.

Upphaf kjarasamnings þess, sem undirritaður var á milli stefnda og Launanefndar sveitarfélaga f.h. tiltekinna sveitarfélaga 12. ágúst 1992, er svohljóðandi:

„Kjarasamningur milli Fóstrufélags Íslands og Launanefndar sveitarfélaga f.h. eftirtalinna sveitarfélaga:" Síðan eru talin upp 37 sveitarfélög.

Samningur þessi var undirritaður af beggja hálfu með eftirtöldum fyrirvörum:

„F.h. Launanefndar sveitarfélaga með fyrirvara um samþykki viðkomandi sveitarfélaga."

„F.h. Fóstrufélags Íslands með fyrirvara um samþykki félagsmanna í viðkomandi sveitarfélögum."

Það er óumdeilt og í samræmi við 4. gr. samþykkta fyrir Launanefnd sveitarfélaga, að kjarasamningar eru háðir staðfestingu viðkomandi aðila sjálfs, til þess að þeir öðlist gildi gagnvart honum. Þannig gat hvert einstakt sveitarfélag fellt samninginn fyrir sitt leyti, enda þótt hann stæði hjá öðrum sveitarfélögum. Ekki skiptir máli

í því sambandi, hversu margir félagar í stefnda kynnu að vera starfsmenn hlutaðeigandi sveitarfélags.

Eins og málið liggur fyrir, hefur ekki verið sýnt fram á, að túlka beri fyrirvara stefnda við undirritun kjarasamningsins á annan veg en fyrirvara stefnanda, þ.e. að um sé að ræða samþykki fóstra, sem starfa í viðkomandi sveitarfélagi, þ.e. hverju sveitarfélagi fyrir sig.

Þegar til þessa er litið, þykir með vísan til jafnræðis aðila svo og 23. gr. laga nr. 94/1986 bera að sýkna stefnda af kröfum stefnanda í máli þessu, og um leið er viðurkennt, að ekki sé í gildi kjarasamningur milli Fóstrufélags Íslands og Hafnarfjarðarbæjar.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Stefndi, Fóstrufélag Íslands, er sýkn af kröfum stefnanda, Launanefndar sveitarfélaga vegna Hafnarfjarðarbæjar, í máli þessu.

Ekki er í gildi kjarasamningur milli Fóstrufélags Íslands og Hafnarfjarðarbæjar.

Málskostnaður fellur niður.

Þriðjudaginn 15. desember 1992.

Nr. 14/1992. **Fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs**
(Guðrún Margrét Árnadóttir hrl.)
gegn
Sjúkraliðafélagi Íslands
(Kristín Guðmundsdóttir, formaður Sjúkraliðafélags Íslands).

Frávísunarkröfu hafnað. Sjúkraliðar. Sératkvæði í Hæstarétti.

Úrskurður Félagsdóms.

Mál þetta úrskurða Jónas Gústavsson, Björn Helgason, Ingibjörg Benediktsdóttir, Eiríkur Helgason og Valtýr Sigurðsson.

Málið, sem tekið var til úrskurðar í dag að loknum málflutningi um frávísunarkröfu stefnda, var höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu birtri 3. desember og þingfestri 4. desember sl.

Stefnandi er fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, Arnarhvoli, Reykjavík.

Stefndi er Sjúkraliðafélag Íslands, Grettisgötu 89, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þessar:

1. Að viðurkennt verði með dómi Félagsdóms, að vinnustöðvun félagsmanna í Sjúkraliðafélagi Íslands, er starfa hjá Ríkisspítölum og á heilsugæslustöðvum í Reykjavík, er hófst með setu á kjaramálafundi hinn 1. desember 1992 kl. 7.30 og lauk hinn 3. desember kl. 8.00, sé ólögmæt aðgerð, sem brjóti í bága við ákvæði um verkföll í 14.-21. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.
2. Að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað að mati Félagsdóms.

Dómkröfur stefnda eru þessar:

1. Aðallega er þess krafist, að málinu verði vísað frá dómi.
2. Til vara krefst stefndi sýknu af kröfum stefnanda.
3. Stefndi krefst málskostnaðar að mati Félagsdóms.

Niðurstaða dómsins:

Stefndi byggir frávísunarkröfu sína á því, að ágreiningsefni í máli þessu eigi ekki undir dómsvald Félagsdóms, þar eð í 2. tl. 1. mgr. 26. gr. laga nr. 94/1986 felist ekki, að Félagsdómur eigi dómsvald um lögmæti afstaðinna vinnustöðvana, heldur eigi

hann einungis dómsvald um lögmæti boðaðra eða þegar hafinna vinnustöðvana.

Í greinargerð með frumvarpi að lögum nr. 94/1986 segir svo um ákvæði 2. tl. 1. mgr. 26. greinar, sem síðar varð óbreytt að lögum:

„Efnisatriði 2. tölul. 1. mgr. er í lögum nr. 29/1976, en orðalagi er breytt til að taka af hugsanleg tvímæli. Í ákvæðinu felst meðal annars, að heimilt er að höfða mál, þótt boðaðri vinnustöðvun hafi verið frestað eða að vinnustöðvun sé þegar afstaðin, enda sé mál höfðað án ástæðulausrar tafar."

Samkvæmt framansögðu telur dómurinn, að hafna beri frávísunarkröfu stefnda, en rétt þykir, að málskostnaður falli niður í þessum hluta málsins.

Úrskurðarorð:

Frávísunarkröfu stefnda er hafnað.

Málskostnaður fellur niður.

Dómur Hæstaréttar 7. janúar 1993.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Garðar Gíslason, Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Sóknaraðili hefur með heimild í 1. tölulið 67. gr. laga nr. 80/1938, sbr. IV. kafla laga nr. 94/1986, skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 21. desember 1992, sem barst Hæstarétti 29. sama mánaðar. Hann krefst þess, að úrskurður Félagsdóms, upp kveðinn 15. desember 1992, verði úr gildi felldur og málinu vísað frá Félagsdómi. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Félagsdómi svo og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur og honum dæmdur kærumálskostnaður.

Ágreiningsefni máls þessa er það, hvort sá kjarafundur sjúkraliða í Sjúkraliðafélagi Íslands, er starfa hjá varnaraðila, sem hófst 1. desember 1992 kl 7.30 og stóð óslitið til 3. desember kl. 8.00, hafi brotið í bága við fyrirmæli laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna varðandi kjaradeilu. Sjúkraliðar þessir starfa samkvæmt kjarasamningum, sem gerðir eru með heimild í þessum lögum, og eru þeir hluti af ráðningarsamningi þeirra. Við efnisúr-

lausn málsins myndi reyna á, hvort lög eða kjarasamningar heimila kjarafundi sem þann, er sjúkraliðar boðuðu til og héldu samkvæmt framanskráðu. Óumdeilt er, að Sjúkraliðafélag Íslands fór á þessum tíma með samningsumboð fyrir sjúkraliða, og hefur varnaraðili hér fyrir dómi beint málsókn að félaginu. Sóknaraðili heldur því hins vegar fram til vara, að hvorki stjórn, kjaramálanefnd, fulltrúaþing né nokkur annar aðili innan félagsins eða á vegum þess hafi tekið ákvörðun um kjarafundinn, og beri því að sýkna félagið. Á þessi atriði myndi jafnframt reyna við efnisúrlausn málsins.

Viðurkenna verður það sjónarmið varnaraðila, að honum sé það almennt mikilvægt að fá úr því leyst, hvort slíkar aðgerðir starfsfólks, sem að framan er lýst, séu heimilar. Fallast ber á það með Félagsdómi, að þessi ágreiningur heyri undir 2. tölulið 1. mgr. 26. gr. laga nr. 94/1986, enda fær það stoð í greinargerð með frumvarpi til laganna. Þá fellur hann einnig undir 3. tölulið sömu málsgreinar. Ber því að staðfesta hinn kærða úrskurð.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður skal vera óraskaður.

Sératkvæði
Hjartar Torfasonar hæstaréttardómara.

Höfðun máls þessa fyrir Félagsdómi er tengd kjaradeilu milli málsaðila, sem nú er afstaðin. Gerir varnaraðili kröfu um viðurkenningu þess, að tiltekið fundahald meðal sjúkraliða, sem fram fór, meðan deilan stóð yfir, og leiddi þá til stöðvunar eða truflunar á vinnu, verði metið sem ólögmæt aðgerð, er brjóti í bága við ákvæði um verkföll í lögum nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Af fram lögðum gögnum og málflutningi varnaraðila verður ekki ráðið, að þessi krafa hans varði hagsmuni, er tengdir séu kjaradeilunni sjálfri eða rétti hans á hendur sóknaraðila hennar vegna, svo sem til skaðabóta fyrir tjón af völdum hinnar umdeildu aðgerðar. Virðist fremur horft til þess, að niðurstaða í málinu, á hvorn veginn sem yrði, gæti orðið til síðari eftirbreytni eða leiðbeiningar í skiptum hans og þeirra opinberra starfsmanna, sem lögin ná til. Hagsmunir af því tagi réttlæta ekki einir

saman, að krafan verði borin undir Félagsdóm á grundvelli 2. tl. 1. mgr. 26. gr. laga nr. 94/1986 gegn mótmælum þess samningsaðila, sem hér er við að eiga. Sú athugasemd úr greinargerð með frumvarpi til laganna, sem til er vitnað í hinum kærða úrskurði og er án beinnar stoðar í texta laganna, skiptir ekki máli í því tilliti. Þá skiptir og ekki máli, hvort varnaraðili kunni að eiga óuppgerðar sakir við einstaka félagsmenn sóknaraðila vegna aðgerðarinnar, en um það liggur ekkert fyrir. Þær sakir munu heyra undir hina almennu dómstóla, sem þá hefðu fullt vald til að skilgreina hina umdeildu aðgerð og meta afleiðingar hennar fyrir félagsmennina og varnaraðila.

Af þessum ástæðum ber að hrinda hinum kærða úrskurði og taka til greina kröfu sóknaraðila um frávísun málsins frá Félagsdómi. Kærumálskostnaður á að falla niður.

Miðvikudaginn 23. desember 1992.

Nr. 12/1992. **Alþýðusamband Íslands**
f.h. Verkamannasambands Íslands
vegna Verkamannafélagsins Hlífar,
Landssambands íslenskra verslunarmanna
vegna Verslunarmannafélags Hafnarfjarðar,
Málm- og skipasmiðasambands Íslands
vegna Félags járniðnaðarmanna og
Bíliðnafélagsins
(Bryndís Hlöðversdóttir cand. jur.)
gegn
Vinnuveitendasambandi Íslands
f.h. Íslenska álfélagsins h/f
(Hrafnhildur Stefánsdóttir cand. jur.).

Kjarasamningur. Uppsagnir.

Dómur Félagsdóms.

Mál þetta, sem dómtekið var 9. desember sl., er höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu út gefinni 2. nóvember sl.

Málið dæma Auður Þorbergsdóttir, Björn Helgason, Ingibjörg Benediktsdóttir, Jón Þorsteinsson og Gunnar Guðmundsson.

Stefnandi er Alþýðusamband Íslands, Grensásvegi 16, Reykjavík, f.h. Verkamannasambands Íslands, Lindargötu 9, Reykjavík, vegna Verkamannafélagsins Hlífar, Reykjavíkurvegi 64, Hafnarfirði, Landssambands íslenskra verslunarmanna, Hverfisgötu 105, Reykjavík, vegna Verslunarmannafélags Hafnarfjarðar, Strandgötu 33, Hafnarfirði, Málm- og skipasmiðasambands Íslands, Suðurlandsbraut 30, Reykjavík, vegna Félags járniðnaðarmanna, Suðurlandsbraut 30, Reykjavík, og Bíliðnafélagsins, Suðurlandsbraut 30, Reykjavík.

Stefndi er Vinnuveitendasamband Íslands, Garðastræti 41, Reykjavík, f.h. Íslenska álfélagsins h/f, Straumsvík, Hafnarfirði.

Dómkröfur stefnanda eru:

1. Aðallega, að viðurkennt verði, að uppsagnir 10 fastráðinna starfsmanna Íslenska álfélagsins h/f, sem ætlað er að taka gildi á næstu mánuðum, séu brot á gildandi kjarasamningi milli aðila og að þær verði strax dregnar til baka.

2. Til vara, að dæmt verði, að forsvarsmönnum Íslenska álfélagsins h/f sé gert skylt að virða forgangsréttarákvæði fastráðinna starfsmanna umfram tímabundið ráðna og þar með að endurráða strax 6 af þeim fastráðnu starfsmönnum, sem sagt hefur verið upp, og að hinir 4 gangi fyrir um störf, sem kunna að losna hjá fyrirtækinu. Pétur V. Maack Pétursson verði einn þeirra 6 fastráðnu starfsmanna, sem endurráðnir verði.

3. Til þrautvara, að dæmt verði, að forsvarsmönnum Íslenska álfélagsins h/f sé gert skylt að endurráða 3 af þeim fastráðnu starfsmönnum, sem sagt hefur verið upp. Pétur V. Maack Pétursson verði einn þeirra.

4. Að stefnda verði gert að greiða stefnanda málskostnað að mati dómsins.

Dómkröfur stefnda eru:

Þeim kröfulið í fyrstu kröfu stefnanda, að „þær verði strax dregnar til baka", verði vísað frá dómi.

Stefndi verði sýknaður af öllum öðrum kröfum stefnanda.

Til vara, að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda.

Þá er gerð krafa um, að stefnanda verði gert að greiða stefnda málskostnað að mati dómsins.

Málavextir, málsástæður og rökstuðningur stefnanda.

Í lok október sl. var 10 fastráðnum starfsmönnum hjá Íslenska álfélaginu h/f sagt upp. Á sama tíma var framlengd ráðning 6 tímabundið ráðinna starfsmanna. Stefnandi telur uppsagnir þessar hluta aðgerða, sem samninganefnd verkalýðsfélaganna í ÍSAL og Vinnuveitendasamband Íslands vegna ÍSAL tóku ákvörðun um 4. apríl 1990 og fylgir með kjarasamningi aðila í fylgiskjali 27 (yfirlýsing 4). Kjarasamningurinn hefur verið lagður fram sem dskj. 2. Samningur þessi rann út þann 15. september 1991, en þar sem nýr samningur hefur ekki verið gerður, telur stefnandi hann gilda áfram.

Þann 9. október sl. gaf ÍSAL út upplýsingar til starfsmanna fyrirtækisins, þar sem tilkynnt er að ákveðið hafi verið að draga úr framleiðslu í lok október með því að loka 22 kerum. Þetta sé gert til að mæta samdrætti í pöntunum og aðlaga framleiðslubúnað verksmiðjunnar að núverandi markaðsástandi. Í upplýsingum þessum kemur fram, að óhjákvæmilegt sé að minnka mannafla um sem næst 3,5% og að kerin verði ekki gangsett að nýju fyrr en markaðsaðstæður hafi batnað verulega.

Í kjölfar fréttar um væntanlegar uppsagnir beindi trúnaðarráð verkalýðsfélaganna tilmælum til samstarfsnefndar ISAL um samstarf við framkvæmd aðgerða vegna aðsteðjandi vanda fyrirtækisins og lagði áherslu á að mynda samstöðu innan fyrirtækisins til að takast á við rekstrarvandann. Starfsmenn lögðu áherslu á, að við aðgerðir sem þessar skyldi fara þá leið, sem kemur fram í fylgiskjali 27 með kjarasamningi aðila (yfirlýsing 4), en þar segir, að mannaflaminnkun, sem til er komin vegna betri nýtingar núverandi búnaðar, megi ekki hafa í för með sér uppsagnir fastráðinna starfsmanna, en fækkun starfsmanna verði mætt með eðlilegum starfslokum og tilfæslum í störfum. Starfsmennirnir lögðu einnig til, að verkefni yrðu flutt til og að kannaðir yrðu möguleikar á aukinni fríatöku starfsmanna. Tilmæli þessi hafi verið lögð fram á fundi í samstarfsnefnd ÍSAL, þar sem jafnframt hafi verið boðaðir fulltrúar ASÍ og VSÍ. Á þessum fundi hafi forsvarsmenn fyrirtækisins haldið því fram, að væntanlegar uppsagnir væru ekki til komnar vegna lokunar keranna, eins og fram kom í áðurnefndum upplýsingum til starfsmanna, dags. 9. október. Hafi því nú verið haldið fram, að hér væri um tæknibreytingar að ræða.

Þann 27. október sl. var haldinn fundur í samstarfsnefnd ÍSAL og ákvörðun fyrirtækisins um uppsagnirnar tilkynnt. Fulltrúum starfsmanna í nefndinni var að sögn stefnanda ekki boðið upp á neitt samstarf um ákvarðanir þessar nema að því leyti að ræða, hvernig bæta mætti þeim mönnum, sem sagt var upp, uppsagnirnar. Forsvarsmenn ÍSAL telji það hvorki lögbrot né brot á kjarasamningi aðila að segja upp fastráðnum starfsmönnum við þessar aðstæður, svo fremi sem starfsmenn með skemmri en 12 mánaða reynslu séu ekki á sama tíma endurráðnir. Stefnandi telur uppsagnirnar ekki standast gildandi kjarasamning milli aðila.

Stefnandi höfðar málið á grundvelli 2. tl. 1. mgr. 44. gr. laga nr. 80/1938 og byggir kröfugerð sína á því, að uppsagnir fastráðinna starfsmanna standist ekki ákvæði kjarasamnings milli Íslenska álfélagsins h/f annars vegar og hlutaðeigandi verkalýðsfélaga hins vegar frá 4. apríl 1990.

Ráðningarfyrirkomulag samkvæmt kjarasamningi þessum sé þrenns konar: fastráðningar, tímabundnar ráðningar og lausráðningar. Samningurinn geri ráð fyrir víðtækari rétti fastráðinna starfsmanna en þeirra, sem eru ráðnir tímabundið eða lausráðnir. Þessi

réttur komi fram í yfirlýsingu 4 og víðar í samningi aðila, sbr. t.d. fylgiskjal 15, grein 2.2, og fylgiskjal 24. Stjórnendur fyrirtækisins hafi á liðnum árum haft ákveðið leyfi fyrir tilteknum fjölda fastráðinna manna. Hafi verið nauðsynlegt að fá fleiri menn í vinnu, hafi þeir verið tímabundið ráðnir. Stjórnendur fyrirtækisins hafi iðulega tjáð sig um, að fjöldi tímabundið ráðinna manna sé til kominn vegna tímabundins ástands í fyrirtækinu og þeir myndu hætta störfum, þegar ástandið yrði eðlilegt að nýju, svo að ekki þyrfti að segja upp fastráðnu fólki. Um þettta hafi ekki ríkt ágreiningur á umliðnum árum.

Hvað aðalkröfuna varðar, þá séu í yfirlýsingu 4 nefndar aðgerðir í þremur þáttum, sem fyrirtækið hafi í huga og allar beinist að framleiðniaukningu. Aðgerðir þessar séu taldar í þremur tölusettum liðum, og hafi tveir þeir fyrstu þegar komið til framkvæmda. Fækkun starfsmanna í samræmi við fyrsta hlutann hafi farið fram árið 1990 í samráði við fulltrúa starfsmanna fyrirtækisins og án þess að nokkrum fastráðnum starfsmanni hafi verið sagt upp. Þetta megi sjá í fylgiskjali 24 (yfirlýsing 1. f. h. ÍSAL) og í fylgiskjali 25 (yfirlýsing 2, f.h. samninganefndar verkalýðsfélaganna). Þessar yfirlýsingar sýni það samstarf, sem ríkt hafi milli fyrirtækisins og verkalýðsfélaganna um aðgerðir sem þessar, enda séu þær í anda kjarasamnings aðila. Þriðji hluti aðgerðanna nái til þeirra framkvæmda, sem nú eru fram undan, þ.e. betri nýtingar núverandi búnaðar, sem talin er geta minnkað mannaflaþörf mikið, en að auki komi til frekari framleiðniaukning á fleiri vinnustöðum. Í yfirlýsingu 4 segi, að aðgerðirnar séu á því byggðar, að ekki komi til neinna uppsagna fastráðinna starfsmanna, en að fækkuninni skuli mætt með eðlilegum starfslokum og tilfærslum í störfum. Stefndi geti ekki sneitt hjá þessu ákvæði samningsins, sem sé ótvírætt og í samræmi við önnur ákvæði samningsins, sem verndi rétt fastráðinna starfsmanna.

Auk þess hafi einn þeirra manna, sem sagt var upp, Pétur V. Maack Pétursson, verið í launalausu leyfi til 28. febrúar 1993 skv. heimild í grein 4.3. í kjarasamningi aðila. Samkvæmt d-lið greinarinnar sé skylt að ráða starfsmanninn aftur til fyrra starfs, nema ÍSAL hafi óskað eftir, að hann útvegaði staðgengil í sinn stað, og það hafi ekki verið mögulegt. Ekki hafi verið óskað eftir því, að viðkomandi starfsmaður útvegaði staðgengil, og því hafi ÍSAL verið skylt að ráða starfsmanninn til fyrra starfs.

Hvað varakröfuna varðar, þá sé hún byggð á niðurlagsákvæði greinar 7.5. í kjarasamningi aðila. Í grein 7.5. segi, að ÍSAL skuli skylt að endurráða alla starfsmenn, sem þess óska, að rekstrarstöðvun lokinni, þegar aðstaðan sé sú, að þeir hafi hætt störfum vegna rekstrarstöðvunar að hluta eða öllu leyti af völdum hráefnisskorts eða draga þurfi úr framleiðslu vegna orkuskorts. Í niðurlagi greinarinnar komi fram, að starfsmenn, sem sagt er upp af öðrum samdráttarorsökum, haldi sömu réttindum. Uppsagnir þær, sem hér um ræðir, séu til komnar af „öðrum samdráttarorsökum", og eigi greinin því við. Það sé ekki heimilt að framlengja ráðningu tímabundið ráðinna manna á kostnað fastráðinna, sbr. ákvæði samningsins um forgang fastráðinna starfsmanna umfram tímabundið ráðna, og þar sem aðstæður hjá fyrirtækinu bjóði upp á, að 6 menn af þeim, sem sagt var upp, haldi áfram störfum þrátt fyrir stöðvun keranna, þá hljóti þeir fastráðnu að ganga fyrir í samræmi við önnur ákvæði, er vernda rétt þeirra. Pétur V. Maack Pétursson sé einn þeirra, sem endurráðnir verði, þar sem hann njóti sérstakrar verndar greinar 4.3. í kjarasamningi aðila.

Þrautavarakrafan sé byggð á yfirlýsingu 13 með samningi aðila. Þar segi, að tímabundið ráðnir menn teljist fastráðnir, hafi þeir verið tímabundið ráðnir í 2 ár, nema í síðasta ráðningarbréfi þeirra sé tekið fram, að ráðningu þeirra ljúki tiltekinn dag og að um endurráðningu verði ekki að ræða, sbr. yfirlýsingu í fylgiskjali 13 með kjarasamningi aðila. Tímabundið ráðnir menn öðlist því sama rétt og fastráðnir í fyrsta lagi eftir tvö ár, en þrír þeirra tímabundið ráðnu manna, sem fái áframhaldandi ráðningu, hafi verið í starfi skemur en tvö ár. Þeir geti því aldrei átt sama rétt og fastráðnir. Það, að þeir hafi verið í starfi lengur en 12 mánuði, breyti engu um forgangsrétt fastráðinna starfsmanna gagnvart þeim, því að yfirlýsing 16 eigi aðeins við um ný störf, sem losna hjá fyrirtækinu, og verið sé að tryggja forgangsrétt starfsmanna fyrirtækisins til þeirra. Pétur V. Maack Pétursson sé einn þeirra, sem endurráðnir verði, þar sem honum sé tryggður sérstakur réttur skv. grein 4.3. í kjarasamningi aðila.

Til stuðnings kröfum sínum vísar stefnandi einnig til laga um stéttarfélög og vinnudeildur nr. 80/1938 og til kjarasamnings milli Íslenska álfélagsins h/f annars vegar og hlutaðeigandi verkalýðsfélaga hins vegar frá 4. apríl 1990 í heild sinni ásamt fylgiskjölum.

Málsástæður og rökstuðningur stefnda.

Frávísunarkrafa stefnda um þann kröfulið, að „þær (uppsagnirnar) verði strax dregnar til baka", er á því byggð, að krafan sé óljós og vanreifuð. Stefnandi geri enga tilraun til að rökstyðja eða skýra þá kröfu nánar, þ.e. hvort hún lúti að því, að uppsagnirnar verði dæmdar ógildar eða stefnda verði með dómi gert skylt að afturkalla þær og þá frá hvaða tíma að telja, né hvort skylda eigi stefnda til að taka viðkomandi starfsmenn aftur í þjónustu sína. Þá komi ekki fram í kröfugerð, svo að óyggjandi sé, hvaða starfsmenn átt er við, en uppsagnir fleiri en tíu starfsmanna taki gildi á næstu mánuðum. Krafan sé því svo óljós, að útilokað sé að koma við fullnægjandi vörnum og leggja dóm á hana.

Sýknukröfur stefnda eru á því byggðar, að samkvæmt meginreglum íslensks vinnuréttar sé vinnuveitanda í krafti stjórnunarréttar síns frjálst að segja starfsmönnum upp störfum með lögmætum uppsagnarfresti, nema skýr og ótvíræð ákvæði laga eða samninga leiði til annars. Allar takmarkanir á uppsagnarréttinum eru frávík frá þeirri meginreglu og beri því að skýra þröngt. Hvorki lög né kjarasamningur banni uppsagnir þær, sem mál þetta snýst um. Stefndi hafi aldrei undirgengist þá samningsskyldu að falla frá rétti sínum til þess að segja upp fastráðnum starfsmönnum. Það eitt, að vinnuveitandi beiti ekki slíkum heimildum um einhvern tíma eða hafi ekki áður beitt þeim, svipti hann ekki rétti samkvæmt þeim.

Sama gildi um ráðningar starfsmanna, þar með talið endurráðningar. Vinnuveitandi eigi almennt frjálst val um það, hvaða menn hann tekur í vinnu. Takmarkanir á ráðningarrétti vinnuveitandans verði að styðjast við skýr og ótvíræð ákvæði í lögum eða samningum. Kjarasamningur ÍSAL á dskj. nr. 2 veiti þeim fastráðnu starfsmönnum, sem hér um ræðir, ekki forgangsrétt til starfa umfram þá tímabundið ráðnu starfsmenn, sem unnið hafa lengur en 12 mánuði hjá fyrirtækinu, sbr. fylgiskjal 16. Það sé eina ákvæðið í kjarasamningnum, sem kveði á um almennan forgang starfsmanna til starfa. Það sé lýst yfir af hálfu ÍSAL, að fastráðnir starfsmenn skuli að öðru jöfnu hafa forgang til þeirra starfa, sem losna hjá fyrirtækinu. Slíkrar yfirlýsingar hefði ekki verið þörf, hefðu samningsaðilar litið svo á, að fastráðnir starfsmenn nytu almenns forgangsréttar umfram tímabundið ráðna starfsmenn. Í síðari málslið yfirlýsingarinnar sé einnig tekið skýrt fram, að sama gildi um tíma-

bundið ráðna starfsmenn, sem unnið hafi lengur en 12 mánuði hjá ÍSAL og séu í starfi, þegar ráðið er. Það sé því nægilega skýrt, að þessir starfsmenn njóti nákæmlega sama réttar og fastráðnir starfsmenn um forgang til starfa, sem losna hjá fyrirtækinu. Þá er mótmælt þeirri fullyrðingu stefnanda, að yfirlýsingin eigi einvörðungu við ný störf. Sé litið til orðalags yfirlýsingarinnar, eigi hún augljóslega við störf, sem losna vegna ráðningarloka eða fjarveru þeirra, sem þeim hafa sinnt.

Stefndi mótmælir sem röngum þeim fullyrðingum stefnanda, að í samningnum felist, að fastráðnir starfsmenn njóti víðtækari réttar en tímabundið ráðnir starfsmenn umfram það, sem kunni að leiða beint af einstökum ákvæðum hans. Þá sé í stefnu látið að því liggja, að í yfirlýsingum, sem stjórnendur ÍSAL hafi gefið á fyrri skeiðum, felist loforð um, að ekki muni koma til uppsagna fastráðinna starfsmanna, svo lengi sem tímabundið ráðnir starfsmenn séu hjá fyrirtækinu, hvernig sem á standi. Öllum slíkum fullyrðingum er mótmælt sem röngum og órökstuddum. Forráðamenn ÍSAL hafi aldrei afsalað sér rétti til uppsagna fastráðinna starfsmanna sem lið í almennum sparnaðarráðstöfunum.

Uppsagnir þær, sem deilt er um í máli þessu, séu til komnar vegna almennra sparnaðarráðstafana, sem fyrirtækið hafi neyðst til að grípa til. Uppsagnirnar séu ekki hluti þeirra hagræðingaraðgerða, sem samið var um þann 4. apríl 1990 með yfirlýsingu 4 á fylgiskjali 27 með kjarasamningnum.

Þá er því mótmælt, að fylgiskjal 15 með kjarasamningnum á dskj. nr. 2 hafi þýðingu í máli þessu, þar sem það lúti einvörðungu að tölvu- og tæknibreytingum.

Til að milda áhrif uppsagnanna fyrir einstaka starfsmenn og auðvelda þeim leit að vinnu hafi þeim fastráðnu starfsmönnum, sem sagt var upp störfum, verið gefinn kostur á að hætta strax eða á næstu tveimur mánuðum eftir uppsögn, en halda þrátt fyrir það óskertum launum út uppsagnartímann. Hafi þeim þá enn ekki tekist að fá annað starf, var þeim heitið greiðslu, sem samsvaraði 50% launa í þrjá mánuði. Þetta tilboð fyrirtækisins hafi starfsmenn nýtt sér og hafi allir þegar látið af störfum.

Aðalkrafa stefnanda. Ljóst sé, að um ýmis samskipti atvinnurekenda og launþega sé brýn nauðsyn, að reglur gildi, þótt samningur sé runninn út, enda haldist réttindi og skyldur samkvæmt ráðn-

ingarsamningi, þótt kjarasamningur renni sitt skeið. Það sé almenn regla í samningarétti, að gildi samninga ljúki við, að þeir renni sitt skeið. Það sé almenn regla í samningarétti, að gildi samninga ljúki við, að þeir renni út við uppsögn eða samkvæmt ákvæðum sínum. Oft telji samningsaðilar þó þjóna hag sínum best, að „unnið sé samkvæmt samningi", sem runninn er út, en það breyti ekki meginreglunni. Stefndi telur, að enginn kjarasamningur sé í gildi milli ÍSAL og hlutaðeigandi stéttarfélaga. Kjarasamningurinn, sem unnið er eftir í öllum meginatriðum, hafi fallið úr gildi samkvæmt ákvæðum sínum þann 15. septemberr 1991. Fylgiskjal nr. 27 með þeim samningi, sem byggt sé á af hálfu stefnanda, taki til hagræðingaraðgerða, sem ráðist hafi verið í á samningstímabilinu, sbr. orðalag yfirlýsingarinnar svo og augljóst samhengi við aðrar yfirlýsingar, sem gefnar voru af sama tilefni af báðum aðilum, það er að segja fylgiskjöl 24, 25 og 26. Yfirlýsingunni hafi ekki, a.m.k. ekki í óbreyttri mynd, verið ætlaður gildistími umfram samningstímann, enda muni fáar eða engar hagræðingaraðgerðir á grundvelli hennar hafa verið ákveðnar, eftir að samningurinn rann út.

Gildissvið yfirlýsingarinnar á dskj. 27 takmarkist einnig af tilgangi hennar, þ.e. að auka framleiðni í fyrirtækinu. Önnur tilvik en beinar aðgerðir, sem miði að framleiðniaukningu, falli utan gildissviðs hennar. Þannig taki hún ekki til almennra aðhaldsaðgerða til að minnka kostnað fyrirtækisins, sem hinar umdeildu uppsagnir séu liður í.

Stefnandi styðji kröfu sína fyrst og fremst við, að þriðji hluti aðgerða þeirra, sem taldar eru í yfirlýsingunni á fylgiskjali 27, nái til þeirra framkvæmda, sem nú eru fram undan. Til hvaða framkvæmda þarna er vísað, komi hvergi fram. Hvorki lokun kera né uppsagnir starfsmanna teljist til framkvæmda samkvæmt almennri málvenju. Uppsagnir þær, sem mál þetta snúist um, hafi ekki verið hugleiddar, þegar yfirlýsingin var gefin, þannig að yfirlýsingin geti ekki vísað til þeirra, þegar sagt er: „Betri nýting núverandi búnaðar...". Aðalkrafa stefnanda sé því órökstudd, og eigi það jafnt við um báða liði kröfunnar.

Krafa stefnda um sýknu af seinni kröfulið 1. kröfu stefnanda er byggð á sömu rökum og vísað er til um fyrri lið kröfunnar. Einnig er vísað til þeirrar meginreglu íslensks vinnuréttar, að vinnuveitandi verði ekki skyldaður til að taka starfsmann aftur í þjónustu sína.

Þessi meginregla gildi einnig um Pétur V. Maack. Það breyti engu um réttarstöðu hans, að hann sé í launalausu leyfi. Gr. 4.3., d-liður í kjarasamningi hlutaðeigandi verkalýðsfélags, feli hvorki í sér frávik frá þeirri meginreglu né meginreglunni um frjálsan uppsagnarrétt vinnuveitandans. Orðalag greinarinnar sé villandi. Ljóst sé af samhengi, að skyldan, sem vinnuveitandinn taki á sig, sé að skipa starfsmanni aftur til starfa, en ekki ráða hann. Ráðningarsambandinu sé ekki slitið við það, að starfsmaðurinn fari í launalaust leyfi, og þess vegna geti ekki verið um neina ráðningu að ræða, þegar hann kemur aftur til starfa. Samkvæmt greininni sé ÍSAL skylt að skipa starfsmann aftur til fyrri starfa, þegar hann kemur úr frii, og sé þá undirskilið, að honum hafi ekki verið sagt upp áður. Ákvæði þetta takmarki því ekki rétt fyrirtækisins til uppsagna starfsmanna, sem kunni að vera í leyfi, umfram það, sem gildir um aðra starfsmenn. Slíkt væri fráleitt og myndi leiða til óeðlilegrar niðurstöðu. Hefði verið ætlunin að semja um það, hefði þurft að kveða á um það, svo að óyggjandi væri.

Varakrafa stefnanda. Því er mótmælt af hálfu stefnda, að niðurlagsákvæði 5. mgr. gr. 7.5. í kjarasamningi eigi við um uppsagnir þær, sem hér er deilt um. Þótt svo væri, gæti réttur til endurráðningar samkvæmt ákvæðinu aldrei orðið virkur, fyrr en lokið væri þeim samdrætti í rekstri, sem var orsök þess, að starfsmenn létu af störfum, og því aðeins, að það verði innan 12 mánaða. Það sé því augljóst, að krafa um tafarlausa endurráðningu starfsmanna verði ekki byggð á þessu ákvæði samningsins. Réttur til endurráðningar samkvæmt þessu ákvæði taki jafnt til allra starfsmanna, sem ráðnir eru hjá fyrirtækinu, án tillits til ráðningarforms. Þar sé enginn greinarmunur gerður á fastráðnum starfsmönnum og þeim, sem ráðnir séu til ákveðins tíma. Það sé misskilningur hjá stefnanda, ef hann telji, að greinin kveði á um forgangsrétt fastráðinna starfsmanna umfram tímabundið ráðna.

Þá er sýknukrafa stefnda byggð á því, að varakrafa stefnanda sé vanreifuð. Ekki sé tilfært, á hvaða ákvæðum samningsins krafan um forgang fastráðinna starfsmanna umfram tímabundið ráðna sé byggð. Almennar tilvísanir til ákvæða samningsins dugi skammt svo og sú fullyrðing stefnanda, að fastráðnir starfsmenn hljóti að ganga fyrir í samræmi við önnur ákvæði, er vernda rétt þeirra. Slík niðurstaða væri þá byggð á almennri reglu um mismunun í þágu fastráð-

inna, sem hvergi sé að finna í dómskjali 2, öðrum samningum eða lögum

Hvað viðvíkur kröfu um endurráðningu og réttindi Péturs V. Maack er að öðru leyti vísað til rökstuðnings varðandi aðalkröfu stefnanda.

Þrautavarakrafa stefnanda. Stefndi rökstyður sýknukröfu sína í fyrsta lagi með því að fastráðnir starfsmenn njóti ekki almenns forgangsréttar samkvæmt kjarasamningi ÍSAL, sbr. rökstuðning varðandi aðal- og varakröfu stefnanda. Í öðru lagi vísar stefndi máli sínu til stuðnings til yfirlýsingar á fylgiskjali 16 með kjarasamningi.

Um kröfu til viðurkenningar á skyldu til endurráðningar Péturs V. Maack og tveggja annarra starfsmanna er vísað til rökstuðnings stefnda um aðal- og varakröfu stefnanda.

Þá bendir stefndi einnig á það kröfum sínum til stuðnings, að stefnandi vísi til laga um stéttarfélög og vinnudeilur, nr. 80/1938, en tilgreini hvorki, í hvaða sambandi né við hvaða greinar sé stuðst. Engin tilraun sé því gerð til að afmarka brot stefnda og honum þar með gert ómögulegt að hafa uppi varnir, svo að viðhlítandi sé.

Niðurstaða.

Í máli þessu er tekist á um það, hvort uppsagnir 10 fastráðinna starfsmanna ÍSAL, sem tilkynntar voru í lok október, séu lögmætar eða ekki.

Stefndi hefur gert þá kröfu, að þeim hluta aðalkröfu stefnanda, sem lýtur að því, að uppsagnirnar verði dregnar til baka, skuli vísa frá dómi sökum skorts á skýrleika og reifun. Hér er um að ræða viðbót við meginkröfu stefnanda, þ.e. að uppsagnirnar verði dæmdar brot á gildandi kjarasamningi. Þessi viðbótarkrafa þykir eftir atvikum nægjanlega glögg og gögnum studd, til þess að dómur verði á hana lagður. Frávísunarkrafa stefnda verður því ekki tekin til greina.

Aðilar málsins gerðu, eins og að framan hefur verið rakið, með sér kjarasamning hinn 4. apríl 1990. Þessum samningi fylgdu bókanir, yfirlýsingar og sérsamningar af ýmsu tagi og frá mismunandi tímum á alls 29 fylgiskjölum. Kjarasamningurinn gilti til 15. september 1991, en féll þá úr gildi án uppsagnar. Eftir þessum samningi hefur þó verið farið síðan í samskiptum aðila, þar sem nýr kjarasamningur hefur ekki verið gerður.

Það er grundvallarregla í vinnurétti, að vinnuveitanda er heimilt

að segja upp starfsmönnum sínum með tilskildum fyrirvara, nema sérstök lagafyrirmæli eða samningsákvæði mæli því í gegn. Þessi réttur atvinnurekandans er einn af hornsteinum löggjafar um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum, sbr. lög nr. 19/1979. Að því er aðila varðar, kemur réttur ÍSAL til að segja upp starfsmönnum sínum fram í grein 7.5 í kjarasamningnum, þar sem kveðið er á um uppsagnarfresti.

Í yfirlýsingu, undirritaðri af báðum málsaðilum 4. apríl 1990 á fylgiskjali 27 með kjarasamningi, er fjallað um aðgerðir, sem beinast að framleiðniaukningu. Þar á meðal er fækkun starfsmanna um 22, sem framkvæmd verði þannig, að ekki komi til uppsagna fastráðinna starfsmanna, heldur verði fækkuninni mætt með eðlilegum starfslokum og tilfæslum í störfum. Í annarri yfirlýsingu frá sama tíma, fylgiskjali 24 með kjarasamningi, er þessi fækkun sundurgreind eftir vinnustöðum og kveðið á um, að framkvæmd hennar verði lokið 15. september 1990. Fækkunin er miðuð við þáverandi aðstæður í álverksmiðjunni og fram tekið, að hún muni ekki leiða til þess, að nokkrum fastráðnum starfsmanni verði sagt upp.

Hvorki verður talið, að framangreindar yfirlýsingar né aðrar tilvitnaðar yfirlýsingar, gerðar af sérstöku tilefni, séu því til fyrirstöðu, að uppsagnir 10 fastráðinna starfsmanna í lok októbermánaðar 1992, sem um er deilt í máli þessu og rót sína áttu að rekja til almennra sparnaðaraðgerða, verði metnar gildar.

Um þær mundir, sem uppsagnirnar voru tilkynntar, rann út starfstími 18 tímabundið ráðinna starfsmanna ÍSAL. Af þeim voru 12 látnir hætta störfum, en 6 voru endurráðnir til 15. september 1993. Hinir endurráðnu áttu allir meira en eins árs starfstíma að baki. Endurráðning þessara manna raskaði ekki uppsögnunum, þar sem í yfirlýsingu á fylgiskjali 16 með kjarasamningi segir, að tímabundið ráðnir menn, sem unnið hafi 12 mánuði eða lengur hjá ÍSAL, hafi sama forgangsrétt til starfa, sem losna, eins og fastráðnir starfsmenn. Í þessu sambandi skiptir því ekki máli, þótt tímabundið ráðnir menn þurfi að vinna í tvö ár til þess að teljast fastráðnir.

Líta verður svo á, að ákvæði greinar 7.5, 5. mgr., í kjarasamningi aðila um skyldu til endurráðningar starfsmanna, þegar rekstrarstöðvun eða samdráttarskeiði lýkur, eigi ekki við um deiluefnið.

Einn hinna fastráðnu starfsmanna, sem sagt var upp, var í launalausu leyfi, þegar uppsögnin átti sér stað. Maður, sem tekur leyfi frá störfum án launa, sbr. grein 4.3 í kjarasamningi, nýtur ekki meiri verndar en aðrir starfsmenn fyrir almennum uppsögnum.

Framangreind viðhorf dómsins leiða til þeirrar niðurstöðu, að uppsagnirnar teljast lögmætar og sýkna ber stefnda, Íslenska álfélagið h/f, af kröfum stefnanda, bæði aðalkröfu og varakröfum.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Frávísunarkröfu stefnda er hrundið.

Stefndi, Vinnuveitendasamband Íslands f.h. Íslenska álfélagsins h/f, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Alþýðusambands Íslands fyrir hönd tilgreindra landssambanda og verkalýðsfélaga, í máli þessu

Málskostnaður fellur niður.